Mag. Jons Thorkelssonar Vidalins

(Fyrrum Biskups í Skálholts-stifti)

Húss-postilla

innihaldandi

Predikanir

yfir

öll Hátída og Sunnudaga Gudspjöll

árid um kríng.

Sidari Parturinn

frá Trínitatis hátíd til Adventu.

11ta Utgáfa.

Prentud í Kaupmannahöfn hjá C. Græbe.

1828.

Á Trínitatis Hátíd.

Gudspjallid, Jóh. 3 Kap.

Í þann tíma var þar einn madur af Pharíseunum, Nicodemus ad nafni, einn hǫfdíngi Gydínga. Hann kom til Jesú á náttarþeli, og sagdi til hans: rabbí! vér vitum ad þú ert einn lærimeistari kominn af Gudi, því enginn getur gjørt þau teikn, sem þú gjørir, utan Gud sé med hǫnum. Jesús svaradi og sagdi til hans: sannliga, sannliga segi eg þér, þad enginn, nema hann, sá ed fædist ad nýu, fær ad sjá Guds ríki. Nicodemus sagdi til hans: hvørnin má madurinn endurfædast, þá hann er gamall? hvørt getur hann horfid aptur í sinnar módur kvid, og fædst svo ad nýu? Jesús svaradi: sannliga, sannliga segi eg þér, nema þad nockur verdi endurfæddur út af vatni og anda, þa kann hann ecki inn ad gánga í Guds ríki. Hvad af holdi er fædt, þad er hold, en hvad af andanum er fædt, þad er andi. Undrast þú ecki, ad eg sagdi þér, ad ydur byrjar ad fædast ad nýu. Vindurinn blæs hvar er hann vill, og þú heyrir hans þyt, en eigi veitst þú hvadan hann kemur, eda hvørt hann fer; svo er og sérhvør af andanum fæddur. Nicodemus svaradi og sagdi til hans: hvørnin má þetta ské? Jesús svaradi hǫnum og sagdi: ertú einn meistari í Israel og veitst ecki þetta? sannliga, sannliga segi eg þér, ad vér segjum þad vér vitum, og vitnum hvad vér séd hǫfum, og vorn vitnisburd medtakid þér ecki. Hafi eg sagt ydur jardneska hluti og þér truid ecki, hvørnin munud þér þá trua, ef eg segda ydur himneska hluti? enginn uppstígur til himins, utan sá, sem ofan sté af himni, Mannsins Sonur, sá sem er á himni; og svo sem Moyses upphóf hǫggorminn á eydimørkinni, líka svo byrjar Mannsins Syni upp ad hefjast, svo ad allir þeir, sem á hann trúa, fortapist eigi, heldur ad þeir hafi eylíft líf.

Exordíum.

Mikil var blindni heidíngjanna fordum daga í Guds dýrkan; hinir vísustu af þeim sǫgdu, ad eitt mikid ríki kynni ecki lengi ad standa fyrir utan einvalds-dæmi; þó skǫpudu þeir sér ótal gudi til ad stjórna allri verǫldinni, svo sem einn væri ecki fær um ad ráda fyrir þvi, er þeir þó af náttúrunnar ljósi þeckja máttu, ad hann sjálfur skapad hefdi; og svo ad þeir á einhvern hátt fengju smídad sér einvalds-dæmi í heiminum, þá trúdu þeir, ad einn væri þeirra mestur, sá ed ǫdrum stjórnadi, átti þó slíkt ad vera eptir mannligum plagsid, svo ad hann þurfti þeirra vid á stundum, eins og Agamemnon sinna undirkonúnga, þótt hann héti hjá Grickjum konúnganna konúngur. Þegar eg athuga þetta, þá kemur mér í hug þad sem Páls skrifar, 1 Cor. 3, ad speki veraldar þessarar sé heimska hjá Gudi; og undir eins brennur mitt hjarta í mér af elskunni til míns Skapara, ad hann hefir opinberad oss, sínum vesælíngum, þad sem hulid var fyrir spekíngum og vitríngum, þar vér trúum á einn Gud þrennan í einíngu og einan í þrenníngu, hver ed einkis vidþarf, en allir hans, og er sjalf-

rádi allra hluta bædi á himni og jørdu, svo sem David segir í Ps. 115: vor Gud er á himnum og gjørir hvad honum líkar. Þessarar háleitu Guddómsins þrenníngar vegliga hátíd egum vér nú í dag ad halda, á hverri oss verdur prédikad þad evangelium, sem innibindur þá helstu velgjorníuga, er Fadir, Sonur og heilagur Andi hafa veitt oss syndugum mønnum til miskunar, þad er endurgetníngin og endurlausnin, af hvørjum allt annad hángir, sem hinn nádugi Gud vill láta oss þjóna til sálubjálpar. Um sjálfa hlutina hefi eg ádur í þessari bók vída talad; en þad er merkiligt í þessu Gudspjalli, ad hér kemur einn høfdíngi Gydínga, einn meistari í Israel, til ad læra þessa himnesku frædi af honum, sem til þess var sendur úr Fødursins skauti ad opinbera hana syndugum mønnum. Því viljum vér nú hér af athuga: einn fróman, en þó fávíssan lærisvein, og undir eins einn gódan og svo alvíssan meistara, med þeim lærdómum, er þeirra samtal med sér færir. Styrk oss til þessa verks, gódi Gud! med nád þíns Anda, fyrir Sonarins forþénustu, amen.

Utleggíngin.

Þar var einn madur af Pharíseunum, segir textinn. Hvílíkan vitnisburd Drottinn gefur þessum flock, má allvída sjá í Gudspjallamannanna bókum, og þó ecki sídst hjá Matth. 23 kap, hvar hann medal annars kallar þá eyturorma og nødrukyn; þó fanust þessi gudhræddi madur medal þeirra. Þad ord stendur stødugt um æfi, ad þeckir Gud þá, sem hans eru, segir Postulinn Lær þad af þessa góda manns dæmi kristinn madur, ad ei samlagir þú þig vondri veroldu þessari, þótt þú hljótir í henni ad lifa. Þar var þó einn Abraham í Gerar, einn Loth í Sódóma, einn Hóbadía í Achabs húsi, einn Símeon, einn Zacharías, þessi Nicódemus og Jóseph af Arímathía á Christí døgum, hverjir hinir sídustu tveir ecki samþycktust Gydíngum í lífláti Drottins, Lúk. 23. Svo varid ydur og, børn mín! þér sem lifid í hreckvísri øld þessari medal vor, en viljid þó Drottinn óttast, ad ecki dragid þér ok med henni, svo þér ei medtakid af hennar plágum, heldur skýnid svo sem ljós í myrkvum stad á medal þessarar prettvísu kynslódar, og treystid því, ad sú alvoldugа bæn, er Frelsarinn beiddi fyrir sínum lærisveinum, hún nær og til ydar, ef þér óttist Gud; þar hann sagdi, Jóh. 17: eg bid þig, Fadir! ecki ad þú takir þá burt úr heiminum, heldur ad þú vardveitir þá fyrir hinum Vonda. Sjórinn er saltur, en fiskarnir, sem þar inni lifa, þeir eru þó ecki saltir. Svo ega Guds børn ad vakta sig fyrir spillíngu þeirri, sem í heiminum er af gyrndinni, svo sem Pétur ad ordi kemst, þótt þau verdi ad synda í gégnum þenna fúla damm, á medan Gud vill reyna þau med því ad horfa uppá alla þá óhæfu, sem þar inni framin verdur. Þessi madur var einn høfdíngi Gydínga; án efa einn af þeim 70 øldúngum þess mikla ráds; samt var honum svo mjøg gefid um velferd sálar sinnar, ad hann þóttist ecki of-gódur til ad læra af Jesú, hvern hans lagsmenn kølludu vínsvelg, vin tollheimtumanna og bersyndugra. Hvad gjøra þeir hér á mót, er sig kalla høfdíngja medal vor, og eru þó vesalíngar ad reikna hjá Nicódemó? eg voga ad segja, þeir vita ecki sumir hvad þeir ega ad trúa; frædin hafa þeir lært ad sønnu, en eg þecki þá, sem ecki skilja øllu meir í þeim, heldur enn géldíngur drottníngarinnar Candaces í spádómi Esajæ; en hvert þeir eru svo leiditamir til ad láta sér undirvísa, svo sem hann var, þegar Philippus til hans kom, Act. 8, þad bid eg þá ad hugleida, sem jafnvel hata sína sálu forgara fyrir heilsusamligar kénníngar og þótt sumir af þeim megi vita ad nockru leiti,

hvad þeir ega ad trúa og gjøra, þá mega þeir þó ecki sannleikann heyra af Prestsins munni reidilaust; medan hann þegir yfir lýtum þeirra og skømmum, þá er hann Guds engill, en tali hann um nockra óhlutvendi, þá sturlar hann Ísrael, eins og Elías, 1 Reg. 18; hann skýtst undir Chaldeos, eins og Jeremías, Jer. 37, og verdur allt til saka fundid. Gud betri þessa tíma! Talid þad sem oss er þóknanligt, søgdu Júdar fordum; sú øld er apturkomin, spádómur St. Páls er rættur; þeir samanhrúga sér lærendum eptir því sem eyrun klæja; menn láta svo dátt ad løstum sínum, eins og módir ad einasta syni, jafnvel þótt þeir séu bædi margir og ljótir; menn elska sinn eginn þreck, eins og sjáaldur auga síns, svo eru menn vidkvæmir, nær hann snertur er, svo sem væru þad sár; og ad mestu leiti eru vorir høfdíngjar svo lyndir, eins og Jóachim konúngur, þá hans þénari Júdí hafdi lesid honum þrjú eda fjøgur blød af spádómi Jeremíæ, þá skar hann bókina í sundur og kastadi henni í eldinn, Jer. 36; eg ætla þá einn gildti, þótt allar bækur væri brendar, sem hljóda um Guds ótta, og allir munnar tilbyrgdir, sem þar um tala.

Nicódemus kom til Jesúm á náttarþeli; án efa fyrir ótta sakir, eins og Jóseph af Arimathía, er var heimugligur Christí lærisveinn, sokum hrædslu vid Gydínga, Jóh. 19. Veikleiki sannst nockur hjá þessum gódu mønnum í slíku, og þó var þad upphaf til þeirra hjálprædis. En þú, sem engan þarft ad óttast í því ad fylgja Christó eptir, tak þér dæmi af Nicódemó í því ad vilja læra af honum, og þeim sem hann hefir í sinn stad sett, en ecki í því ad fordast veroldina ad slíku. Þad er audrádid af samtali Drottins vid hann, ad hann hefir ecki verid mjøg fródur i kristinndóminum, þegar hann fyrst kom, en ecki vardi þad lengi, þar til hann vogadi ad forsvara Christum berliga í rádinu, er hann sagdi: dæmir nockud vort løgmál manninn, nema hann sé ádur heyrdur, Jóh. 7; og mátti heyra þar fyrir: ert þú og vordinn Galíleus? sem var hin mesta sinán medal Gydínga. Þad mátti sýnast, ad úti væri med Christ, þegar hann var svo sem illrædismadur til dauda dæmdur og á gálgann uppfestur, hvar hann lét sitt saklausa líf. Ecki er líkligt, ad þeir Jóseph muni hafa verid fródari um upprisuna, heldur enn lærisveinarnir, samt vogudu þeir ad greptra hann, og vordu þar til fémunum sínum; svo er Gud kroptugur í gódum vilja, þótt veikur sé. En þú, sem vordinn ert sannfródur um dýrd Drottins í hans upprisu, og veitst, ad hann situr til Kraptarins hægri handar, breit eptir Nicódemó í þessu, og lát þér einkis mál svo skyldt vera, ad þú afrækist rétt ad gjøra; lát enga veraldar magt svo ofbjóda þér, ad þú í minnsta máta skérdir dýrd þíns Guds, í því ad fremja þad eptir mannanna bodi sem hann bannad hefir. O! hversu fávísir og ónýtir eru allir þeir, ed kalla sig óhulta, nær þeir gjøra allt hvad hinn voldugi býdur þeim. Heyri þeir hvad Drottinn segir, fyrir munn Zóphóníæ, kap. 1: eg skal á þeim degi straffa alla þá, sem stockva yfir þroskuldа, hverjir ed uppfylla hús drottna sinna med ráni og svikum. Sama er um allt annad ad segja, sem nockur ofríkismadur býdur á móti Guds bodi, hvert hann er hærri eda lægri stéttar. Þannig var nú Nicódemó háttad, sem ádur er sagt, þá hann kom til Jesúm; en hvert eyrendid verid hafi, er audsært af Lausnarans andsvari, þó ecki standi hans spurníng útþryckiliga í Gudspjallinu; hann hefir án efa viljad frædast af Drottni, med hverju móti hann kynni Guds ríki ad erfa; en Drottinn, sem allt vissi hvad med honum bjó, hann

svarar honum ecki eins og hinum ríka ýngismanni, hjá Matth. 19, er frétti hann ad, hvad hann gjøra skyldi svo hann mætti eignast eylíft líf, hverjum hann vísadi til løgmálsins, af hvers verkum enginn kann þó hólpinn ad verda; hvar fyrir? af því hann þóktist løgmálid uppfyllt hafa; ecki svo sem Pharíseis og Heródis þénurum, er komu til hans med vidlíkum formála og Nicódemus, en þó fullir af undirhyggju og fláttskap, og spurdu ad, hvert ad leyfdist ad gefa Keysaranum skatt edur ei; ecki svo sem kennimønnunum og øldúngunum, er spurdu hann ad, af hverjum myndugleika hann kendi, Matth. 21. Drottinn vissi, ad Nicódemus var í løgmálinu nógu fródur ad Gydínga plagsid, því hann var einn meistari í Israel; þar fyrir tefur hann ecki ad undirvísa honum í því, sem honum var ábóta vant, og opnadi honum enar fyrstu dyr lífsins vegar, sem er endurfædíngin, med þessum ordum: nema ad einhver fædist ad nýu, þá kann hann ecki ad sjá Guds ríki. Hér af má sjá, hversu megnt fáfrædi ad drottnad hefir medal Gydínganna í andligum efnum þegar Christur kom; þad sýnist, ad þeir hafi ecki þeckt upprunasyndina, jafnvel þótt þeir mættu lesa hjá David, Ps. 51: í syndinni em eg alinn, og í syndinni hitnadi minni módur med mér; ecki endurfædínguna, edur ætlad, ad umskurnin mundi vera hennar medal af Gudi tilskickad, heldur svo sem nockurskonar útvortis teikn, med hverju Israels fólk væri adgreint frá ødrum þjódum, þar þó Moyses segir þeim berliga, Deut. 30: Drottinn mun umskera þitt hjarta og þíns sædis hjarta, til ad elska Drottinn Gud þinn af øllu hjarta þínu og af allri øndu þinni, svo ad þú lifir; hvar ei kann ad vera annad meint, enn þad, sem Páls umtalar, Róm. 2, er hann nefnir umskurn hjartans, sem er í andanum og ecki í bókstafnum, hverrar lofstír ecki er af mønnum, heldur af Gudi. Ur þessari villu vill nú Drottinn fyrst hjálpa Nicódemó; og megum vér kristnir menn ódaudligar þackir Gudi kunna, ecki einasta fyrir þad hann hefir endurgétid oss til einnar lifandi vonar, sem Pétur ad ordi kémst, 1 Pet. 1, heldur og þad, ad hvert barnid á medal vor á kost á, ad nema þá himnesku speki um endurgétnínguna og hennar krapt, sem þessi hálærdi øldúngur vissi eckert af. Gud gæfi ad bædi kénnifedur og foreldrar hefdu svo mikla ástundan á ad brýna þvílíkt fyrir sínum børnum og hinum einføldu, svo sem þad er ljóst í Guds heilaga ordi, þá mundu menn ecki svo optliga flecka sitt skírnarklædi, sem menn gjøra, þá mundum vær hafa meira traust í mótgánginum og í freistíngunum af því, ad vér erum Christó innplantadir og settir í hans ríki, og kraptur skírnarinnar mundi framar auglýsa sig í endurnýúngu lífdaganna og deydíngu holdsins, heldur enn almenniliga skédur. Þad er merkiligt, ad Endurlausnarinn brúkar þetta ord: ad fædast ad nýu. Skírnin er ecki neinn stundar þvottur, er gjøri mann hreinan um sinn fyrir Gudi, heldur verdur hinn skírdi ný skepna í Guds augliti; og þar fyrir kallast þad endurgétningar laug, Tít. 3, hverrar kraptur varir um allan þess aldur, er ecki afrækir sinn skírnar sáttmála, heldur kostar kapps um ad endurnýa hann, med betrun lífernisins, dagligana. Sjáid til, børn mín! madurinn fædist í heiminum daudur í uppruna syndinni, blindur í sínum sáluhjálpar efnum, því holdligur madur skynjar ecki hvad Guds Anda er, segir Páls, 1 Cor. 2; er þad ecki þá ad fædast ad nýu, ad heilagur Andi í skírninni upplýsir hugskotid, endurskapar viljann og gefur oss nýar andligar gáfur, ad vér fáum séd Guds ríki, þeckt þad í trúnni, samsinnt því er um

það talað verður, að vér leitum þess, lángar eptir því og ødlumst það um síðir? hvað ómøguligt er holdi og blóði, svo sem Postulinn vottar, 1 Cor. 15. Spekíngarnir segja, að maðurinn sé maður fyrir sálarinnar skuld, því annars beri hann eckert af kvikindunum; svo er hann og Guðs maður alleina fyrir heilagan Anda, er vér í skírninni meðtøkum, annars er hann ecki einasta skynlaus, heldur og dáuður í andligan máta; því er þetta Guðs verk rétt kallað endurfæðíng. Í annan máta er oss kunnugt, að vér fæðumst í heim þenna børn reiðinnar, sem Pálus skrifar; þannig er vor náttúrlig fæðíng; en í skírninni verðum vér Guðs børn, þar verða oss fyrir alls eckert, alleina fyrir Jesú Christí forþénustu, syndirnar fyrirgefnar, en vér réttlættir fyrir hans náð og til arfs teknir með Guðs Syni, því svo útmálar Páłus endurfæðínguna, Tít. 3; segið mér, er ecki slíkt að nýu fæddur að vera? Í þriðja máta innibindur og skírnin í sér ávøxt endurfæðíngarinnar, sem er endurnýúngin, hver eð dagliga á fram að koma og í vøxt að fara, fyrir hverja maðurinn endurfæddur verður ein ný skepna, 2 Cor. 5, skapaður í Christó til góðra verka í skírninni, en íklæðist dagliga einum nýum manni, sem endurnýast eptir hans mynd, er hann skapað hefir; og í þessu þrennu er endurgétníngin fólgin, hverja Drottinn vill teiknað hafa, með því orði: að fæðast að nýu. Þó skal enginn svo dárligur vera, að hann meini, að það nóg sé, að færa børnin á kyrkjuna og láta þau þar vatni ausa og tala Guðs orð yfir, en aldrei síðan vekja í þeim krapt þessa himneska meðals með guðrækiligri uppfræðíngu; þolanligra væri að kasta þeim út á mørkina og láta uppeta af vørgum, sem þó er hinn versti glæpur, heldur enn að ala það upp, sem Guð skapaði í móður-lífi og endurskapaði með heiløgum Anda í skírnarlauginni, Fjandanum til þjónustu, og honum í bráð, sem er Guðs svarinn óvinur. Umskorinn var Nicódemus, endurgétinn var hann eptir þeirri Guðs skickan, sem varði allt til Christum, en þó var hann svo ófróður um sjálfs síns endurfæðíngu. Meinar þú að barni þínu, sem kannské aldrei fær að heyra nema fávitskuna, því muni betur farnast, enn þessum lærða manni, nema þú alir það á hinni hreinu og skynsamligu mjólk Guðs orða, sem Pétur umtalar, 1 Pet. 2, ef þú ert fær þar um? og sért þú ecki, sem eg dylst ecki við að margur muni vera, hvað Guð betri, þá skammast þú ecki að gánga með Nicódemó, jafnvel á náttar-þeli, það er heimugliga, ef þú blygðast við að gjøra það opinberliga þar þú ert gamall orðinn, til Christí þénara eður annara, sem betur vita, til að læra fræði þá, er þú mátt ecki án vera, svo þú fáir hólpið bæði þinni og svo þeirra sálum, er þér er tiltrúað, nema þú viljir kveljast ásamt þeim í eylífum helvítis loga, sem Guð hafði boðið þér með kristiligri uppfræðíngu til himnaríkis að leiða. Ecki fær Nicódemus þetta svo brádt skilið, er Jesús sagði honum, og því talar hann um holdliga fæðíngu; honum þótti það øfgar, að maðurinn skyldi hverfa aptur í sinnar móðurkvið, nær hann er gamall, og fæðast svo að nýu; en þótt það væri svo lángt frá hans þánka og yfirgengi hans skynsemi, er Jesús talaði, samt forlætur hann ecki Drottinn að heldur, og vill heyra meira hér um talað. Ólíkur var hann þeim, sem á vorum døgum ecki vilja láta sér í Guðs orði undirvísa; St. Páls spá er rætt á þeim, er hann segir, 2 Tím. 4, að þær tíðir muni koma, að þeir muni ecki líða heilsusamligan lærdóm; þeir hlaupa í felur nær þeirra kristindóm á að rannsaka; þeir skjóta børnum sínum undan, nær

þvílíkt skal um hönd hafa; þeir hæda ad kénnendunum, nær þeir í slíku vilja gjøra sitt embætti, og hrósa því hver fyrir ødrum, ad þeir á einhvern hátt hafi gétad sloppid frá því ad láta leidsegja sér til himnaríkis. Þetta gjøra nockrir af þeim á medal vor, sem bædi eru skírdir og gánga til Guds bords þrisvar, fjórumsinnum á ari hverju, en reidast Guds þénara, ef hann vill ecki leifa þeim og børnum þeirra ad eta og drecka hold og blód Drottins sér til fordæmíngar. Þú vitfyrríngur! munt þú þá heldur vilja til helvítis fara og þar eylífliga brenna, enn ad ljá eyru þín heilsusamligri kenníngu, svo þú megir þinna sáluhjálpar medala verdugliga njótandi verda? edur villt þú leida þinn kénnifødur í þann sálarvoda, ad hann hafi altarid til ad syndga, eins og Ephraim? þad gjøra þó allir þeir, ed þá vísvitandi til altaris taka, sem þess óverdugir eru. Ecki styggist Drottinn vid þessa einfeldni Nicódemí, hann vill ecki þenna brákada reyr í sundur brjóta, heldur til þess ad uppræta þessa fávitsku úr hans hjarta um líkamliga fædíngu, þá segir hann hvernig þessari andligu endurgétníngu sé varid, med þessum ordum: nema ad einn endurfædist af vatni og anda, þá kann hann ecki ad inngánga í Guds ríki. Hann blessadur hafdi þá allareidu skírast látid nær þetta skédi, og Jóhannis skírn hefir Nicódemó alkunnig verid; þá var og løgmál umskurnarinnar afmád, svo ad í Christó gyldti hverki umskurn né yfirhúd, því tími endurbótarinnar var kominn, sem Páll umgétur, Heb. 9; en skírnin var aptur í hennar stad innsett, og Drottins kvøldmáltíd skømmu sídar í stadinn páskalambsins, hver ed vara mun ásamt skírninni þar, til verøld þrýtur; þess getur Páll, 1 Cor. 11, er hann býdur, ad vér med þessu himneska gétstabodi skulum kunngjøra dauda Drottins, þar til hann kémur. Til þessarar alvísu rádstøfunar hinnar háleitu Guddómsins Þrenníngar, vísar nú Frelsarinn þessum sínum lærisvein, og leggur orsøkina til, sem þessi gódi madur hefir ecki ádur skynjád: hvad sem af holdinu er fædt, þad er hold, en hvad sem af andanum er fædt, þad er andi. Þad er upphaf kristinndómsins, ad madurinn viti ecki einasta, ad hann sé spilltur ad nockru leiti af upprunasyndinni, heldur og øldúngis í syndinni daudur, svo ad vor náttúra verdur ad endurfædast med øllu, hvad ómøguligt er ad ské kunni, nema fyrir almættis krapt Guds er manninum í fyrstu skapadi réttan edur heilagan, svo sem hinn vísi Salómon ad ordi kemst, Préd. b. 7; og þessvegna hefir vor gódi kénnifadir Lútherus látid løgmálid undan gánga ødrum pørtum kristiligs lærdóms, ad vér af því kynnum ad sjá vorn holdligan saurugleik, svo þad yrdi þannig vor tiptunar-meistari til Christum. En hvad sem af andanum er fædt, þad er andi; þad er, þad sem endurfædt er og af Gudi fædt, Jóh. 1, í hverjum Guds sædi er, 1 Jóh. 3, þad er andi; ecki svo, ad holdid umbreýtist í anda, heldur verdur sá hinn sami andligur madur, eins og Adam vard ad lifandi sál, 1 Cor. 15, þad er, lifandi madur; hann verdur einn andi med Gudi, ef hann áhángir honum, 1 Cor. 6, og fóttredur ecki Guds sáttmála, jafnvel þótt ecki sé þess von í þessu daudliga holdi, ad vér aldeilis andligir verdum; því er sú glíman á milli holdsins og andans, er Páll svo optliga talar um. Þad skedur fyrst í upprisu réttlátra, ad vér andligir verdum til fulls, þá munu vorir líkhamir andligir og englunum jafnir verda, og vorar sálir eitt med Gudi, sem verda mun allt í øllu á því gledinnar landi; því nefnist hún og endurfædíng hjá Matth. 19 kap, þad

er, uppreisn allra hluta, svo sem Pétur það kallar, Act. 3. Vissi Drottinn að ei mundi Nicódemó skiljast þetta enn nú, því segir hann hér strax eptir: undrast ecki, að eg sagða þér, að ydur byrjadi að nýu að fædast; og ecki einasta segir hann það, heldur þar að auki framsetur hann eitt ómótmælanligt dæmi uppá fávitsku hans og annara dauðligra manna, sem lángt eru frá því að skilja þá hluti, er þeir dagliga umgángast, aukheldur að þeir skynja muni þá himnesku, er svo lángt yfirgánga mannligan skilníng: vindurinn blæs og þú heyrir hans þyt, o. s. fr. Drottinn blés á lærisveinana og sagði: meðtakið þér heilagan Anda! H. Andi kom í sterkum vindi yfir postulana á hvítasunnudøgum. Svo tekur nú Frelsarinn hér dæmi af þeim hlut, sem andanum var líkastur, til að hjálpa fáfrædi þessa einfalda manns. Vér heyrum allir vindinn þjóta, vér finnum hans megn á líkhamanum, enginn sér hann þó, enginn veit hvar hann hefir sín upptøk; vindurinn blæs á sømu stundu í ýmsum støðum, af austri og vestri, af nordri og suðri; seg mér, hvar hafa þessir vindar sín upptøk? hvørt fara þeir? hvar slotar þeim? fyrst enginn hefir enn nú fundist svo vís, að hann géti sagt oss það, hverju munum vér þá skynja það, sem miklu meir yfirgengur vorn skilníng? En svo eru og allir þeir, sem af andanum eru fæddir; þeir finna Guds anda hræríngar í sálu sinni, þegar hann straffar syndina, uppvekur ydranina, lífgar trúna, kveikir elskuna, eblir þolinmædina og verkar aðrar kristiligar dygðir. Vér vitum og, að hann er frá Gudi kominn, af því ritníngin hefir sagt oss það; en hvernig hann er frá Gudi útgenginn og í hjartað komminn, það vitum vér ecki, því Guds ríki kémur svo það verdur ecki aðgætt, segir Frelsarinn, Lúk. 17; ecki heldur vitum vér hvørt hann fer, því andinn fer í burt og kemur inn aptur. Vér vitum að hann færir oss inn í eylíft líf, ef vér slockvum hann ecki; en það líf þeckjum vér ecki, nema svo sem fyrir spégil og í rádgátu, því það er ósýniligt enn nú, hvað vér verda munum, og vort líf er fólgið í Gudi, Cól. 3. Þar fyrir, sá sem finnur verkanir H. Anda í sálu sinni, og vill þó ecki endurfædíngunni trúa, það er eins og vildi hann neita því að vindurinn blési, en gæti þó ecki sjálfur á jørdinni staðið fyrir ofvidri; ef vér því neydumst til náttúrunnar verkan að trúa, þótt ei skiljum vér hennar orsøk eða upptøk, því skyldum vér ecki géfa vora skilníngu fángna undir hlýdni trúarinnar í andligum efnum, sem svo miklu eru óskiljanligri.

Ecki ber Nicódemus á móti þessum vísdómsfulla sannleika, er Drottinn taladi, en þó vill hann frædast giørr hér um, og því segir hann: hvernig má þetta ské? Þar fyrir tekur Lausnarinn til þess, sem sterkast var, það var hans eginn vitnisburdur, sem er í Fødursins skauti: sannliga, sannliga segi eg þér, vér vitum hvað vér segjum, og vitnum hvað vér séð høfum. Engin røk edur vitni eru svo sterk sem þetta, Gud hefir það talað; því sagði Jesus fordum við Gydínga, Jóh. 8: þótt eg beri vitni af sjálfum mér, þá er þó mitt vitni støðugt. En þetta vissi Nicódemus ennþá ecki; hann sagði að sønnu í øndverdu samtalinu: meistari! vér vitum þú ert einn lærifadir af Gudi, því enginn kann að gjøra þau verk, sem þú gjørir, nema Gud sé með hønum. Hefði hann sagt: í hønum, þá hefði hann rétt talað, en svo var hann enn þá ecki upplýstur; þó byrjadi hønum að trúa Christó, þar hann játaði, að hann væri af Gudi, og gjørdi svo mikil kraptaverk. En Drottinn lét hann ecki lengi vada í villu þessari, heldur skírir hønum berliga frá, hver

hann sé, segjandi: enginn mun uppfara til himins, nema hann, sem ofan sté af himni, Mannsins Sonur, hver ad er á himni. Þetta ord, ad uppstíga til himins, merkir í ritníngunni ad rannsaka Guds leyndarrád; svo segir Agúr um Ethíel og Ucal, Ordskv. 30, þad er um hann, sem heitir Gud med oss, og sá máttugi, þad er Christur: hver mun uppfara í himininn og ofan þadan? þad er, hver mun Guds leyndardóma rannsaka; þar um talar svo Moyses, Devt. 30: þad bodord, er eg býd þér í dag, þad er ecki hulid fyrir þér, edur lángt í burtu, þad er ecki í himninum, svo þú segja þurfir: hver mun fara fyrir oss upp í himininn? þau ord útleggur St. Páll, Róm. 10, þegar hann hefir ádur talad um leyndardóm mannsins réttlætíngar fyrir Gudi, kap. 9: þú skalt ecki segja í hjarta þínu: hver mun fara fyrir oss upp í himininn? þad er ad toga Christum ofan úr hædunum; hvar fyrir? því hann var einusinni ofan til vor kominn, og færdi oss þessa himnesku speki úr skauti Fødursins, því þurfti enginn upp aptur ad fara í himininn til ad rannsaka Guds vilja um mannsins sáluhjálp. Þad er hid sama, sem Drottinn segir hér Nicódemó: eg, sem ad vid þig tala í líkíngu syndugs holds, ad hegdan fundinn sem madur, og er ofankominn af himni af míns Fødurs skauti, eg veit hvad eg segi og vitna hvad eg séd hefi: enginn annar mun uppfara í himininn til ad rannsaka Guds vegu nema eg, sem nú er á himni, þótt eg hér vid þig tali, því byrjar þér mínum ordum ad trúa, ef þú villt hólpinn verda. Þessi er efalaust meiníng Frelsarans, því enginn hefir um aldur Gud sénan; sá eingetni Sonur Fødursins, sem er í hans skauti, hann hefir oss þad opinberad, segir Jóh. kap. 1. En líka sem Moyses upphóf høggorminn á eydimørku, svo byrjar Mannsins Syni upp ad hefjast, segir Frelsarinn. Einhverr mætti adspyrja: hvad kemur þessi fyrirmyndan hér vid? Enginn er betri, kristinn madur! í øllum fjársjódum ritníngarinnar, enginn sem betur hlýdi uppá þad efni, sem hér var umtalad; því valdi Frelsarinn hana til ad sannfæra Nicódemum med, hver hann vissi ad var uppfrædddur í løgmálinu. Págus segir, Heb. 9, er hann þydir gamla testamentisins fórnir uppá Christum, sjálfur Gydíngur fyrir ødrum Gydíngum: hversu miklu framar mun þá blódid Christí, segir hann, sem fyrir hinn eylífa anda hefir fórnfært sjálfan sig óflekkadan Gudi, hreinsa samvitsku vora af daudligum verkum til ad þjóna Gudi lifanda. Segid mér! hvar verda vorar samvitskur fyrst hreinsadar? í skírninni; þar fyrir kallar Petur hana sáttmála gódrar samvitsku; fyrir hvad verda þær hreinsadar? fyrir Jesú blód, sem vitanligt er af Postulans ordum, er strax voru lesin; hvar gaf Frelsarinn þad út? í grasgárdinum, í þíng-húsi Pilatí, en allra helst á krossins gálga, því þar blæddi sjálfu lífinu til ólífis, og daudi hans var fullkomnan vorrar hreinsunar; því sagdi hann undir andlátid: þad er fullkomnad. Hver fyrirmyndan gamla testamentisins hlýdir nú bezt uppá krossfestíngu Drottins? engin betur enn þessi, nær Moyses eptir Guds bodi upphóf eyrorminn á eydimørku. Moyses heingdi orminn uppa tréd; svo er og Jesús á gálgann uppheingdur; uppá tréd bar hann vorar syndir, og festi þar handskriftina, þá sem móti oss var, Cól. 2. J þeim ormi var eckert eytur, þótt hann væri hinum ødrum líkur; Guds Sonur er ad allri hegdan fundinn sem madur, þó án syndar;

hann er fyrir oss syndugа orma madkur og ecki madur vordinn, jafnvel þótt hann væri hreinn og heilagur og fráskilinn syndurunum; já, þótt hann ecki vissi af synd, þá gjørdi Gud hann ad synd, svo vér yrdum Guds réttlæti í hønum, 2 Cor. 5. Allir þeir ed litu þann eyrorminn, sem Moyses uppfesti, þeir urdu læknadir af eyturorma bitinu; þú minn herra, Jesú! ert á tréd upphafinn, svo ad allir þeir ed þig líta trúarinnar augum, þeir verdi læknadir af því biti, er hinn slægi høggormur, Djøfullinn, beit vora fyrstu módur med, og oss sídan dagliga bítur; því segir hér og í gudspjallinu: svo byrjar Mannsins Syni upp ad hefjast, svo ad allir þeir, sem á hann trúa, fyrirfarist ecki, heldur hafi eylíft líf. Þú hefir sagt, Drottinn minn! ef eg upphafinn verd, mun eg draga alla til mín, Jóh. 12; þad er ecki Gydínga einasta, heldur alla þá, af øllum þjódum, sem þinn Fadir hefir þér gefid. Svo drag oss þá, herra Jesú! sem búum í þessu fátæka landi, hverja þú eins vel leyst hefir med þínu dýrmæta blódi og adrar þjódir, drag oss, segi eg, undir þinn kross, ef þér svo líkar, já, uppá krossinn med þér, ef þad má til þinnar dýrdar gagna og vorrar sáluhjálpar, þad er oss fyrir minnstu þínum minnstu vesælíngum. Vér vitum þú sagdir vid Gydínga: þegar þér hafid Mannsins Son upphafid, þá munud þér þeckja ad eg em hann, Jóh. 8. Því trúum vér ad þú ert, Drottinn minn! ad sigrudum dauda, Djøfli og helvíti, yfir alla himna hafinn í þína dýrd, til ad búa oss þar víst í þíns Fødurs húsi. Drag oss þángad med þér, ó, herra Jesú! svo ad hvar sem þú ert, þar megi og þínir þénarar vera. Þér, med Fødur og heiløgum Anda, sé vald, heidur, dýrd og kraptur, þú háleita Guddómsins þrenníng! um aldir alda, amen!

Fyrsta Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 16 Kap.

Í þann tíma; Jesús sagdi til Pharíseanna: þar var einn ríkur mann, sem klæddist perli og purpura, og lifdi hvørn dag í vellystíngum praktugliga; og þar var einn þurfa-madur, Lazarus ad nafni, hver ed úti lá fyrir hans dyrum, fullur kauna; hann gyrntist ad sedja sig af þeim molum, sem féllu af bordi hins ríka; þá komu hundar og sleiktu hans sár. En svo skédi, ad hinn voladi andadist, og vard borinn af englunum í fadm Abrahams; en hinn ríki andadist líka, og var greftradur. En sem hann var í helvíti og kvølunum hóf hann upp sín augu, leit Abraham álengdar og Lazarum í fadmi hans; því kalladi hann og sagdi: o, fadir Abraham! miskuna þú mér og send Lazarum híngad, ad hann drepi hinu fremsta síns fíngurs í vatn, og kæli túngu mína, því eg kvelst í þessum loga. Og Abraham sagdi til hans: sonur! hugleid þú, ad þú medtókst hid goda í lífi þínu og Lazarus líka hid vonda, því hlytur hann nú ad huggast, en þú ad kveljast. Fram yfir allt þetta er á millum vor og ydar mikid djúp stadfest, svo

ad þeir, sem hédan vilja fara til ydar, géta þad ei, og eigi þeir heldur þadan frá ydur upp til vor komist. Og hann sagdi þá: eg bid þig, fadir! ad þú sendir hann í míns fødurs hús; þvíad eg hefi fimm brædur, þad hann skíri þeim frá, svo ad eigi komi þeir í þenna kvalastad. Og Abraham sagdi til hans: þeir hafa Moysen og spámennina, heyri þeir þeim! En hann sagdi: nei, fadir Abraham! heldur ef nockur framlidinna færi til þeirra, þá mundu þeir ydran gjøra. En hann svaradi hønum: ef ad þeir heyra ecki Moysi og spámønnunum, þá munu þeir ecki heldur trúa, þo ad nockur framlidinn upprísi.

E x o r d í u m.

Vilji ydur audur til, þá heingid ecki hjartad þar vid, segir Davíd, Ps. 61; ecki fordæmir hann audinn í sjálfum sér, heldur ofmikla elsku á hønum. Ríkdómurinn er gódur, þeim er rétt kann ad brúka hann. Audur er abl þeirra hluta sem gjøra skal, segir Ciceró; orlátur madur félaus, hann er eins og einn kappi vopnlaus. Eckjan, sú er lagdi einn peníng í Guds kistuna, hún lagdi ad sonnu meira, enn allir hinir ríku, því hún gaf af fátækt sinni, en hefdu þeir eins mikid géfid af sinni audlegd, eptir því sem tala rann til, þá mundi þad og af Drottni ecki sídur vel hafa þegid verid. Væri ríkdómurinn ecki Guds blessan, þá mundi hann ecki hafa heitid hønum til launa sínum elskendum, er vardveita hans bodord, og ecki sæmt ástvini sína þar med. Abraham, Isak, Jakob, Jóseph, Barzelaí, hin Súnamiska, Jóseph af Arímathía og adrir miklu fleiri, voru ríkismenn og þó Guds vinir kalladir; eru því audæfin stór ástgjof Drottins; því segir Salómon, Ordskv. 10, ad blessan Drottins gjøri ríka, og hørmúngin muni ei nálgast þá; þau eru rettvísum manni til mikils heidurs; því segir hann ennþá aptur, Ordskv. 14: audæfi hins vísa eru hans kóróna; med þeim kunnum vér løndum og lýdum ad hjálpa; med þeim fáum vér sett børn vór og náúnga til menta og mannkosta; med þeim kunnum vér ad bjarga náúnganum í sinni ángist; med þeim gétum vér ablad oss féssjóda á himnum, ef vér stundum eptir ad vera ríkir í gódum verkum, 1 Tím. 6, svo þeir medtaki oss í eylífar tjaldbúdir, ef vér gjørum gott þar af í sanuri trú og í Guds nafni; hvar fyrir ad sá, ed fátækum géfur, hann lánar Drottni, og hafa menn aldrei betur varid fé sínu. Svo eru nú audæfin stórt Guds lán og hans elsku merki, nær þau rétt-fengin eru og rétt brúkud. En svo sem þau eru hinum frómu og réttvísu til mikils heidurs, svo eru þau og hinum ógudliga og ágjarna nærsta óþørf og skadsamlig; því segir Drottinn, ad ránglætisins fé-sjódir séu eldur í húsinu. Já, þótt einn sé vel kominn ad aud sínum, en brúkar hann þó Gudi til styggdar, til óhófs og metnadar, til ad undirþryckja hinn vesæla og lítilmagnan, og heldur hønum til okurs og inni fyrir verkamanninum og hinum fátæka, sem Gud hefir skipad ad ala, þá er hann bølvaninni undirvorpinn; þess gétur hinn Vísi med þessum ordum: sá ed prettar hina réttlátu á vondum vegi, hann mun í sinni gløtun hrapa og hinir einføldu munu eignast hans góts; já, svoddan audlegd er hverju volædi argari, svo þad er kóngdómur ad fara á vonar-vøl alla æfi sína hjá svoddan ríkdómi. Í þessa dags evangelíó verda oss fyrir sjónir settir tveir menn, einn ríkur, annar fátækur. Vér viljum í Guds nafni skoda: 1) dæmi hins ríka, og svo hans afdrif; 2) hins fátæka, og svo hans endalok. Þú gódi Gud! sem alleina ríkur ert, hjálpa oss med ríkdómi nádar þinnar, ad gjøra þetta verk í þínum ótta, fyrir Jesúm Christum, a m e n!

U t l e g g í n g i n.

Þar var einn ríkur madur, segir textinn. Ríkdómurinn kann engum af sjálfum sér ad banna inn í himnaríki, svo sem í inngánginum sagt er; því sjáum vér og í gudspjallinu

hinn fátæka Lazarum í skauti hins ríka Abrahams. Tökum vanbrúkunina í burt, og mun auðurinn ecki skaða; gjörumst ríkir í góðum verkum, og mun það nockuð til himnaríkis gagna; en það vantaði þenna ríka mann. Hann klæddist pelli og purpura, segir textinn. Pell var einn vefnaður forkunnar vænn og gullvægur haldinn, hann er nú ecki að fá í heiminum; sama er um purpurann að segja; það var einn litur forkostuligur, tilbúinn úr skélfiskjár blóði, og er nú ecki að finna í veröldinni. Hverttveggja þetta var konúnga búnaður og annarra höfðíngja, og leifðist ei múgamönnum að bera; þannig var Arónis búnaður og höfuðpresta Gyðínga, Exód. 28; svo var Jóseph klæddur, Gén. 41; þetta skart bar Daníel, Dan. 5; þannig var Mardochéus búinn, Est. 8. En um þenna ríka mann stendur ecki í guðspjallinu, að hann hafi nockur þess háttar maður verið; það er og ecki líkligt, því Frelsarinn mundi ei hafa til þess tekið, að hann hefði svo verið í skart búinn, hefði hann verið höfðíngi nockur, þeim er sómt hefði að bera svo dýrmæt klæði, og var í þessu ecki lítill ofmetnaður. Satt er það, að klæðin gjöra engan vondan né góðan af sjálfum sér, en fatnaðurinn er manninum géfinn til að skýla blygðan sinni og varðveita líkhamann frá kuldanum; því mætti það sýnast, að sá sem keppist við að búa sig tígugligar, heldur enn virðíngu hans sómir, að hann gjöri það annaðhvert fyrir lauslætis eður metnaðar sakir, og er hverttveggja stór synd í Guðs augliti; fyrir því mun það ei syndlaust vera, er menn brúka til þess að efla þessa lesti með. Mismunur í klæðnaðinum á að vera, og var forðum til að aðgreina virðíngar manna, og svo er ráð fyrir þessu gjört í landslögum vorum; hvað sem þar fram yfir er, það er ósiðsemi og ránglæti, því það er að taka sinn rétt frá þeim sem æðri eru, að svo miklu leiti sem þessum hégóma nemur. Eg vil segja, hvert sem að einn er kostum búinn eður ei, þá syndgar hann, ef hann klæðir sig betur enn hans standi sómir; sé hann vel að sér um marga hluti framar öðrum, þá spillir hann mjög svo ágjæti sínu, ef hann meinar það verði ágjætara fyrir búníngsins skuld, því Salómon í allri sinni dýrð var ecki svo skrýddur sem eitt af akursins liljugrösum, og vér vitum þó, að Guð hefir meira virðt hinn aumasta og heimskasta vesalíng á meðal vor enn þan, en vér egum að bera sömu virðíngu fyrir hlutunum og hann, sem þá skapað hefir; en sé nockur ei nema almenniliga kostum búinn, og vill þó leita sér forðildar af klæðnaðinum, þá er mikil fávitska í því; eg veit að einn asni verður þó aldrei hestur, þó menn setji gullsöðul á hann, og svo verður einn dári aldrei vís, hvernig sem hann málar sig utan. Þessi ósiður fer mjög svo í vöxt í landi voru smámsaman nú nockur ár; ambáttinn vill eins klædd vera og húsmóðurinn, þénarinn eins og herrann, sonurinn betur enn hans gamli faðir. Formegunin, mannskapurinn og vísdómurinn eru í burtu úr landinu, en búníngur og klæðasnið eblist dagliga; einn skóladrengur kostar öllu til þess að fá vænan kjól, en að kaupa sér eina bók, hvar af hann nockuð gott megi læra, þar hyrðir hann ecki um. Og um alla hluti fram, þá skulu vor klæði skorin vera eptir framandi þjóða sniði, gætandi lítið að því, sem Drottinn segir ské skuli á sínum slátrúnardegi, að hann vilji straffa alla þá, sem búast útlendskum búnaði; Zóph. 1. Hvað vill hér af verða um síðir? eg ætla Drottinn þurfi ecki að leggja höndina á oss, vær erum vorir eginn böðlar í slíku; svo að líkast er, ef þessu skal lengi

framfara, ad þad muni gánga oss eins og þad gëck Júdum, er þeir tóku upp sidu Grikkja, ad þeir urdu þeim ad brád, hverra sidum þeir breyttu eptir, 2 Macc. 4.

1. Framveigis stendur hër um þenna munadarkropp, ad hann hafi etid dagliga skýnandi krásir. Eptir textans ordum er þad svo: hann hëlt sig forkostuliga gladværan dagliga; þetta má skilja, ad hafi verid í mat og dryck og ødru óhófi, sem heyrir til líkamligs munadar. Nú er þad hër ad segja, ad Drottinn hefir ecki bannad ad hafa inndæli af sínum skëpnum í rëttan tíma og med hófi og sidsemi. Sjálfur var Frelsarinn ad heimbodi manna á sínum hërvistardøgum, í Kana í Galílea, hjá Símóni Pharíseara, hiá Zacheó, og optar; hvar fyrir, þótt hann væri hid fegursta sparneytninnar og hóffseminnar dæmi, sem nockurn tíma hefir skinid í veroldinni, þá var hann þó af illgjørnum Pharíseis ofneytslumadur og vínsvelgur kalladur. Já, hann lët sitt blessada høfud smyrja med dýrmætu salve; og þótt hann væri allra hluta Drottinn bædi á himni og jørdu, þá mundi hann þad ecki gjørt hafa, nema slíkt væri leyfiligt, nær þad er í hófi og med gódri skickan brúkad. Drottinn baud sjálfur í sínu løgmáli um laufskála hátídina, Levít. 23: þër skulud vera gladir fyrir Drottni Gudi ydar í sjø daga; hvert løgmál ad Moyses ítrekar, Devt. 12: Þër skulud eta fyrir Drottni Gudi ydar og gladir vera, þër og ydar hyski, af øllu því sem þër rëttid ydar hønd til, af hverju Drottinn Gud hefir blessad þig; og framvegis í hinu átjánda versi segir hann, ad þeir skuli ecki eta innan sinna porta á laufskála hátídinni sínar korn-tíundir, eda tíundir af mustinni edur olíunni, en hann segir: þër skulud eta þad þar í þeim stad, sem Drottinn Gud útvelur, þú og þinn sonur og þín dóttir, þræll þinn og ambátt þín og Levítinn, sem er innan þinna porta, svo skalt þú gledja þig fyrir Drottni Gudi þínum; hvert løgmál Nehemías og Hezras kënnimadur aptur innleiddu eptir herleidínguna, Nehem. 8, er þeir budu fólkinu á laufskála hátídinni: etid hid feita og dreckid sætan dryck, og sendid þeim einn part, sem eckert tilbúid hafa. Af þessu er audsært, ad hinn gódi Gud hefir ei bannad ad gledja sig í hófi, þó svo, ad menn dýrki hann med virdíngu og gledji sig med ótta, sem Davíd býdur, Ps. 2. Vín og vistir eru fyrir manninn skapadar, ecki forgëfins, heldur honum til unadsemdar og skickanligrar brúkunar, en vanbrúkunin këmur af holdinu og af Fjandanum. Vid þetta Guds eptirlæti á nú metnadur og óhóf ens ríka sælgætings eckert skyldt. Hër stendur, ad hann hafi haldid sig forkostuliga gladværan dagliga, þad er ad skilja, hann var allur sockinn í munad veraldar þessarar, hyrdti eckert um Gud, eckert um sínar syndir, eckert um hid komanda líf edur sinn dauda, heldur hafdi hann magann fyrir sinn Gud, svo sem Postulinn ad ordi këmst, Phillip. 3; já, rëtt eins og Esajas segir í 56 kap: komum, látum oss fylla oss af sterku víni, og morgundagurinn skal þessum líkur verda og enn þá kostuligri; og vantar oss ecki þá í landi voru, er hid sama gjøra mundu, hefdu þeir rád eins og þessi; eckert hyrda þeir um sitt embætti, eckert um sitt framferdi, eckert um landsins gagn, eckert um sína sáluhjálp, eckert um sína burtfør af heiminum, svo sem hefdu þeir festibrëf af Andskotanum, ad þetta skuli æfinliga vara, já, um engan hlut, nema um munn og maga og þad, sem þeir kunni ad hafa til ad þjóna þeim med, jafnvel þótt þad skuli verda hripsad út af munni náúngans med ofbeldi og rángindum. Nú voru

þessir lestir hins ríka sælkéra svo vondir og fordæmanligir, sem allareidu er nockud umtalad; en þad jók ofmiklu á, ad hinn vesæli Lazarus, fullur sára og kauna, lá húngradur fyrir hans dyrum, og er líkligt, ad hann hafi næsta klædfár verid, því sá sem eckert hafdi til ad sedja med sinn húngrada maga, hann mun ecki hafa mikid haft til ad klæda hinn sára líkhama. O, hvílík skélfilig hardýdgi var þetta! eckert þurfti þessi gudlausi kroppur ad missa af sínu bordi til ad sedja þenna vesalíng med, því hann gyrntist ad sedjast af molum þeim, er féllu þar af; eckert af sínu pelli og purpura, þótt hann hefdi kastad einni flík á hann (sem hans þrælar vildu ecki bera) til ad hylja sín kaun med; en því var ei svo varid; hundarnir voru nyskunsamari heldur enn hann, sem Gud hafdi géfid vit og skyn og þar ad auki fullsælu fjár, því þeir komu og sleiktu kaun hans, og mátti líkliga segjast, ad þeir mundu fyrr inngánga í þá himnesku Jérúsalem, Apóc. 22, hefdu þeir þar til skapadir verid, heldur enn þetta villudýr.

O! Gud gæfi, ad þeir sem hann hefir blessad med audlegd veraldar þessarar, þeir vildu þó, segi eg, einhvern tíma hugleida, hvad mikid þeir eru Guds voludum limum skyldugir. Seg mér, þú sem veltir þér í maurunum, og varla veist hvad þú skalt af þeim gjora: þegar þér var kastad inn í heiminn undir eins og fátækis barninu, hvad hafdir þú til meira unnid af Gudi heldur enn þad? vorud þid ecki bádir eins í syndinni gétnir? barst þú nockud meira med þér inn í veroldina heldur enn hann? edur muntu meira í burtu bera? hvar fyrir var Gud þá skyldugur til, ad gjora þig ríkan, en hann fátækan? ecki til þess, ad þú skulir kappala þinn syndugan búk eins og þessi dári; ecki til ad búa þig í skart eins og hann; ecki til þess ad upphefja þitt hartja edur festa þad vid audinn, en gleyma þínum bródur, sem ad naudstaddur er; heldur til ad dýrka síg þar med, og leggja svo mikid af vid hann, sem krefur, því hann er húsbóndinn; en hann krefur svo mikils, sem hinum volada má verda hólpid med og þú kant vel ad missa, og þad jafnan nær þú sér edur heyrir einn naudstaddan; og nær þú þad sér edur heyrir, þá vit, ad þar er kominn einn skuldamadur frá Gudi til ad beidast þess er hann lánad hefir og þú hefur ofmikid, en hann má vel bjargast vid. Þegar þú krefur skuldar þinnar hjá aumíngja nockrum, og hann hefir þad ecki til, sem hann skal gjalda, edur hann má þad ei missa, án síns stórs baga, þá krefur hann þig undir eins í Guds umbodi þeirrar skuldar, er þú átt honum ad lúka en hann hefir vesalíngnum géfid; látir þú hana ecki til, þá verdur þú skuldaþrjótur Guds, já, þjófur í hans augliti, þar þú stelur úr sjálfs þíns hendi, og hinn strángi húsbóndi mun krefja þig ávaxtar fjár síns í tollbúdinni hjá þeim ríka manni, nær þú uppvaknar í helvíti og kvolunum eins og hann, nema þú brúkir rád Daníelis, er hann gaf Nebúchadnezar konúngi, Dan. 4, og afplánir ránglæti þitt med olmusugjordum vid fátæka. Heyr því Salómónis ord, er hann segir, Próv. 3: gleym ecki ad gjora þeim gott, sem byrjar, nær þín hond hefir efni þar á; seg ecki til þíns náúnga: gack burt og kom aptur, á morgun vil eg géfa þér, og þú hefir þad þó; og lát þér þad sagt vera, ad hinn voladi hefir miklu meiri rétt til þess, er þú eignar þér, heldur enn sjálfur þú til ad brúka Guds lán til óhófs og metnadar, hvert hann margfaldliga bannad hefir. Drottinn segir fyrir munn Hóseæ, um Gydínganna samkundu, Hós. 2: hún veit ecki ad eg er þad, sem géf

henni kornid og mustina og olíuna, og fæ henni ánægjanliga silfrid og gullid, er hún gjörir Baal af; þetta á mjøg svo vel heima hjá þeim, sem Gud hefir fengid í hendur alls nægtir fjár, en þeir draga þad af hans fárádum limum, í hverjum hann skipad hefir ad dýrka sig, en brúka þad til ad ala sinn lauslátan kropp, til nidurdreps honum sem rángindin lídur, til ad hefna á óvinum sínum; þessir gjøra Baal úr þeim hlutum, sem gódir eru í sjálfum sér, og setja þann í Guds kyrkju, sem vera átti hjarta þeirra, þad er hina ørgustu svívirdíngu foreydslunnar í þann stad, sem ætti ad vera hinn allra helgasti. Ó, Gud betri vorar tídir. Satan hefur kaupmenn sína í Guds kyrkju medal vor, þad er í mannanna hjørtum, hverja hann gjørt hefir ad ræníngja bæli, ei sídur enn Gydíngar fordum musterid; en hvad selja þeir þá og kaupa? þeir selja hinn réttláta fyrir peninga, og hinn volada fyrir einn skó, þeir troda høfud fátækra í saurinn, og umturna vegum þeirra hæglátu, Amos 2; en um sídir selja þeir sínar egin sálir. Þess getur Sýrach í 10 kap. med þessum ordum: ekkert er ránglátara fégjørnum manni, segir hann, því hann lætur fala sálu sína; þar fyrir segir Frelsarinn, ad lítid gagni þad manninum, ad hann eignist allan heiminn, og lídi tøpun á sálu sinni, hvar um þessi ríki madur má øllum þeim ljóst dæmi vera, er elska kroppinn meir enn sálina. Ekki stendur hér í gudspjallinu, ad hann hafi verid illa kominn ad aud sínum; þad var hans fordæmíngar søk, ad hann brúkadi hann til óhófs, en gleymdi hinum naudstadda og fáráda. Nú ef hann fékk svo skélfiligan dóm, hvad vilja þeir þá segja á medal vor, sem ecki einasta stínga úr sér augun, nær þeir sjá einn þurfamann, edur annann, sem vinnur baki brotnu fyrir því, er þeir brúka til munadar sér, heldur og rýa Guds volada saudi og eta sitt braud í þeirra andlitis sveita? hvad munu þeir segja vilja? hvers munu þeir vænta sér, nær þeir eiga ad skilja vid allt þad, er þeir med rángindum hafa samandregid? Drottinn segir vid konúnginn af Týró, Ezech. 28: þú segir, eg em sterkur Gud, eg bý í einu guddómligu herbergi; en skommu sídar verdur hønum sagt: muntu nockud segja vid þinn veganda, eg em sterkur Gud? Lángtum eru þeir minni máttar enn konúngurinn af Týró hjá oss, er sig gjøra nærri því ad gudum, þegar þeir upphefja sig yfir Guds ord og konúngsins løg, þegar þeir fella hinn saklausa, en hefja skálkinn, og þykir svo sem þad standi í sínu valdi ad ráda fyrir hvers manns gæfu og ógæfu; en þegar daudinn kémur svo sem ein voldug hetja og kastar þeim í banasængina, þegar samvitskan tekur til ad bíta, þegar minníng glæpanna tekur ad ofbjóda þeim, þegar Satan, sem hefir flekad þá til allskonar ódáda, þegar hann reidir svipuna til, og sýnir þeim helvítis loga, hvar hinn ríki kvelst og kveljast mun um aldir alda, en Guds reidarþruma slær af himnum ofan, mun þá vesæl manneskja segja: eg em sterkur Gud? Heyrid þetta, ó, þér sem útsjúgid hús eckna og fødurlausra, og leitid Drottins á medan hann er ad finna! Hinir ágjørnu og ofríkismennirnir eru med tvennu móti; sumir færa fórnir neti sínu og brenna reykelsi fyrir sínum veidarfærum, því ad fyrir þau er þeirra hlutur feitur vordinn, og þeirra matur hinn besti, svo sem Habakuk ad ordi kémst í 1 kap. Þetta eru þeir sem reikna þad til sinni gódri forsjón (réttara ad segja, rángsleitni sinni og undirhyggju) ad þeir eru ríkir vordnir, og feitir af annara braudi. Adrir eru þeir ed segja: blessadur sért þú Drottinn, þad eg em ríkur vordinn, en

drepa þó sláturfandina med ofbeldi, og enginn er sá, sem ad fædi þá, edur brúki medaumkun med þeim, eins og þessi sami spámadur ad ordi kémst. Þetta eru þeir, sem af Gudi og enn hærstá valdi eru yfir adra settir, til þess ad þeim lídi vel, en gjöra þó ecker þad, sem Gud og konúngurinn bodid hafa, heldur eta í kríngum sig eins og úlfar og byrnir, og sýna þeim enga myskun, er undir þeirra valdi stynja, heldur kalla: ber híngad, ber híngad! og nær þeir hafa svo drukkid blód vesalínganna, þacka þeir Gudi svo sem fyrir réttfengin sösu. Hverjir af þessum verri séu er eigi svo audvelt ad segja, nema þad, ad hræsnin gjörir hina sídari andstyggiligri í Guds augliti, því af tvennu illu, þá er skárra ad eigna hreckvísi sinni klækina heldur enn Gudi. Hitt veit eg, ad hann segir um þessa hveru-tveggjn, Hab. 2: vei þeim er safnar því sem ecki er hans (hvar skal þad lenda), og þeim ed samandraga hinn þétta leyr! vei þeim sem er gésinn fyrir rángfengnum ábata fyrir hús sitt, ad hann búi hreidur sitt í hædunum, ad hann verdi frelsadur af valdi hins vonda; þú hefir eitt skammarligt rád tekid fyrir þitt hús, og upprætt margt fólk, og hefir syndgad á móti sjálfum þér, því steinninn í vegnum hrópar þad, og kvisturinn í trénu vitnar þar um! Eg veit þar er margur er segir: eg safna ecki til þess ad gjöra eins og þessi ríki madur, eg held mig sparliga, eg er ecki eydslusamur; þad er gott, ef þú safnar réttiliga, og gjörir gott hinum volada, en ef þú safnar einasta fyrir erfíngja þína, og þad med réttu og ranngu, þá má álíka gylda hvert ad Móab liggur á dreggjum sínum, edur og ad hann fagnar í sinni spýu og verdur til athláturs, Jer. 48. Því skylda eg steypa mér til helvítis fyrir minn erfíngja, í þeirri von, ad hann skuli lifa vel eptir mig daudan, og eg veit þó ecki hvert af því verdur edur ei, því kannské mín ógudlig búsorg gjöri hann verri í því, ad hann misbrúki þad til óhófs, er eg med rángindum safnadi, og eg kynni þar med ad leida hann til helvítis med mér, þótt þad verdi ecki um sama veg og eg fór. Og hvernig sem því er varid, þá plagar Guds straff ad fylgja svoddan rángfengnum aud; þar eru þúsund melir í hverju álnarvirdi, sem ecki verda í burtu teknir, nema erfínginn gjöri sér vini af þessum ránglætis Mammóna, og vil eg þá heldur gjöra þad sjálfur medan eg lifi, svo þeir medtaki mig í eylífar tjaldbúdir, heldur enn eiga þad undir honum, sem þó gétur ecki leyst sálu mína úr helvíti med öllu því sem eg honum eptirlét. Þad segist um hinn ríka purpura-gick, ad hann hafi pelli klæddur verid; þad verdur ecki svo greiniliga sagt á vora túngu hvad þad ord þýdi, er í textanum stendur; en um vidlíkan vefnad skrifar Plinius, ad hann brenni ecki í eldinum, því voru lík konúnganna sveipud þar í á hinni gömlu brenni-öld, ad ei blandadist þeirra aska med vidaröskunni. Megi eg skémta um hinn óskémtilig-asta hlut, þa vildi eg segja, ad þessi dári hefdi gjört vísliga, hefdi hann tekid nockud af þessum dýra vefnadi med sér til helvítis, hefdi þad mátt hlífa honum fyrir loganum, sem hann kvaldist í; en einglarnir voru fúsari til ad bera Lazarí sál í Abrahams skaut, heldur enn djöflarnir til ad færa hans pell og purpura og allt annad oflæti med honum. Lazarus skildi sinn armód eptir vid dyr hins ríka, en hinn ríki sína fédíngju í sínum kostuliga gardi, og hrapadi svo fúll og félaus í þad dýkid, sem ríkur af eldi og brennisteini; svo munu og allir þeir gjöra, er láta hans látum í þessum heimi, en forsmá hinn naudstadda og öreigann, og

láta hann jafnvel í húngri út af deya, á medan þeir ala sinn gjálífan kropp til ad verda helvítis eldsmatur og brenniförn Andskotans, og er svo þannig úttalad um hinn ríka.

Nú eptirfylgir ad tala med fám ordum um hinn volada Lazarum. Gudspjallid minnist hans á þenna hátt: þar var einn þurfamadur, ad nafni Lazarus, hver ed uti lá fyrir hans dyrum, fullur kauna. Allt þad volædi sem einni manneskju kann til ad falla hefir á þessum manni legid; hann var fátækur, þad var mikil vesøld; þad er þad, sem flestir af oss verja sig hvad mest fyrir, og nockrir selja sína arfleyfd í himninum til þess ad vera ecki fátækir í heiminum, svoddan ein hørmúng þykir ørbyrgdin manna á medal, því segir Salómon, Próv. 15: allir dagar hins fátæka eru illir. Textinn segir: ad hønum hafi verid kastad nidur hjá dyrum hins ríka, eins og ødru hræi, sem enginn hyrdti um, meir enn þó daudum hundi væri útkastad. Svo breyta menn vid Guds mynd, þegar hún býr í ljótu húsi, og virda húsbóndann eptir herberginu. Þessi forsmán hefir og mátt auka mykla ofan á volædi þessa fáráda mans, og hefir þad gengid hér eins og Salómon segir, Ordskv. 19: brædur hins fátæka hata hann, og vinirnir víkja í burt frá hønum; en þad tók yfir alla hans eymd, ad hann var fullur kauna, og svo aumur, ad hundar sleiktu hans sár; maginn hefir kann ské verid heilbrigdur, og því hefir hann gyrnst ad sedjast af molum þeim, er duttu af bordi hins ríka; en allir adrir líkhamans limir svo plágadir, ad hann gat enga bjørg sér veitt, og hefir magans heilbrygdi ecki annad gjørt, enn ad abla hønum þess meiri píslar med húngrinu og matarlystinni, þar hann féck eckert ad sedja sig af. Sá sem heilbrygdur er, hann getur unnid sér mat, þó hann sé fátækur. Forsmán veraldarinnar er ecki svo þúngt ad lída; þeim er hægt ad forsmá heiminn, sem heimurinn forsmáir, og er þad þá kaup kaups, sem menn plaga ad segja; því vottar og Páll um sig, Gal. 6, ad hann sé krossfestur heiminum og heimurinn sér, þad er, ad hver forsmái annann; en þad er hverjum mótgángi meira, þegar Gud tekur svo heilsuna af nockrum, ad hann getur ecki borid edur rádid sjálfum sér; þad gengur næst því ad vanta hugsvølun Guds Anda, og finna ei til hennar, nær mann lángar þar eptir, því svoddan er helvítis píslum líkast. Þessu gat Satan nærri fordum daga, er hann sagdi vid Gud um Job, Job 2: snert þú hans bein og hans kjøt, og sjá hvert hann bølvar þér ecki undir augun; skuli menn og satt segja, þá féckst þessi Guds madur ecki svo mjøg þar um, þótt hann misti fjárhluti sína, syni og dætur sínar, edur þótt þeir af Saba og Chaldea veittu hønum yfirgáng; en þegar Gud leid Andskotanum ad slá hann med hinum verstu kaunum frá hvirfli og alt til ilja, þá tók þessi Drottins vinur heldur enn ecki ad láta sér hug fallast. Svo var nú Lazarus aumur, sem sagt er, og øll hin þýngstu mótlæti veraldarinnar láu á hønum, ørbyrgd, klædleysi, húngur, forsmán og líkhamans vanheilsa. En þú, syndugur madur! sem ert heill og hraustur, hefir nóg til ad klæda og fæda líkhamann med, og ert af engum óvirdtur í neinu, munt þú ecki hafa orsøk til ad þacka hinum lifanda Gudi, þegar þú álítur þetta vesæla hræ, nidurkastad fyrir dyrum hins ríka, og eckert auga myskunadi hønum, ad hann svo vel gjørir til þín ad þig vantar eckert af því, sem hann allt vantadi? munt þú nockud vera heilagri heldur enn hann? eg veit ecki hvi-

íkur hann verid hefir, þad sé eg, ad hann hefir Guds vinur verid, annars hefdi ecki sál hans verid borin af englum í Abrahams skaut; en hitt veit eg, ad ecki ert þú heilagri enn Job, hver ed hefir Guds vitni um þad, ad hann ecki hefdi sinn líka í landinu, Job 2. Hverju mun þá vera ad þacka, ad þú ert ecki eins plágadur sem Job og Lazarus, nema Guds órannsakanligri gjæsku og miklu þolinmædi, sem med ríkdómi sinnar lánglundar dregur þig til ydranar? Seg því ecki eins og Ephraim: eg em ríkur vordinn, allt mitt erfidi nægir mér, Hós. 12; ecki þeir ed syndga bera straff syndarinnar. Miklu heldur nær þú stígur á þín hraustu bein, þá hugsa til þess, ad Gud hefir ecki velþóknan á þeirra styrkleika, heldur á þeim, sem hann óttast. Nær þú telur fé þitt, edur skodar þinn dýra klædnad, þá hugleid, ad Lazarus á af því svo mikid, sem hann vid þarf; og ef þú hefir tvenn klædi, þá heyra hinum nakta ønnur til, ef þú vilt vera Jóhannis Baptistæ lærisveinn, Lúk. 3. Þegar þú hefir hid mesta gaman af skilníngarvitunum, sem Gud hefir géfid þér til naudsynligrar brúkunar, þegar túngan, augun, eyrun og adrir þínir limir eru þér til hinnar mestu skémtunar, þá lát jafnvel þessa Guds skapnadar misbrúkan minna þig á Lazarum, þar hann liggur nidurkastadur eins og annad daudibli fyrir dyrum hins ríka, og hefir enga værd fyrir sárum og verkjum; þecktu hann, medan hann er hjá þér, ad ecki þurfir þú ad kannast vid hann fyrst, nær þú uppvaknar í helvíti og kvølunum, sem þú ecki þeckja vildir á medan þú lékst þér ad allri fullsælu í heiminum; já, medan þú hefir hina mestu skémtan af syndsamligri gledi þessarar veraldar, þá lát þér í hug koma hversu ad hún sé eckert hjá sælu Lazarí, þar hann badar nú í Abrahamsskauti; því hann, sem bezt þeckir þá eylífu dýrdar-vist, hver og hefir keypt oss hana til handa med sínu dýra blódi, hann býdur oss, ad vér allan þenna hégóma skulum afsnída, svo vér kunnum ad eignast hana: já, hugsa til þess, ad sællífi þessa heims má ei lengi vara, og þótt þú yrdir allra kalla eldstur, þá skal þad þrjóta, og þad er ecki lángvinnt, sem einhvern tíma enda tekur, segir Augústínus, en Lazarí géstabod tekur engan enda. Vísliga hefir hinn stóri konúngur því tilskickad, svo sem øllu ødru í sínu ríki, ad hann lét píslir fordæmdra verda eylífar, því væri þar endurlausn úr helvíti, þá efast eg ecki um, ad margur gudlaus dári mundi vinna þad til stundligs munadar, ad fremja alla þá óhæfu, er honum í hug kémur, þótt hans hreinsunar eldur ætti ad vara um allan heims aldur; og svo sem hann hefir í því vísliga gjørt, svo hefir hann á hina sídunа vægdarsamliga breytt vid þá, sem hans ok bera hér á jørdunni, og haldnir eru afrak veraldar, og svo sem nockurskonar hreinsunar-fórn, eptir Páls ordum, þar hann ecki einasta lofad hefir ad þurka øll tárin af þeirra augum, og ad daudinn skuli ecki framar vera til, og ecki sorgin og ecki hrópid, og mædan skuli ecki vera framar, þvíad þad umlidna sé í burtu, svo sem Jóhannes ad ordi kémst í hans Opinberunum, í 21 kap.; heldur þar ad auki skuli þessi arfur ecki skémmast kunna, ecki saurgast og ecki rotna; svo sem von er á, því Christí ríki mun engan enda taka, Lúk. 1, en vér munum med Christó lifa og ríkja, og med Drottni ávalt vera, svo sem Guds Andi hefir oss heitid fyrir St. Páls munn, 1 Thess. 4, því hefdum vér ecki þessi Guds fyrirheit, þá mundu þeir brádliga yfirgéfa sig, sem eru Guds børn, en hjáborn veraldarinnar. Takid ydur þad til huggunar, Drottins vinir! sem erud stallbrædur

Lazarí! þér erud fátækir eins og hann, vardar mikid um þad, nær þér erud í trúnni ríkir? Hvad gyldir ydur andlegd veraldarinnar, nær þér hafid hann eignast, sem Gud hefir gefid øll endimørk veraldarinnar til arfleifdar? Er eg þér ecki betri enn tíu synir? sagdi Elkana vid konu sína, módur Samúelis; þegar þér hafid Christum í ydar hjørtum gétid, mun ydur þá nockud vanta? mun hann ei verda ydur betri enn øll ríki veraldarinnar og þeirra dýrd? Lazarus edur Eleazar, sem er hid sama nafn, þad merkir þann, sem Gud er til adstodar. Barn mitt! ef Gud er med þér, hver kann þá ad vera á móti þér? mun nockud járnid brjóta þad stálid af nordrinu, segir Drottinn vid Jeremíam, þegar hann heitir honum lidi sínu á móti Jerúsalems offa, Jer. 15; svo vil eg segja med Davíd: þegar Gud er med þér, hvad vill þér madurinn gjøra? þeir vega allir minna enn eckert, þeir kasta þér út af dyrunum, þeir vilja ecki unna þér vidtals; hvad þá? munu þeir kunna ad banna þér ad tala vid kongíng himnanna í bænum þínum? munu þeir kasta þér út af dyrum himnaríkis? á medan þeir ecki þetta géta, barnid gott, þá ætla eg þú standir jafnréttur uppi í Guds augum, þótt þú liggir flatur fyrir dyrum hins ríka. Hvad er nú framar? þú ert forsmádur, lídur orétt, enginn vill kannast vid þig; þad er ecki nýtt í heiminum; Salómon, sem ecki vissi af mikilli óvirdíngu ad segja, hann gjørir rád fyrir því, svo sem hér ad framan er fyrir skømmu sagt. Seg mér, af hverjum verdur þú óvirdtur? af vondum mønnum; þad er ecki þúngt ad vera hæddur af þeim, sem jafnvel ad Gudi hæda, og undir eins og þeir forsmá þig, þá forsmá þeir Skapara þinn og þinn Endurlausnara, hvers ok þú ber. Þú verdur af heimskum mønnum óvirdtur, því enginn er fávitska meiri enn sú, ad forsmá þann, sem Gud hefir virdt med teikni síns Sonar; þetta sýnist mér létt ad bera, því eg mun ei fást mikid þar um, þótt einn skiptíngur hlæi ad mér. Þú verdur af svo mørgum óvirdtur, eg játa þad, þvíad fleiri eru vondir enn gódir, heimskir heldur enn vitrir, en þó ecki af øllum; nockrir eru þeir, sem gjæta Guds og síns óverdugleika, vitandi ad þeir hafa hid sama verdskuldad, og eins þeirra dómur á ad gylda meira hjá þér, heldur enn alls hins skynlausa múga; þar eru gódir menn í verøldinni, er sama hafa til brunns ad bera og þú, og gétur þú þá huggad þig med Postulans ordum, ad þínir brædur í heiminum mega líða slíkt hid sama. Hversu lángt mun rykti þessarar óvirdíngar útberast? varla lengra enn um þad land er þú lifir í; ef rykti hins stóra Alexandrí, og hans skólameistara Aristótelis ecki nádi yfir um fjallid Kaucasum, edur fljótid Gangem, hvad lítill partur mun þad verda þá af heimsbygdinni, sem þín óvirdíng gétur flogid um? hversu fáir eru þeir ed til hennar vita, hjá hinum óteljandi skara heilagra engla og útvaldra manna, á medal hverra þú munt dýrdligur skína, ef þú lídur þessa stundar mínkun þolinnmódliga. En hvad lengi skal hún nú vara? allt til grafarinnar; hversu minna er þad enn eitt augnablik, ef þad er samanborid vid eylífdina? Eg vil ei fá mér til orda um svo margra heilagra manna og Guds píslarvotta dæmi, sem hlóu ad óvirdíngu veraldar þessarar, en þeirra vegsemd og heidur uppvaknadi svo eptir daudann, ad hjátrú fávísra manna hefir þá nærri því ad gudum gjørt, hvorja verøldin ecki hélt verduga til ad þurka sína skó í lífinu, og var þó ecki þeirra verd, Hebr. 11. Svo hlæilig er nú aldar þessarar virdíng edur óvirdíng; edur seg mér, hver er nú meir lofadur í heiminum, Laz-

arus edur hinn ríki magans þræll? eg trúi flestir hrósi Lazaró meir, og jafnvel þeir sem hinum eru hvad líkastir.

Nu kém eg til þess, sem flestum sárast þykir, sem er heilsubresturinn, hann hefir margan kappa yfirbugad; en þér sem Guds hetjur erud, og stríðid undir Frelsarans merkjum, gjætid þess, börn Drottins, af hverjum ydur er sjúkdómurinn uppálagdur, sem er af ydar Skapara, hann hefir fengid sálum vorum líkhamina, svo sem annad herbergi til ad búa í, og á hann frjálst ad umbreyta því, og jafnvel aldeilis nidurbrjóta eptir vild sinni. Hvad vilt þú keppa vid soddan hátign, og ecki miklu heldur þolinmódliga líða hvad helst hann áleggur? kannské þú hafir og sjálfur verid orsök í þinni vanheilsu med gjálífum og óvorum lifnadi, og seg mér þá, hvad hefir þú ad klaga? mun þá ei rádligast ad þú ydrist synda þinna og lídir þad med kristiligu umburdarlyndi, er þú fyrir þeirra skuld líða mátt, og látir þannig jafnvel syndina gagna þér til sáluhjálpar; en ef ödruvísi er, þá vit þó ad Gud leggur eckert á neinn fyrir saklevsi. Sért þú því ecki orsök í þinni vanheilsu med óvarligum lifnadi í mat edur dryck, edur annari háttsemi, er plagar ad kreinkja heilsuna, þá hefir þú forþénad sjúkdóminn med ödrum syndum, því ef ad jafnvel hin minsta synd vinnur til helvítis, vilji Gud hana tilreikna, því mun hún þá ecki vinna til líkhamligra meinlæta, sem vara svo skamma stund? en tilgángur Drottins er allur annar á stundum; kannské sál þín sé vanheil, og hann plági líkhamann hennar til heilsubótar, og því skylda eg þá reidast læknirnum, þótt hann skéri þad sár upp sem fúid er? Heilsan er altíd góð, en þó er hún dýrust þegar hana vantar, og þykir mest til hennar koma, nær hún er aptur fengin; því tekur Gud hana í burt á stundum til ad vekja vor dofin og sofandi hjörtu til þacklætis og lofgjördar vid sig, og tídt leggur hann krossinn á þá, sem eru hvad saklausastir, ödrum til eptirdæmis, ad sýna þeim hvad þeir forþénad hafi, og hvad mikla orsök þeir hafi til ad lofa Gud, sem þyrmir þeim, sem meira hafa syndgad, fyrir þvílíkum örkumslum. Skammast þín ecki þar fyrir ad vera settur ödrum til þolinmædinnar eptirdæmis med Job, og vert gladur af því ad líkjast Christó, sem og hefir oss til eptirdæmis lidid, 1 Pet. 2; og fyrst þú skalt þad þó líða, þá hugleid, hvad miklu betra er ad líða eins og Guds barn og hreppa eylífa sælu og fögnud til launa, heldur enn ad brjóta okid í sundur med möglan og óþolinmædi, og ecki einasta sleppa af launinum, heldur ad hrapa úr hinni tímanligu eymd í þá eylífu, sem aldrei mun enda taka. Eg vil ei hér tala um þad, sem Cícero skrifar, ad enginn mótgángur sé sá, ad tímalengdin ecki lini hann, því vér hofum eina ædri huggun, ad vor líkhami er aldrei svo veikur, ad Guds kraptur ecki sé í vorum breiskleika máttugri, því hann er trúr og freistar einkis yfir megn fram. Og um alla hluti fram, þá hugga þig vid þá sæluvon og dýrdar auglýsingu Guds barna, hverrar ecki verd eru þessa heims mótlæti; svo nær verkirnir stínga þig, og þú stynur af ofraun, þá hugsa hvad fagur ad sé englanna saungur; nær þú sér þinn líkhama afmyndadan af sárum og kaunum, þá hugleid þad, ad hann skal á sídan verda englinum jafn, já, samlíkur Jesú Christí dýrdligum líkhama; nær þér enginn hlutur er til skémtunar í heiminum, þá lát þér í hug koma, hvad fagur ad sé Abrahams fadmur, já, hin himneska Jerúsalem, hverrar sól og túngl ad Gud er, og hans dýrd uppljómar hana. Þángad ad komast, og þar ad búa um eylífar aldir, unni oss

hin heilaga Guddómsins þrenníng, Fadir, Sonur og H. Andi, hábleſſud um áldir alda, amen.

Annann Sunnudag eptir Trinitatis.

Gudſpjallid, Lúk. 14 Kap.

Í þann tíma; Jeſús ſagdi til eins af Phariſeunum, þeſſa eptirlíkíng. Nockur madur var ſá, ſem gjørdi mikla kvøldmáltíd, og kalladi marga þar til, og ſendi út ſinn þjón um kvøldmáls tímann, ad hann ſegdi þeim, ſem bodnir voru: komid, þvíad nú eru allir hlutir til reidu. Og þeir toku allir til í einu hljodi ad afſaka ſig. Hinn fyrſti ſagdi til hans: akur keypta eg, og hlýt eg ad fara út og ſkoda hann, eg bid þig afſaka mig. Og hinn annar ſagdi: fimm por akneyta keypta eg, og fer nú út ad reyna þau, eg bid þig afſaka mig. Og enn annar ſagdi: konu heſi eg mér feſta, og fyrir því má eg ecki koma. Og ſá þjonuſtumadur kom, kunngjørdi þetta ſinum herra. Þá vard húsbondinn reidur, og ſagdi til ſins þjonuſtu-manns: far þú ſnarliga ut á ſtræti og gøtur borgarinnar, og leid volada, vanada, blinda og halta hér inn. Og þjóninn ſagdi: herra! þad er gjørt hvad þú ſkipadir, og þó er enn meira rúm. Og herrann ſagdi til þjonſins: far þú út á þjodbrautir og túngarda, og naudga þeim hér inn ad gánga, ſvo ad mitt hús verdi fullt; því eg ſegi ydur þad, ad enginn þeirra manna, ſem kalladir voru, munu ſmacka mína kvøldmáltíd.

Exordium.

Orſøkinn til þeſſarar dýrmætu eptirlíkingar, ſem Jeſús framſetur í þeſſu heilaga evangelió, var ſú, ad þegar hann var ad heimbodi med einum af Phariſeanna høfdingium brauds ad neyta á þvott-degi, þá var þar einn af bordgéſtunum, er ſagdi: ſæll er ſá madur, ſem etur braud í Guds ríki; og er í henni ſérdeilis tvennt athugandi, ſem er: hvad meint ſé med þeſſari kvøld-máltíd, og í annann máta, hvørjir þeir ſéu, ſem bodnir voru. Fyrir máltídina kunna vel ad ſkiljaſt allir þeir andligir velgjørníngar, ſem oſs veittir eru í Jeſú Chriſtó, hvern Gud í heiminn ſendi á kvøldi veraldar þeſſarar, og lét hønum ſlátra á kroſſins altari, og ſteikja í bruna ſinnar heiptar-reidi; í hønum heſir hann allri verøldu alla hluti tilreidt, ſem duga til þeirrar eylífu veiſlu í himninum, ſem fyrſt verdur þegin hér í nádinni, en ſídar mun fullkomnaſt í dýrdinni; hann er lífſins braud, ſem af himnum er ofankomid, Jóh. 6; hans hold er ſannarlig fæda, og hans blód er ſannarligur dryckur, hvert vér ecki einaſta medtokum med trúarinnar munni dagliga, heldur og líkamans í heiløgu altariſins ſacramentó. En fyrir því, ad Drottinn ſvaradi þeſſum Gyding uppá ſitt tal med þeſſari eptirlíkingu, þá er líkligt, ad hann ſérílagi meint hafi þad himneſka bordhald med Abraham, Iſaac og Jacob, og lendir þó allt í ſama ſtad, því einn og hinn ſami er Chriſtur, hvern vér ſmockum hér í nádinni, en munum hans algjørliga þar í hans dýrdar ríki njótandi verda; ſømu eru viſtirnar; þad ſkilur alleina, ad þær eru ecki med ſama móti framreiddar; hér ſjáum vér fyrir ſpegil og í rádgátu, þar munum vér ſjá augliti til auglitis; hér gaungum vér í trúnni, 2 Cor. 5, en þar munum vér gánga í ſjóninni. Trúin er vera þeirra hluta, ſem vér vonum eptir, hver ed ſýnir þad ſem ecki ſéd verdur í þeſſu

lífi, en í hinu ødru munum vér þeckja, svo sem vér þecktir verdum; og svo sem fórnir gamla Testamentisins voru ei nema skuggi eptirkomandi gjæda, svo er og forsmeckur himnaríkis í hjørtum Guds barna í þessum heimi ecki nema ein skuggsjá þeirrar eylífu dýrdar, sem vid oss mun opinber verda. Fyrir þá mørgu, sem ad í gudspjallinu segir, ad kalladir séu, ega allir menn ad skiljast, því svo segir Endurlausnarinn, Matth. 20, ad Mannsins Sonur sé til þess kominn, ad útgéfa sálu sína til lausnargjalds fyrir marga; hvad Pálus svo útleggur, 1 Tím. 2, ad Christur hafi géfid sig til endurlausnar fyrir alla; þá er líkast, ad hid fyrsta bod sé þad, sem kom til Gydínganna, sem voru ríkisins synir, já, kannské til þeirra høfdingja, Pharíseanna og skrift-lærdra, því Drottinn hefir án efa bendt þeim hér med, er til bordsins sátu, og þad er augljóst, ad stórmenni hefir þar verid samankomid, því annars mundi hann ecki hafa talad fyrir þeim skommu ádur í sama sinn, ad nær þeir gjørdu géstabod, skyldu þeir kalla fátæka, veika, halta og blinda, Lúk. 14. En hina sídari meina eg ad vera fávísan almúga Gydínga, sem ráfudu á strætum og gøtum borgarinnar, hverja sjálfir høfdíngjarnir kølludu bølvadan lýd, sem ecki vissi af løgmálinu, Jóh. 7. En hid sídarsta kalla eg ad heyri oss til, børnum heidíngjanna, er sátu á þjódbrautum og túngørdum, fjarlægir Israels borgarrétti og án Guds í heiminum, svo sem Páluss talar. Ad þessu svo fyrirmæltu, vil eg géfa mig til ad hugleida textann nockud gjørr, og af honum tvennt yfirvega, sem er: 1) hvad oss allra mest hindri frá ad þiggja þetta heimbod, 2) hvad oss egi mest ad leida til ad þiggja þad. Stýr þú máli mínu, Drottinn minn, og hjørtum barna þinna, til lofs og dýrdar þér, en oss til sálar nota, í Jesú nafni, amen.

Utleggíngin.

Hjá Matth. í 13 kap. upptelur Drottinn sérdeilis þrennt, sem bægi manninum frá ad heyra Guds ord med ávexti; þad er, sorg veraldarinnar, audæfi og gyrndir hennar, og þetta þrennt segir sá lærisveinn, sem hann elskadi, ad heimurinn sé fullur af, sem er drambsamt líferni, fýsn augnanna, og gyrnd holdsins, 1 Jóh. 2. Allt þetta er ad sjá hjá þessum fávísum mønnum, er ecki vildu þiggja máltíd þessa er í gudspjallinu talar um. Hinn fyrsti segir: búgard hef eg mér keypptan, og hlýt eg ad fara út ad skodan hann. Þad kalla eg sama og sorg veraldarinnar, sem Lausnarinn nefnir hjá Mattheum, en Jóhannes drambsamt líferni, því til hvers kaupa menn stóra garda edur byggja þá, nema ad þeir vilja sýnast ødrum meiri, og auglýsa þar med, ad svo sem þeirra hjarta er stærra enn annara, svo skulu og þeirra hýbýli vera. Nebúchadnezar konúngur stærdi sig af hinni miklu Babýlon, er hann hafdi byggja látid til heidurs vid sinn herradóm, en þar fyrir vard hann ad villudýri og át gras med þeim; svo verda og allir þeir, er stæra sig af yfirlæti veraldar þessarar, þegar þeir vilja vera meiri enn menn, þá verda þeir hestum og múlum argari, og þeckja ecki Gud himnanna, hverju enginn er fásinna meiri.

Þegar mennirnir uppreystu Babel, til ad gjøra sér nafn á jørdunni, svo sem þar ad kvedur, Gén. 11, þá voru þeir straffadir af Gudi, svo einn brant þad er annar bygdi; þeir vildu byggja hann upp til himna, svo sem þar segir, en himnanna Drottinn sló þá med rádleysu, svo þeir og þeirra afkvæmi skridu út um alla veroldina, því mun þad ei vegurinn vera til himnaríkis, ad búa sér fasta bólfestu hér í heimi. Þetta segi eg ecki þess vegna, ad allur metnadur sé þar í fólginn, ad eignast góts og garda, ei heldur, ad þad ecki leyfiligt sé, nær menn eru vel ad því komnir, heldur tekur Lausnarinn til þessa, svo sem eins helsta, er menn plaga ad stæra sig af, jafnvel þeir ed ødrum þykjast hugprúdari, því þeim þykir ecki til þess koma ad stæra sig af hégómanum, svo sem, af fogrum búníngi, af

hreysti líkhamans, af álíti, af gofugu foreldri, því það sé einum næst, sem hann sjálfur er; en þeir eð mikið góts og garða eiga, þeir hafa optast manna forráð, og þykir í því ríki nockuð, en margir af þessum hjá oss eru svo lyndir, að þeir vilja að allir þeir, sem lönd þeirra byggja, skuli vera svo sem þeirra eignar þrælar, án hverra þeir væru þó ecki meira enn einn af þeim, því þeir eru það, sem ala dramb þeirra á sveita sínum, og skyldu hinir missa það, þá mundu þeir snart brjóta odd af oflæti sínu, því fæstir af þessum veraldar sonum hafa nockurn tíma drepið hendi sinni í kaldt vatn, mundu því koma til að biðja, þar þeir ei duga til að grafa, hvar uppá menn hafa og nockur dæmi, ef vel er leitað. En hvernig sem því er nú varið, þá er varla nockur syndari fjær himnaríki, enn einn dramblátur; mikilátur maður kann ecki að þeckja synd sína, því hann þykist allt rétt gjöra, og á meðan syndin er ecki þeckt, þá er ecki von á himnaríki; Drottinn mótstendur dramblátum, Jac. 4, en hvernig vill sá inngánga í himnaríki, sem Guð fyrir óvin hefir, hver alleina á þess vald, en enginn annar. Hafi Andskotinn verið rekinn út úr himninum vegna drambseminnar, þá er líkligt, að sá muni þar ecki innkoma, sem honum vill í þessum skammarliga glæp líkur vera. Salómon segir, Orðskv. 16, að sá sem er stór í hjarta sínu, sé andstygð fyrir Guði, og þó hann slái hönd í hönd (það er, þó hann taki annann með sér, og aldrei svo marga) þá muni hann þó ecki óhegndur verða; og til hvers skal þá sá þóttinn, sem ei gjörir nema abla manninum hegníngar af Guði, frá hverjum ómögulegt er að flýa. Nema þér verðið eins og þetta úngbarn, þá kunnið þér ecki inn að gánga í Guðs ríki, segir Frelsarinn, Matth. 18; nú vitum vér að smábörnin eru ecki dramblát, eins leikur kóngs sonurinn sér við fátækis barnið, sem við sinn líka, ef hann má ráða. O! hversu lángt er þá einn dramblátur afsni frá himnaríki, þegar honum þykir enginn standa jafnfætis sér, hafi hann eður hans forfeður svælt nockuð út af öðrum. Sælir eru hógværir, því þeir munu landið erfa, segir Frelsarinn, Matth. 5; að vísu er það í fyrstu meint um líkhamliga farsæld, svo sem sjá má af hinum 37 Davíðs Psálmi, hvaðan orðin tekin eru, því þeir sem hæglátir eru, og ecki áleitnir við aðra, þeir hafa optast sitt í kyrðum, jafnvel þótt misjafnt beri til um það, nær Guð líður Fjandanum að vaða upp, í dramblæti oflátúnganna; en verði þeir arfi sínum ræntir hér, og líða það þó með hógværð, þá eiga þeir hann vísan á landi lifandi manna, sem aldrei mun skémmast, 1 Pet. 1. Sjái hinir til, að þótt þeir blási sig upp, eins og naðran, af því sem þeir hafa stolið frá aumíngjanum, hvert þeir munu ná til að verða samarfar Christí, sem var hógvær og af hjarta lítilátur, Matth. 11. Það port er þraungt sem til lífsins liggur, og vegurinn er tæpur sem þángað leiðir; hvernig mega þeir gánga þar um, hverjum ecki dugir allt landið til að búa í, þótt ei séu þeir að líkhamans háttum fyrirferðar meiri enn aðrir menn, en hjartað er vaxið upp úr skýunum, kémst þó aldrei í himnaríki, nema það líti svip sinn í moldunni, áður enn þeir að moldu verða. Hér um talar Drottinn merkiliga hjá Esaj. 5 kap: vei þeim er samandraga eitt hús til annars, og leggja einn akur við annann, þángað til að þar er ecki meira rúm, svo að þér búið einsamlir í landinu, það sama er fyrir eyrum Drottins Zebaoth, segir hann. Fimm pör akneyta keypta eg, og fer eg nú út að reyna þau, eg bið þig afsaka mig, segir hinn annar. Með þessari grein af eptirlíkíngunni vill

Drottinn teiknad hafa hina skadligu búsorg og óleifiligu auraelsku; og ber hann sjálfur ljósast vitni um þad, hvad mikinn farartálma auduriun gjori þeim, er hafa fest hjarta sitt vid hann á reisunni til himnaríkis, er hann sagdi vid lærisveinana um hinn ríka ýngismann, ad hægra væri úlfaldanum ad gánga í gégnum nálaraugad, heldur en ríkum manni inn í himnaríki, Matth. 19; og er þessi sami ýnglíngur eitt ljóst dæmi þar uppá, hversu ad fégyrnin og elskan til jardneskra muna banna manninum ad eptirfylgja Christó inn í Guds ríki. Hann vildi frædast af Drottni, hvad hann gjora skyldi, ad hann mætti eignast eylíft líf; Frelsarinn neitadi ecki því, ad hann hefdi bodordin haldid allt í frá barnæsku sinni; en er hann heyrdi, ad hann skyldi selja allt þad hann ætti, géfa þad fátækum og fylgja sér eptir, þá vard hann hryggur og géck í burt. O, hvad gódu bodi hafnadi þessi fávísi madur! líkur var hann mjøg svo þessum veraldarsonum, er hér talar um í Gudspjallinu; hvad lengi átti hann andi sínum ad fagna? kannské ecki til morguns, og þó yfirgaf hann hid góda hlutskiptid, og lét þenna veraldar saur draga sig frá himnaríki í Satans vald. Markus skrifar, ad Lausnarinn hafi start á þenna ríka mann og elskad hann, Mark. 10, hvad nockrir útleggja, ad hann hafi tekid vel á móti honum, og hafa þeir nockud til síns máls; en hvert sem var, Drottinn minn! þá sé eg hér þína fodurliga gjæsku í því, ad leita allra bragda vid manneskjuna; svo elskadir þú Sál, minn Herra! á medan hann géck á þínum vegi; svo varst þú med Jehú, allt svo lengi ad hann rak þitt eyrindi; svo mysknnadir þú Achab, er hann klæddist í seck; en ecki er ad furda, born mín! þótt Drottinn hrygdist í anda og taladi svo skorinnordt til lærisveinanna hér um, er hann sá þennaveslíng adkominn himnaríkis dyrum, falla þadan aptur í Satans net, og hefir hann hér fært sonnur á mál sitt, er hann ádur talad hafdi, ad ómøguligt væri undir eins Gudi ad þjóna og Mammóna, Matth. 6. Mammon er einn vesæll Gud, og þeir honum þjóna eiga auman húsbónda; hann gétur ecki haldid sjálfum sér kyrrum, því hversu opt sjáum vér ad stórar fédýngjur hrapa í einu, svo egandinn veit eckert af; svo er hann útfús þegar til vill, ad þrælar hans géta ecki haldid honum, og ei þótt þeir gjori vid hann, eins og þeir í Týró gjordu vid sinn afgud Herkúlem, er þeim barst í drauma, ad hann vildi frá þeim hlaupa í herbúdir ens stóra Alexandrí, ad þeir bundu hann med hleckjum. Þad er eins og Jeremías segir um skúrgodin, 10 kap: þeir gjora þau føgur med silfri og gulli, þeir festa þau med nøglum og hamri, ad þeir missi þau ecki; en Gud gjæfi menn vildu hugleida, hvad lítid þeir hafa misst, þegar þeir hafa tapad øllu þessu, ef Gud vill svo vera láta, því þá hafa þeir fengid orsok til ad varpa allri sinni áhyggju uppá Gud, sem er alleina ríkur, og vill ala þá er hann elska, jafnvel sofandi; þá mundi Laban ecki renna eptir Jacob, þó hann vantadi sína afgudi. Eg hefi talad nockud um þetta efni fyrir skommu, og því vil eg enda med St. Páls ordum, er hann segir, 1 Tím. 6: þeir ed ríkir verda vilja falla í freistíngar og snorur og margar gyrndir heimskuligar og skadvænar; hvad lángt eru þeir þá frá himnaríki, sem allareidu fastir eru í þessu Satans neti! og er hér af audsætt, hversu mjog ad fégyrndin og ofmikid aurasafn bægi þeim frá Guds ríki, er nálægt eckert annad stunda. Konu hef eg mér festa, og fyrir því má eg ecki koma, sagdi hinn þridji. Hann vildi ecki hafa sig undanþeginn, því hann þóttist løgliga affsakadur; hann sem búgardinn hafdi keypt gat látid

bída til morguns ad skoda hann, og hinn ad reyna akneytin; en fyrir því ad hér má skiljast, ad brúdkaupsdagurinn hafi verid tilsettur, þá vill þessi brúdgumi ecki eyda morgun ordum til ad afsaka sig, þar hann hafdi til annars gestabods ad gánga, sem honum væri hvad kjærast og hann mætti ecki forsóma. Líkliga lítur þetta út fyrir mannligum dómi, því Drottinn hefir bodid, ad madurinn skyldi jafnvel yfirgefa fodur og módur, en samtengjast sinni egtakvinnu; en þó nun þessi eins sekur verid hafa í Guds augliti og hinir. Hér stendur í textanum, eptir því sem eg hann skil, ad þeir afsøkudu sig allir med sama gedi; það er, ad hver þeirra vildi hafa sína sýslan meir metna en þessa kvøldmáltíd; nú vildi þó húsbóndinn enga af þeim gylda taka, og því vard sú alyktunin ad sídurstunni: enginn þeirra manna sem bodnir voru, skulu smacka mína kvøldmáltíd. Sú er þá meiníngin, ad enginn hlutur skuli oss svo kjær vera, ecki virdíngar vorar, ecki vor audur, ecki fadir né módir, ecki systur né brædur, ecki vorar eginkonur, sem oss ættu hvad kjærastar ad vera, já, ecki vort egid líf, ad það hindri oss frá þeirri stóru kvøldmáltid, sem hinn alvaldi Hússfadir hefir oss tilreidt í sínum Syni; það vottar Frelsarinn sjálfur skømmu sídar í þessum sama Kapítula, segjandi: ef nockur kémur til mín, og ecki hatar fødur sinn og módur, og konu og børn, og brædur og systur, og jafnvel sína egin sál, hann kann ecki minn lærisveinn ad vera? Hvad er þetta, børn mín! hann kann ecki minn lærisveinn ad vera? það er: hann skal ecki í mitt ríki koma. Gud gaf manninum konuna í fyrstunni honum til eptirlætis og til ad fjølga kyni sínu, en ecki til þess ad hann skyldi leyfa henni ad draga sig af Guds vegi, edur brjóta á móti bodi sínu; því segir hann og, Deut. 13: ef þinn bródir, sonur módur þinnar, eda þinn sonur, eda þín dóttir, eda þín kona er þú fadmar, vill koma þér til ad dýrka annarliga gudi, þá skal þín hønd vera hin fyrsta, ad þú deydir hana. En skodum nú oss, brædur mínir! mun oss ecki verda vidlíkt og fødur vorum Adam ad bera skuldina uppá konuna, þó það sé med ødru móti. Segid mér, þegar hinn voladi bidur um hjálp og hinn naudstaddi, þenkjum vér ecki: það má eg ecki fyrir konu minni og børnum, ad leggja mikid af vid hann, annars munu þau kannské fara á vonarvøl; þegar Guds eyrindi á ad gjøra og brjótast nockud í móti Satan og hans ossinnum, látum vér þá ecki hugfallast, jafnvel þeir sem hugprúdir vera þykjast, og segjum med sjálfum oss: gjøri eg þetta, munu þeir sídan konu minni og børnum allt íllt gjøra, eins og skálkurinn sé ecki í Drottins hendi, og hann kunni ei ad vernda sína, þá er setja allt sitt traust á hann. Þegar vér nú þetta gjørum, þá erum vér engu betri enn hann, er sagdi: konu hefi eg mér festa og fyrir því má eg ecki koma. Eg vil ecki fá mér til orda um þeirra hjónaband, sem locka hvert annad til lasta og synda, til ágyrni, hofmóds, øfundar, hardýdgi, og eru samlynd í því, en gjæta eckert þeirrar elsku sem þau eiga á Gudi og náúnganum ad hafa, ei heldur þeirra háttalag, sem ad í egtaskapnum búa saman eins og hundar og kéttir, edur hinna, sem ad sønnu eru samanvígd til hjónabands, en lifa þar inni réttum skjækju lifnadi. Lángt er frá ad soddan manneskjur hlýdi Postulans bodi, í því ad halda egtaskapinn heidarligan og hjónasængina óflekkada, Hebr. 13, og munu þeir þó hafa þykjast fulla orsøk ad ei komi þeir til Drottins kvøldmáltídar, því þeir hafi konur sér festar; og kann eg ecki annad ad segja, enn ad þessi afsøkun er gyld, þvíad

Djøfullinn heldur med þeim sæng og sess; en Pálus segir, 1 Cor. 10, ád vér kunnum ecki undir eins ad drecka Drottins kaleik og djøflanna, og ecki undir eins ad vera hans bords hluttakandi og þeirra. Taki engin svo mál mitt, ad eg lasti þessa heiløgu stétt; hún er af Gudi í fyrstu innstiptud, Frelsarinn hefir prýdt hana med sinni nálægd, med henni hefir hann teiknad þá guddómligu ást, er hann hefir á sinni elskuligri brúdi, kristninni; en þad lasta eg, ad menn gleyma Gudi fyrir líkhamans munad, og lifa þar inni þvert á móti hans bodi, gjørandi hjónabandid ad frillulifnadi margur hver. Frelsarinn vill og ecki hjónabandid lastad hafa, þótt hann segi um hina gudlausu verøld fyrir flódid, ad þeir hafi gipt sig og gipta látid, heldur hitt, ad þeir voru svo drucknir í munudum sínum, ad þeir ei hlýddu prédikun hins réttláta Nóe. Og er nú svo úttalad um hid fyrra, er eg hét á ad minnast.

En hvad hinu sídara vidvíkur, þá er þad margt, er oss ætti ad leida til ad taka þessu vegsamliga heimbodi. Hver er sá, ef konúngurinn býdur honum til bords, ad hann þiggi þad ecki allshugar feginn, og mundi ósvinnur þykja, ef hann dræpi hendinni á móti slíkri sæmd; en hér er ecki nockur jardneskur herra, ecki Assverus, ecki Baltazar, ecki Alexander hinn stóri, hverra veitíngar urdu á stundum géstunum ad hefndar gjøf; en hér er hinn nádugi Konúngur himins og jardar, sá ed hefir konúnganna hjørtu í hendi sér, hann ed sedur allar lifandi sképnur med sinni blessan, og allt hvad jardneskir høfdíngjar veita sínum géstum, þad mega þeir af hans ørlæti þiggja, annars væru þeir ecki megnugir um ad fæda sjálfa sig, auk heldur fjølmenni svo mikid. Ecki sedja veraldar høfdíngjar nema líkhamann alleina, hvers fylli á stundum verdur ad sálar húngri; en Drottinn mettar sálir vorar med svo gódri og heilnæmri fædu, ad sá ed hennar nýtur, hann þeinkir lítid um veraldligar kræsíngar, því hann hefir þann mat og dryck, sem adrir sjá ecki, Jóh. 4; þeir kunna ad halda eitt géstabod í heila viku edur lengur, sídan húngrar þá og þyrstir, er bodnir voru; en hver sem etur og dreckur af þessum vistum, hann skal ecki húngra né þyrsta ad eylífu. Þad skédur í høfdíngjanna géstabodum, ad þeir, sem ad veitslunum eru, verda mætti sínum firnari þegar kallad er hvad bezt veitt, svo, þegar vínid er rokid úr høfdinu, vildu menn þar aldrei verid hafa, og ecki betala þurfa þad sem til góda var gjørt med því illa sem á eptir fylgir; en í þessu heimbodi munu menn aldrei ofmikid eta né drecka, þess meir þeir drecka, þess vísari verda þeir; engan skal hér dryckjan hvessa til brædi, ecki hreifa hann til óþarfrar mælgi, ecki hvetja hann til lauslætis edur nockurrar síblsligrar háttsemi, né gantaskapar, sem alltíd er, því verr, í sumra manna géstabodum, en hér er fridur og fagnudur í heiløgum Anda, sá fridur, sá fagnudur, sem yfirgnæfir allan skilníng. Eg hefi nockrum sinnum ádur borid mig ad tala í þessari bók um þa dýrdligu vist heilagra med Gudi og hans englum, og má eg medkénna, ad þar verdur ecki umtalad af mér á nockurn veg, svo sem verdt er, og ecki af nockurri syndugri túngu, því ef madurinn kann ecki ad sjá Gud og halda lífinu, svo sem Drottinn sagdi vid Móysen, Exód. 33, þá munu menn ei heldur kunna ad útskíra hvad vegsamligt þad sé, ad sjá hann svo sem hann er, og þeckja hann svo sem vér erum af hønum þecktir; í einu ordi ad segja: þar um verdur ecki annad sagt, enn þad, sem Esajas í 64 kap. og Páulus, 1 Cor. 2, hafa lagt oss í munn, ad

það hafi ecki auga séd, og ecki eyra heyrt, sem Gud hafi tilbúid þeim, er hann elska; og var þó Páll uppnuminn í hinn þridja himin, svo ad líkast er, ad enginn lifandi manna hafi gjørr séd þá himnesku vistarveru, þó mátti hann ecki med ordum útskíra hvílík hún var, því hann segist hafa heyrt þar þau ord, sem enginn fær úttalad, 2 Cor. 12. Hvad segid þér nú, brædur mínir! finnid þér nockra þá afsøkun í heiminum, er ydur gyld þyki til ad hafna þessu géstabodi? Stórir høfdíngjar láta bera vistirnar og dryckinn fram í gull og silfurkérum, þeir hafa marga rétti, og ýmisligan tilbúníng, eptir því sem steikarans kunnátta gétur hræsnad fyrir þeirra góm, sem bodnir eru; en hér er ecki nema einn réttur, þad saklausa lamb Guds, hvert ed slátrad er í frá heimsins upphafi; hann er steiktur á krossins altari í Guds reidi-eldi, á þeim kolunum, sem brunnid hefir af, sídan Adam braut, þad eru syndir vorar, sem erum nidjar hans; hann er lækníng þeim sjúku, huggun þeim ángrádu, ríkdómur þeim voludu, uppreisn þeim, sem verøldin hefir nidurdrepid, sadníng þeim, sem húngra og þyrsta eptir réttlætinu; hvar sáud þér svoddan í einu géstabodi, kristnir menn? já, hann er eins og Esajas um hann spáir: sýn þeim blindu, fætur þeim hæltu, hreinsun hinum líkþráu, heyrn þeim daufu, upprisa hinna framlidnu, og þad sem yfirtekur, nádarbodskapur hinum fátæku, hvern spádóm hann þýdir uppá sjálfan sig, hjá Matth. 11. Heyrid þér mér nú, sem búid í landi þessu! erud þér margir vitrir, erud þér margir forsjálir, erud þér margir gøfugir, ef eg má spyrja ydur med St. Páls ordum? þér munud segja, nei, ef þér takid hendi í ydar egin barm, og þó hefir hin guddómliga elska látid oss fátækum gudspjøllin boda; en hver gégnir vorri raust? hver tekur þessu bodi? hinn vísi hrósi sér ecki af skynsemi sinni, hinn voldugi ecki af valdi sínu, og hinn ríki stæri sig ecki af audi sínum; en sá sem vill hrósa sér, hann hrósi sér af því, ad hann þecki mig og skilji, ad eg sé Jehóva, sá ed gjøri gódgyrni, réttinn og réttvísina á jordu, því þad líkar mér, segir Drottinn, Jer. 9. O! sjáid nú hér, þér sem hrokid ydur upp af því, sem eckert er í spunnid, en forsmáid þessa miklu kvøldmáltíd, ad þar má ecki stæra sig í Guds augliti af hinum mestu hlutum, viti, magt og audæfum. En hvad skulu menn segja vid hina dramblátu húsgángsherra vor á medal, þegar vitfirríngurinn hrósar sér af Daníelis speki; þegar hann sem gétur nidurdrepid þeim, sem er vesælli honum, þá ætlar hann sig koníng vera, og þorir þó ecki ad geispa á móti þeim, sem honum máttkari er; ef hann sem einhvern tíma lá vid húsgángi, ef hann, segi eg, med følskum kaupeyri, med þrælsligri høndlan, já, med allra handa svikum og prettum hefir dregid undir sig gótz náúnga síns, og selt honum á stundum annadhvert sína egin þørf edur fávitsku, þá stærir hann sig af þeirri andlegð er hans framsýni hafi ablad honum. Þetta er svo almennt og opinbert, ad ei þarf eptir ad grafast, svo sem Drottinn segir fyrir munn Jeremíæ; og þetta gjørum vér, sem þó erum af ødrum þjódum lítils virdtir, um hverja med øllum rétti má segja þau St. Páls ord, er eg fyrir skømmu las, ad vér erum ecki margir vísir, ecki margir forsjálir, ecki margir gøfugir, og þó tyggjumst vér og tønnlumst innbyrdis, já, bítumst um þetta volædi, er vér milli handa høfum, eins og gaddhestar um illt fódur; en þad er allra aumast, ad þad sem verst er á hinum farsælu þjódunum, er lifa í þeim gódu løndunum,

og þad, sem Guds brædi hvad mest uppæsir, sem er, ad þær hyrda lítt um Gud, og fá sér ei stundir fyrir vellystarinnar sakir ad dýrka hann sem byrjar, þad, segi eg, skilur ecki heldur vid eymdir vorar, sem þó ættu ad neyda oss inn ad gánga til þessa géstabods; og svo sem ad nægtirnar og allra handa tímanligt eptirlæti ætti ad draga adrar þjódir til ad elska og prísa Skaparans gjæsku, svo ætti og vor þørf og ørbyrgd ad reka oss til ad dást ad hans mildi, ad hann í øllu þessu hefir unnt oss þeirrar sælu, ef vér hana rétt brúkudum, sem allar þjódir mættu øfunda oss af, og alla svo mjøg eptirlángar, sem er fridur og rósemi; en Gud gjæfi ad hér vantadi ecki allt ofmikid á, og ad þeir, sem hjá oss eru ødrum fæti fremri, þeir ecki hæddu ad Guds ordi, forsmádu og ofsæktu hans þénara, svo lángt er frá því, ad þeir leiti Drottins, edur komi þegar þeir bodnir eru. Þá vard húsbóndinn reidur, segir textinn, og sagdi til þjónustu-mannsins: far þú snarliga út á stræti og gøtur borgarinnar, og leid volada, vanada, blinda og halta hér inn. Þessir munu vera almúga menn Gydínga, þeir ed skipudust vid Christí lærdóm, því færstir voru þeir af hinum, sem gengu hønum til handa; þad er bert af Pharíseaeranna ordum, er þeir søgdu: trúir nockur af høfdíngjunum á hann, edur af Pharíseis, en þessi almúgi sem ecki veit løgmálid er bølvadur, Jóh. 7. Gydíngum byrjadi og fyrst ad prédika Guds ord, svo sem Páls og Barnabas vottudu fyrir þeim í Antiochía, Act. 13, en nær þeir ráku þad frá sér, og héldu sig Guds ríkis ómakliga, þá hafa þeir snúid sér til heidinna þjóda, svo sem þar stendur; því segir og hér í gudspjallinu, ad nær þjóninn sagdi, ad þar væri enn meira rúm, þá hafi hússbóndinn sagt: far þú út á þjódbrautir og túngarda, og naudga þeim hér inn ad gánga. Hverjir munu þessir vera, br. m! nema vér heidinna manna børn, hverra fedur voru án Guds í heiminum, já, ecki vér sízt sem búum hér undir hinu ytsta heims skauti? á oss er ad fullu ræktur spádómur Guds, er hann segir vid Soninn, Es. 49: þad er oflítid, ad þú sért minn þénari til ad upprétta Jakobs kyn, og aptur ad sækja þad tapada af Israel, heldur hefi eg gjørt þig til ljóss heidinna þjóda, svo ad þú sért mitt hjálprædi til veraldarinnar endimarka. Sjáid því og, þér kristnir menn! hvílíkan kjærleika ad Fadirinn hefir oss géfid, þad vér Guds børn kalladir verdum eingu sídur enn ríkisins synir. Þessi er Jesús Christur, sonur Guds lifanda, hann sem er vor fridur og gjørir eitt af bádum, og gyrdíngu midveggjarins hefir brotid, svo sem Páls ad ordi kémst, Eph. 2; hvad er oss þá til hindrunar, børn mín! ad framgánga til nádarstólsins, þar vér høfum frían tilgáng fyrir hann? segir Postulinn til Hebreos. Trúid mér, ad þad er ecki lítill velgjørníngur sem vér þegid høfum í kristnibodinu; eg vil ei tala um þau glediligu umskipti ad vera leystir undan Satans valdi, en settir í Guds Sonar ríki, en hitt ætti oss aldrei úr mynni ad lída, ad hinir náttúrligu kvistirnir eru afbrotnir, en vér innplantadir, ríkisins synir eru útreknir í hin ytstu myrkur, en vér eigum kost á ad sitja til bords med Abraham, Isak og Jacob. O, børn mín! eg grátbæni ydur fyrir Jesú sáru kvøl og blódugar undir, já, fyrir ydar eylífrar velferdar sakir, takid vara á þessari ydar køllun, og líkist ecki hinum í því ad gjøra ydur Guds ríkis óverduga. Þad er dásamligt ad horfa á hina alvitru Guds rádstøfun í sínu nádarríki; fyrst setti hann þeckíngu síns nafns, svo ad segja, midt í verøldina, þegar þeir ráku hana frá sér, þá hefir hún færst smámsaman nordur

eptir þessari heimsins álfu, svo ad hún einúngis er komin til vor hinna ýztu heims-búa, og varla er hina sonnu Guds dýrkun ad finna nú í heiminum, nema í þessum nordustu løndum. Segid mér nú, kristnir menn! ef vér nú forsmáum þessa Guds gjøf og ei þeckja viljum vorn vitjunar tíma, hvert á Gud þá ad fara, eda fyrir hverjum á hann sitt ord ad prédika láta? á hann ad fara út úr heiminum, edur prédika láta fyrir jøklunum, bjarndýrunum og refunum í Grænlandi? Litlu munar, virdist mér, hjá mørgum hverjum medal vor, þar hjarta mannanna er svo fredid, svo ískaldt vordid, ad þad brádnar ecki vid Guds straungu hótanir, ecki vid hans nádar bodskap og ecki vid minníng hins sídarsta dóms, nær høfudsképnurnar munu af hita brádna; Kjærleikurinn og trúskapurinn eru burtu úr landinu, en ágyrni og fédráttur taka yfirhønd; þeir sem mega fér nockud eta í kríngum sig eins og birnir og león, þegar þad tekur sína bráð, og hinir einføldu dansa eptir þeirra pípu og stockva yfir hvern þrøskuld, til ad uppfylla hús drottna sinna med ráni. Og þótt vér megum játa oss hverri þjód heimskari, þá erum vér þó nógu vitrir í slægdinni, já, falskir eins og refar. Ein med hinum stærstu syndum, hvar fyrir Gud rak sitt fólk út í herleidínguna, var sláræði og ótrúskapur; heyrid Jeremíam þar um talandi, 9 kap: enginn trúi vin sínum og enginn trúi nockrum bródur, því sérhver bródir er einn svikari, og sérhver vinur umgengst falskligana og tala ecki sannleikann, þeir kénna túngu sinni ad tala lygð, og þeir erfida sig þreitta í því ad høndla sviksamliga; segid mér, ef Jeremías mætti lifna upp aptur, mundi hann kunna betur ad útmála vora øld, enn med þessum ordum? og hvad erum vér þess, ad vér skyldum vænta oss betra af Gudi, nær vér uppfyllum þeirra mælíng, nema vér ydrumst af hjarta og leggjum af klæki þessa. O, hversu mikid hefir oss hnignad, ecki einasta í øllum mannskap og hyggindum, heldur og í sakleysinu og rádvendninni! hvar er hin forna trúfesti, stødugleiki, roksemi, vísdómur í rádsløgunum, hugprýdi í útréttíngunum, sannsogli í ordunum, réttvísi í dómunum, sem á døgum forfedra vorra var svo mjøg lofud og elskud; þetta høfum vér í útlegd rekid og førum dagvesnandi, svo ad þeir, sem ecki eiga mørg ár til baka ad telja, þeir þeckja ei landid edur stjórnina hjá því sem hún var, hvert ed sýnast mætti ad vera eitt víst teikn til undirgángs og eydileggíngar. Guds þolinmædi vardveiti oss frá Jeremíæ og Ezechielis tímum, hverjir ed bádir sán ófarir Gydíngalands, og bádir mjøg svo hørmuliga klaga um þessa og þvílíka stórglæpi skømmu fyrir herleidínguna; og megum vér kannast þar vid, ad Gud hefir bendt forfedrum vorum med vidlíku móti, sem eg þó voga ad segja, ad voru miklu betri enn vær. Utlegd hefir jafnan haldin verid hid mesta volædi, en eg veit ei hvad eg segja skal; betra er hvervetna útlægur ad vera medal kristinna manna, enn ad lifa í því landi, hvar dygdin er fyrir skømm haldin, en klækirnir í forsvar teknir, jafnvel af þeim, sem hvad mest ættu ad afstýra vondu framferdi. Nær eg hugleidi þetta, þá gét eg ei bundist ad taka undir med Jeremía, er hann segir í Guds orda stad í 16 kap: tak þér ei konu til egta, og al ecki syni né dætur í þessum stad. Þarfyrir, ó, Guds børn! takid vara á velferd ydar; lángt er sídan þér bodskapinn heyrdud og enn nú er nádartíminn, en enginn veit hvert þetta bod stendur lengur enn til morguns; leggid því af alla ilsku og prettvísi og allan óhreinleik, en íklædist svo sem útvaldir Guds, heilagir og elskuligir, hjartgróinni

myskunsemi, gódgyrninni, lítilætinu, hógværdinni og þolinmædinni. En hinn nádugi Gud virdist ad vardveita sín born í solli þessarar ógudligu aldar, svo þau óstraffanlig finnast mættu á þeim tilkomudegi Jesú Christi! Bænheyri þad gódur Gud fyrir síns Sonar úthelt blód og sáru píslir, amen í Jesú nafni! amen.

Pridja Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 15 Kap.

Í þann tíma; en allir tollheimtarar og bersyndugir nálægdu sig til hans, svo ad þeir heyrdu honum. Og hinir skriftlærdu og Pharíseí mogludu og sogdu: þessi medtekur bersynduga menn, og etur med þeim. En hann sagdi til þeirra þessa eptirlíking, svo segjandi: hvor sá madur af ydur, sem hefir hundrad saudi, og ef hann glatar einum af þeim, yfirgéfur hann ecki þá níu og níutígir á eydimorku, og ferr eptir þeim sem glatadist, þángad til hann finnur hann? og þá hann hefir fundid hann leggur hann þann sama (med fognudi) sér á herdar, kémur heim og kallar saman vini og nábúa, og segir til þeirra: samgledjist med mér, þvíad eg hefi minn saud aptur fundid, þann sem glatadur var. Eg segi ydur, ad líka svo mun fognudur vera á himnum yfir einum syndugum sem ydran gjorir, meir enn yfir þeim níu og níutígir réttlátum, sem eigi þurfa yfirbotar vid. Eda, hvor er sú kona, sem hefir tíu peninga, ef hún týnir einum, er eigi svo, ad hún kveikir ljós, og sopar húsid, og leitar vandliga, þángad til ad hún finnur hann? og þá hún hefir hann fundid, samankallar hun vinkonur sínar og grannkonur, segjandi: samgledjist med mér, þvíad eg hefi minn pening aptur fundid, hvorjum eg týnda. Líka svo og segi eg ydur, þad fognudur mun vera fyrir englum Guds yfir einum syndugum, þeim ed yfirbot gjorir.

Exordium.

Eg em auglýstur þeim, sem ecki spurdu eptir mér, eg em fundinn af þeim, sem ecki leitudu ad mér; eg sagdi: sjáid mig! sjáid mig! vid fólk þad, sem ecki nefnist eptir mínu nafni, segir Drottinn, Esa. 65. Þessi spádómur á ad skiljast um heidnar þjódir, þad fólk, sem sat í myrkrunum og var án Christs, fráskildir Israels borgarrétti, framandi í sáttmálum fyrirheitisins, hafandi enga von, og gudlausir í heiminum, svo sem Pálus vottar, Eph. 2; hvar Postulinn meinar alleina þau fyrirheit, sem Gydíngum voru sérílagi géfin, svo sem ad þar skyldi upprenna einn kvistur af rót Jesse, og adrir þvílíkir spádómar, sem hondla þar um ad Messías skyldi fædast af Gydíngum, en ecki hin almenniligu, sem ollum géfin voru, svo sem þegar Gud hét Abraham, ad í hans sædi skyldu blessast allar þjódir, Gen. 22; hvad ljóst er, ecki einasta af hinum mikla framgángi evangelii strax eptir himnafor Drottins, er hann ad sigrudum dauda, Djofli og helvíti, tók einvalds-stjórn í sinni kyrkju um allan heiminn, heldur og spáir Gud þar um fyrir munn Hóseæ, 2 kap., segjandi: ad tala Israelis skuli verda svo sem sjáfar-sandur, hvern enginn géti mælt né talid; en svo sem á dogum Hóseæ var

Ísrael svo lángt nidursockinn í gudleysisins afgrunn, ad hann vildi þeim ecki framar myskuna, þad þeir ecki smámsaman herleiddir yrdu, svo og er ad óttast fyrir á þessum verstu og sídustu dogum, ad kristnin, hverja Guds Sonur hefir med sínu blódi afrekad, hún megi verda kollud Lórudhama edur nádarlaus, og ad margir hennar sýnilligir limir muni verda konúngi myrkranna ad brád, nema menn bæti sinn kristinndóm og taki sér annad háttalag, heldur enn almenniliga tídkast. Snemma hóf Brunnur myskunarinnar ad auglýsa þad, ad eckert manngreinar álit væri hjá sér, þegar hann tók vid bersyndugum og tollheimtumonnum, hverjir ed voru af Pharíseis bolvadar manneskjur haldnir, og enginn vildi med þeim sess né samneyti eiga; en ecki skédi þad þessvegna, ad þeir voru bersyndugir og tollheimtumenn, því alltíd er Gud samur vid sig í því, ad ei líkar honum ógudligt athæfi, heldur hins, ad þeim lá hvad mest á, og þegar allir hofdu fordæmt þá, vildi hann ecki fordæma, sem alleina hafdi vald til ad réttlæta. Svo skulum vér og ecki meina, ad vér edur fedur vorir hafi myskun hlotid af því, ad þeir voru heidíngjar, því heidíngja og tollheimtumenn leggur Drottinn ad jofnu, Matth. 18, heldur eptir mikilli myskunsemi sinni hefir hann oss hólpna gjort, svo sem Páluss vottar, Tít. 3; ad gjorir Jesús bert í þessu gudspjalli med eptirlíkíngunni um hinn tapada saud og týnda peníng En ef vér afrækjum þessa nád, er oss svo lengi hefir frambodin verid, summum forgéfins kanské (hvad Gud nádi og betri!), þá dyljumst ecki vid, ad vor dómur muni þess þýngri verda, heldur enn hinna nátturligu kvistanna, sem ad þeim heldur tilheyrdu fyrirheitin, enn oss. Eg vil út af gudspjallinu alleina hugleida í þetta sinn: 1) hversu nádugur ad Gud sé í því ad leita eptir oss; 2) hversu tregir vér séum í því ad láta oss finna. Styrk oss hér til, gjæskurîki Fadir! med krapti þíns Anda, fyrir Jesú Christi forþénustu, amen.

Utleggíngin.

Meiníngin í þessum fogru eptirlíkíngum hlýdir sérílagi uppá þá, sem stórsyndir hafa drýgt, eru fallnir frá Guds vináttu í hans óblídu, og þannig forbrotid Guds barna rétt og hans faderni, sem sjá má af eptirlíkíngunni um hinn fortapada son, er í þessum sama kapítula strax á eptir fylgir. Nú ef vér rannsokum vora lífernis háttu, kristnir menn! þá mun enginn vera sá af oss, ad ecki finni hann í samvitsku sinni, ad hann hafi Guds nád þráfalliga af sér brotid, og ad hann þarfyrir sé daudans sekur. Ecki er þad nóg, ad vér ei drýgjum þá glæpi sem vinna til útsetníngar af kyrkjunni; þad er betra ad vera útrekinn af samkundunni, heldur enn frá Guds nádarstóli; margur mun sá innst í kyrkju, sem ei mundi inn fyrir himnaríkis dyr koma, ef hann dæi í sama háttalagi. Hvad vardar um þad, þó enginn viti, ef þín samvitska veit? lítid gagnar ad dyljast fyrir monnum, þar allt er þó opid fyrir Guds auga; viljir þú þarfyrir sjá Guds gjæsku í því ad leita ad þér, og kalla þig syndugan til ydranar, þá skoda hvar frá þú fallinn ert, Apóc. 2. Drottinn samlíkir svoddan týndri manneskju glotudum saud, og er þad næsta vel tilfundid, því hann er sá gódi hyrdir, Jóh. 10, en vér fórum allir villt sem saudir, segir Esajas, 53 kap. og forum dagligana; saudunum erum vér líkir í einfeldninni og fáfrædinni, en ecki í meinleysinu, born í vitskunni, en ecki í hreckvísinni, þvert á móti því, sem Postulinn býdur, 1 Cor. 14. Hér má sjá í gudspjallinu, ad madurinn hefir haldid hjord sinni á beit í eydimorku; og hvad mun einn voladur saudur Guds vera í eydimorku veraldar þessarar, ef hann villist frá hinum góda Hyrdir, hver ed gengur undan sínum saudum. Þegar Drottinn var reidur Ísrael fordum, og hét ad úthella yfir hann brædi sinni, þá segir hann hjá Hóseam í 4 kap, ad hann vilji fæda Ísrael, svo sem eitt lamb á vídlendinu; en hvad er eitt lamb í svoddan plátzi? eckert annad en brád varganna; og þó er þeim midur farid,

sem með syndum og glæpum hefir gjört sig viðskila hinn ósýniliga Drottins sauða-flock, hverjir að þeckja sinn Hyrðir og af honum þecktir verða, Jóh. 10; það er hin sanna Guðs kristni og söfnuður hans rétttrúaðra barna. Ó, hvílík er þá gjæska hins blessaða Hyrðirs, að hann virðist til að leita að svoddan týndum sauð! nákvæmliga útmálar Drottinn sitt föðurligt hjartalag í þessari eptirlíkingu. Ecki yfirgéfur Guð hina réttlátu, ei þarf hann heldur að yfirgéfa þá til að leita að þeim sem tapaður er; en uppá það, að þú vita megir, syndugur maður! hversu gjarna að hann vill, að hinn ógnligi snúi sér og lifi, þá jafnar hann sinni brennandi elsku saman við þann mann, sem lætur sér hvað sárast vera til þess, sem villt hefir farið, já, sárara til eins af þeim, heldur enn til allra hinna sem vissir eru. Þessa Guðs föðurliga gjæsku ættum vér að láta smelta hjarta vort, þegar hann leitar að oss dagliga í sínu heilaga orði, oss, sem að dagliga syndgumst og ei vinnum nema til hegníngar. Nær gjörir hann þetta? það gjörir hann nær hann sýnir oss í lögmálinu, hversu mjög vér höfðum vikið af hans vegi, þegar hann lætur sinna boðorða, sinna strangu hótana þrumu lemja um eyru syndarans, nær hann daufheyrist við hinni blíðu raust þess góða Hyrðirs, og ecki vill láta sig með Guðs náðar fyrirheitum leiða á hinn rétta veg; það gjörir hann nær syndaranum við þetta reiðarslag ofbjóða sínir glæpir, og hann segir með Davíð: þar er eckert heilt á mínu holdi fyrir þinni ógnan, þar er enginn friður í mínum beinum fyrir mínum syndum, mín sár lykta illa og fljóta af grepti fyrir minnar heimsku sakir. Þegar hinn frávilta sauðarkynd ecki ræður sér þannig fyrir ofboði helvítis písla, þá mun Guðs hjarta bresta í honum, svo hann hlýtur honum myskunsamur að vera, Jer. 31, þá mun Christí andi biðja fyrir henni með ómrædiligum andvörpunum, Róm. 8, þá mun hún og brátt heyra: þótt að þínar syndir séu rauðar sem blóð, þá skal eg þær snjóhvítar gjöra, og þótt þær séu sem purpuri rauðar, skulu þær ullhvítar verða, Esaj. 1. Og þannig fer nú hinn góði Hyrðir að leita eptir hinum týnda sauð. Ó, hvílík föðurlig gjæska! ó, hvílík brennandi elska! ó, það órannsakanliga afgrunn Drottins myskunnar ydra! komið híngað allir þér, sem erfiði drýgið, og þúnga eruð þjáðir, hann vill endurnæra ydur, Matth. 11. Þar mun verða meiri gleði í himninum yfir einum syndara, sem ydran gjörir, heldur enn yfir níu og níutíu réttlátum, segir Drottinn; hjá hverjum mun sú gleði vera? hjá Guði og hans blessuðum englum; þar munu gleðjast englar friðarins, Es. 33, að þeir sjá sitt erviði hefir ecki forgéfins verið; þar munu fagna vorir varðhaldsenglar, sem eru þjónustusamir andar, útsendir þeim, er sáluhjálpina erfa skulu, Heb. 1, nær þeir merkja, að þeirra verk færir svo góðan ávöxt, að þeir fá aptur bættann þann skaða, er Satan vann þeim, nær hann dró þriðjúng stjarnanna, það er englanna þeirra stallbræðra í afgrunn myrkranna með sér, þá hann féll af himni, að þeir fá hann bættann, segi eg, með fyllíngu útvaldra Guðs barna, sem ydran gjöra; þar gleðst engill hins mikla ráðs, nær hans dýra blóð hrín á einum fáráðum syndara, sem ydran gjörir; hann reiknar ecki þau böndin, þau höggin, þá hrákana, þá húðstrokuna, þann þyrnikransinn, þann hraknínginn, þá bitru písl og helvítis kvalir, er hann saklaus leið fyrir þverbrotinn syndara, nær hann ydrast af hjarta og lætur af glæpunum; sú gleðin yfirgnæfir, að hann hefir sauð sinn aptur fundið, þann er glataður var, já, öll guddómsins

Þrenníng fagnar yfir apturhvarfi syndarans; Fadirinn, því hann elskar oss í sínum elskuliga syni, Sonurinn, af því hann hefir oss verdi keypta, Heilagur Andi, af því hann er pantur arfleifdar vorrar; því segir og Drottinn, Hós. 6: á myskunsemi hefi eg þóknan og ecki á offri; til hvers líknarords Drottinn vísadi Pharíseunum, er þeir mogludu um þad, ad hann æti med tollheimtumonnum, Matth. 9; farid þér, sagdi hann, og lærid hvad þad er: myskun vil eg, og ecki offur, því ei kom eg ad kalla réttláta, heldur synduga til ydranar. Og hvad er þad, sem auglýsi meir Guds guddómliga ást til syndarans, heldur enn þad, sem hér stendur í Gudspjallinu: og þá hann hefir hann fundid, leggur hann þann sama med fognudi á herdar sér; hann slær hann ecki né lemur, ei rekur hann med hardri hendi undan sér, heldur leggur hann á herdar sér, þar til hann nær til hjardarinnar, ad hann ecki aptur týnist. Svo er og Gud vid syndarann nádugur; hann gleymir ollu því sem undan er farid, hann skilur ecki hinn vilta saud eptir í rádleysu og hugarvýli, heldur sýnir honum med vitnisburdi Heilags Anda, ad hans syndum sé kastad í hafsins djúp, svo þeirra minníng ei skuli uppkoma ad eylífu. Þessa grunnlausu ást útmálar Drottinn merkiliga, Esa. 46, segjandi: heyrid þér mér af húsi Jakobs, og allir hinir, sem eptir eru af húsi Israels, þér, hverja eg ber í mínu lífi, og med hverja eg geng, já, eg mun bera ydur allt til ellidaga, og þángad til þér gráir af hærum verdid, eg vil upphefja, bera, og frelsa! Hvad opt lesum vér í heilagri ritníngu, ad Gud hafi ydrad þess illa, sem hann ætladi ad leggja, edur hafdi lagt, á mannkynid (svo útmálar hann sín brennandi myskunarydur eptir mannligum plagsid) en sjaldnar skulum vér lesa, ad hann hafi ydrad þess góda sem hann hafdi gjort, því svo miklu yfirgnæfir nádin reidina og myskunsemin réttlætid; þar fyrir segir hann og, fyrir munn Hóseæ í 13 kap. um þá nád, er hann hugdi syndugu mannkyni ad veita í Christó: ydranin er huld fyrir mínu augliti, þad er, eg skal þess aldrei ydrast. O, hversu er Gud oss syndugum monnum þá ólíkur! honum leidist aldrei gott ad gjora, en oss aldrei ad fremja hid illa. Hann segir hjá Jóel, 2 kap., er hann úteys sínum djúpu myskunarydrum yfir syndarann: eg em nádugur og myskunsamur, mykillrar gódgyrni, og sá ed ydrar þess illa; hvar hid illa merkir Guds réttferduga hefnd yfir glæpum mannanna, en manneskjan lætur sig svo lítt ydra þeirra fúlu skamma, er hún reitir hann til reidi med. O, hvilík er þá gjæska Drottins, ecki einasta í því, ad hann hefir þolinmædi med illgjordum vorum, heldur og leitar eptir oss á allar lundir, og tekur á móti einum syndugum sem ydran gjorir med allskonar blídu! Mikil var ydran Jónæ spámanns, og þó ecki minni hans trú, ad hann eptir þad hann hafdi játad misgjord sína, vogadi þó ad láta kasta sér út í hid brúsanda haf; en þó var enn stærri Guds fodurlig gjæska, er hann, sættist svo brádt vid hann og svo algjorliga, ad hann tilbjó honum vist í hvalfiskjarins kvidi. Þessi Guds undrunarliga hjartagjæska ætti ecki einasta ad leida oss til ad sættast vid hann svo opt sem vér honum á móti brjótum, heldur er þetta ein óbrygdul huggun fyrir þá, sem undir sitt andlát ydrast. Stórliga hafdi þessi Guds madur syndgast, þar ed hann þeckti Guds mátt, og taladi vid hann, eins og madur vid mann talar, Jón. 4, og setti sig þó upp á móti hans bodi; en hann, er svo brádliga tilgaf honum

þessa hrópligu synd, mun hann ei bædi kunna og vilja forláta þér þínar illgjørdir, ef þú ydrast þeirra af hjarta, þótt ei hafir þú lángan frest til ydranar? Varla mun nockur syndari vera meiri háska vidkominn enn hann var þá, og þó vogadi hann svo á Guds myskun, ad hann sagdi, 2 kap: eg em útkastadur frá þínu angliti, en þó skal eg ecki láta af ad horfa á musteri þíns helgidóms; hvert var þad musterid? þad var Guds myskunar hjarta; hvar var þad? þad var jafnvel í fiskjarins kvidi. Lát þér því sagt vera, ad þú ert aldrei í þeim stad staddur, hverki á sjó né landi, hverki í vatni né eldsvoda, ad ei sé hann þér nádugur, nær þú af hjarta fridmælist vid hann; og í einu ordi ad segja, þar er musteri hans guddóms, sem þú ákallar hann í anda og sannleika; en þessa Guds nád átt þú ecki ad brúka til ad draga sjálfan þig á tálar, svo sem þú vildir hafa þad fyrir lífatkéri sáluhjálpar þinnar, ad Gud hefir eptir sumum leitad alla æfi þeirra, en fundid þá kannské ecki, fyrr enn á daudastundunni, og lagt þá svo sér á herdar, og borid inn á land lifandi manna; ertu þarfyrir rángeygdur þótt hann sé gódgjarn? þótt hann hafi svo vid nockra gjørt sem nú er mælt, þeirra orsaka vegna, sem hann sjálfur veit, er hann þarfyrir skyldugur ad gjøra eins vid þig, sem forsmáir ríkdóm hans lánglundar í oftrausti hans nádar, af því þú veitst hann er myskunsamur? Spámadurinn er eg strax umgat, hann var Guds madur, hann þeckti bædi Guds gjæsku og hans réttlæti, og þó honum yrdi þad á ad syndga svo stórliga, þá vard honum þad og fyrir ad ydrast, strax sem Gud lét hann þeckja synd sína; en þér mun bágara um ad gjøra svo fljóta ydran, sem aldrei þeinktir nema um glæpina, og hvernig þú kynnir þeim sem best í verk ad koma. Þad hendir Guds børn, ad þau falla í stórar syndir, annadhvert af gáleysi, eins og Móses, af brádrædi, eins og Davíd, af ótta, eins og Petur; þetta skédur þegar viljinn rædur fyrir skynsemina, andinn lætur sigrast af holdinu; en þau ydrast aptur af hjarta, þau væta sína sæng í tárum med Davíd, og gráta beiskliga med Petri; en sá gudlausi hefir enga hvíld, hann þeinkir ei annad, enn hvernig hann megi hinu illa framkoma, og eydir øllum sálar og lífskroptum til ad fylla gyrnd síns illfúsa hjarta. Þótt nú ad Guds fødurlig ást til mannkynsins sé jafnan búin til ad taka vid syndaranum, nær hann snýr sér til yfirbótar, þá kann eg ecki ad segja, ad þesshάttar manneskjum muni vera létt um apturhvarf, því Guds raust er mjøg svo hardtølud á móti þeim, er hann segir, Mich. 2: vei þeim sem hugsa ránglætid, og þeim, sem stunda uppá hid illa í svefnhúsum sínum, ad þeir vilji framkvæma þad þegar birtir, nær sem þad er í valdi þeirra. Sjái nú þeir til, sem ásetja ad temja sér þvílíkt hugarfar allt fram í daudann, hvert þeir muni eiga hlut í þessari Guds gjæsku, um hverja eg læt nú ad svo stoddu úttalad vera, jafnvel þótt hún aldrei úttølud verdi edur nógliga prísud um alla eilífd, og vil svo koma til hins sídara, er eg hét um ad ræda. Svo er nú Gud nádugur til ad leita eptir oss, sem eg hefi sagt; en hversu erum vér nú audveldir til ad láta oss finna? Gud hrópadi á Adam, er hann hafdi syndgast, og sagdi: hvar ert þú? og enn nú hrópar hann á oss dagliga í sínu h. ordi, nær vér ad dæmi þessa vors fødur brjótum hans skipanir; þad fáum vér ad finna í hans tíu laga bodordum, sem vér allir læra egum strax á únga aldri. Adam og Eva føldu sig, er þau merktu Guds raust í aldingardinum, en strax sem hann kalladi manninn vid nafn, þá ansadi hann og játadi synd sína. Svo er þad enn nú fyrir oss, ad á ung=

mennis-árum vorum heyrum vér að sönnu raust Drottins í hans lögmáli, viðlíkt og Adam þitinn af hans ferð um aldingarðinn, en þá verður oss það fyrir, að skýla oss á meðal eikanna, það er, í fávitsku barndómsins, og meinum, að vér kunnum að dyljast fyrir Guði, ef vér getum dulist fyrir þeim, sem oss er til trúað og við oss eiga um að vanda; svo er nú spillíng náttúrunnar frábær í því, að láta sig ecki finna af Guði, þótt eptir manninum sé leitað; en þess væri óskandi, að þegar vér erum komnir til vits og ára, og Guð kallar oss með nafni, að vér þá ecki ætthlerar værum, heldur breyttum eptir föður vorum í því, að dylja ecki lengi með oss synd vora. Þú munt adspyrja, hvað það sé, að Guð kalli einn með nafni; það kalla eg að vera, nær hann í sínu orði straffar þær syndirnar, sem þú ert sekur í, en þú vilt ecki við þær kannast, annaðhvert af því, að þú kallar það litla eður enga synd, er þú vel mátt þeckja synd að vera, eður og að þú ert svo forherdtur í þeim stóru syndunum, sem allir glæpi kalla, að þú ecki ydrast þeirra; vaninn er orðinn svo ríkur í þinni spilltri náttúru, að þú ei þeckir armóð þinn og fátækt í Guðs augliti, eður að Guð er svo smár í þínum augum, að þú ætlar hann muni ecki forsmá þann, sem hann vanvirdir, 1 Sam. 2; þegar menn hafa nú grein af einhverju þessu, erum vér þá ecki næsta torveldir til að láta oss finna? Þegar vorir fyrstu foreldrar, af gyrndinni til að þeckja hið illa, neyttu þess ávaxtar, er þeim bannaður var, þá hlutu þau ósk sína, en það fyrsta illt er þau þecktu, voru sjálf þau og þeirra fatleysi. Af þessari fyrstu gyrnd hins fyrsta manns er innsmoginn til allra manna nockurskonar þorsti til að vita það sem illt er, hvaðan flestar ódygðir og lestir spretta; en þess væri óskandi, að fyrst vér einusinni höfum ratað í þetta spillingarinnar háttalag, að oss þá yrði hið sama fyrir, eins og vorum fyrstu foreldrum, að vor augu lykjust upp, svo vér þecktum sjálfa oss og vora blygdan, vorn veikleika og vora örbyrgð, og að vér staðfastir værum í hugleiðíngu þessarar vorrar ómyndar, þá mundi hinn góði Hyrdir ecki einasta finna oss, týnda sauði, heldur mundum vér leita hans andlitis strax sem hann kallar, hann mundi breita við oss eins og þau, og klæða oss, ecki með skinnklæðum, eins og foreldra vora, heldur með þeim réttlætis kyrtlinum, er hann útvegaði oss, þegar hann húdflettur var; en fyrir því að vér erum svo tómlátir í slíku, þá fylgir það á eptir, að vér sneydum himininn þeirri gleði, sem hann hefir af einum syndara, sem ydran gjörir, og sjálfa oss þeirra samneyti, sem í honum búa, þar vér kjósum heldur að eta drafið af svína tröglinum, já, að hverfa aptur, eins og þau, til leyrveltunnar, heldur enn að leita til hýbíla vors Föður og mettaðir verða með Abraham, Ísak og Jakob af nægtum Guðs húss eylífligana. Þegar einn syndari ydrast af hjarta og lætur af glæpunum, þá kallar Drottinn að hann hafi sauð sinn fundið; en hversu tregkomið að sé til þess mörgum manni, það er auðséð af glæpunum, sem heimurinn er fullur af. Drottinn segir fyrir munn Zóphóníæ, 3 kap., er hann talar um þá náð, er hann heitir að veita oss í Jesú Christó: eg vil umbreyta vorum fólksins, að þær séu hreinar; og skömmu þar eptir segir hann: eptirleifar Ísraelis skulu ei ránglætið fremja, og þeir skulu enga lýgi mæla, og í þeirra munni skal ei folsk túnga finnast. Þessi dýru spádóms orð heyra og vorum tíðum til, og munu ei þrjóta þartil verold þrýtur, því svo lengi hefir Frelsarinn lofað

ad vera hjá oss. En hlustid til, hvernig Drottinn í þessum ordum útmálar hinn andliga Ísrael, kristnir menn! Munu þeir vera af því saudahúsi, sem lasta Gud med ordi og verki; þeir sem eckert lof sýngja honum med munni sínum, þeir ed falska eida vinna vid hans hrædiliga nafn, ljúga, baktala, rægja og brugga svik med túngu sinni sínum bródur, sem med Guds Sonar blódi er endurkeyptur? lángt er frá því, þeir eru engu sídur án Guds í heiminum, og fjarlægir Ísraels borgarrétti, heldur enn hinir verstu heidíngjar, um hverja Páulus talar, Róm. 1. Gjörid því ydran í Jesú nafni, ó, þér hin fráfnúnu börnin! og leitid Drottins á medan hann er ad finna, svo þér af honum fundnir verdid. Eckert er þad, sem meir hindrar gudrækni vora, heldur enn undandráttur ydranarinnar; hvernig kann Guds ást í honum ad búa, sem ei dagliga lætur sig þad ángra, ad hann hafi svo nádugan Gud styggdan, hver ed í svo mörg ár hefir leitad á allar lundir eptir hans velferd, og viljad leida hann med gjæsku sinni og ríkdómi sinnar þolinmædi til apturhvarfs. Vér þeckjum ad sönnu glæpi vora, vors Guds födurligt hjarta kunnunst vér og vid, í því, ad lída þá; vér játum og vitum, ad ei verdur þeirra sekt burttekin, nema þeir verdi med beiskum tárum afþvegnir; en hversu fáir eru þeir, ed gjöra svoddan ydran, sem þeim ad nockru leiti megi sambjóda. Vær erum nærri því eins lyndir og Guds fólk, eptir þad Gud hafdi leidt þá aptur úr herleidíngunni, um hverja skrifad stendur, Hag. 1: þetta fólk segir: þar er ei kominn tími til ad byggja hús Drottins; en hann segir: er þar tími til ad þér skulud búa í þiljudum húsum, og þetta hús skal svo standa í eydi? Oss hefir hinn gódi Gud af ómælanligri gjæsku sinni frelsad frá Djöfulsins hertekningu í endurgetníngar lauginni; en hversu tregir erum vér og hyskir í því ad uppbyggja hans kyrkju, sem er vort hjarta, med endurnýúng vors innra manns, en fyrir voru jardnesku húsi berum vér nóga umhyggju, og meina kroppinn, þann ham sálarinnar, þar hún, sem er hússbóndinn, fer þó í öllu reidileysi. En hvad segir Drottinn um sitt fólk skömmu sídar, í sama kapítula: þér sáid mikid og safnid litlu inn, þér etid, en engan veginn til sadníngs, þér dreckid og verdid ecki drucknir, þér klædist og verdid þó ecki varmir, og sá ed laun tekur, hann leggur þau í rifinn sjód. Sama hendir þá hálfkristnu á medal vor, þá volgu, um hverja Guds Andi talar í Opinberíngar bókinni, 3 kap; þeir vilja ad sönnu Guds börn heita, en þó forgéfins, nema þeir brjóti nidur þá Satans kapellu, í hverri hinn gamli Adam þjónar honum og er hans prestur þar inni, en byggi Gudi eitt nýtt musteri í sínum limum med sannri trú, lifandi trú, sáluhjálpligri trú, hver ed verki fyrir kjærleikann; þeir sá mikid; þeir lesa Guds ord, heyra þad, en þó med hángandi hendi, því safna þeir litlu inn, svo varla nockud þar af verdur geimt í kornhlodu hjartans þeim til nota, nær á þarf ad halda; þeir eta og drecka hold og blód Drottins, en ecki til sadníngar, miklu heldur til fordæmíngar, Christó hafa þeir ad sönnu íklædst, en affært sig honum aptur med gudlausu athæfi og þverbrotnu hjartalagi; þeirra kristinndómur er frosinn og hefir engan náttúrligan varma, og þau laun, er þeir meina sig ad hafa fyrir líking sinna gódra verka, hver þeir gjöra sjálfum sér til hrósunar, en ecki Gudi til dýrdar, þeim hella þeir í rifinn sjód, því hin sanna audmýkt hjartans er lángt þar frá, og svo trúin, án hverrar ómöguligt er Gudi ad þóknast. Breytum ei þannig, kristnir menn! breytum ei þannig, heldur látum

oss ydra þess, sem undanfarid er; sundurkremjum vor hjørtu med ángri og trega, án hræsnis og ecki um stundarsakir, heldur alvarliga, idugliga og dagliga, því dagliga syndgumst vér og vinnum ávalt til hegníngar, annars mun kristinndómsins nafn ad engu gagna oss, eckert heyrn ordsins, og eckert vor kyrkjugángur, vorar ølmusur, né ønnur góðverk, heldur mun þad verda eins og Drottinn segir, fyrir munn Haggeí, 2 kap: spyrjid prestana ad, ef nockur ber helgad kjot í sínu kápuskanti, mun hann heilagur verda? hverjum prestarnir svørudu, nei; og enn aptur sagdi hann: ef nockur sá, sem óhreinn er af daudýsli, snertir eitthvad þvílíkt, hverjum þeir svørudu: þad mun óhreint verda. Sama mun framkoma vid þá, sem ei ydrast af hjarta, og eru svo volgir og tómlátir í verki sálar sinnar; þad ordid er þeir heyra, Guds líkhama og blód, er þeir medtaka, bænirnar, er þeir flapra út af munninum, kyrkjan, í hverri þeir byrtast fyrir Guds augum, munu ecki helga þá, miklu heldur, þar þeir eru sjálfir óhreinir, og ecki þvegnir med laug sannrar ydranar, þá munu þeir vanhelga þessa helgu dóma til fordæmíngar sér og eylífrar gløtunar, nema þeir betur vandi ydran sína og apturhvarf frá syndunum; en vid þessu daufheyrast menn almenniliga, jafnvel þótt þad sé Guds eigin raust í allri ritníngunni; svo tregt veitir Heiløgum Anda ad koma oss í leitina, þegar hinn gódi Hyrdir ad oss leitar. O, hversu létt gjøra menn sér ydranar verkid! vér meinum ad lygar, stuldur, hórdómar, gudlastanir, meinsæri og hinir verstu klækir og skammir, sem Djøfullinn fær tilbúid í vantrúarinnar børnum, verdi med einu tári afþvegnar, og jafnvel þótt ei sé þad svo mjøg af grunni hjartans; en Niníve borgar menn grétu syndir sínar í heila 40 daga; Davíd, sem var hinn kjærasti Guds vinur, hann grét þó beiskliga í seck og øsku; Nebúchadnezar mátti afþvo sitt ránglæti med sjø ára ydran. En hvad meinar þú þér byrji ad gjøra, sem ert þér svo margra synda medvitandi, og þó eru þær fleiri, sem þú ecki veist, ecki manst og ecki athugad hefir, og sumar kannské haldid fyrir litla edur enga synd, en ert þó ecki viss um, ad þú hafir svo lángan frest til ydranar, sem ad fjølda glæpanna sambjódi? mun þér ei þorf á, ad láta þig finna af honum, sem øllum stórsyndurum tollheimtumønnum og pútum hefir til sín bodid? Reid þig ecki uppá ølmusur Faríseanna, jafnvel þótt ølmusur séu af Gudi skipadar, þad heitir ad vilja kaupa sáttmálans blód; med ydran og sannri trú á hinn Krossfesta verdur þad fengid, en ecki med fémunum, því øll veroldin med allri sinni dýrd er léttari en fis hjá einum dropa Guds Sonar blóds, og dugir eckert til ad endurkaupa sál mannsins, svo sem Frelsarinn vottar, Mark. 8; lát þér þarfyrir allra mest hér um hugad vera, þá munu hin útvortis verkin sjálfkrafa á eptir fylgja. Ydranin og trúin eru þær tvær hendur, er þú átt ad breida á móti þínum Lausnara, nær hann finnur þig villuráfandi á eydimørku; gjør svo, þá munt þú leiditamur verda til allra gódra verka, því sá sem hefir plágad hjarta sitt med minníngu sinna illgjørda, hann mun skirrast vid ad vinna þad til hinnar raudu vellíngar, Gen. 25, er hinn slægi bragdarefur, Djøfullinn, vill kaupa hans frumgétníngu med, ad standa út ad nýu slíka plágu, er syndin hafdi ablad honum, edur ad píuast eylífliga í helvíti ad ødrum kosti; og hann, sem trúir á Guds Son, og er viss um, ad honum eru svo margar syndir uppgéfnar, hann elskar meir enn svo, ad hann láti sér finnast hans bodord þúng, er hann svo heitt elskadi, ad hann bar alla Guds reidi, þá hann var saklaus kval=

inn fyrir hans syndir. Veit eg ad hvërugt þetta stendur í vorn valdi; enginn kann til Jesúm ad komast, nema hans Fadir dragi hann, Jóh. 6, og hér stendur í gudspjallinu, ad madurinn hafi leitad eptir þessum týnda saud; svo leitar Jesús ad þér, þad mundi hann ei gjöra, nema honum væri alvara ad hjálpa þér; hann leitar ecki forgéfins ad neinum, nema þeim, sem ecki vill láta sig finna, eins og Pharísei og Skriftlærdir; þarfyrir leitadi hann ad tollheimtumonnum og bersyndugum, sem voru tapadir saudir, því hann var kominn til ad frelsa þad sem tapad var; hann leitadi ecki lengi ad Mattheó, ádur enn hann lét sig finna, ecki ad Zackéó, ecki ad hinni bersyndugu, ecki ad hórkonunni, er hann afleysti í musterinu; engum af þessum bægdu syndirnar frá ad láta sig finna, en Pharísei mótstódu H. Anda, Act. 7; því gengu og tollheimtumenn og pútur inn í Guds ríki, þar sem þeir voru útreknir. Madurinn tók þenna saud á herdar sér; hvar fyrir? því ad hann hafdi svo lengi ráfad í villunni, ad hann hefir ei sjálfur gánga kunnad; svo gjörir og Gud vid syndarann; af því vér megum eckert gott af sjálfum oss ad hugleida, aukheldur ad framkvæma, þá ber hann oss á hondum sér, eins og einn madur ber sinn son, sagdi Móses um Guds fólk í eydimorkunni. Nú þar vér hofum svo nádugan Gud, ad hvar sem syndin yfirgnæfir, þar yfirgnæfir þó nádin miklu framar, og svo mildan, ad hann vill sjálfur géfa oss krapt ad þóknast sér, þá lát aldrei synd þína svo vaxa þér í augum, ad þú efist um hans myskun, né vantreyst svo þínu máttleysi, ad þú ei strax fylgir honum eptir, því hans kraptur er í breiskum máttugur. Satt er þad, ad Drottni mislíkar vondskan svo mjøg, ad enginn hlutur er odrum svo gagnstædur; vatnid er eldsins vinur og úlfurinn saudanna, hjá því hatri, sem Gud hefir á því illa, annars mundi hann ecki hafa unnid þad til ad forlíka heiminn vid sjálfan sig, ad ofurselja sinn eingétinn Son í svo bitrar kvalir; þetta lætur hann oss skilja, er hann segir; þó ad Móses og Samúel stædu frammi fyrir mér, þá væri ecki mitt sinni til þessa fólks, Jer. 15. En hér er ecki Móses né Samúel, Drottinn minn! hér er einn fárádur syndari, ein ormædd sál, einn harmþrúnginn andi, einn týndur saudur, er þinn Sonur hefir þó aptur fundid, hver ad er meiri en Móses og Samúel; munt þú burtkasta honum, Drottinn! nær hann framber þad dýra gjald, er hans Frelsari lauk fyrir hann á trénu? fjærri sé þad þér, brunnur gjæskunnar, sem ecki vilt syndarans dauda; þad sé lángt frá þér, Konúngur alls landsins! ad þú straffir hinn góda med þeim vonda, sagdi Abraham; en eg em gódur vordinn, þegar Sonar þíns blód er útrunnid í mitt táraflód; þad er lángt frá þér, sem engan vilt burtureka þann ed til þín kémur, ad þú látir mig ecki njóta hans bæna, sem þú burtu rakst, þegar hann kvaldist fyrir mínar syndir, eda munt þú taka gjøld af bádum ockur? Og því skylda eg þá ei láta mig finna, nær minn hyrdir leitar ad mér, þótt syndir mínar væru stærri en Sódómæ og Gómorræ syndir? því mun eg vantreysta mér ad betra minn lifnad, til at fylgja honum eptir, þar eg megna alla hluti med Páló, fyrir hann, sem mig máttugan gjörir Christum, Phil. 4, og er viss um, ad hvers eg bid Fodurinn í hans nafni þad mun hann veita mér, Jóh. 15. Þegar eg kém fyrir mángarans bord, þá em eg þó ecki viss um, ad eg fái þad mig gyrnir, jafnvel þótt eg hafi nóg fyrir ad gjalda; stundum skortir hann voruna, stundum verda menn ecki kaupsáttir, og þad ber til, ad annar býdur meira enn eg vid

því, sem eg fala; en þegar eg kem fyrir þínar nádar dyr, Herra minn! þá er ecki hætt vid því, ad eg fari erendislaus. Þess eru ecki dæmi, ad þær bænir, sem eru í himininn sendar, hafi tómar aptur komid; eg kaupi þar med skortinum; nær eg hefi eckert af sjálfum mér fram ad leggja, þá fæ eg alla hluti fyrir alls eckert; þar brestur ecki þad hver gyrnist, því þar eru nægtir Guds húss; þar skal enginn hlaupa í kaup vid mig, því þar er nóg fyrir alla, eins fyrir Manassen, svo sem fyrir David, eins fyrir ræníngjann á krossinum, svo sem fyrir Guds módur undir krossinum, eins fyrir þann, sem ecki hefir erfidad nema eina stund, svo sem hinn, er borid hefir hita og þúnga dagsins, nær menn bjóda þad, med sundurknosudum anda og trúudu hjarta, sem alleina fyrir Gudi gyldir, þad er hans Sonar forþénusta í hverjum honum vel þóknast. Honum, med Fodur og Heilögum Anda, sé lof, prís, ríki og magt, styrkleiki og dýrd, frá því nú er og ad eylífu, amen.

A Jóns messu Baptistæ.

Gudspjallid, Lúk. 1 Kap.

Og þá ed sá tími var kominn, þad Elízabeth skyldi fæda, og hún fæddi son; og er nágrannar hennar og frændur heyrdu þad, ad Drottinn hafdi miklad myskun sína vid hana, samglöddust þeir henni. Og þad skédi, ad þeir komu á hinum áttunda degi ad umskéra sveininn, og nefndu hann síns födurs nafni, Zacharías. En modir hans svaradi og sagdi: aungvanveginn! heldur skal hann Johannes heita. Og þeir sögdu til hennar: þar er þo enginn í þinni ætt, sem ad heitir þessu nafni. En þeir bendtu födur hans, hvad hann vildi ad hann héti. En hann beiddist knefaspjalds, skrifadi og sagdi: Johannes er hans heiti; og þeir undrudust allir. En jafnsnart laukst hans munnur upp, og túnga hans leidréttist, og hann taladi, lofandi Gud. Og otti kom yfir alla þeirra nágranna, og um allar fjallbygdir í Júdea vídfrægdust öll þessi ord. Og allir þeir ed þad heyrdu, settu þad sér í hjarta, og sögdu: hvor grunar þig ad þessi sveinn verdi, þvíad hönd Drottins var med honum? Og Zacharías, fadir hans, fylltist af Heilögum Anda, spádi og sagdi: blessadur sé Drottinn, Gud Israels, þvíad hann vitjadi og gjördi frelsan sínu folki, og hann uppreisti oss eitt hjálpar horn í húsi Davíds, þjons síns, svo sem hann hefir talad fyrir munn sinna heilagra spámanna frá aldaodli; hann frelsadi oss frá ovinum vorum, og af hendi allra þeirra, sem oss hata; hann gjördi og myskunsemd vid fedur vora, og mynntist á sinn heilaga sáttmála, og á þad særi, er hann sór födur vorum Abraham, ad hann gæfi oss þad, ad ver leystir af hendi ovina vorra, þjonudum honum án otta, í heilagleika og réttlæti, fyrir honum sjálfum, alla

vora lífdaga; og þú sveinn munt kallast spámadur hins Hæsta, þviad þú munt fyrir renna augliti Drottins, ad tilbúa hans vegu, ad géfa hans folki skilníng sáluhjálparinnar í fyrirgéfníngu synda þeirra, fyrir myskunar-ydur Guds vors, í hvorium hann vitjadi vor upprunninn af hædum, ad lýsa þeim sem í myrkrum og daudans skugga sitja, til ad greida fætur vorar fram á veg fridarins.

Exordíum.

Sjá! eg mun senda minn engil fyrir mér, sá er tilreidi veginn undan mér, segir Drottinn, hjá Malach. 3 kap. Ad þessi spádómur hlýdi uppá hinn fyrsta nýa Testamentisins spámann, Jóhannem Skírara, hvers minníng vér í dag höldum, þad er audvitad af vitnisburdi sjálfs Frelsarans, er ritadur stendur hjá Matth. 11 kap., hvar hann berliga þýdir hinn sama uppá hann; þad er og ljóst, ad eins og morgunstjarnan gengur undan sólunni, svo rann þessi Guds vinur undan sínum Herra, Lausnara heimsins. Hann var ádur gétinn í módurkvidi, og ádur í heiminn fæddur; því lýsir engillinn, er hann bodadi módur Drottins gétnadinn, Lúk. 1, med þessum ordum: sjá þú, ad Elísabeth frændkona þín hefir og barn gétid í elli sinni, og þessi er sjötti mánudur hennar, sem köllud var óbyrja. Drottinn var í heiminn fæddur af hreinni og óflekkadri meyju, og þótt þad væri hid mesta furduverk, sem Gud hefir nockurn tíma gjört í öllu náttúrunnar ríki, þá var og þad mjög svo undarligt, ad Jóhannes var alinn med þeirri konu, er svo mjög var til ára kominn. Jóhannes skírdi med vatni til ad búa Chrísto veg, sem eptirá kom og skírdi med H. Anda og eldi, Matth. 3; Jóhannes hóf sinn lærdóm med ydranar prédikun, og fyrirgéfníngar syndanna, þar hann sagdi: gjörid ydran, því Guds ríki er nálægt; þetta var og inntakid í öllum Christí lærdómi, er sídan á eptir fylgdi, og svo mun þad verda allt til enda veraldar; því sagdi hann fordum vid lærisveinana, Lúk. 24: svo er þad skrifad, og svo byrjadi Christó ad lída, og upp aptur rísa á þridja degi, og prédikast láta í sínu nafni ydran og syndanna fyrirgéfníng hjá öllum þjódum, hver nádarbodskapur ad einnig er til vor kominn. Nú géfur Frelsarinn þessum sínum forgaungumanni þann vitnisburd hjá Matth. 11 kap., ad hann sé meiri enn nockur spámadur; og mætti þad sýnast, ad Drottins alvísa forsjá hafi sett þetta stóra ljós í öndverda Krists kyrkju, þad er í fordyri nýa testamentisins, til ad sína öllum þeim, sem þar inni eru, edur inngánga vilja, hversu vegligt ad sé embætti forlíkunarinnar, sem Guds þénurum er tiltrúad. Vil eg því á þessari blessudu hátíd taka mér fyrir hendur ad yfirvega: 1) hversu vyrduglig ad þeirra þjónusta eigi af öllum haldin ad vera; 2) hversu mjög þeir eigi sjálfa sig ad vanda. Hjálpa oss hér til, gódi Gud! fyrir Jesúm Christum, amen.

Útleggíngin.

Og þú sveinn munt kallast spámadur hins Hæsta; þetta embætti var mjög svo vegligt á dögum gl. testamentisins, svo þad fylgdi kóngdóminum á stundum. Móses var spámadur, og þó höfdíngi yfir Guds fólki; David var konúngur yfir öllum Israel, og þó spámadur, sem ljóst er af hans psálmum; þeir voru og mjög svo tignadir af gudhræddum konúngum; svo var Nathan í hávegum hjá David, Hazaría hjá Aza konúngi og Esajas hjá Ezechía. Nú eru þad Guds kénnimenn í nýa testamentinu, sem ádur voru spámennirnir, því þetta ord ad spá, merkir ecki alltíd ad segja fyrir ókomna hluti, svo sem gjördu þeir á gl. testamentisins dögum, heldur í því ad flytja Guds erendi og vídfrægja hans nafn. Hver mun géfa mér, ad allt þetta fólk kynni ad spá? sagdi Móses, Núm. 11; synir ydar og dætur munu spá, sagdi Jóel, 2 kap., þad er, Gud dýrka, lofa og vegsama.

Jóhannes Baptista verdur hér nefndur spámadur ens Hærsta, og þó getur ecki um þad ad hann hafi fyrirsagt óvordna hluti; Drottinn segir, ad hann sé meiri enn nockur spámadur; án efa medal annara þess vegna, ad allir spámenn spádu til Christum, en Jóhannes bendti til hans med fíngrinum, og sýndi mønnum Guds Son holdinu íklæddan. Hans eptirkomendur eru vorir kénnifedur; þeir boda oss Jesúm Christum dáinn fyrir vorar syndir og upprisinn oss til réttlætis; þeir sýna oss hann í ritníngunum fyrir augunum asmáladan med øllum hans ástgjøfum og velgjørníngum. Hver er sú fórn gl. testamentisins, er jafnast megi vid hans dýrmæta hold og blód, sem hans þénarar útdeila í heiløgu altarisins sakramentó? hvert er vald svo mikid á jørdu, svo sem ad leysa syndina hjá þeim ydrandi, og ad binda hana hjá þeim, sem ecki vill ydrast né af henni láta? Jóh. 20. Sjáid þá, brædur mínir! hversu vegligt ad er þetta embætti, sem þó af mørgum dára verdur lítils metid; ecki tók spámanns embættid svo mikla virdíngu af valdstjórninni, þótt eg fyrir skømmu segdi, ad Gud hefdi sæmt hana med því, nær honum svo líkadi; hverutveggju eru hans umbodsmenn á jørdunni, og eiga honum þar inni ad þjóna, eptir því sem hann hefir hverjum bodid. Þar voru og flestir af gl. testamentisins spámønnum, sem engin mikilmenni voru fyrir heiminum: Elíseus var frá plógnum tekinn; Jeremías var únglíngur, þá hann var kalladur; Amos segir í sinnar bókar 7 kap., ei var eg spámadur og ecki spámanns sonur, heldur var eg nautahyrdir og leitadi eptir mórberjum; því tekur þetta vegliga embætti engan mindugleika af nockurs manns persónu, ætt, atgjørfi, ríkdómi, né ødrum veraldar hlutum, þar í er øll sæmdin fólgin, ad þeir eru Drottins þénarar, allur ríkdómurinn, ad hann vill vera þeirra arfur, Núm. 18, allur mindugleikinn í því, ad þeir eru rádsmenn hans leyndardóma, og er þad ecki lítid, børn mín! hver sem álítur þad ókomna, meir enn þad nærveranda. Eg þykist vita, ad þar er enginn af ydur, sá er ei haldi Guds Son alls heidurs verdugan; en hvad segir Kristur vid postulana: hver hann forsmáir ydur, hann forsmáir mig. Ad vísu er þad satt, ad vorir kénnifedur ná ei tánum þángad, sem þeir høfdu hælana, svo sem vér pløgum ad segja; mikid skortir oss á vid þeirra hugprýdi, þolinmædi, kjærleika, bindindi, røksemi og adrar kénnimannligar dygdir, þó eru þeir samt Christí þénarar, og þeir ed vaka yfir sálum ydrum, nær þeir gjøra sitt embætti eptir þeirri nád, sem þeim veitt er, med kostgjæfni; mun því Kristur ecki halda þann saklausan, sem vanvirdir hans aumasta og veikasta þénara, því hann stendur og fellur sínum Herra. Eg vil nú í þetta sinn ecki fá mér til orda, hversu vér egum þá ad elska og virda fyrir þeirra eigin persónu, því eg hefi einhverju sinni ádur um þad talad; þeim er þad og fyrir minstu, ad þeir af ydur dæmdir verdi, edur af mannligum degi, Drottinn er sá sem dæmir þá, 1 Cor. 4; þeirra óvirdíng hjá mønnunum er þeim heidur hjá Gudi, þad hatur, sem veroldin leggur á þá, ablar þeim elsku í himninum; sá afdráttur, er þeim skér í sínum tekjum, hann verdur ríkdómur í Guds féhyrdslu; einn peníngur, sem þá vantar hér, ablar hundrad peninga þar; en um hitt vil eg nú tala, ad þér ecki forsmáid þeirra þjónustu, þótt þeir séu lítilmótligir í ydar augum sumra hverra, þad er, kénníngarnar og ordsins prédikun, því ef þér svo gjørid, þá forsmáid þér ecki þá,

F

heldur þann, sem þá sendi, og ef þér hatid þá fyrir sannleikann, þá hatid þér sálir ydar og stofnid þeim í hinn mesta voda. Eg bid ydur, brædur! segir Páluѕ, 1 Thess. 5, ad þér þeckid þá, sem erfida á medal ydar, og standa fyrir ydar andliti og kénna ydur, ad þér hafid þá yfirmáta kjæra, fyrir þeirra verks sakir. Hvert er þad verkid, kristnir menn? þad segir oss Zacharías hér í gudspjallinu: ad tilbúa hans vegn; hvers þá? hins Allra-hæsta, þess Drottnarans, nær hann kémur til síns musteris, sem er þitt hjarta, þad er, nær hann krefur þess, og hin heilaga Guddómsins þrenníng vill þar inngánga og vistarveru hjá þér gjöra; til þess eru Guds þénarar settir; seg mér, eru þeir þá ills verdir fyrir sitt verk, nær þeir gjöra þad trúliga, og vilja fá þér soddan gésti til hýsíngar? En þetta skilst ecki hinni vantrúudu kynslód; hún er eins og skjækjan, sem Terrentíus gétur um í skrokksögunni, eins og hún sagdi um hinn drambláta strídsman, ad ei hefdi leyfst vid hann ad tala, nema þad sem hann hefdi ádur fyrirmælt. O já, talid þad sem oss er þóknanligt, eptir því sem eyrun klæja! Er ecki þad hid sama, sem Drottinn segir hjá Amos, 2 kap: þér hafid fyrirbodid spámønnunum, segjandi: þér skulud ei spá; þessi Guds madur mátti og af því segja, Amos 7, þegar Amatzía, Jeróbóams prestur í Bethel, sagdi vid hann: þú sjáandi! far burt í Gydíngaland og et þar braud og spá þar, en halt ecki áfram ad spá í Bethel, því þad er kóngsins helgidómur og hans hús. O, þér villudýr! þegar leónid øskrar, hver mun ecki skélfast, og þegar Drottinn skipar, hver mun ecki prédika? Amos 3; en hann skipar svo opt, sem ad hans þénarar sjá, ad ydar glæpir og ógudligar athafnir taka yfirhønd, en hver af hans trúlyndum þénurum mun skélfast fyrir ydar óþocka edur reidisvip, nær menn eru vissir um hans vináttu, í hvers hendi þér erud, eins og hid fúna spámannsins belti, sem þó aldrei hafdi í vott komid. Eg skal gjøra mín ord í þínum munni svo sem eld, en þetta fólk svo sem tré, þau er hann eydir, segir Drottinn fyrir munn Jeremíæ, 5 kap; en þad ordid, sem gudhræddir Drottins þénarar hafa í munninum, þad er og hans ord. En svo sem þad, ad Jerúsalem ecki strax uppbrann vid Spámannsins ord, samt var báleldurinn ecki lángt í burtu; svo viti hinn gudlausi heimur, sem ecki vill leyfa þessum eldi inngáng í hjarta sitt til ad brenna þar upp sorp og endemi holdligra gyrnda, viti hann, segi eg, ad hins eylífa loga mun skamt ad bída, sem um aldir mun brenna þá, nema þeir ydrist af hjarta. Allir látumst vér til kyrkjunnar koma, allir heyrum vér ordid og brúkum sakramentin, og svo sem ein hermikráka gjørum oss læti í kristinndóminum, en nær vér þetta hvad mest gjørum, þá gæfi Gud ad ecki ætti heima hjá sumum af oss þad, sem Drottinn segir um Júda, fyrir munn Jeremíæ, 5 kap.: þar byrtast rángsnúnir menn á medal míns fólks, þeir sem liggja til lægis, og setja snørur fyrir fólkid ad veida þad, svo sem þad fuglarinn gjørir med sínum veidibrellum, og þeirra hús eru af prettum full, eins og eitt fuglabúr er fullt af tálfuglum, þar út af verda þeir megtugir og ríkir, feitir og frjálsligir, þeir fara med ilskupør, þeir halda engin réttindi, þeir framkvæma ecki málefni hins fodurlausa, og þad luckast þeim; og almúgin er á stundum ecki betri ad sínu leiti. Þad er ad sønnu grátligt til ad vita, ad heilir safnadir heyra svo margar prédikanir, svo margar áminníngar af Guds ordi, en þegar menn krefja, ad þeir gjøri grein á trú sinni, þá er varla tíundi hver, sem kunni ad gjøra þad, svo sem kristnum manni byrjar; þad er

eins og einn ókunnugur hlutur fyrir þeim, og eins og draumur Nebúchadnezars, Dan. 2, er hann sagdi, ad ordid væri horfid sér; ó, hversu lítid er þetta ad virda embætti forlíkunarinnar! Þú segir, ad ordid sé horfid þér, þú gétir því ecki í minni haldid; med þessu dæmir þú sjálfan þig; barn mitt! enginn er svo minnissljór, ad hann af svo mørgum prédikunum, svo mørgum fortølum, hvar hid sama verdur optsinnis ítrekad, ad hann ei géti svo mikid minnst, ef hann vantar ecki eptirtektina, sem ad duga megi honum til sáluhjálpar, heldur valda því umsvif veraldarinnar og holdligir þánkar, ad menn ecki ítreka med sjálfum sér, edur brýna fyrir síuum børnum og hjúum þad, sem sagt hefir verid, því kémur Djøfullinn og stelur ordinu úr hjartanu, svo undir eins og þú flýgur út úr kyrkjunni, svo flýgur þad úr huga þér. Nær mun túnglkomu hátídin lída, ad vér kunnum ad selja fædsluna? søgdu Gydíngar fordum, Amos 8; en þess væri óskandi, ad nockrir gárúngar segdu ecki í hjarta sínu, nær þeir undir Guds orda heyrn sitja: nær mun þessi ordsnápur hætta, svo vér megum fara ad skémta oss med vorum líkum? hversu vel verdur prédikunar embættid virdt af svoddan vitstola manneskjum? Gjætid þess, kristnir menn! ad þau dýrin voru í gl. testamentinu einasta hrein køllud, sem ad jórtrudu; sjá þú og til, ad þú helgir hvíldardaginn; en hvernig verdur hann helgadur? ecki er einn dagur af sjálfum sér ødrum helgari, heldur verda þeir svo eptir Guds og yfirvaldsins bodi, en þú helgar hann, ef þú helgar sjálfan þig, ecki einasta med því, ad heyra Guds ord, heldur og hinu, ad ítreka þad med sjálfum þér, er þú heyrt hefir, og veltir því fyrir þér eins og dýrin fódrinu í maganum og munninum, og viljir þú til fulls halda því og aldrei sleppa, þá breyt eptir því í lifnadinum; lát þad vera hjá þér svo sem eitt mót, hvar í gjørdir þínar jafnan steyptar séu, þá mun þad vera svo sem stafur sá, sem á bókfell er ritadur, og þínar gjørdir munu hrósa þér, svo sem eitt bilæti úr gulli steypt, og nær þú svo gjørir, þá kalla eg, ad þú af alvøru virdir og elskir þetta heilaga forlíkunarinnar embætti. Og hvad stodar þad manninn, ad hann ordid heyri, nema hann eldúngis leggi þad uppá hjartad og lifi þar eptir; edur mun þetta heilaga embætti vera innstiptad fyrir sidasakir? edur eiga Guds þénarar ad vera ydur eins og børn, þau á strætum sátu og kølludu til hinna: vér høfum fyrir ydur í pípur blásid, og þér hafid ecki dansad, vér þuldum ydur harma vora, og þér hafid ecki grátid? Lúk. 7. Þeir Guds ord heyra athugalaust, og ecki hyrda um ad færa ávøxt þar af, þeir draga sjálfa sig magnliga á tálar, ecki einasta í því, ad þad mun rísa upp í dóminum á móti þeim á sídarsta degi, Jóh. 12, hvad þó er hid skélfiligasta, og vill gjøra þeirra fordæmíng miklu hrædiligri enn Sódómæ og Gomorræ, heldur eru þeir dárligir í því, ad þeir ljá eyru sín til ad heyra þann hlut, sem þeim er hinn mesti leidi á, alleina til ad hræsna fyrir mønnum, og hafa þess þó engin not í þessum heimi, sem er þeirra himnaríki, en eylíf gjøld annars heims, svo sem eg fyrir skømmu sagdi. Gjætid ad, hvad þad er, sem Zacharías segir framvegis um þenna únga svein: og til ad géfa hans fólki skilníng sáluhjálparinnar til fyrirgéfníngar synda þeirra. Til þess hins sama eru ydur og kénnendurnir settir, br. m.! ecki þad, ad þeir géfi ydur skilnínginn, heldur enn Jóhannes; hann skírdi med vatni alleina, svo gjøra og þeir; Páll má planta svo sem hann vill, og Apolló vøkva, 1 Cor. 3,

en þad er þó forgéfins, nema ad Gud ávöxtinn géfi; en samt fæda þeir sálir ydar á því heilnæma lífsins ordi, sem ad er kraptur Guds til sáluhjálpar öllum þeim, sem trúa, og þegar Guds Andi samtengist því í rétttrúndu hjarta, þá kann manneskjan ecki ad fara á mis vid þad ad vaxa eptir fullkomnum mælir Christí aldurs, sem Páls ad ordi kémst, Eph. 4, og þykir mér svo sem ad hann ecki mjög elski sálu sína, sem ecki vill þad vinna til, ad henni hólpid verdi, ad þiggja naudsynliga uppfrædíng af presti sínum, og heyra hann í Guds stad talandi med hinni mestu athygli. Ecki liggja syndirnar mjög þúngt á hönum, sem ad ecki med allri sálar og lífs audmýkt og kristiligum undirbúníngi framkémur fyrir Gud í skriptastólinn, til ad þiggja af hönum kvittun synda sinna fyrir medalgaungu hans þénara; en Gud nádi! ad þar er varla nockur hlutur sá, ed sumir menn hafi á þvílíkan vidbjód svo sem á þessari heilsusamligu þjónustu, svo nær ed annadhvert hræsnin edur óttinn dregur þá undir Guds orda heyrn, þá er þad svo sem þeir ættu ad gánga til píslar, adgjætandi þad lítid, ad þeir eiga þar ad finna sálum sínum fódur, svo þeir megi umflýa eylífar helvítis píslir. En segid mér þó, ef Kain, Achítóphel, Júdas og hinn ríki sælgætíngur mættu eiga kost á ad hverfa úr kvölunum og sitja undir einni prédikun, mundu þeir ecki kalla þad hinn stærsta velgjörníng, og óska ad sú prédikun aldrei þryti? hvílíkur dáraskapur er þad þá, ad fráfælast þad, medan nádartíminn er, fyrir hvert madur gétur kvittur vordid vid þær ómmrædiligu hörmúngar, er þeir nú píuast í. Hlýdid því raustu hrópandans í eydimörku: gjörid ydran, því ad Guds ríki er nálægt! þöckum Gudi, ad hann hefir ecki sendt oss engla af himni til ad fræda oss, hverra nálægd vér mundum ei standast, heldur synduga menn, vora líka; þarfyrir, sá sem elskar sálu sína, hann elski sinn sálusorgara, og þiggi hans þjónustu med allri hógværd og undirgéfni; og er þad nú svo um hid fyrra úttalad.

Af Jóhanni hafa allir Christí þénarar þad fyrst ad læra, ad forsmá heiminn med öllu því sem í hönum er, og sérdeilis aud og mannvirdíngar. Jóhannes var nógu ættstór, burdir hans vóru til þess, ad hann kunni ad verda ríkur höfdíngi medal síns fólks; fadir hans var einn kénnimadur, já, ecki einn almenniligur kénnimadur, heldur af röd Abíæ (svo sem Lúkas hér um skrifar, 1 kap.), hver ed var hinn áttundi medal nidja Eleazars Arons sonar, höfudprests, svo sem þar um má lesa í Kron. 24; hans módir Elízabeth var og af Arons dætrum, svo sem Lúkas einnig vottar, hverjum ættlid ad kénnimannsskapurinn fylgdi, sem var ein stór tign medal Gydínganna. Nú þótt hann væri svo ættgöfugur, sem sagt er, þá útvaldi hann heldur ad þjóna Gudi í eydimörku, heldur enn ad bera tign fedra sinna; ad vísu er þad satt, brædur mínir! ad enginn er skyldugur til þess ad hafna öllum tímanligum munum, eins og Jóhannes, því hann var sérilagi kalladur til þessa embættis; Gud hefir breytt vægdarsamliga vid oss, og leyft oss ad búa í landinu medal brædra vorra, og hafa þess not, er hann og konúngurinn hafa oss úthlutad, en þó ecki ad seilast þar fram yfir. Jóhannes yfirgaf alla hluti fyrir Christí sakir, þad sama gjördu og hans Postular, svo sem Petur vottar, Matth. 19; en þess væri ad óska, ad ei fyndust þeir á medal vor, sem yfirgéfa Christum fyrir veraldliga hluti. Þessu vil eg til þeirra vikid hafa, er lítid edur eckert hyrda um sitt embætti, en eru allir sócknir ofan í

fjárplóg og aurasafn, brúkandi jafnvel síns embættis mindugleika til síns eigin ábata, en ecki Christs kyrkju til eblíngar, svo hætt er vid, ad þar finnist eins margir Júdæ líkar, þeir ed selji sinn Herra fyrir fáeina peninga, svo sem Petrí stallbrædur, þeir ed yfirgéfa alla hluti hans vegna, og ad þad meigi vid nockra segja, er Drottinn talar hjá Micheam 3 kap: nær þeir hafa ad tyggja med tönnunum, þá hrópa þeir fridinn, en þeim sem ecki lætur upp í munn þeirra, boda þeir stríd; þeir eta syndir míns fólks, segir Drottinn fyrir munn Hóseæ 4 kap., og þeir reisa hug sinn vid þeirra ránglæti. Med sama móti talar Drottinn um þessa leigulida og um daglaunarann, Devt. 24, er hann segir þeir reisi hug sinn vid launin; og er þad nærsta vel sagt, því einn hyrdulaus kénnimadur, nær hann hefir þad hann eta skal, þá skeitir hann lítid um fólksins syndir, því reisir hann hug sinn alleina á móti launununm, en leggur ad litlu hans umbót edur framfor, sem hann þiggur launin af, og fagnar jafnvel af vondu athæfi, ef syndarinn vill þad leysa med nockru prestsins gagni, gjörandi svo Bethel ad Bethaven, þad er, Guds hús ad hégóma húsi. Enginn brúki þad fyrir afsokun, ad hann neydist til þvílíkt ad gjöra fyrir vanefna og fátæktar sakir; hver er sá af ydur, ad hann láti aptur dyrnar fyrir eckert, edur kveiki á mínu altari fyrir eckert? segir Drottinn vid kénnimennina, Mal. 1; svo má og um oss segja; enginn er sá ed þjóni Christó ókeypis, þótt ei sén margra laun svo ríslig, svo sem kyrkju=þénaranna í gl. testamentinu, og vanti hér nockud, mun þad þúsundfaldt apturgjaldast í upprisu réttlátra; edur hvad mun verda af þeim launununm, er þér ætlid ydur af Christó fyrir ydar starf, ef þér takid þau fram fyrir hendur á honum í þessu lífi? trúid mér til, ad þad mun ecki verda audveldt ad vera Júdas hér, en Petur þar, og er þá betra hér lítid ad hafa, og þar fullríkur ad vera, ef annadhvert vera skal; fyrir því látum oss þad sagt vera, er Jóhannes sagdi strídsmönnunum þeim, er komu til hans skírnar, og þad þess heldur sem vér erum Christí strídsmenn: gjörid engum ofríki og prettid engan, heldur verid ánægdir med ydar mála, Lúk. 3. Þad annad, sem Guds kénnimenn eiga ad nema af Jóhanni, er hans skynsamligt vandlæti í hans embætti. Þar komu til hans skírnar tollheimtumenn, Lúk. 3, sem haldnir voru hid versta fólk, þeim sagdi hann med hæglæti, ad þeir skyldu eckert gjöra fram yfir þad, sem bodid væri; þar komu til hans strídsmenn, þeim sagdi hann og med spekt þad sama, er og fyrir skömmu umgat; en þar komu og til hans skírnar Pharísei, sem haldnir voru hinir vísustu, hinir heilögustu, og Sadúcei, hinir réttlátustu; þessir voru engir smælíngjar, því allt fólkid hné ad þessum tvennum flockum, voru og margir höfdíngjar Gydínga af þeim; en af því ad þeir voru hræsnarar, þá vogadi þessi Guds madur ad segja vid þá: þér nodrukyn, hver hefir ként ydur ad umflýja tilkomandi reidi? gjörid því verduga ávoxtu ydrauinni, og segid ei med sjálfum ydur: Abraham hofum vér fyrir fodur; hann vogadi ad segja hinum gudlausa Heródí konúngi: þér byrjar ecki ad hafa þíns bródurs egtakvinnu. Teljandi munu þeir nú vera medal vor, brædur mínir! sem svo alvarliga tali til þeirra, er sig kalla höfdíngja á medal vor, jafnvel þótt ad missmídin sén svo mörg í fari sumra þeirra, ad ecki þurfi sjónhagan mann til ad þeckja þau. O, Gud veri oss líknsamur, og gæfi ad menn vildu til þess hugsa, hversu landid er fullt af svívirdíng! ágyrnd, ránglæti, griþdeildir, foroktun

Guds, forsmán hans orda, lausláeti, hatur til náúngans, lygar og rógur gánga skýunum hærra og hrópa í himininn, svo ad nærri því sýnist liggja, ad hinn Almáttugi muni ítreka þau ord fyrir eyrum vorum, er hann í fyrstu taladi vid Ezechíelem, 7 kap: haf fuoruna til reidu, því landid er fullt af hofudgjorníngum og sjálf borgin af ofríki; og þetta verdur þó annadhvert ecki, edur med hángandi hendi, straffad af þeim, sem þó eiga ad gjora reikníng hinum alvalda Dómara fyrir sál hins ógudliga á sídarsta degi, allra síst hjá þeim, sem megtugir eru, jafnvel þótt þeir annadhvert séu fremstir í flocki, bædi ad æfa þvílíkt, edur og ad forsvara þá, ed þad gjora. Þér segid: þad gyldir ecki, ei ad sídur heyra þeir oss eins og dvergmál fjallanna; en hvad vitid þér af því, brædur mínir! hafid þér til þess reynt? hafi þér hlýdt bodi Páls í því, ad kalla í ákafa og vægja ecki, ad straffa, ógna og áminna í tíma og ótíma med allri þolinmædi? 2 Tim. 4; nema þér svo gjorid, þá vitid þér ecki hvad Gud kann fyrir ýdar þjónustu ad útrétta. Ætlid ei til ad þad sé nóg ad leggja hondina á plóginn, en líta svo aptur til þess, sem til baka er; þeir ed svo gjora, eru ei hæfir til ad leida sjálfa sig né adra til himnaríkis. Gud vil ecki láta hætta vid sitt verk þótt lítid áorkist; skodum dæmi Elíæ, skodum Jónæ dæmi; Gud vill láta sitt ord vondum og gódum prédika, svo þad annadhvert frelsi edur fordæmi; heyrid hvad hann segir vid Ezechíelem, 2 kap: eg mun senda þig til þeirra og ad þú segir þeim: svo segir Drottinn, hvert heldur þeir heyra þad, edur þeir mótstodu veita, því þeir eru eitt þverbrotid hús; óttast ecki, þótt þeir séu mótviljugir og þirnum vaxnir, og ad þú búir á millum hoggorma. En Gud gæfi, ad óttinn edur fégyrnin héldi ecki sverdi andans í skeidunum hjá oss á stundum, svo menn ecki vanhelgudu Gud fyrir einn hnefa byggmjols og einn bita brauds, og saumudu svo kodda undir hvern armlegg, eins og hinar folsku spákonur gjordu undir Jérúsalems eydileggíngu, Ezech. 13, til ad teikna þar med frid, hvar þó enginn fridur var. Ó, brædur mínir! því skyldum vér þó hrædast þá rjúkandi eldibranda, og ecki miklu framar hinn lifanda Gud, hvers umbod vér á hendi hofum? Látum oss heyra þad hann segir vid Jeremíam, 1 kap: vert ecki óttasleginn fyrir þeirra augum, ad eg ei sundurmerji þig í þeirra augliti; hvert er þá nú betra, ad sjá skálkinn ýgla sig, og hann fái þó engu til vegar komid, elligar ad mæta Guds óblídu, og ad hann sundurmerji oss ad þeim ásjáendum? Gud kann ad troda Andskotann undir fætur hins minsta vesælíngs, sem honum treystir og gjorir verk sinnar kallanar í hans ótta, aukheldur þá smá-púkana, sem vér hofum ad berjast vid; upphefjum því vorar raddir sem adrar básúnur, segjum Ísrael til sinna synda og Jakob til sinna misgjorda, svo ei verdi þeirra blóds af oss krafist á hinum mikla degi alls holds, nær hver einn mun hafa nóg med sínar syndir, þótt ei gjori hann sig hluttakandi í annarligum. Í þridja máta hefir Jóhannes med sínu dæmi kent oss, ad vér skulum vera árvakrir og kostgæfnir í lærdóminum. Hans kyrkja var eydimorkin, því Jerúsalems musteri hofdu þeir gjort ad ræníngjabæli; hann fór í kríngum allt þad land, er lá vid Jórdan, og prédikadi skírn idranarinnar til fyrirgéfníngar syndanna, Lúk. 3; út þángad fór til hans Jerúsalem og allt Gydíngaland, svo sem Mattheus vottar, 3 kap.; þetta var stór sókn, brædur mínir! fyrir einn mann, og skulum vér ecki meina, ad hans verk hafi einasta verid ad skíra, því Lúkas segir, svo sem eg strax áminntist, ad

hann hafi prédikad ydranar skírnina; þad skilst mér ad sé, ad hann hafi útlagt og útlistad fyrir þeim, er komu til hans skírnar, hvílíkur ad væri sá lærdómur, uppá hvern þeir skírdust, og hvernig eptir hönum ætti ad lifa; þad sýna þessi ord af hans prédikun: gjörid ydran, þvíad Guds ríki er nálægt, item: gjörid verduga ávöxtu ydraninni; svo er eg viss um, ad hann engan hefir til sinnar skírnar tekid, af þeim sem hafa verid komnir til vits og ára, sem ecki hefir verid fullnuma í þessum lærdómi, nærsta ólíkur þeim af oss, sem setja vid bord Drottins í heilagri kvöldmáltíd ecki einasta únglínga, heldur og afgamla á stundum, sem ecki kunna ad reyna og prófa sjálfa sig, né gjöra skil á líkhama Drottins og annari fædu. Stór var þessi sókn Jóhannis, brædur m.! og gaf hann þó öllum í réttan tíma hvad þeim byrjadi, annars mundi Drottinn ecki sagt hafa, ad frá hans dögum hefdi himnaríki lidid ofríki, Matth. 11. Vorar sóknir eru lángtum minni, þó vantar þær á stundum hvad þær naudsynliga vidþurfa; þér segid: hvad vantar þær? eg vil hér til svara, ecki öllum, en þó mörgum: þær vantar sjaldnast sakramentin, þó vita menn, ad af því ber á stundum hjá sumum hverjum, en þá vantar kostgjæfna undirvísun, bædi um sakramentin, og um adrar trúarinnar greinir, sem eru ómissandi til sáluhjálpar. Zacharías spáir um sinn son, ad hann muni géfa Guds fólki skilníng sáluhjálparinnar til fyrirgéfníngar synda þeirra; svo eigum vér ad gjöra, annars er verkid ónýtt. Hvad gagnar þeim skírnin, sem vér höfum veitt hana, nema vér grandgæfiliga útskírum fyrir þeim hennar krapt, nær þeir dragast á legg, minnum þá á, hvad þeir hafa þar Gudi lofad, kénnum þeim ad endurnýa þann gjæskurika nádarinnar sáttmála dagliga med sífeldri ydran og endurnýúng lífernisins. Hvad stodar þeim hold og blód Drottins, nema vér fyrir hans adstod íklædum þá einu brúdkaups klædi, ádur enn þeir framkoma fyrir svo skélfiliga hátign, kénnum þeim ad ydrast syndanna, ad vita hvad þeir þar medtaka, ad trúa því, og ad brjóta ecki framar endurnýúng síns skírnar sáttmála vísvitandi. Þetta og annad þvílíkt er ad géfa Guds fólki skilníng sáluhjálparinnar, og nema vér þetta gjörum, þá vanhelgum vér þessa dýru dóma, svo ad þeir verda til fordæmíngar, bædi þeim sem þá handtéra, og hinum sem vidtaka. Þú vilt kannské segja: eg em ecki fæddur med H. Anda eins og Jóhannes, því er ei von, ad eg svo miklu af stad komi; eg játa þad, þar heimtist og ecki svo mikid af nockrum einum af oss, svo sem af hönum, vér mundum og skamt komast med ad afkasta svo miklu; samt höfum vér allir H. Anda medtekid, og allir höfum vér vit og skyn þegid af Gudi, oss hafa foreldrar vorir til menta sett, svo vér kynnum ödrum ad kénna. Hefdi Gud fyrirséd, ad til mannanna sáluhjálpar þyrfti sérílagi Andans gáfur, eins og Jóhannes og Postularnir höfdu, þá hefdi sú Andans gáfa jafnan samfara vordid kristninni; en hennar Meistari, sem bezt veit, hvad þessari byggíngu hagar, hann vill nu láta sína þjóna nægjast med almenniligar náttúrunnar gáfur, hverjar hann þó jafnan styrkir med krapti síns Anda, þar sem ástundan og árvekni er fyrir. Segid mér, hver er sá af oss, ef hann hefir einhvern kostgjæfinn eyrendisreka, ad ecki leggi hann hönum allt í hendurnar til ad framkvæma þad eyrendi? viljum vér þá ætla, ad Brunnur gjæskunnar, sem svo mjög elskadi sáluhjálp mannanna, ad hann gaf sinn Son í daudann fyrir oss, hann muni láta sína þénara vanta sína adstod, nær hann sér þeirra

kostgjæfni; en það er grátligt til að vita, hversu tómlátir að sumir menn eru í þessari ydju, og láta sér um allt annað meira gefið vera, en gjöra Guðs verk að hjáverki; já, það er aumkunarverðlir hlutur, svo almúginn, sem að ekki veit Guðs réttindi, hann fær það ecki að heyra sumstaðar af fávísum edur hyrdulausum orðsins kénnurum; fari þeir villt, þeir verða ei leiðréttir, syndgi þeir, það verður ei aðfundið, forherdist þeir í syndunum, þá verður þó ecki þeirra forstockað hjarta sundurmarið með Guðs orði, hvert að er einn eldur og einn hamar, segir hann fyrir munn spámannsins, sem að klettinn í sundurmolar, Jerem. 23; dygdin verður á stundum hotuð, löstunum hrósað, edur þeir verða afsakaðir, sérdeilis sén þeir gjordir oss í vil; mun það ei vera hið sama og Drottinn segir, Ezech. 13: fólkið byggir upp einn vegg af leyr, og þeir klína hann með ónýtu kalki; vei þeim heimsku spámönnum, segir Drottinn, er gánga eptir sínum anda, þínir spámenn eru líkir refum á eydimörku, ó, Israel! segir hann; Guð gjæfi, að þessi pestilentía ecki dræpi sér niður hjá oss! Það má kalla, að þeir fylgi sínum eginn anda, er tala hvað þeim í hug kémur, það þeir aldrei í ritníngunni sáu, edur jusu upp af Israels brunni, heldur þeirra egin drauma, og þó skammast þeir sín ecki að segja: Drottinn hefir sagt það, þó Drottinn hafi það aldrei talað, segir Ezechíel spámaður, 22 kap; svo kalla og þessir Guðs orð, hvað sem þeir rugla, ef munnurinn alleina freydir, eins og á skeiðmæddum hesti. Refarnir eru soltnir í eydimörkunni, svo ráfa og nockrir kénnendur um þurra staði og finna ecki, hvar með þeir kunni sitt edur annara líf að næra; þeir snikja út úr óþarfum og fávísum bókum það sem engum er til nota: skröksögur, heimskuligar samlíkíngar og rángar útleggíngar á stundum, til að tefja af tímann, svo það verður ei varið, að menn meiga heyra þær sumar prédikanir, af hverjum enginn er nockru nær í sínu sáluhjálpar verki. O, Guðs menn! látið ydur þó einhvern tíma til hugar koma að fóstra hjörð Drottins, er hann afrekað hefir með sínu egin blóði, og yfir hverja H. Andi hefir ydur tilsjónarmenn setta, Act, 20. Pharaó vildi ecki géfa Israels sonum hálm edur múrstein til að gjöra það verk, er hann hafði boðið þeim, og þó heimti hann verkið af þeim; eins virðast mér lyndir þeir kénnimenn, er eckert hyrða um Christí arfleyfð, sem þeim er til vöktunar fengin; þeir heimta af fólkinu, að þeir lifi kristiliga og gjöri kjærleikans verk, en ecki kénna þeir þeim aðferð slíkra hluta, og ecki gánga þeir undan öðrum í því, sem þeir bjóða, já, sumir jafnvel þvínga af þeim, það sem þeir kynni að gjöra verk kjærleikans með; er þetta að vera Christí og hans Postula eptirbreytari og eptirkomari, af hverju vér þó stærum oss? Látið ydur það ecki heldur nóg þykja, bræður mínir! þótt þér hafið þegið góðar gáfur til að kénna, edur þótt ydar kénníngu sé hrósað af mönnum; það er að sönnu stór Guðs ástgjöf, og hans þénurum mjög svo þörf til að uppbyggja hans kyrkju, en láti menn sér það í hug koma, er sagði forðum hinn góði Hyrðir við sína lærisveina: fagnið ei yfir því, að djöflarnir eru ydur undirgéfnir, heldur af því, að ydar nöfn eru skrifuð á himnum, Lúk. 10; svo vil eg og segja í vidlíkum hlut, þó ecki öldúngis hinum sama: fagnið ecki yfir því, að menn hrósa ydur, því ydur kynni að henda hið sama og Heródem, hvern engillinn sló, af því hann gaf ei Guði dýrðina, Act. 12, heldur fagnið af því, ef safnaðir ydar leiðréttast, ef þér með kristiligu dæmi og röksamri kénníngu leiðið nockurn

á Guds veg, svo ad þér séud vissir um, ad þeir med ydur og þér med þeim munud Guds ríki erfa; gledjist af þessu, því til þess erud þér settir, þar í eiga allir ydar atburdir, allir sálar og líkhamans kraptar ad reyna sig, og ecki til ad útvega hrós málsnillinnar hjá mønnum, því eigi gagnadi þad hinum vondu Pharíseis þótt Kristur segdi, ad menn skyldu gjøra eptir øllu því sem þeir tøludu, og ei ad sídur voru þeir blindir, blindra leidtogarar, hræsnarar, eyturormar og nødrukyn; því kalla eg ecki þann ad vera hinn bezta prest, sem hefir hid mesta alþydulof af sínni talsgáfu, heldur þann sem hefir hina beztu tilheyrendur og bezt til himnaríkis uppfrædda, sem elski Gud og náúngann, og vardveiti sjálfa sig flecklausa frá heimi þessum; hann les sitt festibréf fyrir himnaríki, svo opt sem hann sér, ad hans tilheyrendur gánga á Guds vegi og verka sína sáluhjálp med ugg og ótta. O, þú mikli Hyrdir saudanna! bid þú þinn himneska Fødur fyrir oss, ad bædi kénnendur og tilheyrendur mættu svo taka vara á sálu sinni hér í lífi, ad vér í Lambsins brúdkaup til samans inuleiddir verdum; þad bænheyri hinn nádugi Gud, fyrir Sonarins forþénustu, amen!

Fjórda Sunnudag eptir Trinitatis.

Gudspjallid, Lúk. 6 Kap.

Og Jesús sagdi til sinna lærisveina: verid myskunsamir, líka sem ydar Fadir er myskunsamur. Aungvan skulud þér dæma, svo ad þér dæmist eigi; fordæmid ecki, svo ad þér fordæmist eigi; fyrirgéfid, og þá mun ydur fyrirgéfid verda. Géfid, og þá skal ydur géfast; góda, samþryckta, velskékna og yfirfljotanliga mæling munu þeir géfa í ydar skaut; því ad med þeirri hinni sømu mælingu hvørri þér mælid út, mun ydur inn aptur mælt verda. Og hann sagdi þeim eina eptirlíking: hvort kann nockud blindur blindan ad leida? falla þeir ecki bádir í grøfina? lærisveinninn er eigi yfir sínum meistara, en hvor helst sem fullkominn er, hann mun vera sem hans meistari. Hvad sér þú øgnina í þíns brodurs auga, en ad þeim bjálkanum, sem í þínu auga er, gjætir þú eigi? eda hvørnin máttu segja brodur þínum: brodir! leyf þú ad eg í burt dragi øgnina úr þínu auga, þar ed þú sér ecki sjálfur bjálkann í þínu auga? þú hræsnari! drag fyrst út bjálkann úr þínu auga, og sjá þú þá svo til, ad þú fáir útdregid øgnina, sem er í þíns brodurs auga.

Exordium.

Dæmid rétta dóma, segir Gud til síns fólks hjá Zacharíam í 7 kap. Hvernig segir þá Drottinn hér í gudspjallinu: dæmid ei, svo þér ei dæmdir verdid; fordæmid ei, svo þér verdid ei fordæmdir. Í þessu ber þad ad athuga, ad þegar Drottinn býdur sínu fólki ad dæma rétta dóma, þá er audséd, ad hann gjørir rád fyrir þeim sem rángir eru, og bannar þá; svo gjørir

og Frelsarinn hér í gudspjallinu. Guds er dómurinn, segir Drottinn. Pad hefir jafnann verid háttur Andskotans, sídan hann datt úr heidrinum, ad apa eptir Guds hátign, og svo vill hann og setja sig á dómstólinn á stundum; svo sem Gud situr á millum gudanna í dómunum, Ps. 82, svo er ecki trútt um, ad Fjandinn megi stelast þar inn, eg vil ecki segja ad hann gángi þar berliga, þótt ei verdi hann sédur líkhamligum augum, samt mega menn þó sjá hans verk, þegar svo ber vid, því af þeirra ávoxtum skulud þér þeckja þá, segir Lausnarinn; og þetta tekst honum eptir því, sem þeir eru lyndir til, sem dómana sitja, og ad því leiti, sem þeir hafa Gud fyrir augum sér, og óttast hinn alvalda Himins og jardar Dómara. Dómurum er missfarid, eins og odrum monnum; þar situr Móses á dómstóli, þar situr og Elí; þar sat Salómon, þar sat og Achab; þar sat Lycúrgus, þar sat og Pílatus, og eru þau dæmi óþrjótandi. Gud gæfi menn hefdu færri af Elí, Achabs og Pílatí brædrum, en hinir væru fleiri, þá mundum vér ecki svo berliga sjá þad teikn hins sídarsta allsherjar dóms, sem Lausnarinn segir oss fyrir hjá Mattheum, 24 kap., ad fyrir því, ad ránglætid vex, þá kólni kjærleiki margra, svo sem þad nú sjá má af ollum þeim, sem ad því gjæta, en finna hvad mest af þeim, sem fyrir því verda. Par eru og dómar hmisligir; 1) er þar dómara embætti, sem tilheyrir kyrkjunnar þjónustumonnum, hverjum alvarliga bannad verdur ad segja hid illa gott, Esa. 5, og skipad, ad þeir adgreini hid laka frá því dýrmæta, ad ei bodi þeir frid, hvar enginn er, til ad villa sálirnar; þannig dæmdi og fordæmdi Lausnarinn ógudliga Pharíseos; 2) er þad hinn almenniligi lagaréttur, hver af Gudi er tilsettur mannkyninu til góda og vidurhalds; 3) eru þeir, ed menn almènniliga kalla dagdóma, hverja Frelsarinn sérílagi bannar hér í evangélió, um hverja eg vil nú í þetta sinn nockud framar tala, eptir því sem Gud géfur nád til. En þú alls holds dómari, herra Jesú Kristi! styrk þú mig hér til med nád þíns Anda, fyrir þína forþénustu, amen.

Utleggíngin.

Pessir skadligu dagdómar verda med morgu móti og margra orsaka vegna; fyrst, þegar menn nidra því, sem náúnganum er vel gefid, og meiga ei þola ad því sé á lopt haldid. Þetta illgresi sprettur af þeirri fúlu drambsemi og ofund, er liggur í blódinu hjá oss Adams sonum, sumum meir, en sumum minna; vel sé þeim, sem géta drepid þetta eytur med þeckíngu síns eginn óverdugleika, ádur enn þad blæs upp sálina, henni til eylífrar glotunar, sem vís er þeim, ed hroka sér upp og þykir ad enginn standi sér jafnfætis, því Gud mótstendur dramblátum, segir ritníngin, og hvar vill sá heimvon eiga, sem hefir Konúng himnanna fyrir óvin, nema med honum, sem Drottinn steypti af himni í eylífar píslir, vegna hinnar fyrstu drambsemi. Heyr þú mér, mold og aska, þú vesæll ormaseckur! er nockud annars ágæti þín nidran? ef þú ert kostum búinn, á ecki Gud frjálst ad gjora annann þér jafnan edur fremri, ef hann vill? því hrækir þú þá Gudi í andlitid og smánar hans mynd, sem er dygdin, med þinni saurugri og óhlutvandri túngu? en munt þú ná því, sem þú eptirleitar, kjæri! og ecki heldur tapa virdíngu þinni med annars nidran, hverri þú ella mundir haldid hafa? Ad vísu; ef hrafninn þegdi, þá misti hann ecki brádina á stundum. Pegar eg heyri einn lasta þad sem vel er gjort, þá flýgur mér strax í hug, hvad mun þessi madur vilja lofad hafa, fyrst hann lastar góda hluti? eg gét ecki annad meint, enn ad hann kunni ecki grein ílls og góds, edur ad hann tali af hatri, þar hann ecki ann náúnga sínum sannmælis, edur og í þridja lagi, ad hann uggir fyrir ad honum sé hrósad framar sér, og sé eg þá, ad hinn er fremri, jafnvel ad sjálfs hans dómi, þótt ecki vilji hann dóminn uppsegja; svo skérdir nú hans mælgi virdíngu hans, ad minni hyggju, á

hverja lund sem þetta tekid er, hvern eg ella hefdi kannské fyrir gódan mann haldid. Enginn leiti eptir því, sem hans er, heldur eptir því sem annars er, segir Páls, 1 Cor. 10; lángt eru þeir frá því, er vilja taka sæmdina frá ødrum, til ad auka sína med. Einn þjófur er vidurstyggiligur í mannanna augum, og verdur ei móti því sagt, ad þetta er nockurskonar þjófnadur í Guds augliti, því hann sem nidrar ødrum, hann stelur virdíngunni frá náúnga sínum, og er þad svo miklu argari þjófnadur, sem heidurinn er féun dýrmætari. Hann sem lastar þad sem vel er gjørt, hann er lygari, því hann segir hlutinn ødruvísi enn hann er; enn hvad segir Sýrach, 20 kap: betri er einn þjófur enn einn sífeldur lygari, þó munu þeir bádir ólucku hreppa. Hafi hver annann sér í virdíngu ædra, segir Páls enn aptur; vel gjøra þeir þad, sem verda nærri því sjúkir, ef adrir eru ágjættir jafnframt þeim; þad er vel tilfundid á vora túngu, ad menn géfa þvílíku sjúkdóms nafn, því menn kalla þann øfundsjúkan, sem plágadur er af þessum djøfli. Engu eru þeir betri, sem þegja yfir því, sem lofsverdt er; þeir ræna eins dygdina sínum launum, sem er heidurinn, og væri hún ecki sín egin verdlaun, þá mundi hún veida eins og verkamadur sá, er leidist ad vinna ókeypis; þad er einslags lagaleysi og réttar neitun ad vilja ecki hrósa því, sem lofsverdt er, og ecki skilur þetta tvent ødruvísi, enn þad ad dæma rángt og ad neyta réttarins, og er hverttveggja svívirdíng bædi fyrir Gudi og mønnum, svo varla má uppá millum sjá, hver skømmin ad hærra situr í Fjandans ríki. Í ødru lagi eru þeir, sem drepa út hinar minstu náúngans ávirdíngar og gjøra úlfalda úr mýflugunni, þad er størglæpi úr litilli yfirsjón. Um þessa rángsnúnu dóma talar Frelsarinn hér í gudspjallinu, þar hann segir: hvad sér þú øgnina í þíns bródurs auga, en þann bjálkann, sem í þínu auga er, adgjætir þú ecki. Varla er nockur löstur tídari í heiminum enn þessi; menn eru svo géfnir fyrir ad leita upp annarra misgjørdir, svo graudskignir í ad sjá þær, svo málsnjallir í ad drepa þær út, þar vér erum þó sjálfir lýtum hladnir, ef vorar hugsanir, ord og gjørdir ættu ad stikast á hinn réttvísa alsherjar kvarda; edur hver er sá ed segja kunni: mitt hjarta er hreint? Verda má, ad þú sért ecki svo laginn á þann löst, er þú svo lastar á ødrum, en elur kannské adra verri, og samsinnir þeim, sem eru þínir stallbrædur í slíku; þér þykir vænt um þína egin klæki, eins og apinjunni um únga sína, þótt þeir séu allra kvikinda ljótastir (ef þad má nockud ljótt kalla, sem Drottinn skapad hefir), og þó ecki sé annad, þá er þetta glæpur nógu stór, ad þú gjørir þíns náúnga ávirdíng svo stóra, en afsakar þína egin, sem kannské er miklu stærri. Hinn drambláti lýtir hinn ágjarna, en sig kallar hann hugprúdan; hinn ágjarni lastar hinn eydslusama, sig nefnir hann forsjálann; hinn eydslusami brýxlar hinum adsjála, en hann vill ørlátur heita, og svo þykir hverjum af oss sinn fugl fagur; og ecki einasta þetta, heldur þad, sem vér erum sjálfir hvad mest géfnir fyrir, þad drepum vér út á ødrum, (sem er stakt blygdunarleysi) jafnvel á gódum mønnum og heidvirdum, ef þá kann eitthvad þvílíkt ad henda, sem vér sjálfir høfum gjørt ad handverki og daglegri idju, til þess ad gjøra þá eins svarta og oss, og ad þeirra dæmi skuli bera skuggann á vora glæpi; en fáir hyrda um ad draga fyrst út bjálkann úr sínu auga, ad þeir megi sídan útdraga øgnina úr síns bródurs auga, þad er: ad vanda

og temja fyrst sjálfan sig, ad madur sídan megi áminna sinn bródur med þess meira frelsi og ávexti; hér um talar Páluẞ rokksamliga, Róm. 2, segjandi: í því, ad þú annann dæmir, þá fordæmir þú sjálfan þig; því þú gjörir hid sama sem þú dæmir; en meinar þú, ó, madur! sérhver sá, er dæmir þá ed þvílíkt gjöra (segir hann), og þú gjörir hid sama, ad þú munir umflýa Guds dóm? hvert ad er samhljóda því, sem hér stendur í gudspjallinu: dæmid ecki, svo þér verdid ecki dæmdir; og er þad merkiligt, sem Postulinn segir hér: í því, ad þú dæmir annann, þá fordæmir þú sjálfan þig, þad er: med því ad þú gjörir þig ad dómara í annars ávirdíngu, í hverri þú þó sjálfur sekur ert, þá ablar þú þér fordæmíngar, því Gud vill þínar syndir dæma í reidi sinni fyrir þessa hlutsemi þína, þar þú fellur inn í hans embætti, sem dómurinn alleina tilheyrir, svo sem Jakob vottar segjandi, Jak. 4: einn er løggjafarinn, sá ed kann ad frelsa og tortýna, en hver ert þú, sem annann dæmir? og þetta skédur optast í þeim hlutum, sem oss aldeilis ecki vidkoma. Eg kann ecki ad segja, ad mér ei leyfist ad kalla þad illa gjört, sem mér er tilgjört; ef þad er illa gjört, þá vil eg heldur láta login dæma milli mín og míns mótstodumanns, heldurenn leggja sjálfur dóm á hans tilgjørd, því hverki gildir minn dómur mikid, nema ad gjöra mig sekan fyrir Guds dómi, svo og tek eg hann fram fyrir hendur á valdstjórninni, hver ad er sett gódum til forsvars en vondum til hegníngar. En hvad á eg med ad dæma um þad mig ei snertir í enn minsta? hvad vardar mig um ad dæma þá, sem fyrir utan eru? segir Páluẞ um heidíngjana, 1 Cor. 5; syndgar nockur, þá syndgar hann móti Gudi og móti sjálfum sér, móti ødrum, en mér ecki; eg vil dæma hann ad svo miklu leiti, ad eg varist hans dæmi, og áminna hann og leidrétta, ef eg fæ því vidkomid, þó svo, ad eg dragi fyrst út bjálkann úr mínu auga, en ecki vil eg úthrópa synd hans, og allra síst gjöra hana stærri enn hún er, hvar frá Gud vardveiti mig, heldur afsaka, ef hún er þannig, ad hún verdur afsøkud, og sá ødruvísi dæmir sinn náúnga, hann tekur Guds rétt frá honum, og gjørir sig ad þess herra, sem hann dæmir, þar hann er þó ecki nema samþjón. Merkiliga talar Páluẞ hér um, segjandi, Róm. 14: hver ert þú, sem fordæmir annarligan þjón? hann stendur og fellur sínum drottni. Jakob segir, 2 kap, um þá sem fara í mannvirdíngar, ad þeir séu vordnir vondra hugsana dómarar; en ekkert er manngreinar álit verra edur heimskuligra, enn þad ad kalla sig hoskan og heilagan, jafnvel þó vér allir hrosum í morgu, en nída sína brædur fyrir sonn lýti sem vér leikum oss ad, eins og ødru tabli, edur kannské ødrum verri; veldur þad því, ad menn gjøra sér svo annt um ad hnísa eptir náúngans gjørdum og óvirdíngum, ad menn fá ecki tóm til ad rannsaka sínar egin, til hvers Drottinn bendir hér í gudspjallinu, því ef textans meiníng er rétt athugud, þá heitir þad svo: þú starir á kvistinn, sem er í þíns bródurs auga, en þann bjálkann, sem í þínu auga er, hugleidir þú ecki, þad er: oss verdur svo starsýnt á þad, sem vér ljótt sjáum á vorum náúnga, og høfum svo mikid ómak fyrir ad gjøra þad enn þá ljótara á stundum, ad oss kémur ecki í hug ad eins, ad vér séum í hinu sama valdir; svo lángt er frá því, ad vér rannsøkum vorn lifnad, edur leitum í fylsnum vors hjarta eptir því, sem þar kynni fólgid ad vera, og fyrir því vér horfum rétt áfram, þá sjáum vér ecki skreppuna, sem á bakinu hángir (svo sem í hinum griska ordshætti segir), veldur þessu hin bølvada sjálfselska, er

liggur í voru spiltu blódi; og þessi grein af dagdómunum er nú þess skadligri, sem hún er almennari, og varla fyrir nockra synd haldin manna á medal. Menn koma saman til svoddan dóma, svo sem til annars géstabods, og í sjálfum géstabodunum hygg eg ad þessi réttrinn smacki hvad bezt á stundum; en þad er ad óttast fyrir, ad Satan hafi tilbúid þeim einn rétt í myrkra salnum, er skémta sér ad þessu; þad er, ad þeir eti sínar túngur út af ofraun, Apóc. 16, sem þær brúkad hafa til slíkra rángsnúinna dóma, nema þeir þecki synd sína, ydrist hennar og láti af henni á medan enn þá er tími til ad dæma sjálfan sig. Hlýdum því raustu Jakobs er hann segir, Jak. 4: talid ecki hver á móti ødrum, sá ed talar á móti sínum bródur, og sá ed fordæmir bródur sinn, hann talar á móti løgmálinu og fordæmir løgmálid, en ef þú fordæmir løgmálid, þá ert þú ecki løgmálsins geymari, heldur dómari. Í hinni þridju rød eru þeir, sem lasta og úthrópa þá glæpi, sem bædi eru opinberir og svo hrópligir, ad þeirra ljótleik gétur ad sønnu enginn afsakad og enginn heidvirdur madur vill þeim hrósa, er slíkt adhafast; en þad gjøra sumir, ecki af því ad þeir hati svoddan lesti, edur til ad lagfæra þann, sem ad þeim fundinn verdur, edur ødrum til vidvørunar, heldur þess vegna, ad eitt íllt skap hefir gaman og inndæli af ad lasta og fagnar hverri orsøk er hann kann ad fá þar til, svo lángt er frá því, ad hann manninn elski edur leidrétta vilji, edur og í þridja lagi, ad hann med þess fordæmíngu, sem illa breytir, vill smída sjálfum sér nockurskonar ágætis edur afbrygdis mynd í annarra þanknum, svo hann géti sagt: eg em ecki svo sem þessi tollheimtumadur, Lúk. 18; svo lángt er hann frá því ad bera mikid af þeim, sem hann dæmir um, því hann, sem þarf annarra saurinda med til ad fegra sig, hann má ecki vera mjøg bjartur sjálfur. Þú gudlaus madur! hafir þú gaman af ad lasta ávirdíngar þíns náúnga, þó þær stórar séu, hvernig ert þú þá betri enn hann? þad hefir og Andskotinn, og er hann þó verri enn hinn argasti syndari. Sá sem drýgt hefir einn glæp, hann kann ad ydrast, því *máttugur* er Gud ad reisa hann, segir Páll, Róm. 14; þad sé eg af dæmi Manassis, Davíds, Peturs, hinnar bersyndugu og hórkonunnar, er Drottinn afleysti í musterinu; en hvernig vilt þú, Satans engill! umflýja Guds reidi og fyrirdæmíngunna, þar þú hefir skémtun af annarra løstum, þótt ei drýgir þú sjálfur þá? Hver verdur svo hneixladur, ad eg stikni ecki? segir Páll; þad sagdi hann þessvegna, ad hann hatadi lestina, en elskadi mennina; en hver verdur svo brotligur, ad þú fagnir ecki? þú elur flugu hatursins og øfundarinnar á þreck annarra, og gengur þannig í lid med flugnahøfdíngjanum Belzebub og sver honum trúnad, en skýtst undan merki þíns Frelsara, í hvers holdi Gud fordæmdi þína synd, sem Páll vottar, Róm. 8, med því ad þú fordæmir þinn bródur, hvern Gud hefir skipad þér ad áminna og leidrétta, en aldrei fécK hann þér nockurn svoddan dóm edur vald yfir honum. Já, þar eru þeir til, er svo ríkt umbod hafa tekid af Fjandanum, ad þeir locka náúngann fyrst til ad syndga, ad þeir sídan hafa megi þad þeir kunni ad lasta og dæma um; þessi er Djøfulsins atferd; svo gjordi hann í øndverdu vid vora módur Evu, en sídan hefir hann ei látid af ad bríxla Guds herflockum og ásaka þá; svo klagadi hann Job fyrir Gudi, svo stód hann til hægri handar Jósúa, hinum ædsta presti, til ad mótstanda honum, Zach. 3, og þetta sparar hann ecki enn nú í dag ad útrétta fyrir sína umbodsmenn,

vantrúarinnar børn, í hverjum hann krøptugur er; en Gud straffi þig Satan, hann lifir enn nú, sem Babýlons konúng vóg á vigt, Dan. 5; máttugur er hann enn í dag ad þrífa sína branda út af hennar eldi, eins og Jósúam, en troda þig undir fætur vorar, hundurinn þinn! og ad støckva þínum óaldar flocki. Svo er nú þessi rángsnúna dóma adferd ein Satans idja, og þeir ed sér temja hana mega þar um vissir vera, ad hann géldur þeim í skileyri, þad er med eylífum brixlum og eylífri smán, nema þeir gángi úr þénustunni á medan þar segist enn þá: í dag, því annad hefir hann ecki sínum mønnum í mála ad géfa. Fleiri eru ad sønnu greinir þessara dagdóma, en eg vil hér med kyrt láta í þetta sinn. En hvad skulu menn þá hér til segja? eiga menn alla ad jøfnu ad leggja, og eckert um þad hyrda, hvernig náúnginn skickar sér? fjærri sé því. Drottinn Jesús géfur oss hér í evangélío hin skírustu løg, eptir hverjum náúngann á og má ad saklausu dæma, segjandi: þú hræsnari! drag fyrst út bjálkann úr þínu auga, og þá munt þú sjá til ad útdrega kvistinn úr þíns bródurs auga; sem vildi hann sagt hafa: medan kvisturinn er í þínu auga, þá ert þú ecki svo skarpsýnn, ad þú gétir séd hvert þad er bjálki, edur ei, sem er í auga bródur þíns; ecki bannar hann, já, hann býdur, ad madur skuli átelja sinn bródur, þegar hann syndgar, og aftelja hann þeimløstum, sem hann er gjarn á og kannské þeckir ei sjálfur, edur hyggur ecki svo ljóta ad vera, því vér fyrirgéfum sjálfum oss jafnan meira enn ødrum, og því er þad velgjørníngur og Gudi þægt verk ad vanda um vid sinn bródur í slíku, en þó svo, ad dómurinn byrji fyrst á voru egin húsi, og því segir hann: drag fyrst út bjálkann úr þínu auga. Hvad mun einn, sem veikur er í einhverju, leidréttast vid þad, þótt einn glæpamadur deili á hann? mun hann ecki lángtum heldur géfa honum orsøk til ad brixla sér um sínar egin skammir. Hinn heilfætti spotti hinn skacka, og sá sem hvítur er, blámanninn, segir hid latínska skáld; hid sama er ad segja um þann, sem ødrum vill segja til glæpa sinna; þótt enginn af oss sé heilagur og þar vanti mikid á, þá skal hann ad sønnu rádsvinnari vera, sem annann vill áminna, heldur enn hinn, edur ad minsta kosti ecki í þeim lesti fundinn, sem hann átelur um, annars mun hann brádliga heyra: læknir! hjálpa sjálfum þér; og Pálus segir hønum beiskan sannleika, Róm. 2: þú kénnir ødrum, segir hann, þú prédikar, ad ei skuli stela, og þú stelur; þú segir ei skuli hórdóm drýgja, og þú drýgir hór; þú hefir andstygd á skúrgodum, en stelur helgum dómum; þú hrósar þér af løgmálinu, en vanvirdir Gud med løgmálsins yfirtrodslu. Af þessu sjáum vér, hversu ómissandi þad er, ad vanda sjálfan sig, fyrir þann sem vid annann vill umvanda, og gjørir hann med því tvo hluti góda, sem er, ad hann vardveitir sig óstraffanligan og ávinnur Gudi eina sál til himnaríkis, hverju enginn er þægari fórn hønum, og ei þótt einn bitadi allar sínar eigur nidur fyrir fátæka, 1 Cor. 13; svo nandsynligir og Gudi þeckir eru nú svoddan dómar. Og hvad segir løgmálid, Levít. 19: þú skalt ecki vera einn lastmunnur eda baktalari medal þíns fólks, og ei heldur skalt þú hata þinn bródur í þínu hjarta, heldur skaltu átelja þinn bródur, ad þú berir ecki skuld hans vegna; hér sýnist mér ad hann, sem rannsakar nýrun, kalli þad ad hata sinn bródur í sínu hjarta, ad segja hønum ecki til vamma sinna, ef madur sér þá, og ad hver einn gjøri sig hluttakandi í þeirri synd, er hann sér ad strídir á náúngann, en vill þó ecki vara hann vid; þessa bid eg

þeir gjæti, sem gjora einn nærri því ad Gudi, medan hann heyrir til, en tala um hann allar skammir, jafnvel ljúgandi, nær hann snýr vid bakinu; en hvernig sem því er varid, þá sjáum vér, hversu vel ad þessi logmáls grein kémur saman vid hid algjorda nýa testamentisins logmál, því hid fyrra, sem er lastmælgi og óhródur, þad bannar Drottinn hér í gudspjallinu med þessum ordum: fordæmid ecki, svo þér verdid ecki fordæmdir, en hid sídara, þar hann segir: drag sídan kvistinn út úr þíns bródurs auga. Frelsarinn géfur oss eitt bodord, Matth. 18, segjandi: ef þinn bródir syndgar á móti þér, þá far og átel hann millum þín og hans; ef þinn bródir heyrir þér, þá hefir þú áunnid þinn bródur; ef nú Drottinn býdur, ad menn skuli svo gjora, nær einn brýtur ødrum á móti, hvad miklu heldur mun hann vilja þad skuli ské til ad leidrétta þann, sem fer villur vega og oss gjorir þó eckert á móti í því sem hann syndgar; þad er svo miklu meira kjærleiks verk øllum ødrum kjærleiks verkum, sem ad sálin, med Guds Sonar blódi endurkeypt, er øllu ødru dýrmætari.

Eina varengdarsemi hefi eg á ad minnast, ádur enn eg skilst vid þetta mál, sem er, ad hvad helst sem vér í þessu gjorum, þá framkomi svoddan dómar af elskunni til náungans velferdar, og ad þeir beri hana eptir sér; dæmum og ecki heldur eptir alþýdu rómi, edur um þad, sem vér ei skynjum, heldur um þá hluti, sem oss alþecktir eru og vér hofum vitsmuni á. Margur fer villt í þessu; sumir átelja einn, af því þeir vilja taka sér til nockurskonar vald yfir honum, og sýna þar med stórmennsku sína, þad ablar opt forsmánar og athlátúrs alleina; nockrir eru beiskluudadir og hardmæltir, jafnvel þótt þeir vilji vel, en þad skilur ecki hinn, sem vid á ad taka. Menn verda ad fara med einn viltan syndara, þann sem ecki er forherdtur í vondskunni, eins og med hrátt egg, sérdeilis þá, sem luckan hossar í veroldinni; erti menn þeirra íllt skap med berurdum, þá verda þeir eins og hús þad er hrynur, ad þad brotnar sjálft, en brýtur í sundur allt þad, sem undir því verdur. Þetta vil eg þeim sagt hafa, sem Gud hefir ecki sérílagi umbodid ad segja Jakob til sinna synda og Israel til sinna misgjorda; hinir sem Guds umbod er tiltrúad, þeir hafa frelsi til ad straffa, ógna og áminna, allra helst hina þverbrotnu, og þegar ilskan og ógudligt athæfi tekur til ad drottna í landinu (og þó vill Páluus ad Guds vandlæti skuli vera med skynsemi), Róm. 12, því þeir gjora slíkt í Guds stad, en ecki undir sinni persónu; og trúi eg ad enginn sé svo dárligur, ad hann þyckist vid Guds ord, þótt þad væri framborid af einum aumasta vesalíng, nema sá, sem vildi engil fyrir prest hafa; og gjori einn Drottins madur þad ecki, þá mun hann brádliga heyra med Jeremía: þú skalt ecki hrædast fyrir þeirra augliti, ella mun eg sundurmerja þig fyrir augum þeirra; og mun eg øllu heldur kjósa ad sjá skálkinn ýgla sig, enn ad Guds reidi tortýni mér ad honum á sjáanda; edur hvad segir Pálus, Gal. 1: hefda eg híngad til monnum þóknast, þá væri eg ecki Christí þénari. En hinum ødrum, sem ecki hafa neinn þvílíku ad skipta vid annann, þeim vil eg géfa þad sama ráð, er gaf fordum St. Páll þeim í Galatía, 6 kap., segjandi: brædur! ef nockur madur verdur yfirstíginn af einhverri hrøsun, þér sem andligir erud, leidréttid þann sama med hógværum anda; gégni einn veraldar sonur því med hofmód og forsi, svo sem þeirra er venja til, og segi eins og hinn Hebreski vid Mósen, Exód. 2: hver hefir sett þig dómara í millum ockar? þá vardar þad litlu; eg hefi samt frelsad sálu mína, en hans

blód er yfir hans høfdi, er ei vildi þola heilsusamliga áminníng, Ezech. 33. Svo hugleidid nú þetta, kristnir menn! og látid ydur mál mitt í eyrum loda, allir erum vér syndugir og enginn sá ed gott gjori og ecki einn, látum því dóminn byrjast fyrst á sjálfum oss, og munum vér sídur adra dæma; sé þad endir vorrar idju á kvøldum og stondum upp til þess sama á morgna; Dómarinn stendur fyrir dyrunum, hver mun standast fyrir hans dómi, ef hann vill í dóm gánga vid þræla sína, en hann vill alla þá dæma í brædi sinni, er sinn bródur dæma; því segir hann: dæmid ecki, svo þér ecki verdid dæmdir. Annadhvert vill Gud dæma þá, er vér tøkum oss dóms vald yfir, ellegar hann vill þá ecki dæma; vilji hann dæma nockurn, þá gyldir vor dómur eckert, nema til ad fordæma sjálfa oss, því hans er dómurinn; vilji hann ecki dæma, þá er þad hrædiligt ad vilja dæma hann, sem Gud heldur saklausan, og honum er þad gjorir, er fordæmíngin svo vís, sem hinum er myskunin. Athugum þetta, en gleymum þó ecki ad áminnast innbyrdis med hógværum anda til leidréttíngar og uppbyggíngar, og samvitskum vorum til frelsunar, ad ei gjørum vér oss hluttakara í annarligum syndum, edur høfum samfélag med ófrjóssømum verkum myrkranna. En þú stóri alsherjar Dómari! þú sem dæmir veroldina med réttvísi, þú sem alleina munt réttlátur fundinn verda, nær þú dæmist, géf þú ad vér svo dæmum sjálfa oss, ad vér ecki verdum af þér fordæmdir, heldur inngaungum frá daudanum til lífsins; bænheyr þad, myskunsami Gud! fyrir þíns Sonar, alls holds Dómara forþénustu, amen!

Á Vitjunar dag Maríu.

Gudspjallid, Lúk. 1 Kap.

Á þeim døgum stod María upp, og for med flýti til fjallbygda í borgina Júda, inngéck í hús Zachariæ og heilsadi Elízabeth. Og þad skedi svo, þá er Elízabeth heyrdi heilsun Maríu, ad barnid spratt upp í hennar kvidi. Og Elízabeth uppfyltist af heiløgum Anda, kalladi hárri røddu og sagdi: blessud ertu á medal kvenna og blessadur er ávoxtur kvidar þíns, og hvadan kémur mér þetta, ad modir Drottins míns kémur til mín? sjá þú, þá er rødd þinnar kvedju kom mér til eyrna spratt barnid upp af føgnudi í mínum kvidi; sæl er hun, sem trúdi, þvíad þad mun fullkomnast, hvad henni var sagt af Drottni. María sagdi: mín ønd miklar Drottinn, og minn andi gladdist í Gudi, heilsugjafara mínum, þvíad hann leit á lægíng ambáttar sinnar; sjá! af því munu mig hédan af allar ættir sæla kalla, þvíad hann gjørdi vid mig mikla hluti, sá sem máttugur er, og hans nafn er heilagt, og hans myskunsemi varir frá einni kynslod til annarar yfir øllum þeim sem hann ottast; hann framdi magt, med sínum armi sundurdreifdi hann dramblátum í þeirra hjartans hugan; voldnga setti hann af stoli, og upphof lítilláta; hungrada fylti hann gjædum,

og hinum ríku slepti hann örbirgum; hann endurminntist myskunar sinnar, og medtók sinn Þjón Israel, svo sem hann taladi til fedra vorra, Abrahams og hans afkvæmis, ad eylífu. Og María var hjá henni svo nær sem um þrjá mánudi, og fór sídan aptur til síns heimkynnis.

Exordíum.

Þad var sidur á dögum gl. testamentisins medal Guds fólks, ad þegar hann hafdi gjørt eitthvert merkiligt dásemdar verk á medal þeirra, þá prísudu þeir hann med lofsaungum, til þess ad eptirkomendurnir kynnu med þeim sömu ad tigna hans dýrdarfulla nafn, þegar þeir minntust á svoddan Guds stórmerki. Þegar Móses hafdi leidt allan Israel í gégnum hafid rauda þurrum fótum, en dreckt Pharaóni og öllu hans lidi þar í, þá prísadi allur Israel Gud med nýum lofsaung, og María spákona, systir Arónis, tók sér bumbu í hönd, og allar konurnar gengu út eptir henni med bumbum og hljódpípum, og hún saung fyrir þeim: syngid lof Drottni, því hann hefir stórligá miklad sig, hestinum og riddaranum hefir hann í sjóinn nidurkastad, Exód. 15. Stórt var þetta furduverk Drottins, er hann hér gjørdi vid Israel, þó er þad miklu meira, sem hin blessada mey og módir ad Christi júngfrú María, prísar hér í þessu heilaga evangélió med þeim dýrdliga lofsaung, er vér strax heyrdum í gudspjallinu; Móses leiddi Israel út af Egyptalands þrældómi, Guds Sonur hefir oss af syndarinnar og Djöfulsins þrældómi útleyst; Gud steypti Pharaóni og hans hermönnum ofan í sjóinn, en Jesús hefir hinn sterka hervopnada Djöful afklædt sinni hardneskju, og trodid hann undir sinna barna fætur; sjórinn klauffst í sundur, þegar Israel fór af Egyptó, en í holdtekju Guds Sonar eru himin og jörd samtengd, og öllum Guds börnum í honum tilbúinn einn nýr og lifandi vegur, ecki inn í Canaan, heldur til himnaríkis, á þad land lifandi manna, hvar ad er gnótt fagnadarins og glediligt líferni til Födursins hægri handar. Anna, Elkanæ hússfrú, saung Gudi einn þacklætis saung fyrir þann son, er hún hafdi fengid med bæn af Gudi, en Guds módir prísar nafn ens allra Hæsta fyrir þann son, er hverki hún, né nockur syndugra manna, kunni um ad bidja; Lea Jakobs hússfrú sagdi fordum, er Silpha ól henni Asser: nú munu allar konur mig sæla kalla, en María segir hér med öllu meira rétti: hédan af munu mig allar ættir sæla kalla, því hún bar þann í sínum kvidi, í hverjum allar ættkvíslir jardar blessadar eru. Og fyrir því, brædur mínir! ad vér höfum einnig af hans fyllíngu medtekid, þá látum oss nú fagna med módur Drottins, og skoda á þessu stundarkorni: hvad ágjætt þad sé, ad mikla hann, og ad gledja sig í Gudi sínum heilsugjafara; hver ord eg vil nú alleina hugleida í þetta sinn. Styrk oss hér til, ó, þú Brunnur alls fridar og fagnadar! med nád þinnar gjæsku, í Jesú nafni, amen!

Útleggíngin.

Dýrdin og vegsemdin er svo stór hlutur, ad flestir gyrnast hana framar ödrum hlutum; jafnvel þeir, sem eckert lofsverdt vinna, þeir vilja þó láta tigna sig; og svo er manneskjan gésin fyrir heidrinum, ad sumir tapa hinum rétta heidri til ad útvega sér fánýtt hrós, en sumir vilja láta sér hrósa, jafnvel af ódygdunum; svo er þó ærugyrndin rík í vorri mold og ösku; en enginn af öllum þeim, er eptir vegsemdinni keppast, er þó verdur hennar fyrir sjálfan sig, ef menn skulu saunleikann tala. Þér ber dýrdin og heidurinn, segir spámadurinn undir allra manna persónu, ad engum fráskildum, en oss ber blygdan vors andlitis. Þad er ad sönnu skyldt, ad hrósa dygdum og mannkostum, en enginn á þó sjálfum sér í því vegsemdar ad leita, heldur Födur ljósanna, frá hverjum ad kémur öll gód og

oll fullkomin gjof, Jak. 1. Enginn er meira lofs verdur, enn einn gódur konúngur, sá ed óttast Gud og vel stjórnar sínum londum og ríkjum, en allra helst Guds kyrkju; um hann má eg segja þad, sem Páll sagdi fordum um þá oldúngana, sem vel forstódu, ádur enn Guds sofnudir hofdu kristna veraldar hofdíngja, ad þeir séu tvofalds heidurs verdugir; en þó felist eg á þad, er sagdi hinn gamli Tóbias: leyndá dóma konúngsins er gott ad dylja, en Guds verk ad birta og játa er heidarligt, Tób. 12; konúnganna rád verdur ad dylja, því jafnvel þótt þeir séu ollum odrum monnum ædri, þá eiga þeir jafníngja sér, ádra konúnga sína líka, en Konúngur konúnganna á engan sér jafnan, og þarf því ecki ad dylja fyrir neinum, hvad hann ætlar ad gjora, svo hann vill segja til hinnar mestu heims magtar, þad sem hann sagdi fordum til síns fólks, Zach. 1: þau ord og setníngar, er eg umband þénurum mínum, spámonnunum, hafa þau ecki nád ydar forfedrum? svo ad þegar þeir aptur snéru, sogdu þeir: svo sem Drottinn hugsadi ad gjora oss eptir vorum vegum, og eptir vorum athofnum, svo hefir hann gjort. Hvern skyldum vér þá heldur prísa, enn hann, er svo máttugur er og svo alvaldur, ad hann situr í himninum og gjorir hvad hann vill? Ps. 115; því hrósar módir Drottins hér í gudspjallinu, segjandi: hann gjordi vid mig mikla hluti, sem ad máttugur er; í hverju gjordi hann þad? í því, ad hann leit á lægíng ambáttar sinnar. Þad þykir ecki mikid ad gjora mikid af miklu; þad er ei ad undra, þótt sá géti byggt morg hús, sem á marga skóga, þó hann brjóti morg lond undir sig, sem morgum hefir á ad skipa; en þad má guddómligt þykja, svo sem þad og er, ad gjora allt af engu, svo sem Gud gjordi í ondverdu skopunar; en þótt þad sé eckert lítid, sem ad hann gjorir, þá var þad þó lítid, svo stórt sem þad er, hjá því, sem María prísar Gud fyrir í þessum lofsaung, þad er, ad Gud vard madur; og fyrir því, ad hinum Alvalda hafdi þóknast ad láta þad ské í hennar kvidi, sem var ein umkomulaus stúlka, þá prísar hún Gud med þessari saungvísu: hann gjordi vid mig mikla hluti, sem ad máttugur er; þess hefir allt syndugt mannkyn notid; þad var verra enn eckert, eptir þad madurinn hrapadi í afgrunn fordæmíngarinnar, því betra var aldrei fæddur ad vera, enn eylífliga ad kveljast; en hann minntist sinnar miklu myskunsemdar, og í sínum djúpu myskunnar ydrum vitjadi hann vor, upprunninn af hædum. Þessu er verdt ad hrósa fram yfir allar ástgjafir Drottins, já, þótt ad allar engla og manna túngur séu skyldar ad vegsama þenna ómælanliga velgjorníng Drottins, þá er þad oss þó skyldugt framar morgum odrum, hverra fedur ad voru myrkur, en vér, þeirra synir, erum vordnir ljós í Drottni, Eph. 5; allir þeir, sem gánga vilja eins og ljóssins bornum hæfir. Jómfrúin sýngur hér í gudspjallinu: hans myskunsemi varir frá einni kynslód til annarar yfir ollum þeim, sem hann óttast; þad mátti Israel játa, er hans guddómliga trúfesti reynt hafdi á fedrum sínum allt frá heimsins skopun, allt til þess Jesús kalladist Jesús, og svo æ sídan, ecki einasta yfir Abrahams sonum eptir holdinu, heldur yfir ollum þeim, sem nú kallast hinn andligi Israel, hverja Gud hefir Abraham af steinum uppvakid, þad er, af þeim, sem dýrkudu stocka og steina og voru þeim sjálfir líkir, sem Davíd vottar, Ps. 115, oss, sem ad ei vorum hans fólk, en hann hefir þá kallad svo sem sitt, hverjir ecki eiga kyn sitt ad rekja til Israels. O! hversu megum vér gladir undirtaka med hinni sælu Guds módur, þar hann hefir oss

samansafnad af austri og vestri, en ríkisins synir eru útreknir í hin ytstu myrkur, svo ad vér játa megum, ad þad hafi á oss sannast, sem Davíd segir um Gud, Ps. 103, ad hans myskunsemi vari, ecki einasta frá einni kynslód til annarar, svo sem Guds módir hér segir, heldur frá einni old til annarar, yfir ollum þeim sem hann óttast. Þyki ydur nú nockud koma til þessara glediligu umskipta, já, þyki ydur svo sem himin og jord, já, allar engla og manna túngur séu offáar, til þess ad fullþacka Drottni fyrir svo háleitan velgjorníng, þá látum oss þykja þad glediligt ad þacka Drottni og lofsýngja þínu nafni, þú hinn allra Hæsti! því þad er þad einasta, sem hann af oss krefur, ad vér dýrkum hans nafn med ordi og verki. Veraldligir konúngar skilja sér úr sínum londum og ríkjum þá hluti, sem eru fágjætir og nockrar mætur eru á, er vér kollum regalia, edur konúngs gérsimar, og er þad ecki um eign þeirra, sem dag og nótt hafa umhyggju fyrir svo margri sálu, og þar ad auki eru prýddir med nockurskonar líkíngu Guds hátignar; en Konúngur konúnganna hefir sér alleina dýrdina skilid; hans þegnskylda var engin onnur af Israel, enn ad þeir skyldu óttast hann og elska, Devt. 10, og svo er hún enn í dag af hinum andliga, því med svoddan móti verdur honum réttiliga dýrdin géfin; allt hvad vegsamligt er á himni og jordu, þad er hans vegna vegligt, sem er sjálf dýrdin, og eckert utan dýrd og vegsemd. Hinn vísi hrósi sér ecki af sínum vísdómi, og ecki hinn voldugi af sínu valdi, og hinn ríki hrósi sér ecki af sínum ríkdómi, heldur hver sem vill hrósa sér, hann hrósi sér af því hann skilji og þecki mig, ad eg sé Jehóva, sá ed fremji gódgirnina, réttinn og réttvísina á jordu, þvíad þar í hefi eg velþóknan, segir Drottinn, Jer. 9; hver vill þá eiga tilkolu til nockurrar vegsemdar fyrir utan hann, fyrst þeir mega ecki hrósa sér, sem ad eru hvad vegsamligastir kalladir hér á jordu. Þessari vegsemd, þessari gódgirni og þessari réttvísi hins góda Guds hrósar María í lofkvædinu, er hún segir: dramblátum hratt hann af stóli, en upphóf litiláta. Skodid hér ydur í speigli, ó, þér stoltu gjædíngar veraldar þessarar! og hversu fánýtir þér erud, nær þér viljid troda litilmagnann undir fótum, þann sem Gudi treystir; vitid þér ecki, ad þér færid her Drottni á hendur. Bjóda ecki log vor, ad einn fjárhaldsmadur skuli verja sok ómaga síns, og sækja ef vid þarf? ætlid þér ad Guds fyrirheit muni binda hann minna, heldur enn login skuldbinda ydur, hver þér rjúfid, nær sem ydur býdur svo vid ad horfa, fyrir ávinníngs edur haturs sakir; en hversu opt lofar nú Drottinn í sínu ordi, ad hann vilji vera forsvar hins munadarlausa? svo ad allir undirþrycktir, allir þeir ed rángindin lída, þeir eru ómagar Drottins; er þar nockur limur á vorum líkhama, er oss sé vidkvæmari enn augun, og þó sagdi Gud um sína vesælínga, sem stundu undir ofríki heidíngjanna í Babýlon, sem er líkíng ydar fósturmódur veraldarinnar: hver ed snertir ydur, hann snertir sjáaldur míns auga, Zach. 2. Hugleidid nú med ydur, ó, þér hin skynlausu bornin! vid hvern þér egid ad skipta; ecki vid hann, sem þurfti ad setja sig nidur og reikna, hvert hann med tíu þúsundum géti mætt þeim sem kémur á móti honum med tuttugu þúsund, Lúk. 14, þvíad allar sálir eru hans, heldur vid hann, vid hvers einustu bendíngu ad Sódóma brann til osku, Jericho hrapadi, Jerúsalem vard ad steinhrúgu, Týrus hrundi í grunn nidur, hver ed drecki Pharaóni

med hans lidi í hafinu rauda, hver ed dró hans eptirkomara út úr sínu fljóti, med öllum þeim fiskunum, sem loddu í hans hreistri, Ezech. 29, hver ed setti sinn krók í Senacheribs brennandi nasir, hver ed hans eptirkomara, kongúngana af Assyría, þeir ed voru eins og einn kostuligur vínvidur, svo ad allar eykurnar í gardinum Heden öfundudu hann; hver ed þá, segi eg, upprætti á einni stundu, hver ed sedur fugla loptsins og dýr merkurinnar med holdi óvina sinna og uppfyllir dalina og vatnsföllin med þeirra blód, Ezech. 32; og þótt þér ætla kunnid, ad þetta ei muni fram vid ydur koma, þá má ydur þad alkunnugt vera, ad hann er sá, sem vald hefir til ad kasta lífi og sálu í eylífan eld, sem ber svo lángt af þeirra hörmúngum, sem þér nidurdrepid med ofríki ydar, svo sem Guds barna sæla, sem þeim er ætlud, ber af allri ydar fullsælu. O, hversu erud þér þá fávísir, nær þér hefjid ólög á móti slíkum herra! vei ydur, þér munud öskra og ýlfra, þér munud eta ydar túngur út af ofraun, Apóc. 16, nær hinir munu skýna, svo sem sól í ríki síns Födur; ó, hversu gott væri ydur þá, ad líkhamir ydar, hverja þér svo kappsamliga alid hafid á blódi hins volada, ad þeir, segi eg, aldrei uppríssi til dómsins; en nú er því ei svo varid, því Gud segir, fyrir munn Ezechíelis, 32 kap., ad ydar ránglæti liggi í ydar beinum eptir daudann. Heyrid því ord Drottins, þér, sem meinid ad þér hafid búid ydur hreidur í skýunum! heyrid, segi eg, ord Drottins af Davíds munni, sem var miklu megtugri enn þér, og þó miklu lítilátari: gèfid Drottni dýrdina þér synir hinna sterku, gèfid Drottni dýrdina og prísinn, gèfid Drottni dýrdina hans nafns; bugtid ydur, segjandi: Drottni sé heidur í prýdinni síns helgidóms, já, gjöri svo öll veröldin, háir og lágir; hinn lítilmótligi bródir hrósi sér í sinni upphefd, þad er, í því, ad Gud hafi hann þess virdt, ad líkja hann Syni sínum, hver ed gjördist fátækur þar hann var þó ríkur, segir Postulinn, 2 Cor. 8, en sá hinn ríki í audmýkt sinni, því eins og blómstur grassins mun hann forgánga; segir Jakob, og þannig gèfum vèr bezt Drottni dýrdina, kristnir menn! ecki er þad nóg ad síngja honum lof med munninum, en afneita honum med verkunum; eg elska réttinn, segir Drottinn, eg hata ránid, þad sem tengist vid brennifórnina, Esa. 61. Enginn af oss, sem vill hlut sinn vanda, hann skeitir mjög um þad, ad honum sé hrósad af einhverjum órádvöndum, og hvad mun Gud þá dýrkadur verda af skálkinum, ef hann þylur honum eina sáungvísu, kannské sjálfum sér til gamans og til ad skémta sér med raustinni, sem eg hygg, því verr, ad opt muni henda, jafnvel þá, sem ecki mjög vondir eru, en hjartad er þó ecki alltíd búid til Guds dýrdar. Lofsýng þú önd mín Drottni, og allt hvad í mèr er hans heilaga nafni, segir Davíd, þad er: allt hvad oss fylgir og Gud hefir oss gèfid, þad á ad prísa Gud; hjartad med elskunni, munnurinn med ordunum og raustinni, hinir adrir limirnir med útvortis útréttíngum, svo ad allt hvad vèr gjörum med ord og verk, þad gjörum vèr í nafni Jesú Christí, og þöckum Födurnum fyrir hann. Jafnvel hinir úngu hrafnarnir ákalla Drottinn, segir Davíd, Ps. 147, af því hann hefir skapad þá; og munum vèr þá ecki vera margra hrafnsúnga virdi, sem ecki einasta vorum eptir Guds mynd í fyrstu skapadir og eigum kost á, ad endurnýast eptir henni, heldur og med hans Sonar dauda frá helvíti endurkeyptir? á þessa skyldu vora minnir oss Páll, segjandi, 1 Cor. 6: þèr erud verdi keyptir, dýrkid því Gud í ydrum líkhama og í ydrum anda, hver-

jir ad eru Guds; nú þar vér erum Guds eign, bædi eptir rétti skopunarinnar og endurlausnarinnar, þá erum vér hinir mestu drottinssvikar, ef vér ecki af fremsta megni kostgæfum ad fylla þessa skyldu vora; en hvad er þá ad dýrka Gud í sínum líkhama? þad segir hann oss, Cól. 3: deydid ydar jardnesku limi, saurlífi, óhreinleika, vonda girnd og ágyrni, sem er skúrgoda dyrkan; og í einu ordi ad segja, ad menn stíngi út þad augad og afsnidi þá hönd edur fót sem hneixlar, þad er ad deyda fyrir andann holdsins girndir. Hvad er ad dýrka Gud í sínum anda? hér meinar Postulinn sálina, því hún má fyrst og sídarst heita verdi keypt, hennar dýrkun skilur Gud sér hvad mesta; því segir hin heilaga mey: min önd miklar Drottinn; hún gjördi og svo bædi med ordi og verki, því nema svo verid hefdi, þá mundi ecki hinn alskigni Gud hafa valid hennar líkhama Syni sínum til bústadar; hún segir: því hans nafn er heilagt. Íhugan þessara orda gagnar oss til tveggja hluta, sem bádir eru kristnum manni ómissandi. Pad er vitanligt, ad med þessum Guddómsins hátignar eginlegleika, heilagleikanum, útmálar ritníngin optliga hans yfirburdi yfir allar hans skepnur; þar fyrir kallast hann sá heilagi í Ísrael; þess vegna eru allir hlutir, sem honum vidkoma edur eignadir eru, heilagir kalladir, svo sem er: hans ord, hans kyrkja, hans frumburdir í gl. testamentinu, þad er alltsaman heilagt kallad; Guds dýrdarfullu herskarar, sem þar uppi eru, þeir hafa engan lofsaung, sem vér af vitum, fegri enn þenna: heilagur, heilagur, heilagur ert þú Drottinn Gud! Esa. 6. Nú þar hann er svo heilagur, ad syndugra manna skynsemi fær þad ei gripid, þá á þessi íhugan ad gagna oss til, ad dýrka hans hátign med blygdan vors auglitis, og afþvo dagliga vorn saurugleika med tárum ydranar vorrar, þar vér dagliga framkoma skulum med vorar bænarfórnir fyrir þenna fortærandi eld, vid hvern ecfert saurugt má búa; og í ödru lagi, þar hann svo heilagur er, sem ádur er sagt, þá megum vér kannast vid skyldu vora, ad oss byrjar af fremsta megni ad burtkasta öllum óhreinleika, ef vér viljum hans þjónar vera, sem svo yfirmáta hreinn og heilagur er, og ad vér lifum hóffamliga, réttvísliga og gudrækiliga í heimi þessum, Tít. 2. Hann endurminntist myskunar sinnar, og medtók sinn þjón Ísrael, segir Guds módir; þad gjördi sá blessadi Herra, þegar hann sendi sinn Son í heiminn til ad frelsa þad sem tapad var, til ad gjöra hina blindu heilskigna, til ad lækna hina höltu, hreinsa hina líkþráu, til ad géfa daufum heyrn og til ad uppreisa hina daudu, en allra helst til ad prédika fátækum evangelíum; látum nú og sjá til, ad vér minnumst vorra heitorda, er vér gjördum í skírnar sáttmálanum, ad trúa á hina heilögu Guddómsins þrenníngu, en afneita Djöflinum og öllum hans svikum og vélum; ef vér nú þetta med allri kostgæfni og alvöru höldum, ad svo miklu leiti sem vér afkastad fáum fyrir adstod H. Anda, þá vegsömum vér Drottinn réttiliga í vorum líkhama og í vorum anda, og eigum fulla von á med jómfrú María ad gledja oss í Gudi vorum heilsugjafara, hvar um nú framvegis er nockud ad tala. Minn andi gledst í Gudi heilsugjafara mínum; þetta er sálarinnar gledi, börn mín! en ecki líkhamans sælgæti; þad er í Gudi, segir hin blessada mey, hver ad er brunnur og uppspretta allrar sælu og sjálfur alleina sæll, því kalla eg hann alleina fullsælan, en engan annann, sem smackad hefir hvad sætur ad hann er. Hvad eru vorar óskir í heiminum? margar eru þær, og flestallar heimskuligar, skadsamar,

fullar af sorg og armæðu, en allar líta þar þángað, að vér biðjum um þá hluti, sem oss eptirlángar. En hvað segir Davíð; haf þína unaðsemd í Drottni, og nún hann gefa þér hvað þitt hjarta gyrnist; hvað er það, börn mín? ekkert annað enn hann sjálfur, því svo sem holdligar gyrndir verða aldrei saddar: (fyllin ablar þeim, er þær elska, æ meira húngurs), svo er og laungunin eptir Drottni þvert á móti sín egin saðníng; og þeir eð velta sér í holdligum munaði, þeir gyrnast nú þetta, nú hitt, þegar saðníngin ablar þeim leiða á einum hlut, svo lángar þá í annann, en sá sem er í Guði glaður og til fulls hefir smack-að krapt eptirkomandi aldar, Heb. 6, hann girnist ekki annað enn Guð, hans matur og dryckur er að gjöra hans vilja, sem hann elskar umfram alla hluti, því þar er allur sem unir, segir orðsháttur gamall. Veröldin kallar auð, metorð, sælgjæti og annað þvílíkt, hina mestu sælu, en eg hefi áður nockrum sinnum með rökum sýnt, að í þessu er engin rétt kölluð sæla, heldur blönduð með ángri, erfiði, hugsýki, ótta, þrældómi, og jafnvel hinn mesta sálarháska viðteingslud. En hvað segir Davíð, Psálm. 1: sæll er sá maður, sem hefir sína lyst í lögmáli Drottins, og talar um hans vegu daga og nætur; hvar fyrir, bræður mínir? því hann, sem að Guðs orð og hans réttindi svo mjög iðkar og svo mjög kjær hefir, hann getur ekki farið á mis við það, að elska Guð, hjá hverju allur annar fögnuður og glaðværi er sorg og armæða að reikna, því sá er þessu hlutskipti náð hefir, þeim heitir Lausnarinn, að hann og hans Faðir vilji til hans koma og vistarveru hjá honum gjöra, Jóh. 14; ó, hvernig má þar vanta alla gnógt fagnaðarins, hvar þvílíkir gestir eru að heimboði, jafnvel þótt einhver væri í Daníels ljóna gröf! Þeir hebresku sveinar, Chananía, Mísael og Hazaría, hverjir að leyfi stallarans í hinu Babýloniska hofi neyttu alleina jarðar ávaxta, svo að ekki brytu þeir á móti síns Guðs lögmáli, þeir urðu þó sælligri og fegri álits enn aðrir, Dan. 1; svo eru og þeir, sem í hjarta sínu líta Guðs ásjónu, yfir hverra innra mann hún fegur skín, enn nockur óreyndur kann nærri að geta; jafnvel þótt þá vanti eptirlæti heims þessa, og sýnist aumir og sorgbitnir, samt búa þeir við hinn mesta fögnuð og rósemi hjartans, sem enginn má af þeim taka. Þegar Drottinn Guð sætti mannkynið við sjálfan sig í annað sinn, þá tilbjó hann sinn boga í skýinu, til eins sáttmáls á milli sín og jarðarinnar, Gen. 9, það er allra þeirra, sem á jörðu búa; Ezechíel segir, 1 kap., að líkíng dýrðar Drottins, er hann sá við fljótið Cebaris, hafi verið eins og bogi sá, sem verður í skýunum þegar rignir; dýrðlig var þessi opinberan, er spámaðurinn sá, en miklu er sú vegligri, æðri og inndælli sem birtist í kristins manns hjarta, nær hann sér Guð náðugan, nær hann gleður sig í þeim sáttmálanum, sem gjörður er á millum hans og Drottins, í Guðs eingetnum Syni, hvers búníngi Jóhannes regnboganum samlíkir, Apóc. 10, hvör eð gjörir hann þess fullöruggan, að hans syndir séu honum fyrirgefnar. Drottinn segir, Gen. 9, að hann vilji minnast síns sáttmála, þegar boginn sést í skýinu; en hversu feginn mun syndarinn verða, Drottinn minn! þegar hans augu rigna tárum yðranarinnar, og þinn náðarsáttmáli mindast í þessu skýi fyrir verkan H. Anda, sem ber hans anda vitni um, að hann sé Guðs barn, sem kallar Abba! það er, Faðir sem hrópar: vert þú hughraustur, sonur! þér eru þínar syndir fyrirgefnar. Þegar Guðs menn sáu þessar dýrðligu sjónir, þá urðu þeir máttþrota, svo þar

var ei megn í þeim framar, svo sem Daníel um sig talar í hans málabókar 10 kap; en þegar Guds náðarljómi skín í ydrandi manns hjarta, þá fær hann nýan dug; það geng- ur honum eins og það gékk Ezechíel, er hann sá þessa miklu sýn, er eg fyrir skömmu um- gat, að hann lifnaði við aptur og stóð upp á sínar fætur þegar Drottinn bauð honum, eins bregdur sannydrandi manni við Guds anda blíðlætis ávarp, nær hann telur honum trú um, að hvar sem að syndin yfirgnæfir, þar yfirgnæfi þó náðin miklu framar; hinn nýi maður sprettur upp af fagnaði hans hjarta, eins og Jóhannes í móðurkviði, nær honum til eyrna kémur þessi kvedja, og kann enginn jarðneskur fögnuður að komast í nock- urn samjöfnuð við þessa himnesku gleði; eg má vel kalla hana himneska, ecki einasta þess vegna, að hún frá himnum kémur, heldur og hins, að meiri gleði er í himninum yfir einum syndara sem ydran gjörir heldur enn yfir níu og níutíu réttlátum. Móðir Drott- ins segir hér orsökina til þessa guðdómliga fagnaðar: því hann leit á lægíng ambáttar sinnar; stóra orsök hafði hún til þessa, því margar munu hafa göfugri og meirihattar verið enn hún, sem ecki var meir metin af heiminum enn svo, að hún ei fékk annað rúm í gésta- herberginu, heldur enn einn stall, til að leggja í himins og jarðar Skapara; hún mátti segja eins og Gédeon forðum sagði við engilinn, Jud. 6: hvernig skal eg frelsa Is- rael, þar mín ætt er hin minsta í Manassis kyni, og eg hinn minnsti í húsi míns föður? Ecki er það ofsögum sagt um hinn máttuga Guð, sem Pétur segir, að dramblátum mótstendur hann, en upphefur lítiláta. Hversu mörg dæmi höfum vér þar uppá, að hann hefir útvalið það, sem eckert er fyrir heiminum, svo sem hann valdi Gédeon til að frelsa Israél af hendi Madíanítanna, sem var hinn minnsti meðal síns fólks, svo kjöri hann og þessa örsnauða og fáráða stúlku til móður allrar veraldarinnar Frelsara, og var því öll von að hún fagnaði slíkri upphefð, hjá hverri allrar veraldarinnar höfðíngskapur er þrældómur að reikna; en hvernig sem þessu er varið, þá hugsa með þér, syndugur maður! hversu auðvirdilig að sé sála þín í Guds augliti, þegar þú gjörir hana að þræl Andskotans með iðkun verstu glæpa og misgjörða, sem upptendra Guds réttferðuga reiði; Guð náði, að hún gétur ei sagt, eins og María við engilinn sagði: eg em ambátt Drottins, verði mér eptir orði þínu! heldur verður hún að játa: eg hefi verið fridla Satans og drýgt hóranir með mörgum elskuga, straffa mig ecki í reiði þinni, og typta mig ecki í þinni bræði! Seg mér! hver er þá svo lág, sem sál þín, og hver hefir meiri uppreist hlotið enn hún, nær hann segir til hennar: kom þú aptur til mín, þótt að syndir þínar séu rauðar sem blóð, þá skal eg gjöra þær hvítar sem snjó, og þótt þær séu purpura rauðar, skal eg þær ullhvítar gjöra, Esa. 1. O, hversu miklu meiri orsök hefir þú þá til að gleðjast í hjarta þínu, heldur enn Guds móðir, af því að hún var hans líkhamlig móðir! hún var alltíð Guds barn, þú hefir optliga gjört þig að Djöfulsins barni; Drottinn var hennar holdgétinn sonur, en hann býður þér, ef þú vilt láta af illu og læra gott að gjöra, að hann vilji myndast í þér aptur að nýu, sem Páls að orði kémst, Gal. 4, svo þú verðir hans andlig móðir, og er þessi fögnuður æðri öllum skilníngi, ef þú kant við að taka og með að fara svo sem Guds barn; þetta vottar hann sjálfur, er hann sagði forðum við konuna, er prísaði sælu móður hans: hvað um það? sælir eru þeir sem heyra Guds orð og varðveita þau. Nú

svo sem þessi fögnudur í Gudi er svo gott hlutskipti, ad eckert er þvílíkt, þá er þad ecki í hvers manns hjarta ad finna, því trúin er ecki allra, segir Páfus, 2 Thess. 3, jafnvel þótt þad standi öllum til boda, sem vilja þad til þess vinna ad hafna gledi veraldarinnar, og ecki selja þessa sælu fyrir stundligt eptirlæti syndarinnar; þad er ecki nóg, kristnir menn! ad vilja ná þessum fögnudi; mikid skal til mikils vinna, segir hinn forni ordskvidur; keppist vid ad gánga inn um hid þraungva hlidid, segir Frelsarinn, Lúk. 13, því eg segi ydur, margir vilja þar inngánga og fá þad ei komist. O, hversu mjøg syndgum vér, jafnvel í voru gudrækuis verki, margur hver! ef ad Gud veitir oss einhverri líkhamligan velgjorníng, sem hann dagliga gjørir, þá elska þeir hann kannské og þacka honum þar fyrir, sem gudhræddir vera vilja, og er þad skyldugt ad sonnu, en þau himnesku dásemdarverkin, svo sem útsendíng hans Sonar, ástgjafir H. Anda, fyrirgéfning syndanna, þetta allt, segi eg, svo mikid sem þad er, sem þó er yfir allan máta mikid, þad orkar ecki svo mikils hjá oss, ad vér fyrir hans skuld, er oss allt þetta hefir géfins veitt, viljum forsmá alla veraldar muni; hvad ætli þér ad hinn Alskigni, hvad ætli þér ad hjartnanna og nýrnanna Rannsakari muni dæma um svoddan gudrækni? eg vil segja þad eg meina, ad hann vill segja vid þá, sem alleina finnst til þess, sem kroppnum gagnar, og dugar til ad lifa vel og ríkmannliga í þessum heimi, en meta lítils þad sem þar uppi er, þau stórmerki guddómligrar elsku, sem ei mátti afreka nema med hans Sonar dauda, vid þá vill hann segja, segi eg, eins og vid Phariseos ádur, Matth. 23: vei ydur skriftlærdum og Phariseis! þér hræsnarar! þér ed tíundid myntu, anís og kúmen, en gleymid því, sem meira er í løgmálinu, trúnni, dómnum og miskunseminni, þetta byrjar ad gjøra, en hitt ecki eptir ad skilja. Svo egum vér Gudi ad þacka, hann ad elska og dýrka fyrir líkhamliga hluti, og þad af allri alúd, en þó lángtum framar ad mikla hann, elska, heidra og gledja oss í honum fyrir þau dýru stórmerki hans fødurligrar gjæsku, fyrir hver hann hefir þrifid sálir vorar út af Andskotans valdi. Heyrid hvad Drottinn segir, fyrir munn Hóseæ, 7 kap: þeir ákalla mig ecki af hjarta, þegar þeir emja í svefnhúsum sínum, fyrir kornid og mustina samansafnast þeir, en eru mér þó óhlýdugir; hid sama er ad segja um alla adra Guds þjónustu, er vér látumst veita honum, alleina fyrir tímanliga muni; svo blanda menn saman Guds þjónustu og Mammons, vatni og vidsmjøri, sem alldrei kunna ad þýdast hvert annad, menn sverja vid nafn Drottins og þó undir eins Malcom, eins og Júdar, og dýrkum Gud í hans kyrkju, en sérhver færir fórnir sínu skurdgodi á hædunum, eins og þeir, þad er sérhverjum þeim hlut, er hann metur meir edur jafnt vid Gud; svoddan kristinndómur er líkur fótunum á Nebúchadnezars líkneskju, er sumpart var af leir og sumpart af járni. Drottinn sagdi vid Ezechíel, 44 kap: þessar dyr (hann meinti hins allra helgasta) skulu læstar vera, enginn gángi inn um þær, þvíad Drottinn Israels Gud hefir þar um inngengid; þú skalt og minnast þess, sem ert einn andligur Israels madur, hvad Gud lofad hefir um sinnar kyrkju vígslu, sem er þitt hjarta: eg skal géfa ydur nýtt hjarta, og einn nýan anda skal eg setja medal ydar; þetta endir Gud ad vísu vid alla þá, sem honum eru helgadir í skírninni, og ecki saurga aptur hans musteri med ydrunarlausu framferdi; en sídan þú hefir hans hásæti og stad hans fóta, Ezech. 43, þad er Guds ríki, inni hjá þér,

þá lúk þeim dyrum aptur, hvar hann inngéck, og leif eugum þar inn ad koma til gistíngar, nema honum og hans Kristi, sem er hinn ædsti prestur, og hans umbodsmonnum (þvi hinum ypparsta presti og hans umbodsmanni leyfdist inn ad gánga í þad allra helgasta); lát þar því innkoma gudrækiligar áminníngar og holla lærdóma Guds ords þénara, og annarra gudhræddra manna, med þvílikum géstum má hann gjarna sess eiga. Þú munt kannské segja: hverníg má eg fá því vidkomid, ad hugsa eckert annad enn um Gud, á medan eg ber eptir mér þetta veika hold? Halt kyrru um stund, barn mitt! í Jerúsalems musteri voru stadir heidíngjunum ætladir fyrir utan þann midveggiun, er Drottinn nidurbraut, þegar hann kom til síns musteris, þar var og stadur fyrir þá, sem Gydíngar hofdu gjorst, fyrir fólkid og fyrir Levítana og kénnimennina, sem voru af hinni lægri rød, en hinn ypparsti prestur, edur og hans umbodsmadur, géck alleina inn í þad allra helgasta; þar eru og í Guds musteri, sem er þitt hjarta, margar verur, þad kann ad vera fyrir hégóma veraldarinnar, er þú dagliga heyrir, lát þær alldrei komast inn fyrir midvegginn, heldur haldt þær fyrir einn heidingja, sem ei megi saurga Guds musteri; þar er og stadur fyrir naudsynliga umhyggju þessa fallvalta lífs, fyrir náúnganum og fyrir embættis útréttíngum vorum; en hid innsta af hjarta þínu skalt þú Drottni helga, þad skalt þú dagliga hreinsa med sannri ydran, þad skalt þú uppfylla med reykelsi bænarinnar, þad skalt þú prýda med skarti vonarinnar, trúarinnar, kjærleikans; en um alla hluti fram med elskunni til hans, þá vill hann til þín-koma og vistarveru hjá þér gjora; þar munt þú sjá hans dýrd svo sem í nockurskonar skuggsjá, þar mun hann láta þig smacka, hvad sætur hann er, og þar mun hann jafnvel í hinu mesta volædi kénna þér, ad mótlætíngar þessara tíma séu ecki verdar þeirrar dýrdar, sem vid oss mun framkoma í eylífu lífi; hverrar njótandi ad verda oss unni og veiti hinn nádugi Konúngur eylífrar dýrdar, fyrir Jesúm Christum, amen!

Fimta Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 5 Kap.

Í þann tíma; og þad skédi, þá ed folkid flycktist ad honum til ad heyra Guds ord, og hann sjálfur stod vid sjoinn Génezareth, og hann leit tvo skip standa vid sjoinn, en fiskararnir voru stignir af skipunum og þvodu netin; hann sté þá uppá annad skipid, þad sem var Símonar, og bad hann ad draga nockud frá landi; og hann sat og kéndi folkinu af skipinu. Og sem hann gaf upp ad kénna, sagdi hann til Símonar: drag þú ut á djúpid, og leysid upp ydar net til fiskidráttar. Símon svaradi og sagdi til hans: meistari! í alla nott hofum vér erfidad, og fengum eckert, en í þínu ordi mun eg netinu útkasta; og þá er þeir hofdu þetta gjort, innilukti þeir mikla mergd fiska, svo ad þeirra net rifnudu; og þeir bendtu sínum félogum, sem voru á hinu odru skipinu, þad þeir

kjæmi þar og hjálpudu þeim; og þeir komu, og hlodu bædi skipin full, svo ad þau sucku ad mestu. Þá ed Símon Petur sá þetta, féll hann til knjánna Jesú og sagdi: gack frá mér, lávardur! Þvíad eg em madur syndugur, af því ad felmtur var yfir hann kominn og alla þá, sem med honum voru, af þeim fiskidrætti, er þeir fengu til samans, líka og einnin yfir Jakobum og Johannem, sonu Zebedeí, sem ad voru lagsmenn Símonar. Og Jesús sagdi til Símonar: ottast þú eigi, þvíad hédan í frá skaltu menn veida. Og þeir drogu sín skip ad landi, yfirgáfu alltsaman og fylgdu honum eptir.

Exordium.

Blessan Drottins gjørir ríkan fyrir utan mædu, segir Salómon, Ordskv. 10; ecki meinti hinn vísi konúngur þad, ad ei skyldu syndugir menn hafa ómak og erfidi fyrir næríngu sinni; þad var ecki hans ad raska því logmáli, er hinn alvaldi Konúngur setti strax eptir syndafallid, ad med erfidi skyldi madurinn sig af jordunni næra, og í sveita síns andlitis brauds síns neyta, Gén. 3; hitt er hans meiníng, ad hvert sem hinn gódi Gud lætur einum aud edur armód tilfalla, þá sé hann samt ríkur, ef hann óttast Drottinn, leitar hans blessunar og næríngar sinnar í hans nafni; hinn ríki ad sönnu, því þótt honum audur blotnist, þá festir hann ecki hjarta sitt þar vid, svo sem David býdur, Ps. 62, ef hann er Guds barn, heldur stundar eptir ad vera ríkur í gódum verkum, svo sem Páìus fyrir mælir, 1 Tím. 6, og etur svo braud sitt med gledi og gódri samvitsku, hans erfidi fellur honum létt, og hann þiggur blessan Drottins med audmýkt og þacklæti af hans orlætis hendi; svo gjørdi Abraham, Isaak og Jakob, forfedur, og margir af þeirra nidjum hafa fetad í þeirra spor; eins er hinum fátæka varid, ef hann elskar Gud, hann stundar ad verda í honum ríkur; þegar hann hefir Drottinn, þá skeitir hann hverki um himin né jord; honum þykir sér borgid vera, þegar hann hefir eignast hann, sem alla veroldina hefir ad erfdum tekid, Christum, Psálm. 2, því temur hann sér med Páló, bædi hár og lágur ad vera, bædi nóg ad hafa og skort ad lída; þannin hrósar hinn andvirdiligi bródir sér í upphefd sinni, og hinn ríki í sinni nidurlægíngu, Jak. 1. Dæmi uppá svoddan ríkdóm og fátækt hofum vér í þessa dags h. evangélió á St. Petri og hans félogum, þar þeir hofdu alla nóttina erfidad og eckert fengid, en sídan innilukti þeir mikla mergd fiska. Hér útaf vil eg tvent athuga í þetta sinn: 1) ad oss byrji þolinmódum ad vera í orbyrgdinni; 2) þacklátum og audmjúkum í velgeingninni. Hjálpa oss til ad hugleida þetta svo sem ber, þú alleina ríki Konúngur og skapari himins og jardar! fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Ialla nótt hofum vér erfidad og fengum eckert, segir Petur; textinn brúkar hér þad ord, sem merkir: ad erfida sig þreittan, og fyrir því hefir Guds madur hér nockra afsökun, og vildi svo sem hafa sig undanþeginn ad reyna til framar, nema Drottinn hefdi honum þad bodid. Vidlík freistni hendir, jafnvel margan þann, sem vill óttast og elska Gud, þegar hans erfidi og athafnir luckast ecki; hann þeinkir med sér: eg vinn baki brotnu, eg bid Gud mér til hjálpar, eg slæ engin vindhogg í mínum atburdum, svo eg skynjad fái, og er fráskeiddur allri óráduendni, ad eg vilji taka míns náúnga braud frá hans munni, edur eta mitt braud í annara sveita, þó luckast ecki mitt verk, en annarra, sem midur bera sig ad, hefir gódan framgáng og þeim áorkast, þótt þeir yrki ecki, og hinn Almáttugi hann elur

þá sofandi, Gud mun mér án efa reidur vera, og hann setur mínar heimugligar syndir fyrir sitt augliti; þvílíkt kann mønnum í hug ad fljúga, jafnvel þótt Guds vinir séu, þegar ecki verdur framgengt þad þeir hyggja sér til beztu nota; en lærid þad af dæmi Peturs, kristnir menn! og hans verkanauta, ad þér ei látid slíka þánka koma í ydar hjørtu. Í ødrum af þessum fiskibátum var Petur og bródir hans Andreas, en í ødrum þeir Zebedeí synir, frændur Drottins, Mark. 1; hversu dátt hann hafi elskad þessa fiskara, þad gaf sídar raun vitni um, og medal annarra, þegar hann þvodi fætur þeirra, þegar hann taladi fyrir þeim hina hjartnæmu prédikun, sem ritud stendur, Jóh. 14, 15, 16 kap., eptir kvøldmáltídina, þegar hann leifdi þeim ad sofa og hvílast, þá hann sveittist blódinu undir þeirra og allra manna syndum, þegar hann bad þeim orlofs úr mordíngja høndunum, þegar hann leitadi ad þeim, upprisinn af dauda, er hann þó skømmu ádur yfirgéfid høfdu, og sérdeilis Petri, er mest hafdi tilunnid, þó lætur hann þá hér alla nóttina forgéfins erfida; og ef hann breitti svo vid þá, því megum vér þá kunna hinn Alvísa fyrir þad, ad hann sýnir oss jømu nád, sem hinum kjærustu vinum sínum, hverra skóþvengi vér erum ei verdugir upp ad leysa, edur ad þurka af dupt fóta þeirra. Ætli því enginn, ad sá muni vera hinn bezti Guds vinur, sem hann lánar mest af veraldar munum, en ad hann hafi skotid hinum frá sér, er hann lætur þá vanta, annars badadi Nabal í Guds skauti, en Davíd, sem nærri því fór á vonar vøl med sveit sinni fyrir ofríki Sáls konúngs, hann væri útrekinn frá hans augliti, Lazarus væri burtkastadur, en hinn ríki sælkéri inntekinn í Guds vináttu. Dæmum því ecki eptir holdinu, Jóh. 8, kristnir menn! heldur lærum af þessum Guds hetjum ad varpa allri vorri áhyggju uppá hann, því hann mun því vel til vegar koma, Ps. 37, hvad sem hann lætur oss til handa bera. Þad hjálpar ecki til ad hlaupa, ad vera skjótur, ecki til bardaga ad vera sterkur, svo hjálpar þad og ecki til ríkdóms ad vera áhyggjusamur, því þad er satt, sem Sýrach segir, 11 kap., ad lucka og ólucka, líf og daudi komi af Drottni, og hann géfur þad hverjum hann vill. Hver vill segja vid hann: hvad gjørir þú? Meistari! í þínu nafni mun eg netinu útkasta, stendur í gudspjallinu; þetta ord, meistari, þýdir verkstjóra eptir textanum, edur og høfdíngja, edur forrádamann; ef hann er herrann, má þá banna hønum ad skipa mér ad erfida, jafnvel forgéfins, ef hønum svo líkar? eg á ecki meira af idju minni, heldur enn hann mér skamta vill svo sem ødrum verkþræl, en eg veit, ad hann er trúr og freistar einkis yfir megn fram, og ecki má eg svo vid hann breita, svo sem sumir af vorum verkamønnum vid húsbændur sína, nær þeir þykjast þreyttir vera, vilja þeir eckert verk framar vinna; ecki má eg heldur svo rángeygdur vera ad sjá ofsjónum yfir því, ad hann lénar ødrum meiri hamíngju í sínu erfidi, því hann tók þad ecki af mínu, sem hann gaf hønum frekar enn mér, sérdeilis þar eg veit ecki hans tilgáng; hann hefir tíma og hentugleika sett í sínu valdi, Act. 1, en ecki mínu; hver hefir nockurn tíma hans rádgjafi verid? Róm. 9; hitt sé eg af dæmunum, bædi fornum og nýum, ad Gud lénar audinn sumum mønnum, til þess ad hans þolinmædi og gjæska dragi þá til ydranar, en nockrum, þad er, þeim seitíngjunum, sem upp hafa fyllt mælir syndanna, til straffs og hegníngar, svo sem menn ala einn uxa til slátrs.

Aptur má það þeckja, að Guð sviptir sín börn þessum veraldar hégóma til þess, að deyða þar með holdsins girndir, til þess að reyna stødugleik trúar þeirra, eins og Jobs, ecki fyrir því, að hann þecki hann ecki sjálfur bezt, heldur að þeir, sem hann elskar, læri að þeckja sjálfa sig og treysta ecki ofmjøg mætti sínum í andligum efnum, og læri að segja með Pá-ló: þá eg em veikur, þá em eg máttugur; það gjørir, sá blessaði Herra og svo til þess að venja oss af brjóstum hinnar fláráðu skjækju, veraldarinnar, og að menn þecki allt það sem í heiminum er, það er ecki annað enn fýsn holdsins, lysting augnanna og drambsamt líferni, 1 Jóh. 2, og læra að skynja það, sem þar uppi er, og að vor borgar-réttur er á himnum, hvaðan vér væntum Frelsarans, Jesú Christí, Phil. 3, hver þótt hann væri ríkur, segir Postulinn, gjørdist hann fátækur, svo að vér fyrir hans fátækt ríkir yrðum, 2 Cor. 8. Því skylda eg møgla á móti honum, sem að veit alla hluti? allir eru þeir opnir og naktir fyrir honum, segir Postulinn; eru ecki þetta Guðs Sonar orð hjá Matth. 6: yðar himneskur Faðir veit, að þér hafið alls þessa þørf, og ecki einasta veit hann það, heldur og skortir hann ecki mátt til að hjálpa; er hans hønd nockuð stutt orð-in, svo hann ei hjálpa kunni? Esa. 59; jørðin er hans og allt hvað þar í er, jarðar-kringlan og allir þeir eð á henni búa, Ps. 24; nær hann talar, svo skéður það, nær hann býður, verður það, Ps. 33; eður mun hann gjæskuna bresta til að vilja hjálpa? hafi hann skapað sál og líf, og furðuliga þeim viðhaldið allt til þessa dags, og géfið oss það bezta, er hann átti, sinn eingétinn Son, til að frelsa oss úr kvølunum, sinn H. Anda til að helga oss, að hann sé pantur vorrar arfleyfðar og eylífs lífs, mun hann þá ecki géfa oss það vér viðþurfum til þessa lífs næringar, þótt hann láti stundum misbrest á því verða, þeirra orsaka vegna, er hann sjálfur veit, en vér fávísar manneskjur skynjum ecki? eða segir ecki Postulinn berliga: hann sem gaf oss Soninn, mun hann ecki géfa oss alla hluti með honum? Hann hefir sjálfur látið oss búa við þann kost er hann vill, er oss skapað, endurleyst og helgað hefir; ef hann nú elur fuglana undir himninum, svo að einn titl-íngur af þeim fellur ecki á jørðu án hans vilja, ef hann prýðir grasið, það í dag er á akri, framar enn Salómon konúng í allri sinni dýrð, og verður þó á morgun í ofn kastað, Matth. 6, mundi hans gjæska þá neita oss þess, er vér skulum neyta og klæðast með, oss, sem fyrir hans Sonar dýra blóð og sáru kvøl erum hans børn orðnir? mundi hann, segi eg, neita oss þessara hluta, nema að hann vissi, að oss gagnaði á stundum að missa þá; og jafnvel þótt hann tæki lífið af oss, með hverju móti sem honum þóknast, þá verum þess fulløruggir, að hann gjørir það til þess, að vér skulum finna það eylífliga, því það skal ské, að hver hann trúir á Soninn, þótt hann deyi, þá skal hann samt lifa, Jóh. 11; og høfum það fyrir víst, að hverki líf né dauði, hverki englar né høfðingjadæmi, hverki hið nálæga né hið eptirkomanda, hverki hæð né dýpt, né nockur annar skapaður hlutur muni fá oss skilið við kjærleika Guðs, sem að er í Christó Jesú, Drottni vorum, Róm. 8, hversu óvænliga sem oss horfa þykir. En þó að Guði þocknist að láta vort erfiði og ástundan misfalla, kristnir menn! þá letjumst ecki í því, að hvað vér gjørum, það gjørum vér í nafni Jesú Christí, og þøckum Føðurnum fyrir hann. Þótt Petur hefði ecki fiskað alla nóttina, né hans félagar, og voru svo afstignir skipunum, úrkula vonar um frekari fiskiveiðar

í það sinn, samt heyrðu þeir Guðs orð og hina ágjætu Drottins prédikun; breytum og þannin: þó vort erfiði luckist ecki á stundum, þá gleymum ecki Guði, því eitt er nauðsynligt; leitum þar fyrir hans ríkis, og hans réttlætis, þá mun oss allt annað tilleggjast, Matth. 6, ef ecki svo sem vér viljum, þá svo sem hann vill, hvers vilji að vér dagliga biðjum að verða skuli, og gjörum verk vorrar kallanar í ótta Drottins, eptir hans boði; svo gjörði Petur: í þínu orði, það er: eptir skipan þinni, vil eg netinu útkasta. Máttugur var Jesús að láta fiskana hlaupa lifandi upp í skipið, ecki síður enn að láta Petur finna peninginn í fiskjarins munni, Matth. 17, þó skipaði hann honum að draga út á djúpið, eptir það hann hafði hlýdt Guðs orði. Tvent er hér að læra: eitt, það sem eg fyrir skömmu áminntist, að menn byrji öll sín verk í Guðs nafni, og að honum með sér tilkölludum; svo gjörði Petur, því á virkum degi hefir þetta verið, annars hefðu þeir ecki farið til fiskiveiða; hitt annað, að menn brúki þau meðöl, sem Guð hefir kennt og boðið, í útvegum næríngar sinnar, en grípi ecki til óleyfiligra hluta, þegar ecki vill áorkast. Í þínu orði vil eg netinu útkasta; net þýðir marga hluti í h. ritníngu; það merkir svikræði og vélar óráðvandra og guðlausra manna, þeir eð stela, ljúga, svíkja, ræna, kúga, hræsna og á tálar draga einfaldar sálir til ábata sér; þessir kasta netinu út í Andskotans nafni, og þó það megi luckast um stund, þá munu þeir um síðir óluckuna veiða; um suma af þeim talar Salómon, Orðskv. 29: sá sem hræsnar fyrir sínu sínum, hann breiðir net fyrir hans gáng; en Davíð segir, hver útforin muni verða, Ps. 9: í því neti, er þeir falið hafa, er þó fótur þeirra fánginn. Það merkir og ofbeldi þeirra, er draga alla hluti til sín með valdi og ofríki; svo segir ritníngin um konúnginn af Babýlon, Habak. 1, að hann hafi fært fórnir fyrir neti sínu, það er: hann hafi þackað magt sinni og atburðum allan sinn sigur, og það vald, er hann fengið hafði yfir öðrum kóngaríkjum, hver eð hann dró til sín, svo sem þegar fiskar veiddir eru; þessir kasta netinu út í sínu egin nafni, og eru hinum fyrri engu betri, því þeir gleyma Guði himnanna, frá hverjum að sigurinn kémur, en treysta á mátt sinn og meginn. Þetta orð þýðir og: Guðs bráða hefnd yfir hinum stoltu veraldar sonum, hver eð yfir þá kémur á stundum, nær þeir minnst hyggja, svo sem netið yfir fiskinn, svo sem jóðsótt yfir ólétta konu, 1 Þess. 5; þetta net er víst öllum þeim er upphefja sig á móti Guði, og ecki géfa honum dýrðina; þess gétur hjá Ezech. 17, þar eð segir: eg skal útþenja mitt net yfir hann, og hann skal í mínu neti fánginn verða; því vil eg nú í hinum síðara partinum með færstu orðum hugleiða: hversu að vér egum í meðlætinu auðmjúkir og þacklátir að vera.

Guðspjallið segir, að þegar þeir fengu þenna mikla fiskidrátt, þá hafi Petur kropið að knjám Jesú; þetta var þacklætis merki hans, annað hafði hann ecki Guðs Syni að gjalda, annars krefur hann ecki heldur af neinum, því hann er einkis þurfi; það sýndi hann optliga, jafnvel í hans lægíngarstandi, þegar hann vildi brúka vald sitt, og það ecki sízt með þessari dýrðligu jarðteikn. Svo sem það Guð segir fyrir Davíðs munn, Ps. 50, að hann vilji ecki segja manneskjunni til, ef hann húngrar, því að allt silfur og gull sé hans, og öll trén á morkinni og öll dýrin á skógnum; svo er af þessu dæmi ljóst, að Drottinn Jesús hefir, eptir manndóminum, þegið af sínum Föður vald yfir öllum skepnum

Guds, og allt hvad vér medtøkum af Guds hendi, þad veiist oss fyrir hans skuld, á høn-um þar fyrir skyldugar þackir ad gjalda, og í hans nafni ad bidja um allt þad vér þiggja þurfum af hinni almáttugu hendi; þar fyrir segir Páluss, 1 Þess. 5: bidjid óaflátanliga og gjørid þackir í øllum hlutum, því þad er vilji Guds fyrir Christum Jesúm í øllu vid ydur. Petur var svo þacklátur vid Drottinn fyrir einn fiskidrátt; en hvad marga høfum vér nú þegid? satt er þad, ad hinn stóri allsherjar Drottinn hefir látid eitt edur tvo ár á stundum vorar fiskiveidar misfalla, eins og Peturs í þetta sinn, um nóttina fyrir þetta mikla happ, en sídan hefir hann yfirfljótanliga á morgum árum uppfyllt oss med blessan sinni af sjónum, svo ad hefdum vér haft framsýni Jósephs og safnad á þeim gódu tímunum, þad oss og náúnganum hefdi kunnad ad hjálpa á þeim vondu, er vér svo køllum, þá hefdu ecki þær hinar møgru kýrnar uppetid þær feitu. En hvert þacklæti høfum vér nú goldid Gudi þarfyrir? þad finnur hver einn, þegar hann athugar grandgjæfiliga med sjálfum sér, hversu lítt honum hafi verid hugad um ad offra Drottni losgjørdinni, þegar hann hvad mesta blessan hefir af hans hendi medtekid, jafnvel þótt ad allir kristnir menn viti, ad þeir séu skyldugir til ad þacka honum eins vel fyrir mótlæti sem medlæti. Segid mér, er hann nockrum nockud skyldugur? hver hefir honum géfid? hver hefir honum lánad ad fyrra bragdi? og hvad segi eg, ad fyrra bragdi, hver hefir honum nockud nockurn tíma géfid? því þad er vér látumst útiláta vid þá, er hann skipad hefir, þad tøkum vér þó ecki af voru, heldur af hans, sem bædi á oss og allt þad, er vér køllum vort; hvílík er þá sú fásinna, ad vér ecki dagliga skulum ad Guds knjám krjúpa til ad offra honum þacklætinu, fyrir þær ómetanligu velgjørdir, er vér á hverri stundu þiggjum af hans ørlætis hendi, ecki einúngis líkamligar, er oss þykir mest tilkoma, heldur og andligar, sem eru miklu dýrari, ef vér hefdum rækt, edur vitsmuni móti ad taka. Ecki þókti Drottni svo mikils verdt um þenna fiski-abla, því hét hann Petri ødru, sem var miklu ágjætara, er hann sagdi: hér eptir skaltú menn veida; eg skal gjøra yckur ad manna fiskurum, sagdi hann skømmu sídar vid þá Zebedei sonu, þad er, ad þeir skyldu bædi sig og sína tilheyrendur hólpna gjøra, svo sem Páluss sagdi vid Tímótheum, 1 Tím. 1. Þessa høfum vær adnotid, þar hljómur þeirra er og oss til eyrna kominn, vér sem búum hér á útskjækli veraldarinnar, útlægir, svo ad segja, frá ødrum løndum, og þarfyrir eigum vér hinum góda Gudi hvad mestar þackir ad gjalda, og ecki einasta ad heidra hann fyrir kornid og mustina, þad er fyrir mat og dryck, eptir hverju ad leita heidnar þjódir, Matth. 6, heldur fyrir þad lífsins braud, sem er af himnum ofan komid, og fyrir þad vatn, eptir hvert ad engan mun þyrsta, þann sem af því dreckur, Jóh. 4, þad er sjálfur Jesús, sem gáfur hefir mønnunum géfid, upp-farinn í hædirnar; en þad er ecki nóg ad látast þacka Gudi med munninum alleina, hjart-ad á ad fylgja med, og hin mesta audmýkt og undirgéfni andans. Þegar þeir Petur høfdu fengid þenna mikla fiskidrátt, þá stendur í gudspjallinu, ad hann hafi sagt vid Jes-úm: vík frá mér, lávardur! mundi hann nockud kvedja honum bygd, svo sem Gadarení, Matth. 8, edur yfirgéfa hann; svo sem Kapernaums borgar menn, Jóh. 6, edur úthýsa honum, svo sem hinir Samarísku, er hann ferdadist til Jerúsalem gégnum bygd þeirra? fjærri er því; hin mesta hjartans audmýkt og þecking síns óverdugleika hefir þríst honum

til ad tala þessi ord; þad er audsært af orsökinni, er hann færir hér til: því ad eg em madur syndugur. Svo er nú mannlig náttúra veik, ad hún stendst ecki Guddómsins nálægd, hún álítur heldur í fyrstu sinn óverdugleika, heldur enn Lausnarans forþénustu; í heilt ár hafdi Petur þeckt Jesúm og heyrt hans kénníngar, þegar þessi dýra jardteikn var gjör, og þó var hér svo sem hann mistreysti í fyrstunni hans nád, er honum þó skömmu ádur hafdi svo nádugur verid. Þú ert inngenginn til mín, Guds madur! sagdi eckjan í Sarepta, til ad minnast ránglætínga minna og deyda son minn, 1 Reg. 17; hvar fyrir? þvíad hún taldi sig óverduga vegna synda sinna, og þóktist ecki svo lifad hafa, sem hæfdi Guds sendiboda; Manóah sagdi vid húsfreyu sína, Júd. 13: vid munum vissuliga deya, því vid höfum séd Drottinn. Hvad veldur þessu? þvíad samvitskan, nær hún er skélfd og ángrud vegna syndanna, þá gleymir hún forþénustu Medalgángarans, en hugleidir Gud alleina, svo sem strángan dómara og hegnara ránglætisins; svo meinti og Petur í þetta sinn, ad réttlátir einir mættu búa med Christó, hinum ödrum væri hann einn fortærandi eldur, jafnvel þótt hann væri í heiminn kominn til ad kalla synduga, og ecki réttláta til ydranar. Þetta verkar nú umþeinkíng syndanna og réttlætisins í fyrstunni hjá Guds börnum, og þótt ad í sliku sé veikleiki nockur, þá þénar hann, svo sem allt annad, þeim til góda sem óttast Gud. Fyrir því, nær þú framkémur í þinn bænastad til ad þacka Gudi fyrir velgjördir sínar, edur ad bidja nockurs af honum, þá ber saman hans hátign og þitt volædi, hans gjædsku og þína vondsku, hans réttlæti og þínar mörgu syndir, hans þolinmædi og þína þvermódsku, hans almætti og þinn vanmátt, og mun brádliga felmtur yfir þig koma, ecki sídur enn þá Petur, og þitt hjarta smelta í þér, svo sem annad vax, af tilfinníngu Guds reidi yfir syndunum og helvítis kvala, sem þær hafa unnid til; og nær þú þannig staddur ert millum vonar og ótta, þá muntu heyra med Petri af Guds álfu: éttast ecki! já, vertu hughraustur, sonur! þér eru þínar syndir fyrirgéfnar. O, vor Gud! nær hin kalda og bitra daudans stund oss ad höndum ber, og samvitskan tekur ad áklaga oss, minníng syndanna ofbýdur oss, Djöfullinn hrellir oss med þeirra minníngu, og gjörir hvad mest úr þeim, en lítid úr þíns Sonar verdskuldan, sem þó er öllu meiri, þá lát þinn H. Anda mæla þessi fögru ord í hjarta vorn, og bera vorum anda vitnisburd þar um, ad vér séum Guds börn; bænheyr þad, himneski Fadir! fyrir Jesú blessada forþénustu, amen!

Sjötta Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 5 Kap.

Í þann tíma; Jesús sagdi til sinna lærisveina: eg segi ydur, nema svo sé, ad ydvart réttlæti yfirgnæfi meir, enn þad hinna skriftlærdu og Pharíseanna, þá munud þér eigi inngánga í himnaríki. Þér hafid heyrt hvad sagt er til þeirra gömlu: ecki skaltu mann vega, en hvor hann vegur mann, sá verdur döms sekur; en eg segi ydur þad, hvor hann reidist brodur sínum, sá verdur döms

sekur; en hvør sem ad segir til brodur síns: raka! hann verdur ráds sekur; en hvør sem segir: Þú afglapi! hann verdur sekur helvítis elds. Þarfyrir, nær ed þu offrar þína gáfu til altaris, og þér kémur þar til hugar, þad þinn brodir hafi nockud á moti þér, þá láttu þar þína gáfu fyrir altarinu, og far ádur ad sætta þig vid brodur þinn, og kom þá ad offra þína gáfu. Vertu snarliga samþyckur þínum motstodumanni á medan þú ert enn á vegi med hønum, svo ad eigi selji þig þinn motstødumadur domaranum, domarinn selji þig þénaranum, og verdir svo í dýblissu kastadur; sannliga segi eg þér, ad eigi muntu þadan út fara, þángad til þú hefir borgad hinn sídasta pening.

Exordium.

Þér villist, þar þér vitid ecki ritníngarnar, sagdi Drottinn vid Sadúceos, Matth. 22; med vidlíku móti ávarpadi hann Phariseos, Mark. 7: þér ónýtid Guds bodord, svo ad þér haldid setnínga ydar, og þad gjørir hann satt, bædi í greindum kapítula Marci, og svo hinum 23 Matthei. Þad er hverju ordi sannara, sem Páll skrifar, ad holdligur madur skynji ecki hvad Guds anda er, og þad sé hønum heimska, 1 Cor. 2; þad er ljóst af dæmi hinna skriftlærdu, er kølludu sig ad hafa lykil vitskunnar, en útløgdu þó ritnínguna eptir sínum eginn þótta; þad auglýsir hinn stóri Biskup med þá vellærdu túnguna í þessa þessa h. dags evangélio, þar hann sjálfur útleggur løgmálid lángtum ødruvís enn Gydínganna vitríngar héldu; hver hans útskíríng ad mestu leiti er vidtekin af flestum þeim, ed kristnir kallast, þó er þar í ein grein, sem ecki kémur øllum saman um, þad er þessi: vertu snarliga samþyckur þínum mótstødumanni, á medan þú ert enn á vegi med hønum, svo ad eigi selji þig þinn mótstødumadur dómaranum, og dómarinn selji þig þénaranum, og verdir þú svo í dýblissu kastadur. Ut af þessum ordum Drottins hafa einþyckir og skynhelgir menn þad spunnid, ad ei leyfist kristnum mønnum ad eigast løg vid fyrir sínu yfirvaldi; og því verr, ad í landi voru eru þeir, er leggja þad út á hinn versta veg, ef nockur er vandlætíngarsamur í því, ad sækja Guds og konúngsins rétt, ad forsvara virdíngu sína og fjárhluti fyrir ásælni vondra manna, ad styrkja málefni eckjunnar og hins fødurlausa, og kalla, ad þad komi ecki einum vid, og jafnvel þótt ad løgræníngurinn sé hønum vandabundinn, og nefna slíkt órós og fridar-spillir. En eg mun med fám ordum sýna: ad ei sé þad Lausnarans meiníng, ad banna kristnum mønnum ad sækja rétt sinn, og þar hjá: ad vor réttargángur eigi ad vera án alls haturs og reidi. Þú réttláti fridarins Gud! géf oss nád þíns anda þar til, ad þetta eyrendi vel luckast megi, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Þótt ad ecki væru adrar rokksemdir til þess, ad Lausnarinn ei tali hér um veraldligan rétt, heldur um þad réttlæti, sem fyrir Gudi gildir, þá er sú nóg, ad hann segir í øndverdu gudspjallinu: nema ad ydar réttlæti yfirgnæfi framar, enn hinna skriftlærdu og Pharíseanna, þá kunnid þér ecki inn ad gánga í Guds ríki. Vitanligt er þad af gudspjalls-søgunum, ad ecki hofdust þessir skynhelgu menn þá hluti ad, sem veraldarréttur kynni ad fella þá fyrir; en fyrir því, ad Guds dómar eru ecki eins og mannanna dómar, þeir dæma eptir gøgnum og vitnum, en hann ecki eptir því sem hans auga sér, edur hans eyra heyrir, heldur rannsakar hann hjortun og nýrun, Ps. 7, fyrir því, segi eg, tekur Lausnarinn til ad

útskíra hid fimta bodord fyrst, og sýnir, ad ecki einasta manndráp edur útvortis misþyrmíngar sén fyrir Gudi sakuæmar, heldur og reidin í hjartanu, og óvirdíngar ord þau, er framkoma af munninum. Ef menn nú þetta fyrir satt halda, sem eg hygg ad allir gjøra muni, sem þessa ritníngu vel rannsaka, hver vill þá segja, ad Frelsarinn meini í þessum kapítula fyrr edur sídar, veraldligan réttargáng? Ad þessu lýtur þad, er sídar stendur í gudspjallinu: nær þú offrar þína gáfu fyrir altarinu, og þér kémur þar til hugar, þad þinn bródir hafi nockud á móti þér, þá láttu þar þína gáfu fyrir altarinu, og far ádur ad sætta þig vid bródur þinn og kom þá ad offra þína gáfu. Segid mér, hver á ad þiggja offrid, Gud edur sýslumadurinn? hvada dómari mun þá meintur í þessum ordum: ad ecki ofurselji hann þig dómaranum? eg meina Gud, því á myskunsemi hefir hann þóknan og ecki á offri, Hós. 6, en veraldar hofdíngjar, því verr, þeir hafa margur hverr þóknan á offri, en ecki á myskun, nær þeir taka fé til ad réttlæta hinn ránglátá, en fordæma hinn saklausa án allrar vægdar og myskunar; og svo sem þad Drottni ecki þóknadist offur hinna heimsku, Préd. b. 5, ødruvísi enn svo hann segir, Esa. 66, ad hver hann slátrar nauti, þad er sem hann slæi í hel, hver hann lógar saud, þad er sem hann afhøfdadi einn hund, hver hann færir fórn, svo sem offradi hann svínsblódi, sá ed reikelsi brennir, svo sem hann gjæfi þad skúrgodi, svo vill og Frelsarinn segja, ad øll Guds þjónusta þess, sem er missáttur vid sinn náunga, þann er hann hefir afgjort vid, hún sé andstygd fyrir Gudi, ef hann má annars sáttum ná, og því ályktar hann med þessari grein: vert snarliga samþyckur þínum mótstødumanni, á medan þú ert enn á vegi med honum, svo ad eigi selji þig þinn móttstødumadur dómaranum, o. s. fr. Ad dómarinn sé Gud, allsherjar konúngur, þar er enginn efi á, hann einn á vald á ad kasta þeim hann fordæmir í þad fángelsid, hvadan ecki er endurlausn, sem er helvíti, og ad þad sé hér meint, vottar eptirlíkíngin um hinn vonda þjón, er ritud stendur Matth. 18, hann á og alleina himnaríkis vald. Fyrir hvers réttlæti vér inngaungum í Guds ríki er alkunnugt, ecki Pharíseanna, ecki vort egid, edur heilagra manna, heldur hans, sem er Jéhóva, vort réttlæti, Christus, en hans réttlæti má enginn ná, fyrir utan þad, ad hann sé vid sinn bródur sáttur, í sínu hjarta ad minnsta kosti, og vilji ofgjort hafa þad afgjort var. Nú er enginn heilvita madur sá, ad ef hann hefir misgjort vid nockurn, ad hann ecki heldur leiti sátta til hans, heldur enn ad mæta fyrir dómaranum, hver ed, auk þegnsins réttar, fellir á hann konúngsins sok, sérdeilis þar konúngarnir hafa eptir látid slíkar sáttir, nær málum er svo háttad, ad ecki snertir Guds æru, né tign þeirra. Nú hygg eg sú sé meiníng Drottins í þessari grein: þad sem framsýni þykir í veraldligum málum, því skyldi þad ei þykja í efni sáluhjálpar ydar? Frá veraldligum dómi má komast á einhvern hátt, einhver kann ad gánga í borgun fyrir mig, mér kann arfur til ad falla, svo eg géti lokid skuld mína, vinir og náúngar géta fridstillt minn mótstodumann, en frá Guds dómi einganveginn, nema eg verdi sáttur vid minn mótstødumann, á medan eg er enn þá á vegi med honum, þad er, á medan eg lifi, ádur enn eg kém fyrir hinn stránga allsherjar dóm, og verd í myrkvastofu kastadur, hvadan eg mun ecki útfara, þángad til eg hefi borgad hinn sídarsta pening, þad er: aldrei, því úr

helvíti er engin endurlausn; þarfyrir er einsætt ad sættast vid náúngann, medan tíminn er, sérdeilis þar eg veit ecki hvad mikid er eptir vegarins, Gud rædur mínum sídarsta nætur stad, og ecki sjálfur eg; og hér af hygg eg þad audsært, ad ei tali Frelsarinn í þessum stad um veraldligan rétt. Veit eg ad Drottinn segir í þessum sama kapítula: ef nockur vill vid þig lög þreyta og þína yfirhöfn af þér taka, lát honum og þinn kyrtil eptir; eg vil nú ei fá mér þad til orda, ad margir lærdir menn leggja þetta svo út: vilji nockur keppa vid þig um yfirhöfn þína, þad er, taka hana af þér med ofbeldi, eg vil láta hitt standa, samt hefir þó Drottinn ecki í þessum ordum laga réttinn fyrirbodid; þad var ecki hans ad banna mönnum lög og rétt, sem ad er höfundur réttar og laga, hvers ad er dómurinn, hver og er medal dómaranna í dómunum, ad vitni Jósaphats konúngs, 2 Kron. 19, heldur þeirra, sem neita mönnum réttra laga, tradka málum manna med flækjum og rángsleitni, spilla lögligum vitnum og stefnum ad raunarlausu, hverja Drottinn vill sídan dæma. En eg vil aptur taka til hins fyrra máls; engum bannar Drottinn í þessari grein ad beidast réttar síns. Þad er alkunnugt, ad Frelsarinn talar í ordskvidum og eptirlíkíngum þráliga í kénníngum sínum; hann samlíkir kristnina víngardi, akri, brúdkaupi, þó er kristnin hverki víngardur, akur né brúdkaup; hann kallar Heródem ref, mundi hann þar fyrir refur vera? þá Jóhannem og Jakóbum þrumusyni, mundu þeir þá ecki vera Zebedei synir? hann segir, ad hægra sé úlfaldanum ad gánga í gégnum nálaraugad, heldur enn ríkum manni inn í himnaríki, Matth. 19, nú er þad ómöguligt, hvar munu þá Abraham, Isak og Jakob vera? í þessum sama kapítula Matthei segir hann: ef þín hönd edur fótur hneixlar þig, þá sníd þau af og snara þeim frá þér, mun hann þá vilja ad menn skuli meida sig edur vana, eins og Baals prestar, og ecki miklu heldur, ad þeir skuli krossfesta sitt hold og deyda sína jardneska limu, svo sem Páluf ad ordi kémst, Cól. 3; hann segir og í sama kapítula: ef nockur slær þig á þína hægri kynn, þá snú ad honum hinni annari; en ef hann slær á hina vinstri fyrst, þá hefir þú ecki adra vinstri kynn ad bjóda, segir Agústínus, og Lúkas gétur hverki um hægri né vinstri kynn; því meiga menn ecki alltíd hánga í ordum rítníngarinnar, heldur leita ad meiníngunni, hver ad í þessum ordum er engin önnur enn sú, ad menn ei skulu hefna sjálfir sín, heldur lída óréttinn med þolinmædi og haturslaust; þad vil eg satt gjöra med Frelsarans egin dæmi, hver þegar hann var kynnhest sleginn, Jóh. 18, þá baud hann ecki hina adra kynn, heldur átaldi med hógværd þann er hann sló, ei heldur St. Páll, nær prestahöfdínginn baud ad slá hann fyrir dómi, heldur beitti hann lögum fyrir sig, og sagdi: Gud straffi þig, þú forfágadi veggur! þú situr og dæmir mig eptir lögunum, og býdur ad slá mig á móti lögmálinu, Act. 23. Sama vil eg nú segja um þad, ad láta þeim sinn kyrtil eptir, er vill þrátta vid nockurn um hans yfirhöfn; þeirra orda er engin meiníng önnur enn sú, ad minni hyggju, ad nær madur lídur nockurn órétt, skuli hann ecki hefna sín sjálfur, heldur skuli vera svo skapi farinn, ad hann sé búinn til ad þola annann stærri reidi og haturslaust, ef hann nær ecki rétti hjá valdstjórninni, þvíad af sjálfshefndinni kémur tídum stærri ólucka; eldurinn verdur ecki med eldi slocktur, heldur med vatni, svo er þad engin lækníng óréttarins ad gjalda illu íllt, heldur ad leita valdstéttarinnar, hverja Gud hefir sett hinum frómu til

forsvars, en ránglátum til hegníngar, en þó reidilaust, því madur á ad snúa vánganum í hjartanu, og ecki á hofdinu. Fyrir því bannar Frelsarinn í þessari grein ecki logligan réttargáng, heldur enn Páluss, þótt hann segi, 1 Cor. 6: vogar nockur af ydur, sá ed á sok vid einhvern, ad eiga dóm undir ránglátum og ecki undir heilogum, ad sonnu er brestur hjá ydur, ad þér hafid dóma medal ydar, því lídid þér ecki heldur óréttinn, því takid þér ei heldur skada? ecki bannar Páluss hér réttargánginn, heldur ad eiga sok fyrir ránglátum, (svo kallar hann heidíngja, en heilaga nefnir hann hér kristna menn, eins og vídar); svo vill hann þá ecki allan réttargáng bannad hafa, heldur ad eiga mál fyrir heidíngjum; hvar fyrir? svo ad engum gjæfu þeir neina hneixlan, ad þjónustugjordin ei lostud yrdi, 2 Cor. 6, og þeirra hógværd kunnug ollum monnum, Phil. 4; en vitni til þess, ad hann ecki vildi hafa réttargánginn afmádan, er þad, ad hann ei bannar, ad eigast log vid fyrir kristnum, og sýnist láta þad eptir, ef vid þarf, þar hann segir: er enginn sá á medal ydar, sem vitid hefir, sá ed kunni ad dæma millum brædra sinna; og fyrir því, ad kristnir hofdu þá eckert vald til ad dæma opinberliga um veraldar mál, þá sýnist ad hann vilji, ad þeir nefni menn af sjálfum sér, til ad dæma mál sín, heldur enn ad bera þau undir vantrúada, edur þola óréttinn ella, heldur enn ad gjora þrætur sínar augljósar þeim, er hotudu kristinndóminn, og logdu þeim allt til lýta, er þá trú og þjónustu tekid hofdu; og svo sem Frelsarinn segir hér í gudspjallinu: nema ydar réttlæti yfirgnæfi, meir enn hinna skriftlærdu og Pharíseanna, þá kunnid þér ecki inn ad gánga í Guds ríki, svo vill og Páll, ad hinir kristnu skýna skuli svo sem ljós, á milli rángsnúinnar heidíngjanna kynslódar. Þessi sami Guds madur segir í odrum stad: látid ei sigrast af hinu illa, heldur yfirvinnid hid illa med gódu, Róm. 12; en hver vogar ad kalla skipan hins Almáttuga vonda? edur er valdstjórnin ecki af Gudi sett? er hún nockud svo sem annad bílæti innsett í Krists kyrkju til prýdis alleina? lángt er frá því, heldur til ad skipa réttindum manna; fyrir því kalla eg þann sigra hid vonda med gódu, sem nær rétti sínum fyrir logligum dómi, en þolir án haturs og moglunar, þótt af því beri. Drottinn segir í logmálinu, Exód. 21: auga fyrir auga, tonn fyrir tonn; þarfyrir hefir hann þó ecki leyft þeim, er augad misti, ad stínga út augad á honum, er stack, ecki heldur hefir hann tekid sverdid af dómaranum, þótt hann banni þad þegnunum. Eckert nýtt logmál hefir Kristur sett í þessum greinum, því sjálfs hefndin er og bonnud í logmálinu; sá sem sagdi dómaranum, Devt. 19: þitt auga skal ecki þyrma honum, líf fyrir líf, auga fyrir auga, tonn fyrir tonn, hond fyrir hond, fót fyrir fót, hann hefir og sagt hverjum einum þarfyrir utan, Lev. 19: þú skalt ecki sækja eptir hefndinni, og ecki vera minnugur óréttarins; hann ed segir í greindum kapítula Devt., um hinn falska vott: þér skulud aldeilis gjora honum, svo sem hann leitadist vid ad gjora sínum bródur, hinn sami hefir talad fyrir munn Salómónis, Ordskv. 20, þessi ord, um alla þá, sem ecki hafa Guds umbod í dómara sæti: þú skalt ecki segja, eg skal endurgjalda íllt, bíd eptir Drottni, hann mun frelsa þig; þessu er Páll samþyckur, er hann segir, Róm. 12: þér egid ecki ad hefna sjálfir ydar, því skrifad er: mín er hefndin, eg vil endurgjalda; en þegar valdstéttin hegnir vondra verka á þeim, sem gjort hefir á annars

K 2

hlut, þá frelsar Gud hinn saklausa, því hún er hans þénari til hegníngar þeim, er íllt adhafast, Róm. 13. Hvervetna þar, sem hinn stóri allsherjar Dómari hefir valdstjórninni réttinn í hendur fengid, þar hefir hann med það sama leyft sérhverjum, sem vanhaldinn er, ad sækja rétt sinn fyrir henni, því hún ber ecki sverdid forgéfins, segir Páls; og Petur býdur, ad menn séu undirgéfnir stjórnendunum, svo sem þeim af konúnginum eru sendir til straffs hinum glæpafullu, en til lofs hinum, sem gott adhafast, 1 Pet. 2; mun nú ecki þessa vid þurfa, kristnir menn! edur er veroldin svo einlit, ad ecki finnist í henni bædi svart og hvítt? svo heilög, ad ei finnist bædi vondir og gódir? Því er einsætt fyrir þá, sem ránginðin þola, ad leita forsvars hjá valdstéttinni; edur mundi ecki Páls leita lids í lögunum; þegar Lysías vildi hafa refst honum? Act. 22, mundi hann ecki skjóta sér undir keysarans dóm, þegar hann ottadist ofbeldi Gydínga? Eg þori framar ad tala: þad er ecki Gudi þægt, og gagnar ecki til hans dýrdar, ad menn alltíd géfi rétt sinn eptir, því þad gjörir óhlutvanda menn optast þess verri og ásæknari, svo ad þad má sýnast, ad sá efli illsku þeirra, sem lætur hlut sinn fyrir þeim, ef hann má ná honum med lögum og rétti. Sá sem vill taka frá mér æru mína og gott mannord, mun þad Gudi á móti, ad eg forsvari mig lögligá fyrir áaustri hans? hann lýgur uppá mig lýtum og skömmum, sem eg aldeilis ecki er valdur af; mun mér ei leyfiligt ad bera hönd fyrir höfud mitt, þar svo ástendur? einhver rænir mig fjárhlutum mínum, ódolum og arfagézi, edur ödru því, sem eg er vel adkominn, og þad annadhvert med ofríki, edur yfirvarpi laga og réttinda, svo eg líd skort á forsorgun minni og þeirra, sem mér eru vandabundnir, konu, barna og hjúa, hefi ecki, þad eg megi fátækum géfa og bjarga naudstöddum med, en hann brúkar fé mitt til óhófs og ofmetnadar, því svo gjöra þeir optast, er láta þénara sína stockva yfir hvern þröskuld, til ad fylla hús drottna sinna med ráni og svikum, Zeph. 1; mun Gud banna mér ad verja mitt med lögum á móti slíkum ofstopa? fjærri sé því, annars hefdi hann ecki girdt í kríngum frelsi mitt og eignr mínar med laganna múr; ecki sé eg ad ritníngin leggi þad Nabót til lýta, þótt hann neitadi Achab um sinn víngard, en sá gjörir hid sama, sem ver sitt med réttum lögum. Gud hefir bodid mér, ad eg skuli elska minn náúnga sem sjálfan mig, en ecki framar; óskandi væri, ad menn gjætu þad vel haldid; þad heyrir Gudi einum til, ad elska hann framar öllum hlutum og jafnvel lífinu, þad á og ad gjöra vid brædurnar, segir Jóhannes, hans vegna, 1 Jóh. 3, en sú elska er í því fólgin, ad hjálpa honum og forsvara fyrir ómildum mönnum, en ecki í því, ad láta skálkinn ræna sig og féfletta, ef eg má laganna njóta, þad er engu betra, enn ad forsmá Guds gáfur, er hann veitir mér til uppheldis, en eg vil þær ecki nýta; eg veit og, ad eg er skyldugur ad styrkja mál eckjunnar og hins födurlausa; mun eg þá ei mega gánga í rétt fyrir þau, kunni þeim þar med hólpid ad vera, ef mér þad lögin leyfa? Af öllu þessu hygg eg nú audsært vera, ad þad ecki einasta er leyfiligt, heldur og gott verk á stundum, ad leita laga og réttar á móti áráfum vondra manna, en þad á ad ské med allri hógværd, án haturs og reidi, svo sem ádur er sagt, því hann, sem réttinn sett hefir, hann hefir og sagt: elskid óvini ydar, Matth. 5, og nær þad ecki sídur til réttargángsins, heldur enn til hvers annars vidskiptis vors og umgengnis í heiminum. Sá sem elskar óvin sinn, hann elskar

sjálfan sig, því undir eins og hann fyrirgéfur sínum bródur hans misgjørdir, þá auglýsir hann sig þar med ad vera barn síns Fødur, sem á himnum er, hann tekur undir eins aflát og kvittun af Gudi fyrir sínar egin syndir, ef hann gjørir þad af hjarta, Marc. 11. Drottinn hefir ecki bannad sjálfan hlutinn, heldur ránga atferd hlutarins; þad er, ad brúka réttinn til ad hefna sín, en ecki til ad ná rétti sínum, ad bera fé í dóma, ad útvega folsk vitni, ad brúka lagakróka og adskiljanliga rángsleitni, ad erta upp íllt skap med brixlum og skútyrdum, jafnvel í réttu máli, til þess ad fá meiri hefnd yfir sínum mótstødumanni, enn hann í fyrstu hafdi tilunnid, allt svoddan er af hinum vonda, þad hefir Gud og aldrei leyft í neinum réttargángi ad brúka, heldur strengiliga bannad, en allra helst ad hatast vid sinn mótstødumann, og sá þad gjørir, hann verdur eins sekur fyrir Gudi, svo sem hinn, þótt aldrei eigi hann svo gott mál; og hvad hefi eg þá gott af því, ad eg spilli myskun Guds yfir mér, til ad hatast vid hann, er vid mig afgjørdi, því Gud kann ad myskuna honum, ef hann ydrast, en eg á engrar vægdar von, svo lengi sem eg el hatur til hans. Drottinn segir og ad sonnu hér í gudspjallinu, ad sá, sem hefir gjørt á annars hlut, hann skuli sættast vid bródur sinn, ádur hann offrar gáfu sína, en, um hinn, sem misgjørt er vid, segir hann med álíka móti, Mark. 11: „og þegar þér standid búnir til ad bidjast fyrir (þad er, ad offra Gudi bæn sinni), þá tilgéfid, ef þér hafid nockud á móti einhverjum, svo ad ydar Fadir, sem á himnum er, forláti ydur ydar misgjørdir; skylda eg þá bera hatur til hans, sem eg á málstad vid, þótt aldrei ætti eg um svo sárt ad binda? þad væri ærs manns ædi, og ecki þess, sem heilvita er í sínum kristindómi, þar eg á dagliga ad bidja þessa bæn: fyrirgéf oss vorar skuldir, svo sem vér fyrirgéfum vorum skuldunautum, og veit, ad eg ecki fæ kvittun synda minna, á medan eg høndla ecki reidilaust vid minn náúnga, hvert þad er í réttargángi, edur utan réttargángs; þad er og víst, ad vor besti réttur er enginn réttur fyrir Gudi, ef hann vill dæma eptir sínu réttlæti; svo segir Job, 9 kap: eg veit vel, ad engin manneskja kann réttlát ad standast fyrir Gudi; og því skylda eg þá hata óvin minn, fyrst hann hefir skipad mér ad elska hann, sem á svo mikil rád á mér, ad hann gétur fordæmt mig, nær hann vill. Þess er og ad gjæta, ad ecki hlaupi menn til dómarans um hvern hégóma; þad kénnir ágyrni og óróa, ad vilja þrátta um smámuni, og sæmir ecki þeim, sem vill láta sig hugprúdan kalla, aukheldur réttkristnum manni, hverjum ad byrjar ad vera ljúfum á ad sættast, jafnvel med nockrum skada sínum, heldur enn ad draga sinn mótpart fyrir dómarann honum til meiri skada og hneisu þeirrar, er hinn hefir ecki gagn af, þótt ei hafi menn alltíd haldinn hlut, sérdeilis ef ad képpa er um þá hluti, sem lífsnæríngu ei vidvíkja, hverja Páls sýnist ei vilja hafa undir dóm heidíngjanna, 1 Cor. 6, einkum þar Frelsarinn hefir bannad oss ad syrgja fyrir henni, Lúk. 21, og brúkar þad sama ord í þeim stad, sem Postulinn hér, og því áminnir hann alla kristna menn med þessum ordum, Cól. 3: íklædist, svo sem útvaldir Guds heilagir og elskanligir, hjartgróinni myskunsemi, lítilætinu, hógværdinni, þolinmædinni, umberandi hver annann og fyrirgéfandi hver ødrum, ef nockur hefir á móti einhverjum ákjæru, svo sem Kristur hefir ydur fyrirgéfid, svo gjørid og þér. Gud géfi øllum sínum børnum þetta hjartalag ad stunda og því fast ad halda, þar til vér komum fyrir hinn stóra

alsherjardóm, hvar vorir stærstu óvinir, synd, daudi, Djøfull og helvíti skulu oss eckert meingjora, aukheldur nockur veraldar magt; því hverr vill færa kjærumál í gégn útvøldum Guds, þar Gud er sá sem réttlætir, Kristur er sá sem dáinn er, já, enn framar upprisinn, hvør og er á hægri hønd Gudi, hvør og er medalgángari fyrir oss, Róm. 8; þessa hlutskiptis unn þú oss ad njóta, eylífi Konúngur dýrdarinnar! fyrir hans forþénustu, sem er alls holds dómari, Jesús Christus, amen!

Sjøunda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 8 Kap.

Á þeim døgum, þá þar var enn margt folk komid saman, og hafdi ecki til matar, kalladi Jesús sína lærisveina til sín og sagdi til þeirra: mig aumkar yfir folkid, þvíad í þrjá daga hafa þeir hjá mér verid og eckert til matar haft, og ef eg læt þá fastandi heim til sín fara, þá vanmegnast þeir á leidinni, þvíad sumir voru lángt ad komnir. Og hans lærisveinar svørudu hønum: hvadan fáum vér þau braud hér á eydimørku svo ad vér fáum þá mettad? Og hann spurdi þá ad: hvørsu mørg braud hafid þér? þeir søgdu hønum sjø. Og hann skipadi folkinu nidur ad setjast á jørdina, og tok þau sjø braudin, þackadi, braut og féck sínum lærisveinum, ad þeir legdu þau fram; og þeir løgdu þau fram fyrir folkid; þeir høfdu og fáeina smáfiska, og þá hina sømu blessadi hann, og baud fram ad leggja. En þeir neyttu og urdu mettir; og þeir toku upp þad yfir var, sjø karfir med afgángs leyfar. En þeir, sem neytt høfdu, voru nær fjorar þúsundir, og hann lét þá í burt fara.

Exordium.

Madurinn mun ecki lifa af einusaman braudi, heldur af sérhverju ordi, sem framgengur af Guds munni, sagdi Móses vid Israel fordum, Devt. 8; þessum sømu ordum kastadi Frelsarinn Audskotanum í nasir, þegar hann freistadi hans til ad gjøra steina ad braudum, Matth. 4, þau eru og sønn, svo sem allir adrir Guds vitnisburdir, því þad má ei líf kalla, sem er án Guds orda, jafnvel þótt einn hafi hold og hamsa og líti nógu sælliga út. Christi ord eru líf og andi, og án þeirra er madurinn, eins og Páll segir um eckjuna, þá í girndum lifir, hann er lifandi daudur; þó hefir Gud géfid manninum fæduna, svo sem annad medal til ad lifa af, þarfyrir stendur hér: ecki af einusaman braudi. Vitanligt er þad, ad Gudi er ecki um megn ad halda líkhomum vorum vid án matar og dryckjar; þad sýna oss dæmi Mósis, dæmi Elíæ, Lausnarans, er fostudú í heila 40 daga, og má sýnast ad þeir Móses og Elías hafi verid Drottins fyrirmindan í þessu; og því skyldi hann ei kunna ad ala manninn án fædslunnar, sem ad í eydimørku saddi 5000 manns med fimm byggbraudum og tveim fiskum, Jóh. 6, og í þessa dags h. evangélio heyrum vér, ad hans mikla almættis hønd mettar 4000 med eins litlum kosti. Ut af því fyrsta kraptaverkinu hefi eg nockud ádur talad í þessari bók, um þad, hvernig vér í Guds ótta egum ad leita næríngar vorrar, hvad eg óska ad

finni gódan stad í hjörtum þeirra, sem lesa edur heyra; en nú vil eg út af þessu h. gudspjalli alleina þar um tala: hvad oss eigi ad styrkja í trúnni, til ad treysta Gudi, og varpa allri vorri áhyggju uppá hann, nær oss vantar þessarar veraldar muni. Hjálpa oss til þessa, Drottinn minn! fyrir þitt dýra nafn og Sonarins forþénustu, amen!

Utleggíngin.

Pad er grátligt til ad vita, hversu ad náttúra mannsins eptir spillínguna er bág til ad treysta Gudi, þegar þad er ecki fyrir augunum sem eta skal. Móses sló á klettinn í Hóreb, og þar flaut vatn út af, svo ad allur Israel drack, Exód. 17, en er Gud baud honum í eydimörku Zín ad gjöra hid sama í annad sinn, þá efadist hann og sló tvisvar á bjargid, Núm. 20; hann sá dagliga, ad Gud fæddi þá med manna af himnum ofann, en er fólkid mögladi og beiddi um kjöt, en hann bar þad fyrir Gud, sem hét ad géfa þeim kjöt ad eta allt til leidinda, þá var þó ecki trúin sterkari hjá sjálfum Mósi enn svo, ad hann sagdi Núm. 11: þetta fólk er sex hundrud þúsund manns, og þú segir: eg skal géfa þeim kjöt, svo þeir eti í heilan mánud. Lærisveinarnir höfdu séd þad mikla kraptaverk, er Jesús hafdi gjört, skömmu ádur enn þessi jarteikn skédi, nærri því í þessum sama stad, er hann saddi 5000 manns med fimm byggbraudum og tveim fiskum, Jóh. 6, þá taldi Philippus tormerki á spurníngu Drottins, og sagdi: braud fyrir 200 penínga nægir þeim ecki; en hér fór ecki betur, nema midur væri: hvadan fáum vér þau braud hér á eydimörku, ad vér fáum þá mettad; og eptir þad þeir höfdu séd bædi þessi kraptaverk og mörg önnur fleiri, þá ætludu þeir hann mundi braudsþurfi vera, er hann tók þeim vara fyrir súrdegi Heródis og Pharíseanna á skipinu, svo sem lesa má í þessum sama 8 kap. Marcí, af hverjum og ráda má, ad þad hafi skéd strax eptir þessa dýrdligu jardteikn. Gud betri, ad þad hendir oss á stundum kristna menn, sem Lausnarinn segir um heidíngjana, Matth. 6: hvad egum vér ad eta, eda hvad egum vér ad drecka, edur hverju egum vér ad klædast? en þar til verdur ei betur svarad, enn sjálfur hann svarad hefir: er ecki lífid meir enn fædslan, og líkaminn meir enn klædnadurinn? Seg þú mér, Guds barn! skóp hann þig ecki dásamliga í módurlífi? gaf hann þér ecki sál og líkama? endurleysti hann þig ecki med síns Sonar dýra blódi? hefir hann ecki endurgétid þig daudan í syndunum? hefir hann ecki fóstrad þig med sínu h. ordi? hefir hann ecki alid þig á síns Sonar holdi og blódi? heldur hann ecki öllu þessu vid magt enn nú dásamliga og undrunarliga á stundum? eg vil taka til þess, sem dýrast og dásamligast er: hafi hann géfid oss Soninn, því mun hann þá ecki gefa oss alla hluti med honum? og ef hann géfur oss alla hluti, þá géfur hann oss einnig forsorgun líkamanna; hafi hann alid önn fyrir oss, bædi í módurlífi og allt upp þadan, í andligan og líkamligan máta, mun hann þá ónýta sitt egid verk, nema ad manneskjan gjördi Guds almætti vanmáttugt á sér med trúarleysinu, eins og lærisveinarnir, er þeir gátu ecki læknad hinn túnglsjúka? Þú segir: eg finn opt brest á atvinnu minni; húngur og dýrtíd mega menn stundum þola, hvad veldur því? spyr Ezechíel ad, hann mun svara þér ordum Drottins: ef eitt land syndgar mjög á móti mér, þá vil eg útrétta mína hönd yfir þad sama og í burt svipta brauds nægtunum, og eg vil

senda þángad hallæri og uppríckja þar inni bædi mønnum og fénadi, Ezech. 14; mun þad nockud raska sannsøgli Drottins, þótt menn gjøri sig hans ørlætis óverduga? þegar ad allra handa lestir og klækir, Guds ords forøgtun, vanbrúkun hans hvíldardaga, ránglæti, meinsæri, lygar, þjófnadur, ágyrni, drambsemi, ofbeldi, agg, reidi, þræta, svik og undirferli og annad þessu líkt, þegar allt þetta gengur fjøllunum hærra í landinu, er þá ad furda, þótt hann apturlyki sinni mildu hønd á stundum? eda segir ecki Páls, ad fyrir þesshátttar glæpi komi Guds reidi yfir børn vantrúarinnar? Cól. 3; hver vill þá skylda hann til, ad hann skuli nádugur vera. Leitum því Drottins á medan hann er ad finna, køllum á hann á medan hann er nálægur, sá hinn ógudligi láti af sínum vegi, og íllvirkinn af sinni hugsan, og snúi sér til Drottins, þá mun hann myskuna honum, og til Guds vors, þvíad í hjá honum er mikil fyrirgéfning, Es. 55. Eg skal endurgjalda ydur þau árin, sem grashoppan, kálormurinn, trémadkurinn og grasmadkurinn hafa frá ydur tekid, segir Drottinn, Jóel 2; ó, minn Gud! hver hefir þér nockurn tíma géfid? hver hefir þér lánad, þad þú skyldir honum endurgjalda? þad megum vér játa í þessu fátæka landi, ad hafi Gud einhverju sinni straffad syndir vorar med óáran nockurri, þá hefir hans mildi oss þad endurgoldid med mikilli árgjæsku bædi til sjós og lands. En hvad fylgir á eptir hjá spámanninum í sama kapítula: nær þér etid óaflátanliga og erud mettir, þá munud þér lofa nafn Drottins Guds ydar; en sjáum til, hvert Fadir myskunsemdanna muni ecki hafa fundid skort á þessu hjá mørgum af oss, og hvert þad muni ecki miklu heldur eiga heima hjá sumum, er stendur hjá Hóseam, 13 kap: undir eins og þeir mettir urdu, þá er hjarta þeirra upphafid og hafa gleymt mér. Einhverr vill segja: eg finn ecki þessa glæpi hjá mér, eg óttast Gud og elska, svo sem mér er møguligt og gjøri honum þackir, samt má eg og mínir þola húngur og þorsta, kulda og klædleysi; heyr mér um stund, barn mitt! muntu vera sá einasti af Guds børnum, sem hann leggur þvílíkt uppá? máttu ecki þeir Abraham, Isak og Jakob verda landflótta fyrir húngurs sakir? Gén. 12, 26 og 46; mátti ecki Elías fasta í 40 daga? 1 Reg. 19, hvad margt segist Páll hafa mátt íllt þola fyrir evangélíum? en þetta máttu þeir lída, til þess ad þeir vissu hvad þeir væru, sem er, syndugar manneskjur, hvar þeir væru, þad er, í heiminum, í útlegdinni og ecki í fødurlandinu, hvernin þeir vera skyldu, sem er, stødugir í trúnni, þolinmódir í hørmúnginni og gladir í voninni; sama gjørir hann vid þig, því ecki er hjá honum manngreinar álit, Act. 10. Þykist þú nú betri enn svo, ad þér sé fullgott ad hafa líkan kost med þessum Guds koppum? því ángrar sig þá sála þín, og því er hún órólig í þér? vona þú á Drottinn, því þú munt enn nú prísa hann, Ps. 42; edur viltu ecki heldur hafa þvíngan med Guds fólki, eins og Móses, heldur enn lifa í alskyns sælu med heiminum og fyrirfarast med honum? hversu betra er þér, ad þú girnist ad sedjast af mølum þeim, er detta af bordum hins ríka hér í heiminum, enn ad þig lángi eptir einum vatnsdropa af fíngri Lazarí í helvíti og kvølunum? og hvad veitstu, hversu lengi Drottinn vill láta þenna þinn skort vara? hann er einn stór konúngur, ecki er hann lengur ríkan enn fátækan ad gjøra; Jakob fór med einn staf út af síns fødurshúsi, Gen. 32, en hvad mikinn fjølda nauta og sauda, geita, asna, þræla og ambátta kom hann heim aptur med. Dæmi þessa

fólks má furdanligt þykja nú á þessari köldu og vantrúndu öld; þeir fylgdu Christó eptir á eydimörku, til ad heyra kénníngar hans, jafnvel heidíngjar af Týró og Sídon, og eckert tóku þeir med sér ad neyta, svo sem sjá má af evangelío; einhver mun segja, ad þeir hafi ei búist vid svo lángri dvöl á eydimörkinni, þó fannst enginn sem aptursnéri, svo menn viti, og ad vísu voru hér 4000 manns, sem neyttu; þad má sýnast, ad Drottins ord hafi svo vel smackast þeim í hjartanu, ad þeir hafi ei fundid til húngursins í maganum, og varla gétur þad ödruvísi verid, enn ad þeir hafi treyst því, ad Jesús mundi á einhvern hátt sjá þeim farborda, þar til hefir án efa hjálpad hid fyrra kraptaverkid, sem enn þá hefir öllum í fersku minni verid, en í því gétur Jóhannes ecki um tímalengdina; hér af kalla eg þad satt, er Davíd segir, Ps. 32: augu Drottins líta til þeirra, sem hann elska og vona á hans gjæsku; og þó finnast þeir, æ, því verr! á medal kristinna manna, sem vidlíkt eru lyndir og höfudsmadurinn í Samaría, er sagdi: þó ad Drottinn gjöri glugga á himininn, þá kann þetta ecki ad ské, 2 Reg. 7, annars mundu menn bída eptir Drottni, en ecki hlaupa til ad ræna, stela, ljúga, svíkja, hripsa braudid út af náúngans munni og brúka adskiljanliga rángsleitni í kaupum og sölum, og annari vidhöndlan. Mig aumkar yfir fólkid, segir Drottinn, því í þrjá daga hafa þeir hjá mér verid, og ecki til matar haft; margur fastar skémur, ádur hann verdur óþolinmódur. Mig aumkar yfir fólkid, segir hin eylífa Gjæska; hans myskunar idur komust vid í hönum, svo sem í höfud-sprokinu stendur, svo hann hlaut þeim nádugur ad vera; þad segir ecki hér, ad þeir hafi kvartad um húngur, hann vissi vel, ad þeir höfdu þessa þorf; en segid mér nú, börn mín! munu idur hans myskunar umbreytt vera? mun hin ríka örlætis hönd stutt vordin? fjærri sé því, samur er Gud og hann hefir verid; en ef vér viljum sömu medaumkunar njóta, þá lærum tvent hér af: eitt af fólkinu, annad af Lausnaranum: af fólkinu, ad heyra Guds ord ljúfliga, meta þad öllu tímanligu framar, og ad treysta Gudi og þacka hönum midt í skortinum og örbyrgdinni: af Frelsaranum, ad sjá aumur á hinum volada og naudþurftuga, ad brjóta húngrudum vort braud, ecki af fordyld, edur ad útvega oss nafn þar med, svo sem hræsnarar þeir, ed gjöra ölmusur sínar fyrir mönnum, heldur af trúnni, af kristiligri medaumkan, af elskunni til Guds og náúngans. Breyti nú nockur þannveg, ad hann heyrir Guds ord og vardveitir þau, treystir Gudi í öllum sínum vandrædum og leitar næríngar sinnar í Guds ótta, þá vil eg þad segja, ad fyrr munu englarnir færa hönum braud af himnum ofan, fyrr munu hrafnarnir bera hönum fædslu, fyrr munu steinar ad braudum verda; og fiskarnir flytja hönum gull og silfur í munninum, já, Kristur má fyrr afneita sjálfum sér, hvad Páls kallar ómöguligt, heldur enn ad hann láti sál hins réttláta húngur þola, Ordskv. 10, nema hann vilji reyna hann þar med, og sjái hönum þad fyrir einhverju gódu verda. Minn matur og dryckur er, ad gjöra hans vilja, er mig sendi, sagdi Frelsarinn, Jóh. 4; en ef þad er hans vilji, ad þú lídir um hríd skort á næríngu þinni, þá vert eins lyndur og þinn Lausnari var, og ætla þig ecki yfirgéfinn, þótt þú megir ad Guds vilja nockud íllt lída, er vér svo köllum, en þad er aldrei íllt, sem gott af sér géfur; ecki verda vínberin samanlesin af þyrnunum, edur fíkjurnar af þistlunum, Lúk. 6. Gjæt ad dæm-

um heilagra: hversu sárliga klagar Job í sínum mannraunum, er hann segir, Job 30: þú ert vordinn hardúdigur á móti mér, eptir styrkleika handar þinnar brúkar þú grimt hatur í gégn mér; mundi Gud þarfyrir hafa yfirgéfid hann? fjærri var því, hinn fertugasti og fyrsti kapítuli somu bókar hann ber þar um ljósast vitni, og sjálfur Guds madur játar veikleika sinn og fávitsku í því ad þeckja Guds rád, nær hann endurvitkadist og kom til sjálfs síns aptur, med þessum ordum, Job 42: eg auglýsi ad eg skylda þad ecki, þad var furdanliga hátt fyrir ofan mig, svo eg gat ecki þeckt þad, því ydrar mig í mold og osku; eins var Davíd lyndur, því segir hann, Ps. 77: mun Drottinn þá eylífliga burtkasta, og enga nád framar audsýna? en nockru þar eptir vegsamar hann Gud med fagnadi, segjandi, Ps. 103: hann hefir frelsad mitt líf út af fordjorfuninni, og mig med nád og myskunsemi kórónad. Því skyldi enginn orvænta um Guds vináttu, þótt ei leiki allt í lyndi, þar vér sjáum hér, ad hans beztu vinir hafa mátt þvílíkt reyna; edur meinid þér, kristnir menn! ad Fadirinn hafi minna elskad sinn Son, þegar hann hrópadi á krossinum: Gud minn! Gud minn! því hefir þú yfirgéfid mig? heldur enn þegar Kristur stód á Jórdanar bockum og roddin af himni sagdi: þessi er minn elskuligur sonur, í hverjum mér velþóknast, Matth. 3? nei, brædur mínir! þá hafdi hann í honum hvad mesta velþóknan sína, er hann á gálganum héck, því fyrir hans dauda erum vér vid Gud forlíktir, segir Pálus, Róm. 5, fyrir hans sáru kvol og bitran dauda hefir hann elskad oss í sínum elskuliga, Eph. 1; Gud hafdi velþóknan á sínum Syni frá upphafi vega sinna, og í ollum Christó frá hinn fyrsta augnabliki gétnadarins fyrir einíngu guddóms og manndóms, en fyrir Christí dauda á ollum þeim, sem á hans nafn trúa, hverjum hann hefir og magt géfid Guds bornum ad verda, segir Jóh. 1 kap; og fyrst hann hefir nú þannveg yfirgéfid hann um stundarsakir, en sídan aptur med dýrd og heidri kórónad, viljid þér þá láta ydur þad undra, þótt hann breyti med sama hætti vid ydur, sem í honum og fyrir hann erud arfleiddir til eylífs lífs? nei, kristnir menn! ecki þótt ad mótlætid og skorturinn ætti ad vara alla æfi vora, því hún er svo lítid ad reikna hjá eylífdinni, og þad vér lídum hér ad Guds vilja, þad verdur oss endurgoldid med ómælanligrar dýrdar eylífri þýngd, 2 Cor. 4, mótlætíngar þessara tíma eru ei verdar þeirrar vegsemdar, sem vid oss mun framkoma í eylífu lífi. Þad er víst, ad hinn nádugi Gud spennir aldrei sín born fyrir síns Sonar ok, nema til þess, ad þau dragi þad á þá leid, sem til himnaríkis liggur, þess meiga og oll hans born fullorrugg vera, ad annadhvert burttekur hann mótlætid edur linar því, edur géfur oss krapta til ad bera þad, því hann er trúr og freistar einkis yfir megn fram, 1 Cor. 10; segid mér! er hann þá ámælis verdur fyrir þad, ad hann snýr eylífri fyrirdæmíngu í tímanligan krossburd, til ad afreka oss eylífa gledi? Einn fadir sendir son sinn í eitt framandi land, ein módir lætur barn sitt í skóla til ad lída íllt, svo þad verdi ad manni, munu þau þarfyrir hafa gleymt þeim? kann nockud módurin ad gleyma barni sínu, ávexti síns kvidar? og þó þær gleymi, þá skal eg samt þér ecki gleyma, segir afgrunn myskunarinnar, hjá Esajam, 49 kap. Gullsmidurinn kastar málminum í eldinn, svo hann hreinsadur verdi, og gjorir þar af sídan hinar kostuligustu gersemar; svo breytir Gud vid sín born, hann situr og brædir og silfrid hreinsar, og hrein gjorir born Leví, Mal. 3,

það er, hinn andliga kénnimannskap, svo ad reynsla trúar vorrar miklu dýrmætari fundin verdi gullsins reynslu, hvert ed forgengur og verdur þó med eldinum reynt, til lofs og dýrdar og heidurs, nær Jesús Christus opinberast, 1 Pet. 1. Þetta er nú svo talad, til huggunar þeim, er lída skort á atvinnu sinni og meina sig þarfyrir vera af Gudi yfirgéfna vegna synda sinna og óverdugleika; en þar eru nockrir, sem ecki eru ánægdir þar med, ad þeir hafa þad þeir skulu eta og drecka, og þad þeir mega klædast med, hvad þó Páłus býdur kristnum manni, ad hann skuli láta sér nægja, 1 Tím. 6, vid þessa vil eg fátt eitt talad hafa.

Þad er satt, sem hinn vísi Sýrach skrifar í 11 kap, ad audlegd og fátækt koma af Drottni; ef þau koma af Gudi, hver vill þá segja vid hann: hvad gjorir þú? segir nockud leyrkérid til smidsins: því gjordir þú mig svo? Róm. 9; vill nockur efast um vitsku hans, ad hann ei skynji, hvad hans bornum er hagligast, edur klaga yfir hans réttsýni, þad hann gjori einum órett? Vissi Gud þad, ad þér gagnadi ríkdómurinn, betur enn fátæktin, þá mundi hann þig audugan gjort hafa; rannsaka skap þitt, hvert þú mundir hæfari vera til Guds ríkis, þótt þú hefdir meira enn dagligt braud; Gud gjordi vel, ad hann gaf ecki ægum uxahorn, segir í ordshættinum, margur mundi brúka audinn til ofmetnadar, ofríkis, óhófs, til ad hefna sín og brjóta adra undir sig, ef hann ríkur væri, sem ad lætur hægt af því hann er fátækur; en þótt ad Gud géfi audinn vondum monnum á stundum, hvad kémur þad vid þig? fylg þú Christó eptir, hver þótt hann ríkur væri, gjordist hann fátækur, 2 Cor. 8; viltu vinna þad til audsins, ad vera svo sem einn af þeim? Vissi Gud ad þér audur gagnadi, segi eg enn aptur, mundi hann ecki géfa þér hann, sem hefir géfid þér þad, sem er lángtum betra? einn nádugur Gud, gód samvitska, heilvita sál, ótti Drottins med því hugarfari, sem lætur sér sína luckn nægja, er þad ecki nógu stór audlegd? adrir óttast fyrir því, ad þeir kunni ad missa fjárhluti sína, en kynni nockur þessar Guds gáfur af mér ad taka, þá vilda eg fyrst gráta, þá vilda eg bera mig hormuliga, því á medan eg þad hefi, þá hefi eg allt, og nær eg missi þad, þá missi eg allt, jafnvel í alls nægtum; því segir Davíd, Ps. 34: hina ríku brast og þeir sultu, en þá, sem ad Drottni leita, mun eckert gott vanta. Láti Gud mig ecki eta hvern dag skínandi krásir, þá er eg þó ósoltinn, eg uni betur vid dagliga fædu, heldur enn sælkérinn vid hans útvoldu rétti; skorturinn gjorir mér á stundum matinn sætan, eg þarf ecki ad kaupa hann dýrt, en fyllin gjorir honum þad leidt, sem hann kostadi til dýrum dómum, vefji Gud mig ecki í pell og purpura, þá er mér eins heitt í minni klædavod, svo sem honum í sínu skarlati. Fátæktin hefir stór fyrirheit í Guds ordi, er sá ecki nógu ríkur, sem hefir Gud fyrir fjárhaldsmann? en hvad segir Davíd, Ps. 9: hann er forsvar hinna fátæku, forsvar í neydinni, hann gleymir ecki hrópi hins fátæka; hvad segir hann enn þá aptur: hann mun frelsa hinn fátæka, nær hann kallar, og hinn auma, þann er engan hjálparmann hefir, Ps. 72, og svo segir sjálfur Drottinn, Ps. 132: eg vil blessa fædslu þeirra, og þeirra fátækum ánægjanligt braud géfa. Gud gjæfi, ad menn vildu skilja, hvad mikill skattur ad er ein ærlig fátækt þeim, sem una vel vid þann kost, er Drottinn lætur þeim hlotnast; hún varnar vid

morgum syndum, drambsemi, óhófi, sjálfhælni, reidi, ofriki og sjálfri ágyrndinni, því aldrei verdur hinn ríki saddur, sá ed fest hefir hjarta sitt vid audinn, vid búksorg og áhyggju, sem draga manninn frá Gudi í snorur Djofulsins, og þýngja hjarta hans med óttanum ad missa eigur sínar, því sá grét aldrei fyrir gull, sem ecki átti þad; hún gjorir reikníngskapinn audveldari fyrir hinum ædsta og stránga Dómara, því jafnvel þótt ad ollum verdi hann nógu torveldur, þá ecki þeim þó sízt, sem hafa gleymt Gudi og náúnganum í velmagt sinni, en sett gullhnottinn fyrir sitt athvarf. O, þú eylífi Gud, dýrdarinnar konúngur! hjálpa oss á þeirri straungu tíd, lát oss ei þýngja hjarta vort med sorgum þessarar næríngar, metta oss med þeim molum, er detta af þínu hábordi, dryckja oss med sætleik eptirkomandi aldar, svo ad ei vanmegnumst vér á veginum til fodurlandsins; og nær vér erum ad þrotum komnir og tokum hin sídústu andvorp, þá dreyp þú á vora ormæddu sál med því vatninu, eptir hvert enganu mun þyrsta ad eylífu; bænheyr þad, nádugi Fadir! fyrir Lausnarans, Jesú Christí, skuld, amen!

Áttunda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 7 Kap.

Í þann tíma, Jesús sagdi til sinna lærisveina: vaktid ydur fyrir fals-spámonnunum, sem koma til ydar í saudaklædum, en hid innra eru þeir glepsandi vargar, út af þeirra ávoxtum megid þér þeckja þá. Verda nockud vínberin samanlesin af þyrnunum, eda fíkjurnar af þystlunum? svo ber og hvort gott tré godan ávoxt, en hvort rotid tré vondan ávoxt; gott tré getur ecki fært vondan ávoxt, og ei heldur rotid tré fært godan ávoxt; og hvert þad tré, sem ecki gjorir godan ávoxt, skal upphoggvast og í eld kastast; þar fyrir megid þér út af þeirra ávoxtum þeckja þá. Þeir munu ei allir, sem til mín segja: Drottinn! Drottinn! inngánga í Guds ríki, heldur þeir, sem gjora vilja míns Fodurs, þess á himnum er. Margir munu til mín segja á þeim degi: Herra! Herra! hofum vér ecki spád í þínu nafni? hofum vér ecki í þínu nafni djofla útrekid, og gjordum í þínu nafni morg kraptaverk? og eg mun þá játa þeim, ad aldrei þeckta eg ydur, farid frá mér allir illgjorda menn!

Exordium.

Spámadur nefnist í h. ritníngu, ecki einasta sá, sem ad óordna hluti fyrir segir, heldur og sérhver einn, sá ed kénnir réttan lærdóm; svo sagdi Gud vid Abímelech um Abraham: hann skal bidja fyrir þér, því hann er spámadur, Gén. 20; sá er spáir, hann talar fyrir monnunum til uppbyggíngar, til áminníngar og huggunar, segir Páls 1 Cor. 14; þeirra apar voru fals-spámennirnir, hverja Frelsarinn býdur, ad menn varast skuli hér í gudspjallinu, því þeir komi í saudaklædum, en hid innra séu þeir glepsandi vargar, og er enginn efi á því, ad skriftlærdir og Pharíséi hafa ad nockru leiti átt sneid þessa, en þó ecki ad ollu, því ecki voru

þeir af Christi sandahúsi, heldur meinar og Drottinn hér med þá, er sídar uppkomu og spiltu kénníngu Guds í kristinndóminum, þá nefnir Páluś falska brædur, 2 Cor. 11, og til Galat. 2 kap., talar hann um heimugliga innsmogna falska brædur, sem ad vildu reyna frelsi þad, er þeir trúdu hösdu í Jesú Christó, svo ad þeir hneptu þá í þrældóm. Svoddan illgresi sádi fjandmadurinn nidur, medal hveitisins í Christi akri, fram eptir öldunum, svo sem af kristinndóms sögunum ljóst er, og sáir enn nú vída í heiminum; en þarfyrir fáum vér aldrei Gudi fullþackad, ad vér vitum ecki af slíku ad segja; enginn er sá, ed leitist vid ad spilla réttri trú í landi voru, þad er stór velgjörníngur Drottins, ad hann hefir unt oss ad verka sáluhjálp vora í einfaldleika vors hjarta; því vil eg ecki hér um framar tala í þetta sinn, heldur taka mér fyrir hendur, ad útskíra þá grein af evangélío, sem öllum ætti hugfost ad vera, sem er þessi: þeir munu ecki allir, sem til mín segja: Herra! Herra! inngánga í Guds ríki, heldur þeir, sem gjöra vilja míns Fodur, þess á himnum er, og af henni tvennt hugleida: 1) hvad þad merki, ad kalla Herra! Herra! 2) hvad þad sé, ad gjöra Guds vilja; styrk oss hér til, minn Gud! fyrir Jesúm Christum, med nád H. Anda, amen!

Utleggíngin.

Þad er ágjætt, sem ad Bernhardus lærifadir segir í einum stad: kristnir hafa af Christó nafn fengid, þad væri mikils verdt, ad svo sem þeir eru erfíngjar nafnsins, svo væru þeir og heilagleikans. Engin nafnbót er fegri, engin stærri, enn ad heita kristinn, ef nockur ber hana réttiliga; kristinn og heilagur var sama nafn á medan kristinndómurinn var enn þá í blóma sínum; heilsid öllum heilögum, segir Páluś, þad er, öllum kristnum; en ef engin renta fylgir þessu vegliga nafni, þá er sá ecki heilagri, sem þad ber, heldur enn vínid edur vidsmjörid, edur einhver matur vard heilagur af því í gl. testamentinu, þótt ad einhver snerti þad, sá ed bar helgad kjöt í kjóllafi sínu, Hagg. 2. Sá sem ecki hefir Christi anda, segir Páluś, hann er ecki hans, Róm. 8; hver ed prýdir sig med hinu fagra kristinndóms nafni, en lifir þó ecki kristiligu líferni, hann er líkur eyk þeirri, er hefir græn blöd og fríd, en ávexti enga, því segir lausnarinn í gudspjallinu: af þeirra ávöxtum skulud þér þeckja þá; og svo sem Drottinn formælti trénu því, er engar voru fíkjur á og ecki nema blödin tóm, Matth. 21, svo vill hann og til hinna segja, er ránglætid æfa á hinum efsta degi: aldrei þeckta eg ydur, svo sem hér stendur í gudspjallinu. Þeir munu ecki allir sem til mín segja, herra! herra! inngánga í Guds ríki, segir Drottinn; þegar ad ritníngin tvítekur eitt ord, þá vill hún láta skiljast eitthvert merkiligt þar med; þeir segja, herra! herra! svo eru þeir ákafir í hinni útvortis þjónustu. Ecki vantadi Gud né hans Krist fagra titla hjá Gydíngum, þeir nefndu Fodur hans, sinn Gud, en þecktu hann þó ecki, þeir kölludu Drottinn Rabbí edur meistara sinn, en sóktu þó eptir ad lífláta hann, þeir tíðkudu lángar bænir í samkundunum og á gatnamótum, en undir hylmíngu þeirra útsugu þeir hús eckna og fodurlausra, Matth. 23; þad verdur valla med ordum sagt, hversu ad hræsnin gjörir alla Guds þjónkan ónýta í hans augliti; þeir föstudu tvisvar í viku og gáfu tíundir af öllu því þeir áttu, en létu þad þó ógjört, sem þýngra var í lögmálinu, dóminn, myskunsemi og trúna, Matth. 23; þad olli því, ad svo sem þeir afmindudu ásjánir sínar, nær þeir föstudu, til þess ad láta sjá, ad þeir væru fastandi, svo afmindadi hræsnin þeirra beztu verk fyrir Gudi, svo ad Frelsarinn segir, ad þeir hafi sín laun í burtu tekid, Matth. 6, þad er, ad þeir hlutir, er í sjálfum sér gódir voru og hösdu fyrirheit gódra launa

hjá Gudi, ef þeir af-trúnni gjørdir væru, þeir skyldu til engra launa vinna hræsninnar og yfirdrepskaparins vegna, miklu heldur abla þeim dóms áfellis, er vanvirda þannveg hinn alskygna Gud med tómri útvortis hegdan og látædi, svo sem von er á, þvíad øll hræsni er lýgi, en Gud er sjálfur sannleikurinn, kann honum því eckert svo gagnstædt ad vera; edur hvad segir Drottinn um þessa hræsnara, Matth. 23: þarfyrir munud þér fá þess þýngri fordæmíngu. Nú hofum vér heyrt dóminn yfir Gydíngum, kristnir menn! af alls holds Dómara; en ef þvílíkt og skyldi finnast á medal vor, mun vor dómur léttari verda enn þeirra? fjærri sé því, ef Gud þyrmdi ecki hinum nátturligu kvistunum, mun hann þá oss þyrma, Róm. 11, ef vér uppfyllum þeirra mæling? engin er von á því; hvad gjora þeir þá, ed gánga í Guds hús og heyra hans ord, forsóma varla nockra prédikun, og hafa þad í munni og tala um hans vegu? allt þetta er gott í sjálfu sér, en hvar eru nú ávextirnir, þegar þeirra leitad verdur hjá allmørgum? þegar hinn voladi naud lídur, byrgja menn sitt andlit fyrir honum, þegar menn sjá eitthvad gyrniligt, hætta sumir ecki fyrr, enn þeir hafa svælt þad undir sig, þegar einhver ljóstar upp óhródri um náúngann, þá taka menn í þann strenginn, sé nockrum af yfirbodurunum, edur foreldrunum eitthvad bodid, hversu møglunarsamir, hversu tregir eru menn í ad hlýda því? hvad rómlátir eru foreldrarnir, sumir hverjir, í því ad færa bornin til Jesúm? til kyrkjunnar koma þau ad sonnu, þar í er ei svo mikill brestur, en hversu sumum sé umgéfid, ad brýna fyrir þeim, þad er þau heyrdu í kyrkjunni, þar ber raun vitni um, nær þau eiga ad gjora grein á sínum kristinndómi, óskandi væri, ad ei fyndust þeir, er varla hafa nockud annad fyrir þeim, enn skammarlig ord og fíblsligt hjal, sem sjálfir þeir eru vanir til. Engillinn sagdi vid Abraham, er hann ætladi ad offra syni sínum: halt þinni hendi frá sveininum, því nú veit eg ad þú óttast Gud, ad þú þyrmdir ecki þínum eginn syni; en Andskotinn gétur og sagt vid marga hverja, sem ecki þyrma afkvæmi sínu vid eylífum þíslum, heldur láta þad uppalast í hans skóla: nú sé eg ad þú elskar mig, þar eg sé, ad þú svo uppelur son þinn, ad hann géti ordid einhvern tíma mín fórn, halt því ecki hendinni frá sveininum, þar til hann verdur fullur og feitur, og hæfur til ad offra. Menn blessa Gud og látast lofa hann og dýrka, en gjora þó ecki þad hann bodid hefir, en Andskotanum formæla menn og atyrda hann, en gjora þó hans verk, er ecki þetta ad segja: herra! herra! en gjora þó ecki Fodursins vilja? er þad ecki ad kalla Gud sinn fodur, en ræna hann þó heidri sínum? Menn gánga til heilags altarisins sakramentis þrisvar, fjórumsinnum á ári hverju, þar ætlumst vér til ad forlíka oss vid Gud og taka sátt af honum fyrir afbrot vor, og bjódum honum í fektina Guds Sonar dauda og hans forþénustu, en þess er vel ad gjæta, ad menn taki ecki þángad med sér gésti þá, er hann ecki má eiga sess med, allra síst hatur til náúngans; en ad þad hendi þá suma, er audséd af því hatri og úlfbúd, er tídkast manna á medal, á stundum ecki laungu eptir þad menn hafa minnst vid Krist, er ecki slíkt ad kalla: herra! herra! en gleyma hans bodi, er hann sagdi hjá Markum, 11 kap: þegar þér standid búnir til ad bidjast fyrir, þá tilgéfid, ef þér hafid nockud á móti einhverjum, svo ad ydar Fadir, sem á himnum er, forláti ydur ydar misgjørdir; er þad ecki, segi eg, ad bidja um frid med reiddu sverdi? er þad ecki ad sídursta ad segja: heill vertu Rabbí! en hafa bak-vid sig sverd og

stángir? mun það nú nóg, kristnir menn! að kalla: herra! herra! það er, að látast Guði þéna, en fremja þó allt þetta vondskunnar athæfi. Þar eru engin ber á þessum vínviði, engar fíkjur á þessu fíkjutré, jafnvel sjálf blöðin eru niðurdottin, allt hvað eg legg við þau er forgéfins, segir Drottinn, Jer. 8; hvað mörg ár hefir þú komið, Drottinn minn! og leitað ávaxtar af oss og engan fundið? hversu kroptugliga hefir Sonur þinn fyrir oss beðið, að vér mættum enn þá eitt ár standa? fyrir hans árnan er það skéð, að vér ekki með öllu erum upprættir; þarfyrir, kristnir menn! takið vara á ydar vitjunar tíma; gjörið ydran meðan Guðs ríki er nálægt, öxinn er sett til rótar trjánna, hvert það tré sem ekki ber ávöxt, það skal upphöggvast og í eld kastast, Matth. 3; bíðum ekki eptir Jerúsalems hegníngu, um hverja Guð sagði við spámanninn: þú skalt ekki biðja fyrir þessu fólki og ekki upphefja raust eður bæn, eður forbíða fyrir þá, því eg mundi enganveginn bænheyra þig, Jer. 7. Með mikilli alvöru og gaumgæfni byrjar manni að rannsaka sjálfan sig, hvert að hann hefir vitnisburð H. Anda, að hann sé Guðs barn, eður að hann leiðist af falskri innbirlíngu um arfarétt Guðs barna, hvað margan hendt hefir, sem Guð náði, og er það auðsært, ekki einasta af dæmi Pharíseanna og hinna skriftlærðu, um hverja sjálfur Frelsarinn vitnar, hvað fjarlægir þeir verið hafi Guðs ríki, heldur margra annarra, sem að ekkert efast um Guðs náð, en lifa þó hvergi nærri svo sem kristnum ber, jafnvel þótt að ei séu þeir verstu klækjum hlaðnir, hverjum ekkert er betra ráð enn það, sem Páls géfir, er hann segir, 2 Cor. 13: reynið hvert þér eruð í trúnni; hvað ei gétur með betra móti skéð, heldur enn ef vér rannsökum vora lifernis háttu, því trúin er aldrei ávaxtarlaus, heldur verkar hún fyrir kjærleikann, allar kristiligar dygðir hefir hún í sér fólgnar, hvar um eg vil nockuð framar tala í síðari greininni, en láta um-hið fyrra úttalað að svo stöddu.

St. Petur sagði, að hjá Guði væri ekki manngreinarálit, heldur á öllu fólki, af sérhverri þjóð, sem gjörir hans vilja, hefði hann velþóknan, Act. 10; nú er það ómöguligt syndugu holdi að gjöra Guðs vilja að fullu, því það er hið sama og að uppfylla lögmálið, en það er oss um megn, sem að í syndinni erum gétnir, hverrar spilling að dagliga brýtur sig út um þenna dauðliga líkhama, svo að þegar vér viljum gjöra hið góða, þá loðir hið vonda við oss; það játar Páls um sig, Róm. 7, með mikilli harmaklögun, og mun engum af oss betur varið. Nú heyri eg Drottinn tala á þá leið hér í guðspjallinu, að sá meigi enginn inn í Guðs ríki koma, sem ei gjörir Föðursins vilja, en hverr mun þá hólpinn verða? Gjæt þess nú, barn mitt! er Páls segir, Róm. 8; hinn sami Páls, sem taldi vankvæði sín á að uppfylla lögmálið, hann segir: það sem lögmálinu var ómöguligt, af því það veiktist fyrir holdið, það hefir Guð gjört, sendandi sinn Son í líkíngu syndugs holds, og fyrir syndina fordæmt syndina í holdinu; til þessarar réttarbótar vísar Drottinn oss sjálfur hjá Jóhannem, 6 kap: það er vilji hans, er mig sendi, að hver, sá eð sér Soninn og trúir á hann, hann hafi eylíft líf, sem er hið sama og að inngánga í himnaríki. Guðs vilja er ómöguligt að gjöra svo honum líki; þótt þér gjörðuð allt það þér ættuð að gjöra, segir Frelsarinn, þá játið samt: ónýtir þjónar erum vér, Lúk. 17; en hversu mikið oss bresti á það, til þess finna allir þeir, eð rannsaka sinn lifnað og bera

hann saman vid Guds h. lögmál, jafnvel hinir réttlátu, er vér svo köllum; Nói, Abraham, Ísak, Jakob, Elías, Samúel, Job, Daníel, mega forláts bidja, þegar Gud heldur dóminn, í hvers augum það himnanna himnar ecki hreinir eru; trúin á Guds Son er það alleina, sem oss réttlætir, því sagdi Pétur fordum, ad þar væri eckert annad nafn undir himninum mönnunum géfid, í hverju oss byrjadi sáluhólpnum ad verda. Væru ecki allir affallnir og allur heimurinn sakfallinn fyrir Gudi, Róm. 3, þá væri ecki hans Sonur í heiminn kominn ad kalla syndugа og ecki réttláta til ydranar; en alla hefir hann kallad, öllum segja látid fyrir Jóhannem: gjörid ydran, þvíad Guds ríki er nálægt, Matth. 3, öllum hefir hann í sínu nafni prédika látid ydran og syndanna fyrirgéfning, er þann hljóm heyrt hafa, sem út er genginn um alla heimsbygdina, öllum hefir hann boda látid: gjörid ydran og trúid evangélíó, Mark. 1. Þessi er minn elskuligur sonur í hverjum mér velþóknast, sagdi Guds födurs raust af himnum vid ána Jórdan, Matth. 3; þarfyrir er sérhver sá velþocknadur hjá hönum, sem trúir á nafn eingétins Sonar Guds, og hann kémur ecki til dómsins, Jóh. 5, það er, hann verdur ecki fordæmdur, því hann hefir elskad oss í hinum elskuliga; og þessi er lögmálsins uppfylling, þessi er sá Guds vilji, er Frelsarinn talar um í gudspjallinu, ad trúa á hann, en med hvílíkri trú, kristnir menn! ecki hans, sem trúir, ad Gud er til alleina, því trúa og djöflarnir og skélfast þar af, ecki hans, sem kallar sig trúa á Gud, en nær hann sér bródur edur systur skort lída, géfur hann þeim þó ecki það, sem líkhamanum gagnar, Jak. 2, jafnvel þótt hann hafi audlegd heims þessa, því sá, sem segist elska Gud, en hatar sinn bródur, segir Jóhannes, hann er lygari, því ef hann ecki sinn bródur elskar, þann er hann sér, hvernig má hann Gud elska, þann er hann sér ecki, 1 Jóh. 4, sá dregur sig á tálar, er hann meinar sig ad trúa á Gud, en sýnir enga trúarinnar ávexti. Páll segir, ad í Christó gyldi hverki umskurn né yfirhúd, heldur trú sú, sem verkar fyrir kjærleikann, en kjærleikurinn er lögmálsins uppfylling, Róm. 13, það er, hann innibindur í sér allt það, sem í lögmálinu bodid er, en þótt hann sé ófullkominn hjá oss, þá verkar trúin það í hönum, ad hann gyldir í hans augliti, sem hefir sett Jesúm Christum til eins nádarstóls í hans blódi, til ad auglýsa sitt réttlæti, ad hann sjálfur sé réttlátur, og réttlætandi þann, sem er af trúnni Jesú Christí, Róm. 3, það er, sjálfur réttlátur í því ad taka eckert ófullkomid fyrir gyldt, en rettlætandi þó ránglátan fyrir trúna á Kristum, og gjörandi þau verkin gyld, sem af henni framkoma og í Gudi gjörd eru; og má hér af sjá, hvílíkri þeirri trú byrjar ad vera, sem er eptir Guds vilja; í einn ordi ad segja: sýnid mér ljós fyrir utan birti, sól fyrir utan ljóma og eina manneskju fyrir utan sál, og skal eg sýna ydur rétta trú fyrir utan ávexti. Tvofaldt er embætti trúarinnar; eitt er það, ad trúa því, ad Gud sé hegnari vondra verka, annad, ad forláta sig þar uppá, ad Gud muni syndirnar fyrirgéfa; en það er varla möguligt, ad sá trúi hinu fyrra, sem ad framfer í glæpunum ydrunarlaust, því segir Davíd, ad hinn heimski segi í hjarta sínu: þar er enginn Gud, Ps. 14, og hann trúir forgéfins, ad sér verdi syndirnar uppgéfnar, sem liggur í þeim vísvitandi, hafandi enga vidleitni, edur atburdi, til ad krossfesta sitt hold med þess girndum og tilhneigingum; oftraust er það Guds nádar, en ecki sú trú, er manninn hólpinn gjörir. Þú segir:

mín trú er veik, því veldur fjøldi synda minna, ad eg er ecki aldeilis fulltrúa um, ad Gud muni síns réttlætis vegna géta fyrirgéfid mér þær, en eg er ecki eingsta ófullkominn, heldur óstødugur í mínu apturhvarfi og í því ad gjøra Guds vilja; heyr mér barn! er Lausnarinn þá kominn, til ad kalla réttláta og ecki syndugа til yđrunar? Pínar syndir eru Djøfulsins verk; mun ei Guds Sonur kominn til ad niđurbrjóta þau? 1 Jóh. 3; þetta mistraust er eitt af þeim, þad mun Guds Sonur fyrir hvørn mun í burt taka, því hann veit, ad á því rídur sáluhjálp þín ad trúa á Gud og þann, er hann sendi, Jesúm Christum; mun ecki nádin yfirgnæfa, þar sem syndin yfirgnæfir? Róm. 5. Hefir ecki Gud alla undir óhlýdninni innilukt, (þad er, undir þeckingu syndarinnar) uppá þad hann myskunadi øllum? Róm. 11; ef þú nú þeckir synd þína og vilt hana af hjarta ofgjørt hafa, hvernin kanntu þá ad efast um Guds myskunsemi edur fyrirgéfníngu syndanna, þar Gud vill ecki, ad nockur madur tapist, heldur komist til sannleiksins viđurkénníngar? 1 Tím. 2. En þó ad trúin sé veik, þá er þad þó trú; einn neisti er eins vel eldur, svo sem mikid bal, einn dropi er eins vel vatn, svo sem allur sjórinn, svo var og trú fødur hins túnglsjúka eins vel trú, svo sem hinnar Kanaanisku, svo sem hinnar blódfallssjúku, svo sem hundrads høfdíngjans. Bid med lærisveinunum: Herra! auk þú oss trúna, Lúk. 17, og med fødur hins túnglsjúka, er eg strax umgat: eg trúi ad sønnu, Herra! en hjálpa þú vantrú minni, Mark. 9; en þótt ei bregdi strax vid, sem þú bidur, þá lát þér á medan nægjast Guds nád med Páło, því hans kraptur fullkomnast í breiskleikanum, 2 Cor. 12, og vissi Gud, ad þér ecki nægdi um sinn þad lítid, sem þú hafa þykist, þá mundi hann án efa ad skyndíngu vidauka, því án trúarinnar er ómøguligt Gudi ad þóknast. Trúin er verk H. Anda, en ecki þitt; kalla þad aldrei lítid, sem Gud hefir gjørt; gæt þess og, barn mitt! ad hinn nádugi Gud heimtar þad ecki af syndugum manni í evangélío, sem hønum er um megn; þar er enginn af øllum Adams nidjum, sem ad fullu hefir Guds vilja gjørt, nema hinn annar Adam, sem er Gud af himnum, sá ed í heiminn er kominn ad gjøra hans vilja; hann er ánægdur med gudrækni hjartans, og alvarliga vidleitni til ad lifa eptir sínum vilja, því þeir, sem eru í Christó Jesú, þeir eru ecki undir løgmálinu, Róm. 6, og ecki er fordæmíng í þeim, Róm. 8; Gud høndlar vid þá svo sem børn og ei svo sem þræla, því hann veit hvada verkefni vér erum, og þeinkir á, þad vér erum mold, Ps. 103; sagdi ecki engillinn vid Abraham: eg veit ad þú óttast Gud, þó hafdi hann sína bresti, er hann tvisvarsinnum missagdi um konu sína, ad hún væri hans systir; Jakob, er hann á tálar dró sinn blinda fødur, og hversu mjøg kvartar Páłus um þá synd, sem í hønum bjó, Róm. 7; þessi dæmi hefir andi Drottins uppteiknа látid til huggunar þeim, sem af efaseminni freistadir verda, af því þeir finna skort á þeirri hrósan, sem fyrir Gudi gyldir. Vér høfum í Christó þann høfudprest, sem kann ad sampínast veikleika vorum, Hebr. 5, hann er brunnur þess vatns, sem ad uppvellur til eylífs lífs, Jóh. 4, af hans fyllíngu høfum vér allir medtekid nád fyrir nád, Jóh. 1, í hønum finnur hinn strángi allsherjar Dómari allt, þad hann brestur hjá oss, hann er oss af Gudi géfinn til réttlætis, til helgunar og til endurlausnar; hønum, med Fødur og H. Anda, sé veldi og kraptur, ríki og máttur, dýrd og heidur, frá einni eylífd til annarar, amen!

M

Níunda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 16 Kap.

Á þeim tíma, Jesús sagdi til sinna lærisveina: nockur madur audugur var þar, sa ed hafdi einn rádsmann, sá samı var ofrægdur vid hann, svo sem hefdi hann eydt hans gotzi; og hann kalladi þann sama til sín, og sagdi til hans: hvad heyri eg þetta af þér? gjør þú reikníngskap af þinni rádsmennsku, þvíad þú mátt eigi lengur rádsmennsku hafa. En rádsmadurinn sagdi med sjálfum sér: hvad skal eg til gjøra, minn herra sviptir af mér rádsmennskunni? eg dugi ecki til ad grafa, en skammast mín ad bidja; eg veit hvad eg skal gjøra, nær ed eg verd settur af rádsmennskunni, svo ad þeir medtaki mig í sín hús. Þarfyrir samankalladi hann einn og sérhvorn skuldamann síns herra, og sagdi til hins fyrsta: hvørsu mikid ertú skyldugur mínum herra? en hann sagdi: hundrad tunnur vidsmjers; og hann sagdi þá til hans: tak þitt bréf og sezt nidur, og skrifa snarliga fimmtígir. Eptir þad sagdi hann til hins annars: en hvørsu mikid ertu skyldugur? sá sagdi: hundrad mælikérold hveitis; þá sagdi hann til hans: tak þitt bréf og skrifa áttatígi. Og herrann lofadi þann rángláta rádsmann, þad hann hafdi gjørt svo forsjálliga, því þessa heims børn eru kjænari sonum ljóssins í þeirra kynslod. Og eg segi ydur: gjørid ydur vini af þeim ránglætis mammona, svo ad nær ydur þrýtur, ad þeir medtaki ydur í eylífar tjaldbúdir.

Exordíum.

Marta! Marta! þú ert áhyggjusøm og mædist í morgu, en eins er þørf, María hefir útvalid þad góda hlutskiptid, sem ecki skal frá henni takast, sagdi Lausnarinn fordum, Lúk. 10. Þad eru stór vanheilindi sálarinnar hjá oss, daudligum monnum, ad hún syrgir svo mjøg fyrir líkhamanum, en lítid fyrir sjálfri sér, og verdur því ecki á móti sagt, ad hún veltist nærsta mjøg úr tign sinni, þegar svo ber vid, því hvad er kroppurinn hjá henni ad reikna? hann er mold og aska, hún er einn lifandi andi; hann skynjar eckert af sjálfum sér, hún er full ráds og skilníngs; hann deyr og rotnar í grøfinni, þar liggur hann til þess hún vitjar hans aptur eptir Guds alvísu rádstøfun, og sídan skulu þau bædi þess not edur gjøld hafa, sem hún hefir séd fyrir sjálfri sér og hønum, á medan þau voru bædi saman í lífinu; en Frelsarinn segir, hjá Matth. 16 kap: hvad gagnar þad manninum, ad hann eignist allan heiminn, og lídi tjón á sálu sinni. Þetta skilst ecki sumum mønnum, svo eru þeir áhyggjusamir um þad nálæga, en syrgja lítt fyrir hinn eptirkomanda; og jafnvel finnst þessi brestur hjá þeim, sem Gud vilja óttast, hverja og Frelsarinn kallar ljóssins børn í þessa dags evangélió, af því þeir eru í skírninni Guds børn vordnir, hver ad er fadir ljósanna, Jak. 1, Christí brædur eptir endurgétníngunni, hver ad er ljós heimsins og upplýsir alla menn, sem koma í þenna heim, Jóh. 1, og upplýstir af H. Anda, sem er ljóssins andi og ecki myrkursins; en tómlæti þeirra og óframsýni straffar Drottinn hér í gudspjallinu med eptirlíkíngunni um hinn ránglata rádsmann, um hverja margur hefir margt talad, og fært hana heim uppá oss,

sem á stundum erum ótrúir ráðsmenn yfir því pundi, sem Guð hefir oss til meðferðar fengið, og er það að sönnu vel til fundið; en ásetníngur Frelsarans er, að kénna börnum sínum guðrækiliga framsýni í þeirra sáluhjálpar efnum, það sýna oss þau orð, er síðarst standa: og eg segi yður: gjörið yður vini af þeim ránglætis mammóna, svo að nær yður þrýtur, að þeir meðtaki yður í eylífar tjaldbúðir. Þessi orð vil eg nockuð gjörr yfirvega í þetta sinn, hvar til hinn góði Guð virðist að hjálpa, með styrk síns Anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Hér stendur meðal annars í guðspjallinu, að herrann hafi lofað hinn rángláta ráðsmann, það hann hafi svo forsjálliga gjört; ecki er það meiníngin, að Kristur hrósi þessum óhlutvanda manni, heldur segir hann frá því í eptirlíkíngunni, að hans lánardrottinn hafi prísað, ecki rángsleitni hans eða prettu, því enginn af oss hrósar slíku á sínum þénara, heldur slægvitsku hans í því, að sjá sér farborða, nær hann væri assettur ráðsmennskunni, svo hverki þyrfti hann að erfiða, né fara á vonarvol; og þetta dæmi brúkar Frelsarinn til að eggja sína þénara á kristiliga framsýni í sínu guðræknis eyrendi, að líka svo sem þessi veraldar sonur var forsjáll í því, að búa um tímanliga atvinnu sína, svo skuli þeir og vera í því, að sjá sér borgið í andligum efnum; því fylgir eptirlíkíngunni nockurskonar umkvörtun, er svo hljóðar: þessa heims börn eru kjænari sonum ljóssins í þeirra kynslóð, og þar á eptir boðorð Frelsarans, hvernig þeir breyta skuli, sem vilja eiga vist með Guði og öllum heilögum í eylífum tjaldbúðum. Gjörið yður vini af þeim ránglætis mammóna, segir Frelsarinn, svo kallar hann auðlegð heims þessa; það ber til þess, að varla er nockurt það ránglæti í heiminum, sem að auðurinn sé ecki viðriðinn með einhverju móti; hvaða ránglæti hafa menn ecki við í því, að afla hans í kaupum og sölum með yfirvarpi laga og réttinda, til að svæla undir sig eigur annarra, með féburði í dóma, með ráni og stuldi, með ofríki og ásælni, með lygum og prettvísi? En svo sem það er ecki minna vert, að gæta fengins fjár, enn afla þess, svo skéður og ecki minna ránglæti í meðferð auðsins, heldur enn í safninu; eður hvað gjöra þeir, eð brúka hann til ofmetnaðar, stæra sig þar af, þacka sjálfum sér fyrir sitt luckulán, færa fórnir fyrir sínu egin neti, brúka fé sitt til að niðurdrepa honum, sem ránginðin líður, til að réttlæta hinn rángláta, en fella ránglátan dóm yfir hinn saklausa, til óhófs í mat og dryck og annars bílífis, en láta hinn fátæka og nakta þorsta og húngur líða, innihalda lánuðu fé, og svíkja daglaunarann og þann, sem slegið hefir lönd hins ríka, um sitt verðkaup, svo að þeirra hróp er inngengið í eyru Drottins Zebaoth? Jak. 5. Eru það þá undur, þótt hann nefnist ránglætis mammóna? og þótt ecki æfi allir allt af þessu, þá er hverr partur þar af nógur til að fordæma þann, eð það fremur, því hvert að einn tapar lífinu fyrir lauslæti, eins og hann, er samlagaði sig skjækjunni af Móabs börnum, Núm. 25, eður fyrir ágyrni og níðsku, eins og Nabot, eður fyrir asnaleitina, eins og Símeí, eður frumgétníngu sinni með laungun inni eptir hinum sæta rétti, eins og Esaú, eður himnaríki fyrir nyskunarleysi og harðýðgi, þá má einu gylda; litlu varðar um hvern veg að einn steypir sér til helvítis. Nú er svo ástatt um auðinn, sem eg sagt hefi, ecki það, að hann sé illur í sjálfum sér, Guðs blessan er hann,

og nærstá þarfur þeim, er vel vita með hann að fara, og brúka hann Guði til dýrðar og náúnganum til gagns, og til þess að vera ríkur í góðum verkum, annars er hann skaðligur sokum vanbrúkunarinnar, og því segir Pálus, að þeir, eð ríkir vera vilja, falli í Djofulsins snorur; þarfyrir sogðu og hinir gomlu, að hinn ríki væri annaðhvert ránglátur, eður ránglats arfi; nú gétur það ecki að ollu leiti satt verið, því ei veit eg hversu stórríkur að Abraham var, þegar hann fór út af Ur í Kaldea landi, áður enn hann kom til Haran, Gén. 11; ecki var Jakob ríkur, þegar hann kom með einsamlan gaungustaf sinn til Labans, og ecki var Davíð sjolskrúðugur, þegar hann fór landflótta fyrir ofríki Sáls, og mæltist til matarverðar fyrir sig og fólk sitt af Nabal, 1 Sam. 25; svo kunna og margir að vera enn nú í Dag, sem vel eru komnir að fé sínu, svo sem þeir eð auðgast af orlæti konúnga sinna og annarra hofðíngja, ef þeir ei vanbrúka gunst þeirra oðrum til skaða, þeir eð með bindindi og sparsemi auðlegð safna, svo framt að hann sé ecki óþocki fjár síns, eður neiti hinum þurfanda um það, sem Guð hefir honum boðið að géfa. Margur verður auðugur af embættislaununum og kunnáttu sinni, verji hana þar til yðju sinni og ástundan, og taki ei framar enn Guð og yfirvaldið boðið hefir, þá má hann eiga sitt með góðri samvitsku; margur græðir af handabla sínum og brúkar náttúruna, sem er rík, til útvega sinna, það er saklaus gróði, ef allt er annað rétt; en fyrir því, að í ollu þessu er hófið vandhitt, svo að enginn er að fullu viss þar um, að eckert sé rángfengið í búi hans, þar auðurinn er fagur, en menn eru ecki alltíð aðgjætnir í slíku og fyrirgéfa sjálfum sér mikið, þá kalla eg það stóra náð fyrir alla, að menn eiga kost á, að gjora sér vini af þessum ránglætis mammóna. Tveir liggja vegir til þess sérdeilis, sá eini er, að gjalda aptur það, sem einhver af oðrum rángliga dró, annar, að géfa olmusur fátækum; báða kénnir oss Zacheus tollheimtumaður, er hann sagði við Drottinn, Lúk. 19: helmínginn af eigum mínum géf eg fátækum, og hafi eg prettað nockurn, géf eg ferfaldt aptur; Guð hjálpi oss vel. Lítill var þessi tollheimtumaður vexti, en morgum stórum manni mun hann kénna mega aðferð kristiligs apturhvarfs; Drottinn gaf honum þann vitnisburð, að hann væri Abrahams sonur, líkast er, að hann hafi svo verið að burðum, það sýnir nafnið, og margir Gyðíngar voru tollheimtumenn Rómverja, en hann hafði tapað Abrahams barnarétti með tollheimtunni, því heiðíngja og þá leggur Frelsarinn að jofnu, Matth. 18, en því olli auðmýkt hans og ávextir trúarinnar, að Drottinn kallar hann Abrahams son; eg segi enn nú, að þetta smámenni gétur kénnt morgu stórmenni sannan veg yðranarinnar; hann dæmdi sjálfan sig í þjófsbætur, því svo segja Mósis log, Exód, 22, að þjófurinn skuli gjalda fjóra sauði fyrir einn, sem stolinn er; nú er þó straffið herdt af kristnu yfirvaldi eptir því, sem glæpirnir vaxið hafa, en þess væri óskandi, að hinir stóru þjófarnir létu ei heingja þá smáu, eins og hvalfiskarnir gleipa litlu fiskana; ef oll þvílík varmenni ætti undir gálgann að draga, þá mundi böðla vanta, þá mundi snorulaust verða, svo að gaungumaðurinn fengi varla það hann kynni að vefja um totur sín; en hér er þó ecki svo mjog hætt við; hinn réttláti Dómari hefir séð þvílíkum monnum bæði fyrir boðli og snoru, þar eð hver heingir annann á stundum. Stundum kvelur einn gjálífur sonur, ein lauslát dóttir síns foðurs hjarta, stundum þlága þá opinberir þjófar, oðrum sendir hann eld og

vatn, vind og óvedur til ad tugta þá; en fyrir því, ad þessir fépúkar ecki taka því, svo sem af Drottins hendi komnu, annadhvert fyrir hans lídun edur tilhlutan, þá kyrkir búksorgin þá og auraelskan, jafnvel midt í daudanum, nema þeir ádur sén afhuga heiminum, og hafi goldid þad aptur á einhvern hátt, er þeir med raungu frá ødrum tóku; svo fyrirfarast þessir aumíngjar, og verda heingdir jafnvel fyrir utan bødul og snøru, og í sannleika, kristnir menn! þá er þad einsætt hverjum einum, ed erfa vill himnaríki, ad gjalda þad aptur, er hann hefir svælt undir sig frá ødrum, því jafnvel hinn minnsti peníngur, er hann veit sig med óréttu halda, hann er pantur Andskotans uppá hans sálu, sem géfur honum rétt til hennar, svo fljótt sem hún skreppur út af kroppnum, nema hinn hafi ádur bætt fyrir sig, ef hann má því vidkoma, og fyrir því ad enginn veit, hvad mikil umsvif ad daudinn lætur honum eptir, þá er ei rád, nema í tíma sé tekid; Gud hefir aldrei heitid þeim kvittun syndanna, sem ecki lætur af illu og lærir gott ad gjora, Esa. 1. Sá ed stolid hefir hann steli ecki meir, segir Páľus, Eph. 4; tak ecki svo ord hans, ad hann banni alleina ad stela framvegis, en leyfi ad fela þad, sem allareidu stolid er, því Gud býdur ecki alleina ad láta af illu, heldur og ad gjora hid góda, og skyldi þad vera fyrst af gódgjordunum, ef svo má kalla, ad géfa þad aptur, sem einn rángliga inniheldur; og sá, sem ecki hefir leida á syndinni, hann gétur varla ætlad til fyrirgéfníngar, en hann sem ecki hefir andstygd á því fé, er hann rángliga tók, hann hefir og ecki heldur leida á hinum rángláta gjorníngi. Menn vilja segja, ad þad sé ómøguligt, ad gjalda øllum aptur þad, sem med óréttu tekid var; hann er daudur er þú tókst frá, þá lifa þó kannské erfíngjar hans, gjald þeim slíkt, er þú varst honum skyldugur, annars ertú engu betri enn hann, ed svælir undir sig annars arf; vera má þú vitir ei hvar hann er ad finna edur arfa hans, þá høfum vér þó fátæka jafnan hjá oss, þeir taka vid arfinum, þegar enginn er erfínginn. Þú manst ecki hvad morgum, edur um hvad mikid sérhverjum þú hefir órétt gjort; þetta er líkligt, serdeilis hafir þú til margra ára saman safnad; þetta er líkligt, segi eg, því vér skrifum þad ecki svo á minnistøbluna, sem vér tøkum frá ødrum, en þad sem, frá oss kann tekid ad vera, því gleymum vér ecki svo brádliga; en áttú þar fyrir ad vera hyggjulaus hér um? nei, barn mitt! þess meira, sem þú hefir frá ødrum rángliga tekid, þess fleirum, sem þú hefir órétt tilgjort, þess meiri hug skaltu leggja á mál þitt, þad er og ecki ómøguligt ad gjora nockurn jøfnud í slíku; til dæmis: þú veitst hversu frekt þú hefir byggt lønd þín, hvad mikid þú hefir dregid af verkamønnum þínum, hversu ofmikinn ábata þú haft hefir á því þú seldir og keyptir, gjør svo smásmugligan reikníng vid sjálfan þig hér um, sem þú kannt, annars vill Gud reiknast vid þig; dæmir þú ecki sjálfan þig, þá verdur þú af honum dæmdur, 1 Cor. 11, hann hefir ecki gleymt þó þú gleymir; og nær þú hefir svo gjort, þá kasta nockru framyfir, og þó meira enn minna, svo þú sért viss um, ad Satan hafi ecki eina klauf eptir í búi þínu, heldur enn Israel á Egyptalandi; sé þá nockud ofgoldid, þá er því ecki spillt, þad verdur ad féssjód á himnum, þad verdur ad ølmusu, og þad er rétt, ad gjora sér vini af hinum rángláta mammon. Ecki einasta galdt Zacheus aptur, þad hann rángliga tekid hafdi, heldur og gaf hann helmíng eigu sinnar fátækum, þad gédjadist Frelsaranum svo vel, ad hann sagdi: á þessum degi er húsi þessu heilsa skéd;

haldt sál þína svo dýrmæta, barn mitt! ad þú sjáir ecki eptir nockrum forgengiligum álnum til ad njóta sonnu blessunar, því jafnvel þétt ecki vinni vorar olmusur edur onnur verk til neins hjá Gudi, þar vér gjorum eckert fram yfir þad, sem vér eigum ad gjora, þá eru þær Gudi þó hvad kjærastar af ollu því vér bjódum honum, nær þær af trúnni framkoma og af kjærleikanum, annars gylda þær ecki, því þótt eg bitadi allar eigur mínar nidur fyrir fátæka og hefdi ecki kjærleikann, þá væri eg eckert, segir Páll, 1 Cor. 13. Þarfyrir, sjái menn til hvernig menn olmusur géfa, ef þeir vilja ad þeir taki þá í eylífar tjaldbúdir, sem þær þiggja, ecki til fordildar sér, eins og Phariséi, þad heitir ad láta blása í básúnur fyrir sér, ad géfa olmusur til ad taka virdíng af monnum, og sérdeilis þeir, ed útsjúga hús eckna og fodurlausra, meinandi þó ad afþvo allt soddan med nockrum olmusugjordum; þótt þad sé bezt úr vondu ad ráda, ad géfa af því, sem illa er fengid, eins og Zacheus gjordi, og láta svo af ránglætinu, eins og hann, þá ætla ecki ad þínar olmusur muni gylda mikid, ef þú heldur áfram í prettunum; lát þér umhugad vera, ad þad sé vel fengid, sem þú géfur af. Eg elska réttinn og hata ránid, þad er samteingist vid brennifórnina, segir Drottinn hjá Esaíam, 61 kap.; hér af kunna menn ad sjá, hvad þær olmusur gylda muni í augliti Drottins, sem einn ætlar ad betala sjálfum sér aptur med féráni af náúnganum, þær eru engu betri enn hunds verd edur skjækju, sem Gud vildi ecki láta bera inn í helgidóminn á tímum gl. testamentisins, Devt. 23. Þarfyrir, nær þú olmusu géfur, þá sjá til, ad hún sé í Gudi gjord; sértu ríkur, þá géf ríkugliga, og gjæt þess, af hverjum þú aud þinn fengid hefur, þó svo, ad þín vinstri hond viti ecki hvad hin hægri gaf, gjæt og þess, ad þú géfir ecki oflítid ef þú mátt vel; þad er stór synd ad hafa alls nægtir, en láta hinn voladа svo frá sér fara, ad hann hafi varla magann fullan, auk heldur til nærsta máls. Þér sundurmerjid andlit hinna fátæku, segir Drottinn, Es. 3; þótt þad sé talad í annari meiníngu í þessum stad, þá heitir þad rétt ad sundurmola andlit hins volada, ad láta hann horfa á andlegd sína, en skamta honum svo naumt, ad hann sé litlu nær; ecki gjordi þad Drottinn, er hann saddi 5000 manns í eydimorku, því gudspjallamadurinn segir, hann hafi géfid, svo sem hver vildi hafa, Jóh. 6; ef þú vilt segja þad nídskunni til umbótar, ad hann hafi haft betri rád enn þú, þá vil eg segja: gétur þú ecki trúad honum, er þad gjordi, ad hann kunni ad géfa þér tínfallt aptur vid þad, sem þú gafst vesalíngunum. Sértu fátækur, þá géf þó af fátækt þinni slíkt, er þú af mátt leggja, og lát þad vera af gnægd hjarta þíns, því Gud álítur hjartad; lausnarinn sagdi, ad eckjan sú, er lagdi tvo smápenínga í Guds kistuna, hún hefdi meira lagt, enn allir hinir ríku, því hún gaf af leyfum sínum alla lífsnæríng sína, Mark. 12; vit því, ad þad lítid, er þú gafst, þad er Gudi eins þægt og hid mikla, er hinn ríki gaf, því báda yckur gjordi Gud; en hvernig sem þér háttad er, þá géf med gódu skapi, því hýran gjafara hefir Gud kjæran, segir Salómon, Páls býdur þad skuli gjorast, ecki med naudúng, heldur med fúsum huga; sá sem med illu gédi útilætur þad hann géfur, hann hefir bædi tapad því, er hann gaf, og svo þeim launum, er hann kunni ad vænta af Gudi. Géf strax, ef þú géfur, því hann, sem fljótt géfur, hann géfur tvisvar; seg þú ecki náúnga þínum: far burt og kom aptur, því á morgun skal eg géfa þér, ef þú hefir þad, Ordskv. 3; þad gjorir vesalíngunum lángeygdan eptir

gjöfinni, sérdeilis ef þörf hans er bráð, og Gud kann ad láta þig bída eins lengi eptir hjálpinni, nær þér áliggur, því med þeim sama mælir, er þér mælid, mun ydur aptur mællt verda, segir Frelsarinn, Matth. 7. Ölmusur hafa stóra nád í Guds augliti; bænir þínar og ölmusugjördir eru uppstignar fyrir Gud til minnis, sagdi engillinn vid Kornelíum, Act. 10. Bænin er offur þad, sem vér eigum dagliga Gudi ad færa, þad eru kálfar vara vorra, Hós. 14, sem koma í stadinn fórnfæríngа gl. testamentisins, ölmusurnar eiga þeim ad fylgja, ei sídur nú enn þá; ölmusan blídkar Gud meir enn fórnin, því á myskunsemi hefir hann þóknan, en ecki á offri. Haf rád mitt, konúngur! sagdi Daníel vid Nebúchadnezar, gjör syndir þínar ad réttlæti og ránglæti þitt ad myskunsemi vid hina aumu, Dan. 4, líkligt er, ad hann hafi þad gjört, og kannské ecki apturhorfid úr vargshamnum til mannligrar ræun og skickunar ella. Ad endíngu vil eg minnast á þad, er hér sídarst stendur í gudspjallinu: svo ad nær ydur þrýtur, þá medtaki þeir ydur í eylífar tjaldbúdir; hverjir þá? Guds voladir sandir; nær þrýtur oss? þegar vér förum naktir burt úr heiminum, eins og vér í hann komum; nær medtaka þeir oss? veginn leggja þeir til þess hér í heimi med bænum síuum og andvörpunum til Guds, ad þad megi oss endurgoldid verda í upprisu réttlátra, er menn gáfu í Guds nafni. Jóhannes sá í opinberaninni einn engil standa frammi fyrir altarinu, hann hafdi reykelsis kér af gulli í hendi sér, og var géfid reykelsi mikid, ad hann offradi því med bænum heilagra, Apoc. 8, eg efast ecki um, ad hér med eru og teiknadar bænir voladra þurfamanna, sem eru réttir Christi limir, þetta reykelsi skyldu menn dýrum dómum kaupa, því þad gagnar meir enn mörg þúsund stycki gulls og silfurs, nauta og sauda, en um sídir munu þeir medtaka oss í eylífar tjaldbúdir, þegar Konúngurinn segir á efsta dómi til þeirra, sem eru á hægra veg: þad sem þér gjördud einum af þessum mínum minnstu brædrum, þad gjördud þér mér, komid þér hinir blessudu míns Fodur, og eignist þad ríki, sem ydur er fyrirbúid frá upphafi veraldar; þess njótandi ad verda unn þú oss eylífur Gud og alleina ríkur, fyrir hann, sem vor vegna fátækur gjördist, Jesúm Christum, vorn Frelsara, amen!

Tíunda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 19 Kap.

Í þann tíma, og þá ed Jesús kom nær, ad hann sá borgina, grét hann yfir henni og sagdi: ef ad þú vissir hvad til þíns fridar heyrdi, þá mundir þú á þessum þínum tíma þar vaktan á hafa, en nú er þad hulid fyrir þínum augum; þvíad þeir dagar munu koma yfir þig, þad þínir óvinir munu byggja hervirki í kríngum þig og umkríngja þig, og á alla vegu ad þér þreyngja, og nidur í grunn kollkasta, og þínum börnum med þér, og ecki munu þeir í þér láta stein yfir steini vera, af því þú þecktir ecki þinn vitjunar tíma. Og hann géck inn í musterid og tok til ad reka út þá, sem seldu og keyptu þar inni, og sagdi til þeirra:

skrifad er, ad mitt hús sé bæna hús, en þér hafid gjort þad sem annad spillvirkja inni. Og hvern dag kénndi hann í musterinu; en kénnimanna höfdingjar og skriftlærdir, og þeir yppurstu lidsins, leitudu fast eptir ad fyrirkoma hönum, og gátu þad ecki fundid, hvad þeir skyldu gjöra hönum, þvíad allt folkid hné ad hönum, og hlýddi hans ordum.

Exordium.

Vel útmálar h. Pálus þad skrímsli ágyrndina, er hann segir, 1 Tím. 6: þeir sem ad ríkir vilja verda, þeir falla í freistni og snörur, og í margar girndir vitlausar og skadligar, hverjar ad steypa manninum í töpun og fordjörfun; þetta er deginum ljósara, því undir þenna skaplöst þénar svo mikid illþýdi annarra lasta, ad varla er nockur sú ódygd, ad ei þurfi hún lid af ad þiggja, nær hún er mögnud; eins og einn stór herra þarf margra þénara, svo er og óvættur þessi; hún tekur heila sveit af sinni kynslód í lid med sér: lýgi, rógur, bakmælgi, meinsæri, sláttskapur, undirhyggja, ofríki og jafnvel mord og manndráp eru hennar förunautar; þad vottar Postulinn skömmu sídar í þessum sama kapítula, er hann segir, ad ágirndin sé rót alls ílls, í hverja þegar nockrir fíkst hafa, þá hafi þeir villst frá trúnni og sjálfa sig í gégnum lagt med harmkvælum mörgum. Hinn ágjarni hefir ótal veidibrellur til útvega sinna, en ecki hefir Djöfullinn færri snörur til ad veida hann; hvad drap Achan? Jós. 7, hvad rænti Achab ríki og fjöri? hvad sálgadi Júdæ? Matth. 27; alltsaman gjördi þetta fégirndin, og ótal fleira, sem ei verdur uppreiknad og kunnugra er, enn med mörgum ordum segja þurfi. Nú eru þó margir vegir til ad verda ríkur, sumir leyfiligir, sumir óleyfiligir, hinir fyrri eru blessan Drottins, ástundan í sínu embætti og kristilig fyrirhyggja, og annad þvílíkt, sem eg hefi nockud drepid á í næst fyrirfarandi prédikun; hinir óleyfiligu eru svo margir, sem ágirndin fær uppdiktad, en med þeim hættustu er órádvönd kauphöndlan, hverrar vegna ad Drottinn kallar, ad Guds hús sé ordid ad ræningjabæli hér í gudspjallinu, því segir Sýrach 27 kap: einn kaupmadur gétur varla varid sig órétti, né einn kramari fyrir syndinni. Nú fyrir því, ad eg hefi ecki til forna í bók þessari neitt merkiligt um þenna hlut ritad, sem þó er harla naudsýnligt ad vita nockud um, þá vil eg taka mér orsök af vandlæti Drottins til ad hugleida tvennt hér af, sem er: 1) hvör ad sé leyfilig kauphöndlan; 2) hvör ad sé óleyfilig. Hjálpa oss gódi Gud til þessa verks, fyrir Jesúm vorn Drottinn, amen!

Utleggingin.

Þad er víst, ad ecki gétur verold þessi stadist án kauphöndlunar; mismun hefir hinn alvísi Skapari gjört bædi landanna og mannanna, en engum hefir hann gefid allt, því hann ætladi sjálfum sér allt; ríkur og fátækur mættu hver ödrum, segir Salómon, en Gud hefir gjört þá báda, Ordskv. 22, hann meinar ríkan ríkan, en fátækan fátækan, því hverttveggja kémur af hönum; hvarfyrir mun nú hinn Almáttugi svo gjört hafa? gat hann ecki alla fullríka gjört, sem á alla jördina og þad, sem þar inni byggir? ad vísu gat hann; hvarfyrir er þad svo skéd þá? enginn hefir ad sönnu hans rádgjafi verid, en þó má þad skilja, ad hann hefir gjört þenna mismun til ad láta dýrka sig af bádum, af þeim, sem nóg hafa, med kjærleikans verkum, af hinum, sem skortinn lída, med þolinmædinni, en þó ecki sízt til ad láta daudliga menn æfa sig í réttvísinni og kjærleikans verkum í allri höndlan og vidskiptum, þar enginn er sjálfum sér fullnógur um allt, ad ei sé hann annars þurfi í einhverju. Brúki því nockur kaupmannskap, þá æfir hann engan illan hlut, heldur

ur naudsýnligann; Gud hefir ecki fyrirbodid sjálfann hlutinn, heldur vanbrúkun hlutarins; vigt og mælir eru þeir hlutir sem kauphöndlan má ecki án vera, þad hefir Gud ecki bannad, en ránga vigt og mælir hefir hann fyrirbodid, Lev. 19, og þetta er ecki sídst ad taka vara á í vidskiptum manna; rétt er og hverjum manni ad kaupa þá hluti, er hann vid þarf, til þessa lífsnæríngar, edur skickanligrar brúkunar, sem Gud hefir ecki í sínu heilaga ordi fyrirbodid; svo keypti Abraham landid af Hephron til ad grafa kvinnu sína, Gen. 23; Jakob keypti land undir bú sitt af sonum Hemors, Gen. 33; Jóseph keypti fé hinna Egyptsku til handa Pharaó fyrir atvinnu, Gen. 47; Jeremías akurinn af Chanameeli syni fødurbródur síns, og gjørdi gjørníng þar um, Jer. 32; og Lamúel samlíkir forsjálli konu og ydinni vid kaupskip, því ad hún sæki fædslu sína lángt ad, Ordskv. 31; fyrir því er þad saklaust ad brúka kauphøndlan um þvílíka hluti. Allir þessir menn, er eg strax upptaldi, voru Guds vinir, og kunna menn ecki annad um þá ad ætla enn ad þessi hegdan þeirra hafi leifilig verid; en ef þeim var saklaust ad kaupa, þá var og hinum syndlaust ad gjøra þad falt, er þeir seldu, því ecki er kaupandi nema seljandi sé. Lydía, sú er Pálus skírdi í borg þeirra Thýatírórum, Act. 16, hún seldi purpura, og heyrist ecki ad Postulinn hafi bannad henni høndlan sína, og var þetta þó ecki svo mjøg naudsýnligur hlutur til lífs næríngar, sem hún hafdi med ad fara. Sá ed selur handaverk sín, hverju nafni sem heita, hann brúkar saklausann kaupmannskap, því hann neitir brauds síns í sveita síns andlitis, ef hann ecki falsar verkefnid, edur brúkar í því adra rángsleitni, fyrir þvílíku mun hér eptir rád gjort verda í sídara partinum; hann ed selur þad, er hann missa kann úr búi sínu, þeim ed vid þurfa, hann gjørir gódan hlut, sérdeilis ef hann ecki inniheldur því, er hann má án vera, nær hinn er naudstaddur; svo gjørdi Jóseph, þegar Gud sendi húngur í Egyptaland, og þótt ad Heródes konúngur Aschalónita væri hinn versti madur, þá var þad þó lofs verdt á hønum, sem Jóseph sagnameistari skrifar, ad hann hafi sellt jafnvel gersemar sínar fyrir atvinnu handa þegnum sínum. Þeirra adferd er og saklaus, sem hafa fé í høndum, og kaupa naudsýnliga hluti, á medan nægtir eru af þeim, til ad selja ødrum sem fátækari eru, og ei høfdu rád til ad kaupa til margra ára, og þótt þeir ábatist nockud þar af fyrir ómak sitt, þá er þad ecki synd, nær þad skédur med jøfnudi og án okurs, og þad hygg eg ad sé hid sama, sem Páłus býdur, 1 Cor. 7: ad þeir sem kaupa, séu svo sem ad ecki eigi þeir, þad ræd eg af því, er hann segir strax eptir, ad menn skuli brúka svo heiminn, ad menn ecki vanbrúki hann, þad skil eg svo, ad menn færi sér í nyt þá hluti, er Gud hefir lánad, þó svo, ad þad ei verdi med ásælni vid náúngann, til ad gjøra sig ríkann enn hann fátækann, sérdeilis þar hann í þessum stad er ad tala um þá stuttu tíd, er menn eiga ad fást vid þetta tímanliga. Þeirra atburdir eru og réttvísir, og nærsta þarfir, er færa þá voru yfir hafid, sem eitt land má ecki án vera, nær þeir gjæta þess er St. Páll bídur, 1 Tess. 4: enginn yfirstígi edur ásælist sinn bródur í nockurri høndlan, því Gud er hegnari alls þessa; en nær þeir gjøra þad til ad hafa þar af sitt ærligt uppheldi, en ecki til þess alleina ad verda ríkir af þorf annarra, þá er þeirra verk enganvegin lastandi, og má um þá segja eins og um hvern annann, sem ver erfidi og ydju

sinni til ad hjálpa náúnganum, ad verdur er verkamadurinn launa sinna; fyrir því á ecki kaupandinn ad sjá offjónum yfir því, þótt þeir ábatist, ef þeir gjora hann ecki ad lograeníngi, sérdeilis þar hann vogar lífi og gótzi til ad sjá hinum borgid, því hvertveggja þetta eru dírmætari hlutir, og lífid ad vísu hinn kostuligasti af veraldar munum, jafnvel ad vitni Satans, er hann sagdi, Jób. 2: húd fyrir húd, og allt hvad madurinn á, mun hann géfa fyrir sjálfann sig; því á ecki ad misunna þeim nockurs ágóda, er svo mikid leggja í sølurnar; þad kann og til ad bera, ad þesshattar kaupmadur, gjori þeim engann órétt, er hann selur voru sína frekt, ef hann má hana annarstadar kaupa dírum dómum, og þad kémur eitt hvad á milli, sem hindrar ásetníng hans, því þad er eins og hvert annad tilfelli í útréttíngum vorum, og er þad margt sem kaupandi kann ecki ad vera svo fródur um, ad hann viti hvort hinn gjorir órétt edur ei, má hann því ei strax víta hinn þarfyrir, og þótt hann vissi sér órétt gjørdann, þá gjorir hann sjálfann sig eins sekann, ef hann vill rétta hluta sinn med ødrum órétti, því þad heitir ad gjalda illu íllt, hvad Gud hefir bannad. Þetta er nú svo sagt um þá kauphøndlan, sem leifilig er, eptir því sem í stuttu máli sagt verdur, hvert þó betur skiljast mun af því, er í hinni sídari greininni talad verdur um þad, sem er óleifiligt í nockurri kauphøndlan.

Þér erud eins og snara í Mizpa og útþanid net yfir Tabor, segir Gud vid Israel, Hos. 5, af þessum Drottins dómi áttu kénnimennirnir ecki hinn minsta hlut, vegna ágyrni sinnar, svo sem ráda má af textanum; en ecki voru þeir rádvandari, þegar sá Drottnarinn kom til síns musteris, sem rak út þadan seljendur og kaupendur, svo sem í gudspjallinu stendur, þad verdur sannad med ordum Hérónými lærifødurs, hverra meiníngu eg vil setja hér ad nedan, til fródleiks þeim er eptirtaka vilja, en øllum til vidvørunar, því sérhver kristinn madur á ad vera Guds kénnimadur í hjarta sínu, sem er musteri H. Anda, hann skrifar á þá leid í sinni útskíríngu yfir Matthei 21 kapitula: kénnimennirnir uppþeinktu hvernin þeir gjætu ábatast af almúganum, og seldu allan fénad þann, er þurfti til fórnanna, svo ad þeir seldu þeim er ecki høfdu, og tækju sjálfir aptur þad þeir selt høfdu; en þenna prett þeirra hindradi fátækt margra, sem ecki einasta ei høfdu þad þeir kynnu ad offra, heldur og ecki þad þeir mættu kaupa med, því tilsettu þeir þá ed láundu peninga; en fyrir því ad í løgmálinu var bannad ad taka rentu, og lánad fé kunni ecki ad gagna fyrir utan ávøxt, þá uppþeinktu þeir annad bragd, ad þeir tilsettu þá, er í stadinn fyrir peníngarentu tækju adskiljanliga ávexti, svo ad þad sem ei leyfdist ad taka í peníngum, þá tækju þeir í þeim hlutum, sem med peníngum keyptir eru; fyrir rángsleitni þessa og hreckvísi rak Drottinn út þá ed med þessu móti seldu og keyptu í musterinu, af hverjum flestir voru þénarar kénnimannanna, edur þeim áhángandi. Hugleidid nú, kristnir menn! hvad miklu gøfugri og dýrdligri ad er Guds kyrkja medal vor, heldur enn Jerúsalems musteri, þar hún er bygd uppá grundvøll Spámannanna og Postulanna, hvar sjálfur Jesús Kristur er hyrníngarsteirninn, Eph. 2; sjái því til hver og einn, ad ecki verdi hann útrekinn úr hinni sønnu og ósýniligu Guds kyrkju, fyrir svoddan rángsnúinn kaupmannskap, en því er æ verr og midur, ad eg hygg ad margur temji sér þessa óhlutvendni, sem ætlar sig vel kristinn; Gydíngum vard þeirra hús í eydi látid, fyrir þessa og adra glæpi; en væru þeir allir

útreknir úr Guds kyrkju, sem þvílíkt adhafast nú í heiminum, þá uggir mig ad verda mundi þunnskipad þar inni; edur hvad er það, kristnir menn! þegar einn selur sínum náúnga einn hlut, en dylur þá lesti er hann hefir, já, hrósar honum í mesta máta, þó ljúgandi, og á stundum sver vid Guds skélfiligu hátign, ad það sé svo sem hann segir, og hversu margir klækir eru þá samankomnir, til ad steipa eins syndara vesælli sálu í helvítis afgrunn? hér er þjófnadur, hér er lýgi, hér er meinsæri, ef til vill, minna nægir; sérhvert af þessu, er nóg til ad fordæma syndarann; hefir ei Gud bannad ad stela, ad ljúga, ad leggja nafn sitt vid hégóma? þér skulud öldúngis ecki sverja, segir Lausnarinn, en ydar ræda sé já, já, nei, nei, Matth. 5; hvad vill það þá verda, ad leggja það vid svik og prettu, svo það er nærsta undarligt, ad nockur skuli meta sál sína svo lítils, og voga henni fyrir svo lítinn hégóma, og nærri því fyrir eckert á stundum? ad ei tali eg þar um, ad hann sem veit ad Gud er til, skuli svo berliga forsmá hans stóru hátign fyrir einkis verdann hlut; engu betri er hann, sem gyllir vonda voru med einhverju táli því, jafnvel þótt ecki ljúgi hann sjálfur, þá lætur hann hlutinn ljúga, en þjófnadurinn er allur hinn sami. Þessu er það líkt, ef nockur selur einhverjum það hann þeckir ecki, og hefir ei vit á ad dæma um, hvert það er íllt edur gott, það eru bannvæn svik, því sá það gjörir, hann selur ödrum heimsku sína, og veidir hann í neti fákjænsku sinnar; þetta er altítt þeim, er leina því, sem gagnligt er fyrir hinum einfalda, en bjóda þeim hid ónýta, og af þessum prett vaxa tvær adrar stórskammir, sem er, ad hann er þvílíkt æfir, fagnar í hjarta sínu, hversu forsjáll hann verid hafi, og þackar ábatann svinnu sinni, en hins ósvinnu forsmáir hann, og skammast sín ecki ad hrósa þessu fyrir sínum líkum, leggur svo drambseminnar og sjálfhælninnar synd til þjófnadarins, og er þá ecki von á ödru verra, nær Djöfullinn hefir svo blindad einn, ad hann stærir sig af klækjunum, eins og Lamech er hann hrósadi sér af fólskunni vid kvinnur sínar, Gén. 4; med þessum eiga þeir sess í Andskotans ríki, sem brúka falska vigt og mællir, um hverja eg hefi nóg sagt, þegar eg segi það med Salómons ordum: ad þvílíkt sé andstigd fyrir Gudi, sá það gjörir, hann uppskér hvar hann ecki sádi, og selur einum það hann aldrei féck. Þeir ed setja voruna ofdírt, og miklu hærra enn ad svarar þeim ábata, er þeir med réttu hafa mega fyrir ómak sitt og umhyggju fyrir sínum kaupmannskap, þeir meina ad sönnu ad vera saklausir, og helga sig gjarna þar med, ad enganu bidji þeir ad kaupa ad sér, og vara þeirra sé ósvikin; en hér í er þó margt athugavert, sé svo ad eg hafi einhvern hlut, þann eg má ecki missa án míns skada, en hann ætladi sér mikinn hagnad af, er kaupir, þá er það ad sönnu réttvíst, ad eg selji hann nockru dírara enn eg keypti; en ef eg hefi þann sama hlut til sölu og vil hann falann láta, þegar mér líkar andvirdid, en bródir edur systir eru naudstödd, svo þau géta ecki án hans verid, og eg brúka neyd þeirra voru minni til gyldis, þá er það stór synd, og engu betra enn það, sem ádur er upptalid, því það heitir ad selja einum þörf sína; en hvernin kann hann ad gjöra hlutinn betri edur dírmætari í sjálfum sér, heldur enn hann væri þar fyrir utan? kann nockud húngur náúngans ad gjöra þinn mat betri, og ef ecki betri, þá ecki heldur dírmætari, edur hans berleiki, það fat er þú selur honum kostuligra? þetta er

nockurskonar hæglætisofríki, og úlfur undir saudargjæru, því hvert eg svík fé út af einhverjum, sem ecki má ræna mig því sem honum áliggur, edur og ræni hann fé sínu, því er eg hefi engann rétt til, þad er allur hinn sami óréttur í Guds augliti. Í þessum flocki vada þeir ed kaupa upp alla voru, þá sem hinn fátæki má ecki án vera, nær þeir hafa nóg í höndunum, en selja hana svo dírt aptur, sem sjálfir vilja þeir, nær neydin þreyngir, og þó eru hinir hvad verstir, sem hafa á bodángi gyrniliga hluti, og þó aldeilis óþarfa, en láta þá svo dírt, sem ágyrndin bidur, nær dárinn sparar ecki fyrir ad géfa, til þess ad slöckva gyrndina um stundar sakir, en sveltur sídan; þetta er ad selja einum synd sína, sem er hinn versti kaupmannsskapur; þetta er ein Andskotans svipa, af mörgum streingjum, mörgum syndum fléttud, því fyrst kaupir hann þesshattar voru til ad leggja tálbeitu fyrir hinn heimska, sídan flettir hann fé sínu, og eptirá hædir ad honum, en prísar sjálfan sig og kjænsku sína, og þad er ecki öllu betra enn Bíleams ráð, hver ed lét Ísraels sonu glæpast á Móabítanna konum, Núm. 31; allir heilvita menn, sem þetta lesa edur heyra, þeir munu nærri géta, hvar um eg tala, og er allt ofmargt af þessu illþýdi í landi voru. Þetta er nú svo talad um hann ed selur, en þótt ad kaupandi og seljandi séu nærri því hid sama, þar enginn selur nema hann kaupi, og enginn kaupir nema hann selji, þá gjöra menn þó mismun þann í dagligu máli, ad sá heitir seljandi, er hefir voru til kaups, en hinn kaupandi, er ad honum kaupir, og því hefir hann og nockurs ad gjæta. Einhver kann á stundum ad selja þad hann ecki veit hvad kostar, og er þeim þá vant, sem ad honum kaupir, ad ecki ásælist hann sinn náúnga í sinni höndlan; já, í sannleika, géfi hann minna fyrir hlutinn enn ad hann verdur er, þá er hann eins sekur í Guds augliti, svo sem hinn, er seldi þeim ofdírt nockurn hlut, er ei veit hvad hann kaupir; einn neydist til ad selja eigu sína fyrir húngurs sakir, edur einhvern atvinnu brest, svo hann gétur ecki bedid eptir þeirri tíd, sem hann kunni ad fá lífsnæríngu med ödru móti, fái hann ecki jöfnud af þeim er kaupir, þá gjörir kaupmadurinn stóra synd, og er eins sekur og hinn, er selur ödrum þörf sína. Vágt er allt þvílíkt upp ad telja í stuttu máli, en gjæti menn þess, er Drottinn sagdi fordum: hvad þér viljid ad mennirnir gjöri ydur, þad sama gjörid þeim einnig, Lúk. 6; svo og þess Sýrach skrifar, 27 kap.: eins og fleigurinn klemmist á millum múrsteina, svo þreingist syndin á millum kaups og sals, fyrir því er þeim einsætt, er gjört hafa slíka höndlan ad handverki, kannské leingur enn skémur, sumir hverjir, þeim er einsætt, segi eg, ad ransaka nockud atferd sína í þessu, og ef þeir finna ránglæti hjá sér, ad bæta þad med sannri ydran, en hún er aldrei af alvöru, nema menn géfi þad aptur, sem rángliga var tekid, hvar um eg hefi nockud talad í næst fyrirfarandi prédikun, og vil þad ecki hér aptur ítreka; alleina vil eg ransaka tvennslags afsakanir, sem menn plaga ad gjöra sjálfum sér í þvílíkum tilfellum: ein er sú, ad nockrir látast géfa ölmusur af þessu rángfengna gótzi, og þurfi því ecki aptur ad leggja, en gjæt þess, ad þad sem fátækum er géfid, þad kallast Gudi lánad, en Gud vill ecki þjófsnautur vera, þad sem honum er géfid má velfengid vera, ef þad á honum ad líka; því er þad rétt, er Sýrach skrifar, 34 kap: sá sem færir fórn af eigu hins fátæka, þad er svo sem hann slátri syninum í augsýn fodursins; braud hins þurftuga er líf hins fátæka, sá ed svíkur hann, sá er blódgírugur.

Olympías módir hins stóra Alexandrí, hún helgadi afgudi sínum þad sverd, er madur hennar Philippus konúngur var drepinn med; Alexander Pherens gjørdi hid sama vid lensuna, med hverri hann vo fødur bródur sinn Polyphrónem, og sømu atferd hafdi keysarinn Antoníus Caracalla, er hann líflét bródur sinn Gétam; allir menn kalla þetta illa gjort, en ecki mun vera svo stór munur á þessum ódáda verkum í Guds augliti, og hinu, ad svíkja náúngans braud út af hans munni í kaupum og sølum, en látast géfa Gudi þar af aptur, edur hans vesælíngum, svo mikid sem þeim sjálfum líkar; þad gengur næst því, ad kasta blóds verdinu inn í kyrkjuna med Júda; en þó vil eg segja þad sem eg hefi ádur sagt, ad ef madur fær ecki aptur skilad þeim sama, er nockur hefir órétt tilgjort, þá er ecki annad rád enn ad géfa svo mikid fátækum, sem einn meinar sig, eptir smásmuglegt rannsak samvitsku sinnar, ad hafa med órétti tekid; dyljist og enginn vid þad ad syndin verdur ecki tilgéfin, nema aptur sé goldid hid rángfengna, því svo segir Drottinn fyrir munn Ezechíelis, 33 kap: ef hinn ógudligi géfur pantinn aptur, og lætur ránid af hendi, og gengur eptir lífsins bodordi, og gjørir eckert óréttvíst, þá skal hann lifa og ecki deya; med þessum skilmálum hefir Gud syndaranum vægdinni heitid, en annars ecki; hér um hefir Augústínus lærifadir vel talad í einum stad: ef ad annars fé (af hverju syndin kémur) kann aptur ad gjaldast, en verdur þó ecki goldid, þá er þad ecki sønn ydran, heldur læti hennar; syndin verdur ecki fyrirgéfin, ef ei er aptur fært þad burt var tekid. Sumir er þeirra afsøkun er segja, ad ei megi þeir apturláta, þad þeir med raungu tekid hafa, sokum óvirdíngar þeirrar, er af því fylgir, og ad fjárhlutir séu minna verdir enn gott mannord; en þessi er og svo næsta ógyld. Fyrst er þad, ad slíkt verdur aldrei af nockrum ærligum né gudhræddum manni misvyrdt, en dóm hinna órádvøndu má sá ad litlu hafa, sem ætlar sér Guds barn ad verda, hann má segja med Páli: þad er mér fyrir minnstu, ad eg af ydur dæmdur verdi, edur af mannligum degi, Drottinn er sá sem dæmir mig, 1 Cor. 4. Þar ad auki, eru svo margir veigir til ad bæta þeim er rángindin lidid hafa, svo ei verdi þad heyrum kunnugt; og hvernig sem þessu er varid, þá er betra ad missa virdíngu sína hér í tímanum, heldur enn eylífliga. Þegar Drottinn rak út seljendur og kaupendur úr musterinu í fyrra sinni, Jóh. 2, þá gjørdi hann svipur af streingjum, er hann brúkadi til þessa vandlætis; hann vantar enn nú ecki svipur til ad reka út þá, er med svoddan hætti kaupa og selja í hans kyrkju medal vor; þar er svipa løgmálsins er segir: þú skalt ecki stela, á henni er einn hnútur ridinn med þessum hætti, bølvadur sé sá ed ecki heldur allt þad í løgmálinu ritad stendur, Devt. 27; þar er ein svipa jafnvel í evangélío, er slær med þessu høggi: gjørid ydran, því Guds ríki er nálægt, hvert þad tré sem ecki ber gódan ávøxt, skal upphøggvast og í eld kastast, Matth. 3; þar er hin skarpa svipa hans hegníngar, sem er tilbúin þeim ed erja á hrygg hins vesæla og naudstadda, og eta rángletisins braud í hans sveita. Eg segi enn þá aptur, Drottinn rak út úr musterinu þá er seldu og keiptu, þad var stundligt vandlæti, margur af þeim sømu mun sídan hafa á hann trúad sér til mynskunar, en ad vera útrekinn úr þeirri himnesku Jerúsalem, þad er eitt straff øllu þýngra, þad er eylíf smán, og óbætanligur skadi, frá hverjum oss og alla kristna menn vardveiti hinn gódi Gud fyrir Sonarins forþénustu, og géfi oss svo ad rækja þetta jardneska, ad vér

ecki afrækjum þad himneska, heldur stundum eptir hinu góda hlutskiptinu, sem enginn má af oss taka; þess gefi oss njótandi ad verda hinn myskunsami Gud, fyrir Jesúm Christum, amen!

Ellefta Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 18 Kap.

Á þeim døgum; Jesús sagdi til nockra þeirra sem treystu uppá sjálfa sig, líka sem mundu þeir réttlátir vera og forsmádu adra, þessa eptirlíking: tveir menn gengu upp í musterid ad bidjast fyrir, einn var Phariseus, en annar tollheimtumadur. Pharisearinn stod og badst nú þannin fyrir med sjálfum sér: Gud! eg þacka þér, þad eg em eigi svo sem adrir menn, ræníngjar, oréttvísir, hordoms menn, eda svo sem þessi tollheimtumadur; eg fasta tvisvar i viku, og eg géf tíundir af ollu því eg á. Og tollheimtumadurinn stod lángt í burtu frá, og vildi ecki upplypta sínum augum til himins, heldur bardi hann sér á brjost, og sagdi: Gud! vertu mér syndugum líknsamur. Sannliga, segi eg ydur: þessi for réttlátur framar hinum í sitt hús. Þvíad hvør sá sem sig sjálfann upphefur, hann skal nidurlægjast, og hvør sem sig sjálfan nidurlægir, hann mun upphafinn verda.

Exordium.

Enginn hlutur er svo vidurstyggilegur í Guds augliti, svo sem dramblátt hjarta, og enginn svo þægur honum, svo sem audmjúkur andi. Dramblátum hratt hann af stóli, en upphóf lítiláta, segir Guds módir í lofkvædinu, Lúk. 1; Gudi alleina tilheyrir tignin, hann hefir sinn stól á himnum settann, en jordin er hans fótskør, þar situr hann uppi, og sér á þad lága, Jehóva er hans heiti, og sína dírd vill hann engum géfa, Esa. 42; allt hvad vyrdugligt er, hvad gott er, hvad ágjætt er, hvad prídiligt er, hvad heilagt er, þad kémur allt frá honum; en vilji nockur tileinka sjálfum sér nockud af þessu, svo sem sjálfum sér, þad er, sem vildi hann ræna Gud sínu, þad er rétt ad stela helgum dómum, og þad er afgudadyrkan, því valla veit eg hvert þad er meiri synd í Guds augliti, ad falla fram fyrir tréstobbanum, heldur enn ad gjora sjálfann sig ad Gudi, og segja med Pharao: hvør er Jehóva, þad eg skuli óttast hann? Exod. 5, edur med hinum blindu Júdum: Gudi skeitum vér ecki, og hvad vildi oss konúngurinn gjöra? Menn halda sumir, ad þad hafi verid svívirdíng foreydslunnar, sem Drottinn talar um, Matth. 24, ad bílæti hins Rómverska keysara hafi sett verid inn í Jerúsalems musteri, en þad er svívirdíng foreidslunnar rétt kollud, þegar madurinn setur sitt egid bílæti inn í Guds kyrkju, sem ætti ad vera hans hjarta, eins og Phariseus þessi, svoddan manni er glotunin búin, nema hann audmýki sig brádliga undir volduga Guds hønd, því Gud móistendur drambláttum, og þarf sá ecki ad vænta sér annars verra, sem hefir konúng himnanna fyrir óvin. Drottinn taladi eptirlíkíngu þessa, segir Lúkas, til nockurra þeirra, er treystu á sjálfa sig en forsmádu adra; svo sem eckert er vidurstyggiligra í Guds augliti enn hofmódurinn, svo er honum valla nockurt þægra enn audmjúkur andi, þad sýna oss dæmi Ephraims, dæmi Manassis, og ecki sídst Davíds konúngs allvída í hans Psálma bók; eg játadi Drottni synd mína, og þá fyrirgafstu mér þad, segir hann, Ps. 32; og enn aptur: Drottinn vardveitir lítilmagnana, eg audmykti mig, og þá vard eg frelsadur: og þad sýnir

oss dæmi tollheimtumannsins, hvern Lausnarinn sýnist frammsetja hér í eptirlíkíngunni, øllum sorgbitnum afbrotamønnum til huggunar. Viljum vér því tvennt af gudspjallinu hugleida: 1) einn skynhelgann hræsnara; 2) einn ydrandi syndara. Styrk oss hér til, Drottinn minn! í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Inngángur til þessa máls hjá gudspjallamanninum, er þannveg: en hann taladi til nockurra, er treystu uppá sjálfa sig, ad þeir væru réttlátir, en forsmádu adra, þessa eptirlíkíng; án alls efa eru hér med Pharísei meintir, þarfyrir setur Drottinn einn Pharíseum í eptirlíkíngunni, svo sem dæmi eins sjálfbyrgíngs, er ei þyrfti mikid af Gudi ad þyggja; þess vegna eru þeir í grein þessari med sínum egin lit afmáladir; þeir vildu vera fráskildir ødrum mønnum, þad sýnir þeirra nafn, Pharíseus, þad merkir adgreindann edur fráskilinn; í mørgu var þetta fólgid, sem ecki er naudsýnligt hér upp ad telja, en þó var þad helsta, ad þeir þóttust ødrum heilagri, þad dylur ecki þessi þeirra bródur, er hann segir: eg þacka þér, Gud! ad eg em ecki eins og adrir menn, því kølludu þeir almugan jardarinnar fólk, enn sjálfir þóttust þeir himneskir vera, og borgarmenn heilagra, svo sem Pálus nefnir kristna menn; edur hvad var þad þeir søgdu í rádinu fordum, þegar Nicodemus vildi hafa mælt Frelsaranum lids yrdi? Jóh. 7: trúir nockur af høfdíngjunum á hann, edur af Pharíseis? en þetta fólk, sem ecki veit løgmálid, þad er bølvad. Þeir vildu ecki samneiti eiga med tollheimtumønnum og syndurum, því løstudu þeir Frelsarann, ad hann gjørdi svo, Matth. 9, já, þeir meintu ad þeir saurgudust, er snertu þá; svo sagdi hræsnarinn Símon fordum, þegar hin bersynduga sat grátandi vid fætur Drottins, Lúk. 7: ef þessi væri spámadur, þá mundi hann vita hver og hvílík ad þessi væri, er hann snertir, því hún er syndug. Um þvílíka drambsemi, þvílíka skynhelgi talar Esaías undir svoddan manna persónu, 65 kap: kom ecki nærri mér, og snert mig ecki, því eg em þér heilagri. Ó, minn Jesú! er ecki þetta ad gjøra sig Gudi líkann, nærri hverjum eckert saurugt má koma; ecki breyttir þú svo, Drottinn minn! þegar þú átst og drackst med tollheimtumønnum og syndugum í húsi Matthei, Matth. 9, þegar þú gjørdir hann jafnvel ad þínum lærisveini, þegar þú mæltist ad fyrrabragdi til dagverdar af Zacheo, þegar allir tollheimtumenn og bersyndugir flycktust ad þér, til ad heyra þig, og þú máttir lída brígsl Pharíseanna þar fyrir, Lúk. 15; þú varst Guds mynd, sem er einn fortærandi eldur, Deut. 4, þó hélstu þad ei fyrir rán, ad þú Gudi jafn varst, heldur lítilæckadir sjálfann þig, tókst á þig þræls mynd, vordinn mønnum líkur, Philipp. 2. Tveir menn gengu upp í musterid ad bidjast fyrir, einn var Pharíseus, en annar tollheimtumadur. Vér viljum fyrst hugleida Pharísearans bæn, af því hann þóttist vera madurinn meiri, og hvad hann taldi sér til gyldis fyrir Gudi; hann stód út af fyrir sig; þess var og øll von, ad hann mundi vilja ødrum frásneiddur vera í þessu, sem øllu ødru; hvernig badst hann þá fyrir? eg þacka þér, Gud! ad eg em ecki eins og adrir menn; hvílíkur var hann þá? ad vísu betri mørgum ødrum í útvortis lífernis háttum, en hid innra mørgum verri í Guds augliti; þad sanna eg med ordum Frelsarans, er hann sagdi, Matth. 21: tollheimtumenn og skjækjur munu fyrr inngánga í Guds ríki enn þér, því Jóhannes kom til ydar med veg réttlætisins,

og þér trúdud honum ecki, en tollheimtumenn og skækjur trúdu honum. Þetta er dag-sanna, því tollheimtumonnum sagdi Jóhannes, Lúk. 3, er þeir komu til hans skírnar: takid eckert framar enn þad sem bodid er; en vid Phariseos sagdi hann: þér nodrukyn! hver hefir sýnt ydur ad umflýa tilkomandi reidi? fyrir því, gjorid verduga ávoxtu ydrauinni, Matth. 3; en þad gjordu fæstir af þeim, svo var hugþóttinn ríkur í gédi þeirra. Hvad er nú framar? hann segist ecki vera eins og ræníngjar; ecki talar Frelsarinn um einn heldur enn annann í þessu máli, heldur er einn settur til dæmis fyrir marga, svo sem í hverri annari eptirlíkíngu; munu því allir hafa átt óskilid mál af þessum flocki. En hvad er þad þá, sem Frelsarinn segir, Matth. 23: ad þeir útsjúgi hús eckna og fodurlausra, undir hylmíngu lángra bæna? er þad ecki hid versta rán? hvad er þad hann aptur segir: ad hid innra hjá þeim sé allt fullt af ráni og óhófi? verda má ad sumir af þeim hafi ei verid svo mjog sekir í þessu, en fáir af þeim munu hafa skyrst vid ad segja nauðstoddum foreldrum, þad er korban, edur gáfa sem eg kynni ad hjálpa þér med, Mark. 7, eins og ad honum, sem engum vill segja til ef hann húngrar, hafi þægari verid gáfa þeirra, heldur enn hlýdni hans bodords, ad heidra fodur og módur. Hann segist ecki vera eins og óréttvísir, þad kann ad vera; en hvérsu réttvísir voru þeir, þá er þeir fordæmdu Guds son allir, aflífudu hertoga dyrdarinnar, þegar þeir grýttu Stephánum í hel, Act. 7, og vildu Pál hafa af dogum rádid. Ecki segist hann vera eins og hórdomsmenn; verda má ad hann hafi í verknadinum saklaus verid; en mun hann aldrei hafa litid eina konu til gyrnast hana? Matth. 5; edur hvad var þad, ad þeir skommudust sín, og gengu í burtu, þegar Drottinn afleysti hórkonuna í musterinu, og sagdi vid þá: hver ydar sem er án syndar, hann kasti fyrstur steini á hana, Jóh. 8. Þessi oflátúngur sagdist ecki vera svo sem tollheimtumadur þessi, þad er satt, því miklu var hann verri ad dómi sjálfs Guds Sonar, sem sídar mun sagt verda. Tollheimtumenn voru haldnir hid versta fólk medal Gydínga, og ecki munu þeir rádvandir verid hafa, því Drottinn tekur þá saman vid heidíngja, en aldrei var þeim um þad kénnt, ad þeir færu í kríng land og sjó, og gjordu einn ad Gydíngi, en sídan ad helvítis barni, ei heldur ad þeir bonnudu monnum inn í himnaríki, Matth. 23; nú þótt ad allt þad hefdi satt verid, sem Phariseus þessi taldi til gildis sér, þá var þó einn lósturinn, sem spilti ollum kostunum, þad var drambsemin og sjálfhælnin í Guds augliti, svo hafdi hún blindad þenna vísa mann, ad hún hafdi gjort hann ad óvita, og líkann smáborunnum, hver ed plaga ad rífa þad í sundur, er þeim vænt um þykir; því viljum vér nú skoda í hverju honum áfátt verid hafi; hann þóttist vera logspakur, treystandi því ad hann væri leidtogi blindra, og ljós þeim sem í myrkrunum eru, typtanarmadur fáfródra, lærimeistari heimskra, hafandi form skynseminnar og sannleikans í logmálinu, og kéndi svo odrum, en sjálfum sér kéndi hann ecki, því hann vantadi þad sem mest á reid í undirbúníngi réttlætíngarinnar, sem var ad þeckja Gud og sjálfann sig; ecki þeckti hann Gud, því audsært er, ad hann ætlad hefir, ad hann mundi ánægdur vera med hina útvortis helgi, fostur og tíunda gjordir; en þad þeckti hann ecki, ad Gud rannsakar hjartad, Ps. 7, ecki heldur þad hann hefir allt undir óhlídninni innilukt (þad er undir þeckíngu syndarinnar) svo ad hann myskunadi ollum, Róm. 11; og ad hann

finnur jafnvel brest hjá englum sínum, Jób. 4; sjálfann sig þeckti hann ecki, því jafnvel þótt hann væri fródur í ritníngunni, þá hafdi hann gleymt þessum ordskvid Salómonis, er ritadur stendur í 21 kapítula: manninum þykja sínir vegir réttir, en Drottinn vegur hjartad; edur þess ed Davíd segir: ad fyrir Gudi sé enginn manna réttlátur, allir séu þeir affallnir, þar sé enginn sá sem gott gjøri, og ecki einn, Róm. 2. Mun þessi hræsnari hafa þóckst vera undanskilinn þessum Davíds dómi? hann var fráskilinn ødrum mønnum til ad æfa sig í løgmálsins skilníngi, og þess útskíríngu, en mjøg svo vard honum á í því, ad hann hljóp yfir þessar greinir, og adrar miklu fleiri í gl. testamentisins bókum, er sakfella allan heimin fyrir Gudi, Róm. 3, og þar ad auki forsmádi hann, já, hann fordæmdi sinn náúnga; edur svo sem þessi tollheimtu madur, segir hræsnarinn: herra Gud! hvad mundi hinn gamli Páll hafa sagt, hefdi hann þetta heyrt, mundi hann ecki hafa brotist út med þessum ordum, Róm. 2: meinar þú, ó, madur! er dæmir þá, er þvílíkt gjøra og gjørir þad þó, ad þú munir Guds dóm umflýa, í því þú annann dæmir, þá fordæmir þú sjálfann þig, hver ert þú sem annarligann þjón dæmir, hann stendur og fellur sínum herra? Eg fasta tvisvar í viku, segir Pharíseus þessi; ecki hafdi Gud bodid þad ad gjøra; einn føstudag hafdi Gud bodid á ári í løgmálinu, þad var hinn tíundi dagur hins sjøunda mánadar, þó kunna menn ecki ad neita því, ad þetta var vel gjørt, hefdi þad framkomid af trúnni, því fastan er Gudi kjær, og má mikid hjá honum; því sagdi Frelsarinn: þetta djøfla kyn verdur ecki útrekid, nema med føstu og bænahaldi, og hjá Zacharíam, 8 kap., er getid um føstu á hinum fjórda, á hinum fimta, sjøunda og tíunda mánudi, sem Drottinn spáir ad skuli umbreytast í gladværdar hátídir, en þó býdur hann þar jafnframt, ad þeir skuli sannleikann og fridinn elska; því segir hann hjá Esaíam, 58 kap., hver ad sé sú fastan, sem hann útvelur, sem er, ad menn úthluti hinum hungrada braudi sínu og leidi hina fátæku, sem útreknir eru, í hús sitt, ad menn klædi hinn nakta, þá menn sjá hann, og byrgi sig ecki fyrir holdi sínu; en hvert ad Pharísei edur þeirra líkar hafa gjørt þessa, þad sýnir vitnisburdur Christí, er hann segir, ad þeir útsjúgi hús eckna og føduurlausra, Matth. 23. Hann segir: eg géld tíundir af øllu því eg á; ecki hafdi Drottinn heldur þetta bodid í løgmálinu; hann baud ad gjalda tíundir af korni, víni og vidsmjøri, af nautum, saudum, og eplum, Devt. 12, en ecki af ødru því ed óx í aldingørdum; þetta var þó í sjálfu sér vel gjørt, ad þeir tíundudu allt hvad þeir áttu, hefdu þeir ecki viljad reikna til skuldar hjá Gudi þarfyrir; en þegar fara á betur enn vel, þá fer verr enn illa, segir máltækid, því segir Frelsarinn, Matth. 23: vei ydur skriptlærdum og Pharíseis, þér hræsnarar, sem tíundid mintu, anís og kúmen, en undanfellid þad sem þýngra er í løgmálinu, trúna, dóminn og miskunsemina, þetta byrjar ad gjøra, en hitt ecki eptir ad skilja; vakti þeir sig, hverra gudhrædsla ad er alleina þar í fólgin, ad gánga í kyrkju, ad tala margt um Gud og hans ord, og kristiligar dygdir, en undir skyni þessu fremja þeir á móti samvitskunni og ydrunarlaust marga þá hluti, sem Gud bannad hefir. En lærum nú af þessum sjálfbyrgíng, kristnir menn! ad þegar vér gjørum vort ydrunar verk, þá berum oss ecki saman vid adra, sem oss verri þykja, eptir vorum dómi, því hver

einn mun sína byrdi bera, segir postulinn; munu nockud annars glæpir þvo mína af, edur ránglæti hans réttlæta mig, þótt eg ecki væri svo morgum lítum hladinn? fjærri sé því, og allra sídst ef eg forsmádi hann hjá mér, því máttugur er Gud ad reisa hann; þad er eins og ad skoda sig í óhreinum speigli, ad vilja sjá mynd sinna athafna í annara gjordum, Guds ord og hans logmál eru sú skuggsjá, er vér eigum ad skoda oss í, þad er ljós á vorum vegum, og lampi fóta vorra. Þess er og ad gjæta, born mín! ad ef þessi madur var fordæmdur vegna þess, ad hann hrósadi sér af gódverkum sínum, hvad mun þá um hina verda, sem hrósa sér af klækjunum, og þykir vænt um þá; ef hinn réttláti verdur naumast sáluhólpinn, hvar mun þá hinn ógudligi og syndarinn byrtast, segir Petur, 1 Pet. 4. Þar eru ecki margir, sem géta stært sig af miklum fostum og bindindi, hinir eru fleiri, sem gledja sig í ofáti og ofdryckju sinni, edur ad minnsta kosti þykir þad lítil synd vera, jafnvel þótt Pálus segi, ad þeir ed slíkt adhafast erfi ecki Guds ríki, 1 Cor. 6. Ecki ætla eg menn þurfi ad hrósa sér mjog af tíundargjordum í landi voru, lángtum heldur er þad forullt sumum monnum, ad svíkja Gud og hans volada, og kongínginn, svo vel sem Guds og hans þénara, med rángri tíund, og þykist sá gódu bættur, sem hvad mestu gétur undanskotid, jafnvel þótt valla sé meiri bolvan vid nockra synd logd í Guds logmáli, enn vid þessa. Eg vil ei fá mér til orda hvad margur dári ad hrósar sér af því, ad hann hafi féflett annann, edur unnid sigur á honum med raungum dómi, lagaflækjum, og folskum réttargángi, þvílíkir snápar eru fleiri enn telja megi, um hverja Davíd sýnist talad hafa, er hann segir, Ps. 52: hvad stærir þú þig af illsku þinni, sem megtugur ert í ránglætinu. Ei vil eg heldur margt tala um þá gárúnga, er stæra sig af lauslæti sínu, þad er, hrósa synd sinni eins og Sódóma, Esa. 3, og jafnvel ljúga á sig skommunum til ad vanvirda adra, hafi Pharíseinn gjort oll sín gódverk ógyld med hrósinu, þá viti þessir gudlausu menn, ad þeirra fordæmíng er vís, nema þeir ydrist af hjarta og ad ydranin verdi þeim svo beisk, sem ádur var þeim syndin skémtilig. Þykist nú nockur vera sekur í þessu, og vill þad ofgjort hafa, hann læri sannann veg ydranarinnar af tollheimtumanninum, og gángi hann, ef hann vill hólpinn verda; og vil eg svo nockud þar um tala í hinni sídari greininni.

Þessi tollheimtumadur gékk í musterid, svo sem textinn vottar, ecki fyrir sídasakir, ecki til ad láta skoda sig edur skoda adra, né ad sýna þar fordild sína í klædaburdi, svo sem kannské nockrir gjora medal vor; ecki er þad alltíd Gudi edur helginni til virdíngar gjort, ad menn búa sig hvad mest í skart á þeim dogum, edur til ad minna oss á þad, ad vér eigum ad klædast einum nýum manni. Hvert var hans eyrindi þá? til ad bidjast fyrir, segir Textinn, ecki eins og Pharíseinn, til ad hrósa sér í bæninni, þad sýna oss ord hans og atvik, sem hér uppteiknud standa; hann hefir adgjætt logmálstoblurnar, sem héngu í musterinu, og yfirvegad þær odruvísi enn skriftlærdir og Pharísei, sem héngu í bókstafnum, og logdu hann út eptir eginn þótta sínum, þarfyrir ónýttu þeir logmálid fyrir setnínga sína, svo sem Drottinn segir; Spámennirnir voru lesnir hvern sabbatsdag í musterinu, svo sem Páll vottar, er hann flutti Guds eyrendi til þeirra í Antíochía, Act. 13; þar hefir hann mátt heyra útskýríngu logmálsins ad miklu leiti, og er hann þar af

berliga séd hefir, ad Gud fordæmir okur, ránginbi, undirferli, ráugsleitni, gripdeildir, hardýdgi og mystunarleysi, og hann vissi sig í øllu þessu sekann, þá hefir honum ofbodid stærd syndanna, og Guds heyptar reidi, já, honum hefir ógnad hvad mørg volud sál ad mundi hrópa í himininn yfir sér, og óttast ad þeirra hróp mundi inngengid vera í eyru Drottins Zebaoth, þessi þúnga byrdi hefir á hans hjarta legid, sem er brunnur allrar illsku og ógudligs athæfis, Matth. 15; því ber hann sér á brjóst, svo sem vildi hann þad straffad hafa, sem mest hafdi tilunnid, og mest klagadi sína egin vondsku, med sløgum og biti samvitskunnar; illa var varid þessum vesælíngi í sjálfum sér, en Gud gjæfi ad vér sem betri þykjunst, ad vér, segi eg, gengjum med sama hjartalagi í Guds hús, og sætum undir hans orda heyrn eins og hann, þá mundum vér ecki svo kaldir vera í voru ydrunar verki, svo sem berliga má sjá ad margur er. Hann stód lángt frá, segir textinn, án efa þess vegna, ad hann hefir reiknad sig verri enn adra menn, og óverdugann ad koma nærri þessum heilaga Pharíseó, hann hefir skolfid af kvída vid Guds reidi, er hann hugleiddi sinn óverdugleik, og hans løgmáls straungu hótanir, ecki sídur enn Ísrael þegar ad dunadi í Hóreb, nær hid sama løgmál var útgéfid, Exód. 19. Hvad gjøra þeir þá, sem jafnvel í Guds húsi keppast eptir hinum fremstu sætum, og útvelja sér þau, en þótt ei rídi svo mjøg á þessu útvortis háttalagi, þá gjætum þess, ad í kyrkjunni byrtunst allir vér fyrir Guds augliti, þar er sá mestur madurinn, sem minnstur er í sínum þánka, sá er bezt búinn, sem sundurrífur hjarta sitt med tollheimtumanninum; enginn er svo heilagur, ad ecki skilji hans syndir milli Guds og hans, ef hann vill þær tilreikna; og hversu egum vér þá ad audmykja oss undir volduga Guds hønd, nær vér inngaungum í hans helgidóm, til ad fridmælast vid hans guddómligu hátign, fyrir hverri øll veroldin leikur á reidiskjálfi? en vér erum dupt og aska, og hvad meira er, allir svo sem hinn óhreini, og jafnvel réttlæti vort svo sem nidlags fat, svo ad allt holdid er sjúkt, allt høfudid veikt, frá hvirfli og allt til ilja, er þar ecki nema sár, kaun, benjar og þroti og þessa vora sjúkdóma hefir Guds Sonur borid, þessum ørkumslum hefir hann á sig hladid, svo ad vér fyrir hans benjar heilbrygdir yrdum, Es. 53; en vér høfum látid oss þad lítid til hjarta gánga; ecki hafa þeir naglarnir er í gégnum grófu hans hendur og fætur, ecki hafa þeir enn nú til fulls krossfest hinn gamla Adam í oss, og ecki sú lensan, er opnadi hans sídu, vid hjarta vort svo mjøg snortid, ad vér høfum látid portin vídopin fyrir konúngi dýrdarinnar, þegar sá drottnarinn hefir vitjad síns musteris, miklu heldur hefir optliga vid því legid, ad vér mundum hertoga dýrdarinnar ad nýu krossfesta. Æ, minn Gud! æ, minn Frelsari! hver af oss er þá svo heilagur, svo fullnógur sjálfum sér, ad ei skyldi hann berja sér á brjóst med tollheimtumanni þessum, og segja: Gud vertu mér syndugum líknsamur, og med hinum tapada syni: fadir! eg hefi syndgast í himininn og fyrir þér? nú, þótt ad vesælíngur þessi væri svo lítt staddur, þá ørvæntir hann ecki, ei grípur hann til knífsins, eins og Sál til sverdsins, ecki til snørunnar med Júda; og ecki ofbjóda hønum svo mjøg syndirnar, ad hann ørvænti sér Guds myskunar; ad vísu skammadist hann sín ad líta augum sínum til himins, því hann hafdi styggt þann svo mótþróanliga, sem í himninum býr, en þó rædur

hann þad af, ad leita líknar hjá honum, af hvers gjæsku ad öll jørdinn full er, og meinar sig vesælann orm ecki fráskilinn vera eins og Pharíseinn ødrum mønnum. Gjør hid sama, barn mitt! nær þér med Davíd ofbjóda syndir þínar, svo þú hefir ecki frid í beinum þínum fyrir þeim, þá vit þó þad og treyst því, ad syndin kann aldrei ad vera svo stór í illskunni, ad Gud sé ei meiri í gjæskunni, þad vottar Jóhannes, er hann segir, 1 Jóh. 3: ef vort hjarta fordæmir oss, þá er þó Gud meiri hjarta voru, og Pálus hefir oss eptirlátid eina dírmæta huggun, dírmætari enn veroldin er, þar hann segir, Róm. 5: hvar sem ad syndin yfirgnæfir, þar yfirgnæfir þó nádin miklu framar; Kristur er forlíkun fyrir allar veraldarinnar syndir, því mun hann ecki og svo vera fyrir þínar, nema þú sért fyrir utan veroldina? í honum hefir fadirinn alleina velþóknan. Ef Pálus þordi ad segja vid Philemonem um Onesímum: hafi hann þér nockurn skada gjort, edur sé þér skyldugur, þá reikna mér þad til; eg Páll hefi skrifad þad med minni hendi, eg skal betala; hvad miklu meiri rétt hefir Guds Sonur til ad tala þannig oss til fridar vid sinn himneska fødur, já, vid sjálfann sig, ad honum skuli tilreiknast sá skadinn, sem vér høfum gjort, sú skuldin, er vér lúka áttum; þú minn herra! þú hefir neglt þá handskriftina á krossinn, sem móti oss var, Cól. 2; hver vill þá ákæra Guds útvalda, þú ert sá sem dáinn er, Róm. 8, þú hefir eina kvittan gefid í umbodi allrar guddómsins þrenníngar, er svo hljódar: hver sem trúir á Soninn, hann kémur ecki til dómsins, Jóh. 3; já, sendt oss eitt aflát med þénara þínum Páló, skrifad med Guds fíngri, sem er H. Andi, ad engin fordæmíng sé hjá þeim, sem eru í Christó Jesú, Róm. 8; þú hefir betalad þad þú ræntir ecki, Ps. 69, því skyldi þá einn ránsmadur kvída fyrir þeim betalíng, sem þú hefir lokid? því mun eg þá mistreysta Gudi? er hann ecki trúfastur? kunna hans ord ad forgánga, þótt himin og jørd forgángi? Honum sé dýrd og heidur um aldir, amen. Nú hafid þér heyrt af tollheimtumanninum hinn rétta veg apturhvarfsins frá vondskunni, hver sem hann gengur, sá mun med honum réttlátur verda. Eg segi ydur, ad þessi fór réttlátur framar hinum í sitt hús, segir Frelsarinn í textanum: hver ord ecki þannveg skiljast eiga, svo sem ad Pharíseinn hafi ad sonnu réttlátur heim aptur farid, en tollheimtumadurinn þó réttlátari, heldur var sá munur réttlætisins, ad Pharíseus þessi var réttlátur í sínum þánka, og fyrir mønnunum, um hvert réttlæti Drottinn segir, Matth. 5: nema ydar réttlæti yfirgnæfi meir enn hinna skriftlærdu og Pharíseanna, þá kunnid þér ecki inn ad gánga í Guds ríki; en tollheimtumadurinn, sem játadi syndir sínar, og afneitadi sínum verdugleik, en beiddi um miskun, hann vard réttlátur fyrir Gudi, med því réttlæti, sem Pálus segir, ad sé af trúnni, og því var hann framar réttlátur, ad hann hafdi þad réttlæti, sem fyrir Gudi gyldti, en hinn fyrir mønnunum. Heim aptur í sitt hús, stendur í textanum: nockrir meina ad hann hafi yfirgéfid tollheimtuna, þar hann fór ecki til tollbúdarinnar, heldur heim í sitt hús; en ecki er þad víst, ad hann hafi látid sýslan sína, þess var og ecki þorf, því hún var réttvís í sjálfri sér, ef þad er réttvíst fyrir yfirvaldid ad taka skatta og tolla, svo sem þad í allann máta rétt er, því Pálus segir, Róm. 13: gjaldid øllum hvad þér skyldugir erud, þeim toll er tollur heyrir; þá er þad ecki óréttvíst fyrir þénara þeirra ad safna tekjunum; ecki bannadi heldur Jóhannes þessum mønnum tollheimtuna, alleina, ad

ei skyldu þeir taka meir enn bodid væri, Lúk. 3; gjæti þeir þess, er slíkt starf á hendi hafa, því hvad sem þar er fram yfir, þad er af hinum vonda. En hvernig sem þessu er varid, þá er þad víst ad kvittun syndanna einnsinni fengin, hún er ónýt, nema syndarinn láti af illu og læri gott ad gjøra, og hér til heyrir þad, ad bæta þad órétt var gjørt, ef bæta má, hvar um eg hefi nockud talad í tveimur næst fyrirfarandi prédikunum, en minnist enn nú á þad hér í þridja sinn, af því, ad svo mikid rídur á þessum hlut, því sé þad ecki gjørt, þá er ydranin aldeilis ónýt. Þad er ei nóg, ad stínga á einu meini, nema hinn vondi vessi, sem í því er samandreginn, hann verdi útdreginn, svo er þad ei heldur nóg, ad mønnum svídi einnsinni af broddi løgmálsins, nema því illa sé frá sér kastad; drecki nockur eytur inn, þá er honum einsætt ad æla því upp aptur, en engin ólifjan er svo banvæn kroppnum, svo sem rángfengnir munir sálunni, því er þad ómissandi, ad skilja sig af med þá, ádurinn þeir sálga henni í daudanum, þegar menn skulu þó vid þá skilja, og þeir vid oss hvert sem er, en enginn veit nær hann ber ad dyrum, og hvad hefir þú þá þess, madur! er þú hefir med áhyggju og órétti safnad. Drottinn minn! kénn þú oss ad hugsa þad vér hljótum ad deya, lát oss ecki deya med mammóna, heldur med vorn Frelsara í hjartanu, géf oss ad hafa féssjód á himnunum safnad, framar enn í heiminum, svo þegar hin forgengiliga tjaldbúd vors líkhama í sundurglidnar, ad vér þá høfum svo fyrir oss gjørt í tímanum, ad þeir medtaki oss í eylífar tjaldbúdir, bænheyr þad, Drottinn minn og Gud minn! fyrir Jesú sáru kvøl og blessadar undir, amen!

Tólfta Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Mark. 7 Kap.

Og þá Jesús géck í burt aptur úr landsálfum Týrí og Sídonis, kom hann til sjáfarins í Galílea, í midjar bygdir þeirra tíu stadanna. Og þeir leiddu til hans þann mann, sem daufur og málhaltur var, og bádu ad hann legdi hendur yfir hann. Og hann veik honum afsídis frá folkinu, lét sína fíngur í hans eyru, hrækti út, og áhrærdi hans túngu, leit upp til himins, andvarpadi og sagdi til hans: hephatha, þad er, opna þig; og jafnsnart upplukust hans eyru, þá uppleistist og eirnin fjøtur hans túngu, svo ad hann taladi rétt. Og hann skipadi, ad þeir segdu þad eigi neinum, en því meir sem hann fyrirband þeim þad, þess meir þá vídfrægdu þeir þad út, og þá sjálfa undradi þetta næsta mjøg, segjandi: allt gjørdi hann vel, þvíad daufa lætur hann heyra, og mállausa tala.

Exordium.

Margt á vid morgu, segir í fornkvednum ordshætti; þótt ad Drottinn hafi straffad syndina eptir fallid med adskiljanligum sjúkdómum, til ad aga vort gjálífa hold, þá hefir þó hans

gjæska lagt þá lýkn med þraut þessari, ad náttúran er rík af þeim hlutum, sem bætt géta mein manna, þegar þar med er skynsamliga höndlad, því segir Sýrach, 38 kap: ad hinn hæsti hafi framleidt læknisdóminn af jördunni, og um læknirinn segir hann í sama kapítula: heidra þú læknaran fyrir naudþurftarinnar sakir, því Drottinn er hans höfundur, því allir læknisdómar koma af hinum hæsta. Nú misfellur þó þetta á stundum, því jafnvel þótt læknirinn kunni margt og mikid ad gjöra, og hans verk sé gott, þá er þó ecki heilsa né vanheilindi, líf edur daudi í hans hendi, heldur Guds, sem er allra meina grædari, og sá Drottinn Drottinn, sem frá daudum frelsar. En Guds Sonur, á sínum holdsvistar dögum, hann auglýsti þad öllum heimi, ad hann sannur Gud væri, med því ad hann læknadi allrahanda mein og kránkleika, ecki med náttúrunnar medölum, því hann var náttúrunnar herra, heldur med einu ordi á stundum: kona! mikil er þín trúa, sagdi hann vid hina kanaanisku: vert hughraust, mín dóttir! þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, vid hina blódfallssjúku: far þú, Sonur þinn lifir, vid konúngsmanninn: verdi þér eptir trú þinni, vid hundrads höfdíngjann: eg vil, vertu hreinn, vid hinn líkþráa: farid og sýnid ydur kénnimönnunum, vid þá tíu: og er þessi dæmi næsta mörg ad lesa í gudspjalls sögunum. Á stundum brúkadi hann nockurskonar ceremoníur til ad lækna hina sjúku, svo sem hér í gudspjallinu verdur frá sagt, hverjar þó ecki munu forgéfins uppteiknadar, því allt hvad skrifad er, þad er skrifad oss til lærdóms, Róm. 15; heldur til ad þýda þær uppá vor andlig vanheilindi, og þeirra lækníngu. En nú vil eg í þetta sinn einúngis hugleida: þenna auma mann, og svo vort háttalag í andligum efnum, sem ecki erum betur á oss komnir ad því leiti, heldur enn hann, margur hver. Send oss þína náð og adstod til þessa eyrendis, vor Gud! fyrir Lausnarans forþénustu, amen.

Utleggíngin.

Og þeir leiddu til hans þann mann sem daufur og málhaltur var: þessi manneskja hefir þúngliga haldinn verid. Þegar David útmálar mótgáng sinn, þá segist hann heyra sína mótstödu menn, svo sem daufur, og svo sem einn málleysíngur ecki uppljúka munni sínum, Ps. 38, eins og hefdi hann valla nockurn lakari kost vid ad jafna. Illa er hinum daufa farid í mörgum hlutum; einn daufíngi er nærri því eins í veröldinni, og útlægur madur í framandi landi, hvar hann einkis mál skilur, hann hefir eckert gagn edur skémtun af því ed adrir tala, varir þeirra sér hann bærast ad sönnu, en þad má vera stór hugraun ad sjá þad, en hafa þess þó engin not, sem Gud hefir gjört til ad vidhalda selskap mannanna í heiminum, gángi nockud ad honum, þá gétur enginn huggad hann, en þó tekur þad yfir, ad þeir ei géta Guds ord heyrt til sáluhjálpar sér, því fyrir heyrn Guds orda kémur trúin, segir Postulinn, en án hennar er ómöguligt Gudi ad þócknast, Heb. 11; og hversu er honum þá illa varid fyrir mannanna sjónum, er hefir brest á þessu skilníngar viti. Nú eru þeir þó med tvennu móti er þenna skort meiga lída: sumum fellur þad til, nær þeir komnir eru til vits og ára, þeir meiga þess not hafa ad sönnu, er þeir numdu á medann þeir höfdu hlustir heilar, bædi í dagligri umgengni, og hvad mest árídur í verki sáluhjálpar sinnar, og satt er þad, ad ei glepur fyrir þeim buldran heimsins, þeir hafa valla ad skémta sér nema vid Gud sinn, ef þeir eru lundlagnir þar á, og bera sinn harm í hljódi; og reyndar þá er betra daufur ad vera, enn ad heyra margan þann óþarfa, sem táladur er í heiminum, sérdeilis skammarlig ord og fíblsligt hjal, sem kristnum sómir ecki. Adrir eru þeir ed daufir eru bornir, því þar á eptir fylgir málleysid, hvernig kann sá ad nema manna mál, sem ei gétur heyrt á tal þeirra, og hafa menn þess dæmi nockur hjá oss; þad má og marka ad þessi aumi mádur sem hér talar um

í gudspjallinu, hann hefir án efa heyrt einhvern tíma, því jafnvel þótt hann málhaltur væri, þá hefir hann þó nockud talad; þessara kostur sýnist miklu þíngri ad vera, enn hinna í fljótu áliti, því sá sem daufur er enn hefir þó málid, hann gétur sagt til þess, er hann vardar um, og lofad Gud med túngunni, hafi hann nockud af Guds ordi numid, en hinn ecki, þó er þad hér aptur ad segja, ad engann lángar til þess sem hann þeckir ecki, svo kann og ei heldur þeim ad leingjast svo mjøg eptir ad heyra á tal manna, sem þad aldrei heyrt hefir. En hvad sálarinnar efnum vidvíkur, þá hygg eg ad enginn kunni ad fordæma þessa Guds vesælínga, já, kann vera ad þeir séu miklu nær Guds ríki enn hinir, sem engann brest hafa á skilníngar vitunum, en brúka þau Fjandanum til þjónustu, og náúnganum til ógagns; Gud er réttlátur, og þó undir eins myskunsamur, þad er ecki líkt hønum, fødur gjæskunnar, ad hann muni heimta reikníngskap af því pundi, er hann ecki féck einum í hendur, og hver vill efast um mátt hans edur vísdóm, hann sem gat látid Jóhannem fagna tilkomu sinni í módur lífi, Lúk. 1, mun hann og ecki géta verkad undarliga hluti í þesshátt=ar manneskjum? satt er þad, ad án trúarinnar er ómøguligt Gudi ad þóknast, Heb. 11; en hann sem gétur innplantad trúna í hjørtum smábarnanna, mun hann ecki med óran=sakanligum hætti géta tilbúid hana í þessara hjørtum? þad sem ecki er af trúnni þad er synd; en af munni smábarnanna og brjóstmylkínganna hefir hann sér lofid tilreidt, því mun hann og ecki géta opnad skilníng þessara sképna sinna, svo þær þecki hann til myskunar sér? er nockurt ord fyrir hønum ómáttugt? Lúk. 1, kann hann ecki alla hluti framar ad gjøra, en vér kunnum ad hugsa edur mæla? eg vil hér um segja, þad sem Kristur sagdi vid lærisveinana, er þeir søgdu: hver mun þá hólpinn verda? þad sem ómøguligt er fyrir mønnum, þad er møguligt fyrir Gudi, Matth. 19. Nú søkum þess, ad fyrir hinum dausa verdur ecki talad, Gud verdur sjálfur fyrir hønum ad prédika í hans hjarta, og er enginn slíkur, þá tala eg þetta til huggunar þeim sem ángrast þar af, ad børn þeirra edur kjærustu náúngar hafa slíkann brest, og efast kannské um velferd þeirra, og þar ad auki leida sér í hug, ad þetta komi fram vid þá vegna synda sinna. Til hins fyrra hefi eg ad nockru leiti allareidu svarad, en þó vil eg þessu vidauka sem eptirfylgir: Gud hefir skapad afkvæmi þitt í módurlífi, Job 10, edur þíns náúnga; hver hefir manninum munninn géfid? hvør hefir gjørt hinn mállausa edur dausa? edur hinn sjáanda, edur blinda? hefi eg þad ecki sjálfur gjørt? segir Drottinn vid Mósen, Exód. 4; og fyrst hann hefir þetta sjálfur gjørt, mun þá ecki hann, sem vill ad allir menn verdi sáluhólpnir, mun hann ecki sjá þeim farborda til himnaríkis, sem ecki hafa skuld í því, ad þeir géta ecki Guds ord heyrt? hann sem gjørdi allt vel, því dausa lét hann heyra og mállausa tala, á døgum holdsvistar sinnar, mun hønum vera apturfarid sídan hann sestur er til Kraptarins hægri handar, hann er uppfarinn í hædirnar, og hefir mønnum gáfur géfid, Eph. 4, mun hann þá ecki géfid géta barni þínu heyrn og mál, nema ad hann gjæfi sálu þess heyrn, og gjørdi þad vel talandi fyrir sjálfum sér, med því móti sem ecki skilur þú, eda nockur annar? barn þitt er í skírninni inntekid í Guds sáttmála; hver sem trúir og verdur skírdur, hann skal hólpinn verda, segir Kristur; hér stendur: hver sem trúir, en ecki hver sem heyrir og talar; mun hann þá kalla afbrugdid sáttmálanum fyrir þessa orsøk, er vesælínginn sjálfur

gjordi, og getur þó trúna í honum verkad? Gud láti oss aldrei meir afbregda, sem mál og heyrn höfum. Seg því med Davíd: eg vil þegja og munni mínum ecki uppljúka, af því þú gjordir þad, og hallt barn þitt ad vera einn lim á Christí líkhama, musteri H. Anda, og erfingja himnaríkis, ef eckert annad í vegi stendur, enn þessi brestur, sem Skaparinn alleina og enginn annar læknad getur. En hvad því vidvíkur, ad margur freist-ast af, ad vanheilindi barnanna orsakist af syndum foreldranna, þá verdur því ad sonnu ecki neitad, ad allt mótlæti er verdlaun syndarinnar, svo sem daudinn er, svo er og allur sá her, sem undir hann þjónar, en þad heitir ecki svo straff, svo sem reynsla hjá Guds bornum, hverri Jakob postuli skipar oss ad taka fegins hendi, Jak. 1; því orsakast þetta ecki af því, ad foreldrar þessarar vesælínga séu verri í Guds augliti enn adrir menn; þar fyrir svaradi Endurlausnarinn fordum lærisveinunum, er þeir fréttu hann ad, hvert þessi hefdi syndgad edur hans fadir: hverki syndgadi þessi né fadir hans, sagdi hann, heldur svo, ad Guds dýrd yrdi opinber, Jóh. 9; og vidlíkt skédur í þessu; Gud setur oss þessi dæmi fyrir sjónir, oss sem hann gefid hefir heilbrigda sál í heilum líkhama, til ad sýna oss hvada vald hann hafi yfir manneskjunni, til þess, ad þacka sér og lofa sig þar fyrir, ad oss og vorum bornum og náúngum er betur varid í líkhamans háttalagi, til ad minna oss þar á, ad ei brúkum vér skilníngu vora til þeirra hluta, sem Gudi til styggdar eru, miklu heldur til vegsemdar honum, og náúnganum til þarfa. En Gud nádi, ad út af þessu ber næsta mjog á stundum, og þad er nú hin andliga deyfa, sem miklu hættari, miklu skadsamligri, og þó miklu almennari, enn sú sem á líkhamanum er, yfir hverri ad Davíd klagar, er hann segir, Ps. 58: ad þeir tilbyrgi eyrn sín, eins og hoggormurinn fyrir raustu særínga mannsins; margfallt er þetta heyrnarleysi, og í morgu fólgid, en rótin til alls er þad, ad menn daufheyrast vid Guds ordi, svo þad fær ecki rúm í þeim, heldur enn tal Christí í Pharíseis. Allir menn lasta þá fyrir þetta, sem vert er; en þótt ad enginn madur talad hafi, edur en nú tali svo sem hann, jafnvel ad vitni þeirra, sem voru útsendarar hans fjandmanna, þá eru þad þó Guds ord, er hans þénarar tala í hans umbodi, nær þeir byggja mál sitt á ordum hans spámanna, og postula, yfir hverra grundvoll ad hans kristni er bygd, því svo segir Drottinn vid Jeremíam, 1 kap: eg hefi lagt mín ord í þinn munn, og vid Esajam, 59 kap: minn andi sem í þér er, og mín ord, er eg hefi sett í þinn munn, þau skulu ecki úr þínum munni víkja. Nú þótt ad ecki sé andans gáfa svo rík hjá oss, sem hún var hjá spámonnunum og postulunum, þá eru þad þó Guds ord, sem hans þénarar tala, nær þad er af þeirra toga rétt spunnid, og þeir tala eckert án ritníngarinnar; Guds ord eldist ecki, þad blífur eylífliga, segir Esajas, 40 kap; því er þad eins gott í munni hins vesælasta Jesú Christí þénara, nær þad er hans ord, svo sem í munni Peturs, edur Páls, því vil eg hérum segja þad hid sama, sem Páluus sagdi vid þá í Tessalóníca, ad þeir hafi medtekid þad Guds ord, er þeir heyrdu af honum, ecki svo sem ord mannanna, heldur svo sem þad var, eins og Guds ord, 1 Tess. 2, en ef þad Guds er, hvern forsmáid þér þá, þér hinir daufu veraldar synir! nær þér þad ecki heyra viljid af hans þénara munni, né láta undirvísa ydur og bornum ydar í krist-inndóminum, ecki láta straffa ydar syndir, og ecki lifa eptir því, er ydur af Guds álfu

bodid verdur. Hvern forsmáid þér þá, segi eg, Gud edur menning? segir hann ecki, Lúk. 10: hver hann forsmáir ydur, hann forsmáir mig, hver hann heyrir ydur, hann heyrir mér? svoddann er rétt skélfiligt heyrnarleysi. Munu þessi Frelsarans ord ná alleinasta til postulana, edur þeirra er lifdu á þeim dogum, og ecki til vor sem nú lifum? mun han ecki hafa lofad ad vera hjá oss, allt til veraldarinnar enda? Matth. 28; hverning er hann þá hjá oss? med sínum H. Anda í ordinu og sacramentunum. Nú, ef menn vilja njóta nálægdar hans, því láta menn þá svo tregt vid ad heyra hans ord? í ordinu talar Gud vid oss, vid hann tolum vér í bænum vorum, en sá sem ecki vill heyra hann talanda, þann vill hann ecki heyra bidjanda, því hver sem forsmáir mig, þann vil eg forsmá, segir hann, 1 Sam. 2; eg em gladur af því, segir Davíd, ad til mín verdur sagt: vér skulum gánga í hús Drottins, Ps. 122; þetta sagdi hann, sem í ritníngunni er nefndur madur eptir Guds hjarta; en margur gárúngur, margur sælkéri, margur fépúki, sem er madur eptir sínu hjarta, hann verdur þeirri stundu fegnastur, ad hann þurfi ecki í Guds hús ad gánga, edur hans ord ad heyra, og þótt þeir gángi edur heyri, þá gengur ordinu eins og sædinu því, er Frelsarinn talar um hjá Lúkam í 8 kap., hvert ed féll utan hjá veginum, ad þad verdur fótum trodid, og fuglar himinsins átu þad, Djofullinn tekur þad í burtu úr hjortum þeirra, svo þeir ecki trúa skuli, og verda hólpnir; hvar fyrir? því þeir hyrdtu ecki um ad taka á sig Guds alvepni, til ad mótstanda prettum Andskotans, Eph. 6. Guds ord skal til þess hafa, ad vardveita Guds ord, en þeir gleymdu sverdi andans, sem ad er hid sama ord, ad þeir kynnu ad beita því fyrir sig, nær óvinurinn ad gardi géck, til ad ræna þá dírgrip þessum; óskandi væri, ad ei hugsudu þeir hid sama, er Júdar sogdu fordum vid Jeremíam: vér skulum ecki heyra því ordi, er þú sagdir oss í nafni Drottins, heldur skulum vér gjora eptir sérhverju ordi, er framkémur af vorum munni, Jer. 44. Í svoddan gyldi er Drottins ord hjá sumum monnum; munu þeir þá ecki nærsta þyckheyrdir vera? heyr mér þó um stund, barnid gott! þú ert óskértur á hlustum þínum, og en nú ert þú svo í dag; þarfyrir, í dag, í dag, ef þú heyrir roddu hans, þá forherd ecki hjarta þitt, Heb. 3; seg mér, hefir þú bréf frá Gudi, ad hann lídi þín skilníngarvit til morguns, meir enn þessi daufi og málhallti madur. Gud steypti hinni vantrúudu verolld um koll í einu; í einu drecti hann Pharaó med ollu hans lidi; í einu fargadi hann Kanaanítum fyrir hond Jósúæ; í einu augnabliki stack hann augun út á Elímas, sem mótstód Páló, er hann fór med kristnibodid, Act. 13; mun hann ei kunna ad gjora hid sama vid þig, ef þú mótstendur hans þénurum og villt ei heyra þeim, nær þeir tala Guds eyrindi og ecki sitt? eda hvad villtu gjora, nema þú hafir eitthvad þér til sálargagns numid af ordi Drottins, á medan þú hafdir eyrun heil, ef hann kynni ad láta þér tilfalla þvílíkann brest, eg vil þad í stuttu máli segja, þú hefdir eckert til ad kénna þér ad þeckja syndina, eckert til ad fá bót hennar, og eckert til ad hugga þig í þessu volædi? og fyrir því, ad þú aldrei hafdir smackad hid góda Guds ord, svo sem þad er, þá gétur ecki á þér sannast málsháttur sá, ad enginn viti hvad hann átt hefir fyrr enn hann missti. Einhver vill segja: eg gét lesid Guds ord, þótt ecki heyri eg þad; því er verr, ad

þeir eru svo fáir, sem lesa kunna, já, þótt sjálfir kunni, þá hyrda sumir ecki um ad kénna þad bornum sínum, og er þad gudlaust ræktarleysi, en hvernig sem því er varid, hvad veitstu nema Gud taki undir eins frá þér sjónina og heyrnina, og hvar stendur þú þá, ef þú hefir forsmád ríkdóm hans lánglundargeds, Róm. 2, í því, ad vilja ecki hans ord heyra þér til sáluhjálpar, og þótt Gud spari eyru þín allt fram í daudann, þá vita menn, ad ecki sjá þá augun leingur, og ecki heyra þá eyrun lengur, hjartad verdur þá ad tala vid Gud, og H. Andi ad vera vor prestur í sínu musteri, en ef menn hafa styggt hann med vanrækt Guds orda, og slöckt hann med forøgtun þeirra, hvar í á hann þá ad lifa, ef eckert var mumid sem hann kunni ad lifa í, og er þetta eitt skadligt heyrnarleysi. Margur leggur þad ad litlu, ad gánga í Guds hús, og heldur þad fyrir eintómis ceremóníu, því er verr, kannské þad sé og svo hjá allmørgum, sem þar byrtast, alleina fyrir sida sakir, en gjæti menn þess, ad fyrir utan þad, ad Gud hefir skuldbundid sig til ad vera midt á millum tveggja edur þriggja, sem eru samansafnadir í hans nafni, Matth. 18, þá er þad ei svo mjøg vída í landi voru, ad almenníngur fái Guds ord heyrt nema í kyrkjunni; ó! hvad miklu gódu fyrrir sá madur sig, er byrgir eyrun fyrir Guds ordi, þau eru líf og andi, segir Frelsarinn, Jóh. 6, því er hann andliga daudur sem án þeirra er. Vér trúum, ad fyrir trúna verdi madurinn hólpinn án verkanna, segir Páłus, en trúin er af heyrninni, en heyrnin af Guds ordi, segir hann, Róm. 10; hvar vill hann lenda þá, sem er trúar-laus, nema í eylífri gløtun, utan hann betri sig. Mínir saudir heyra mína raust, segir Frelsarinn, Jóh. 10; en hvers munu þeir vera, sem ei vilja heyra røddu hans? munu þeir ecki settir verda med hofrunum á vinstri hlid, og þá um sídir heyra hina skélfiligu raust alls holds dómara: farid frá mér bølvadir í eylífann eld, sem fyrirbúinn er Djøflinum, og øllum hans árum, Matth. 25; sá sem er af Gudi, hann heyrir Guds ord, segir Lausnarinn, Jóh. 10, en þeir sem þad ecki heyra vilja, og þó heyra kunna, af hverjum eru þeir? af fødur þeirra Andskotanum, svo sem Drottinn sagdi vid Gydínga fordum. Ut af þessari deyfu fædist margfaldur eyrnadofi; hvad gjøra þeir ed heyra vein hins naud-stadda og volada, en byrgja sig þó fyrir sínu egin holdi, þad er fyrir þeim, sem ad eru sømu náttúru og vér, og géfa þeim eckert, jafnvel þótt sumir hafi audlegd heims þessa? eng-inn hefir um aldir sitt egid hold hatad, segir Guds Andi, heldur fóstrar hann þad, og nærir, og hvad er þad þá, ad eg skuli sjá mitt egid hold, einn Guds vesalíng, minn bródir í Christó, ad eg skuli sjá hann frjósa edur svellta í hel, þar eg hefi þó nóg, jafnvel til ad kosta uppá munadi mína? þetta er stakt heyrnarleysi. Sá sem óskunda og órétt-inn lídur, hann flýr til dómarans, og bidur um adstod, en hann sem af Gudi og konúng-inum er settur til ad skipa réttindum manna, hann stíngur fíngrinum í bædi eyrun, og vill ei heyra kvein løgræníngsins, annadhvert fyrir leti, fyrir vináttu, fyrir hrædslu edur ágyrnis sakir, svo hinn fer jafnnær frá honum; verr er honum farid enn hinum rángláta dómara, er Frelsarinn talar um í eptirlíkíngunni hjá Lúk. 18, hver þótt hann óttadist hverki Gud né menn, þá lét hann sig þó samt leida af þrábeidni eckjunnar, til ad álita mál hennar. Ein gømul kona beiddi Augustum keysara eitt sinn, ad heyra mál sitt, en hann kvadst ecki tóm hafa; hún svaradi: svo legg þá af stjórnina; vid þessi sannyrdi brá svo

þeim vísa höfdíngja, ad hann leit strax á mal hennar, og dæmdi þad; en þad væri rád=ligt, ad þessi varmenni, sem ádur er umtalad, ad þeir legdu af sér þetta starf, þar þeir valla eru hæfari til þess, enn asninn til hörpusláttar. Menn nema þann lim í burtu af kroppnum, sem er daudur, og líkligur til ad spilli ödrum, sæmra væri og þeim er svo þykkheyrdir eru, sem nú hefi eg sagt, ad eyru þeirra væri afskorinn, heldur enn þan stædu þeim til vanheidurs, en engum til gagns á höfdinu. Þar er enginn kéndur sem hann kémur ecki; ef þér blindir værud, þá hefdud þér ecki synd, en nú segid þér, vér sjáum, þarfyrir blífur synd ydar, sagdi Lausnarinn vid Pharíseos, Jóh. 9; svo væri og hinum betra, ad hlustir þeirra byrgdar væru, heldur enn ad hafa eyru og heyra ecki, eins og önnur líkneskja. Margt mætti hér um fleira tala, þó læt eg þetta duga ad svo stöddu; en þad eg hefi ad framan talad um heyrnarskortinn, þad sáma vil eg um málheltina tala, ad sönnu er hún stór vansi líkhamans, margur óhlutvandur forsmáir þann, sem er svo málifarinn, þeir hæda ad honum, herma eptir þeim, og láta miklu verr optast, enn hinir sem þeir eptir herma: þetta heitir ad lasta Skaparann, því hann hefir manninum málid géfid, og sá ed fremur þvílíkt gudleysi, hann er nærsta illa talandi í hans eyrum, sem allt heyrir, hann gjörir málsnilli sína þúsundsinnum argari enn brest hins málhalta; ecki heldur bannar túnguhaftid nockrum ad gánga framm fyrir nádarstólinn, sem Gud hefir sett í hans blódi, hann sem ecki upplauk sínum munni, heldur enn eitt lamb til slátrunar leidt, hann gétur vorként þessum sínum vesælíngum, er hann sjálfur skapad hefir, géti hann ecki ödrum ként, géti hann ecki brúkad málid til ad tala máli eckjunnar og hins födurlausa, þá gétur hann þó lofad Gud, hann skilur mál hans, sem adgreindi túngurnar, og allar hefir gjort af einni, hann gétur bedid Gud sér til hjálpar og myskunar, hann er nógu snjallur í Guds eyrum, sem bidur í anda og sannleika, Jóh. 4; eins vel ákalla hinir úngu hrafnarnir Gud og svanurinn, og hverutveggju þessa fædir hann, því stendur nú eingum þessi túngubrestur fyrir neinu gódu hjá honum, sem bædi hefir skapad hinn mállausa, og hinn veltalandi; hin er málheltin meiri og skadlegri, þegar menn brúka munninn til ad lasta Gud, hans nafn, hans ord, rángfæra þad, og ad hádi hafa, til ad skémma náúngann, til ad rægja hann, ljúga á hann litum og skömmum þó saklausann, bríxla honum, leggja haft á túngu sína þegar hann á ad forsvara, þegar sannleikanum á vitni ad bera, og færa hlutina til betri vegar; þetta er skélfiligt málleysi, þad er ein höfudskömm í Guds augliti, þarfara væri þeim manni, ad hans túnga væri frá rótum uppskorin, enn ad brúka hana til slíkra ódáda, því svo segir Frelsarinn: betra er ad þú haltur og handarvani inngángir til lífsins, enn ad þú hafir tvær hendur og tvo fætur, og verdir í eylífann eld kastadur, Matth. 5, hver ed vís er þeim, sem temja sér þögn þessa, og þessa málhelti, og nema þeir ydrist af hjarta og láti af slíku ædi, þá munu þeir eylífliga med honum verda, er vér rægikall nefnum, og hefir sitt nafn af því, ad hann áklagar Guds útvalda dag og nótt, þar elda þeir sálum en eta túngur, eldurinn er négur, kosturinn er mikill, blástur Drottins upptendrar hann svo sem annad brennisteinsflód, Esa. 30, frá hverjum óskopum hinn gódi Gud vardveiti alla kristna menn; en þú sem allt gjördir vel, þú sem lést dausa heyra

og mállausa tala, vík þeim affsídis frá fólkinu, frá vondri veroldu þessari, hverra eyru ad allt ofmjøg klæja eptir hennar glaum, hverjum eckert mál líkar, nema þad sem henni er þócknanligt; rek þá út af Babýlon, Drottinn minn! jafnvel med svipu þíns krossburdar, svo ad ecki medtaki þeir af plágum hennar; snert eyru vors hjarta med fíngri þínum, sem er þinn andi, svo ad vér hofum vora lystíng í logmáli þínu, og uppleys fjotur túngu vorrar, svo ad vér tolum rétt, þad sem Gudi sé til lofs og dýrdar, hans kyrkju medal vor til uppbyggíngar, en Andskotans ríki, og allri hans ydni til nidurdreps. Bænheyr þad, vor Lausnari! fyrir þína forþénustu; þér med Fodur, og H. Anda, sé vald og kraptur, ríki og máttur, æra og dýrd, frá einni eylífd til annarar, amen!

Þrettánda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 10 Kap.

Og Jesús, hann snéri sér til sinna lærisveina, og sagdi þeim einsliga: sæl eru þau augu sem sjá þad, hvad þér sjáid, þvíad eg segi ydur, þad margir spámenn og kongar vildu hafa séd hvad þér sjáid, og sáu þad ecki, og ad heyra hvad þér heyrid og heyrdu þad eigi. Og sjá, ad nockur løgvitríngur stod upp, freistadi hans og sagdi: meistari! hvad skal eg gjora, svo ad eg eignist eylíft líf? enn hann sagdi til hans: hvad er skrifad í løgmálinu? hvornin les þú? hann svaradi og sagdi: elska skaltu Drottinn Gud þinn af ollu hjarta þínu, og af allri ondu þinni, og af ollum mætti þínum, og af ollu hugskoti þínu, og þinn náunga sem sjálfann þig. Jesús sagdi til hans: þú svarad'r rétt, gjør þad og muntu lifa; en hann vildi réttlæta sjálfann sig, og sagdi til Jesú: hvør er þá minn náungi? Jesús svaradi og sagdi: madur nockur for frá Jerusalem, ofan til Jericho, og hrasadi á medal ræníngja, hvorjir ad ræntu hann klædum, og lemstrudu hann sárum, gengu sídan í burt, og létu hann þar eptir hálfdaudan liggja. En svo bar til, ad kennimadur nockur for ofan þann sama veg, og er hann leit hann, géck hann fram hjá honum; slíkt hid sama Levitinn, þá hann kom nærri þeim stad, og sá hann, géck hann þar fram hjá. En Samverskur madur nockur for um farinn veg, kom þar nærri honum, og sem hann sá hann, þá hrærdist hann af myskun vid hann, og géck ad honum, batt um sár hans, helti þar í vidsmjørt og víni, og lagdi hann uppá sinn eyk, og flutti til herbergis, gaf og gjætur ad honum; en annars dags þar eptir þá hann for í burt, tok hann upp tvo peninga, og féck husbuandanum, og sagdi til hans: haf þú gát á honum, og hvad þú leggur meira út, þad skal eg borga nær ad eg kém aptur. Hvør þeirra

þriggja sýnist þér vera þess náúngi, sem hrasadur var á medal ræníngja? en hann sagdi: sá sem gjørdi myskunarverkid á hønum. Jesús sagdi til hans: far þú og gjør slíkt hid sama.

Exordium.

Hvílík beiníng ad verid hafi millúm Gydínga og Samariskra fordum, þad vottar heiløg ritníng í nockrum stødum: hvernig bidur þú mig um ad drecka, þar þú ert Gydíngur, sem er ein Samarisk kona, sagdi hún er taladi vid Frelsarann hjá Jakobs brunni, því ecki samneyta Gydíngar Samaritanum? Jóh. 4. Seigjum vér ecki vel, ad þú ert Samverskur, og hefir Djøful, søgdu þeir gudlastararnir fordum, Jóh. 8; og svo mikid hatur báru Gydíngar til þeirra, ad einn heidíngi mátti Gydíngur gjørast, enn ecki Samariskur, jafnvel þótt þeir brúkudu marga Gydínga sidu í þjónustu sinni, svo sem einn af þeirra meisturum skrifar, og sannast hér medal annars, þad er Frelsarinn taladi vid Pharíseos, ad þeir bønnudu mønnunum inn í himnaríki, en sjálfir kjæmu þeir þar ecki, Matth. 23. Af þessu innbyrdis hatri, sem í þá daga var millum Gydínga og Samariskra, tekur Frelsarinn sér orsøk til ad sannfæra þenna løgvitríng, sem gudspjallid umgétur, og má hér rekja spor hans guddómligrar speki, svo vel sem í øllu hans tali. Hefdi hann ecki tekid hinn Samariska til dæmis um myskunarverkid, heldur látid hann vera þann, sem hrasadur var medal ræníngja, þá hefdi þessi gydíngur sagt, ad hann ei verid hefdi náúngi hins, og gydíngurinn þarfyrir ei skyldugur til ad lidsinna hønum í neinu; enn fyrst hann var Samaritan, sem myskunsemina framdi, en hinn var Jerúsalems madur, þad er gydíngur, og mátti því myskunar verdur þykja, þá gat hinn ecki frá því gengid, ad hann væri hans náúngi, sem gjørdi gott verk á hønum. Ecki á þessi eptirlíking svo ad skiljast, ad sá sé einasti náúngi, sem gjørir eins og þessi Samaritan, þad gjørir Frelsarinn bert, er hann segir: hver laun hafid þér þess, ad þér elskid þá, er ydur elska, gjøra ecki tollheimtumenn hid sama? Matth. 5; heldur er þessi meiníngin: fyrst þessi Samaritan gjørdi þetta vid einn gydíng, þá far þú, sem ert gydíngur, og gjør slíkt hid sama vid einn Samaritan, edur þinn mesta óvin, þvíad hver ein manneskja er þinn náúngi, nær hønum áliggur. Ut af þessu tali Drottins, vil eg taka mér orsøk til ad tala um kjærleikann, og hvad lángt hann eigi ad ná. Vert þú í verki med oss, Drottinn! svo ad þetta vel luckist, amen!

Utleggíngin.

Margar dygdir eru bodnar í heilagri ritníngu, og mørgum hrósad, þó engum meir enn kjærleikanum; nú blífa þessi þrjú, trúin, vonin og kjærleikurinn, en kjærleikurinn er þó mestur af þessum, segir Páll, 1 Cor. 13. Þetta er stór vitnisburdur af hønum, er svo var kjært til ættmanna sinna Gydínganna, ad hann æskti sér ad vera útrekinn frá Christó fyrir þeirra skuld, Róm. 9, hann mun meint hafa, ef þad kynni ad gagna þeim, og þad møguligt væri, því sídarst í hinum 8 kapítula segist hann vera þess fullviss, ad enginn hlutur muni géta skilid sig vid kjærleika Guds, sem ad er í Christó Jesú. En því hrósar hann nú svo mjøg kjærleikanum fram yfir trúna, án hverrar hann þó segir, ad ómøguligt sé Gudi ad þóknast, Hebr. 1, og ad fyrir hana verdi menn hólpnir, án verka løgmálsins? þad veldur því, ad trúin er daud án verkanna, segir Jakob postuli, Jak. 2, hann meinar án kjærleikans verka, sem þó af henni framkoma, því trúin sýnir abl sitt hvad mest í þeim; satt er þad, ad enginn verdur hólpinn án þess, ad hann trúi á Gud, og hans Krist, og treysti því, ad hann endurkeyptur sé fyrir Guds Sonar blód, en því getur sá ecki trúad, til sáluhjálpar sér, sem er án kjærleikans; Páll bidur, ad menn skuli

reyna hvert þeir séu í trúnni; en hvar með ega þeir að reyna það, nema með kjærleikanum, án hvers trúin er engin trú? svo sem kjærleikurinn getur ecki verið án trúarinnar, svo getur ei trúin án kjærleikans verið, það vottar Pálus, 1 Tím. 1, er hann segir: endir lögmálsins er kjærleikurinn af hreinu hjarta og góðri samvitsku, og trú hræsnislausri. Lögmálið er ómöguligt upp að fylla, það vottar Páll, er hann segir: af lögmálsins verkum mun eckert hold fyrir honum hólpið verða, Róm. 3, þó segir hann aptur í sama pistli: sá eð elskar annann, sá hefir lögmálið uppfyllt, Róm. 13. Hvað ber til þessa, kristnir menn? að vísu svaraði Jesús lögvitríngunum, er spurði hann að, hvert eð væri hið mesta af öllum boðorðunum, Mark. 12, hann svaraði honum: hið æðsta allra boðorðanna er: elska skalltu Drottinn Guð þinn af öllu hjarta þínu, og af allri sálu þinni, og af öllu hugskoti þínu, og af öllum mætti þínum; þetta er hið æðsta boðorð, og annað er því líkt: elska skalltu náúnga þinn, sem sjálfann þig; og í þessum tveimur boðorðum, segir Lausnarinn, að fólgið sé allt lögmálið og spámennirnir, Matth. 22; en svo sem oss er ómöguligt allt lögmálið upp að fylla, svo er oss það og lángt um megn fram, að fullnægja þessum tveimur boðorðum, svo sem vera byrjar, með vorum tilverknaði. Hvilíkur er þá sá kjærleikurinn, sem er lögmálsins uppfylling? það má eg fyrst og fremst hér til svara, að það er hans guðdómligur kjærleiki, sem gaf sitt líf í dauðann fyrir syndarann, Róm. 5, svo hann mætti lifa, 1 Jóh. 4; sú elskan, sem varð honum svo sterk sem dauðinn, og vandlætíngin svo hörð, sem helvítið, hin miklu vötnin kunnu ecki að útslöckva þann kjærleika, og ecki bylgjurnar að kefja hann, segir brúðurin í Lofkvæðinu, 8 kap; þessi ómræðiligi kjærleiki og bruni elskunnar, hann er fyrst og síðarst lögmálsins uppfylling, það vottar Pálus, er hann skrifar, Róm. 8: það sem að lögmálinu var ómöguligt, af því það veiktist fyrir holdið, það hefir Guð gjört, sendandi sinn son í líkíngu syndugs holds, og fyrir syndina fordæmt syndina í holdinu; en þótt að gjæska Guðs hafi svo yfirgnæft til vor í Christó Jesú, þarfyrir vill hann ecki að vér skulum hlutlausir vera af kjærleikans verkum innbyrðis meðal vor, því Jóhannes segir með berum orðum: í því er kjærleiki Guðs auglýstur við oss, að hann hefir gefið sál sína út fyrir oss, svo egum og vér að útgefa sálina fyrir bræðurnar, 1 Jóh. 4; elskan til náúngans er ómissandi, og án hennar er enginn réttuefndur kristinn; hver sem segist elska Guð, en hatar sinn bróður, hann er einn ljúgari, segir Jóhannes, því ef hann ei elskar sinn bróður, þann eð hann sér, hvernig má hann Guð elska, þann eð hann sér ecki? og þar af skulu allir þeckja yður, að þér séuð mínir lærisveinar, að þér elskist innbyrðis, segir Drottinn sjálfur, Jóh. 13. Hér af vill það fylgja, að hann sem ecki elskar sinn bróður, hann er ecki lærisveinn Christí, sá sem ecki er hans lærisveinn, hann er ecki kristinn, og hann sem ecki er kristinn, hann hefir ecki hlutdeild með honum; með hverjum þá? með vantrúuðum mun hann setja hans hlutskipti, í því díki, sem vellur af eldi og brennisteini, já, með Djöflinum og öllum hans árum, þeir eð hata bæði Guð og menn; í einu orði að segja: þar er einkis góðs von á þeim manni, í hverjum kjærleikurinn ecki býr, jafnvel þótt hann sýnist gjöra nockuð gott, kannské til að firra sig vítum, til fordildar sér, og til að þyggja hrós af mönnum, eins og Pharísei gjörðu ölmusur sínar; þar um tekur Pálus tvímælin af, er hann segir, 1 Cor. 13:

þótt eg bitadi allar eigur mínar nidur fyrir fátæka, en hefdi ecki kjærleikann, þá gagnadi mér þad ecki; og hér þvert á móti: hver sem kjærleikann í sér hefir blífanda, hann er til allra gódra verka hæfur. Svo segir Jóhannes: Gud er kjærleikurinn, og sá sem blífur í kjærleikanum, hann blífur í Gudi, og Gud í honum, 1 Joh. 4; þetta hefir sá Guds madur án efa lært af sínum meistara, hver hann elskadi, því svo segir hann blessadur hjá sama gudspjallamanni, 15 kap: sá sem blífur í mér fyrir kjærleikann, og eg í honum, hann ber mikinn ávöxt, því án mín getid þér eckert. Sjáid hversu ómoguligt er án kjærleikans Gudi ad þócknast, og hversu ad hann er sál allra dygda og mannkosta, því ef sá blífur í Gudi, sem í kjærleikanum blífur, svo sem strax var sagt, þá eru hans verk í Gudi gjord; því segir og Pálus, Col. 3: um alla hluti fram þá hafid kjærleikann, því þad er band fullkomlegleikans; án trúarinnar er ómoguligt Gudi ad þócknast, sem ádur er sagt, en sonn trú er aldrei án kjærleikans, því má eg svo kalla, ad þau séu eins og Fadir og módir allra þeirra athafna, sem nockud ega fyrir Gudi ad gylda. Esaías skrifar svo um Gud, ad eldur hans sé í Zíon, og hans ofn í Jerúsalem, Esa. 31, teiknandi þar med Guds þjónustu í þeim heilaga stad, hvar enn Allrahæsti hafdi sett minníng síns nafns, en sú dýrkan hefir enda tekid, sól réttlætisins hefir skugganu afmád, Zíon er eydilogd, Jerúsalem er uppbrend, og Gydíngum sitt hús í eydi látid, Matth. 23, því kalla eg ad nú búi Guds eldur og hans ofn í nýa testamentisins musteri, sem er réttkristins manns hjarta, hvar Gud hvílist yfir Cherúbim, yfir þeim nádarstólnum, er hann framsett hefir í hans egin blódi, Róm. 3, í einum glóandi anda, í einni lifandi trú, sem verkar med kjærleikanum, því hún gyldir fyrir Gudi í Christó, en hverki umskurn né yfirhúd, Gal. 5, í elskunni til Guds og náúngans, þad kalla eg hinn ævarandi eld, og sífellt offur, þad nefni eg Guds ofn í mannsins hjarta. Þessi hofuddygd, kjærleikurinn, er nú í morgu fólginn, og alla umgengni vora upptendrar hann til hins góda, ecki sídur enn túngan til hins illa, nær hún er upptendrud af helvíti, svo sem Jakob ad ordi kémst, Jak. 3; en Pálus hefir í stuttu máli uppteiknad alla hans edlisháttu svo merkiliga, ad þad verdur ecki af syndugri túngu betur gjort, svo skrifar hann, 1 Cor. 13: kjærleikurinn er þolinmódur, segir hann, alla hluti þola menn fyrir þad, sem þeir elska; hvad vinna menn ecki fyrir muni veraldar þessarar, fyrir audinn, fyrir metordin, til þess, ad fá hefnd yfir óvinum sínum? þad sama gjorir kjærleikurinn vid Gud og náúngann, Guds vegna, hann er gódgjarn, eckert má hann aumt sjá, hann er ad sínu leiti eins lyndur og Gud, af hverjum hann er, 1 Jóh. 4, hann gjorir gott ef hann gétur bædi vinum og óvinum, Matth. 5; kjærleikurinn øfundar ecki, þad er á móti hans náttúru, ad sjá offjóuum yfir nockurs manns velgengni, sem ollum vill vel; kjærleikurinn gjorir ei illmannliga, þad er, med odru ordi ad segja, hreckvísliga; hann geymir engann vondann mann, ei talar hann annad med munninum, enn hann hefir fólgid í hjartanu; hann býtur ecki upp, hann er ecki drambsamur, því sá sem elskar einn, hann vyrdir hann, en kjærleikurinn elskar alla, svo mikid sem elska má med réttu; hann er ecki ósidsamur, þar er valla frá ad segja hvílíks óþocka og mannhaturs ad vanskickunin ablar í heiminum, og útvortis ósidir, jafnvel þótt sumum monnum þyki lítid í kurteisina spunnid, samt er hún þó optast dygdanna forunautur, og hún prýdir

þær, eins og fagur búníngur mannsins álit, þetta vill ecki kjærleikurinn sig vanta láta, svo ad engum géfi hann neina hneixlan; hann leitar ecki eptir því sem hans er, því hann leitar almenniligs gagns hvad mest, og ecki svo mjog síns egin; hann er ecki þúnglyndur, verdi hönum þad, ad hann reidist, þá lætur hann þó ecki sólina undirgánga sína reidi; hann þeynkir ecki íllt, ecki á hjá hönum heima þad gamla ordtæki: margur ætlar mig sig, og mátuliga dyggvann, né hitt: ad illur veit hvar ódyggur situr, af því hann ætlar engum íllt, þá dylst hann vid í fremstu lög, ad hreckvísin mundi ætla sér þad; hann ber allt, allt hvad hönum er uppálagt, þad ber hann eins og máttartré í húsum, þau bera allt þad sem á þau er lagt, hvadan og málsháttur þessi dreginn er, svo rís hann og undir öllu, sem hann má umbera, Guds og þeirra vegna, sem hann er hvad mest skyldugur; hann trúir öllu, hann vill heldur trúa því, sem hönum er saklaust ad trúa, heldur enn ad væna einn lýgi ad naudsynjalausu, edur ófyrirsynju; hann vonar allt, hann örvæntir ecki um neinn, ad ei kunni hann ad betra sig, þótt óvænligt megi um hann þykja, ólíkur þeim sem ecki vilja neina tilraun gjora vid einn, sem af einhverri hrösun verdur yfirstíginn, eins og Gud sé ecki máttugur ad reisa hann, og þess vegna líður hann allt, hann sparar eckert þolgjædi til ad bída eptir betran þeirra, þarfyrir talar Salómon vísliga er hann segir, Ordskv. 10: hatrid uppvekur þrætur, en kjærleikurinn hylur misgjordirnar. Hvad er nú líkara Gudi enn þetta hjartalag? og þessir eru nú kjærleikans ávextir, sem upp eru taldir; en sér í lagi vill Frelsarinn hafa kénnt med þessari eptirlíkíngu myskunsemina og gódgyrnina vid sérhvern þann sem naudstaddur er, því hann svarar hinum skriftlærda uppá spurníngu sína: hver þar væri hans náúngi? þad er ádur hér ad framan sýnt, hversu ad Gydíngar og Samariskir hafi hatast á innbyrdis, og hverugir meintu adra sína náúnga ad vera; en Drottinn snart hér nockud biturt vid kaun hinna skriftlærdu og Pharísæanna, þar ed hann tekur til dæmis í eptirlíkíngunni prestinn og Levítann; þessir heilögu menn, sjálfir gydíngar, þeir gengu fram hjá gydínginum, þar hann lá svo illa farinn sem í gudspallinu segir, en fjandmadur hans, hverjum einkis gydíngsauga mundi myskunad hafa, hann gjordi myskunarverk á hönum; hann sá aumur á hönum, segir textinn; fyrst vaknadi kjærleikurinn í hjartanu, svo egum vér og lyndir ad vera, því nema ad gódgjordir vorar framkomi af gnægd hjartans, þá eru þær ónýtar, þad er ádur vottad af Páls ordum, er hann segir, 1 Cor. 13: þótt eg bitadi allar eigur mínar nidur fyrir fátæka, og hefdi ecki kjærleikann, þá gagnadi mér þad ecki; og aptur býdur hann, ad menn skuli gjora gott, ecki af naudúng, heldur af fúsum huga; en hann lét gódgyrni sína ecki alleina vera fólgna í medaumkuninni, heldur brautst hún út med verkunum. Hann batt hans sár, helti þar í víni og vidsmjori, med ödru fleira sem textinn upptelur, og ei þarf framar ad uppreikna; en í einu ordi vil eg þad segja: engin módir hefdi kunnad betur ad gjora vid barn sitt, enginn fadir vid sinn einka son, enginn brodur vid annann, heldur enn þessi útlendíngur gjordi vid óvin sinn í slíku tilfelli. Far þú nú, kristinn madur! og gjor slíkt hid sama, sem heidíngi þessi gjordi; elska ecki med ordi og túngu, heldur med verki og sannleika, 1 Jóh. 3, nær þú sér brodur edur systur nakta, og hafa skort á dagligri næríngu, þá lát ecki þinn kjærleika vera þar í fólginn, ad þú segir: lifid heil, vermid ydur og mettid ydur, en géfid þeim þó

ecki hvad líkhamans naudþurft tilheyrir, Jak. 2; þetta er hræsni eintóm, og þad mun eins lítid gagna sálu þinni, nær þú skallt fara eins nakinn í burt úr heiminum, og þú í hann komst, svo sem ad þín fagurmæli gegnum hinum nakta og húngrada, á medan þú hafdir audlegd heimsins; þad er merkiligt, ad á hinum efsta degi, þegar reiknáungurinn skal haldast, þá verdur oss þessi póstur sér í lagi fyrirlagdur: hvert menn hafa mettad hinn húngrada; gefid hinum þyrsta ad drecka, hýst hinn framanda, klædt hinn nakta, vitjad sjúkra, edur þeirra sem voru í myrkvastofu, svo sem Frelsarinn kénnir oss sjálfur hjá Matth. 25 kap; og er þad ecki nóg ad vitja þeirra, þad er eins gott og ad segja vid hinn nakta, klæd þig; og vid hinn húngrada, mettast, enn géfa honum þó eckert; vor vitjun á í því ad vera fólgin, ad hugsvala þeim, hjálpa þeim med rád og dád, annars eru menn ecki betri enn presturinn og Levítinn, þeir sáu ad sönnu hinn auma mann, er hrafadur var medal ræníngja, en gengu fram hjá honum; já, vér egum ad hjálpa þessum krossberendum, jafnvel med skada vorum, og þótt vér megum nockurs í þarfnast. Hér stendur í gudspjallinu, ad Samaritaninn hafi lagt hinn sára mann uppá sinn eyk: líkast er, hann hafi látid hann sitja á dýrinu en gengid sjálfur, því í textanum stendur, ad hann hafi sett hann uppá sinn eginn eyk, já, ef vér ecki berum kunnáttu edur vitsmuni til ad hjálpa þeim sjálfir, þá egum vér ecki ad spara til þess fémuni vora, ad þeim megi hólpid verda; því ef Jóhannes vill ad vér skulum géfa lífid út fyrir brædurnar, þá er þad víst, ad hann ecki vill ad vér þyrma skulum hinum rángláta mammon, er oss mun þó yfirgéfa í daudanum, því þad stendur fast, sem Lausnarinn sagdi: ad alltíd er lífid meira verdt enn fædslan, og líkhaminn meir enn klædnadurinn, og meira hofum vér ecki af öllu því vér egum, og á þetta ecki ad gjora svo naumt, ad þeir séu litlu nær, sem vid þurfa. Ecki var þessi gódi Samarítan ánægdur þar med, ad koma þessum vesalíng til manna bygda, heldur gaf hann gjætur ad honum, og um morguninn er hann reisti, fécK hann húsbónd=anum tvo peninga, og sagdi: haf þú gát á honum, og hvad þú leggur meira út, þad skal eg borga, nær eg kém aptur; ó, hvad morgum þeim, er sig kristinn nefnir, gétur útlendíngur þessi kinnroda gjort á þessum verstu og sídurstu tímum, um hverja Drottinn hefir talad hina sonnu spá, ad sokum þess, ad ránglætid vex, þá muni margra kjærleiki kólna, Matth. 24. En þessa gódvild egum vér ecki alleina ad audsýna náúngum vorum edur kunníngjum, þad sé eg berliga af því, er Frelsarinn sagdi vid þann, er honum bodid hafdi, Lúk. 14: nær þú heldur middagsverd edur kvoldmáltíd, þá bjód ei vinum þínum, edur brædrum þínum, edur ættmonnum þínum, edur ríkum nágronnum, svo ad þeir bjódi þér aptur einhvorn tíma, og þad verdi þér endurgoldid; heldur, nær þú gjorir heimbod, þá bjód fátækum, vonudum, holltum og blindum, og muntu sæll verda, því þeir hafa þér ecki aptur ad géfa, því þad skal þér aptur goldid verda í upprisu réttlátra; þarfyrir, ef þú kristinn madur ert, ef þú villt í þeirri upprisu hlutdeild hafa, þá sjá til, ad þú náir hlutskipti í hinni fyrri, svo þú verdir sæll, og fel þig ecki fyrir holdi þínu, þad er, fyrir þínum náúnga, hver sem hellst hann er, og nær þú sér einn naudstaddann, er þú hjálpad gétur, þá lát svo sem hid sídarsta lúdurs hljód kvedi fyrir eyrum þér, og tak þad fyrir bod

frá Gudi, til ad minna þig á, ad gjøra skyldu þína med kjærleikans verki vid hinn naud-stadda; lát enganu vera undan skilinn, þó þér óþecktur sé; gleymid ecki gestrisninni, segir Páll, því fyrir hana hafa sumir englana hýst óvitandi, Hebr. 13; hann meinar án efa Abraham, Gén. 18, og vard hønum þad ad mikilli blessan; þú veist ecki hvørjum Guds þøck er ad gjøra, en þad veistu, ad hann þacka vill alt þad, sem í hans nafni gjørt og géfid er. Framandi var eg, og þér hýstud mig, segir Dómari alls holds; þú skallt ecki gjøra ofríki hinum framandi, því þú varst framandi í Egyptalandi, segir Gud, Exód. 22; þú skallt og hyxa þad, ad þú ert framandi í hinni vondu Egyptó, veroldu þessari, í þeirri leyrveltunni, því þrældómshúsinu; í hinni eylífu Canaan er þitt fødurland, þángad áttu inn ad gánga til hans hvíldar, þángad á þig ad leida, ecki Jesús sonur Nún, heldur Jesús sonur Davíds; forsmá ecki þá, sem hann hefir med sínu blódi endurleyst, er sjálfur framandi var medal sinna egin, og hvad minnst vyrdtur á sinni fósturjordu fyrir þína skuld, sem varst útlægur úr himnaríki, og svo þú vitir, ad þad sé ecki nóg, ad gjøra hinum framanda, edur naudstadda eckert mein, þá leggur Drottinn sjálfur best út sín eigin ord, þar hann segir, Lev. 19: svo sem hinn innlendi, svo skal útlendíngurinn vera, sá ed reisir um hjá þér; og enn framar: þú skallt ecki upptaka leifar kornskérn þinnar, þú skalt láta þær eptir hinum fátæka, og hinum útlenda, Levit. 23; já, þér skulud elska hinn framanda, því þér vorud framandi í Egyptalandi, segir hinn alvaldi Konúngur, Devt. 10. Ecki eru undan þessari skyldu óvinir þínir skildir, Guds barn! heldur í henni tilskildir, svo segir Drottinn, Exód. 23: ef þú finnur naut óvinar þíns, edur asna villuráfandi, þá skaltu endiliga færa þad til hans. Vilji nú Drottinn ad einn skuli vera sínum óvin skuldbundinn í svo litlum hlut, hvad þá ecki, ef hønum meira áliggur, og þótt eckert væri annad, sem kynni ad hræra oss til ad gjæta þessarar skyldu vorrar, þá er hid algjørda og alkunnuga løgmál Christí, er ritad stendur hjá Matth. 5 kap: elskid óvini ydar, blessid þá er ydur formæla, og bidjid fyrir þeim ed smána ydur og ofsækja; til hvers? svo ad þér séud børn Fødur ydar, sem á himnum er, hver ed lætur sól sína upprenna yfir réttláta og rángláta, og rigna yfir vonda og góda. Jesús mátti hér djarft um tala, hann var í Guds mynd, Phil. 2, já, sjálfur Gud, eylífur fadir og fridarhøfdíngi, Esa. 9, þó lítilækkadi hann sjálfann sig, takandi þjónsmynd, vordinn hlýdugur allt til daudans, já, allt til krossins dauda, sídan er hann uppfarinn í hædirnar, og hefir mønnunum gáfur géfid; en hvílíkar gáfur? nád Guds og vingan, syndanna fyrirgéfning, H. Anda, og eylíft líf; hverjum hefir hann þessar gáfur sendt? óvinum sínum, þeim sem hann hæddu, fjøtrudu, húdstrýcktu, med þyrnum kórónudu, og á gálgann uppheingdu, ecki einasta þeim, er stódu ad verkinu, heldur og øllum ødrum, hverra syndir ad dýrdarinnar hertoga krossfest hafa, því fyrir alla er hann dáinn, og øllum er Guds heilsusamlig nád frambodin; þetta gjørdi hann, sem er ljómi fødursins dýrdar, þegar allt mannkyn var statt í hinu herfiligasta volædi. Skammastu þín þarfyrir, syndarinn! nær þú sér óvin þinn húngra, ad géfa hønum ecki ad eta, edur þyrsta, og géfa hønum ecki ad drecka, og nema þú svo gjørir, þá þeink aldrei til þess, ad þú sért kvittur um syndir þínar fyrir Gudi, því valla hefir Guds andi í nýa testamentinu lagt svo ríkt á vid mennina um nockurn hlut, sem þenna. Allir

köllum vér Gud vorn herra, en ef hann er vor herra, hvar er þá hans heidur? Mal. 1; hvar er hlýdni sú, er vér eigum honum ad audsýna? því kallid þér mig herra, og gjörid þó ecki þá hluti, er eg býd? segir Kristur, Lúk. 6; hans bodord eru ecki þúng, segir Jóhannes, en eg vil segja, ad þetta er eitt af þeim léttustu, af þeim audveldustu, fyrir þann sem hugleidir hvad lítil sé náúngans misgjörd vid sig, hjá því sem hann sjálfur hefir gjört Gudi í mót, og hversu þad er eckert, sem hann gétur lidsint bródur sínum, hjá öllu því gódu sem Gud hefir honum gjört, og tekur hann þad þó ecki af sínu, heldur hans, sem á allar eigur. Drottinn útslöck þú í oss bál illskunnar, og heiptrækninnar, en kveik í oss elskuna til þín og náúngans; þér sé lof, dýrd og heidur, um aldir, amen.

Fjórtánda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 17 Kap.

Í þann tíma; og þad skédi svo, þá ed Jesús géck til Jerúsalem, ad hann ferdadist í gégnum midja Samariam og Galíleam; en sem hann géck inn í nockurt kauptún, mættu honum tíu líkþráir menn, hvörjir ad stodu lángt frá, hofu upp sínar raddir, og sögdu: Jesú godi meistari! myskuna þú oss. En sem hann leit þá, sagdi hann til þeirra: farid þér og sýnid ydur kénnimönnunum. Og þad skédi svo, þá er þeir gengu þadan, ad þeir urdu hreinir. En einn út af þeim, nær hann sá þad, ad hann var heilbrigdur vordinn, snéri hann aptur, lofandi Gud med hárri raust, féll fram á sína ásjonu fyrir fætur Jesú, gjörandi honum þackir, og þessi var Samverskur. En Jesús svaradi og sagdi: hvört voru ecki tíu hreinsadir? en hvar eru hinir níu? fundust aungvir þeir aptursnéri, ad géfa Gudi dýrdina, nema þessi útlendíngur? og hann sagdi til hans: statt upp og far hédan, þvíad þín trú gjördi þig hjálpligann.

Exordium.

Hversu stór ad sé mismunur Guds og manna, þad kann engin túnga út ad skíra, og enginn hugur ad skilja: hver manna veit hvad mannsins er, nema mannsins andi sem í honum er? svo og hvad Guds er, veit enginn, nema Guds Andi, segir Páluss, 1 Cor. 2. En þó ad vor náttúrligur skilníngur nái skamt til þess, ad ransaka Guds undirdjúp, þá kynnum vér þó á þessum mismun nockud skírari grein ad gjöra, ef vér legdum meiri hug á, ad samanbera hans almætti og vorn vanmátt, hans réttlæti og vort ránglæti, hans visdóm og fákjænsku vora, en þó allra hellst hans þolinmædi og vora þvermódsku, hans gjæsku og vort óþacklæti; hans almætti þeckjum vér ecki svo sem þad er; sitt réttlæti sýnir hann oss ecki svo opt, nema í gjæskunni, því veldur ríkdómur hans þolinmædis; hans visdóm skynjum vér ecki, en hans lánglundar géd, hans gjæsku og myskunsemi meigum vér hvad best þeckja, því hún er ný og ferst yfir oss á hverjum morgni, jördinn er full af henni, ó hverri vér skrídum, syndugir ormar, og meigum dagliga rekja þar hans spor, sem drjúpa af feiti. Eg

skal ecki fullkomna mína brennandi reidi, eg skal ecki tortína framar Ephraim, því eg em Gud og ecki madur, segir Gjæskan sjálf fyrir munn Hóseæ spámanns, 11 kap; og þó vill syndarinn ecki kannast vid þessa guddómliga elsku, myskunsemi og þolinmædi, jafnvel þótt hann sé madur, þad er, ein gusa, ein vatnsbóla, og ecki Gud, og ecki þacka hønum edur kannast vid hans fødurliga gjæsku, margur hver; já, Gud gjæfi ad færri væru enn fleiri. Dæmi hér uppá sjáum vér í textanum, á þessum tíu líkþráu mønnum, sem hreinsadir voru, hverra einn álleina aptursnéri, og gaf Gudi dýrdina, en hinir níu gleymdu því ad bragdi er gjørt var. Eg vil skipta gudspjallinu í tvo hluti, og hugleida: 1) óþacklæti hinna níu; 2) þacklæti hins eina. Jésú gódi meistari! hjálpa oss hér til med krapti þíns Anda, amen!

Útleggíngin.

Ecki er trúin allra, segir Pálus, 2 Tess. 3, øllum er hún þó frambodin sem ordid heyra, því heilsusamlig Guds nád er opinber vordin øllum mønnum, segir Postulinn aptur, Tit. 2, er hann talar um kristnibodid, í hverju ad trúin er eitt høfudstieki; margur trúir um stundarsakir, en á freistíngartímanum, þá fellur hann þar frá, svo sem Lausnarinn kénnir hjá Lúkam, 8 kap. Ad vísu er þad satt, ad freistíng merkir optliga í ritníngunni þær hørmúngar, er Gud lætur børnum sínum mæta, til ad reyna þau; ydur hefir ecki hendt nema mannlig freistni, segir Pálus, þad er mótlæti þad, sem mønnum er bæriligt; svo nefnir og Jakob mótlæti Guds barna, 1 kap; en Gud freistar mannsins á stundum med eptirlæti sínu: þegar Gud lét Davíd allt ad óskum gánga, þá vard hann svo freistadur, ad hann taldi fólkid, 2 Sam. 24; þegar Ezechías konúngur hafdi lucku í øllu sínu verki, þá freistadist hann til ad sýna Babýlons høfdíngja sendimønnum fjársjódu sína og gersemar, 2 Cron. 32; svo ad þad má allt syndugt hold játa, ad ecki er minni freistínga von í medlætinu enn í mótlætinu, svo sem móttgánguriun steypir sumum í ørvæntíng, svo þurfa og sterk bein til ad þola góda daga. Mørgum hefir velgengnin komid til óhófs, til ofmetnadar, til óþacklætis vid Gud, og jafnvel til afgudadírkunar, já, þeim og, sem Gud hafa ádur vel þeckt, og hann úr duptinu hafid hefir, en sett til mikillrar tignar, hvar um ljóst vitni bera Jeróbóam og Jehú Ísraels konúngar, sem ecki voru kóngbornir, en Gud þó upphóf á tignarstól drottna sinna. Ecki verdur því neitad, ad allir þessir líkþráu menn, þeir hafa í fyrstunni trúad á Krist, því upphófu þeir raddir sínar, og søgdu: Jesú meistari! myskuna þú oss, þad hefdu þeir ei gjørt, nema þeir hefdu heyrt riktid af Drottni, og treyst því, ad med hønum væri guddómligur kraptur; er eg Gud sá ed kunni ad deyda edur lífga, sagdi Ísraels konúngur, þegar konúngurinn af Syría sendi Naaman hinn sýrlendska til hans, þad eg géti hreinsad þenna mann af sínni líkþrá, 2 Kóng. 5, hvar af audsært er, ad þad hefir verid ad jøfnu lagt í þá daga, ad lækna þesshátter sjúkdóm, og ad uppvekja af daudum, sem er Guds alleina, svo sem Davíd vottar, og er því audvitad, ad þessir veiku menn hafi tillagt Frelsaranum nockurskonar guddómligann heidur, þótt ei hafi þeir verid sannfródir um hans persónu, samt dugdi þessi trú til líkhamans lækníngar. Drottinn læknadi þá ecki strax, eins og hinn líkþráa, er gétur um hjá Matth. 8 kap., vid hvern hann snart og sagdi: eg vil vertu hreinn; heldur sagdi hann alleina: farid og sýnid ydur kénnimønnunum, og áttu þeir þó lánga leid til þeirra úr Samaría upp til Jerúsalem, en á leidinni hafa þeir hreinsadir vordid, því Gudspjallid segir; og þad

skédi er þeir voru á ferdinni, ad þeir hreinsudust; þetta sýnir trú þeirra, ad þeir efudust ecki um, ad gjöra Frelsarans skipan, heldur í trausti hans orda byrjudu ferd sína til kénnimannanna, sem eptir logmálinu ættu ad dæma um, hvert þeir væru hreinir edur ei; ólíkir voru þeir í þessu morgum þeim, er ei vilja Gudi treista, verdi þeir ecki strax bænheyrdir, um þá hluti er þeir þurfa þykjast. Vantrúin segir: þótt Gud gjordi glugga á himininn, þá kann ecki þetta ad ské, hún skítur sér inn jafnvel hjá Guds bornum, og prédikar: hvar fáum vér brand hér í eydimorku, svo ad þessir neyti, Mark. 8; hvad títt hendir oss þvílíkt nær oss þykir eitthvad ólíkligt? og er margur af oss í þessu mjøg ólíkur þessum líkþráu monnum; en í hinu erum vér þeim nærsta líkir, ad þegar Drottins almáttuga hond hefir útrykt oss af neydinni, þá erum vér þess svo skamm-minnugir, og hans ótti er valla lengur hjá oss enn snjórinn á steinunum, þegar regnid ofan kémur, svo sem spámadurinn segir; og hvad er tídara enn þad, ad nær ángistin þreyngir ad oss, ad vér þá kollum til Drottins, þá er vort sinni til hans, svo sem Esaías ad ordi kémst, 26 kap. Hver er sá, nær hann sjúkur er, edur af einhverjum líkhamans meinum plágadur, ad ecki sé hann reidubúinn til ad géfa Gudi handskrift sína, ef hann mætti, uppá betran lífernisins, og ad hann vilji láta af ollum þeim syndum, er hann veit og vidkannast, ad hann hafi hinn góda Gud stygdann med? þetta er ad vísu alvara flestra manna, því enginn hygg eg ad vilji gabba Gud, þegar svo ástendur; ásetníngurinn er ad sonnu gódur, og gengur þad fyrir fullt, ef Gud lætur einn burtkallast í sjúkdóminum; en þá er efndanna vant, þegar heitid er komid, segir ordtækid, hvernig þeim sé varid á stundum, þad sjáum vér af þeim morgum sem hætt hafa legid, en Guds þolinmædi og gæska hefir aptur á fætur reist, ad þeir lifa engu betur sídan enn ádur, nema midur sé á stundum, og láta jafnvel ecki af þeim lostum, er verid hafa orsok til meinlætis þeirra, edur annars mótgángs, og brúka svo myskun Guds til eblíngar syndanna; svo lángt er frá því, ad þeir láti ríkdóm hans þolinmædis draga sig til ydrunar, Róm. 2. Menn hafa á medal vor eina skroksøgu um barn nockurt, þad er féll í pitt, og er þad meinti sér daudavon, beiddi þad Gud ad hjálpa sér til lífsins, en er þad slapp úr díkinu upp á backann, þá segir æfintírid, ad barnid hafi sagt: ecki þarftu, eg gat; einfaldlig er saga þessi, en þó er hún mátulig til þess, og þar til mun hún diktud vera, ad gjøra þeim kinnroda, sem eru børn í skynseminni, en ecki í hreckvísinni, 1 Cor. 14, og leita Guds alleina nær þeim áliggur, en annadhvert þacka sér, edur gjalda honum litlar þackir, nær þeir sloppnir eru úr vandrædunum; þetta er almennara, en vitni þurfi til ad leida, jafnvel hjá þeim, sem hvad best ættu ad vita síns Herra vilja, Lúk. 12, og ødrum ad vera til eptirdæmis, er þó mættu óttast fyrir hinum flestu slogum, nær mælir syndanna er uppsylltur. Til eru þeir sem meina, ad prestarnir hafi umsnúid þessum nín gydíngum, og talid þeim trú þar um, ad Jesús hefdi ei gjort jarteikn þessa af Guds krapti, og því hafi þeir ecki aptur horfid. Alls var ad sonnu ills von af þeim í þá daga, serdeilis þegar Kristur átti hlutinn ad, og var ecki ólíkt því er hann uátti heyra, ad fyrir Belzebub ræki hann út djoflana, Lúk. 11; þad gétur og skéd, ad þeir hafi talad þetta fyrir gydíngum, londum sínum, en ecki hyrdt svo mjog um hinn útlenda mann, þeim hefir þad í engu rúmi legid, þótt hann snéri aptur til hans, er þeir

kölludu Samariskann og hefdi Djöfulinn, Jóh. 8; en gátu þessarar er enginn þörf; hold og blód er nógu bannvænt til ad vekja í oss syndina, og ad letja oss til ad gjöra Gudi þackir fyrir myskun sína, er þó dagliga upprennur yfir oss ránglátum á hverjum morgni. Á medann þessir veiku menn lán undir krossinum, þá voru þeir gódir vinir, og allir í einum flocki, en þegar Drottinn hafdi gefid þeim öllum heilsuna aptur, þá kannadust hinir níu vid þad, ad þeir voru gydíngar, en hinn Samverskur, því ecki vildu þeir verda honum samferda í apturhvarfinu til Frelsarans; þannveg er vort þackläti vid Gud, er hvad mest hefir bodid ad dírka sig med kjærleikanum, myskunseminni og eindrægninni. Þegar skeinkjari Pharaónis hefir nád aptur síns herra gunst, þá gleymir hann Jóseph, því hann var útlendur; þegar skuldaþrjóturinn, sem átti 10000 pund ad gjalda, þegar hann er útgenginn frá húsfödurnum, sem gaf honum upp alla skuldina, þá grípur hann fyrir kverkar sínum verkanaut, er honum var miklu minna skyldugur. Svo gengur þad til fyrir mörgum af oss; hafi Gud upphafid einn vesalíng til heidurs, til ríkdóms, til embættis, þá vill hann ecki kannast vid brædur sína, er skömmu ádur voru hans jafníngjar, og kannské höfdu gjört vel til hans; þegar hinn Almáttugi hefir lagt einhvern undir líma med nockru mótlæti, annadhvert heilsubresti, fémissir, ofbeldi og ofsóknum vondra manna, er hann lídur ad fljúga á suma, sem minni máttar eru, til ad typta einhvern, en látid hann þó rata úr þessu, og sett hann aptur í sinn stad, þá stíngur hann bædi augun út, og vill ecki myskuna honum, sem hann þó sér, ad má lída hid sama, sem hann mátti þola, og Gud hafdi agad hann med, til ad þeckja vanmátt sinn, og Skaparans gjæsku, og þegar hann sér óvin sinn, er hann þykist eiga heiptir ad gjalda, þá segir hann med sjálfum sér: eg skal gjöra honum, svo sem hann mér gjördi; svoddan er hid mesta óþackläti. Voru ecki tíu þeir ed hreinsadir voru, en hvar eru þá hinir níu? segir Endurlausnarinn í gudspjallinu. Betra hefdi þessum óþacklátu mönnum verid, ad sjúkleiki þeirra hefdi fylgt þeim inn til daudans, enn ad þeir yrdu heilbrygdir á líkhamanum, en fyrir vanbrúkun Drottins gjæsku, á sálunni vanheilir. Þeir skildu sig frá þessum útlenda manni í því, ad þeir snéru ecki aptur til síns læknara, og sýndu þar med, ad ei væru þeir af hinni ósýniligu Guds kyrkju, þótt ad þeir væru limir hinnar sýniligu; svo vil eg segja: ad þeir, sem eg hér ad framan hefi talad um, er vilja fráskildir vera Christí limum, og ecki þeckja þá, þeir eru stallbrædur þessarar óþacklátu manna, og ecki limir á hans líkhama, sem er höfud safnadarins, og ecki einasta géck kríng, gjördi gott og græddi alla, heldur og leid fyrir óvini sína, jafnvel þá, er hann sjálfir kvoldu. Vér vorum til forna útlendir, án Guds í heiminum, og fjarlægir Israels borgarrétti, svo sem Pálus ad ordi kémst, Eph. 2; hvert ad þessir níu gydíngar hafi nockurn tíma aptur nád sinni andligri heilbrygdi, þad veit hann einn, sem alleina veit tölu sinna útvaldra barna; en sjáum vér til, útlendínganna synir, ad vér heldur líkjumst þessum útlendíng, heldur enn Abrahams sonum þessum, eptir holdinu, svo ad spádómur Frelsarans mætti rætast á sérhverjum af oss, þar hann sagdi: margir munu koma af austri og vestri, og sitja til bords med Abraham, Isaak og Jakob, en ríkisins synir munu útreknir verda í hin ytstu myrkur, Matth. 8. Vér erum ad sönnu komnir í stadinn gydínga, svo sem ad Drottinn útrak heidíngja fyrir þeim,

vegna synda sinna og stórglæpa, svo hefir hann útrekid þá fyrir oss, sokum hardýdgis þeirra og vantrúar, þeirra eru afbrotnir, en vér innplantadir, svo sem Púlus ad ordi kémst, Róm. 11; en Gud gésti, ad fleiri enn einn Samaritan finnist á medal tíu Ísraels manna, þad er þeirra, sem eiga ad vera, og kalla sig Abrahams syni eptir trúnni. Díógenes spekíngur var eitt sinn adspurdur, hver hlutur ad mest fyrntist á medal mannanna, en hann svaradi: þad væru gódgjordirnar; því má ei neyta, ad hann sagdi satt, daglig reinsla kénnir þad; en hvernig sem þessu er varid á medal vor mannanna innbyrdis, þá ætla eg þó, ad velgjorníngar Drottins, og þacklætid fyrir þá, þau eigi hinn skémsta aldur hjá sumumhverjum, og eg má segja, hjá allmorgum; þar um hygg eg þad satt sé, er hinir spoku segja: ad sumir vanþacki þess meir, sem þeir meira skyldugir eru, sokum þess, ad vér sjáum hver annan, og þar sem oss er eitt sinn gott gjort, þadan væntum vér meira, þá látumst vér þacka monnunum, ecki svo af hjarta sumirhverjir, svo sem til ad orfa þá til, ad halda áfram gódvildinni, þad sést á stundum, nær þeir eru í einhverjum þrautum staddir, sem hvad best hafa til vor gjort; en fodur ljósanna, frá hverjum ad kémur oll gód gjof, og oll fullkomin gjof, Jak. 1, og allt hvad frá monnunum kémur, þad kémur í fyrstunni frá Gudi, honum þacka menn svo lítt, af því vér sjáum hann ecki, en þreifum þó á hans gjæsku, hans velgjorníngum og dásemdum, hvern dag, hvern tíma, og hvert augnablik; og skal þad nú svo úttalad um þad fyrra.

Nú er sídan ad tala um þacklæti útlendíngsins, og hvad vér egum af því ad læra; drottníngin af sudri mun upprísa og fordæma þessa kynslód, sagdi Lausnarinn, Matth. 12, hún var framandi, og þó dádist hún svo ad speki Salómónis, ad Lausnarinn hrósar henni í þessum ordum: en oll Salómónis dýrd var lítil ad reikna hjá þessu kraptaverki Drottins; því má eg þad segja, ad þessi útlendski madur mun géta kénnt morgum atferd þacklætisins vid Gud, fyrir medtekna velgjornínga. Hvernig gjorir hann þad? gudspjallid segir: hann hafi prísad Gud med hárri roddu; lof seg þú ond mín Drottni, og allt hvad í mér er hans h. nafni, segir Davíd, hvar af sjá má, ad hann vill ad allir partar skapnadar vors skuli Gud lofa, á medal hverra ad raustin er ecki hinn minnsti. Alla hluti hefir Gud gjort sér til dírdar, og til vorrar sáluhjálpar; óskandi væri, ad menn brúkudu þá þar eptir. Hvad opt bídur Davíd, ad menn skuli Gudi lof síngja? Móses saung Gudi nýann lofsaung, María systir þeirra Arons gékk út og prísadi Gud med bumbum og hljódfærum, þegar Gud hafdi gjort hina stóru endurlausn sinn fólki af Egyptalandi, Exód. 15; svo er þad en nú hjá oss bædi skipad og venjuligt, ad prísa Gud med sálmum og lofsaungvum, eptir Páls bodi, Cól. 3. Ecki segi eg, ad þessi Samarítan hafi kvedid vid raust, en þetta, ad hann prísadi Gud med hárri roddu, þad minnir mig þar á, ad vér látum lofsaungva vora ecki alleina vera fólgna í hljódunum, heldur þar med í gudrækni hjartans, því hér stendur, ad hann hafi prísad Gud, af hverju audsært er, ad hugur hefir máli fylgt. Ecki verdur Drottinn med því prísadur, ad nálgast hann med vorunum, ecki heldur med raustinni alleina, hversu sem hún fogur er, hann vegur hjartad, sem er hjartnanna og nírnanna rannsakari, gjæti þeir þess, er fara med andligar vísur og sálma, alleina ad gamni sér, brúka þær fyrir olvísur, edur til annars gjálífis, hyggi menn ad, hvert ecki er

í þessu nockur gudlastan; í þetta mun þykja lítid spunnid, því þad er alment, en Gud lætur ecki ad sér hæda, þótt ordin séu gód, þótt dyckturinn fallegur, þótt raustin sé væn, þá eru soddan lessaungvar ecki annad enn nyt fyrir utan kjarna, ský fyrir utan regn, og meir til þess ad styggja Gud, enn ad prísa hann; vilji menn því síngja Gudi lof, edur prísa hann med roddu sinni, þá síngi menn eins og Páll og Sílas í fángelsinu, Act. 16, eins og Guds módir, eins og St. Páll um sig segir, 1 Cor. 14: eg skal síngja med andanum, eg skal og síngja med hugskotinu, þad er, eg skal láta hug máli fylgja, án þessa er raustin ónýt til ad prísa Gud; miklu betur lætur þögn Mósis, er hann hrópadi til Guds, Exód. 14, en ecki getur um, ad nockur hafi séd hans varir bærast; miklu betur þegjandi grátur Önnu módir Samúelis, og miklu betur trú og heimuglig andvarpan hinnar blédfallssjúku í hans eyrum, sem eyrad plantad hefir. Hann féll til fóta Jesú, segir í gudspjallinu: þetta var hid mesta audmýktar merki; ad sönnu plogudu gydíngar ad bidjast fyrir standandi í samkundunni; tollheimtumadurinn stód og badst fyrir, sama gjordi Pharíseinn, því segir og Lausnarinn, Mark. 11: nær þér standid og bidjist fyrir, þá fyrirgéfid, ef þér hafid eitthvad á móti nockrum, svo býdur og Páll, 1 Tím. 2, ad menn skuli upphefja heilagar hendur, þó var þad sidur gydínga, nær þeir sér í lagi vildu audmýkja sig, ad þeir köstudu sér flötum fram fyrir Gud: þanninn gjordi Jósúa, Jos. 7, svo breytti Davíd, og sjálfur Frelsarinn í sinni mestu ángist. Audmýktin gengur undan vegsemdinni, segir Salómon, Ordskv. 15, enginn hlutur er Gudi þægari, enn einn audmjúkur andi; í vorri audmýkt minntist hann á oss, segir Davíd, Ps. 136, já, hann lítur á tal hins audmjúka, og forsmáir ecki hans bæn, segir hann enn aptur, Ps. 101; hversu vel þócknadist Gudi audmýkt Abrahams, er hann sagdist vera dupt og aska, Önnu húsfrú Elkanæ, Gedeonis, er hann sagdist vera hinn minnsti í síns fodurs húsi, Jud. 6; þad stendur fast sem Salómon skrifar: hinum drambláta fylgir nidurdrepid á eptir, og þann sem audmjúkur er í anda, mun vegsemdin upphefja, Ordskv. 29. Og því skyldi manneskjan ecki audmýkja sig fyrir Gudi? einn syndari fyrir hinum heilaga, einn ormur fyrir Konúngi himins og jardar, einn skuldaþrjótur fyrir þeim er dagliga uppgéfur honum svo mörg tíu þúsund punda, hvers gjæska ad er hærri enn himininn, hvers reidi ad brennur allt til nedsta helvítis yfir hinum dramblátu, hver ed voldugum hrindir af stóli, en lítilátum géfur hann nád; og hversu eru menn ecki audmjúkir í annara manna augsýn, jafnvel á stundum fyrir einn bita brauds; o, hvilík lotníng ber þá honum, sem dagliga upplíkur sinni mildu hendi, og sedur allar lifandi sképnur? Gjörandi honum þackir, segir í textanum: þessi framandi madur hafdi ádur sýnt Drottni gudligann heidur, þar hann féll til fóta honum, hvad Gudi alleina tilheyrir, jafnvel þótt sumir veraldar hofdíngjar hafi látid sig svo tigna, einkum Persanna konúngar í fyrndinni, því ecki vildi eingillinn taka slíku af Johanne, er hann sagdi: sjá til ad ei gjörir þú þetta, tilbid þú Gud, Apoc. 19; nú fyrst hann þeckti hans guddómligann krapt og vald, þá offrar hann honum þackargjördinni. Svo sem enginn hlutur meir styggir Gud enn óþacklætid, hvar um ádur er nockud talad, svo er og þacklætid hans kjærasti skattur, og snart ad segja, sá einasti, af monnunum, því ad þessi skylda á ad sýna sig í ollu því, er vér leitumst vid ad gjöra

Gudi til þóknunar. þarfyrir segir Pálus: allt hvad þér gjörid med ordi og verki, þad gjörid í nafni Jesú Christí, og þackid Gudi og födur fyrir hann, Col. 3. Þacklætinu er svo varid, nær þad framkémur af elskunni til Guds, og trúudu hjarta, ad þad ecki einasta géldur Gudi undanfarnar velgjördir, því annad heimtir hann ecki, heldur og býdur ödrum heim af hans myskunar hendi; ecki þrýtur hjá honum, ef oss þrýtur ecki þad sem hann hefir á oss skilid, og syndugum manni er hægast úti ad láta, sem er audmjúkt þacklæti. Et eg nockud kjöt hinna sterku uxanna, edur dreck blód hafranna? segir Gud fyrir Davíds munn, Ps. 50. Offra þú Drottni lofgjördinni, og gjald hinum Hæsta þín heit, og er manneskjan nærsta hyrdulítil um sín egin efni, ad hún ecki skuli leggja allann hug á þetta, þar Gud krefur svo lítils hlutar af henni, í hverju henni ecki einasta eru engin útlát, heldur er þad í sjálfu sér hid mesta yndæli, þeim sem vordinn er einn andi med Gudi, þad er sá fögnudur í H. Anda, sem vér egum ad byrja hér fyrst í Guds nádarríki, en sídan skal fullkomnast í dýrdinni, þegar þad tekur enda sem hálfverkid er, því þad mun í hinni eylífu sælu verda hid mesta eptirlæti Guds barna, ad lofa hann og þacka honum fyrir allar hans dásemdir og velgjörnínga, hverja vér þá fyrst þeckjum, svo sem vér þecktir verdum, en hér ecki nema svo sem fyrir spegil í rádgátu, 1 Cor. 13, nú er þad ecki nóg, ad menn gjöri Gudi þackir med munninum alleina, hjartad á med ad fylgja. Hversu inniligar þackir ad madur þessi hafi gjört Frelsaranum, þad sýna oss ord Drottins, er hann sagdi: þín trúa gjördi þig hólpinn. Og ecki einasta á þacklætid ad frammkoma af hjartanu, þad er létt fyrir þann, sem hugleidir, ad hann er Gudi um sál og líf skyldugur, ad þacka Gudi af alvörn, heldur á og gnægd hjartans ad brjótast út med verkinu í betran lifnadarins, í idkun hinna bestu dygda og mannkosta, og öllu því er vér Gudi þócknanligt vitum vera; þad býdur Pálus, er hann segir: eptir því Kristur er dáinn fyrir alla, þá er þad réttvíst, ad vér ecki framar skulum lifa sjálfum oss, heldur honum sem fyrir oss er dáinn, 2 Cor. 5; en þó á þessi vidurkénníng Guds gjæsku hvad mest ad láta sjá sig í myskunarverkunum vid þá, sem bera Drottins kross. Frelsarinn sá aumur á þessum veiku mönnum, og læknadi þá: gjör slíkt hid sama, vert myskunsamur, svo sem hann var myskunsamur, og nær þú sér þvílíkt eitt lifandi hræ, þá hyxa til þess, og lát sjá þad í gjörníngnum, ad þú vidkannist, ad þú ert í skírninni hreinsadur, af hinni andligu líkþrá syndinni, sem er öllum sjúkdómum skjædari. Minn herra Jesú! eg hefi ecki gledi af nockurs manns hörmúngu, nema þinni; hvar fyrir? þvíad allra manna harmkvæli eru straff syndarinnar, en nær eg sé, ad þeir eru typtadir, en eg em heill og hraustur, þá kémur mér í hug, ad eg hefi hid sama forskuldad, eg, sem ad er hinn mesti á medal syndaranna; en þegar eg álít þínar hörmúngar, Drottinn minn! er þú ecki hafdir forskuldad, en leidst þó saklaus minna vegna, þá stend eg upp med þessum útlending, þá hressist hugur minn, þar eg trúi, ad mínar illgjördir séu þarfyrir kvittar, ad Gud hefir lidid í holdinu, svo gjörir mín trúa mig hólpinn, og þess fullörnggann, ad þinn himneskur Fadir hefir kastad syndum mínum í hafsins djúp, svo þeirra minníng komi ei upp ad eylífu. Þér med honum, ásamt H. Anda, sé veldi og kraptur, dýrd og heidur, um aldir alda, amen.

Fimtánda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 6 Kap.

A þeim tíma, Jesús sagdi til sinna lærisveina: enginn kann tveimur herrum ad þjona, annadhvert hann afrækir þann eina, og elskar hinn annann, eda hann adhillist þann eina, og fyrirlítur hinn annann; eigi gétid þér Gudi þjonad, og Mammona. Þarfyrir segi eg ydur: verid eigi hugsjúkir fyrir ydru lífi, hvad þér skulud eta og drecka, og eigi heldur fyrir ydrum líkhama, hvorju þér skulud klædast; eda er ecki lífid meir enn fædslan, og líkhaminn meir enn klædnadurinn? litid á fugla himins, þeir ed hvorki sá né uppskéra, og ecki heldur safna þeir í kornhlodu, og ydar himneskur fadir hann fædir þá; eda erud þér ecki miklu framar enn þeir? en hvør ydar gétur med sinni áhyggju aukid eirnri alin vid sína leingd? og hvar til erud þér hugsjúkir fyrir klædnadinum? hyggid ad akursins lilju grøsum, hvernin þau vaxa, þau vinna ecki né spinna; en eg segi ydur, þad Salomon í allri sinni dýrd, var eigi svo skríddur sem eitt af þeim, og ef Gud klædir svo grasid þad í dag er á akri, og á morgun verdur í ofn kastad, skyldi hann ecki miklu framar þad sama vid ydur gjøra, o, þér lítiltrúadir? Þarfyrir skulud þér ecki hugsjúkir vera, svo segjandi: hvad eigum vér ad eta, eda hvad eigum vér ad drecka, eda med hvorju eigum vér ad klædast? þvíad eptir þessu øllu leita heidnar þjodir, og ydar himneskur fadir, hann veit ad þér þurfid alls þessa vid. Þarfyrir leitid fyrst Guds ríkis, og svo hans réttlætis, og mun ydur allt þetta tilleggjast. Fyrir því skulid þér ecki áhyggju bera fyrir morgundeginum, þvíad morgundagurinn mun fyrir sjálfum ser umhyggju bera; hvorjum degi nægir sín þjáníng.

E x o r d í u m.

Þótt ad hugur vor sé hin dásamligasta sképna Guds undir sólunni, þá gétur honum ecki tvískipt vordid, til ad rækja há hluti, sem gagnstædir eru hver ødrum, svo er hann kreinktur af spillingu þeirri, sem vér eptir Adam erfdum; en ádur enn vondskan innkom í heiminn, þá var eckert Gudi mótstædiligt, allar sképnur hlíddu honum, þad var allt harla gott, er hann skóp, illskan ein er honum óhlídin, og þeir hlutir, sem af henni framkoma, hverra høfundur ad Djøfullinn er, og hans þénari hinn gudlausi heimur þessi; medal Guds og hans er eylífur fjandskapur stadfestur, sídann hann var út úr himninum rekinn, svo er og heimurinn, því segir Jakob, 4 kap: hann, sem er heimsins vinur, hann gjørist Guds óvinur; hægra er vatni og vidsmjøri saman ad blanda, enn þessa ad sorlíka, svo ad hverugs þénarar géta annars verid; þad vill Frelsarinn kénna oss í upplesnu gudspjalli, er hann segir: ad enginn kunni tveim herrum ad þjóna, og ad vér gétum ecki undir eins þjónad Gudi, og Mammóna. Þetta ord Mammóna, þýdir ábata, eptir sumra vísinda manna útleggíngu, en allskonar nægtir og fullsælu fjár, eptir sumra; hún er ad sønnu stór Guds gáfa, nær hún er af honum þeg-

in, og ecki af Fjandanum edur ad hans rádum úwegud, brúkud edur medfarin, því segir Frelsarinn ecki: þér kunnid eigi Gudi ad þjóna, og þó leita næríngar ydar í sveita ydar audlitis, edur taka vid því, er Gud vill láta ydur í skaut falla; ecki heldur segir hann: þér kunnid ecki Gudi ad þjóna, og ríkir ad vera; margur Abraham, Isaak, Jakob og Jóseph, ecki einasta hann sem var forvista Egyptalands í tíd Pharaónis, heldur og hinn af Arimathía, er Drottinn gróf, þeir hefdu verid útreknir úr þénustu hins stóra konúngs himins og jardar, ef svo væri; heldur sökum þess, ad audurinn er Gud veraldar þessarar, og hennar börn leita hans framar enn Guds ríkis og hans réttlætis, þá vill Frelsarinn kénnt hafa í prédikun þessari, ad ómøguligt sé bádum ad þjóna, og þad ord er hér í textanum stendur, ad þjóna, þad merkir ad vera ánaudugur þræll einhvers. Nú þarf einga adra røksemd til þess ad sýna, ad þessu tvennu sé ómøgulegt saman ad koma, heldur enn Drottins eginn ord, þvíad í hans munni eru aldrei svik fundin. En eg vil út af gudspjallinu tvennt hugleida, sem er: 1) hversu gott þad sé Gudi ad þjóna; 2) hvílík plága þad sé, ad vera Mammons þræll. Þú alleina ríki gódi Gud! stjórna þú hjørtum vorum, þér til þjónustu hér í tímanum, svo vér meigum þér eylífliga þjóna, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Hversu gott sé Gudi ad þjóna, þad kann eingin nógliga ad skynja, nema sá, sem af alvøru er Guds þénari. Allir menn képpast vid ad ná þénustu hjá tignum mønnum, því þad þykir heidarligt; sælir eru menn þínir, og þénarar þínir, er standa ydugliga frammi fyrir þér, og heyra speki þína, sagdi drottníngin af Saba vid konúnginn Salómon, 1 Kóng. 10; en sjá, hér er meiri enn Salómon, því, ef ad Drottinn segir hér í gudspjallinu, ad Salómon í allri sinni dýrd, hafi ecki svo skrýddur verid, svo sem eitt af akursins liljugrøsum, hversu lángt var hann þá frá því, ad koma í nockurn samjøfnud vid Himnanna Konúng, hann sem þá hefir útþanid, og prýdt med hinum fogru ljósum og dægiliga himinsins her, sem vér augum lítum; og er þad þó svo sem myrkur ad reikna hjá sjálfri hans dírd, sem uppljómar hina fogru Jerúsalem Guds barna borg, sem er þar uppi, hverrar sól og túngl hann sjálfur er, og sjálfur býr í því ljósi, sem enginn fær tilkomist; hann sem loptid hefir útbreidt, og skapad alla fuglana þar inni, forsorgar þá, vidheldur þeim, gefur þeim sína fædu í hentugann tíma, svo ad Lausnarinn segir hér í gudspjallinu: ad ecki einn af þeim falli á jørdu án síns fødurs vilja; hann hefir sjóinn gjørt og alla fiskana þar inni, smáa og stóra, og innilykur hann í sínum hnefa, segjandi til hafsins: híngad skalltu komast, og hér skulu þínar stoltu bylgjur leggja sig, Job. 38; hann ed sjálfur hefir tilbúid akursins liljugros, prýdt jørdina med skógum, dýrum, fjøllum, hálsum, dølum, og árliga framleidir af henni allrahanda ávøxt og aldini, hinum lifandi sképnunum, og þó allra helst manninum til nota og uppheldis; og allra sídarst skóp hann hid vegligasta og dásamligasta dýr undir sólunni, eptir sinni egin mynd, sem er madurinn, já, endurskóp hann í synd og dauda fallinn, og tók hann í sátt aptur, endurleysti hann, ecki med gulli og sylfri, heldur med síns eingétins Sonar díra blódi, 1 Pet. 1, helgadi hann óhreinann, af óhreinum kominn, endurnýar alla þá, sem sinn skírnarsáttmála ecki vísvitandi undir fótum troda, fyrirgéfur oss dagliga margar syndir, því dagliga syndgumst vér, og vinnum ecki nema til hegníngar; hverjum er oss sæmra, hverjum skyldugra og vegsamligra ad

þjóna, enn honum, í hvers hendi að er öll lifandi sál? hver að er vor styrkleiki, vor prís, og er vordinn oss til hjálprædis, Esa. 12. En svo sem það er ágjætt og veglígt, að þjóna Konúngi Dýrdarinnar, svo er það ecki sídur gagnsamligt. Það er oss öllum kunnugt, hversu mikil umsvif að dauðligir menn hafa fyrir þessa fallvalta lífs næríngu, sem þó lítils við þarf í sjálfu sér, og þrítur nær allra minst vonum varir, og þó eru sumir menn ecki ánægdir, fyrr enn þeir hafa kornhlodur sínar fullar, svo þeir géti sagt med hinum ríka mauraþegn, Lúk. 12: et og dreck sála mín, þvíad þú hefir til margra ára samansafnad. En hvad segir Frelsarinn hér í gudspjallinu? verid eigi hugsjúkir fyrir ydru lífi, hvad þér skulud eta og drecka, og eigi heldur fyrir ydrum líkhama, hverju þér skulud klædast, med ödrum fleiri ordum, sem þar á eptirfylgja, og eru full af guddómligri speki. Med miklu snarrædi hefi eg þá aflokid allri áhyggju minni, sem kvelur hinn vantrúada og ágjarna, þegar eg hefi kastad henni uppá hann, sem á öll dýrin á mörkinni, Ps. 50, og allt silfur og gull er hans; mun hugsýki mín draga mig leingra á leid, enn hans fyrirhyggja? og fyrst um máttinn er ecki ad efast, þá kann eg ecki viljann ad ugga. Nóg er þad, ad Drottinn segir, hér í gudspjallinu: ydar himneskur fadir veit, ad þér hafid alls þessa þörf. Ef Gud er minn Fadir, mun hann þá ecki forsorga mig? ef eg, sem vondur er, kann ad géfa barni mínu gódar gáfur, mun þá minn himneski Fadir géfa mér stein fyrir braud, edur höggorm fyrir fisk? en þótt hann á stundum láti mig vanta þessa lífs næríngu, eptir sínum þægiligum vilja, mun hann þarfyrir hafa gleimt myskunsamur ad vera? mun hann samt ecki vera minn Fadir? eg kalla þad ecki gódann födur, og ecki forsjálann, sem ad elur barn sitt svo kappsamliga, ad hann undir eins elur upp í því matvendni og annann ósóma, má eg þá kunna Gud fyrir þad, ad hann neitar mér um þær nægtir, er mig skadar; nóg er þad, ad eg veit ad hann er minn fadir, trúr er hann, og freistar einkis yfir megn fram. Þegar mér allt ad óskum geingur, þá finn eg kannské valla til þess, ad hann er minn Fadir; eg kynni ad gjörast lausláltur þegar eg er fullur og feitur eins og Israel, Devt. 32, af því veit eg, ad eg ecki er hjábarn, ad hann typtar mig, af því sé eg ad hann elskar mig, Heb. 12; í allri þeirra ángist, þá ángradi hann þá ecki, heldur verndadi þá engill hans andlitis, og forsvaradi þá med mildi sinni, segir Esaías 64 kap.; hver er sá auglitisins engillinn, minn herra Jesú! nema þú Christi? þú byrtist án afláts fyrir augliti vors Födur á himnum, svo sem einn eylífur kénnimadur, þú ert mynd hins ósýniliga Guds, Col. 1, þú ert í Födursins skauti. Jóh. 1, þín medalgánga verkar þad, Drottinn minn! ad jafnvel í hinni mestu ángist, finna börn Födur þíns til einkis ángurs, þvíad þinn vöndur og þinn stafur hugga oss, Ps. 23, vitnisburdur þíns Anda telur oss trú þar um, ad vér Guds börn séum, Róm. 8, þar fyrir reiknum vér ecki mótlætíngar þessara tíma verdar þeirrar dýrdar, sem vid oss framkoma mun í eylífu lífi, og hér af kémur þad, ad svo vegligt og svo þarfligt sem þad er Gudi ad þjóna, svo er þad og yndælt og ununsamligt. Hvad er þad sem menn allra mest sækja eptir í heiminum? þad er ad vera ánægdur, og una vel hag sínum, en þar er valla nockur sá, er nái þeirri fullsælu af veraldar munum, edur munudum, ad honum þyki sig eckert vanta. Davíd kénnir oss eitt ádra og betra ráð, er hann segir: haf þína unadsemd í Drottni, og mun hann géfa þér þad

sem þitt hjarta gyrnist, Ps. 37. Satt er það, að vegna þeirra nákvæmu teingda, sem eru á millum sálar og líkhama, þá hryggist hún eður gleðst af því, sem honum gott eður íllt til fellur, en þó eru þau ecki svo mjög skyld, að ei sé Guð henni skyldari; ecki er hún af sama efni gjörð og líkhaminn, sem af moldu var skapaður, Guð blés lifandi anda í mannsins nasir, segir ritníngin, Gén. 2, hún er af engu sköpt eins og englarnir, hverjir í Jobs bók, 1 kap., kallast Guðs synir; svo kallar og Lúkas Adam föður vorn, Lúk. 3, og Páls segir, vér séum hans kyns, það er líkrar veru, en þó ecki hinnar sömu; Guð er einn andi, segir Jóhannes, andi hefir ei hold né bein, eins og þér sjáið mig hafa, segir Frelsarinn; hér af kémur það, að þótt Adam yfirgæfi sinn uppruna, þá hefir hinn allra hæsti svo bætt ráð vort aptur fyrir hinn annann Adam, sem er Guð af himnum, að hvað elskar sér líkt, svo þegar einn er vorðinn einn andi með Guði, og ummyndaður eptir hans mynd, er skapaði hann, þá fær sálin krapt af hæðum, sem er henni miklu skyldari, og sterkari þeirri elsku sem hún hefir á líkhamanum, svo að hún reiknar alla hluti þreck að vera hjá Jesú Christó sínum Drottni, eins og Páls, hún hrósar sér af engu, nema af hans krossi, fyrir hvern henni er heimurinn krossfestur og hún heiminum, Gal. 6. Svo yndælt er það nú Guði að þjóna, að það er unnunarsamligt, jafnvel í hörmúngunum; Páls talar þannig um hinn sanna kristindóm, 1 Tim. 4: að guðhræðslan sé til allra hluta nytsamlig, hafandi fyrirheit bæði þessa lífs, og hins komanda. Þessi er hin rétta Guðs þjónusta; en hvað þá? ecki hefir Guð í nya testamentinu heitið sínum þjónustumönnum svo mikilli veraldar farsæld, jafnvel þótt hann veiti þeim hana á stundum; hvar í er þá fyrirheitið innifalið? í því að hann gefur þeim sjálfan sig, sem er öllu æðra, sá sem hann á, hann hefir eignast allt, og sá sem ecki hefir hlutdeild í honum, hann hefir minna enn ecki, hann vantar jafnvel það hann hefir, því Guðs ríki er ecki matur né dryckur, heldur friður og fögnuður í H. Anda, þar fyrir segir Páls enn aptur, 1 Tim. 6: að guðhræðslan sé mikill ábati með því skapi, sem lætur sér sína lucku nægja. Nú er það ecki einasta vegsamligt, þarfligt og yndælt Guði að þjóna, heldur og er það einsætt og ómissandi, svo að án þess kunna menn ecki Guðs börn að heita, né sáluhjálpina að erfa, og sjá þá allir þeir sem trúa því, að himnaríki og helvíti sé til, þeir sjá hvað miklu að tapað er, ef menn skjótast úr Guðs þjónustu; bölvaður veri sá sem ecki elskar Drottinn vorn Jesúm Christum, segir Páls, 1 Cor. 16; en að elska hann, og að þjóna honum, það er allt hið sama, honum verður aldrei þjónað fyrir utan elsku, og aldrei verður hann elskaður fyrir utan þjónustu, því í þjónustunni skulu menn sýna elskuna, og af elskunni þjónustuna; þess vegna spurði Drottinn St. Petur að, áður enn hann bauð honum að fæða lömb sín og sauði sína, hvert hann elskaði sig, Jóh. 21; sama er að segja um hvern einn, hvaða starf sem hann á hendi hefir af Guðs álfu; en allir hafa nóg; enginn er sá, að ecki hafi sitt pund af Guði, eins vel bóndinn á akrinum, svo sem presturinn í kyrkjunni, eður dómarinn í sínu sæti, og allir þessir eru honum eins kjærir, nær þeir gjöra verk sinnar kallanar trúligá í ótta Drottins, því sjálfur hefir hann þeim verkið í hendur fengið; á ecki smiðurinn leirsins vald, má hann ecki gjöra þar af hvað hann vill? Róm. 9; því er einsætt að þjóna honum af allri trú, eptir því sem hann hefir sérhverjum umboðið, annars

erum vér ecki hans réttir þjónustumenn; einn strídsþegn á ecki þar ad standa í fylkíngunni, er hann sjálfur vill, heldur þar sem hofdínginn baud honum; eg em madur yfirvaldinu undirgéfinn, hafandi undir mér strídsfólk, sagdi hundrads hofdínginn í Kapernaum vid Frelsarann, Lúk. 7, og nær eg segi þessum, kom þú, þá kémur hann, og hinum, far þú, og hann fer, og þræli mínum gjör þetta, og hann gjörir þad; eins á þad ad vera í Christí herfor hér á jördunni, þar skal hver sitja, sem hann hefir hann settann, þar inni skal hann Gudi þjóna, ef hann vill þócknast honum sem valdi hann til bardagans, 2 Tim. 2, því ecki er þad nóg, ad leggja hondina á plóginn, en líta aptur til þess sem til baka er, sá þad gjörir, hann er ei hæfur til Guds ríkis, segir Lausnarinn. Segid mér, til hvers hefir Gud manninn skapad, nema til þess, ad hann skuli þjóna sér? allir hlutir adrir eru mannsins vegna skapadir, því alla þá hefir hann lagt undir hans fætur, Ps. 8, en madurinn er Guds vegna gjördur, ecki þess vegna, ad hann þyrfti hans med, heldur ad hann skyldi þjóna sér, til ad lifa þar af eilífliga; hverjum er oss skyldara ad þjóna, enn honum sem oss skapadi? hefir Mammon nockurn skapad? vesæll er hann til þess, vanskapad gétur hann suma menn, en engann hefir hann skapad né endurskapad. Kalla menn þad ecki gudlaust ræktarleysi, ef börnin ei vilja ljást foreldrunum til þjónustu? og hvad skulum vér þá um hann tala, sem er Fadir yfir allt þad sem börn kallast bædi á himni og jördu? til hvers hefir Guds Sonur endurleyst oss? segir ecki Lutherus oss þad í frædunum? til ad þjóna honum í réttlæti og heilagleika alla vora lífdaga; til hvers hefir Andi Drottins kallad oss, helgad og upplýst med sínum ástgjöfum? mun ecki til þess, ad vér gaungum verdugliga þeirri köllun, hvar inni vér kalladir erum? Eph. 4; því álykta eg svo, ad sá sem ecki vill Gudi þjóna, hann er ecki hans barn, ecki Christí lærisveinn, og ecki limur Guds kyrkju; hvad er hann þá? Djöfulsins barn, þræll syndarinnar, og helvítis eldibrandur; nú er þetta svo sagt um þad fyrra, er eg hét um ad tala.

Hvad hinu sídara vidvíkur, þá hefi eg til forna í inngánginum sagt, hver ad sé meining Frelsarans í þessum ordum, þó vil eg því hér vidauka um sama efni, ad þar Drottinn segir: enginn kann tveimur herrum ad þjóna, þá meinar hann tvo, þá sem eru hver ödrum gagnstædir; þjóna kunna menn foreldrunum, yfirvaldinu, og náúnganum, í öllu því sem Gud hefir bodid, og þó undir eins Gudi; hvar fyrir? þvíad svoddan þjónusta og Guds þjónusta eru eitt? sá sem þjónar þeim sem af konúnginum sendir eru, hann þjónar konúnginum; sá sem konúnginum þjónar í því sem Gud bodid hefir, hann þjónar Gudi. Eins er á hina sídunu, sá sem þjónar Mammóna, hann þjónar heiminum, sá sem þjónar heiminum, hann þjónar syndinni, hver ed syndinni þjónar, hann er þræll syndarinnar, en hann sem er þræll syndarinnar, hann er undir eins þræll Andskotans, og er þessu ómöguligt saman ad koma, þetta vottar Páls, er hann segir, Róm. 6: vitid þér ecki, ad hverjum þér gjörist þjónustubundnir, til hlýdnis, hans þénarar erud þér, hvert heldur syndarinnar til daudans, edur hlýdninnar til réttlætisins. Og þetta ord, herra, merkir hér svoddan yfirrád, nær einn selur sig einum svo aldeilis á vald, ad hann á ad mestu hans öll rád; vel kann eg ad þjóna einum, þótt ecki sé hann minn herra, svo hefir og Gud aldrei bannad, ad þjóna ad gáfum sínum, heldur leyft ad brúka heiminn, en ecki

ad vanbrúka hann, ecki bannad ad eignast audinn, heldur ad festa hjartad vid hann, því sá þad gjörir, hann er réttur mammonsþræll, hans herra er ábatinn og audurinn, því alla hluti vill hann til hans vinna, og jafnvel ad tapa sálu sinni, sem mørg munu dæmi géfast, og er þá engin þjónusta argari; hún er sérdeilis med tvennu móti: fyrst, nær madur safnar audnum med hverju móti, sem hann kann, hyrdandi eckert um, hvert þad er rétt edur rángt, edur hversu þrælsligt edur óhreinligt þad er, þetta er skaplöstur sá, er vér ágyrni køllum; Páls segir um hana, ad hún sé afgudadýrkun, Eph. 5, þad er hverju ordi sannara, því hinn ágjarni hefir ecki annann Gud enn Mammóna, hann svífist ecki ad rýja Guds volada sandi, til ad fylla púng sinn, ecki ad sverja vid hans nafn, og þó rángliga á stundum, ef hann getur ábatast um eitt álnarvirdi; ecki þyrmir hann kyrkjum né kénnimønnum, konúnginn svíkur hann gjarnann, ef hann má, sem er ein høfudskømm, og í einu ordi ad seigja: hann tredur øll Guds bodord undir fætur sér; hvad vantar þá til skúrgodadýrkunarinnar? betra er af illu ad tilbidja líkneskjuna, enn ad vera svo seldur Mammóna í þrældóm, því margur sá sem einn afgud hefir, hann ætlar þó, ad hann muni hegna vondra verka, en launa hin gódu, og svo hafa flestir heidíngjar meint, en ágyrndin hefir engann Gud, og er þá ei von á verra. Þú segir: eg vil dýrka Gud, heyra hans ord, síngja honum lof; eg geng til hans bords, trúi á hann, ydrast synda minna, verda má, ad svo sé; en ef þú dírkar Gud, þá lát mig sjá ad þú gjørir þad ei, sem hann bannad hefir, edur verdur hann nockud dýrkadur med ráni og stuldi, med svikum og prettum, med lygum og meinsæri; ef hann er þinn Gud, ef hann er þinn Fadir, hvar er þá hans heidur? þú seigist heyra hans ord, hvar eru þá ávextirnir? eru þeir þad sem strax var upptalid? sjá til, ad þú ecki heyrir þad til dóms áfellis þér, þú heyrir þad, svo er þetta. Sádmadurinn géck út ad sá, en þad hann sádi, féll á medal þyrna, þar sem þú áttir hlutinn ad, og þyrnin uxu upp, og kjæfdu þad; hvad þad sé, máttu læra af útleggíngu Frelsarans, er hann segir, Matth. 13: þad sem sád var medal þyrna, er sá ed ordid heyrir, og umsorgun þessarar aldar, og villa audsins kéfur ordid, og hann verdur ávaxtarlaus; þú lofar Gud ad sønnu med vørunum, en hjartad er lángt þar frá, þad er út á búgardi þínum, og hjá aknautum þínum; þú gengur til Guds bords, en tekur þó med þér gésti þá, sem hann ecki má lída; sjá til ad ecki etir þú og dreckir þér dóm; þú trúir á Gud, sýn mér trú þína af verkunum, segir Jakob; þú ydrast syndanna, lát þá af illu, og lær gott ad gjøra, Es. 1, annars meina eg þú viljir undir eins þjóna Gudi og Mammóna, og er þín Guds þjónusta þá engu betri enn Gydínga forðum, þeir ed færdu Gudi fórnir í Jerúsalems musteri, en offrudu þó á hædunum, og í øllu þessu launar Mammon þénurum sínum illa, hann sedur þá med harmabraudi. Páll segir, ad ágyrndin sé rót alls ills, 1 Tim. 6, fyrst er hún rót lastanna, svo sem ádur er sagt; Gud forsmáir hún, hans nafn skyrrist hún ecki vid ad misbrúka vegna ábatans, hvíldardaga Drottins hefir hún til ávinníngs, þá gengur hennar plógur hvad kappsamligast, svo ad hún jafnvel kénnur þá ødrum til ad syndga, foreldrum, børnum og náfrændum þyrmir hún ecki. Margur hefir veigid mann til fjár, ecki ætla eg ad sumir menn séu vandir ad hlut sínum í skírlífinu, þegar féd er í bodi. Um sjounda bodordid vil eg ei tala, hun á þar heima, og hvad er

tídara, enn ad ljúga vegna ábatans, og gjøra sig falann til ad bera ljúgvitni; en ecki einasta fremur hún þetta móti Gudi og náúnganum, heldur kvelur hún sinn eginn þræl, svó þad má um hana segja, sem Davíd segir um hinn ógudliga, á medal hverra fépúkinn er hinn mesti, ad hans plágur séu margar. Helvíti og glötunin verda aldrei fyld, segir Salómon, Ordskv. 27, svo eru og augu hins ágjarna, þess meira hann drekkur, þess meira þyrstir hann; eins og hinar mögru Pharaónis kýr, svo er hinn ágjarni, þegar þær höfdu uppetid hinar feitu, þá sást þad ecki, ad þær hefdu komid í maga þeirra, segir ritníngin, Gén. 41, rétt eins og Ovidíus skáld kvedur um Erisichthónem gudníding, ad þess meira sem hann át, þess meira svalt hann, fyllin vard hönum orsök til æ meira húngurs, svo þegar hann hafdi selt aleigu sína fyrir mat, þá seldi hann dóttur sína, og sídarst allrá tók hann ad naga sína egin limu; svo er og hinum ágjarna varid, þad hann fær, þad fyllir hann ecki, hann er eins soltinn eptir sem ádur, ecki sparar hann vini né frændur, og þegar hann nær engu, þá etur hann sitt egid hjarta, af því, ad hann gétur ei uppetid hús eckna og födurlausra. Mörgum af þessum mammonspúkum lídur Drottinn ad fylla kornhlödur sínar, og adrar hyrdslur med auranægt, en þess vita menn og nockur dæmi, ad þess meira þeir nídur sá í ránglæti nu, þess minna uppskera þeir, nema í skadseminni, svo ad hyrdslur þeirra eru eins og óþétt lagarfat, sem ecki heldur því, sem í þad er látid; þess gétur Salómon, Ordskv. 11, er hann segir: einn útbýtir sínu egin, og verdur ríkari, annar innihéldur þar sem ecki skal, og er jafnann fátækur; þetta er rétt ad eta, og verda þó ecki mettur, og ad drecka, og verda þó ecki druckinn. Hin önnur þjónusta Mammons er sú, ad liggja of fast á því, sem einn á, eins og Móab á dreggjum sínum, jafnvel þótt velfengid vera kunni; ad sönnu eru þetta adgreindir lestir ad nockru leiti, en þó nærsta skyldir hver ödrum. Til eru þeir ad vísu, sem taka allt frá öllum, sem þeir ná, en láta þó eckert af hendi rakna vid nockurn, þeim er hvad verst varid, og optliga plagar slíkt ad haldast í hendur; hins eru og dæmi, ad sumir menn eru ecki mjög ásælnir, en vilja þó eckert útiláta, þessa kalla menn nídska, og er hann ad sönnu illskárri enn hinn, en þó samt mammonsþræll, ecki munar þá nema í því, ad þegar Mammon skipar, þá fer hinn ágjarni, en nídíngurinn hefir ecki svo mikid vald yfir hönum, ad hann géti rekid hann úr stad, jafnvel þótt hann eigi öll hans rád; þá lætur hann svo dátt ad hönum, svo sem módir ad einka syni, og vill ecki gjöra hönum ómak; líkir eru þeir Saduceis, er ecki vildu gjöra á annars hlut, ecki vildu þeir heldur neinum gott gjöra; þeir eru brædur Nabals, er ei vildi géfa Davíd mat, þegar hann mælti til þess í naudsýn sinni, og hafdi þó til matar unnid, 1 Sam. 25; já, þeir eru argari enn Nabal, því hann tímdi ad láta eptir sér og hyski sínu, en þessum er svo audurinn sár, ad þeir neita sínum eginn líkhama um naudsýnliga hluti; ecki hafa þeir lesid þad er Salómon skrifar, Ordskv. 3: hinn réttláti etur svo mikid sem hann vidþarf, en maga hins ófróma vantar altíd; og enn sídur þad hann ritad hefir í Prédikunar bókarinnar 6 kap: þar er ein ólucka er eg sá undir sólunni, og hún hin mesta yfir mönnunum: einn madur sá ed Gud géfur ríkdóm og audæfi, og heidur, hvers hjarta ad eckert vantar, og Gud géfur hönum þó ecki magt til ad neyta þess hins sama; svoddan ópocka sjálfs síns eru þó nockrir, svo lángt er frá því, ad þeir klædi edur

metti bródur edur systur, nær þeir sjá þau nakin edur húngrud, og er þetta hinn mesti þrældómur, þad er rétt kollud afgudadýrkun; þad sem kristnir menn ættu ad gjora Gudi til þjónustu, sem er ad þvínga líkama sinn og gjora hann ad þræl, þad sama gjora þeir vid Mammóna, segid mér: er hann þá ecki þeirra gud? Veri þeir nú saman, sem lesa þetta, hverjum betra sé ad þjóna, Gudi edur ábatanum; hvernig ad Gud ali enn fyrir sínum þénurum, þad er ádur sagt í hinum fyrra partinum, en hvernig Mammon fari med sína, þad hefi eg í hinu sídara talad um med fám ordum; því vil eg segja vid ydur, Christí born! hid sama og Jósúa sagdi vid Jsrael skommu fyrir andlát sitt, Jós. 24: segid, hvert þér viljid þjóna Jehóvæ Gudi ydar, edur ei; en þeir svorudu allir: vér viljum þjóna Drottni Gudi vorum; Drottinn minn og Gud minn! géf þú oss þad sinni, ad þad, sem þeir játudu med munninum, megum vér med hjarta, ordi og verkum uppfylla allt til enda vors lífs, svo vér megum úr bitum bera kórónu lífsins, hverja þú Konúngur nádarinnar géfa munt ollum þeim, sem elska tilkomu þíns Sonar; bænheyr þad fyrir hans skuld og forþénustu, amen!

Sextánda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Lúk. 7 Kap.

Í þann tíma, og þad skédi svo, eptir þad ad Jesús géck til þeirrar borgar, sem kallast Naín, og hans lærisveinar gengu margir med honum, og mikill fjoldi annars folks; þá er hann tok ad nálægjast borgarhlidid, sjá þú! þad framlidinn madur var borinn ut, einka sonur sinnar modur, og hun var eckja, og mikill fjoldi borgarmanna géck ut med henni. En þá ed Drottinn leit hana, hrærdist hann mysktunar yfir henni, og sagdi til hennar: grát þú eigi; og hann géck þar ad og áhrærdi kistuna; en þeir, sem báru, stodu vid; og hann sagdi: þú ungmenni! eg segi þér, rís þú upp! og sá settist upp, sem framlidinn var, og tok til ad mæla; og hann gaf hann aptur sinni modur. En allir urdu otta slegnir, lofudu Gud og sogdu: spámadur mikill er á medal vor upprisinn, og Gud hefir vitjad síns folks; og þessi saga barst ut af honum um allt Gydínga land, og um oll kríngum liggjandi hérod.

E x o r d í u m.

Skommu ádur enn Drottinn gjordi þetta mikla kraptaverk, sem þessa dags evangélíum hermir oss, þá flutti hann þá ágjætu prédikun fyrir lýdnum, sem ritud stendur í næst fyrirfarandi kapítula, Lúk. 6, hver og er af Mattheó upptekinn í hans gudspjalla 5 kapítula; í henni standa, medal annara, þessi ord: sælir eru þeir sem harma, því þeir munu hlæja; Mattheus segir oss þad á þenna hátt: þeir skulu huggadir verda, sem er allt hid sama, því

þar heyrir engin sorg til ad gjøra sig gladan, segir ordtækid, og enginn hlær, nema hønum sé gladt í hug, og gladur er enginn, nema hann huggadur sé. Þad er addáanligt ad hugleida, hvernig Frelsarinn á døgum holdsvistar sinnar hefir vísliga hagad síns embættis útréttíngum; margt þad, sem ad í greindri prédikun stendur, þad er gagnstædt holdi og blódi, hvørju ad øll typtan þyk.. sorg og engin gledi ad vera, medan hún áliggur, segir Páluſ, Hebr. 12, og gjætir ecki þess, ad eptir á géfur hún fridsamligan ávøxt réttlætisins; en til þess, ad hinn gódi Meistari færdi sønnur á mál sitt, þá gjørir hann sér ferd úr Kapernaum til borgarinnar Naín, til ad styrkja med þessari jarteikn, hvad hann ádur talad hafdi. Enginn skal meina ad þetta hafi skéd af hendíngu, ad Drottinn mætti þessari líkfør, heldur fyrir því hann vissi alla hluti, þá hefir sá án efa verid tilgángurinn, sem nú hefi eg ádur sagt, og þar ad auki ad géfa øllum sorgbitnum eckjum og munadarlausum eitt æfinligt huggunarinnar dæmi, og fullrar vonar og trúnadartrausts um sína hjartgróna mylkunsemi yfir þeim, ad hann vilji vera fadir fødurlausra, og forsvar ecknanna, Devt. 10, Ps. 68. Og fyrir því, ad þetta heilaga gudspjall er nærsta glediligt ad hugleida fyrir alla þá, sem þreya eptir ástvini sína, sem þeim í lífinu hafa til gledi og adstodar verid, þá vil eg af því tvennt yfirvega: 1) hvad eckjurnar eigi ad hugga sig vid í sínum einstædíngskap; 2) hvad þeim eigi til huggunar ad verda, er missa børn sín, jafnvel á únga aldri. En þú, sem ert Fadir yfir allt þad, sem børn kallast, bædi á himni og jørdu, styrk þú mál mitt, og tilbú svo hjørtu barna þinna, ad þetta þitt eyrindi megi vel takast, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Hér stendur í gudspjallinu um módur þessa úngmennis, ad hún hafi eckja verid; þad stand hefir jafnan haldid verid aumt og óskémtiligt, sem og ad líkindum lætur; David veit varla annad líkara ad óska, hvert heldur sínum edur Guds óvin, enn ad børn hans skuli verda munadarlaus og hans kvinna eckja, Ps. 109; vondir ómagar eru fødurlausir, og mædur vorar svo sem eckjur, segir Jeremías í harmagrátnum, 1 og 5 kap. Nú er þad víst, ad slíkt er reidi teikn Drottins á stundum og straff syndanna, eins og hvert annad mótlæti, en hvergi nærri alltíd, því varla er nockurt stand í heilagri ritníngu umgétid, sem hinn Almáttugi vill heldur taka í forsvar, enn eckju-dóminn, því fyrir utan þad, ad hann vill sjálfur vera þeirra forsvar og fæda þær, þá hefir hann sérílagi géfid þeim verndar bréf í sínu h. løgmáli á þenna hátt: engri eckju edur ómyndugum skaltu þjáníng gjøra, ef þú sýnir hønum þjáníng nockra, (því, ef hann ad eins kallar til mín, þá vil eg bænheyra hann), þá skal mín reidi brenna og eg skal slá ydur í hel med sverdi, svo skulu ydar konur eckjur verda, og ydar børn fødurlaus, Exód. 22; og enn segir hann: eckjunni og ómyndugum skaltu engan skada gjøra; hefir hann ecki skickad þeim sinn hlut af tíundum? Devt. 14; býdur hann ecki ad kalla þær framar ødrum til almenniligrar máldryckju fyrir Drottni? 16 kap; já, hann hefir sérílagi umbodid valdstéttinni, ad þeir skuli dæma mál hins únga manns og forsvara eckjunna, Esa. 1, jafnvel þótt eg ætli, ad varla sé nockru Guds bodordi midur hlýdt enn þessu af sumum mønnum. Óskandi væri, ad ei fyndust þeir, ed sjálfir hafa eckjurnar fyrir fé og gjøra þær sér ad ráni, svo sem Esaías ad ordi kémst, 10 kap., hefnast á þeim og þeirra munadarlausum børnum, ef þeir þóttust eiga fødur þeirra nockrar heiptir ad gjalda, en fengu ecki stolid hefndinni frá Gudi á medan hann lifdi; soddan er hin mesta lødurmennska, sem einn hugprúdur Tyrki ei vildi verda fundinn ad, og þó skammast ecki sumir kristnir menn sín, ad æfa þetta blygdunar laust; svo hoppa

þessir mýslíngar á einu daudu leóni, sem þeir þó ecki þordu ad geispa á móti, á medan þad hafdi munninn opinn; lítid muna þeir til hinnar skélfiligu bölvunar, er Drottinn leggur yfir þá, sem umhverfa rétti eckjunnar, Devt. 27, edur hins, ad ritníngin telur þad med hinum helztu orsökum hinnar Babýlonisku herleidíngar, ad þeir dæmdu ei málefni eckjunnar, Jer. 22. Nú vil eg sleppa þessu, en hverfa aptur til hins, er eg skildist vid; þessi kvinna var eckja; líkligt er, ad madur hennar hafi burtkallast á sínum bezta aldri, hvad þar af ráda má, ad hann hafdi henni eptirlátid einn einasta son, sem ad enn þá var úngmenni; þetta var stór sorg, hverja hún gat ecki dulid, því sagdi Frelsarinn vid hana: grát þú ecki; og þetta mótlæti hennar var svo mikid, ad bæjarmenn sampíndust henni, því segir í textanum, ad mikill fjöldi þeirra hafi gengid út med henni. Lærum þad af þeim, ad gráta med grátendum og hafa medaumkun med þeim, er í slíkar raunir rata; svo gjördi hann, sem bezt kann ad sampínast eymdum vorum, því gudspjallid segir, ad þegar Drottinn leit hana, þá hrærdist hann myskunar yfir henni, og fáum vér jafnan orsök þar til, því ecki lídur á stundum lángt á millum þess, ad svoddan tilfellur, mörg volud eckja á þvílíkt til brunns ad bera; en út af þessari medaumkun Frelsarans taki eckjurnar sér hina mestu huggun. Strax, sem hann sá þessa sorgandi konu, þá hrærdist hann af innstu medaumkun, segir textinn; ecki gjörir hann þad sídur nú, heldur enn þá hann umgéckst í voru holdi, sem nú er upphafid til Kraptarins hægri handar; hann hefir lykil lífsins og daudans, barn mitt! hafi því daudinn gripid hendinni inn í hús þitt, og veitt þér eitt mikid sár, þar hann hefir tekid helmíng þíns hjarta burtu og gjört börn þín munadarlaus, þá vit, ad þad er ecki skéd án hans rádstöfunar, enga magt hefdi daudinn haft yfir þínum kjæra egtamanni án hans leyfis, í hvers hendi ad er öll lifandi sál; audmýk þig þess vegna undir volduga Guds hönd og seig med Davíd: eg vard mállaus og taladi ecki, af því þú gjördir þad, sérdeilis þar þú hefir þó ecki tapad þínum egta manni. Meina ecki, barnid gott! ad sjálfur gjæskunnar Brunnur sé eins lyndur og sumir óþockar í heiminum, þeir ed apturtaka þad þeir gáfu, heldur vil eg hér um segja, eins og Páll sagdi um Onesímum vid Philemónem: hann er um stundar sakir vidskilinn, svo þú haldir honum eylífliga; hann er ecki daudur, ad því leiti sem vidvíkur sálunni, því Gud Abrahams, Isaaks og Jakobs, hann er ecki Gud daudra, heldur lifendra, segir Frelsarinn; þarfyrir er hann ecki daudur, heldur kalladur frá daudanum til lífsins, frá volædi þessa heims til eylífrar sælu, frá selskap vondra manna til samfélags heilagra engla, já, hann er ecki heldur daudur, þad líkhamann áhrærir, heldur sefur hann, svo sem Drottinn sagdi um höfdíngjans dóttur, Matth. 9; þad stendur æfinliga stödugt, er Frelsarinn sagdi: hver sem trúir á mig, þad skal ské, ad þótt hann deyi, þá skal hann samt lifa, Jóh. 11. Þarfyrir, þótt ad þad sé náttúrligt ad syrgja ástvini sína, þá er ecki svo stór orsök þar til, því vér höfum ecki mist þá, heldur eru þeir undan oss farnir í eylífa sælu, en líkhaminn hvílist af erfidi sínu inn til þess dags ad Drottinn uppvekur hann og gjörir englunum jafnan, já, samlíkan sínum dýrdligum líkama, Phil. 3. Nú er þad víst, ad eckert Guds barn misann sinn egtahjarta þvílíkrar sælu; en þad er veikleiki vor, ad menn syrgja sinn eginn hag og sinna

S 2

eptirlátinna, þeinkjandi meir á hid nærveranda, enn hid eptirkomanda; en hyx til þess, barn mitt! ad Gud hefir kannské þinn egtamann í burtu tekid til sinnar dýrdar, uppá þad þú skyldir hafa allt þitt traust, alla von, alla gledi og unadsemd í sér einum, og fögnud af því, ad sjá og reyna sína nád á þér og vid þig og þína, nær öll mannlig hjálp er úti; gjör svo, þar af hefir þú tvöfalda nytsemi, þá einu, ad þín sála gledur sig í Gudi heilsugjafara þínum, hver fögnudur ad yfirgnæfir allan skilníng, og drepur alla sorg, allt mótlæti gjörir hann létt; hina adra, ad ámedan þú ert svo skapi farinn, þá er þad festibréf uppá Guds ríki, þad er pantur þess, ad þú munir fagna med þínum egtamanni í himneskri sælu eylífligana, med Gudi og hans heilögum; lát því sjá, ad þú tileinkir þér þad, sem Drottinn segir vid Israel, Esa. 54: sá sem hefir skapad þig, hann er þinn madur, Drottinn Zebaoth er hans heiti, og þinn lausnari, sá heilagi í Israel, hvern öll veröldin Gud nefnir. Hvar fyrir grætur þú, og því ber þitt hjarta sig svo illa, er eg þér ecki betri enn tíu synir? sagdi Elkana vid konu sína Hönnu, 1 Sam. 1; og hvad miklu betri er þá Gud himnanna, heldur enn einn daudligur madur; vilji hann gánga þér í manns stad, hvada naud hefir þú þá? hann er nógu vís til ad rádleggja þér, nógu ríkur til ad forsorga þig, nógu máttugur til ad forsvara þig, nógu gjæskuríkur til ad hugsvala þér; hvers viltu framar æskja? Eckjur og munadarlausir hafa stóran rétt í himninum, svo sem ádur er sagt; þegar Drottinn leit þessa eckju, þá hrærdist hann af innstu medaumkun yfir henni; hún hefir kannské ecki þeckt Drottinn, edur ecki séd hann, því sorgandi manneskjur gengu med huldu höfdi hjá Gydíngum, hún hefir og ecki ordi útkomid fyrir harmi, svo hún gjæti bedid hann, og þó gat ecki Brunnur gjæskunnar haldid sér, hans hjarta brast í hönum, svo hann hlaut henni miskunsamur ad vera, strax sem hann leit eymd hennar, med einu ordi, einu atviki þurkadi hann öll tárin af augum hennar. Þegar þær Rúth og Naemí voru aldeilis munadarlausar, þá sendi Gud þeim Bóas, Rúth 2; þegar eckjan í Sarepta og hennar sonur voru adkominn dauda í atvinnuleysi, þá bauð Gud Elíæ ad bæta brest hennar; mun hans hönd enn nú stutt vordinn? er hönum nockud aptur farid, sídan hann er hafinn yfir alla himna? nei, nei, útrétt er hún enn nú í dag til allra þeirra, sem á hann vona, og þótt hann reyni sína á stundum, þá efist enginn um sannsögli hans, edur ætli sig yfirgéfinn; hann gat haldid manni þessarar eckju vid lífid, hann gat læknad son hennar á bana sænginni, en hér færdi Drottinn sonnur á mál sitt, er hann skömmu ádur talad hafdi, ad sælir væru þeir, sem harma, þvíad þeir muni huggadir verda, því miklu meiri var fögnudur þessi, ad hann gaf henni aptur son sinn, sem daudur var, heldur enn, þótt hann hefdi læknad hann daudsjukan. Lát því þér til hugar koma, Guds barn! ad þótt daudinn hafi slitid þad band um stund, sem var á millum þín og þíns egtamanns, þá er þó ecki slitid þad einíngarinnar band, sem hefir bundid hjarta þitt vid Gud, hver alleina hefir ódaudleikann, hver og hefir trúlofad þig sér ad eylífu í nád og miskunsemi, í réttlæti og í dómi, Hós. 2; ef þú elskar hann, þá er ecki ad ugga hans elsku til þín, hann vill vera hjá þér í neydinni og þér þadan útrýckja, allar þínar andvarpanir heyra, öll þín tár reikna og hella þeim í sinn sjód, og sídan afþurka med eylífri gledi; og þótt ad þú megir sjá á bak þíns kjæra egtamanns um hríd, þá

er þad stutt hjá eylífdinni, hvar þid munud um aldir alda samfagna án nockurs kvída fyrir því, ad skiljast framar. Seg því ecki: eg er af øllum forlátinn; medan þú hefir ecki Gud forlátid, mun hann þig aldrei forláta; treyst því ad fullu, ad þad sem Drottinn segir vid kristnina, hjá Esaíam 54 kap., þad vill hann til þín sagt hafa, svo sem eina forlátna konu og sorgbitna, þá kallar Drottinn þig aptur: fyrr skulu fjøllin úr stad víkja, og þessar hædir nidurfalla, enn ad mín nád víki frá þér, edur minn sáttmáli nidurfalli, segir Drottinn þinn miskunari, já, hann sem er trúr, og sjálfum sér ei kann ad neita, segir Postulinn. Øll umsorgun og umhyggja búskaparins liggur nú á þér, sídan Gud tók þinn mann frá sídu þinni; hugsa til þess, er Davíd segir, Ps. 68: Gud leggur oss eina byrdi uppá, en hann hjálpar oss ad bera; vantreyst honum ecki, sem bar allan Israel í eydimørkunni, svo sem ein módir ber sinn son, segir Móses, edur hans Syni, hver ed ber alla hluti med ordi síns kraptar, ad hann géti ecki hjálpad þér til ad bera þad hann hefir sjálfur þér á herdar lagt. haf þína unadsemd í honum, hann hefir lofad ad géfa þér, hvad þitt hjarta girnist; synist þér byrdin þúng, þá varpa allri þinni áhyggju uppá hann, sem því mun vel til vegar koma; og er þad nú svo um hid fyrra úttalad.

Hvad hinn sídara vidvíkur, þá reyna menn þad optliga, ad foreldrunum fellst ecki minna um þad, nær þeirra børnum verdur fyrir tímanligan dauda burtu kippt, heldur enn þó ad hvert missti annars, sérdeilis, ef þad eru einka børn, svo sem hér á stódst, því hann var einka sonur sinnar módur, segir í textanum, og þar ad auki, ef ad þvílík børn eru líklig til gjæfu og menníngar, svo þau gjæti sídan Gudi og fødurlandinu med sæmd og æru þjónad; og ecki verdur því móti sagt, ad stór hørmúng lá á kvinnu þessari, þar daudinu hafdi rænt hana fyrst sínum hjartkjæra egtamanni, og þó á hennar bezta aldri, og þar ad auki sínum einasta syni, einnig í sínu æskublómi, hver án efa hefir verid hennar einasta yndi og adstod í hennar munadarleysi; en þad eykur miklu hér á, ad þad var eitt brixli haldid á þeim døgum fyrir kvinnurnar, ad láta ecki sædi eptir í Israel, því allar girntust ad vera mædur ad Messía; og ecki hefir þad einasta lægíng þótt óbyrja ad vera, heldur og hitt ein stór sorg, ad missa børn sín, og eiga kannské ecki von til annarra, þad sé eg á dæmi hinnar Súnamítisku, er sagdi vid Elíseum, nær sonur hennar lá andvana, 2 Reg. 4: beidda eg minn herra nockud um son? sagda eg ei: pretta mig ecki! svo sem hefdi henni þótt sá kostur léttari, aldrei ad hafa barn fædt, heldur enn ad syni hennar hefdi verid í burt svipt, og má sá vera af járni gjørr, sem ecki vorkénnir þeim svoddan møtgáng, sérdeilis, þar Guds Andi setur oss þetta til dæmis um hina mestu sorg, þar hann segir, Amos 8, ad harmkvæli Gydínga skuli verda eins og harmur eptir einn einasta son, þad sama ítrekar hann hjá Zacharíam, 12 kap; því er svoddan mjøg náttúrligt og engum ad lá, þó skulu kristnir menn haga sér í þessu svo sem Guds børn, og láta hann ráda, sem alls ræd á bædi á himni og jørdu. Hinar sømu røksemdir skal ad sønnu til þess hafa, ad bæta sorg sína í þessu tilfelli og hinu, er í fyrri greininni var um talad; seg mér, kristinn madur! hefir þú ecki barn þitt af Gudi ødlast? svo segir Davíd, Ps. 127: børnin eru Guds gáfa og lífsins ávøxtur er einn skeinkur, þau eru ecki svo aldeilis vor børn, ad þau séu ecki miklu framar hans, sem er Fadir yfir øllu því, er børn kallast

bædi á himni og jördu, því nær hann gaf oss þau, þá gaf hann þau med þeim skilmála, ad honum væri frjálst ad taka þau til sín nær hann vildi; eda gjörum vér ecki svo hver vid annann? Þótt einn láti barn sitt til vinar síns um stund, mun þad ecki standa í hans valdi, ad láta þad til sín aptur hverfa, nær honum líkar? ætlumst því ecki til, ad Gud muni hafa minni rétt yfir oss og börnum vorum, enn vér þykjumst yfir þeim hafa; seg því midt í sorginni, midt í harminum eins og Job, hvern Gud svipti ecki einasta öllum börnum sínum, heldur og allri aleigu sinni í einu vetfángi, Job 1: Gud gaf og Gud aftók, sé nafn Drottins blessad. Ef þú ert Guds barn, (því fyrir þeim vil eg sérílagi þetta talad hafa), ef þú ert sjálfur Guds barn, segi eg, þá veit eg, ad þér hefir umhugad verid ad fela þessa Guds gáfu honum sjálfum á hendur, ad barn þitt mætti hans miskunar og forsjónar í öllu njóta; en allra helst muntu hafa umhyggju borid fyrir þess eylífri velferd, ad þad mætti Gudi sem kjærast vera, og sem mest vardveitt fyrir Andskotans, heimsins og holdsins vélum, þar um muntu Gud bedid hafa í öllum bænum þínum, meir enn um lánga lífdaga; seg mér, hefir þá Gud ecki bænheyrt þig, er hann hefir tekid þad burt úr þrældómi heimsins í sælu himinsins, frá umsátrum Djöfulsins til Guds barna frelsis, frá ofríki holdsins til þíns og þess Födurs ríkis, hvar þad mun skína svo sem sól um aldir alda? Þér skilst þetta lítt kannské, á medan sorgin er sem brádust, en lát þá svo sem Kristur segi vid þig hid sama, er hann sagdi vid Petur fordum, þá hann ei vildi láta Drottinn þvo fætur sína: hvad eg gjöri, þad veitstu ecki nú, en þú munt þad sídar þeckja, Jóh. 13. Þér mundi vænt um þykja, þú mundir af hjarta gladur verda, ef Gud gæfi þér barn þitt aptur, eins og eckju þessari; en eg vil svara þér, eins og hann svaradi þeim í Nazareth fordum: margar eckjur voru á dögum Elíæ, en til engrar var Elías sendur, nema til eckjunnar í Sarepta í Sídons landi, Lúk. 4. Gud veit hvad hann vill gjöra, eckert gjörir hann til ónýtis; tilgángur Drottins í þessu kraptaverki er audsén: fyrst er sá, ad hann sýndi bædi þér og öllum sorgbitnum, ad hann bædi vilji og kunni ad samþínast eymdum þeirra: hinn annar, ad hann auglýsti þad hann Gud væri, sem ad hefir vald yfir daudanum, því þessi var hinn fyrsti af hinum daudu, er hann uppvakti á sínum hérvistardögum, en sídan ad hann hefir hvortveggja þetta med mörgum rökum stadfest, hver naudsyn ber þá til þess, ad hann umbreyti sínu lögmáli? Og þótt þú mættir þann kost eiga, ad barn þitt hverfi aptur í veröldina, hvílík fávitska væri þad; ad selja ríkdóm fyrir armód, heilbrygdi fyrir sjúkdóm, gledi fyrir sorg og hina allra sætustu ró og hvíld fyrir allskonar andstreymi og erfidi, þad væri ad hata og ecki ad elska barn sitt, ef rétt er álitid, sérdeilis, þar hinir útvöldu Guds, sem í Drottni dánir eru, þeir lofa Gud óaflátanliga fyrir sína endurlausn í himninum, því skyldu menn þá syrgja þeirra burtför af heiminum, allra helzt þar vér höfum eckert misst, heldur undan oss sendt, og munum finna eitt heilagt barn fyrir syndugt, ódaudligt fyrir forgengiligt, og englunum samjafnt fyrir þad, sem ádur var þó ecki nema mold og aska; leyfid því börnum ydar til Drottins ad koma, kristnir menn! og bannid þeim þad ecki, og segid eins og Barúch vid hina herteknu í Babýlon, Barúch 4: eg hefi látid ydur burt med harmi og gráti, en Gud mun skila ydur mér aptur med gledi og fögnudi eylífliga. Eg veit ad mörgum er þad stór harmur, ad missa eitt

einasta barn, sem var gjærfuligt og vel ad sér um alla hluti, en hugleid þó, kristinn madur! ad Gud gaf sinn eginn og einasta Son út fyrir þig, í hverjum hann alleina hefir sína velþóknan, ecki til ad bada í rósum, heldur til þess, ad ecki hefdi hann þar hann mætti höfdi sínu halla ad, Luk. 9, ecki til ad láta sér þjóna, heldur til ad þjóna ödrum, ecki til ad lifa í sælu nockri, jafnvel þótt hann mætti þá velsælu hafa, heldur til ad þola krossinn, Heb. 12, þetta gjordi hann, sem þér var um eckert skyldugur; ójafnt hafist þid ad, sem ert honum skyldugur bædi um þig og barn þitt, ad þú ángrast af því, ad hann flutti þad í eylífa sælu, sem hans Sonur hefir því med sínni kvol afrekad; hversu gjörfugligt sem þad var, þad var þó aldrei svo vegligt, svo sem hinn frídasti medal mannanna barna, ef Gudi og Födur þótti hann ecki ofgódur í kvalirnar, hvar fyrir skyldi þér þá þykja sonur þinn ofgódur til dýrdarinnar; þú vildir hafa honum stórfé eptirlátid í veröldinni, mun þad vera betra enn hans arfahluti í landi lifandi manna? misjafnt fer um arfana hér í veröldinni, en Petur segir oss, ad þessi arfur skémmist ecki, 1 Pet. 1; nógir eru erfíngjarnir, þótt einn deyi barnlaus, séu ecki adrir, þá er födurlandid, þá eru Guds voladir, gjör þeim gott medan þú lifir, og hefir þú fésjód á himnum. Sonur þinn dó burt í sínu æskublómi, en enginn veit æfi sína fyrr enn öll er; vor fyrsta módir fagnadi nærsta mjög hinum fyrsta manni, sem í heiminn var fæddur, en þad vildi ecki svo rekjast úr fyrir honum; Elí hofudprestur lét dátt ad sonum sínum, 1 Sam. 2, þó voru þeir skálkar; vænt þókti Davíd um Absalon, hvernig hann launadi hönum, þad er alkunnugt; þú þykist vita, ad ei var barni þínu hætt vid slíku, svo er þad, hverjum af oss þykir sinn fugl fagur, en þegar ad Gud hefir ad fullu rádid son þinn sér til handa, þá hefir hann tekid þessa umsorgun af þér, hann er þángad kominn, hvar hann ecki skal vega sinn bródur, ecki vanvirda Guds þjónustu, og ecki gjöra uppreist í móti födur sínum. Þú vildir hafa sett hann til menta, ad hann lærdi alla heims speki og öll túngumál; heyr mér, Guds vinur! engin er þvílík speki, sem ad deyja vel, og þar ad á öll speki ad lúta, annars er hún ónýt; hann kunni ecki svo margar túngur, sem þú vildir, þótt hann kunnad hefdi, mundi þad hafa gagnad honum til himnaríkis? þacka Gudi, ad hann er þángad kominn, hvar túngumálunum flotar, en kjærleikurinn varir eylífliga, 1 Cor. 13, nógur vísdómur er þad, ad hann þeckir Gud, svo sem hann er af honum þecktur, og talar englanna túngu; adgreiníng túngumálanna er straff syndarinnar, en þad er nád Guds, ad túnga hinna málholtu skal tala rétt, Esa. 32; svo veit eg og, ad hver útvaldra mun skilja annann og ad þetta fullkomnast í himnaríki; þar skal ecki barn mitt þola mörg högg fyrir sinn lærdóm, ecki óttast fyrir, hvert þad muni vinna edur tapa í einu þrætumáli, ecki heldur æra sig í reikníngi stjarnanna, edur mælíngu himinsins, nær þær eru dottnar, en hann samanvafinn eins og annad klædi, Heb. 1, jafnvel þótt menn verdi ad flækjast vid þenna hégóma eptir naudsyn spillíngarinnar háttalags. Þú meinar, ad Gud sé þér reidur, af því hann leyfdi þér ecki ad uppala þad, er hann svo vel skóp, sínum brædrum í heiminum til nota og gagnsemdar; géf þig til frids, barn mitt! þacka Gudi, ad þú med hans adstod hefir uppalid þad til himnaríkis, hann á margan gódan, lát hann sorga fyrir löndum og lýdum, sem þad lengst hefir gjört. Svo hyggid nú ad þessu, kristnir menn! hver í sinn stad; látid

hann ráda, sem ráda á, og aldrei rædur sínum børnum nema til hins bezta, og ætlizt ei til, ad þér sjáid betur fyrir ydar rádi, edur barna ydar og ástvina, heldur enn hann, til hvers ad bædi ydur og þeim er varpad allt í frá módurlífi. En þú, eylífi Fadir! sem ecki einasta talid hefir alla daga vora, heldur og øll vor hofudhár, kénn þú bædi foreldrum og børnum ad hyza þad vér hljótum ad deya, svo vér forsjálir verdum, ad aldrei lifum vér svo, sem ættum vér í þessu volædi æfinliga ad lifa, heldur géf þú oss, sem ert Gud lífsins og daudans, ad hvert vér lifum edur deyjum, þá séum vér Drottins; bænhéyr þad, Drottinn minn! fyrir Jesú pínu og dauda, og géf oss þar til styrk H. Anda; amen! í Jesú nafni, amen!

Seytjánda Sunnudag eptir Trinitatis.

Gudspjallid, Lúk. 14 Kap.

A þeim tíma, og þad skédi svo, ad Jesús kom í hús nockurs Pharíseara høfdíngja á þvottdegi brauds ad neyta, og þeir høfdu vardhald á hønum. Og sjá þú! ad madur nockur vatnssjukur var þar frammi fyrir hønum; og Jesús andsvaradi og sagdi til løgspekínganna og Pharíseanna, svo segjandi: hvort leyfist nockud ad lækna á þvottdøgum? en þeir þøgdu vid. Og hann tok á hønum, læknadi hann og lét hann í burtu fara, svaradi og sagdi til þeirra: hvørs ydar asni eda naut, sem fellur í pitt, er þad eigi jafnsnart utdregid á þvottdegi? og þeir gátu hønum þar til aungvu svarad. En hann sagdi þessa eptirlíkíng til þeirra, sem bodnir voru, þá ed hann merkti, hvørnin þeir mottust eptir hinum fremstu sætum, segjandi svo til þeirra: nær ed þú verdur bodinn af einhvørjum til brudkaups, þá set þig ecki í hid ædsta sæti; kannské þad annar, heidarligri enn þú, sé bodinn af hønum, og komi sá, sem þér baud og hønum, og segi til þín: géf þessum rum, og hljotir þu þá med kinnroda ad hafa hid ytsta sæti; heldur svo, nær ed þu verdur bodinn, þá far þú og set þig í hinn ytsta sess, svo ad þá, nær ed sá kémur, er þér baud, þá segi hann til þín: vinur! þoka þér upp betur, þá mun þér virdíng veitast hjá þínum sessunautum, þvíad hver sig sjálfur upphefur, hann mun nidurlægjast, og hvør sig lítilætir, hann skal upphafinn verda.

Exordium.

A medal hinnar vegligustu Guds þjónustu, er vér egum ad dýrka hann med, þá er helgun Sabbats dagsins, hún er í fyrstunni ecki bodin syndarinnar vegna, heldur ádur enn spillíngin innkom í heiminn; svo segir í Genesis bókar 2 kap: Drottinn blessadi hinn sjounda dag, og helgadi hann, þar hann á hønum hvíldist af øllu sínu verki, er hann skapad hafdi, þad er, ad hann hætti þá ad skapa himin og jord, og allt hvad þar er inni; þetta bodord er

apiur ítrekad í Mósis løgmáli, og er eitt af þeim tíu Guds laga bodordum; þess gétur í Exódí bókar 20 kap: minnstu ad helga hvíldardaginn Drottins Guds þíns, og er þetta bodord optliga stadfest í Gl. Testamentisins bókum; á sex døgum skulud þér verk vinna, hinn sjøundi dagur skal helgur kallast, því þad er hvíldardagur, þér skulud eckert verk á honum vinna, segir í Lev. 23 kap. Hin fyrsta orsøk til þessa hvíldardags í Gl. Testamentinu var sú, ad endurminnast hins mikla stórvirkis, er Gud gjørdi í skøpun allra hluta, því nefnir Drottinn þad eitt teikn á millum sín og Israels barna, Ezech. 20; ønnur var sú, ad á þeim degi skyldi almennilig Guds þjónusta haldinn verda med fórnfæríngum, med kénníngu Guds orda og ødrum þvílíkum gudræknis eyrendum í helgidóminum; um fórnirnar má lesa Núm. 28, en um Guds orda kénníngu vottar Lúkas 4 kap. med dæmi Frelsarans: hann kom til Nazareth, hvar hann var uppalinn, og géck inn ad venju sinni á Sabbatsdeginum í samkundunna og stód upp ad lesa; hin þridja var, ad menn og vinnudýr skyldu hvílast af sex daga ervidi, þad er bert af Exód. 23 kap., og hin fjórda var sérílagi fyrir Israels fólk, ad endurminnast lausnarinnar af Egyptalands þrældómi, svo sem segir í Devt. bókar 5 kap. Nú, þótt ad Gud setti svo í øndverdu, ad hinn sjøundi dagur skyldi brúkast til þessarar helgi, þá er hún nú, og hefir verid sídan himnaføt Lausnarans, haldin á hinum fyrsta degi vikunnar, er vér í minníng Christi upprisu helgum, í minníng endurskøpunar heimsins, sem fyrir hans dauda er skéd, og minníng hins eylífa Sabbats, er øllum Guds børnum í hans upprisu fengid er. Þetta skulu menn ecki ætla ad séu manna setníngar, heldur svó sem Móses flutti Guds løgmál á millum hans og Israels barna, svo hafa og Christi postular gjørt þessa skickun, án alls efa eptir hans bodi, því eckert segjast þeir mundi þora ad gjøra fyrir utan hans skipan, Act. 15; þad er og kunnugt, ad þeir afmádu sumar greinir af kyrkjuløgunum í samkomunni í Jerúsalem, þegar Pálus og Barnabas voru til þeirra sendir frá þeim kristnu í Antióchia, og er þenna flutníng Sabbatsdagsins ecki meira í spunnid. Eg vil ecki ætla, ad nockur gjøri sér í lund, ad Kristur hafi ei haft vald til þessarar færslu, því hann segist vera herra Sabbatsdagsins, og ef þad var ecki á móti hans guddómligu hátign ad afmá sakramenti hins Gl. Testamentis, þá var ei heldur þetta; en ad þessi rádstøfun sé af hans postulum gjør, er þad til vitnis, ad þeir komu saman á hvítasunnudegi, Act. 2, sem innfellur á vorn Drottinsdag; Lúkas skrifar, Act. 20, ad þann fyrsta dag vikunnar hafi lærisveinarnir samankomid til ad brjóta braudid, og ad Páll hafi þá rædu haldid; og sjálfur Páll skrifar Corinthu borgar mønnum til, 1 Cor. 16, ad á hinum fyrsta degi vikunnar skuli þeir leggja afsídis ølmusur sínar, er naudstøddum kristnum mønnum ætladar voru; þenna sama dag kallar Jóhannes postuli og gudspjallamadur Drottinsdag í sínum opinberunum, 1 kap., og svo hefir kristilig kyrkja nefnt hann frá þeirri tíd allt til þessa; þad ber til þess, ad nær postularnir ecki nefna Frelsarann sínu egin nafni, þá kalla þeir hann Drottinn í stadinn fyrir Guds heiti, sem er Jehóva í Gl. Testamentinu; því kalla eg þad víst, ad þessi rádstøfun sé frá Gudi komin. Og ad þessu svo fyrirmæltu, þá vil eg nú taka mér orsøk af spurníngu Drottins til Gydínga, hvert þar leyfdist ad lækna á Sabbatsdegi, af henni vil eg taka mér orsøk ad tala um þetta tvennt: 1) hvad kristnum mønnum sé óleyfiligt ad fremja á Sabbatsdøgum; 2) hvad þeim byrji ad gjøra og leyfiligt sé. Þú stóri herra Drottins dagsins og hins eylífa Sabbats! lát oss svo gjøra þitt verk á þessum degi, ad vér um sídir megum inngánga til þinnar hvíldar, amen! í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Hid fyrsta, sem bannad var á Sabbatinn, þad var ad vinna nockurt verk á þeim degi; svo segir Drottinn í sínu løgmáli, Devt. 5: vardveit þú hvíldardaginn, ad þú helgir hann, eckert verk skaltu á honum vinna, og svo strengiliga var þetta bannad Israels sonum, Exód. 35, ad þeir ecki máttu eld kveikja í híbýlum sínum á þessum døgum, hvar fyrir þeir ecki heldur máttu matreida, og er varla nockurt bodord svo optliga ítrekad í heilagri ritn-

íngu, svo sem þetta; og hversu ad Gud hafi frekliga straffad vanhelgun hvíldardagsins, þad sýnir oss straff hans, er tíndi upp smælkid á Sabbatsdegi, ad hann matti deyja eptir logmálinu, Núm. 15; fyrir vanhelgun þessa hótar Gud sínu fólki, ad hann vilji uppbrenna borgir þeirra, hjá Jeremíam 17 kap., og hjá Ezechíelem 22 kap. sverdi kongúngsins af Babýlon, og er þeir aptur komnir úr herleidínguuni tóku til ad vanhelga Drottins hvíldardaga, þá átaldi Nehemías þá hardliga og leiddi þeim fyrir sjónir, ad fyrir þessa somu synd hefdi ógjæfan komid yfir fedur þeirra, segjandi: þegar forfedur ydar gjørdu svo, mundi ei Gud vor leida yfir oss alla þá ólucku og yfir þessa borg? og þér viljid upperta Guds heiptar reidi móti Israel! med því ad vanhelga Sabbatsdaginn Nehem. 13. Nú er þó um Sabbatsdaginn tvennt ad hugleida, þad eina, er sidalogmálinu vidvíkur, þad er helst í því fólgid, ad lofa Gud og dýrka á þeim degi, og svo ad géfa bædi sjálfum sér og hjúum sínum tóm og stundir til þessarar þjónustu, svo og ad halda einhvern vikudag til þessarar idnar, og þad er svo ríkt í nátturuna innskrifad og medfædt manninum, ad hinir ørgustu heidíngjar tóku sér vissa daga, nærri svo marga sumir hverjir, svo sem vér kristnir menn, til ad fremja blót sín og adra godanna þjónustu, hverri skipan þeirra þótt ad mannkynsins óvinur hafi spillt med sinni dýrkun, þá er þó audsært hér af, ad nátturan hefir bodid þeim, ad slíkt væri ein sjálfbodin skylda vid Gud, og hafa ad því leiti og med þessum setníngi sannad þad, sem Páll skrifar, Róm. 2, ad heidíngjarnir, sem ecki hafa logmálid, þeir gjori af nátturunni þad logmálsins er; annad er þad, sem kyrkjulogum Gydínga sérilagi vidkom, sem er, ad halda Sabbatid á hinum sjounda degi, hvar um ádur er nockud í inngánginum talad, svo og ad vinna aldeilis eckert verk á þessum døgum, sem þó án efa hefir nockurn skilmála haft, sem sídar mun sagt verda. Nú þótt ad kristinna manna frelsi hafi nockra línkind hér í gjort, svo og linad straff þeirra, er Drottinsdaginn vanhelga, þá viti menn samt, ad þad er ein hrópandi synd, ad brjóta hann med ónaudsynligu erfidi; til Guds dýrkunar var hann helgadur í fyrstunni laungu ádur enn logmálid var útgéfid, kristiligt frelsi hefir ei afmád hann, heldur flutt á hinn fyrsta dag, hann er í sidalogmálinu bodinn, aldrei er hann af Christó fyrirbodinn, heldur hræsni og sú hjátrú, er Gydíngar um hann hofdu, hún er stroffud af Frelsaranum. Þetta bodord um helgun hvíldardagsins er ályktun hinnar fyrri bodorda toblunnar, hvers vegna ad sýnast má, ad hann, sem þad mótþróanliga brýtur, hann neiti allri Guds dýrkan, fyrir utan þad, ad þad stendur alltíd stodugt, er Jakob skrifar, 2 kap., ad sá, sem brýtur eitt af bodordunum, hann er vid øll sekur; sá sem brúkar hvíldardaginn til sinna útréttínga ad þarflausu, fyrir ágirnis sakir, edur af forsmán vid Gud, hann er einn afguda dýrkari, því Gudi einum, en engum ødrum, tilheyrir sá heidur, ad halda hann helgan, þarfyrir segir hann, Exód. 31: sjáid til, ad þér haldid minn hvíldardag, því þad er teikn á millum mín og ydar. Vanbrúki því nockur þenna dag med því móti, sem ádur er sagt, þá rænir hann Gud sínum heidri og tileinkar sér, þad honum alleina tilheyrir, hann vanhelgar og hans nafn, því á þessum degi á ad prísa og lofa þad med hinni mestu audmýkt, en sá, sem ecki er med mér, hann er á móti mér, segir Kristur, Matth. 12, svo vil eg segja, ad hann, sem ecki Guds nafn helgar á þessum degi, hann vanhelgar þad. Og í sannleika,

kristnir menn! þykir oss það oflítið, að Guð hefir gefið oss hina sex dagana til útréttínga vorra, að hann hefir blessað vort erfiði, vora lífs næríngu, vorar karfir og vorar afgángs leifar, þótt vér gjöldum hönum þjónustu sjöundarinnar, svo sem einn skatt af öllum tímanum? það væri stakt óþakklæti að skora sig undan því. Eg vil ei þar um tala, að Guð er lángtum vægðarsamari við líkhami vora, enn vér erum sjálfir; þar finnast þeir, eð svo eru ákafir í búsorginni, að þeir mundu engan tíma gefa sér, hjúum sínum og vinnudýrum til hvíldar, nema þessi dagur væri tilsettur, svo eyða þeir sjálfum líkhamanum fyrir líkhamans næríngu að þarfleysu, hvar með Guði er engin þjónusta gjör, þvíað hann, sem að band manninum, að í sveita síns andlitis skyldi hann síns brauðs neyta, Gén. 3, hann hefir og boðið, að á hinum sjöunda degi skyldi hann hvílast af sínu erfiði. Og þótt nú að stritvinna og önnur þvílík veraldar umsvif séu bönnuð á helgum dögum, þá meini þó enginn, að Guð verði með eintómis iðjuleysi dýrkaður; iðjuleysið er orsök til margra lasta; þegar Davíð gékk iðjulaus uppá hús þaki sínu, þá freistaði Djöfullinn hans til að girnast Bersabe, og var hann þó Guðs-maður; ætla ecki að þú sért óhultari fyrir hönum ef til vill; því talar Hierónýmus vísliga og guðrækiliga, er hann segir: haf alltíð eitthvað að sýsla, svo Djöfullinn hitti þig ecki iðjulausan, því iðjuleysið færir með sér lestina, menn læra íllt að gjöra, af því að gjöra eckert; þarfyrir segir og einn af þeim kristnu fornmönnum: betra væri Gyðíngnum að vinna eitthvað til þarfinda á akri sínum, heldur enn að gjöra upphlaup á akrinum, og betra væri konum þeirra að sitja að ullarverki, heldur enn að dansa opinberliga á sínum túnglkomu hátíðum; og er það mála sannast, að oss kristna menn vantar aldrei verk á helgum dögum til að þjóna Guði með, ef vér værum lundlægnir þar á, þótt vér hvílumst af dagligu erfiði, hvar um eg vil framar tala í hinni síðari greininni. En ef það er ecki leyfiligt, að vinna ofmikið eður eckert á þessum dögum, þá er það víst, að það er ein höfuð skömm, að hafast það að, sem íllt er og í sjálfu sér óleyfiligt, því það er að dýrka Djöfulinn í staðinn þess menn ættu Guð að dýrka; þetta gjöra allir þeir, eð brúka Guðs helga daga til lauslætis, til ofneytslu og ofdryckju, til ljótrar skémtunar, til okurs og ágirni, til að vinna sér inn fé með dubli og teníngakasti, hvar af þráliga orsakast svardagar, agg og þræta, áflog og ryskíngar, til ílls samtals, til að baktala, rægja og ljúga uppá náúngann, til að atyrða hann og gjöra íllt í skapi; óskandi væri, að ecki kjæmu menn saman til slíks á helgum dögum undir því skyni, að gánga í Guðs hús, um hverja Páll segir, 1 Cor. 11: að þeir samansafnist til hins verra eins, og er enginn vanhelgun argari enn þessi, því ef það eru í sjálfu sér þvílíkir klækir, að Pálus segir, að með slíkum skuli menn ecki umgengni hafa, og að þeir eð þvílíkt fremja, erfi ecki Guðs ríki, hvílíkur glæpur mun það þá vera, að aðhafast svoddan á þeim tímum, sem Drottinn helgað hefir? Á meðal þessara klækja er ecki hinn minnsti Guðs húss forsómun og hans heilögu orða, sem mörgum veraldar syni þykir lítil synd og allt annað þarfara að vinna, þykjast sjálfir nógu vel uppfræddir, svo að ei muni þeir læra mikið af einföldum prestum; herra, Guð! ólíkir eru sjálfbyrgíngar þessir heilögum Davíð, hann var svo vel uppfræddur af H. Anda, að hann hefir mörgum öðrum

himneska speki kennt í psálmum sínum, þó segir hann, Ps. 27: eins hefi eg bedid af Drottni, þess kreffst eg af honum, ad eg sitji í húsi Drottins alla mína lífdaga til ad sjá fegurd Drottins og leita hennar í hans musteri; hvad sýnist ydur, mundi Davíd ecki géta fundid Gud heima í húsi sínu eins vel og þér? jú miklu betur, því eg efast um, hvert þér finnid hann nockurstadar, sem svo tómlátir erud, ad þér viljid ei ljá fætur ydar til ad gánga í Guds hús, til ad leita hans þar, edur eyrun til ad heyra hans ord. Hvad fann þó Davíd í Guds húsi annad, enn nockrar fórnfæríngar, í hverjum ad fyrirmyndud voru eptirkomandi gjædi, vid hverjar hann þó huggadi sig og var gladur af voninni; en þér, hverjum Kristur er med øllum sínum velgjørníngum krossfestur afmáladur í hverri rétt=skickadri prédikun, þér forsmáid þó líkhamann, þar sem Davíd undi sér vid skuggann; hér af spretta adrir ávextir, líkir rótinni, sem er bænræktarleysid, því Guds hús er bæna hús: vantrúin, því hvernig mega þeir trúa, nema þeim sé prédikad, segir Páłus, Róm. 10: kjærleiksleysid, því þeir yfirgéfa safnadinn á móti Postulans bodi, Hebr. 10, og samneyti Guds barna, sem hvad mest eblist í Guds helgidómi; hér af fylgir hans þénara forsmán, þeir eru soddan mønnum eins og ein gaman vísa, sem er føgur ad leika, svo sem Drottinn sagdi vid Ezechíelem, þeir eru þeim nockurskonar eptirlíkínga edur ordskvida smidir, eins og hann, Ezech. 21; en hvad vill hér af fylgja, ó, þér hin fávísu børnin? þad án efa, ad hver sem þá forsmáir, hann forsmáir Krist, en hver sem Krist forsmáir, hann forsmáir þann, er hann sendi, en þann ed Gud forsmáir, þann vill hann forsmá, 1 Sam. 2, og er þá ecki lengra ad leita ad glotuninni, sá finnur hana í eylífum eldi, sem ei vildi leita ad Drottni í hans húsi. Hér um mætti margt fleira tala, en eg læt þetta nægja ad svo stoddu, og vil koma til hins, er eg ádur lofad hefi um ad tala.

Hvert ad vera eigi vort hid sérligasta verk á Drottinsdøgunum og ødrum helgum tídum, þad er audvitad af skickun Sabbatsdagsins í Gl. Testamentinu, hvar fólkid átti saman ad koma til helgidómsins, til ad dýrka Gud med offrum og fórnfæríngum, svo sem ádur er sagt, því jafnvel þótt dagurinn sé umbreyttur og fórnirnar afmádar med þeirri einu fórn, sem hinn ædsti nýa Testamentisins Kénnimadur hefir innborid í þad allra helg=asta í himninum ad útvegadri eylífri endurlausn, þá er þó ecki hans vilji umbreyttur í því, ad láta þjóna sér af kristnum mønnum. Fyrir syndafórnirnar offrum vér því saklausa Guds lambi, sem frá upphafi veraldar slátrad er, vor upplyptingaroffur eru bænir og þackargjørdir, þetta eru kálfar vara vorra, þad eru vorir frumburdir, sem Drottni eru helgadir, þá egum vér fram ad bera, ad sønnu alltíd og allstadar, en þó sérdeilis í hans húsi á þeim døgum, sem þar til helgadir eru, þar til er hinn fyrsti dagur vikunnar bodinn, sem ádur er umgétid, sem og adrar hátídir, þær ed kristiligt yfirvald hefir sett og eiga ad haldast í jøfnu gyldi, því hann, sem baud ad helga hinn sjøunda daginn, hann hefir og bodid ad hlýda yfirvaldinu, og á þad þó hvad mest ad framkoma í þeim hlutum, sem Guds dýrd áhræra og hans sérligustu velgjørnínga, hvar fyrir hinn fyrsti af kristnum keysurum, hinn stóri Konstantínus, lét halda føstudaginn helgan í minníng krossfestíngar Drottins, og vardi sá sídur lengi nockud. Nú er þad þó ecki nóg, ad koma saman til kyrkjunnar, nema menn gjøri þar Guds eyrindi med allri alúd, annars er vor kyrkjugángur ecki nema

eintómis hræsni, og væri af illu skárra að koma þar aldrei (sem þó er stór synd í sjálfu sér, nær því má vel við koma), því hitt er að nálægjast Guð með vörunum, en hjartað er þar lángt frá; og hvað gagnar það til Guðs dýrðar og vorrar sáluhjálpar, að menn sitji í kyrkjunni, eins og Guð segir um tilheyrendur Ezechíelis, 33 kap: þeir koma til þín hópum saman, og sitja fyrir þér svo sem mitt fólk og heyra orð þín, en þeir gjöra þau ecki; það er teikn til þess, að eptirtecktin hefir ecki mikil verið. Og ecki einasta er það nú skylda vor, að koma saman á helgum dögum til að lofa Guð, heldur er það einn gleðiligur hlutur; það er myskun Guðs, að hann hefir ætlað þessa daga til saðníngar sálum vorum, þar hefir hann tilreiðt eitt mikið géstaboð í Syni sínum; þar við huggar Davíð sig í sinni mestu sorg, er hann kveður þanninn, Ps. 42: eg úthelli hjarta minu í sjálfum mér, þar eg mun með þeim flocknum burtgánga og með þeim fara til Guðs húss með gleðskap og þackargjörð, með þeim hópnum, sem helgina heldur; eg fagna af því, segir hann enn aptur, Ps. 122, að til mín verður sagt: vér skulum gánga í hús Drottins; þetta sagði hann, konúngurinn í Israel, og einum verkþræl á meðal vor má varla núa til þess, að sækja sóknarkyrkju sína á stundum, eður og húsbóndi hans hefir svo lúð hann í erfiði, að hann gétur það varla, hvað og er ein hróplig synd. Nú er ecki þar með búið, kristnir menn! að menn heyri Guðs orð í kyrkjunni, allan daginn á Guði að géfa með réttu, ef það gjöra má stórnauðsynja vegna; þegar menn eru frá kyrkjunni gengnir, þá eiga menn ecki strax að hætta sínu guðrækniserki, eður lifa svo sem aldrei hefðu þeir komið þar og hugsa ecki framar þar til; hvað á þá að gjöra? rétt er að seðja líkhamann eptir þörfum, það er og ecki bannað, að halda skickanligar máltryckjur á þessum dögum, þó svo, að menn gleðji sig með ótta og dýrki Drottinn með virðíngu, Ps. 2; þetta gétur og verið eitt af kjærleikans verkum, ef það er gjört án óhófs og metnaðar; svo sögðu þeir Nehemías og Hezras kénnimaður og Levítarnir, er kéndu fólkinu: etið hið feita og dreckið sætan dryck, og sendið þeim einn part, sem ecki hafa tilbúið, því dagur þessi er helgaður Drottni vorum, Nehem. 8; þetta buðu þeir ecki af eginn myndugleika, heldur eptir lögmáli Drottins, er ritað stendur í Deuterónómí bókar 16 kap., hvar fyrir slíkt er leyfiligt, sérdeilis ef menn gleyma ecki náúnganum og hinum fátæka, því þeim býður Drottinn með svoddan hætti gott að gjöra, Lúk. 14; en þótt að Skaparinn hafi látið þetta eptir líkhomum vorum, þá eiga menn ecki að láta sálina hlutlausa vera, heldur æfa hana í umþeinkíngu Guðs orða, er menn heyrt hafa, og þess lestri, þeir sem á bækur kunna, og mega fyrir öðrum lesa. Ecki höfum vér, kristnir menn! færri eður smærri velgjörníngaDrottins að minnast á vorum dögum, enn Gyðíngar, eins er oss skyldt að minnast á verk sköpunarinnar og þeim, og öllu meir á vora endurlausn af helvítis og syndarinnar þrældómi, enn þeim á lausnina af Egyptalands ánauð, að hverri fullendaðri (eg meina vorri endurlausn) að Drottinn, sem dó fyrir syndir vorar, er upprisinn oss til réttlætis; á vora endurskopun og helgun í skírninni, hverrar fyrirmyndan að var gángur Israels sona yfir um hafið rauða úr Egyptalandi, því megum vér tileinka oss það, sem Drottinn býður í sínu lögmáli: geymið mína Sabbatsdaga, svo að þér vitið, að eg er Drottinn, sem að helga yður, Ezech. 20; á deydíngu holdsins, að vér ei gjörum það oss lystir á hans degi, né gaungum á

vorum vegum, Esa. 58. Um þetta egum vér ad hyxa á þessum helgum tímum, þad egum vér ad brýna fyrir bornum vorum og hjúum, ecki sídur enn Israels synir logmálid, og skuli menn satt tala, þá er engin idja Gudi þeckari á Sabbatsdogum, enn ad uppfræda úngdóminn og hina fáfródu í þeirra kristinndómi, því til þess má eg segja, ad kristinna manna Sabbat sé gjort sérílagi; gjæti þeir þess, ed af Gudi settir eru til slíkrar idnar, bædi kénnimenn, foreldrar og húsbændur, og hugleidi, hvad stórum reikníngi þeir eigi ad svara fyrir þenna dag, ad odrum fráteknum. Nú fyrir því, ad svo er varid spilltu edli voru, ad færstir af oss, já, svo fáir sem engvir af þeim, sem lifa á þessari koldu og sídurstu old, þeir géta allan dag til enda Gudi þjónad í hjarta sínu, án þess ad hugur þeirra hvarfli frá, þá meina eg ad leyfiligt sé, ad hressa hjarta sitt med sidsamri og hæverskri skémtan á þessum dogum. Drottinn og hans lærisveinar gengu út um kornakur á Sabbatsdegi, Matth. 12; því veit eg, ad hann bannar ecki ad gjora sér eitthvad til dægurstyttíngar, hvert heldur þad er med litilli vinnu edur meinlausum leik, nær þad ecki skédur af gjálísi, af lauslæti, af hreckvísi, edur odrum hlutum, sem Guds háleita nafn verdur lastad med, svo og eru naudsyninni engin log sett. Hvers ydar asni edur naut, sem fellur í pytt á Sabbatsdegi, er þad ecki jafuskjótt uppdregid? segir Frelsarinn hér í gudspjallinu; því veit eg, ad ecki á svo logmálid ad skilja, ad oll vinna hafi Judum bonnud verid á Sabbatsdegi, hvernig sem ástædist, þad kénnir Kristur sjálfur med þeim ordum, er strax voru lesin, og aptur med því, ad hann segir, ad kénnimenninnir í musterinu vanhelgi Sabbatid, hann meinar eptir Pharísæanna útleggíngu; eins mikil vinna var ad slátra fórnunum fyrir altarinu, svo sem í heima húsum, en fyrir því, ad þessir Pharísei kynnu ad hafa sagt, ad slíkt helgadist af musterinu, þá leysdi hann lærisveinunum axinn ad plocka fyrir utan musterid á akrinum, og sagdi: hér er sá, sem meiri er enn musterid, Matth. 12, hvad ed satt var, því hann var musterisins Herra, svo vel sem Sabbatsdagsins, Lúk. 6; þad var og af guddómligri speki talad, er hann taladi undir eins: Sabbatid er gjørt fyrir manninn, en madurinn ecki fyrir Sabbatid, Mark. 2; þetta er satt, svo sem oll hans ord, því madurinn var skapadur ádur enn Sabbatid var sett; hvar fyrir skyldi þá hin ædsta sképna Guds, sem er undir sólunni, vera svo mjog bundin vid kyrkjulogin, sem ecki áttu ad vera lengur enn til Kristum, ad ei mætti bregda út af logvitríuganna útleggíngu? Guds logmál útleggur og sjálft sig í þessari grein, þvíad í Levitíci bókar 23 kap. stendur optliga: þú skalt eckert þrældóms verk vinna; þad er ítrekad aptur í Núm. 28 og 29 kapítulum; hvílíkt þad sé, kénnir bædi Esaías og Jeremías, ad ei skuli bera byrdir inn um Jerúsalems port á Sabbatsdogum, og má þar af ráda, hvad í þessu hafi mest bannad verid. Nú er þó frelsi vort kristinna manna meira, því vér erum ecki ad ollu leiti bundnir vid Gydínganna Sabbat, nockud hefi eg ádur þar um sagt, nockud vil eg hér eptir segja. Þad er nú ollum kunnugt, ad kyrkjulog Mósis eru fyrir dauda Drottins afmád, en þad er ádur sýnt, ad forbod alls erfidis á Sabbatsdegi heyrir til kyrkjulogunum; satt er þad, ad Gud skipar, ad þetta logmál um Sabbatsdaginn skuli vera þeim eitt æfinligt logmál í þeirra kynslódum, en þær rugludust ei lángt eptir himnafor Drottins, og nú veit enginn af þeim af hverri ætt hann er, því er þad bert, ad þetta logmál hefir ei ad

ollu leiti verid gefid nema Gydíngum; umskurnin kallast og eitt æfinligt sáttmál, þó er hún aftekin med skírn kristinna manna, því ber þess ad gjæta, ad ritníngin kallar þad æfinligt á stundum, sem léngi á ad vera. En hvernig sem þessu er varid, þá vil eg adspyrja: hvar fyrir mun Páls strafta þá í Galatía segjandi, Gal. 4: þér takid vara á døgum og mánudum og tímum og árum? hvar fyrir mun hann aptur segja vid þá í Cólossis, 2 kap: enginn skal dæma ydur í mat edur dryck, edur um hátídardags hald, edur nýmánada helgar, edur hvíldardags, sem ad er skuggi þess eptirkomanda, en Christi er líkhaminn; hvad er þetta annad, enn ad Sabbatsins løgmál er ad nockru leiti linad, og ecki svo strengiliga bodid kristnum mønnum, svo sem þad var Júdum; eg vil og þad til leggja, ad þad kallast teikn í Exódí bókar 31 kap., hvad mundi þad þá teikna? þad ævarandi Sabbat, sem Drottinn byrjadi med sinni upprisu hér í nádinni, en mun fullkomna í upprisu allra manna, hvar eptir ad útvaldir munu eckert annad verk vinna, enn ad lofa Gud; fyrst menn nú hafa sjálfan hlutinn allareidu ad nockru leiti, því trúin er vera þeirra hluta, sem menn vænta eptir, Heb. 11, og ad vísu hver einn fullkomliga, sá ed í Drottni deyr, því skyldu menn þá svo mjøg halda uppá teiknid? þegar eg líkhamann hefi, hvad gildir mig þá um skuggann? Svo er nú kristnum mønnum leyfiligt ad vinna á sunnudøgum allt hvad stór naudsyn vid liggur, þó svo, ad menn heyri ádur Guds ord, ef heyra má, svo sem er ad bjarga atvinnu sinni frá skémdum, ef þær vidliggja, ad gjøra naudsynligar reisur, ad hjálpa því, sem ad landi ber, ef annars er hætt vid ad missist, ad róa til fiskjar í hallæris tíd, þó svo, ad ei sé fátækum gleymt, eptir því sem løgin bjóda, og annad þessu líkt; þetta er leyfiligt ad vinna, og jafnvel þótt ecki beri brád lífsins naudsyn til, þá er þó ecki svoddan bannad. Ecki liggur mannsins líf vid ad draga nautid upp úr dýkinu á Sabbatsdegi, og þó má sjá, ad Gydíngar hafa þad leyfiligt haldid; ecki hefdu lærisveinar Drottins af húngri dáid, þótt ecki hefdu þeir plockad axinn á hvíldar deginum, og tók hann þá samt í forsvar móti illkvittni Pharíseanna, hann gat og sadt þá med ødru móti, hefdi þetta ecki leyfiligt verid, því ecki var hann kominn til ad uppleysa løgmálid, Matth. 5. Nú er þetta og annad kristnum mønnum lofad med søgdum hætti, en þess á enginn ad dirfast ad naudsynjalausu, edur ad brúka frelsi Guds barna til ágirni, edur gjøra þad af vantrausti vid Gud, edur forsmán vid hans helga daga. En hvad hér um er framar ad tala, þá er Gudi enginn hlutur þeckari ad gjøra á Sabbatsdøgum, nærst sinni þjónustu, heldur enn kjærleikans verk; hér stendur í gudspjallinu, ad hann hafi tekid á þessum vatnssjúka manni, læknad hann og látid hann í burtu fara; og hversu ad hann hafi Pharíseana sannfært hér um, er augljóst ecki einasta af hans tali í þetta sinn, heldur og af andsvari hans vid samkunduhøfdíngjann, er vandlætti um þad, ad hann læknadi hina veiku konu á Sabbatsdegi, Lúk. 13: þú hræsnari! sagdi hann, leysir ecki hver ydar sitt naut og asna af stalli á Sabbatsdegi og leidir til vatns, byrjadi þá ecki þessari, sem er Abrahams dóttir, hverja Andskotinn hefir bundid, sjá! í átján ár, ad leysast af þessu bandi á Sabbatsdegi? ecki erum vér megnugir um ad gjøra kraptaverkin, samt eiga þeir, ed læknis kunstina vita, ad gjæta þessa, og allir ad gjøra vidlík kjærleikans verk hvad mest á þessum degi eptir því, sem hver hefir orsøk og efni til. Eg veit þar er engin sú prédikun, ad eg

fái ecki ad heyra þar talad um syndir mínar, um gjæsku Guds og hans velgjørn'nga, um ávøxtu trúarinnar og betrun lifnadarins, og þótt aldrei sé prédikunin svo einfaldlig, þá veit eg, ad eg er ecki svo lærdur sem Lútherus, er sagdist aldrei hafa heyrt þá prédikun, ad hann ecki hefdi eitthvad af henni lært, og mun hann þó hafa heyrt þar misjafnar á þeim døgum; sé eg nú Guds barn, þá vil eg sýna þad í verkinu, sem eg numdi af ordinu, annars er þad fallid utan hjá veginum í grýtta jørd, edur medal þirna. Altíd egum vér kjærleikans minnugir ad vera, en þó helst á þessum døgum; Gud gjæfi, ad kristnir menn nú vildu gjøra sér þad ad skyldu-løgmáli, sem Páluſ réd þeim í Korinthó um tillagid til heilagra: hinn fyrsta dag vikunnar, sagdi hann, þad er á sunnudaginn, þá leggi hver einn hjá sjálfum sér, safnandi í sjód, þad sem honum hefir heppnast; fátæka høfum vér jafnan hjá oss, en þó høfum vér sérílagi orsøk til ad gjøra þeim gott á þessum døgum, því þeir koma ásamt oss fram fyrir Gud í helgidóminum, þar fáum vér bezt ad heyra naudsynjar þeirra, þar gétum vér rádid bót á þeim, vér, sem Gud hefir géfid audlegd heims þessa, þar kunnum vér ad gjøra oss vini af hinum rángláta mammón, þá er medtaka oss í eylífar tjaldbúdir. Svo og egum vér ad vitja sjúkra, húsa eckna og fødurlausra á þessum døgum, því þad kallar Petur gudrækuis verk, hugga þá, rádleggja þeim og ecki koma tómhendtir, ef vér megum afleggja en þeir eru naudstaddir, annars gengur þad nærri því, ad segja: farid í fridi, vermid ydur og mettist, en géfa þeim þó ecki hvad líkhamanum gagnar, Jak. 2. Svo gjætid nú þessa, kristnir menn! og gjørid ei hégóma úr Drottins-døgum, hans ordi, edur hans húsi, því hann lætur ecki ad sér hæda, og hvern sem hann forsmáir, þann vill hann forsmá. En þú gódi Gud og Konúngur dýrdarinnar! verka þú þad med oss, ad vér svo rækjum þína Sabbatsdaga, þitt ord, þína þjónustu og allar þínar helgar tídir, ad vér megum med þér óendanligt Sabbat halda fra einni eylífd til annarar med øllum heiløgum; bænheyr þad nádugi Fadir! fyrir Jesúm Christum, amen!

Á Michaelis Messu.

Gudspjallid, Matth. 12 Kap.

Í þann tíma, gengu lærisveinarnir til Jesú og søgdu: hvør er mestur í himnaríki? Jesús kalladi eitt barn til sín, og setti þad midt í millum þeirra og sagdi: sannliga segi eg ydur, nema þér umsnúist og gjørist svo sem smáborn, munud þér ecki inngánga í Guds ríki. Hvør sjálfur sig læckar, svo sem úngmenni þetta, sá er mestur í ríki himnanna, og hvør sem medtekur eitt þvílíkt úngmenni í mínu nafni, sá medtekur mig; en hvør hann hneixlar einn af þessum smælíngjum, sem á mig trúa, þarfara væri hønum ad mylnusteinn heingdist um hans háls og væri í sjáfardjúp søcktur. Vei sé heiminum fyrir hneixlanir! þar hljota þo ad koma hneixlanir, en vei þeim manni, fyrir hvørn ad hneixlanin kémur!

En ef þín hønd edur þinn fotur hneixlar þig, sníd hann af og snara hønum frá þér, betra er þér inn ad gánga til lífsins haltur og handar vani, enn þad þú hafir tvær hendur og tvo fætur, og verdir í eylífan eld kastadur; og ef auga þitt hneixlar þig, þá slít þad út og snara því frá þér, betra er þér eineygdum inn ad gánga til lífsins, enn þad þú hafir tvø augu og verdir í helvítskan eld kastadur. Sjáid til, ad þér forsmáid ecki einn af þessum smælíngjum, þvíad eg segi ydur, ad þeirra englar á himnum sjá jafnan míns Fødurs auglit, sem er á himnum.

Exordium.

Þessi vegliga hátíd, er vér í dag høldum, er tileinkud hinum stóra høfudengli, Michael, hvers nafn ad merkir, jafn Gudi, eda, hver er svo sem Gud, ecki þess vegna, ad hann sé Gudi jafn edur nockur ønnur sképna, heldur hins, ad hin ønnur Guddómsins persóna, Guds eingétinn Sonur, hann ber þetta nafn sumstadar í ritníngunni, og medal annars hjá Daníelem í 10 og 12 kapítulum; ecki heldur er þessi dagur helgadur Guds engli í þeirri veru, ad menn skuli dýrka hann þar med, því Drottinn Gud þinn skaltú tilbidja og hønum einum þjóna, segir ritníngin, Matth. 4; þad bannar Páls, er hann tekur oss vara fyrir, ad vér ei skulum láta villa oss med dýrkun englanna, Cól. 2, og ecki vildi engillinn, sem birtist Jóhanni, ta kaá móti þvílíkri lotníngu, þegar Postulinn féll hønum til fóta ad tilbidja hann, er hann sagdi, Apóc. 19: sjá til, ad ei gjørir þú þetta, eg er þinn samþjón; heldur er þessi hátídis dagur þar til gjørdur, ad þacka Gudi fyrir vernd h. engla, hverjum hann umbodid hefir, ad þeir beri oss á høndum sér, svo ad ei steitum vér fót vorn vid steini, Matth. 4. J ritníngunni høfum vér mørg dæmi uppá varatekt h. engla; Gud, Drottinn himinsins, mun senda sinn engil fyrir þér, sagdi Abraham vid Eleasar þjón sinn, Gén. 24, er hann reisti í Mesópótamíam til ad bidja syni hans konu til handa; Jakob segir, ad engillinn hafi frelsad sig frá øllu illu, Gén 48; Petur segir: Drottinn sendi engil sinn, hver ed frelsadi mig, Act. 12. En þótt ad ei sjáum vér englanna sjónir nú á þessum døgum, þar hinn stóri Michael, hinn stóri engill þess mikla ráds, hefir búid svo um vor sáluhjálpar efni og svo ljósliga opinberad oss síns Fødurs vilja, ad vér þurfum ecki englana af himni til ad kénna oss hvad til vors fridar heyrir, þá samt skulum vér vita, ad þeir blessudu andar eru oss nálægir til ad afstýra skadrædi og árásum fjandmanna vorra, og þad vottar Páls, er hann segir eptir Davíd, ad þeir séu allir þjónustusamir andar, útsendir þeim til þjónkunar, er sáluhjálpina erfa skulu, Hebr. 1; nú viljum vér allir í þeirra tølu vera, þarfyrir egum vér ad leggja allan huga á, ad vér styggjum þá ecki frá oss med hneixlanligum og ógudligum lifnadi, hvar um ad þetta h. evangélium géfur oss orsøk ad ræda, út af þeim ordum, er Drottinn talar um hneixlid, hvert ad er tvøfaldt, 1) þad menn géfa ødrum af sér; 2) nær menn hneixla sjálfa sig; um hvorttveggja vil eg med fám ordum tala; en þú gódi Gud! styrk oss hér til med nád þíns Anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Hver sem hneixlar einn af þessum smáu, segir Frelsarinn; þád ord, er í textanum stendur, er dregid af ødru ordi, sem merkir ad haltra, og þad þess vegna, ad sá sem hneixladur verdur, hann er ecki heilfættur, hann haltrar á Guds vegi og gengur ecki rétt fyrir Drottni; þetta á vel saman vid vora túngu, því hneixli drøgum vér af því ordi, ad hníga edur

hneigja, því sá, sem hneixli af sér gefur, hann kemur ödrum til ad hníga edur rasa, og hnegir hann til vondra verka; þetta ord merkir á grísku túngu þad tré, sem snörunni heldur, á hvert þegar dýrid rennur, fellir þad hana yfir sig og verdur veidimanninum ad bráð; svo brúkar og Djöfullinn sína eyrindsreka í heiminum til ad veida einfaldar sálir, þeir halda snörum hans yfir höfdi þeim; svo kallar Páls hans véla brögd, er hann segir, ad þeir sem ríkir vilja verda, falli í Djöfulsins snörur; þar fyrir segir og Drottinn, fyrir munn Hóseæ, um hina ótrúu kénnimenn í Júda: þér erud snara í Mitzpa og útþanid net á Tabor, Hós. 5, dragandi dæmi af þeim veidiskap, er brúkadist á þessum fjöllum. Nú er þessi hin fyrri grein af hneixlinu med tvennu móti: annadhvert verdur þad med ordum edur verkum; med ordum skédur hneixlid, þegar þeir, sem eiga ödrum ad undirvísa, þeir kénna villur og rángan lærdóm, þann ecki er á Guds ordi bygdur og leidir til glötunar; fyrir þessari drepsótt hefir Guds födurlig mildi þirmt landi voru, sídan hid klára ljós evangélíí skein í hans kyrkju medal vor, lofad sé hans dýrdarfulla nafn um aldir alda! þetta verdur og, nær þeir, sem í Guds stad eru settir, prédika þad, sem er hégómi, ecki sundurkljúfa ord sannleiksins svo sem byrjar, ecki gefa Guds hjúum í réttan tíma þad þeim tilheyrir, og tala þad fyrir fólkinu, sem ei er til sadníngar sálu þeirra, svo hún er litlu edur engu nær, ecki segja hinum ógudliga til synda sinna, ecki leidrétta þann, sem fer villur vega, ecki undirvísa hinum fáfróda, ecki hugga þann sorgbitna og ángráda, já, þegar menn í Guds nafni og undir hans persónu reka sitt egid eyrindi til síns ábata og ad leita sjálfum sér virdíngar, en láta Guds dýrd fara, og eru ei mjög hugsunarsamir þar um, hvad henni vid lídur, þessa kallar Páls ótrúa erfidara og Esaías mállausa hunda, sem ei kunni ad gelta, en þó sterka hunda til ad eta; hvar fyrir? því þeir segja þeim stríd á hendur, sem ecki leggja í munn þeirra, en boda frid, nær þeir tyggja med tönnunum, Mích. 3; þeir eru hverfulir, ósannsögulir og ljúga, segjandi: eg skal drjúpa, þad er, kénna þér fyrir vínid og fyrir áfengan dryck, svo sem Drottinn ad ordi kémst hjá Micheam 2 kap., og eg veit ecki hverju þeir betri eru þeim fölsku spámönnum, er Drottinn talar um í gudspjallinu, er koma í saudaklædum, en innra eru þeir glepsandi vargar, því einu má gylda med hverju móti menn draga Andskotans plóg til ad spilla Guds akri, og er þetta eitt skélfiligt og bannvænt hneixli. Næst þessum tel eg þá, sem bædi sjálfa sig og adra venja á skammarligar ordrædur og fíblsligt hjal, sem eru blót, munneydar, dárlig skémtan, hróp og níd, ljótir kvedlíngar og þó allra helst illar umrædur og hneixlanligar um náúngann, sérdeilis dauda menn edur fjarlæga, af hverju ad þráfaldliga framkémur agg, reidi, þræta, mord, manndráp, og allra handa fjandskapur og daudligt hatur; þetta kalla sumir óhlutvandir menn litlar syndir, aukheldur ad þeir varist, ad láta jafnvel sín eginn börn og adra fáfróda þetta til sín heyra, en Páls segir oss, ad íllt samtal spilli gódum sidum, 1 Cor. 15, og framar segir hann, ad þvílíkt ecki kristnum hæfi, Eph. 5; en hvad er þad? eckert annad, enn ad sá sé ecki kristinn ad Postulans dómi, sem ad tenur sér þvílíkt edur um hönd hefir, en ef hann ecki kristinn er, þá er hann ecki Guds barn, og hefir forbrotid hans nád og tapad velferd sálar sinnar, nema hann ydrist af hjarta, en forþénad ecki einasta, ad mylnusteinn heingdist um háls honum og yrdi í sjáfardjúp sockt,

svo sem hér stendur í gudspjallinu, heldur og, ad honum yrdi í eylífan eld kastad; og af þessu er nú audsært, hvad skélfilig hádung þad sé fyrir Gudi og øllum heidvirdum mønnum, ad hafa þenna ósóma fyrir smábørnunum, edur ødrum einføldum, og draga þá med svoddan hætti frá Gudi undir Satans vald, hverutveggjum bædi þeim sem hneixlar og hinum sem hneixladur er, til eylífrar gløtunar. Þeir eru og ecki saklausir af þessu, er hrósa vondum verkum og þeim er þau í frammi hafa, forsvara þá og tala þeim alla hluti til umbótar, því hér af leidist hinn einfaldi og barnid til ad gjøra hid sama og elska þad, sem þad lofad heyrir af ødrum sér eldri og vísari; þad er satt, ad manninn skal elska, en verkin hata, og færa alla hluti á betra veg, en því skal eg lofa hann, sem hatar Gud og góda sidu? jafnvel þó margur kalli þad hæversku og spaklyndi, ad gjøra þanninn; eg voga ad segja, ad þar er engin meiri drepsott í einni bygd edur landi, enn þeir menn, sem ógudliga lifa og einkis svífast hvad þeir gjøra, en eru þó heidradir í ordum, og hvad þeir tala edur gjøra, þad er tekid svo sem af himnum øfan komid, og jafnvel klækir þeirra eru dygdir kalladir; þessir eru eitt átumein alls heidurligs athæfis og gódrar skickunar, snara hins vonda heims, tálfuglar Djøfulsins, og svo eg þad í einu ordi segi, þeir eru meistarar til ad fordjarfa, svo sem Drottinn talar um Babýlon hjá Ezechíelem, því kalla eg þá litlu betri, sem ala ósóma þeirra í fáuýtu hrósi; þó vil eg hér hafa fráskilid þann heidur, er menn eiga valdstjórninni ad veita, ecki einasta gódum og frómum, heldur og hreckvísum, segir Petur, og skrifad er: høfdíngja þíns lýds skaltu ecki bøls bidja, segir Páls; en hitt annad, er eg fyrir skømmu umtaladi, þad orsakar stórt hneixli, því þad er nockurskonar rángdæmi og réttlætir hinn rángláta, edur ad minnsta kosti leggur vonda og góda ad jøfnu. Nú er allt þetta íllt, sem allareidu er upptalid, en kunstin stígur enn þá hærra upp í Djøfulsins háskóla. Þar eru þeir, sem ad hafa vald yfir ødrum, svo sem eru foreldrar yfir børnum sínum, húsbændur yfir sínum þénurum, stórherrar og magtarmenn yfir þeirra undirsátum, nær þessir bjóda eitthvad þad, sem ógudligt er, svo ad hinir voga ei annad enn hlýda, þad er eitt fullkomid ofríki og yfirgángur Satans í sínu ríki; svo baud Nebúcadnezar sínum undirsátum ad dýrka sitt gullbílæti, Dan. 3; svo skipadi Jessabel ad útvega falsvitni á móti Naboth; svo baud Heródías dóttur sinni ad bidja um Jóhannis høfud; svo kom Jeróbóam Israel til ad syndga, er hann baud ad dýrka þau skúrgodin í Dan og Bethel, og þó ad í øllu ødru sé ólíku saman ad jafna, þá var sjálfur Davíd hinum líkur í því, er hann lét slá Uríam í hel med sverdi Ammons barna. Þessa eptirmynd høfum vér á landshøfdíngjum þeim, er bjóda ødrum þá hluti, sem Gud hefir andstygd á, meinsæri, ofbeldi, gripdeildir, og í hvern helst máta, sem þeir locka þá edur hræda til ad vinna Djøflinum, en móthægja Gudi; á húsbændum, er þeir gjøra slíkt hid sama, ad því leiti, sem í þeirra valdi stendur, til dæmis: nær þeir bjóda þeim edur tæla þá til ad gjøra ødrum órétt sér til ábata, ad forsóma Guds ord og helgar tídir fyrir sín eyrindi, ad hefna á einhverjum, er þeir þykjast eiga heiptir ad gjalda, edur ad þeir brúka þá á einhvern hátt til ad framkvæma sínar girndir; þetta er eitt skadsamligt hneixli; og hid sama er ad segja um foreldrana, edur adra þá, sem yfir børnin eru settir, edur

umgángast med þeim, og er þeim þó miklu meiri vandi á hendi, enn öllum ödrum, fyrst þess vegna, ad foreldrarnir eiga hina mestu rækt á börnunum ad hafa, og er þad mála sannast, ad þeir eru færstir, sem vilja þeim íllt gjöra í líkhamligum hlutum, og sumir eru allt ofhlífnir í þvílíku, sumir steypa sjálfum sér til helvítis fyrir þeirra skuld, er þeir safna þeim rángfengnum audi og kénna þeim ad gjöra hid sama; en trúid mér, ad betra er ad gjöra barn sitt arflaust ad saklausu, betra er ad slá þad og lemja til óbóta, betra er ad myrda þad, enn ad hneixla med því, ad vísa því á nockurt forrædi, hvar af því kynni ad orsakast einhver sálar vodi, því allur líkhamligur skadi er hégómi ad reikna hjá meinum sálarinnar; hin önnur orsök til þess, ad oss er vandast vid börnin, er sú, ad þau eru hvad næmust á hid vonda, og hvad þau úng numdu, þad verdur þeim torveldara ad láta nær þau dragast á legg, og því tekur Frelsarinn þau til dæmis hér í gudspjallinu; hann virdti þau blessadur svo mikils, ad hann sagdi: leyfid börnunum til mín ad koma, hann setur þau til eptirdæmis þeim sem inn vilja gánga í Guds ríki; hann tók þau uppá sinn armlegg, hann blessadi þau, hann segir hér í gudspjallinu, ad þeirra englar sjái jafnan síns Födurs andlit, sem á himnum er; meinid þér ecki, ad hann taki þad sárt, þegar þau eru hneixlud, er hann svo mjög virdir og elskar, þegar þau eru dregin frá himnaríki, sem eiga þess vissa von á medan þau þannin eru? munu ei Guds heilagir englar klaga þá sárliga, þegar þeirra hjörd, er þeir eru settir til ad vakta, þegar hún er svo illa útleikin af þeim, er sídst skyldi, edur ödrum óhlutvöndum, er vilja sem flesta jafnsvarta sér? því ad ef þar er gledi í himninum yfir einum syndara, sem ydran gjörir, því skyldi þá ei Guds heilögum englum líka þad stórilla, nær svo er höndlad med þeirra fósturbörn? því kann hver einn nærri ad géta, sem nockra rækt hefir á því barni, sem honum er ástfólgid. Og þó nú Frelsarinn tali sérílagi um börnin í gudspjallinu, þá vitid ad allir adrir eru þar inni faldir; géfid engum neina hneixlan, segir Páls; en serdeilis eru þad þeir, sem eru hans, einkum voladir, einfaldir og þeir, sem bera hans kross, því hann géfur þeim sonu meiníngar nafn hjá Matth. 25, þar hann kallar þá hina minnstu, já, sína minnstu brædur í sama kapítula; því skulum vér nú vita, ad hinn annar máti til ad hneixla med ordum er sá, ad ráda einhverjum til nockurrar syndar, þegar hann er sorgfullur og mótlættur. Jobs kona segir vid hann í hans stóru mannraunum: bölvadu Gudi og far ad deyja; henni eru allir þeir líkir, er ráda harmþrúngnum manneskjum til ad leita óleyfiligra medala, hinum sjúka til ad leita fjölkýngis manna, edur brúka adra hjátrú og afgudadýrkan, hinum fátæka til ad stela, edur vinna sér inn fé med prettum og rángsleitni, þeim sem óréttinn lídur ad hefna sjálfur sín, en forsmá login og stela hefndinni frá Gudi; hafi nockur eitt ódáda verk í sinni, eins og Absalon, þá vantar ecki einn Achitóphel til ad ráda honum ad kreinkja fridlur födur síns, 2 Sam. 16, og nær Ammon lítur girndaraugum til sinnar egin systur, þá verdur jafnvel hans brædrúngur, Jónadab, til þess, ad géfa honum rád til ad fremja sinn ógudligan vilja, 2 Sam. 13. Eg vil ei tala um þá, sem fleka adra einfalda til ad gjöra sér selskap í því, ad fécfletta adra, til ad útsjúga hús eckna og födurlausra, til ad draga undir sig annars góts med yfirvarpi laga og réttinda; enginn hefir þá betur útmálad enn Salómon, er hann segir, Ordskv. 1: son minn! nær syndugir

menn vilja locka þig, þá kom ecki, þegar þeir segja: gack með oss, vér viljum umsitja blóð, vér viljum umsitja hinn saklausa; og skömmu þar eptir segir hann oss, hvaða tálbita þeir brúki til svoddan veiða: vér skulum finna allra handa kostulig auðæfi, vér skulum fylla vor hús með herfáng, vér skulum allir hafa einn sjóð; ó, já, þér Satans englar! verða má þér hafið allir einn sjóð í yðar föðurs ríki, sem er höfðíngi þessa heims, en svo munuð þér og einn sjóð hafa með honum í hinu vellanda díki, þegar Guðs vesælíngar ljóma í ríki síns Föður eins og stjörnur himins, þér munuð segja eins og Ísrael forðum, nær þér fagnið yðar ráungfengnum auði: þessi eru þau laun, er mínir elskugar hafa géfið mér, Hós. 2; en nær þér uppvaknið í helvíti og kvölunum með öllum þeim, er þér leidt hafið til glötunarinnar með yðar falskri áeggjan, munuð þér þá segja: þessi eru mín laun, er mínir elskugar, holdið, heimurinn og Djöfullinn hafa géfið mér? svo er nú þetta hin skaðligasta og hneixlanligasta tálsnara, og það þess heldur, að slíkt er haldið framsýni og skynsemi af börnum veraldarinnar. Menn hneixla og sinn náúnga, nær menn brixla honum um einhvern hlut, jafnvel þann, sem ecki er í hans valdi: um fátækt sína, um fávitsku, um líkhamans skapnað, herma eptir hönum og spotta hann; allir þeir, eð svo gjöra, þeir ecki einasta hæða að Skaparanum, heldur koma hinum til að syndga, í því hann reiðist slíku og leitast við að hefna sín, og fái hann ei hefndinni framkomið, þá hatar hann þann, sem hann líður slíkan órétt af, en hatrið er ein synd, sem bannar manninum inn í himnaríki. Eg vil enn framar segja: hver sem brixlar einum um bætta synd, hann géfur stórt hneixli af sér, því náttúran er svo illgjörn, að sannindunum verða menn reiðastir, en vér egum ecki að géfa náúnganum orsök til neinnar syndar, annars gjöra menn sig hluttakandi í annarligum syndum, og hver vill upptelja allt það, sem túngan hneixlar með, nær hún er upptendruð af helvíti, ségir Jakob. Eins vil eg géta, áður enn eg skilst við þetta mál, sem er það Satans æði, er margur gárúngur brúkar, að spotta Guðs þjónustu og hlæja að þeim, er hana iðka; þetta er rétt að gabba Guð og hæða að Christó í sínum píslum, því svo sem að hinir ógudligu kénnimanna höfðíngjar með þeirra háðugligri meðferð leiddu það fólkið, sem skömmu áður hafði sín klæði breidt á veg=inn og kallað: hósíanna syni Davíðs! þeir leiddu það, segi eg, til að hrópa litlu síðar: tak burt þenna og géf oss Barrabam lausan; svo fyrirverður sig margur einfaldur og ístöðulítill, þegar þeir sjá, að kristiligt líferni ablar þeim haturs hjá mönnunum, og þetta er verra enn allt annað, sem áður er upptalið, því nær hneixlið hefir þrýst einhverjum til að burtkasta Guðs ótta og láta meir að mannanna dómi enn Guðs, þá fylgja þar allar skammir á eptir; og þanninn verður nú hneixlið með orðunum; en með verkunum skéður það ecki minna; vei heiminum fyrir hneixlanir! ségir Drottinn; þetta vei talar hann af meðaumkan, álíka og þegar hann grét yfir Jerúsalem; hvar fyrir? því hann sá, að þar yrðu að koma hneixlanir, ecki af Guðs tilstilli, hverjum ecki líkar ógudligt athæfi, heldur af heiminum, sem að liggur í hinu vonda, og hefir hans alvísa speki að vísu einnig litið til illsku þessara tíma, sem er svo mikil, að í villu kynni að leiðast, ef ské mætti, jafnvel út=valdir. Nú kémur hneixlið af verkunum þegar menn drýgja opinberar skammir og lesti, sem eru þvert á móti Guðs boði og lögunum, svo sem okur, ránglæti, ágirni, óhóf,

ofmetnadur, og þad svo blygdunarlaust, ad menn ecki einasta fremja þad sjálfir, heldur samsinna þeim, ed þad gjora. Þetta eitur skadar med tvennu móti: fyrst, ad þad leidir bædi adra eins vonda, svo og þá, sem af náttúrunni eru þó ecki illgjarnir, til ad gjora þad íllt er; sá sem umgengst med hinum halta, hann lærir ad haltra, sá sem gefur eina ljóta forskrift, hann veldur því, ad annad eins ljótt verdur eptirskrifad, og menn hafa allt ofmorg dæmi til þess, ad almenníngur lockast til ad gjora þær syndir, sem færstir mundu gjora, nema þeir sæi adra gjora þad fyrir sér, og ad þad væri sidvani og tídska manna á medal; en á annann veg hneixlast og þeir, sem frómir eru og rádvandir, ad þeir verda óþolinmódir yfir slíku, eins og Elías yfir Achabs húsi og Páll yfir ránglæti Ananíæ hofudprests, svo hann rasadi med túngu sinni, já, þar kvikuar í þeim nockurskonar leidi og óskickanligt vandlæti, svo þeir taka þad til ráds, sem Gudi er stygd í, eins og Jónam hendti, er hann flúdi undan Guds bodi; og enn nú munu þeir finnast, er leita svoddan óyndis úrræda, nær þeir sjá, ad allt gengur andhælis, annadhvert ad þeir slást í selskap med þeim, er þannin breyta, edur ad þeir yfirgefa sjálfa sig og skyldu síns embættis. A ollum er þetta hneixli skadsamligt, en þó hvad mest á þeim, sem eru máls metandi og bodnir yfir adra. Kennimennirnir hneixla, nær þeir gjora allt annad enn þeir prédika, svo ad þegar almúginn ber kenníngunna saman vid lifnadinn, þá verdur þjónustugjordin lostnd, og þeir fallast miklu heldur á þad, er þeir sjá fyrir augunum, sem er ein þegjandi prédikun, heldur enn þad þeir heyrdu med eyrunum, því bædi gleymist þad fljótt, og þykir engin alvara, nær því er hvad sist eptirfylgt af þeim, sem þad helst áttu ad gjora, því ecki eru allir, þeir ed gjort geta þad, sem Frelsarinn býdur, ad hlýda því er þeir tala, sem sitja á Mósis stóli, en breyta þó ecki eptir gjorníngum þeirra; en hvad verdur þá? þad sama sem Frelsarinn segir, er hann kalladi lærisveinana salt jardar, en ef saltid skemmist, í hverju verdur þá saltad? Matth. 5; og ef Guds þénarar lifa illa, hver er von á því, ad tilheyrendurnir gjori þad betur? Hid veraldliga vald hneixlar stórliga, nær þeir dæma rángliga, taka fé til dóma, umhverfa gódum logum og gjora réttinn ad malurt, svo sem Spámadurinn ad ordi kemst, taka ránga eyda vísvitandi, tradka málum og draga þau til ad þreyta þann, sem rángindin lídur; af ollu þessu framkemur eitt skélfiligt hneixli, því þad elur ósóma upp í skálkinum og venur hann af ad hrædast login, en tekur allan dug frá hinum fróma, svo hann verdur hinum ad bráð, edur og, ad hann tekur þad óráð, ad ræna réttinn sínum rétti og hefna sjálfur vanvirdu sinnar; og framvegis skédur þetta hneixli, nær þeir, sem voldin hafa, brjóta sjálfir login hvad mest, eru lauslátir, órádvandir, ágjarnir, svíkja daglaunarann, fleka eigur sínar út af hinum einfalda, eru barátttusamir, ofbeldnir og fremja allra handa skammir og óhæfu, er þeir straffa á odrum, svo sem væri ecki logmálid gjort nema fyrir almúgann. Foreldrar og húsbændur hneixla bornin og hjúin, ecki einasta, nær þeir leggja einhverja synd í vana sinn, heldur og fremja eckert gott, eru tómlátir í ad heyra Guds ord, yfirvaldinu óhlýdugir, latir, hirdulausir, reidigjarnir og lifa í þvílíkum syndum, því þá meina hinir, ad ei sé sér vandara, og þad heitir rétt ad hneixla Krists hina smáu, svo sem hér stendur í textanum. Hinir ríku hneixla hina fátæku, nær þeir lifa í allskonar óhófi, en hinir svelta; fátækir hina ríku, nær þeir fara illa med

ölmusunna og eru óþacklátir, gefa svo hinum orsök til, ad halda því inni, sem annars ætti úti ad láta; og þar veröldin er nú full af þessu, þá er ei undur, þó Frelsarinn segi: vei sé heiminum fyrir hneixlanir! Framvegis rís þar á stundum hneixli af þeim hlutum, sem hverki eru gódir né vondir í sjálfum sér, en verda þó ödrum til hneixlis; eg vil taka þad til dæmis, ad á St. Páls dögum leyfdist allan mat ad eta á medal kristinna, eins og nú í vorri kyrkju, sá, sem át allan mat og hinn, er hélt sig frá sumum, bádir voru þeir Gudi eins kjærir, og hverugur vill hann ad annann dæmi, þó segir hann: ef ad þinn bródir hriggist vegna fædslunnar, þá gengur þú ecki eptir kjærleikanum, tortýn hönum ecki med fædslu þinni, fyrir hvern Kristur dáinn er, Róm. 14; þó nú lítid þyki í þetta spunnid, þá metur Postulinn þad svo mikils, ad hann heldur þad kunni ad verda einum til glötunar, sem Guds Sonur hefir þó endurleyst, og hans dýra blód svo til ónýtis á hönum, þv: segir hann og í ödrum stad: vissa eg, ad minn bródir hneixladist, skylda eg aldrei kjöt eta. Þvílíkir eru nú margir hlutir medal vor, svo sem er ein og önnur sérgjædi í umgengni, er vér köllum affarasnid á vora túngu, eitt og annad látgjædi þeirra, sem annadhvert í klædaburdi edur annari hegdan vilja vera ödruvísi enn adrir menn, hvad jafnvel sumir af oss brúka á helgum tídum, nýar uppáfyndingar í ímsum hlutum, sem ecki eru verri enn hid gamla skick, ecki heldur betri, og annad þvílíkt, sem adgjætnir menn fá vel athugad; þetta er ad sönnu engin synd í sjálfu sér, en þad verdur ad synd, ef náúnginn hneixlast þar af til ad tala edur þeinkja illa um þann, er svo gjörir ad þarflausu, og því bannar Páls, ad gjöra þad nockud, á hverju ad nockur bródir kunni ad hneixla sig edur steita, Róm. 14.

Hvad hinu ödru vidvíkur, sem eg hét um ad ræda, þá kunna menn hvad mest ad hneixla sjálfir sjálfa sig; þad kémur af þeirri synd, sem í oss byggir, voru spiltu holdi og blódi; þess gétur Frelsarinn hér í textanum, er hann segir: ef þín hönd edur fótur hneixlar þig, þá sníd hann af og snara hönum frá þér; ecki er þad Frelsarans meiníng, ad menn skuli vana sig edur limlesta, heldur sú, ad vér skulum eckert svo kjært hafa, ad vér ei höfnum því, edur frá oss köstum, fyrr enn þad hneixli oss, svo ad vér föllum í freistni, og dregur hann hér dæmi af læknurum. Oss er enginn hlutur kjærari enn vorir limir, og þó, ef nockur af þeim er svo rotinn, ad hætt er vid, ad hann megi feygja hina, þá lídum vér þad læknirnum, ad hann skéri hann af, því skyldum vér þá ecki deyda vora jardnesku limu, saurlífi, óhreinleika, illa tilhneigíng, vonda girnd, ágirni, hver ad er skúrgoda dýrkan, svo sem Páls ad-ordi kémst, Col. 3, og þad sem hann hér segir um þessa lesti, þad vill hann sagt hafa um allt hid vonda, sem í gégn sálunni strídir, hvert hann upptelur í pistlinum til Galatas 5 kap; þessi er líkhami syndarinnar, sem umgétur Róm. 6, þad er hinn gamli madurinn, hver ed brúkar sína limu, vondar girndir, til ad reka Andskotans erendi, eins og einn verkamadur brúkar hendur og fætur til ad þjóna náttúrligu lífi, þá byrjar oss ad deyda, þá egum vér ad affsnída og snara þeim frá oss, svo þeir hneixli oss ecki. Hversu opt verdum vér hneixladir af höndunum, þegar felskan blæs þær upp til ad meida hold náúngans, þegar ágirndinn réttir þær út til ad grípa hans géts og peninga, þegar letin svæfir þær til ad leggja sig saman, Ordskv. 24, svo menn géta ecki etid-sitt egid braud og verda því ad leita þess í annara andlitis sveita. Fæturnar hneixla oss, nær

leidinn á Guds ordi og tómlætid í vorum sáluhjálpar efnum gjörir þá trega til ad gánga í hans hús, en fúsa til ad hlaupa þángad, sem þeir hlutir eru idkadir, hverja Gud hefir bannad, þá er hinn gamli madurinn skjótur á fæti, en hinn nýi haltur, og þá heltum vér, oss og hneixlum nærsta mjøg sjálfa. Sama er um augun ad segja, hverra Frelsarinn og getur hér í gudspjallinu; hvad er í heiminum? þad er girnd holdsins, fýsn augnanna og drambsamt líferni; hversu opt festa sig vor augu á þeim hlutum, sem eru fullir af þessu? føgur ásýnd, audæfi, metord og svoddan tál veraldarinnar, þad er vor augnavodi; ó! hvad miklu betur væri þad auga útstungid, er lætur sig blinda af þessum hlutum, en hverfur af Gudi sínum og hans bodordum; þess vegna gjørdi Job sáttmála vid augu sín, ad ei liti hann þeim til meyjarinnar; því bidur Davíd Gud: snú þú augum mínum, ad ei líti þau á hégómann, lát mig gánga á þínum vegum! gefandi þar med til vitundar, ad sá sem starir á glis veraldarinnar, hann kunni ecki Guds veg ad rata. En þad, sem Drottinn hér segir um þessa limu hins gamla manns, þad vill hann sagt hafa um allt þad, sem oss má frá Gudi draga. Sá, sem virdir meir fødur og módur, systur edur bródur, edur eigin konu sína og jafnvel sitt líf, heldur enn Kristum, hann hneixlar sjálfan sig. Sá sem girnist þad embætti, sem hann er ecki madur fyrir (hvad margur dári gjørir á þessum døgum), hann hneixlar sjálfan sig, því hann gjørir sig verri med því, ad hann fer illa med Guds umbod søkum fákjænsku edur annars duglevsis, þar hann hefdi annars kannské gódur madur verid. Sá, sem tekur sér hneixli af þeim hlutum, sem ecki eru hneixlanligir, heldur gódir og Gudi þeckir, svo sem er skynsamligt vandlæti í kénníngunni, roksemi yfirvaldsins í stjórninni, alvørugéfni skólameistara, foreldra og húsbænda í tiptaninni og umvønduninni, hver sem steitir sig á þessu, hann sami hneixlar merkiliga sjálfan sig; svo hneixludu þeir sig á Mósi Guds manni, því hann rak Guds eyrindi skørugliga; á Elía, Michea og Jeremía, af því þeir vandlættu í Guds stad; á sjálfum Christó, því hann heidradi sinn Fødur, en þeir vanheidrudu hann; á hans postulum, því þeir hlýddu framar Gudi enn mønnum. Sá, sem steitir sig á annars hæglæti, og meinar sér leyfist allt vid hann ad gjøra, því hinn er ecki heiptrækur, hann hneixlar sjálfan sig; svo hneixludust Israels synir á Mósi, því hann var hinn þolinmódasti madur á jørdunni, á Christó, því hann hrópadi ei né kalladi, hann át og drack med tollheimtumønnum og bersyndugum. Sá sem er rángeygdur, ef nockur er gódgjarn, hann hneixlar sjálfann sig, svo voru þeir ed fyrstir voru leigdir í víngardinn, en øfundudu hina, sem ecki høfdu nema eina stund erfidad; svo var háttad bródur hins fortapada sonar, er ecki gat lidid ad hans fadir mýskunadi sig yfir hann; svo eru og allir þeir, ed sjá ofsjónum yfir annara velgengni og luckuláni, svo sem hefdu þeir af Gudi eins mikid, edur meira, forskuldad. Sá ed vogar sér í nockurn selskap, sem hønum er ofvaxinn, edur leggur lag sitt vid þá, sem hann kann ad hljóta skada af, hann hneixlar sjálfan sig; því bannadi Gud sínu fólki ad taka til egta Kanaans dætur, edur ad gjøra sáttmála vid þá, er hann útrak frá þeim, ad ei yrdi þeir þeim ad snøru; því bannar Salómon ad hafa umgengni med reidigjørnum manni; þad máltæki er satt: ef nockur tekur á tjørunni, þá lodir hún vid hann; hefdi Israel ecki samlagad sig skjækjunum í Móabs landi, þá hefdi ecki svo skélfilig Guds hegníng yfir þá komid;

hefdi Samson ecki bundid svo fasta ást vid Dalíla, þá hefdi hann augunum haldid, og hefdi Pétur ecki gengid inn í biskups hollina, mundi hann ecki hafa sínum Meistara afneitad. Sá sem reidir sig uppá sjálfann sig edur sitt atgjørfi, abl, vitsmuni, magt, ríkdóm, edur nockurn annann hlut, en gleymir því, ad hann hafi þad þegid, hann hneixlar hvad mest sjálfan sig, og kann ecki óluckuna ad umflýa; þad kénna oss dæmi Egyptalands, Assyríæ og Kaldealands konúnga, er á augnabliki urdu upprættir, því þeir gáfu ecki Gudi dýrdina. Og hefi eg svo nockud um hneixlid talad; en hvert ad sé þess straff, þad segir Frelsarinn med þessum ordum: vei þeim manni, fyrir hvern ad hneixlanin kémur; en hvad þad sé, kénnir hann oss sjálfur, er hann sagdi: vei þeim manni, sem manusins Son forrædur! og hér í gudspjallinu má þad sjá, ad hann, sem ecki kastar frá sér þeirri hønd edur fæti, sem hann hneixlar, hann hefir forþénad ad kastast í eylífan eld; sama er ad segja um hinar adrar greinir af hneixlinu, því ecki skulum vér meina, ad sá, sem børnin hneixlar edur adra Guds vesalínga, hann muni sleppa þar med, ad mylnusteinn heingdist um háls hønum og verdi í sjáfardjúp sócktur, heldur tekur Drottinn til þessa, eins og hins smánarligasta lífsstrafs á medal Gydínga, til ad sýna stærd þessarar syndar. Þarfyrir, kristnir menn! géfid nú gjætur ad þessari voldugu Drottins prédikun og látid ydur hana í eyrum loda, ransakid ydar undanfarid líferni og spyrjid samvitsku ydar ad, hvern þér hafid dregid med ordi, verki, edur eptirdæmi, á vondan veg, med gjálífi, med lauslæti, med fégirni, med hofmód og oflæti, og í einu ordi ad segja, med dýrkan veraldarinnar og hennar muna, og ef hann gengur enn nú á hønum, þá leggid allan hug á ad leida hann á hina réttu leid, ef þér viljid lifa, og ydrist hins af hjarta. Sá, sem nockru stolid hefir, hann á eptir Mósis løgmáli ferfaldt ad gjalda; Sacheus sagdi vid Krist, þegar hann ætladi sér kristinn ad verda: hafi eg nockrum rángt gjørt, þá géld eg þad ferfaldt aptur; en svo miklu dýrari sem sálin er fénu, svo miklu þýngri sem Guds reidi er mylnusteininum, svo miklu fegra sem himnaríki er stundligu eptirlæti, svo miklu meiri hug skyldum vér leggja á, kristnir menn! ad bæta þeim aptur, sem vér rænt høfum sínum andligum fésjód. Nær þér sjáid eitt úngmenni, einn vesælíng, einn, sem Drottinn býdur ad medtaka í sínu nafni, þá hugsid med ydur: smáir eru þessir ad vísu, en hann er stór, sem er þeirra fadir og þeirra bródir: smælíngjar eru þeir ad sønnu, en hneixlid er stórt, syndin er mikil og straffid óbæriligt: vesælíngar eru þeir, en sæll er sá, sem ecki hneixlar sig á þeim, því hann hneixlar sig á Christó, en vei sé hinum! Þarfyrir, ef þér viljid Guds vinir vera, ef þér viljid sáluhjálpina erfa, ef þér viljid heilagra engla þjónustu njóta, ef þér viljid helvítis kvalir umflýja, þá géfid þeim eckert hneixli, hverki med ordi, verki, né eptirdæmi, því nær þér hneixlid þessa, þá hneixlid þér sjálfa ydur; þarfyrir, medtakid þá í Christi nafni, svo medtakid þér hann og fáid ad heyra á hinum efsta degi: þad þér gjørdud einum af þessum mínum minstu brædrum, þad gjørdud þér mér! Þess unni oss ad njóta hin eylífa Guddómsins hátign, fyrir Jesú blessada forþénustu, amen!

Atjánda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 22 Kap.

Í þann tíma, þá Pharísearnir heyrdu þad, ad hann hafdi nidur þaggad þá Saddúceos, samansofnudust þeir í eitt; og einn løgvitríngur af þeim spurdi hann ad, freistandi hans, og sagdi: Meistari! hvørt er hid hæsta bodord í løgmálinu? en Jesús sagdi til hans: Þad, ad þú skalt elska Drottinn Gud þinn af øllu hjarta þinu, og af allri øndu þinni, og af øllu hugskoti þínu, þetta er hid fyrsta og stærsta bodord; en hitt annad er þessu líkt, þad, ad elska skaltu náúnga þinn svo sem sjálfan þig; í þessum tveimur bodordum er innibundid allt løgmál og spámenninnir. En þá Pharísearnir voru svo til samans komnir, spurdi Jesús þá ad, og sagdi: hvad virdist ydur um Krist, hvørs son hann sé? þeir søgdu hønum: Davíds; hann sagdi þá til þeirra: hvørninn kallar Davíd hann þá í anda einn herra, þar hann segir: Drottinn sagdi mínum Drottni: sit þú mér til hægri handar, þángad til ad eg legg óvini þína skör fóta þinna; nú ef Davíd kallar hann einn herra, hvørninn er hann þá hans sonur? og enginn gat svarad hønum einu ordi, og eigi dirfdist nockur upp frá þeim degi hann framar ad spyrja.

E x o r d i u m.

Tveir eru partar kristiligs lærdóms, løgmálid og evangélium; løgmálid er fyrir Mósen útgéfid, en nád og sannleiki er fyrir Jesúm Christum vordinn. Jóh. 1; af løgmálinu verdur enginn hólpinn, því þad verkar reidi; fyrir trúna í evangelíó verdum vér réttlátir; Móses segir oss, hvad vér egum ad gjøra, Kristur, hvernínn vér egum ad trúa; Móses fór med skugga eptirkomandi gjæda, í Kristó er sjálfur líkhaminn oss veittur. Nú er þetta þó ecki svo ad skilja, ad fedurnir í G. Testamentinu hafi af evangélíó hlutlausir verid; sjá, eg kém, í upphafi bókarinnar stendur skrifad af mér: þinn vilja, minn Gud! gjøri eg, segir Messías fyrir Davíds munn, Ps. 40; hver er sá hans vilji? sá, ad kvinnunnar sædi skyldi í sundurmola høggormsins høfud; fyrir þad blessada fyrirheit hafa þeir allir hjálpast eins og vér, sem hólpnir eru vordnir, allt þar til ad Kristur leiddi sannleikann í ljós. Fyrir trúna vard Abraham réttlátur, og fyrir trúna segir Petur, ad fedurnir hafi hólpnir vordid; en svo sem þeir voru ecki án evangélii og þess ástgjafa, svo skulum vér þad og vita, ad vér ecki erum án løgmálsins. því Drottinn kom ecki til ad uppleysa, heldur ad uppfylla løgmálid, Matth. 5. Satt er þad, ad þeir sem Kristó tilheyra, þeir eru ecki undir løgmálinu, þad er, undir løgmálsins bølvan, en þó krossfesta þeir sitt hold med þess girndum og tilhneigingum, Gal. 5; þad heimtist ecki af þeim, ad þeir uppfylli løgmálid, en þess krefur Gud, ad menn lifi eptir því sem fremst vér megnum; edur því mundu hans postular svo opt bjóda oss ad lifa gudrækiliga, sparsamliga og réttvísliga í heimi þessum? því mundi Jakob segja, ad trúin sé daud án verkanna? því mundi Frelsarinn sjálfur útleggja løgmálid, og vísa mønnum til þess, ef ecki ættum vér eptir løgmálinu ad lifa. Þetta sjáum vér í þessa h. dags evangélíó, í hverju oss verdur fyrir sjónir sett øll skylda kristins manns, sem fólgin er í þessu tvennu: 1) ad elska Gud og náúngann; 2) ad þeckja Christum og hans persónu réttiliga; um þetta hefi eg ásett mér framar ad tala; en þú, gódi Gud! styrk oss hér til med nád þíns anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Í hinu fyrra höfum vér tvø bodord ad athuga, sem er, ad elska Gud, og annad, ad elska náúngann; þad fyrra kallar Drottinn hid ædsta og mesta bodord í løgmálinu svo sem von er á, ecki einúngis þess vegna, ad eckert er svo ypparligt, svo dásamligt, svo mikillar elsku verdt, sem Gud, heldur og þess vegna, ad øll ønnur bodordin hafa sinn krapt og myndugleika af því, þar allt hvad vér gjørum med ord og verk, hversu vel sem þad sýnist gjørt, þad er ónýtt, utan þad framkomi af elskunni og virdíngunni til Guds. Allt þad, sem Gud hefir bodid, þad egum vér ad gjøra, af því vér óttumst og elskum hann, en hann egum vér ad elska fyrir þá ómetanligu yfirburdi, er hann hefir yfir allar sínar skepnur, hans magt, hans dýrd, hans réttlæti, en þó allra mest fyrir hans gjæsku, því vér høfum ei svo skynbragd á ødrum greinum hans dýrdligu hátignar, en hana finnum vér og þreifum á henni á hverju augnabliki, því hann uppfyllir vora eptirlaungun med gjædum, segir Davíd, Ps. 103. Og ef vér fyrst viljum hugleida gjæsku hans í líkhamligan máta, er hann þá ecki sá, ed hefir gefid oss ønd og líkhama? því skyldum vér þá ecki elska hann af allri øndu vorri? hefir hann ecki innplantad rád og skilníng í sálir vorar? því skyldum vér þá ecki elska hann af øllu hugskoti voru? hefir hann ei gefid oss hjartad, sem er bústadur elskunnar? á hverjum skyldi hún heldur festa sig, enn á hønum, sem hana hefir sjálfur tilreidt og búid svo dásamliga um hana? mun hann ei vera sá, í hverjum vér lifum, erum og hrærumst? Act. 17, uppfyllir hann ecki hjørtu vor med fædslu og føgnudi? upplýkur hann ecki sinni mildu hendi og sedur allar lifandi skepnur? Ps. 145, og hvad mest hina óþacklátu manneskju. O, vor Gud! eg huxa til þess, er Drottinn brixlar sínu fólki hjá Jeremíam, segjandi: hefi eg verid Ísrael svo sem eydimørk, edur jord sú, er tapar ávextinum? Jer. 2; Gud gjæfi, ad vér vildum og láta oss til rifja renna þessa hans fodurliga hjartagjæsku, og athuga, hvad orlát hans mildi hefir verid, hversu vísdómsfull hans guddómliga forsjón, ad hann hefir alid oss á þessum árum, ei sídur enn frjóssom jord akurkarlinn ad hønum sofandi, á hverjum vér høfum þó hvad verst lifad; ef vér hugleidum þetta, ad minnsta kosti í hvert sinn, er hann veitir oss nockurn sérdeilis velgjørníng, þá mundum vér heldur leidast til ad elska Gud, og ecki segja med gudlausum Júdum: vér drotnum og viljum ei framar til þín koma, Jer. 2. Og þó nú ad Drottinn láti oss kenna hardt á stundum, annadhvert alla almenniliga, edur og nockra sérílagi, til ad tipta oss þar med, lífada kálfa, Jer. 31, edur til ad reyna sín børn, þá egum vér samt ad elska hann, því hvern þann son, sem Fadirinn elskar, þann agar hann, segir Páls, Hebr. 12; en ef þetta er hans elskumerki, hvílík fásinna er þad þá, ad elska hann ei aptur á móti, og Gud nádi, þad eru þó svo fáir, sem gjøra þad. Svo sem þad er lítill heidur haldinn, ad elska vini sína medan þeir kunna ad duga oss, svo er þad lítid ræktarmerki vid Gud, ad elska hann alleina medan allt ad óskum gengur; en svo sem gullid reynist í ofninum, svo prófast og elskan til Guds í mótgánginum; og hvad morgum hefir hann þríst til ad elska hann, sem því ádur fjarlægir voru, og hafa menn til þess

fulla orsøk, nær menn gjæta þess, ad hvad sem hans elskendur vantar hér, þad mun oss margfaldliga endurgoldid verda í upprisu réttlátra; þad vottar sjálfur Drottinn, er hann segir: hver, sem ad yfirgéfur hús, og brædur, og systur, edur fødur, edur módur, edur eginkonu, edur børn, edur akra, fyrir míns nafns sakir, hann skal fá hundradfaldt aptur og eignast ad erfdum eylíft líf, Matth. 19, en hvern, sem ad hann sviptir øllu þessu, edur svo miklu edur litlu, sem honum þóknast, og hann elskar samt Gud sinn og kyssir á hans vønd, hann gjørir allt hid sama. Munum vér þá nockud minnast harmkvæla þessara túna, nær vér skínum eins og sól í ríki vors Fødurs? Matth. 13; mun sonurinn reikna þau høggin, er fadir hans sló hann, nær hann situr í tign og heidri? Því er þad fávíslígt, ad vilja ei kaupa þessu, og því skyldum vér þá ei elska vorn himneska Fødur, jafnvel midt í hørmúngunum. En hvad almenniligri tiptan vidvíkur, þá gjæfi Gud, ad vér vildum eins lyndir og samhuga vera í því, ad elska Gud, þó hann agi oss, sérdeilis þar vér í þessu fátæka landi megum játa þad, ef vér adgjæta viljum, ad hann burtrekur ecki eylífliga; vér megum þeckja þad vid oss framkomid vera, sem hann heitir sínu fólki fyrir munn Jóels spámanns: eg skal endurgjalda ydur þau árin, sem ad engisprettan, tréormurinn og grasmadkurinn hafa eydt fyrir ydur, Jóel 2; ó, vor Gud! því skyldir þú manninum betala? hver hefir þér nockurn tíma géfid, svo þú þurfir honum aptur ad géfa? Róm. 11; viljir þú gjalda oss eptir verdugleikum, þá eru vor laun daudinn; vér høfum ecki annad medtekid í straff syndarinnar, enn hvad vér tilunnid høfum, og þad med nærsta smáum mælir, en því veldur þín gjæska, þín fødurlig elska, ad þú vilt svo ad ordi komast. Þarfyrir hugleidum nú, kristnir menn! hafi Gud tiptad oss óhlýduga synda-þræla med óáran nockurri, edur ødrum landplágum, hefir hann oss þad ecki margfaldliga aptur goldid med hinni mestu árgjæsku og ødru blídlæti sínu? skyldum vér nú elska nockurn jafnframt honum, er svo leikur vid oss, eins og børn sín? En hvad segir Drottinn, fyrir munn Jóels, sídar í þessum sama kapítula: nær þér etid jafnadarliga og erud mettir, munud þér lofa nafnid Drottins? en hvert ad hinn gódi Gud hefir ei optliga fundid brest á þessu hjá mørgum af oss, þad bid eg þá ad hugleida, um hverja eg hygg þad rétt talad sé, er stendur hjá Hóseam spámanni í 13 kap: undir eins og þeir saddir urdu, hófst upp hugur þeirra, þarfyrir hafa þeir gleymt mér. En øll þessi líkhamlig blessan, svo mikil sem hún er, sem þó er svo mikil, ad aldrei verdur hún fullþockud, þá er hún þó smámunir hjá hinum andligu gjædum ad reikna, er oss veitt eru í Jesú Christó. Fáum oss er tamt ad elska Gud fyrir þær gáfur, sem allir jafnt njóta: fyrir hans sól, er hann lætur skýna yfir vonda og góda, fyrir þad regnid, er hann falla lætur yfir rángláta og réttláta, Matth. 5; hvar fyrir? því ad allir meina sig þess verduga, fyrst allir hafa þess sømu not, en ávøxturinn verdur þó meiri hjá sumum, en sumum minni, jafnvel þótt ad tveir hafi hina sømu atburdi, því blessan Drottins er þad, sem húsid byggir; en hans heilsusamlig nád í Christó er augljós vordin øllum mønnum, Tít. 2, hún er aldrei ávaxtarlaus hjá þeim, sem hana medtaka vilja, og þar er enginn mismunur á øllum þeim, sem jafnt bera sig eptir henni; því hjá honum er eckert manngreinarálit; þar er hverki Gydíngur né Griskur, þræll edur frelsíngi, heldur allir eitt í Jesú Christó, Gal. 3; en fyrir þessa háleitu Guds velgjørninga

elska flestir hann hvad minnst; hvar fyrir? því menn dæma eptir holdinu, en holdid skinjar ecki hvad Guds anda er, 1 Cor. 2. Athugum þó hvert meira er, ad skapa himin og jord, edur ad láta Gud, sem hverttveggja skóp, taka á sig líkíngu syndugs holds, Róm. 8; ad skapa manninn, edur ad endurskapa hann; ad gjøra hans líkhama af moldu, og blása lifandi anda í hans nasir, edur ad skapa í honum einn nýan mann, og géfa honum H. Anda; ad leggja alla hluti undir hans fætur, Ps. 8, edur ad géfa sinn eingétinn Son út fyrir hann, ad hann fyrirfarist ecki, heldur hafi eylíft líf; ad géfa honum jardneska fædslu, edur ad ala hann á síns Sonar holdi og blódi; ad géfa honum þrótt og atburdi til ad útvega næríngu sína, eda géfa honum styrk í mótgánginum, freistíngunum og ofsóknunum; hvert er meira, ad géfa honum vit og rænu til ad sjá fyrir þessu líkhamliga lífi, edur sitt heilaga ord, sem hann uppfrædir til eylífs lífs, og ad upplýsa bædi viljann og skilnínginn, ad hann geti bædi þeckt Gud og elskad? hvert er meira, ad géfa honum málid til ad tala vid sína líka í heiminum, edur ad gjora hans túngu vel talandi, svo hann fái vid sjálfan Gud talad? og ad sídurstu, hvert er meira, ad géfa honum gull og silfur, akur og kvikfénad, edur ad útvega honum þann féssjód, sem er á himnum, hverjum ei kann molur né rid ad granda, Matth. 6, hver ed Guds egid blód og hans dýran dauda kostad hefir? sá sem þetta saman ber, hann mun finna, ad svo miklu ædri sem sálin er líkhamanum, svo miklu fegri sem himnaríkis dýrd er forgengiligu glisi veraldarinnar, já, svo miklu ædri sem Gud er øllum sínum sképnum, svo miklu heitara egum vér hann ad elska fyrir hina andligu velgjornínga heldur enn þá líkhamligu, þvíad í þessum veitir hann hvad forgengiligt er, enn í hinum sjálfan sig, sem ad blífur, sem er einn og hinn sami, og hans ár þrotna ecki, Heb. 1; og hver, sem Gud alleina fyrir jardneska muni elskar, hann hefir alleina matar ást á honum, eins og einn hræsnari, sem tilbidur hinn ríka á medan hann elur hann. Og fyrir þessar ómetanligu Guds ástgjafir, egum vér hann nú ad elska hvad mest, af øllu hjarta voru, og allri øndu vorri, og øllu hugskoti voru, það er: af øllum sálar og lífs kroptum, svo sem Davíd býdur: lof seg þú ønd mín Drottni, og allt hvad í mér er hans heilaga nafni. En sú elska, er vér á Gudi høfum fyrir tímanliga muni, hún á ad vera svo kroptug, ad hún nái því máli, er hann tilætlad hefir, sem er, ad hún leidi oss til ad elska hann í Christó og fyrir Christum, hvers elska ad Pálus segir ad sé betri enn allt ad vita, og hann lýsir bølvan yfir þeim, sem ecki elska Drottinn vorn Jesúm Christúm; og þetta er nú svo talad um hid mesta og ædsta bodord í løgmálinu. Hitt annad er þessu líkt, segir Frelsarinn: elska skalt þú þinn náúnga sem sjálfan þig. Sér hefir Gud sjálfum hinn fyrsta og mesta heidur skilid; en fyrir því, ad sá, sem segist elska Gud, en hatar sinn bródur, hann er ljúgari, segir Jóhannes, 1 Jóh. 4, þá er audsært, ad náúngans elska fylgir Guds elsku jafnan á eptir; þess vegna samtengir og Lausnarinn þessi tvø bodord, því hverugt má annars missa, sá, sem elskar Gud, hann elskar sinn bródur, og enginn elskar sinn bródur réttiliga, nema hann elski hann fyrir Guds sakir; hér til þarf og mikla alvøru, og þar bodord þessi eru svo skyld, þá rídur eins mikid á bádum. Svo sem helvíti er víst þeim, sem ecki elskar Gud, svo segir og Kristur, ad sá, sem reidist bródur sínum, hann sé sekur helvítis elds, Matth. 5; þetta bodord þykir mørgum

nærsta þúngt, og sérdeilis eptir því, sem Kristur útleggur það hjá Matthæum segjandi: elskið óvini ydar, blessið þá er ydur bölva, gjörið þeim gott, sem hata ydur, og biðjið fyrir þeim, sem eru ydur mótfallnir og ofsækja ydur; en Jóhannes segir þó, að hans boðorð séu ecki þúng; eg vil og segja, að eckert boðorð er réttvísara og eckert nytsamligra til velferðar: réttvíst er það, því hann hefir oss það boðið, sem er sjálf réttvísin, sem á vald á að bjóða oss hvað hann vill, sem elskaði oss, þá vér vorum hans óvinir, sem að engum er um neitt skyldugur, en vér erum hönum skyldugir um sál og líf, og allt hvað vér erum; gagnsamt er það, því sá, er svo gjörir, hann vinnur hinn bezta hlut, því hann verður af Guði elskaður; hver er þvílíkur hlutur, sem að vita syndir sínar kvittar? en það veit hann, sem svo elskar óvin sinn, að hann tilgéfur hönum hans misgjörðir, að vitni Frelsarans, er hann sagði: ef þér fyrirgéfið mönnunum þeirra misgjörðir, þá mun minn Faðir tilgéfa ydur ydar syndir; því vil eg segja hið sama hér um, og Páll sagði um mann og kvinnu: sá sem elskar sína eigin konu, hann elskar sjálfan sig, Eph. 5, og allt hið sama gjörir hann, sem elskar sinn bróður, og hver, sem hann hatar, hann hatar sjálfan sig. En þessa elsku til náúngans eigum vér að auglýsa, ecki með orði og túngu, heldur með verki og sannleika, annars elskum vér ecki réttiliga. Guð einn veit, hvað í hjartanu byggir, því hann ransakar nýrun, það veit maðurinn ecki, hann dæmir af ávöxtunum; því kann eg ecki að segja, að sá elski sinn náúnga, sem eckert gott lætur af sér leiða; þar til géfur Jakob mér orsök, er hann segir: ef systir eður bróðir eru nakin, og vantar dagligt viðværi, en einhver ydar segir: farið í friði, vermið ydur og mettist, en géfið þeim þó ecki það líkhaminn við þarf, hvað gagnar það? Og þetta er nú svo framsagt um þessi tvö stóru boðorð, í hverjum Frelsarinn segir, að allt lögmálið og spámenninnir séu innifaldir; en þegar vér nú ransökum hvað mikið oss vantar á, að fylla þessi Guðs boð, þá mun oss til hugar koma að leita eins annars lærdóms, hvar fyrir vér kunnum hólpnir að verða; til hans vísar oss Kristur í sinni spurníngu til Gyðínga, er hann sagði: hvað virðist ydur um Krist, hvörs son hann sé? hvar um vér viljum nú með fáum orðum tala í hinni síðari greininni.

Gyðíngar höfðu framsett fyrir Drottinn tvær ónytju spurníngar, áður enn þessi kom til um boðorðin; aðra báru Pharísei og Heródis þénarar fram, hvert að leyfðist að géfa keisaranum skatt eður ei; þeim svaraði hann útaf, ef eg má svo að orði komast, sem verðugt var, því maðurinn skal ei svara einum dára uppá sitt tal; aðra Saddúcei, er þeir spurðu, hvers að konan skyldi verða í upprisunni af sjö bræðrum, sem allir höfðu haft hana; þá niðurþaggaði hann, og straffaði þeirra óviturleik; þessi var hin þriðja, og voru um hana ýmsar meiningar hjá Gyðíngum: aðrir héldu hin helztu vera um fórnirnar, aðrir umskurnarinnar lögmál, nockrir um hvíldardaginn; en Drottinn, er sjálfur hafði lögmálið útgéfið, í hverjum að bjuggu allir fjársjóðir vizkunnar, hann leysti úr henni án umþenkíngar, til þess að sýna þeim; hvað mikið þá vantaði á Guðs h. lögmáls uppfylling, sem meintu hana að vera einúngis fólgna í útvortis verkum, en ecki til að kénna þeim, að nockur gjæti af lögmálinu hólpinn orðið, og því vísar hann þeim til Christum og hans persónu, svo þeir vel mættu læra sáluhjálparinnar veg, hefðu þeir haft vilja eður vit á

eptir ad taka, edur framar hér um ad spyrja, eins og Nicódemus. Hvad virdist ydur um Krist, hvers son hann sé? segir Frelsarinn; þeir sögdu honum: Davíds. Ecki neitar Drottinn því, ad hann væri Davíds son, svo sem ei var von til; Gud hafdi Davíd heitid, ad hann vildi géfa honum einn son, hvers ríki ad skyldi eylíft verda, 2 Sam. 7; hann er sonur Davíds eptir holdinu, sem Páls vottar, hann er gjördur af sædi Davíds; en þessi hinn sami Davíds-sonur, sem ad er fæddur af fedrunum eptir holdinu, hann er þó Gud blessadur um aldir; því segir nú Lausnarinn framvegis: hvernin kallar Davíd hann þá í anda einn herra? Enginn fadir er svo audvirdiligur, og enginn sonur svo megtugur, ad fadirinn kalli soninn herra; látum vera, ad einn fadir sé ecki kongborinn, og syninum konúngstign hlotnadist, svo ad fadirinn kalladi hann herra, af því hann ber Guds persónu á jördunni; en hverninn mátti þad eiga heima hjá Davíd, hver ed sjálfur var konúngur, og átti sér engan ædri, nema Gud alleina, sem býr í himninum og er allra Drottinn? því er þad audséd, ad sá er Gud og Guds Sonur, er hann herra kallar; þarfyrir segir Frelsarinn: ef Davíd kallar hann herra, hverninn er hann þá hans sonur? og svo ad enginn kynni ad leida sér í hug, ad þad væri nockur af englunum, edur höfudenglunum, sem Davíd kallar herra í þessum stad, þá særir Drottinn til síns máls þá grein af spádómi Davíds, sem engum engli edur nockurri sképnu tilheyrir, og ecki utan alleina Guds Syni, sem er sannur Gud, Gudi Fodur og H. Anda sameylífur og samjafn ad allri tign, magt og veldi, og þó sannur madur vordinn, svo miklu ædri englunum eptir manndóminum, sem hann hefir þeim ædra nafn, þad er tign, hlotid fyrir íbúd guddómsins, þá segir hann: Drottinn sagdi mínum Drottni: sit þú mér til hægri handar, þar til eg legg óvini þína til skarar fóta þinna; þvíad til hvers af englunum hefir hann nockurn tíma sagt: sit þú mér til hægri handar? segir Páls, Hebr. 1; já, engillinn kvadst vera samþjón Jóhannis, er hann taladi vid hann í Opinberaninni, hverninn mátti þá Davíd nockurn engil sinn herra kalla? Sú er þá meiníngin í þessu tali Frelsarans vid Gydínga, ad Kristur sé Davíds son, þad er, af fedrunum fæddur eptir holdinu, og þó Guds Sonur, af honum gétinn fyrir allar aldir, þad er, sannur Gud og sannur madur í einni persónu. hvad og sjá má af þeim málshætti: ad sitja til Guds hægri handar, hvad engum gétur tilheyrt, nema þeim, sem er ein persóna, samsett af guddómi og manndómi. Þetta hefdu Gydíngar kunnad ad læra, og þó miklu skiljanligar og betur, enn nockur syndug túnga fái útmálad, hefdu þeir lagt nockurn huga á sitt mál og spurt fremur hér um; en vér, sem fengid höfum þad ad heyra, og trúum því, sem þeir heyrdu ad sönnu, en trúdu þó ecki, vér, hverjum Kristur er fyrir augunum málradur í hans ordi, vér skulum reikna oss þad fyrir eylífan sóma og hina ædstu huggun, ad Gud er madur vordinn, og ad vort hold er upphafid á Guds tignarstól fyrir íbúd Guddómsins. En hvad er þad, ad sitja á hægra veg Gudi? þad leggur Páls út, er hann segir, 1 Cor. 15: honum byrjar ad ríkja, þar til hann leggur alla óvini til fótskarar honum; en hvílíkt er þetta ríki? þad er, ad hann er settur yfir allan höfdíngskap og veldi, og krapt, og herradæmi, og öll nöfn, sem nefnast, ecki einasta í þessari öld, heldur og hinni tilkomandi, Eph. 1; en undan þessu dýrligu ríki urdu píslirnar ad gánga; því lýsir hann sjálfur, er hann taladi vid þá tvo, sem til

Emaus gengu, Lúk. 24, og lagdi út fyrir þeim ritníngarnar, segjandi: hlaut ei Kristur þetta ad lída og inngánga sídan í sína dýrd; Guds Sonur er ad sønnu konúngur frá eylífd; þess gétur Davíd, segjandi: Gud! þinn tignarstóll varir um aldur og um aldir alda. Enginn má konúngur heita, nema hann ríki hafi, en mannsins Sonur braut sig til ríkis í gegnum píslirnar, daudann og port helvítis, þegar hann tók herleidínguna ad herfángi, en útsuaradi honum, sem hefir magt myrkranna, og settist á Guds hátignarstól, lifir og ríkir ad eylífu, svo ad hann er vor konúngur vordinn eptir vorri náttúru, en vér hans brædur, þad er oss eylíf huggun; verdi eg aumari enn Lazarus, verdi eg auðvirdiligri enn hans postular, verdi eg afrak og hreinsunar fórn veraldar eins og þeir, verdi eg svo fátækur, sem sjálfur hann, ad eg ecki hafi þar eg kunni ad halla ad høfdi mínu, þad er mér nóg, ad mitt hold og blód ríkir á himnum og situr á hægra veg Gudi, med hverjum hann fædir mig og dryckjar til stadfestu þar um, ad eg, sem med honum líd, muni og sídan med honum ríkja, og hversu sem minn líkhami yrdi afskræmdur af volædi og vesøld, þá skal hann þó verda samlíkur hans dýrdligum líkhama; já, þad er mér ecki lítil huggun, ad þad sama hold og blód, sem situr á Guds hægri hønd, þad medtek eg í h. altarisins sakramenti til styrkíngar um kvittun synda minna, þvíad í þeim líkhama, sem brotinn var á krossinum, og í því blódi, er þar var úthellt, í því sama byggir øll fyllíng Guddómsins líkhamliga, svo þegar eg medtek líkhama og blód mannsins, þá medtek eg og sjálfan Gud, á móti hverjum eg syndgad hefi, og af hverjum hvad mest hángir verdugleiki míns syndagjalds; þarfyrir, nær eg skélfist af stærd synda minna, þá verd eg af þessu huggadur, því ef ad mitt hjarta fordæmir mig, þá er Gud meiri hjarta mínu, og þad mun aldrei bregdast, er Gud hefir heitid í Christó, fyrir munn Jeremíæ: ef leitad verdur ad ránglæti Israelis, þá skal þar eckert vera, og syndir Júda skulu engar finnast, því eg mun fyrirgéfa þeim, er eg mun eptirskilja. O, minn herra, Jesú! fyrir hvers skuld mun þad vera, ad þinn Fadir midt í reidinni minnist á myskunsemina? Hab. 4, hvar fyrir brestur hans hjarta í honum, svo hann hlýtur syndaranum myskunsamur ad vera? Jer. 31; hvar fyrir skédur þetta, Drottinn minn! nema fyrir þína medalgaungu, sem situr honum á hægra veg? Þegar eg séd eina þreytta sál, og uppfylli sérhverja ángráda sál, þá vaki eg til þess, minn svefn er mér jafnan sætur, segir Drottinn, eptir mannligum plagsid, til ad útmála sína elsku til mannkynsins í Christó Jesú; vér segjumst ad vera vaknir og sofnir í þeim hlut, er vér høfum yndi af, og svo talar hann hér um sig, hver þó ecki sefur og ecki syfjar hann; ó, Gud gjæfi, ad vér værum eins árvakrir og ydjusamir í hans þjónustu; já, hvad stór og ómælanlig sé hans gjæska yfir þeim, sem jafnvel hafa hinar verstu syndir drýgt, þad segir hann skømmu sídar med þessum allra hjartnæmustu ordum: ef ad himininn verdur mældur ad ofan, edur rannsakadur grundvøllur jardarinnar ad nedan, þá skal eg forsmá allt Israels sædi fyrir allt þad þeir gjørt hafa; en svo sem þad er ómøguligt øllum, nema honum einum, sem himininn hefir útþanid og mælir hann med sinni spønn, og jørdina hefir grundvallad, svo er þad ómøguligt, ad Brunnur myskunseminnar verdi uppausinn, hver ed aldrei tæmdur verdur, nema af þeim, sem ecki vilja koma til þessara vatna og forsmá ríkdóm hans þolinmædis, þar til þeir hafa uppfyllt mælir

syndanna? Hvad innn nú valda því, kristnir menn! ad hann, sem er einn fortærandi eldur, sá ed brennur allt til hins nedsta helvítis, hann vill þó vera oss syndugum ormum svo nádugur? hvad veldur því, ad himnaríki lídur svoddan ofriki? hvad annad enn þad, ad hann, sem er sjálfur Gud, hann situr í voru holdi, hverja hann skammast sín ecki brædur ad kalla, hann situr, segi eg, til Kraptarins hægri handar og bidur fyrir oss; þessi er sá stéri leyndardómur, hvern Páling segir, ad vitríngar veraldar hafi ecki skynjad, en þó er opinberadur oss, sem erum Guds smælíngjar; ó, þá stóru nád! ó, þau djúpu myskunar ydur Guds, í hverjum hann hefir vitjad vor, upprunninn af hædum! honum sé lof, dýrd og heidur, speki og kraptur, um aldir alda, amen!

Nítjánda Sunnudag eptir Trinitatis.

Gudspjallid, Matth. 9 Kap.

Í þann tíma, Jesús sté á skip, for hann yfir um aptur og kom í sína borg; og sjá, ad þeir færdu til hans limafallssjúkan mann, þann er lá í sinni reckju. En þá Jesús leit nú þeirra tru, sagdi hann til hins limafallssjúka: vertu hughraustur, sonur! þínar syndir eru þér fyrirgéfnar. Og sjá, ad nockrir af skriftlærdum sogdu med sjálfum sér: þessi gudlastar. Og sem Jesús sá þeirra hugrenníngar, sagdi hann: hvar fyrir hugsid þér svo vondt í ydrum hjørtum? hvørt er audveldara ad segja: þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, elligar ad segja: statt upp og gack? en svo ad þér vitid, þad mannsins Sonur hefir magt á jørdu til ad fyrirgéfa syndirnar, þá sagdi hann til hins limafallssjúka: statt upp, tak í burt sæng þína, og gack í þitt hus; og hann stod upp og for í sitt hus. En þá folkid sá þetta, undradist þad, prísandi Gud, sá ed þvílíka magt hefdi monnunum géfid.

Exordium.

Marga hluti kalla menn vonda í heiminum, þar er þó enginn vondur, nema syndin alleina; vér køllum straff syndarinnar íllt, en þad er þó ecki íllt í sjálfu sér, því þar er enginn ólucka, ad ei komi hún frá Gudi, sem er alleina gódur; fyrir vora skuld verdur þad íllt, sem þad forþénad høfum med syndinni, og verdur þad þó mørgum gott, sem því taka svo sem Guds børn sér til andligrar heilsubótar. Væri þar engin rót, þá væri ecki heldur neinn ávøxtur, og væri þar engin synd, þá væri engin ólucka; daudinn er verdlaun syndarinnar, segir Páll, svo er og allur hans her, sem undir hann þjónar, sjúkdómar, ørbyrgd, hallæri, ofsóknir, blóds úthellíngar, skadrædi af vøtnum og vodaeldi. Svo er þá syndin hin einasta orsøk til allrar ólucku, andligrar og líkamligrar, þess gétur Esaias, 42 kap: hver hefir gjørt Jakob ad herfángi og eydilagt Israel, hefir ecki Drottinn gjørt þad, á móti hverjum vér syndgad høfum, og þeir vildu ecki gánga á hans vegum, og hann úthellti yfir þá grimd sinnar brædi og megnu strídi? og þarf hér ecki lángt ad røkum ad leita, Drottinn Jesús kénnir oss hér í gudspjallinu, hver ad sé orsøk til alls mótlætis mannanna, þar ed

hann sagdi vid hinn hálfvisna: vertu hughraustur, sonur! þér eru þínar syndir fyrirgéfnar. Viljum vér því af gudspjallinu læra: hvernig vér egum ad fá bót vid syndinni, í hverri vér aldir erum, hverrar illsku kraptur ad dagliga brýtst út um líkhama þessa dauda, spillandi allri vorri umgengni, en þad er tvennt sérdeilis: sem er: hrein ydran, og örugg trú og traust á Jesú forþénustu; hjálpa oss hér til, gódi Gud! med nád þíns Anda, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Drottinn sagdi vid þennan hálfvisna mann: vertu hughraustur, sonur! þér eru þínar syndir fyrirgéfnar; enginn efi er á því, brædur m! ad þessi vesælíngur hefir angrádur verid vegna synda sinna, er hann hefir þenkja mátt, ad væru orsök til síns kránkdæmis, þess vegna sagdi hinn gódi Meistari, er vissi hvad med manninum bjó, ad hans syndir væru honum fyrirgéfnar; en þú kristinn madur! sem þetta heyrir, athuga hvad Jesús svaradi sínum lærisveinum, Jóh. 9, er þeir spurdu hann, hvert hann, sem blindur borinn var, hefdi syndgad, edur foreldrar hans, Drottinn svaradi: hverki syndgadi þessi, né foreldrar hans, heldur svo ad Guds dýrd opinber yrdi; ecki meinti Jesús þad, ad hann, edur hans foreldrar, væru syndlausir, því þá hefdi hann ecki blindur fæddur verid, þar Gud straffar engan fyrir eckert, hitt meinti hann, ad hverki hann, né foreldrar hans, hefdu meira unnid til þessa vanskapnadar, enn margir adrir, heldur væri þessi vanheilindi, sem margur hefdi forskuldad, á hann lögd til ad birta Guds dýrd og almætti hans Sonar. Eg hygg þad sé mála sannast, ad ef Gud vildi tilreikna syndirnar, þá mundi fáir heilskygnir í veröldina fædast, fáir heilum fæti á jördina stíga, fáir óvisinn arm útrétta og enginn um eitt augnablik heill vera, heldur hefir Gud lagt sumar sképnur sínar í lima, til ad sýna þér, heilbrygdum, sína dýrd, og hvert vald hann hefir yfir þínum syndugum kroppi, ef hann vill í réttlætis dóm gánga; lát þarfyrir þau örkumslin, er þú á ödrum sér, en þú hefir til unnid, þrísta hjarta þínu til ad ydrast þeirra syndanna, er hafa þann góda Gud stygdan, er léut hefir þér heilvita sál í heilbrigdum líkhama, og leikur vid þig, eins og barn sitt, med allskonar medlæti, jafnvel þótt þú hann dagliga til reidi reitir. Hvernig á þá ydraninni háttad ad vera, barn Guds? hún á ad vera heit og alvarlig; þessi hálfvisni madur hefir án efa verid sorgfullur í hjartanu vegna synda sinna, þad kénna oss ord Christí, svo sem eg strax sagdi; forgéfins kémur þú, barn mitt! fram fyrir Gud til ad bidja um kvittun synda þinna, nema þig ángri þær, nema þú grátir beisklíga med Petri, nema þú þvoir Christí fætur med tárum hjarta þíns, eins og María, nema þitt hjarta brádni í þér svo sem annad vax, eins og Davíds, ecki svo mjög af tilfinníngu Guds reidi, svo sem af elskunni til hans gjæsku, sem upplauk þínum augum, er varst blindur borinn af módur lífi og daudur í syndunum, er þig hefir endurkeypt frá eylífu helvítis báli med síns Sonar dauda, og sparad þig sídan midt í syndunum; lát þér þad til hjarta gánga, ad þú hefir hann módgad og dagliga styggir, jafnvel med vitanligum syndum. Svo á Guds barna ydran háttad ad vera, og er hún Gudi svo þæg, svo sem ad syndin er honum leid, já, enn þá þægari, því syndin gétur aldrei svo stór vordid, ad ei sé meiri mysk-unin, hvar sem syndin yfirgnæfir, þá yfirgnæfir nádin miklu framar; svo litid gjörir Gud

úr syndinni, þegar hún er afþvegin med ydraninni, en hún á ad vera alvarlig, egi hún Gudi ad þécknast; sá sem vill af hjarta ydrast syndanna, hann skal vel rannsaka sjálfan sig, og halda reikníng vid sitt egid hjarta af ordum og gjørdum, og svo mikla kjæti sem hinn ydrandi hefir haft af syndinni, svo mikid ángur byrjar honum ad hafa í ydraninni; menn ega ad breyta vid syndina eins og Ammon fordum vid systur sína Thamar, á medan hann framdi sinn vilja med henni, elskadi hann hana, þar eptir rak hann hana út af dyrunum; þótt honum færi svo skammarliga, ad ecki sé nærri því verra dæmi til, þá egum vér þó eins ad breyta vid syndina, vér egum ad láta oss hana leida vera, og er þad víst, ad sá, sem hefir gaman af gjørdum syndum, nær honum þær í hug koma, honum eru þær enn þá apturhaldnar; dragi enginn sjálfan sig á tálar, ætlum ecki, ad Gud nægist þar med, ad vér látumst um stundarsakir ydrast syndanna, en gaungum þó aptur til þeirra, eins og hundur til spýu, edur svín þad, er veltir sér í sama saur, 2 Pet. 2. Þegar Drottinn hafdi fyrirgéfid hórkonunni glæp hennar, þá sagdi hann þó: gack nú burt, og syndga ecki framar! géfandi þér þar med til vitundar, kristinn madur! ad þad er forgéfins, ad þú þiggir kvittun synda þinna af Gudi, nema þu spornir vid þeim framvegis þad mesta þú mátt. Þegar Jesús sá þann mann í musterinu, er hann skommu ádur læknad hafdi vid díkid Betezda þá sagdi hann: sjá! nú ertu heill vordinn, syndga ecki framar, ad ei hendi þig annad verra, Jóh. 5, teiknandi þar med, ad syndin hefdi verid orsøk til hans sjúkleika. En þú, sem framkémur fyrir Guds fætur, til ad láta þér boda kvittan synda þinna af hans umbodsmanni í skriftastólnum, þad er ad sonnu víst, ad ef þú ydrast út af hjarta syndanna, og treystir á Jésú, Guds Sonar, forþénustu, þá verda þér þær fyrir hans blód fyrirgéfnar, þótt þær séu raudar sem blód og svo sem purpuri raudar, og þú læknadur af øllum þínum andligum óheilindum; en ef þú ecki leitast vid framvegis ad krossfesta þitt hold af fremsta megni, þá mun forþénustá hins Krossfesta ecki mjøg gagna þér, miklu heldur fordæma þig, nema þú spornir vid syndinni. Vit þad fyrir víst, ad Kristur hefir ecki forgéfins talad um þann óhreina anda, sem útfer af manninum, ad hann taki sjø anda sér verri og hverfi aptur í sitt fyrra hús, og verdi svo þess sama manns hid sídara argara hinu fyrra; enginn er efi á því, ad Drottinn meinar hér þá, sem einusinni hafa útrekid Djøfulinn úr hjarta sínu fyrir Guds krapt og sanna ydran, en byggja honum þó inn aptur og æfa sonnu syndir ydrunarlaust, edur og adrar verri; þad vitnar St. Petur, hans eginn lærisveinn, er hann segir um þá, er velta sér í sømu syndum, ad þeirra hin sídari kjør séu verri hinum fyrri, því betra hefdi þeim verid, ad aldrei hefdu þeir veg réttlætisins vitad, heldur enn, ad þecktum honum, ad hverfa aptur frá því bodordi, er þeim féngid er. Kristnir menn ega ad breyta eptir þessum hálfvisna manni í hans audmýkt og ángri fyrir syndirnar, einnig í trúnni og traustinu á Guds Sonar mátt og myskun, en ecki egum vér hans sóttarferli líkir ad vera í voru apturhvarfi til Guds frá syndunum: hann var hálfvisinn, svo eigum vér ecki ad vera, þótt vér séum veikir, þá egum vér ecki hálfvisnir ad vera, svo vér meinum ad géfa Gudi helftina hjarta vors, en helmínginn syndinni og Fjandanum. Gud bannar í Mósis løgum, ad hafa einn mælir

fyrir hinn innlenda, og annann fyrir þann framanda; ó, hvað gjöra þá syndugir menn, þegar þeir skamta Guði út í dropatali, hver með sínum blóðdropum hefir afþvegið syndir vorar, en Andskotanum géfa menn fullan mælir mest allra vorra lífdaga? það er Baals þjónusta, en ecki Krists, en St. Páll segir, að Kristur og Belíal, það er hinn sami djöfull sem Baal, egi eckert hlutskipti saman; verum því annaðhvert heitir eður kaldir, því þeim, sem völgir eru, vill hann skyrpa út af sínum munni, Apóc. 3. Þessi maður leitaði Herrans, þá hann var veikur orðinn; lær það af hönum, Guðs barn! að ákalla Drottinn í neyðinni, en bíð þó ecki eptir því, að hann neyðist til að straffa þig syndarinnar vegna; mörgum hefir að sönnu Guðs hegníng komið til yðrunar, sem ecki hafa þeckt syndir sínar fyrri, en gjæt þess, að þeirri yðran, sem framkémur af ótta hegníngarinnar, henni er hættara við að kólna aptur, enn hinni, sem af íhugan síns óverðugleika og Guðs gjæsku uppsprettur; það sé eg af Achab, er klæddist í seck fyrir Guði nær hönum illa géck, en strax sem Guð hafði létt hrísinu af hans hrigg, þá féll hann frá hönum til annarligra guða; sá, sem undandregur tíma yðranarinnar og meinar, að þar sé alltíð nógur tími til, hann virðist mér vera eins og sá, er ecki hirðir um, þótt hann líði skipbrot, af því það kunni að henda sig, að hann kunni af að komast á einum flaka. Menn segja, að sá, sem gjörir sitt testament ecki fyrr enn á dauðasænginni, hann géfi af erfíngjans fé og ecki af sínu; hætt er við, að Guð muni eins halda, og kalla það ecki sér géfið, sem þá er fyrst boðið, nær sagt verður: gjör reikníngskap þinnar ráðsmennsku, þú mátt ecki lengur ráðsmennsku hafa. Sá, sem dagliga frestar yðraninni, hann er eins og sá skuldunautur, er géfur jafnan góð orð, en betalar aldrei; skylda vor er það mannanna, að líða þvílíkt hver af öðrum, náúngans kjærleika vegna, í lengstu lög, því vér erum Guði meira skyldugir, sem er faðir vor allra, enn hann er ecki skyldugur að líða svoddan hræsni af oss, hverjum vér erum skyldugir um sál og líf. Malachías spámaður lýsir bölvan yfir þeim, sem eiga heilbrigðt fé, en offra því halta og limlesta; ó, Guðs barn! mun sá ecki þurfa að óttast fyrir þessari bölvan, sem géfur Fjandanum sinn úngmennis aldur, en ætlar að fórnfæra Skaparanum það, sem hann verður á hækjum að bera? skjót því ecki á frest yðraninni, barn Guðs! heldur þeink á þinn skapara í þínum úngdómi, því þú veizt ecki nær áugistin kémur, og þú leitar að friðinum og finnur hann ecki, Ezech. 7; og er það svo hérum úttalað.

Hvað hinu síðara viðvíkur, sem er, um trúna, þá eru hennar furðuligir kraptar og, eg má segja, guðdómligar verkanir, sem lángt yfirgánga mannligan skilníng, svo miklar, að það má varla með orðum útskíra; hann, sem að er höfundur trúarinnar, Jesús Christus, Heb. 12, hann hefir gjört hina bestu grein á því, er hann segir við sína lærisveina: ef þér trú hefðuð svo sem eitt mustarðskorn, svo munduð þér segja fjalli þessu: tak þig upp og fleyg þér í sjóinn; og ef ein lítil trú kann þvílíks að orka, hvað mikla hluti mun þá hin sterka fá afrekað? svo sem var Abrahams, er hann trúði til vonar þar engin von var, Róm. 4; nú vil eg í þetta sinn ecki um þvílíka hluti tala, heldur að því leiti, sem hún þénar til syndanna fyrirgéfníngar, og er það mála sannast, að engin er stærri kraptur hennar enn sá, því minna var það, að gjöra Mósis staf að höggormi, minna að sund-

urskipta hafinu, minna að láta sólina standa kyrra, minna að tilbyrgja himininn og kalla eld af himni, því allt eru þetta Guðs skèpnur, er honum hlýða mótmælislaust, minna er allt þetta, segi eg, heldur enn að koma manninum, af syndinni og Andskotanum vanskopuðum, í sátt við Guð, og því er það hin stærsta jarteikn og kraptaverk trúarinnar. Þegar Jesús sá þeirra trú, stendur hèr í guðspjallinu, sagði hann til hins hálfvisna: vertu hughraustur, sonur! þèr eru þínar syndir fyrirgèfnar; tvennt gjørði Jesús hèr gott, sem var, að hann gaf þessum vesæla manni líkhamans heilbrigði aptur, og svo undir eins sálarinnar, en mikill var þessi munur, og svo mikill, sem að skilur sálarinnar og líkhamans vanheilsu; því talaði Drottinn eckert um líkhamans óhraustleik, heldur sagði hann: þèr eru þínar syndir fyrirgèfnar, þarfyrir sagði hann og við hina vantrúuðu Gyðínga: hvert er auðveldara að segja: þèr eru þínar syndir fyrirgèfnar, eður að segja: statt upp og gack? En hèr sèr þú krapt trúarinnar; áður enn þessi aumi maður talaði eitt orð til Føður mysknnsemdanna, þá hrærðust hans myskunar-yður í honum til meðaumkunar; heitir ecki þetta að bænheyra áður enn kallað er? hins sama máttu þèr vænta, kristinn maður! nær þú lætur þig af hjarta ángra þínar syndir; fyrr mega himin og jørð forgánga, enn að eitt af hans orðum falli á jørðu, er sagt hefir til eins ydrandi syndara, að þegar hann lætur af illu og lærir gott að gjøra, þá skuli hans syndir vera hønum fjarlægar, sem austrið er vestrinu; fyrr má sjáfarhafið uppþorna, enn að Brunnur myskunarinnar verði uppausinn, sem lofað hefir að kasta ydrandi manns syndum í hafsins djúp, svo þeirra skuli ecki að eylífu minnst verða; þessu kèmur trúin til leiðar. Drottinn undraðist ecki yfir neinum hlut, sem hann sá hèr á jarðríki; allt veraldarinnar yfirlæti þótti hønum einkis vert, svo sem von var á, því allt silfur og gull var hans; hann gaf sig lítið að tali lærisveinanna, þegar þeir sýndu hønum hina kostuligu byggíngu musterisins, og þótti eckert til þess koma, en við hina Kananisku sagði hann: kona! mikil er þín trú; svoddan gèrsemi er jafnvel eins gaungumanns trú í augliti Drottins, og hversu dýrmæt að hún sè í Guðs augliti, það gèfur Drottinn sjálfur til vitundar í eptirlíkíngunni um hinn týnda sauð og peníng, er hann ályktar með þessum orðum: svo segi eg yður, að meiri gleði er í himninum yfir einum syndugum, sem ydran gjørir, heldur enn yfir níu og níutíu rèttlátum; høldum því það fyrir satt, sem Jóhannes segir, 1 Pist. 1 kap: ef vèr játum vorar syndir, þá er hann trúr og rèttlátur, að hann fyrirgèfur oss syndirnar, og hreinsar oss af øllu ránglæti voru. Svo voru myskunar-yður Drottins viðkvæm, er hann leit eymd þessa vesæla manns, að hann sá strax aumur á hønum; ó, þú Guðs barn! viltu þá efast um, að hann hrærist myskunar yfir þèr, þegar þèr taka til að svíða þín andlig kaun, þegar þau súnu sárin taka til að lifna, og þú tekur til að andvarpa í leynum, segjandi: Jesú, góði meistari! myskuna þú mèr. Hvað segir Jesús hjá Lúkam, 11 kap: ef að þèr, sem vondir eruð, kunnið að gèfa børnum yðar góðar gáfur, hvað miklu framar mun yðar himneskur Faðir gèfa þeim H. Anda, sem hann þar um biðja; því vil eg í fullu trausti segja, þegar þú auðmýkir þig undir voldugа Guðs hønd, og biður af hjarta um fyrirgèfníng synda þinna, þá mun hans Andi bera þínum anda vitnisburð um, að þú sèrt Guðs barn, Róm. 8, því jafnvel þótt vèr sèum ótrúir, þá er hann samt trúr, sjálfum sèr kann hann ecki að

neita, segir Páluś. Nú er það satt, br. m! að sannydrandi manns trú verkar svo mikið hjá Gudi, sem nú hefi eg sagt, en hann á þá að vera viss um það, að hann sé bædi sannydrandi og rétt=trúadur. Margt er líkt med skyldum, segja menn í ordtæki gomlu; en trúin og ydranin eru tvær systur, er ei mega skilja; eins og það, að sú ydran er ónýt í Guds augliti, sem ecki þvíngar manninn til að krossfesta sitt hold, svo er og trúin daud án verkanna, segir Jakob, og Páll segir, að sú trú alleina gildi, sem að er kroptug fyrir kjærleikann. Med trúnni fórnfæra menn Gudi sínum vitsmunum, og gefa sína skilníngu fángna undir hennar hlýdni, med ydraninni offra menn viljanum, að hann sé Guds bodi undirgéfinn; trúin gjorir oss að Guds lærisveinum, ydranin að hans þjónum; trúin upplýsir vor hjortu í skilníngi vorra sáluhjálpar efna, en ydranin, ef hún er alvarlig, hún þrýstir oss til að gjora Guds vilja, og alla skyldu kristins manns; svo sem það er ecki nóg, að ydrast um stundarsakir, og gánga aptur til að drýgja somu syndir, svo er það ei heldur fullur kristinndómur, að trúa um hríd, eda gjora ávoxt trúarinnar, en falla þó frá á tíma freistíngarinnar; væri það nóg til sáluhjálpar, að byrja vel, þá sæti Bíleam hátt í himnaríki, og ef ei þyrfti að vaka og bidja, þá hefdu hinar fávísu jómfrúrnar ecki verið útilokadar. Það er skémtiligur draumur að ætla, að Gud muni tilreikna sér forþénustu Sonarins, en vilja þó eckert gjora af því, sem Gud bodid hefir; mjog svo er eg uggandi fyrir því, að sá, sem gengid hefir í þvílíkri leidslu allan sinn aldur fram í daudann, hann muni uppvakna í helvíti og kvolunnm, því jafnvel þótt að gódverkin vor, ef nockur svo kallast mega, þau séu ecki máttug til að gjora oss hólpna, þar vér erum skyldugir að játa, að ónýtir þjónar séum vér, jafnvel þó vér gjordum allt það vér ættum að gjora, samt eru hin vondu nógu kroptug til þess, að fordæma oss. Eg veit að sonnu, að þetta kann að sturla margan þann, sem mikinn part æfi sinnar hefir í illskunni alid; eg fæ ecki vid því gjort, þetta eru þó gudlig sannindi, og ecki er von á odru, enn að syndugs manns hjarta muni kénna til, þegar broddur logmálsins tekur til að stínga á kaunnunum, vel sé þeim, er svo eru vidkvæmir, að þeir finna til sársaukans; hinum er ollum midur farid, er ei kénna til Guds strøffunar, ecki til logmálsins hótana og ecki til helvítis eldsloga, hvern þeir forþénad hafa, um hverja það segja má, sem Jeremías sagdi um Gydínga: þú tiptar þá Drottinn, en þeir finna þar ecki til, hverra samvitskur að Páll segir að séu brennimerktar; en hinum, sem að sonnu ógudliga lifad hafa, en láta sig þó ángra sínar syndir af hjarta, og vilja þar á bót vinna, þeim vísa eg til þeirra líknarorda, er Drottinn talar til syndugra manna, Es. 1: þvoid ydur, hreinsid ydur, takid ydar illskubreytni frá mínu augliti, komid sídan og eigumst log vid, þótt ydar syndir séu raudar sem blód, þá vil eg gjora þær hvítar sem ull! Þú þenkir kannské í hjarta þínu: eg em í syndinni gétinn og fæddur, hvernig má eg Gudi þóknast? en gjæt þess, að þinn Endurlausnari, sem er Gud, blessadur um allar aldir, hann er fæddur af fedrunum eptir holdinu, hreinn og heilagur, og fráskilinn syndurunum; þú ert syndugri enn adrir menn, Kristur er heilagri enn allir menn, hann er forlíkun fyrir þínar, og ecki einúngis fyrir þínar, heldur og fyrir allar veraldarinnar syndir; þú gétur ecki aldeilis af syndinni látid, svo það vonda lodi

ecki vid þig, þá þú vilt gjöra þid góda, það gat ei heldur St. Páll, samt fékk hann það svar af Gudi: lát þér nægjast mína náð, minn kraptur fullkomnast í breiskleikanum; þú syndgar optliga, Kristur bidur fyrir þér óaflátanliga; þínar syndir eru þér yfir höfud gengnar, samt yfirgnæfir þó nádin miklu framar; þig henda optliga sömu syndir, sporna vid þeim, sem mest þú mátt, svo ad þær drottni ecki í þínum daudligum líkhama, en vit þó, ad Jesús hefir borid uppá tréd þá handskriftina, sem móti þér var, og hana á krossinn neglt, þar er enginn af þínum skuldum eptirskilin né ólokin, en brúka þá slíkt til ad afplána gjördar syndir, en ecki til frelsis ad drýgja þær framvegis; þú þykist eckert verk gudrækninnar fullkomid gjört géta, þessi medkénning þíns óverdugleika er verk H. Anda, því bidur hann fyrir þér med ómmræðiligum andvörpunum, og hjálpar þínum veikleika; þú hefir allan þinn aldur í illskunni alid, og ert adkominn dauda, hafandi eckert gott verk Gudi ad bjóda, þótt þú hefdir, munndu þau kunna ad réttlæta þig? hvad hafdi tollheimtumadurinn? Lúk. 18, hvad hafdi ræníngiun á krossinum? Lúk. 23, hvad hafdi þrællinn, sem var sínum herra skyldugur um 10,000 punda? Matth. 18, samt uppgaf herrann honum alla skuldina. Þín trúa tekur til ad veikjast í daudanum, þá líkhamans kraptar eru ad þrotum komnir, og mega varla taka á móti daudans ofbodi, mundu þá til þess, ad Guds Sonur hefir daudann sigrad, það skal ské, ad hver, sem trúir á hann, sá skal lifa, jafnvel þótt hann deyji, Jóh. 11, lát þér þá í hug koma, hvad fadir hins túnglsjúka sagdi: herra! eg trúi ad sönnu, en hjálpa þú trúarleysu minni; ein veik trú er þó trú, einn eldneisti er þó eldur, ein lítil perla glansar svo sem ein perla, eins skín ein veik trú í augum Guds svo skjært, svo sem þó hún væri sterkari, því trúin er ecki vort verk, heldur hans anda, þarfyrir beiddu lærisveinarnir Drottinn ad auka sér trúna; látum hann ráda mælíngu hennar, hann mun ecki sitt egid verk óvirda, en látum þó ecki af ad næra hana med ydugligri bæn og andvarpan. Lútherus segir í einum stad, ad enginn verdi fordæmdur, nema sá, sem ei vill trúa; það er satt, ef það er rétt skilid, því sá vill ecki ölmusu hafa, sem ecki vill um hana bidja, svo vill og ecki sá trúa, sem ecki bidur Gud ad skapa hreint hjarta í sér, og géfa sér nýan vísan anda, en hitt er víst, ad ein veik hönd tekur eins vid ölmusu, svo sem ein fullhraust, og eins vel umfadmar ein veik trú Krists forþénustu, svo sem ein fullörugg, því Guds kraptur fullkomnast í breiskleikanum, og einn veiktrúadur má um sig segja eins og Páll: eg formá alla hluti fyrir hann, sem mig máttugan gjörir, Kristum, því þá eg breiskur er, þá er eg máttugur; þó eldist svo Drottins kraptur med honum, ad hann hrósar því undir sína fórnfæríngu, ad hann hafi gódri baráttu barist, skeidid fullkomnad og trúna geimt, og framvegis sé sér aflögd kóróna réttlætisins, hverja Drottinn, hinn réttláti dómari, muni géfa sér á þeim degi, og ecki einasta sér, heldur jafnvel öllum þeim hans tilkomu elska; hennar njótandi ad verda unni oss hinn gódi Konúngur dýrdarinnar, fyrir Jesúm Christum, amen!

Tuttugasta Sunnudag eptir Trinitatis.

Gudspjallid, Matth. 22 Kap.

A þeim tíma, Jesús svaradi og taladi í annad sinn í eptirlíkíngum til þeirra, og sagdi: himnaríki er líkt þeim konúngi, sem brudkaup gjørdi syni sínum, og utsendi sína þjona ad kalla bodsmennina til brudkaupsins, og þeir vildu ecki koma; í annad sinn sendi hann út adra þjona, og sagdi: segid þér bodsmønnunum: sjáid! mína máltíd hefi eg tilbuid, mínir uxar og alid fé er slátrad, og allt er reidubuid, komid til brudkaupsins; en þeir forsmádu þad og gengu í burt, einn á sinn bugard, en annar til sinnar verzlunar, en hinir adrir gripu hans þjona, og løgdu þeim hádungar til og drápu þá. En þá konungurinn heyrdi þetta, vard hann reidur og sendi út sitt herlid, og fyrirfor þessum mordíngjum, og brendi upp þeirra borg; þá sagdi hann til sinna þjona: brudkaupid er ad sønnu reidubuid, en þeir, sem bodnir voru, þeir voru þess ei verdugir; þarfyrir, farid út á gatnamotin, og bjodid til brudkaupsins hverjum, sem þer finnid. Og hans þjonar gengu út á strætin, og samansøfnudu øllum þeim sem þeir fundu, vondum og godum, og brudkaupid vard fullt med bordsett folk. En þá ed konungurinn géck inn ad sjá þá, sem til bordsins sátu, sá hann þar einn mann, eigi klæddan med brudkaups klædi, og sagdi til hans: vinur! hvørninn géckstu inn híngad, hafandi ecki brudkaups klædi? en hann þagdi; þá sagdi konungurinn til sinna þénara: bindid hans hendur og fætur, og kastid hønum út í hin ytstu myrkur, þar ed vera mun op og tanna gnístran; þvíad margir eru kalladir, en fáir utvaldir.

Exordium.

Hver ad sé meiníng þessarar føgru eptirlíkíngar, sem Drottinn hér framsetur, þad er audrádid af ødru Guds ordi, og þó sérdeilis af prédikunum hans, sem annarstadar ritadar finnast í gudspjallabókunum, ecki sízt af þeirri um verkamennina, sem leigdir voru í víngardinn, hjá Mattheum í 20 kap., og hinni, um þá miklu kvoldmáltíd, sem er ad finna hjá Lúkam í 14 kap., um hverjar bádar nockud hefir talad verid hér ad framan. Konúngurinn er hinn alvaldi himins og jardar Konúngur, hans Sonur er Drottinn Jesús, sjálfur Konúngur, ecki einasta eptir guddóminum, heldur og manndóminum, því Gud hefir sett sinn Konúng yfir sitt heilaga fjall, Zion, Ps. 2, jafnvel þótt ei væri hans ríki af þessum heimi, og allt vald er hønum géfid, bædi á himni og jørdu, Dan. 7, Matth. 28; brúdkaupid er hans holdtekja, og allir þeir velgjørníngar, er í henni frambodnir verda øllu mannkyni, en veittir þeim einum, sem trúa á nafn eingétins Sonar Guds. Hinir fyrstu, sem bodnir voru, eru Gydíngar, hverjum framar ødrum var bodid til þessa mikla brúdkaups, en þeir forsmádu þad, svo sem Páls og Barnabas vottudu, Act. 13, segjandi: til ydar byrjadi fyrst Guds ord ad tala, en fyrst þér forsmáid þad, og reiknid ydur ei verda eylífs lífs, þá snúumst vér til heidíng-

janna. Summum bægdu veraldar umsvif frá þessari Guds gjof, svo sem af gudspjallinu er audsært; hinir gripu hans þjóna, logdu þeim hádúngar til og aflífudu þá; þeirra gétur Frelsarinn, er hann sagdi vid Gydínga: hvern af spámonnunum hafa ydar fedur ecki líflátid? og yfir þá er gengid þad skélfiliga straff, sem hér um gétur í evangélió, fyrst, þegar Nebúkadnezar eydilagdi hina fyrri Jerúsalem, og sídan yfir born þeirra, sem ad uppfylltu mæling fedra sinna, er hún var uppbrend og ad steinhrúgu gjord af Tító Vespatianó, og aldrei uppbygd sídan. Hinir, er sídan voru kalladir, eru heidnir menn, og medal annara forfedur vorir, þad fólk, sem í myrkrunum sat, Eph. 5, og er innplantad í stadinn Gydínga, sem afbrotnir voru, Róm. 11; en vér heyrum í gudspjallinu, ad til þessa brúdkaups er safnad vondum og gódum, því segir og Páluſ, 2 Tím. 2, ad í stóru húsi séu ecki einúngis kér af gulli og silfri, heldur og af tré og steini, og sum til heidurs, en sum til vanheidurs, en ef nockur hreinsar sig af þessu, þá muni hann verda kér til heidurs helgad; og sjálfur Lausnarinn endar þessa eptirlíkingu med þeirri dýrmætu grein, ad margir séu kalladir, en fáir útvaldir, hvar af ljóst er, ad þeir eru ecki allir Christí þegnar, sem nefna Christum sinn herra, til hvers hann bendir oss med dæmi þess manns, er kom til brúdkaupsins, ecki skrýddur brúdkaupsklædi, af hverjum eg vil taka mér orsok til, ad tala um þá hluti, hvar af einn og sérhver megi þeckja sinn búníng, hvert hann sé hæfur til, ad birtast fyrir Konúnginum, nær hann gengur inn ad sjá bordgéstina. Þú alvaldi Konúngur dýrdarinnar! sem villt, ad allir verdi hólpnir, og komist til sannleiksins vidurkénnugar, veit oss þíns anda nád til þessa verks, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

En þegar konúngurinn géck inn ad sjá þá, sem til bordsins sátu, sá hann þar einn mann, eigi klæddan brúdkaupsklædi, segir í textanum; hvert ad sé þetta brúdkaupsklædi er audvitad, þad er sjálfur Kristur, og hans réttlæti med trúnni hondlad, því fagnar hans kristni, hjá Esaíam 61 kap., segjandi: eg gledst mikiliga, og mín sála fagnar í mínum Drottni, því hann hefir klædt mig búníngi hjálpræsisins, og med klædi réttlætisins hefir hann hulid mig, eins og einn brúdguma í kénnimannligum skrúda, og eina brúdi íklædda skarti sínu; þetta er angljóst af sjálfri eptirlíkíngunni. Hvar fyrir var þessum vesæla manni kastad í hin ytstu myrkur? af því hann var ei skrýddur brúdkaupsklædi; hvarfyrir verda hinir vantrúudu fordæmdir? af því, ad þeir trúdu ecki á nafn eingétins Sonar Guds; hvarfyrir sættu ecki hinir adrir þvílíkri refsíng (því um hann einn verdur gétid)? fyrir því, ad þeir voru íklæddir hinu rétta brúdkaups skarti; hvarfyrir verda útvaldir, innleiddir í fognud síns Herra? mun þad ské fyrir þeirra eigin réttlæti? fjærri fer því! Drottinn! ef þú vilt tilreikna syndirnar, hver fær þá stadist? segir Davíd, Ps. 130, enginn lifandi manna mun réttlætast í þínu augliti, segir hann; hvarfyrir er þad þá? af því, ad þeir trúdu á hann, sem réttlætir ógudligan, segir Páluſ, Róm. 4, og því kémur hann ecki til dómsins, segir Frelsarinn. Sæll er sá, hvers syndir huldar eru, segir Davíd, Ps. 32, en med klædunum verda lýtin hulin, eins vor andlig blygdan med Jesú blessudum réttlætis skrúda, þess gétur hann sjálfur í opinberunum Jóhannis, talandi vid biskupinn í Laódícea, hvern hann nakinn kallar, þar hann rædur honum, ad kaupa af sér gull þad, sem í eldi er reynt, ad hann ríkur verdi og klæddur hvítum skrúda, svo ad blygdan hans fatleysis ecki opinberist, Apóc. 3. Nádarstóllinn huldi fordum daga sáttmálsorkina, í hverri logmálstoblurnar geymdar vóru; þú Jesú! þú ert einn nádarstóll! í

þínu blóði, Róm. 3, fyrir þitt sakleysi, ó, herra! sem lögmálið uppfyllt hefir, en varst þó á móti lögmálinu dæmdur, fyrir það eru huldar allar vorar syndir, sem móti lögmálinu gjörðar eru, þegar vér á þitt nafn trúum; hvað mun eg ætla til þess, að eg syndugur ormur í mínum egin klæðum birtast kunni í þíns himneska Föðurs augliti? hvað mun eg vilja koma fram með það, sem er eins og niðlagsfat? hvað mun eg bjóða það fram, sem er hálfverk? eg hræðist öll mín verk, sagði hinn réttláti Job, og því mun eg ætlast til þess, að mín séu betri? hvarfyrir mun eg vilja bæta þann fagra kyrtil, er þú mér gefið hefir, með mínum tötrum? mun eg heilagri enn Jósúa, hinn æðsti prestur, er stóð í saurugum klæðum fyrir engli hins mikla ráðs, Zach. 3; svo mun bezt fara, Drottinn minn! að bæði eg og aðrir syndugir menn njóti þeirrar náðar, sem hann naut, að þú burt takir vort ránglæti, og skiptir um klæði við oss. Svo er nú þetta brúðkaupsklæði ekkert annað, enn réttlæti Jesú Christí með trúnni meðtekið, því íklæðumst vér fyrst allra í skírninni, þess getur Páfus, segjandi: þér eruð allir Guðs börn fyrir trúna á Jesúm Christum, því hverjir, sem uppá Christum skírðir eruð, þér hafið íklæðst Christó; í henni verða oss syndirnar fyrirgéfnar, ecki einasta upprunasyndin, heldur egum vér í krapti hennar fyrirgéfníngar von um alla æfi vora á gjöranligum syndum, nær vér leitum hennar réttiliga, því kallar Petur hana sáttmála góðrar samvitsku, því enginn kynni um eitt augnablik róliga samvitsku að hafa, nema hann vissi sér kvittunar von synda sinna; í henni verðum vér Guðs börn, í henni meðtökum vér H. Anda, sem þá alla endurnýar fyrir krapt endurgétníngarinnar, sem ecki mótstanda honum né slöckva hann; því er sá réttiliga skrýddur brúðkaupsklæði, sem endurgétinn er af vatni og anda, ef hann ei spillir aptur sinni endurgétníngu, enn það verður mörgum, því miður! og þarfyrir er skírnin ecki einhlýt til þessa búníngs, nema að hennar kraptur auglýsi sig í oss, nær vér drögumst á legg og lærum vorn kristinndóm, og er það fyrst í því innifalið, að trúa réttiliga á Guð, hvað eð skédur með tvennu móti: fyrst að hafa sanna þeckíngu á honum, hans stórmerkjum, hans velgjörníngum, sem oss verða í orðinu framboðnir: annað er það, að vér treystum honum, elskum og virðum, fram yfir alla hluti. Hvað því fyrra viðvíkur, þá er það víst, að í skírninni játum vér Guði og öllum hans stórmerkjum, þar til skuldbundu oss vor guðfeðgin með sinni játníngu, en hvað stoðar oss sú játníng, nema vér lærum að þeckja hann, er vér játuðum, hans almætti, hans góðgirni, hans réttlæti, hans elsku til vor, og hvað annað, sem hann hefir í sínu orði opinnberað oss til sáluhjálpar? þetta vil eg biðja þá að hugleiða, sem annaðhvert sjálfir lítið eður eckert vita í sínum kristinndómi, svo sem vita birjar, eður forsóma að kénna það sínum börnum og hjúum, jafnvel þótt sjálfir nockuð vita megi. Hér stendur í Guðspjallinu um þá, sem forsmáðu konúngsins boð, en gengu í burt, einn á sinn búgarð, en annar til sinnar sýslanar, að þeir hafi þess ecki verðugir verið; segið mér þá í Guðs nafni, segið mér, þér, sem allareiðu eruð kallaðir, og til borðs settir í konúngsstofunni, munuð þér því fyrir hlýta, að þér eruð þar einusinni innkomnir? munuð þér birtast í því sanna brúðkaupsklæði, er þér látið veraldligar sýslanir, já, gjálífi og vondan selskap draga yður frá Guði og hans Krists þeckíngu? hversu ágjætir borðgéstir eruð þér við Drottins kvöldmáltíð, nær þér, eður yðar börn, vita engan

greinarmun ad gjøra líkhama Drottins og annarrar fædu, ecki ad reyna né prófa sjálfa sig, og ecki ad ransaka hjartad, hvert þér séud í trúnni. O, vei! ó, vei! hversu lítt eru menn þá til brúdkaupsins búnir? þad heitir med réttu, ad hafa altarid til ad syndga, svo sem Drottinn ad ordi kémst fyrir spámannsins munn, um afgudadýrkanina í Júda; vér képpumst vid ad búa oss í skart, nær vér halda viljum minníng Drottins dauda, og svo er heimskan rík í oss sumum hverjum, ad sá, sem ecki hefir sjálfur, hann lánar af ødrum, hvad ad sønnu er vítalaust í sjálfu sér; en Gud nádi, hvad lítid sumum muni umhugad vera ad birtast í Jesú Christí dýrmæta réttlætis klædi, sem útvegad verdur med sannri ydran, stødugri trú og ásetníngi kristiligs lifnadar. Þarfyrir, kristnir menn! lærid ad þeckja Gud og hans stórmerki, lærid ad þeckja sjálfa ydur og ydar óverdugleik, lærid ad þeckja Guds vilja af hans bodordum, svo þér og þeckja megid, hvad mikinn skort þér hafid á þeirri hrósan, sem fyrir Gudi gyldir. Hinn annar partur vorrar játníngar er sá, ad vér lofum ad treysta Gudi, og reida oss uppá hans fødurliga gjæsku og forsjá bædi í medlæti og mótlæti, en af þessu ber ærid mjøg hjá møgum hverjum, sem þó meinar sig velbúin í lambsins brúdkaup; í medlætinu treystum vér uppá sjálfa oss sumir hverjir, uppá aud vorn og metord, uppá vini og høfdíngja, en ecki uppá hann, sem er Drottinn alleina ríkur; konúngurinn af Týró sagdi í hjarta sínu: eg er einn sterkur Gud, en Drottinn segir honum, muntu segja vid þinn veganda: eg em sterkur Gud? og þó treysta menn uppá svoddan eina vatnsbólu framar enn á Gud, sem øllu rædur bædi á himni og jørdu; hvar er þá trúin, sem menn eiga á Gudi ad hafa? munu þessir vera hentugir géstir í Christí brúdkaups stofu, er sagt hefir: hver sem til mín kémur, og ei hatar fødur og módur, konu og børn, systur og brædur og jafnvel sína egin sál, hann gétur ei verid minn lærisveinn? Menn standast ecki reidisvip eins veraldar høfdíngja, er menn svo kalla, þegar þeir ýgla sig, þá eru sumir menn búnir til ad gjøra allt, hvad þeir bjóda, og jafnvel hinar verstu skammir og klæki í gégn Gudi, en hann óttast þeir ei, í hvers hendi ad øll veraldarinnar magt er eins og ein lídandi þoka, og þó vilja menn kristnir heita, þó ætla menn sér med þvílíku skapi í lambsins brúdkaup inn ad gánga med þeim Guds hetjum, sem jafnvel ecki sitt líf elskudu allt í daudann, þarfyrir hafa þeir nú fágad sínn skrúda í hans blódi. Í mótlætinu eru menn ecki einasta óþolinmódir, sem jafnvel Guds børn hendir, heldur møglunarsamir móti Gudi, kalla sér órétt gjørdan, örvænta hans adstodar, grípa til þeirra ráda, sem hann bannad hefir, og í einu ordi ad segja, kasta í burtu trúnni á hann, og brjóta okid í sundur. Finni menn nú eitt hvad af þessu hjá sér, annadhvert, ad þá vanti naudsynliga þeckíngu á Gudi og sínum sáluhjálparefnum, og hann hirdir ecki um, ad ráda bót þar á, sem bezt hann kann, edur hann óttast nockra veraldar magt, vináttu edur velgengni, eins mikid og Gud, þá dragi enginn sjálfan sig á tálar, edur meini þad hann sé rétt=trúadur, þótt hann skírdur sé, þótt hann sé bordgéstur Drottins í h. kvøldmáltíd, og fylgir þad þá eptir, ad hann ei er skrýddur brúdkaups klædi, á medan hann er svo búinn. Taki enginn svo ord mín, ad eg meini, þótt einhvern kunni nockud af slíku ad henda, ad honum þarfyrir eigi strax ad kasta í hin ytstu myrkur, gjæska

Drottins er þolinnmódari yfir syndum vorum enn svo, þad sýna oss dæmi hinna mestu syndara, sem þó hafa ádur haft fulla Guds þeckíngu, svo sem Arons, Davíds og Peturs, en hitt segi eg, ad menn skuli ecki brúka þessa Guds nád til ad ala syndina á henni. Eg sagda fyrir skommu, ad í skírninni værum vér fyrst íklæddir brúdkaupsklædinu, en Gud nádi, ad þar fellur svo optliga blettur á, og svo atast þad í forodum veraldarinnar, ad þad varla þeckist á stundum, en þad á burtu ad þvo med heitri ydran og hans forþénustu, sem hrein gjorir born Leví, Jesú Christí, hver ad er eins og sápa þvottakvenna, segir spámadurinn, Malach. 3. Eitt klædi er jafngott, þó ad saur falli á þad, ef þad er vel þvegid, nema þad sé grómtekid; eins er syndarinn, hann er jafngódur, þegar hann ydrast af hjarta, trúir ad sér verdi syndirnar fyrirgéfnar, og leitast vid ad lifa betur af ollu megni, en velki hann sig svo mjog í gudleysinu, ad hann burtkasti Drottins forþénustu, og hirdi ei um ad leita hennar med þeim medolum, sem til þess eru gjord, þá segir Páls oss, ad þar sé engin forlíkun fyrir syndina framar, Hebr. 10. Eg finn í heilagri ritníngu svo sem þrjú troppustig til glotunarinnar fyrir þá, sem medtekid hafa þó Guds Anda; hryggid ecki H. Anda, segir Páls; þad skédur, þegar þeir, sem enn þá eru í Guds nád, þeim verdur þad, ad þeir láta eptir holdinu, þó ecki alltíd af ásettu rádi, en veikja þó med því krapta sinnar endurgétníngar, svo þeir eru ecki svo ljúfir á ad gjora þad Gudi líkar; aptur segir hann: slockvid ecki H. Anda; þad skédur, nær menn svo venja sig á syndsamligt athæfi, ad þar finnst engin barátta holdsins og andans, heldur láta menn syndina drottna í sínum daudligum líkhama, svo þeir þjóna henni, þar med tapa menn andanum til fulls, og rata í Guds óvingan; hinir þridju eru þeir, ed mótstanda H. Anda, svo sem Drottinn sagdi vid Gydínga, og hans píslarvottur Stephanus; þad skédur, nær einhver forsmáir andann, nær hann annadhvert straffar syndina í ordinu, edur og med sínum innri verkunum í hjartanu, og standa á móti honum af ollu megni, svo ad þótt þeir viti hvad rétt er og hjálpsamligt, þá smída þeir sér meiníngar og afsakanir á móti Guds ordi og innblæstri H. Anda, og leitast vid ad styrkja þær med þeim rokum, sem holdid og Djofullinn fyrir þá diktar, og þessi er hin sídarsta trappa, um hverja mér virdist ad Postulinn tali til Hebreos, 6 kap., ad valla edur ecki eigi apturkvæmt til ydranar. Gjæti því hver og einn ad sjálfum sér, sá ed þenna himneska gést hefir einusinni hlotid, ad hann láti sig af honum leida í allan sannleika, hann breyti eins og Ezechíelis dýr, þau gengu rétt áfram, eins og þeirra andlit horfdu, hvert, sem ad sjálfur andinn fór, þá fóru þau; svo egum vér og ad gjora, kristnir menn! á medan Gud gengur undan oss í skýstólpa sinna orda, hvar í andinn býr, þar vér ráfum í eydimorku heims þessa; því ef vér gaungum í andanum, þá munum vér ei framkvæma holdsins girndir, Gal. 5, þar hann leidir aldrei nema til Guds, af hverjum hann framgenginn er. Trúid mér, kristnir menn! ad mikil gaumgjæfni heyrir til þess ad ransaka, hvert menn hafa vitnisburd heilags Anda um þad, ad þeir séu Guds born, edur og, ad þeir leidast af folskum anda, sem lofi þeim arfleifd Guds barna uppá óvissa von, sem hennar eru þó minnst verdir, hvad margan mun henda, því verr! þad sjá menn ecki einasta af Pharíseunum, þeim hræsnurum, er meintu sig alleina ad hafa lykilinn ad Guds ríki, en hversu lángt þeir hafi frá því verid, vottar

sjálfur Sannleikurinn, Matth. 23, heldur og á mørgum ødrum, sem ad sönnu ecki efast um Guds náð, en lifa þó enganveginn ad Guds vilja, jafnvel þótt ei drýgi þeir stórglæpi, þessum rædur Postulinn nærsta heilt, er hann segir: reynid hvert þér erud í trúnni, hvad ei verdur med ødru móti betur gjørt, enn ad menn rannsaki sinn lifnad grandgjæfiliga, því sön trún er aldrei ávaxtarlaus, heldur verkar hún fyrir kjærleikann, hver ad er lögmálsins uppfylling, og allar kristiligar dygdir hefir í sér fólgnar. Ad sönnu er Jesú blessad réttlæti þad sanna brúdkaupsskart, sem textinn umgétur, nær þad er med trúnni høndlad, en glansinn á þessu tignarklædi eru verkin, sem af henni framkoma, hver hana auglýsa og um hana votta, því af þeirra ávøxtum skulud þér þeckja þá, segir Frelsarinn um úlfana, sem koma í saudaklædum, og eins má um Guds børn segja; ecki hylur farsi klædanna lýti líkhamans, ei heldur útibyrgir hann frost og kulda, heldur fatid, sem ad lýtin byrgir; svo gjøra og verkin engan réttlátan, heldur trúin, sem því veldur, ad vort ljós svo lýsir fyrir mønnum, ad þeir vor góðverk sjá og dýrka vorn Fødur, sem á himnum er, Matth. 5. Sólin er ecki birta, en þó gefur hún birtuna frá sér; eplid er ecki eyk, og þó ber eykin eplid; trúin er heldur ecki verk, en þó er hún aldrei án verkanna, því segir Jakob: sýn mér þína trú af verkunum! veri því enginn svo blindur, ad hann ætli þad hann sé rétt-trúadur á medan hann ecki ber trúarinnar ávexti. Hvad skulu menn þá tala um hina vondu øld, sem vér lifum í? eg skal géfa þeim eitt hjarta og einn veg til ad óttast mig, segir Drottinn um kristnina á nýa testamentisins døgum, fyrir munn Jeremíæ, 32 kap., mun þetta sjást hjá mørgum á vorum døgum, þar ed svo margt er sinnid sem madurinn er, jafnvel í þeim hlutum, sem heyra til Guds dýrkunar, og sáluhjálpinni vidkoma, ad eg tali ecki um adra hluti; svo lángt er frá því, ad menn hafi eitt sinni til ad óttast Gud, ad í einu landi, einni bygd, í einni sókn, er þar daudligt hatur, agg, reidi, þræta, tvídrægni, innbyrdis fláttskapur, menn ljúga hver uppá annann lítum og skømmum, pretta hver annann í kaupum og sølum, svíkjast á innbyrdis med kjassmælum, berandi hunáng í munni, en gall í hjarta. Hvad þá? eru Guds ord ad brygdmælgi vordin? fjærri er því: sé Gud sannsøgull, en allir menn lygarar; heldur er þad þess vegna, ad vér erum svo fráleitir og ólíkir vordnir hinni fyrstu Guds kyrkju, þar allir kristnir vóru eitt, og allir hlutir sameiginligir medal hinna trúudu, og þó halda allir sig hafa hid fagra brúdkaupsklædi til ad bera. Brædur mínir! viljid þér heyra þær sakir, fyrir hverjar Gud útrak sitt fólk í hina Babýlonisku herleidíngu, hvar þeir máttu lída svo skélfiligar hørmúngar, ad varla hefir þvílíkt heyrst frá aldødli, þær standa skrifadar hjá Ezechíel spámanni, 22 kap., á þennann hátt: fødur og módur virdtu þeir einkis, vid hinn framanda høndla þeir svíksamliga, ekkjunni og hinum fødurlausa gjøra þeir órétt; en ad þessu leika menn sér á stundum og ødru þvílíku, og þykir þad hofmennska vera; mun nú konúngurinn þeckja þetta fyrir brúdkaupsklædi, nær hann lítur af himnum ofan, til ad sjá eptir brúdkaupsgéstunum? eg vil ei tala um fláttskap og undirferli, er svo mjøg drottnar í heiminum, jafnvel medal þeirra, er vel kristnir heita vilja og ætla sér einkis ábóta vant. Ein af þeim mestu skømmum, sem þvíngadi Gud til ad yfirgéfa sitt fólk Júda, var hin slæka ótrygd, sem drottnadi á þeim døgum, þess gétur Jeremías, 9 kap. segjandi: vari sig

hver einn vid sínum vin, og treysti ei uppá neinn bródur, því einn bródir hann bregdur ødrum, og sérhver vinur brúkar afdrátt og gabbar vin sinn, þeir tala ecki sannleikann, þeir kénna túngu sinni ad tala lygar, og þreyta sig í rángsleitninni. Segid mér, ef Jeremías mætti hverfa aptur til lífsins, mundi hann ei þeckja nockud þessháttar medal vor? og má þad enganveginn brúdkaupsklædi nefna, lángtum heldur vil eg kalla þad Andskotans bodsmannsham, er hann klæddur var, þegar hann taladi vid Evu í høggorminum, og baud henni uppá eplid; því Davíd, og Páluს Róm. 3, segja, ad høggormaeytur sé undir vørum þeirra, en Djøfullinn er sér alltíd líkur, og þad þess heldur, sem hann veit ad hann hefir styttri tíma. Eg vil ei fá mér til orda um hina skadligu ágirni þeirra, sem útsjúga hús eckna og fødurlausra barna, og selja hinn fátæka fyrir einn skó: margann mun Gud sjá í hinni almenniligu brúdkaupsstofu síns sonar, þad er hinni sýniligu Guds kyrkju hér á jørdunni; eg segi, hann mun þar margann sjá líkann þeim sem framfalla í pantsettum klædum, já, hann mun sjá blód sinna voladra í løfum klæda þeirra; hvad sýnist ydur, kristnir menn! munu menn í þvílíkum búníngi inngánga í lambsins brúdkaup? lángt er frá því; fyrir því hreinsíd ydur, þvoid ydur, látid af illu, lærid gott ad gjøra, Es. 1, gjørid hvad rétt er á hverjum morgni og frelsíd þann sem ránid lídur af þess hendi sem undirþryckir hann, svo ad brædi Drottins ecki útfari svo sem einn eldur, sá ed enginn fái slóckt, fyrir illsku sakir ydar athafna, segir Drottinn fyrir munn Jeremíæ, 21 kap. En vilji menn vita, hvad ad sé hid rétta brúdkaupsklædi, þá er þad Jesú blessad réttlæti, med einni sannri og lifandi trú umfadmad, sem ádur er sagt; en hvad ávøxtum trúarinnar vidvíkur, sem aldrei kunna vid hana ad skilja, heldur enn birtan vid ljósid, þá fæ eg þad ecki betur sagt, heldur enn Davíd í hinum fimtánda Sálmi, med þessum ordum: Drottinn! hver fær ad búa í þinni tjaldbúd, edur hver mun hvílast uppá þínu heilaga fjalli? hann sá ed framgengur flecklaus og gjørir rétt og talar sannleikann út af hjarta, hver ed ecki svikſamliga mælir med sinni túngu og náúnga sínum eckert íllt gjørir, og leggur sínum náúnga eckert lastligt til, hver hann leidir hjá sér hinn illgjarna, en í heidri hefir hinn gudhrædda, hver hann sver sínum náúnga, og svíkur hann ecki, hver hann géfur ecki fé út uppá okur, og tekur ecki mútu yfir hinn saklausa, hver ed þetta gjørir, hann mun stødugur blífa æfinliga. Lítid nú hér, svo sem í ødrum spegli, hvernin þeim byrji háttudum ad vera, sem réttiliga eru til þessa brúdkaups búnir; en vilji menn þad ei heyra, þá heyrid þó, kristnir menn! hver ad urdu endalok þessa auma manns, er vanvirdti samsætid med almenniligum búníngi: bindid hans hendur og fætur, sagdi konúngurinn, og kastid honum í hin ytstu myrkur, þar mun vera óp og tanna gnístran. Ecki þarf eg margt ad segja af þessu fordæmíngarinnar landi, þad er nóg, sem hér stendur, ad þar sé óp og tanna gnístran, og meir vantar oss þad, ad varast helvíti, heldur enn ad vér ecki nærri gétum hversu heitt þad sé; þessi vesæli madur var ecki einasta útrekinn úr brúdkaupinu, heldur og var honum í mirkvastofu kastad; svo munu og allir þeir, er ecki eru Jesú dýrmætum réttlætiskyrtli skrýddir, þeir munu ecki einúngis útreknir verda frá augliti Guds og styrkleika hans dýrdar, 2 Thess. 1, heldur og í eilífum eldi brenna med Djøflinum og øllum hans árum. Þegar Israel heyrdi, ad Guds reidir slóu í Hóreb,

nær lögmálid var útgéfid, þá hræddust þeir fyrir eldinum og þordu ecki nær ad gánga; en hvad mun verda þegar hans reidi tekur til ad brenna allt til nedsta helvítis yfir þeim, er varla annad gjördu, enn ad brjóta þetta lögmál og ydrudust þó aldrei afbrotanna, edur þeinktu um, ad afplána þau med Guds sonar forþénustu? eldurinn snerti ecki gydínga, þó gátu þeir ei stadist ad sjá hann; en hvílík mun þeirra ofraun verda, sem í helvítis eldi veltast munu frá einni eylífd til annarar? þarfyrir, mínir elskanligir! sjáid til, ad þér gjörid ydar útvalníngu vissa, 2 Pet. 1, íklædist Drottni Jesú Christó, Róm. 13, þad er: hans réttlæti; íklædist herskrúda réttlætisins, Eph. 6, íklædist brynju trúarinnar og kjærleikans, 1 Tess. 5, svo ad þér verdugir verdid í lambsins brúdkaupi ad standa frammi fyrir Gudi, ískriddir björtu línklædi, sem eru réttlætingar heilagra, Apoc. 19. Þeirrar eylífu farsældar, géfi oss Gud ad njóta, fyrir Jesú síns Sonar dýrmæta blód og forþénustu, amen!

Tuttugasta og Fyrsta Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Jóh 2 Kap.

Í þann tíma; þar var einn konúngsmadur, hvers sonur ad sjúkur lá til Kapernaum. Þá hann heyrdi þad, ad Jesús var kominn af Gydínga landi í Galíleam, for hann til hans, og bad hann, þad hann færi ofan og læknadi son hans, þviad hann var ad mestu daudur. Þá sagdi Jesús til hans: nema ad þér sjáid teikn og stormerki, trúid þér ecki. Konungsmadurinn sagdi til hans: herra! far þú ofan ádur enn sonur minn andast. Jesús sagdi hönum þá: far þú, sonur þinn lifir. Og madurinn trúdi þeim ordum er Jesús sagdi hönum, og géck þadan. Enn þá ed hann for ofan eptir, gengu hans þénarar í moti hönum, og kunngjördu hönum, segjandi: sonur þinn lifir. Hann spurdi þá þar ad, á hverjum tíma þad hönum hefdi batnad; og þeir sögdu hönum: í gjær um sjöundu stundu hvarf frá hönum kaldan. Þá formerkti fadirinn, ad þad var um þann tíma, á hverjum ad Jesús hafdi sagt: sonur þinn lifir; og hann trúdi, og allt hans heimafolk.

Exordium.

Hvad er sterkara enn ljónid, sögdu þeir í Thimnath fordum vid Samson, er þeir höfdu rádid gátu hans? Jud. 14; en eg vil segja, ad trúin er enn þá sterkari, því hún sigrar þad ljónid af kyni Júda, er hefir hinn frægasta sigur unnid, sem um aldir heyrst hefir; því lófir hann blessadur, er hin Kanaaniska þreytti vid hann, en hann sagdi: kona! mikil er þín trú, verdi þér eptir því sem þú villt; trúndum er allt möguligt, því sagdi og Frelsarinn, Matth. 17: ef þér hefdud trú svo sem eitt mustards korn, þá mundud þér segja þessu fjalli: far þadan og híngad, og þad mun færa sig, eckert mun ydur ómöguligt vera. Hvad veldur þá því, ad vér, sem þó bædi viljum trúa, og trúum á Christum, ad vér ecki

sáum øllu til vegar komid, sem vér girnumst? þar liggur svar til, þad sama sem Frelsarinn sagdi lærisveinunum, er þeir adspurdu hann, því þeir hefdu ei gétad útrekid túnglmeina Djøfulinn, hann sagdi: vegna ydar trúarleysu; og fyrir því, ad þessa h. dags texti, gefur oss orsøk til ad tala framar hér um, út af dæmi konúngsmannsins, þá vil eg af honum tvennt hugleida: 1) veikleika trúarinnar, og hennar framfor; 2) Guds gjædsku í því ad efla hana. Styrk oss hér til, nádugi Fadir! fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Hver ad verid hafi konúngsmadur þessi, eru margar gétur á, líklegust er þeirra meiníng, ad minni hyggju, er ætla hann verid hafa einn af Heródis þénurum, því jafnvel þótt Heródes væri ecki konúngur, heldur fjórdúngs hofdíngi alleina, þá var hann þó svo nefndur af sínum, og svo ødrum eptir þeim, svo sem ad lesa er hjá Marcum í sjøtta kapit., og hefir hann þá an efa gydíngur verid, því gydínga þjónustu og sídum létst Heródes fylgja; en þótt hann gydíngur væri og heyrt hefdi spádómana um Messíam og af Jesú, þad hann gjørdi þau verk, sem enginn kunni ad gjøra, þá fæst hann ei mikid um hann edur hans lærdóm, vegna hvers hann var þó, eptir sínu spámanns embætti, í heiminn sendur; svo gengur þad morgum af oss; vér erum skírdir, vér erum í kristinudóminum uppaldir, vér kunnum ad þylja vorn barnalærdóm, og sumir vita ad gjøra grein á honum, med útvortis vidurkénníngu, en hversu ad kraptur trúarinnar sé rikur í hjartanu hjá allmørgum, þad sýnist í lífernis háttunum, þegar Gud á ad elska fram yfir alla hluti, þegar náúnganum á til ad géfa hans misgjørdir og gjøra gott hinum volada, þad sýnist nær holdid á ad krossfesta og í krossburdinum, þegar øll mannlig hjálp er úti. Drottinn var í Cana þegar þetta skédi, þad var lítill bær og liggur hér um þíngmannaleid frá þeirri stóru borg Kapernaum, þar gjørdi Jesús þad mikla kraptaverk, er hann snéri vatni í vín, þad var hid fyrsta er hann gjørdi í þeim stad; þetta hefir konúngsmadurinn heyrt án efa og því leitar hann Drottins hjálpar, en þó ecki nema til líkhamligrar adstodar, af því hans sonar neyd þreyngdi ad honum; en miklu meira lá honum á því, ad brúka þetta kraptaverk sér og sínum til andligrar heilsubétar, því sá er hinn rétti ávoxtur kraptaverkanna, og sá er tilgángur Drottins, nær hann gjørdi þau, annadhvert fyrir sjálfan sig, edur sína postula; en Gud nádi oss, ad vér erum eins lyndir og þessi konúngsmadur var; medan oss lídur vel ad øllu því sem líkhamanum vidvíkur, þá hirdum vér ecki svo mjøg um sálina og leitum ei Krists, jafnvel þótt allt høfudid sé sjúkt, allt hjartad veikt, fra hvirfli og allt til ilja sé þar ei nema sár, kaun, benjar og þroti; vér leitum hans, segi eg, ef oss brestur nockud af veraldar munum, þegar vér sjúkir erum, þegar oss brestur atvinnu vora, nær vér ossóktir erum, og ránglindin lídum, og vér eigum svo ad gjøra, því hann er meistari til ad hjálpa, og vor hjálp kémur frá Drottni, sem skapad hefir himin og jørd, en ad leita Guds ríkis og hans réttlætis, þar erum vér svo tregir til, jafnvel þótt þad sé þad eina, sem er ómissandi, því gjørdum vér svo, þá mundi oss allt annad til leggjast, og segid mér, hvad er vorri trú þá betur háttad enn þessa konúngsmanns? hann hefir ad vísu hofdíngi verid; nockrir ætla ad hann hafi verid hinn sami og Chúsa, sá ed var ármadur Heródis, hvers kvinna Jóhanna ad sídan eptirfylgdi Christó af Galíleа, og þjónadi honum; og er

þeirra gáta ecki ólíklig, því hér stendur um þenna mann síðan, ad hann hafi trúad og allt hans heimafólk; en: fyrir því, ad hann var magtarmadur, en um Krist hefir hann ecki ødruvísi meint, heldur enn um einn spámann, svo sem Elíam, Elíseum og adra svoddan, þá vill hann, ad Drottinn komi ofan med sér. Þessi er slíkra fugla tegúnd, ad jafnvel þótt þeim liggi mikid á, vilja þeir láta sig virda framar ødrum mønnum; eins var Jaírus, samkundu høfdíngi, lyndur, hver ed var sømu borgar madur, hann beiddi Drottinn ad koma med sér, og leggja høud yfir dóttur sína, svo sem hann gjæti ecki reist hana af daudum fjarlægur, og hefir hann þó án efa heyrt þetta dæmi; en þótt Drottinn léti þad eptir hønum, þá hefir þad ei verid þess vegna, heldur ad hann gjordi þad mikla kraptaverk í augsýn svo margra, er í syrstunni dárudu hann. Hversu líkt er þetta Naman hinum Sýrlendska, er Elíseus baud hønum ad þvo sig sjøsinnum í ánni Jórdan, 2 Kóng. 5, þá strauk hann burt í reidisvip, og sagdist meint hafa, ad hann mundi hafa komid út til sín, og ákallad nafn Drottins Guds síns; hann leit á virdíngar sínar, en ecki á sinn líkþráa kropp; ecki gjordi svo hin Kananiska, ecki hin blódfallssjúka, ecki hinir blindu, er sátu vid veginn og kølludu: Herra! sonur Davíds, myskuna þú ockur, Matth. 20; þessir beiddu um Christi hjálp, svo sem adra ølmusu, því þeir áttu ei miklum veraldar aud né virdíngum ad treysta; og Gud gjæfi vér vildum og þeckja þad, ad allir erum vér Drottins þurfamenn. Ecki gat Naman kastad af sér líkþránni med hans mikla gulli og silfri, ecki gat Ezechias konúngur bætt sér heilsuna med allri sinni magt, og ei gat þessi konúngsmadur tekid kolduna frá syni sínum, annars hefdi hann ecki til Kristum komid, en miklu sídur kunnum vér ad auka oss trúna; en trúarveikina orsakar marg opt þad þeckíngarleysi, er vér høfum bædi á Gudi og á sjálfum oss; á sjálfum oss í því, ad vér køllum oss eckert ómáttugt, nær ad óskum gengur, en á Gudi í því, ad vér treystum hønum svo lítid, þegar mannlig hjálp er úti; en hvad er þó madurinn? ein gufa er hann, hver ed sést um stundarsakir, en hverfur sídan, segir Jakob. Hvad er víntréd fremur enn ønnur tré? verdur tekid af því efni til nockurs verks? segir Drottinn hjá Ezechíelem 15 kap; og hvad er madurinn án Guds? einn fauskur, sem til einkis er hæfur, nema ad upphøggvast og í eldi brennast. Konúngurinn af Egyptalandi er madur, og ecki sterkur Gud, hestar þeirra eru hold og ecki andi, segir Drottinn vid sitt fólk, Es. 31, er þeir treystu þessum høfdíngja framar enn Gudi sínum; og hvad skyldu þeir þá ætla uppá sjálfa sig, sem lángtum eru minni máttar? en vantraustid á Gudi kémur af því, ad menn reiddu sig ecki uppá hann, þegar vel géck, heldur uppá sjálfa sig, og færdu fórnir fyrir neti sínu. Menn eru óvanir því, ad trúa í voninni, á móti edur framar von, eins og Abraham, Róm. 4; vér viljum sjá eitthvert medal fyrir augunum, ef vér trúa skulum, eins og þessi konúngsmadur; hann beiddi Drottinn ad fara ofan og lækna son sinn; ad sønnu var þar nockur trúarneisti hjá hønum, en mjøg svo veikur; svo erum vér og á stundum skapi farnir, jafnvel þótt vér vel vitum, ad Gud hafi þúsund vegi til ad hjálpa, þá er þad svo sem vér viljum skrifa hinum Alvísa einn máta fyrir, hverninn hann hjálpa skuli; í þurrvidrinu bidjum vér um regn, í regninu um þurk, en ecki svo um Guds blessan; í ossóknunum um fall óvina

vorra, en ecki um Guds adstod á móti þeim; í sjúkdóminum um heilsubót, en ecki svo mjøg um þolinmædi; lángt er frá því, ad eg segi þad sé illa bedid, því allt skal af Gudi þiggja, en þó á þad ad vera med því móti, ad vér køstum allri vorri áhyggju uppá Drottinn, fulløruggir þess, ad hann muni því vel til vegar koma; en vér verdum óþolinmódir á stundum, ef vér ecki strax bænheyrdir verdum, og þad svo mjøg, ad oss verdur lífid leitt eins og Elíæ, eins og Job, er hann sagdi, Job 3: því gefur Gud ljósid hinum mótlætta, og lífid þeim, sem eru ángurfullir, til hverra daudinn ei kémur, þótt þeir bídi eptir hønum svo sem huldum féssjód? þvílík ord og hugsanir pressar mótlætid optliga út af þeim, sem jafnvel hafa morgum kénnt og styrkt hinar veiku hendurnar, eins og Job, en þeim verdur réttiliga svarad med ordum Elíphas af Theman, er hann sagdi vid þenna Guds ástvin: mun hinn daudligi vera réttlátari enn Gud? mun madurinn vera hreinni enn hans skapari? vér erum hans verk, því moglar þá leirkérid á móti þeim, sem gjørdi þad? Hvar fyrir eckert er annad rád í mótgánginum, børn mín! enn ad halda stødugt áfram í bæninni, því komandi mun hann koma og ecki tefja; svo gjørdi þessi konúngsmadur, þó trúin væri veik, þá gaf hann samt ecki upp ad bidja; Drottinn svaradi hønum ad sønnu ecki af, en þó í hardara lagi, ecki ad sídur bidur hann nærri sømu ordum, segjandi: Herra! far þú ofan ádur sonur minn andast; og má sjá, ad hans trú hefir eblst vid þau ord, er Kristur taladi. Látum oss ei fara midur enn þessum manni; ei vissi hann, ad Jesús var Messías, heldur ætladi, hann mundi vera Guds madur nockur, líkur spámønnunum, sem ádur er sagt; Jesú lærisveinar voru ei sannfródir um hans persónu í þann tíma, aukheldur þessi ókéndi madur; en vér høfum heyrt svo morg tákn og stórmerki eptir hønum, vér þeckjum, ad hann er aptur til himins uppfarinn, og hefir mønnunum gáfur géfid. Ecki þarf Gud kraptaverkin til þess, ad hjálpa oss, þau eru gjørd fyrir hina vantrúudu, segir Páls; en vér trúum, og segjumst trúa; því er þá trú vor svo veik á stundum, ad vér trúum ei nema vér tøkum á, eins og þessir Galíleí, er ecki trúdu, nema þeir sæu teikn og stórmerki, og strax, sem vér ei finnum til bænheyrslunnar í líkhamligum efnum, þá køllum vér oss yfirgéfna? Vantrúin er svo megn, ad hún gjørir almætti Guds vanmáttugt (ef svo mætti ad ordi komast), því hún metur Guds krapt eptir smámunum sínum; þar yfir klagar Drottinn, Zach. 8, segjandi: af því, ad þad er furdanligt í augum þessa fólks, skyldi þad þá vera furdanligt í mínum augum? Vitum vér ecki, ad þess nær vér erum Gudi, þess meiri høfum vér smeck eptirkomandi aldar, en nú erum vér hønum aldrei nær, enn í krossburdinum, ef vér berum Christí ok réttiliga; segid mér: gjørir Gud þá illa vid oss, ad hann svarar oss útaf á stundum, nær vér bidjum um þetta tímanliga, til þess ad auka oss trúna, og festa hjarta vort vid þad eylífa, sem vér egum lengst vid ad búa? Þegar Drottinn nú svaradi þessum manni med fullri bænheyrslu, þá segir textinn: og madurinn trúdi þeim ordum, er Jesús sagdi hønum, og géck þadan; svo eblaist nú trúa hans, er skommu ádur var lítt trúandi; hann rádgadist ecki um vid hold og blód, þegar hann hafdi fengid trúna, heldur reiddi sig einfaldliga og med fullu trausti uppá hans ord, er hánn þó ecki þeckti ad fullu, og varla meir, enn hann heyrt hafdi annadhvert sjálfur, edur af ødrum, sem voru í Jerúsalem á hátídardeginum; og því er ecki

ad undra, þótt Guds børn treysti hønum, hverjum hann í sínu ordi er fyrir augunum afmáladur, hverra kraptur hann er midt í hørmúngunum, offóknunum, ángistinni; því þá þau veik eru, megna þau alla hluti fyrir hann, sem þau máttug gjørir, eins og Páls. Þegar konúngsmadurinn þessi fyrst trúdi, þá flýtti hann sér ecki heim ad vitja um son sinn, þar af má marka trú hans; þad var um sjøundu stund, ad hann skyldi vid Jesúm, þad svarar litlum tíma eptir hádegi hjá oss, og ei kom hann heim fyrr enn annars dags eptir; en vegurinn er ei lengri enn ádur er sagt; eins eru og þeir lyndir, sem til fulls eru bygdir á þann hyrníngar stein í Zíon, Es. 28, Jesúm Christum, þeir flýta sér ecki mjøg, segir Spámadurinn, þeir hlaupa ecki med þjófnum til ad stela, ecki taka þeir til fánýtra ráda, eins og Achas; Es. 7, ei gjøra þeir sambaud vid daudann, né sáttmál vid helvítid med hinum gudlausa, Esa. 28, heldur bída þeir eptir Drottni, styrkja huga sinn og eignast sálir sínar í þolinmædi, Lúk. 21, og sá ed sér temur þetta hugarfar, í hønum er trúin fullvaxin, og Kristur ad fullu myndadur; og hvert skylda eg heldur flýta mér, Drottinn! ef þú værir reidur? þótt eg upphefdi mig med Edom, eins og ørnin, og byggi mér hreidur medal stjarnanna, þá mundir þú kasta mér ofan þadan, Obad. v. 4; og hvert vilja þeir elta mig, nær þú ert nádugur, nema ad þínum fótum, hverra skør ad jørdin er, og allar þjódirnar á henni fyrir þér svo sem vatnsdropi í ausu; þar vil eg fulløruggur búa, þar vil eg hæda ad øllum þínum og mínum óvinum, þar vil eg Drottins bída, og vardveita hans vegu, þá mun hann upphefja mig; hønum sé lof, dýrd og heidur ad eylífu, amen! Svo er nú úttalad um veikleika trúarinnar og hennar eblíng; eptirfylgir hid sídara, er eg hét um ad tala.

Gudspjallamadurinn segir skømmu ádur enn textinn byrjar, ad Jesús hafi farid burt í Galíleam, því hann hafi sjálfur vitnad, ad spámadur hefdi ei virdíngu í sínu fødurlandi; margir halda, ad þar med sé Nazareth meint, sem var fósturjørd Drottins, og svo er hún køllud hjá Mattheum, 13 kap.; en þessi borg var og svo í Galílea, því gétur þad eins vel Júdea edur Gydíngaland verid, hvar hann fæddur var; en hverninn sem því er varid, þá reisti hann fram hjá hinni vantrúudu Nazareth í þetta sinn, um hverja Mattheus sídan skrifar, ad hann hafi ei gjørt þar mørg kraptaverk, sokum þeirra trúarleysu, og ferdadist til Kana, hver ed lá í þeim parti landsins, er nefndist Galílea heidíngjanna, þar lá og Kapernaum, er var hin frídasta borg af þeim tíu stødum; þetta land bygdu margir heidíngjar, þar voru Týrus og Sídon, þadan var hin Kananiska, er þreytti vid Drottinn; í Kapernaum var hundradshøfdínginn, hvers trú hann svo mjøg hrósadi. Þetta kémur mér til ad prísa hans fødurliga gjæsku í því, ad snemma tók hann til þess, blessadur! ad líta til vor heidíngjanna, jafnvel þótt hann sérílagi væri sendur til fortapadra sauda af húsi Israels; ecki er ad efa, ad þau mørgu kraptaverk, er hann gjørdi í Kapernaum, er nefndist hans borg, þau hafa snúid mørgum heidíngja á lífsins veg. En lítum nú til vor, kristnir menn! smá voru upptøk kristnibodsins hjá oss í fyrstunni, og ecki var ljúfliga á móti tekid þessari Guds gjøf; vor kristinndómur var og svo mjøg í veikleika fram eptir øldunum, þó høfum vér, sem nú lifum, og svo fedur og forfedur vorir til

þess fundid, ad þad er satt, sem Drottinn segir í eptirlíkíngunni, Matth. 23, ad himnaríki sé líkt mustardskorninu, hvert ad einn tók og sádi í akri sínum, hvert ad er hid minnsta af sædunum, en þegar þad vex upp, er þad hid stærsta af kálgrøsunum, og verdur ad einni eyk, svo ad fuglar himinsins búa sér hreidur í greinum þess; svo hefir nú Gud æolt kristiliga trú hjá oss, sem í fyrstunni ei vorum nema litid sædi, því ei kunnum vér ad neita því, ad ei búi Christi ord ríkugliga vor á medal. Vér høfum heyrt hans kénníngar, hans kraptaverk, hans pínu og dauda, hans upprisu og himnafør, svo ad Jesús Christus er oss fyrir augum afmáladur krossfestur á medal vor, ei sídur enn þeim í Galatía; Gud gjæfi, ad vor kristinndómur þar eptir auglýsti sig í trúarinnar ávøxtum og kjærleikans verkum, svo vér þecktum og syndum til, ad Guds ríki væri inni hjá oss! menn heyra ecki, ad Drottinn hafi stadnæmst í neinni af Galíleæ borgum, fyrr enn hann kom til Kana; þar hafdi hann ádur gjørt þad mikla kraptaverk, er hann snéri vatni í vín, svo sem hér ad framan er umgétid; án efa til ad reyna, hvern ávøxt ad bæjarmenn hefdu fært þar af, og hvad þeim hefdi í trúnni framfarid; en þad má merkja af hans svari vid konúngsmanninn, ad hann ei hafi fundid fyrir sér allt ad óskum, því sagdi hann: nema þér sjáid tákn og stórmerki, þá trúid þér ecki; hann talar ecki til hans alleina, heldur til allra þeirra, sem nálægir voru, svo sem bendandi til þess, ad jafnvel þótt þeir medtæki hann vegna kraptaverkanna, svo sem Gudspjallamadurinn segir, þá nædu þau samt ecki því máli, hvar fyrir þau gjørd voru, sem var, ad trúa þad hann væri sá, sem koma skyldi; hvarfyrir hann og vísadi Jóhanni, edur réttara ad segja, Jóhannis lærisveinum til þeirra. Þanninn breytir Guds fødurlig gjæska einninn vid oss, til ad vekja í oss trúna og adrar kristiligar dygdir; hvad optliga straffar hann í oss vantrúna, bænarleysid, ávaxtarleysid, og óþolinmædina, þegar hann talar vid oss í sínu heilaga ordi? vel sé þeim. sem ljá því eyrun til nockurrar eptirtektar og umbótar líferni sins! en Gud nádi, ad þad vill ei alltíd á eptirfylgja! Vér heyrum Guds ord med leidindum á stundum, eins og Israels synir átu manna á eydimørkunni, og því verdur oss svo fátt til ráda í ángistinni, jafnvel þótt hún sé þad verkfærid, med hverju ad Gud umskér þau óumskornu eyrun og hjørtun, sem ecki á annann veg heyra né trúa vilja. Ecki snérist Ephraim til Guds, fyrr enn hann var tiptadur, svo sem lífadur kálfur, Jer. 31; ecki lédi Manasses honum eyrun, fyrr enn hann var beigdur í þúngum járnvidjum; ecki hlýdnadist Júda honum, fyrr enn hann lærdi þad af ánaudinni í Babýlon, og ecki mundi þessi konúngsmadur hafa skipast vid ord Drottins, nema hans sonur hefdi légid daudsjúkur í Kapernaum; svo eblir nú Drottinn trúna í krossburdinum, og er þad mála sannast, ad þad, sem ómøguligt er fyrir mønnum, þad er møguligt fyrir Gudi. Þeim, sem án Guds eru í heiminum, þeim er mótlætid hin mesta orsøk til hugarvíls, þad tekur allan dug úr þeim, sem ecki Gudi treysta, en hann, sem reidir sig uppá Gud, hann lætur Drottinn vera sitt hjartans traust og hlutskipti, þótt ad líf og sál vanmegnist; þess gétur Jakob, í hans pistils 1 kap., segjandi: haldid þad fyrir hinn mesta føgnud, brædur mínir! svo opt sem þér ratid í ýmisligar freistíngar, vitandi þad, ad reynsla ydar trúar verkar þolinmædina; hvarfyrir verkar hún þá þolinmædina? því ad svo lengi sem þar er einn trúarneisti í mannsins hjarta, þá er hann aldrei án Guds,

hversu lítill sem hann er, en Guds kraptur er aldrei lítill, þó hann búi í litlu, þessvegna fullkomnast hann í breiskleikanum, sagdi hann sjálfur vid Pál; þarfyrir skrifar sá Guds-madur svo kunnugliga hér um til Rómverja, 5 kap: vér hrósum oss af hormúngum, segir hann, vitandi ad hormúngin verkar þolinmædi, en þolinmædin reynsluna, en reynslan vonina, en vonin lætur ei til skammar verda, þvíad elska Guds er úthellt í hjörtum vorum fyrir H. Anda, sem oss er gefinn. Hverninn verkar nú hormúngin þolinmædina? þvíad hvar engin hormúng er, þar orkar ecki á þolgædid; því verkar þolinmædin reynsluna? um Ezechíam konúng stendur skrifad, 2 Kronik. 32, ad Gud hafi freistad hans, svo ad uppskátt yrdi hvad hann í sinni hefdi, ecki fyrir því, ad Gud vissi þad ecki, því hvar fyrir skyldi hann ecki vita hvad med manninum býr, sem manninn skapad hefir? heldur ad hann reyndi sjálfan sig, hvad mikla krapta hann hefdi þegid til ad bera Guds álag, ad hans trú og von efldist þess meir framvegis; og þanninn verkar þolinmædin reynsluna, og reynslan vonina, þvíad elska Guds er úthellt í hjörtum vorum; vér lídum, vér freistumst, vér þolum, og trúum þó í öllu þessu, þvíad vér elskum hann, sem reynir oss, og vitum, ad hveru þann son, sem hann elskar, þann agar hann. Guds sonur var svo yfirkominn í píslunum, ad hann beiddi, ad hinn súri reidinnar kaleikur mætti frá sér takast, ef þad væri Fødursins vilji, og þó var honum elskan svo megn til vor syndugra, ad hann þreytti vid daudann, og gaf ecki upp, fyrr enn þad var fullkomnad; hér med hefir hann þad afrekad oss, ad vér hann elskum, allir þeir, sem á hans nafn réttiliga trúa, þvíad í því er kjærleikurinn, ecki ad vér elskudum Gud, heldur ad sjálfur Gud oss elskadi, segir Jóhannes, 1 Jóh. 4; því skyldi þá ecki elskan til hans vera svo rík í oss, ad vér lídum þad med trú og þolinmædi, sem hann á oss leggur, til þess ad verda honum líkir í ángistinni, svo vér med honum fagna megum í dýrdinni? Þegar Drottinn hafdi nú svarad þessum manni nockud hardliga, og hann gaf þó ecki upp ad bidja, jafnvel þótt þad væri í veikleika, þá vill hann, blessadur! ecki útslöckva þenna líttlogandi hörkveik, heldur segir hann: far þú! sonur þinn lifir; þad ord, sem í textanum stendur, getur og merkt: hann lifir heill; hann, sem vissi hvad med manninum bjó, hann þeckti, ad ei mundi þessi madur svo þolinmódur edur trúarsterkur svo sem hin Kananiska, því tefur hann ecki framar fyrir honum. Merk hér þad, kristinn madur! ad Drottinn veit tíma og stundir, nær mál er ad hjálpa, því freistar hann einkis yfir megn fram, svo ad trúin þrotni ecki; fyrir því, jafnvel þótt ecki þykist þú geta borid meira á stundum, þá vit þó, ad hans stund er enn þá ecki komin, sem ad hefir tíma og hentugleika í sinni hendi, Act. 1; bíd því stødugliga eptir Drottni, þá mun hann hneigja sitt eyra til þíns ákalls, Ps. 40. Eckert sýniligt medal sá þessi konúngsmadur til þess, ad barni sínu mundi hólpid verda, og þad brást honum, er hann vonadi helzt eptir, sem var, ad Drottinn mundi fylgjast ofan med honum, þó trúdi hann þessum ordum, er Jesús sagdi. Sælir eru þeir, sem ecki sjá og trúa þó, sagdi Drottinn vid Thómam, af því hann ei vildi trúa, nema hann tæki á honum; vér köllum þá sæla, er kraptaverkin sáu, en hann kallar oss enn sælli, er trúum á hann án þess, ad vér sjáum þau. Ecki vildu teiknin alltíd þess orka hjá Gydíngum, ad þeir snérust og urdu hólpnir; þeir spurdu: hvert teikn sýnir þú, ad þér leyfist þetta? þegar hann rak út þá, er seldu og

keyptu í musterinu, og hann gjordi svo mørg teikn á medal þeirra; þeir leitudu af hønum eptir teikni af himni, þegar hann hafdi útrekid Djøful þann, er dumbi var, Lúk. 11, eins og það væri ecki í sjálfu sér nógu berligt teikn; hann formælti þeim óþacklátu borgum, Córazin og Betsaída, hvar hann hafdi gjort hin flestu teikn, og henni, sem jafnvel allt til himins var upphafin, Lúk. 10, þessari sømu Kapernaum, er hér getur um í gudspjallinu, en margan hefir hann leidt á lífsins veg fyrir einsamlan ordsins krapt, og H. Anda, er verkar þar í, hvers vér og notid høfum, sem ecki sjáum og trúum þó. Ad sønnu eru kraptaverkin til þess gjord, ad efla kristiliga trú; það sjáum vér berliga af þessu dæmi, sem nú er høndlad um; þessi madur kom til Jesúm, af því hann heyrt hafdi það, sem gjordist í Cana og annarstadar, en ecki í þeirri meiníngu í fyrstunni, ad læra kristinndóminn af hønum, eins og Nicódemus, en þó trúdi hann þeim ordum, er Jesús sagdi hønum í líkhamligum efnum, um bata sonar síns, en sídan, er hann féck ad reyna það er hann trúad hafdi, þá segir textinn, ad hann trúad hafi og allt hans heimafólk; med hverri trú? ecki ad hann væri einn almenniligur spámadur, heldur Messías og frelsari heimsins, því svo merkir þetta ord: ad trúa, optliga í ritníngunni; þetta dásemdarverk, var ecki heldur idjulaust; það kom Jaíró til ad bidja um lífgjøf dóttur sinnar, það leiddi hundradshøfdíngjann til ad leita hjálpar sínum dauðsjúka þjón; vér høfum og þessi undur heyrt, og mørg ønnur fleiri, látum þau svo styrkja hjarta vort í trúnni, ad aldrei vantreystum vér hønum, sem er svo vís, svo gódgjarn og máttugur, hvad sem oss kann til handa ad bera, heldur gledjumst, svo sem Petur oss segir, ad vér hrygdir verdum um lítinn tíma, ef þørf gjorist, med ýmisligum freistíngum, svo ad reynsla vorrar trúar verdi fundin miklu dýrmætari enn gullsins, hvert ed forgengur, og verdur þó í eldi reynt, til lofs, heidurs og dýrdar, þegar Jesús Christus verdur opinberadur, hvern vér elskum, en sjáum þó ei, hvern vér nú ecki sjáandi, en þó trúandi á hann, gledjumst med óumrædiligum og dýrdligum føgnudi, berandi úr bítum verdlaun trúar vorrar, hvert ad er sáluhjálpin; hennar njótandi ad verda unni oss Drottinn allsherjar, konúngur eylífrar dýrdar, fyrir Jesúm Christum, amen!

Tuttugasta og Annann Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 22 Kap.

Og Jesús sagdi til sinna lærisveina: himnaríki er líkt vid einn konúng, sem reikna vildi vid þjóna sína; og er hann tok til ad reikna, kom einn fyrir hann, sá ed hønum var skyldugur um tíu þúsund punda; en þá hann hafdi það eigi til, sem hann skyldi gjalda, skipadi herrann ad selja hann, hans húsfreyu og svo børnin, og allt það hann ætti, og borga þar med. En sá þjon féll fram, tilbad hann og sagdi: haf þolinmædi vid mig, allt skal eg þér gjalda; en herrann sá aumur á þeim þjon, og lét hann lausan, og gaf hønum upp alla skuldina. En þá hann géck út,

kann hann einn af sínum samlagsþjonum, sá ed hønum átti ad gjalda hundrad penínga; þann sama handtok hann, greip fyrir kverkar hønum, og sagdi: gjald þad þú ert mér skyldugur! Og hans samlagsþjon féll fram til fota hans, bad hann og sagdi: haf þolinmædi vid mig, því allt skal eg gjalda þér; en hann vildi ecki, heldur for burt, og lét hann í diblyssu, þángad til hann hafdi borgad sína skuld. En sem hans samþjonar sáu hvad skédi, urdu þeir mjøg hryggvir vid, komu og kunngjørdu sínum herra allt hvad ed gjørst hafdi; þá kalladi hans herra á hann, og sagdi til hans: þú illur þjon! alla þá skuld gaf eg þér upp, af því þú badst mig; hvørt byrjadi þér þá ecki myskunsomum ad vera vid þinn samlagsþjon, líka sem þad eg var þér myskunsamur? og hans herra vard reidur, og ofurseldi hann kvølurunum, þángad til hann hafdi borgad allt þad hann var hønum skyldugur. Svo mun og minn himneskur Fadir gjøra vid ydur, ef ad hvør ydar sem einn fyrirgéfur ecki út af hjarta sínum brodur hans misgjørdir.

Exordium.

Þad er skrifad um Augustum keysara, ad þá þar eitt sinn dó einn riddari, sem lét svo miklar skuldir eptir sig, ad hans arfur vannst hvergi nærri til lúkníngar, þá hafi keysarinn bodid, ad kaupa sæng hans til handa sér, þvíad umhyggja stjórnarinnar hélt voku fyrir hønum optliga, teiknandi þar med, ad sá madur mundi svefnsæll verid hafa, er hann gat þó nockurn tíma sofid, svo miklum skuldum vafinn; því hann sem til láns tekur meir, enn hann fær goldid, hann hefir frelsid selt, og er þræll hins, sem hann skuldbundinn er; þess getur hinn Visi, er hann segir: sá ed byggir sitt hús med annars fé, hann er líkur þeim, er safnar steinum ad grøf sinni, Sýr. 21; en þrællinn hefir engar nádir, nema þær, sem hans lávardur vill hønum eptirláta. Hvernig sem því er nú háttad vor á medal, þá tekur þad yfir, ad vera ókvittur vid hinn stóra himins og jardar Konúng, sem ecki þarf ad leida votta ad skuld sinni, ecki sækja hana med løgum, ecki mørg umsvif hafa til atfarar, heldur kann ad varpa lífi og sálu í eylífan eld, nær hønum þóknast; því veit eg ecki, hverninn sá kann ad hafa nockra ró edur hvíld, er veit sig ókvittan vid slíkan herra, svo sem skáldid segir: hver vill vænta sér værd og frid, vera ósáttur þó vid Gud? en þad eru þó allir þeir, er ei vilja tilgéfa sínum bródur hans misgjørdir, svo sem oss í þessa dags evangélíó berliga kénnt verdur, af hverju vér tvennt hugleida viljum: 1) hvad mikid og hverninn Gud oss fyrirgéfi; 2) hvad mikid og hverninn vér egum náúnganum ad fyrirgéfa; hjálpa oss í þessu gudhrædslunnar eyrendi, nádugi Fadir! fyrir hann, sem hefir betalad allar vorar sektir, þinn Son, Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Hversu mikid ad Gud oss fyrirgéfi verdur ecki fullsagt; ef nockur vissi, hvad opt hann syndgadi, þá mætti hann kannské nærri géta hvad mikid hønum tilgéfid væri, en David kallar þad ómøguligt, er hann segir: hver skilur hvad opt hann syndgar? þó viljum vér nú fyrst hugleida, hvílíkan rétt Gud hefir til vor; miklu er hann stærri enn sá, er vér egum yfir vorum vinnudýrum, því ecki hofum vér skapad þau, en hann hefir gjørt oss,

segir Davíð, Ps. 100, og þegar vér höfdum skotist undir Andskotann, og vorum í hans valdi, þá hefir hann endurleyst oss, því þér erud verdi keyptir, segir Páls, 1 Cor. 6, ecki med forgengiligum hlutum, gulli og silfri, heldur med Jesú Christí saklausu dýrmæta blódi, hver ed hefir géfid sig lausnargjald fyrir alla; og þegar vér svo endurleystir vorum, hefir hann helgad oss, því Guds andi hefir kallad oss í hans víngard, fyrst í skírninni, sídan dagliga í ordinu og sakramentunum, svo vér erum ecki vorir egin, svo sem Páll ad ordi kémst; og þad er rétt til vor talad, sem Drottinn sagdi vid sitt fólk, Es. 44: þú ert minn þræll, Israel! eg hefi frelsad þig. En til hvers erum vér þá skapadir, frelsadir og kalladir? ecki til ad vera idjulausir, heldur til ad erfida, en allra sízt til ad skémma edur spilla hans akri; öllum af oss hefir hann sitt pund í hendur fengid, sumum meira, sumum minna, en allir hafa nóg, þegar kémur ad reikníngskapar deginum. Þjón þessi var skyldugur kónúnginum 10 þúsund punda, þad eru 60 sinnum hundrad þúsund krónur; þetta var engin smá skuld; en þó er þad meira, sem Gud hefir oss lánad, sem er líkhami og sál, hver Gud skóp í öndverdu, eptir sinni mynd, hver hann endurskóp fyrir síns Sonar blód í heilagri vatnslaug, hver og dagliga eiga fyrir H. Anda ad endurnýast eptir hans mynd, sem þau skapad hefir; en gétum vér nú svarad Gudi þessari sinni dýrmætu sképnu jafngódri? lángt er frá því, ef vér njótum oss ei fulltýngis; höfdum vér útaf dáid vid skírnarsáinn, þá vorum vér svo ad kalla jafngódir, en hversu opt hefir nú flest uppá vort skírnarklædi sídan? Líkhaminn er hinn óædri partur vors skapnadar, þó eru bædi sálin og hann med Guds blódi endurleyst; hendurnar áttum vér ad brúka til ad erfida, margur hefir lagt þær saman med hinum lata til ad hjálpa náúnganum, en sumir hafa útrétt þær til ad meida hann; augun til ad sjá aunur á þeim voludu Guds; margur hefir stúngid þau út, þegar oss hefir géfist orsok þar til, en ecki þegar þau hafa hneixlad oss; eyrun eru oss géfin til ad heyra Guds ord; þeim læsa menn fyrir því optliga, en ljúka þeim upp fyrir hégómanum, sumir fyrir skammarligum ordrædum og fíblsligu hjali; munn og túngu höfum vér þegid til ad lofa Gud, og ad hjálpa náúnganum, til ad tala máli eckjunnar, hins födurlausa og hins undirþryckta; ó, vor Gud! vertu nádugur; hvad margra þúsund punda skuld ad þetta verdi, má ráda ecki einasta af tregleikanum til bænarinnar og lofgjördarinnar, heldur af svo margri vanbrúkun túngunnar, gudlasti, róg, lígi, svardögum, bakmælgi og allri þeirri óhæfu, er spillíng náttúrunnar leikur sér ad svo sem ödru tablí; ad eg fái mér ecki til orda, hversu illa vér höndlum med þessa tjaldbúd sálarinnar, þar vér brjótum optliga nidur þad Guds musteri med óhóssamri og óskickanligri umgengni; og ef þar nú fellur þvílíkur ávoxtur af líkhamanum, hverjum vér aldrei svarad fáum, meir enn þjón þessi sínum 10 þúsund pundum, hvad mun þá ecki af sálunni falla? Höfum vér brúkad tilhneigíngarnar til ad elska Gud og óttast hann, viljann til ad stunda þad honum líkar, skynsemina til ad æfa sig í því, sem vors Födurs er? og ecki miklu heldur á móti honum, en hver ödrum til skada, og Fjandanum til þjónustu. O, vei! ó, vei! hversu djúpt erum vér þá socknir nidur í afgrunn skuldanna, og væri þó allt görra gjalda vert, nema ad vér afræktum þann séssjód, er oss er bodinn af einskjærri nád, til ad bæta allt þetta fullum bótum, og færum illa med sjálft lausnargjaldid, þad er Jesú dýrmæta blód, sem

hreinsar oss af øllum vorum syndum. Oss er vitanligt, ad í heiløgu altarisins sakramentó verda þeim øllum skuldirnar uppgéfnar, er þad verdugliga medtaka; en hvad segir Páluś um hina? segir hann ecki, ad þeir eti og drecki sjálfum sér dóm? Þad er fordæmíngu; og segid mér þá, ad hverju mun þeim gagna sáttmálans blód, er halda þad svo almenniligt, og troda Guds Són undir fótunum? vér Vitum, ad Heilagur Andi upplýsir oss og helgar med sínum ástgjøfum, hann leidir þá í allan sannleika, er sér láta stjórna af honum; hann er pantur arfleyfdar vorrar; en hversu opt høfum vér nú mótstadid honum? hvad tídt høfum vér hryggt hann? hvad þrásinnum høfum vér nú slockt hann med vísvitandi mótgjørdum og bodordabrotum í gégn Gudi, og legid í þeim ecki allítinn tíma, á stundum þvert á móti samvitskunni, svo vér høfum mist nádina, og hefdum hana ad fullu mist, nema Guds fødurlig gjæska hefdi runnid á móti oss fortøpudum sonum? Og af þessu, sem nú er sagt, sem þó er engan veginn hálfsagt, þá kann hvers eins sannydrandi manns hjarta ad dæma, hversu mikid ad Gud honum dagliga tilgéfi; en hverjum tilgéfur hann þá, edur hverja atferd brúkar hann í því? Þad sýnir oss textinn: hann reiknast vid þjóna sína; svo gjørir hann vid oss, hann kallar oss til reikníngsskapar, ad standa skil á ordum, gjørdum og hugrenníngum; svo kalladi Gud sjálfur Adam, er hann syndgast hafdi; svo kalladi hann Niníve borgarmenn fyrir Jónam; svo stefndi hann Davíd til reikníngskapar fyrir Nathan spámann, svo stefndi hann øllu fólki á holdtekju døgum Drottins med prédikun Jóhannis skírara; svo stefnir hann oss enn í dag af munni sínna þénara, þeir hafa hans krøfu í høndunum, þad eru hans tíu laga bodord, vor medkénníng er skrifud í bók vorrar samvitsku; hver sem þetta tvennt samanber, hann mun finna, ad hann ecki einasta er 10 þúsund punda skyldugur, heldur og svo mikid á móti hverju bodordi af þeim tíu, er vér áttum upp ad fylla. En þótt menn heyri þetta nú svo opt, þá eru þó ecki allir svo ljúfir á, ad kannast vid skuldina, og enn sídur ad gjalda, því þad er ei til, er gjalda skal, hjá sjálfum oss; vid svoddan skuldaþrjóta brúkar hinn réttláti Konúngur svo sem nockurskonar hardrædi, og skipar ad selja þá, þeirra konur og børn, og allt hvad þeir eiga; svo seldi Gud sitt fólk Israel, nær þeir voru honum þverbrotnir; þar um spáir Móses, segjandi, Devt. 32: hverninn eltir einn madur þúsund Israels menn, og tveir reka 10 þúsund á flótta? mun þad ei þess vegna, ad þeirra Gud hefir selt þá? Þar um kvartar Davíd, segjandi, Ps. 44: þú hefir selt þitt fólk fyrir eckert, og ei ábatast af þeirra verdi; svo selur hann þá enn í dag, sem ei vilja skipast vid hans þénara amínníngar, þegar hann leggur á þá krossinn, tekur af þeim heilsuna, þeirra kvinnum og børnum, sem hánga af þeirra sálu, eins og Benjamíns af Jakobs, sviptir þá tímanligri blessan, edur géfur þá í vald óvina sinna, ad ei skuli þeir verda ofurseldir í fráleitt sinni, eins og Pharaó, Achab og Jeróbóam, sem var seldur til ad gjøra illt, hverja hann hafdi þó ádur fyrir sig kallad; og er þad stór Drottins nád, ad hann breytir þannig vid syndarann, ádur enn hann hefir uppfyllt mælir syndanna. Þegar nú svo ber vid, þá trúi eg flestum komi til hugar ad tísta eins og tranan og kurra eins og dúfan, og ad bidja med þessum auma þjón: haf þolinmædi vid mig, allt skal eg þér gjalda; Gud gjæfi, ad sá þanki

væri stødugri hjá ofs, enn hann var hjá hønum! En hvad skulum vér þá gjálda? hvad á snaudur fyrir ad géfa? þótt vér lifdum engla lifnadi úr því vér snerumst til Guds, þá ættum vér ad játa: ónýtir þjónar erum vér, aukheldur ad vér fáum hina minnstu synd afplánad af ofs til. Þetta er huggunin alleina, ad Herrann sá aumur á þeim þjón, og gaf hønum upp alla skuldina; í uppgjøfinni er øll lúkníngin, í myskunseminni øll fullnægjan, í Christí forlíkun øll fridþægíngin; en er hún þá aldeilis géfins? ad sønnu ad voru leiti, en dýrt hefir hún kostad vorn Borgunarmann, því hann gaf sitt líf út fyrir sína saudi, Jóh. 10. Minn herra, Jesú! eg hugsa til þefs, er Drottinn segir fyrir munn Esaíæ, 13 kap., um þær hørmúngar, er Kaldeí mundu lída af þeim Medis og Persis: eg skal þád gjora, ad einn daudligur skal verda dýrmætari enn hid bezta gull, teiknandi þar med, hvílíkur ad verda mundi grimmleiki óvinanna, ad líf mannsins mundi ei falt verda fyrir nockurt verd; en hvad var annit mannkyn þefs, minn Drottinn! ad þad mætti ei endurleysa, nema med þínu blódi? ó, Gud! svo mikil var brædi Fødursins, svo mikid hans réttlæti, svo mikil stærd syndarinnar, ad hin minnsta yfirsjón vard ei leyst med allrar veraldarinnar aud, og svo dýrmæt var þessi sképna, sem í øndverdu var eptir Gudi skøpud, þarfyrir bar veraldarinnar Skapari veraldarinnar syndir, og má hér medal annara af stærd lausnargjaldsins marka þýngd skuldarinnar, sem upp er géfin. Þegar syndarinn nú svo framkémur fyrir nádarstólinn med ángrudu hjarta, í krapti Jesú forþénustu, þá er hønum uppgjøfin vís, því hvar sem ad syndin yfirgnæfir, þar yfirgnæfir þó nádin miklu framar. En hvílík uppgjof? hann gaf hønum upp alla skuldina, segir textinn; svo fer nú Gud ad tilgéfa misgjordina, þegar hann er fridstiltur, því brúkar ritníngin þessa ordsháttu, ad hann kasti vorum syndum í haffsins djúp, og vilji þeirra ecki ad eilífu minnast: ad hann gjori ofs þær svo fjærlægar, sem austrid er vestrinu. Hvad segir þú, Drottinn minn! er þú talar um, hversu lítid fórnirnar gyldi í þínu augliti, Esa. 40: fjallid Líbanus mundi ecki duga til ad brenna, og øll þefs dýr mundu ei hrockva til brennifórna; en þú, vor Gud! sem allt þetta nægir ecki, þú lætur þér nægjast med ydrandi manns tár, þau slockva eld þinnar reidi, þau degja þad stálid af nordrinu; þau leggja bønd á hann, sem Djøfulinn bundid hefir; þú, fyrir hverjum ad þjódirnar eru ecki meir enn vatnsdropi í ausu, og svo sem dupt í metaskálum, þú ert ánægdur med einn harmþrúngin og sundurknosadan anda; hvarfyrir? ecki fyrir vorrar ydrunar skuld, sem ad jafnvel er synd af vorri álfu, heldur fyrir Jesú blód, hvert ed tengist vid syndarans tár í metaskálinni á móts vid þitt réttlæti. Þegar Drottinn bríxlar Jerúsalem um sína vanrækt og þeckíngarleysi, þá segir hann hjá Esaíam, 50 kap: hvar er sú skilnadarskrá, er eg gaf ydar módur? edur hver er sá af mínum kaupanautum, er eg hefi selt ydur? sjá, þér erud fyrir ydar ránglætíngar seldir, og søkum fráhvarfs ydar módur er hún ein látin; og þó segir hin eilífa Gjæska fyrir munn sama spámanns: talid þad, sem Jerúsalem er þóknanligt, og prédikid henni, ad hennar ákvardadur tími sé upfylltur, hennar ránglæti sé betalad, hún hafi féngid tvøfaldt af hendi Drottins fyrir allar hennar syndir; þessi allra huggunarsamligustu ord eru svo sem inngángur til spádómsins um hinn fyrsta nýa testamentisins ydranar prédikara, Jóhannem skírara. O, minn herra, Jesú! hver hefir þad gjaldid lokid?

hver? nema þú Gud, hver ed í voru holdi lídandi hefir oss tvøfaldan féssjód afrekad, sem er, fyrirgéfníngu syndanna og eylíft líf; þessi er audur þíns ríkis í øllu evangélíó, hverjum þú, Konúngur dýrdarinnar af einskjærri nád útbítir þegnum þínum. Nær vér heyrum Mósen krefja oss skulda þeirra, er vér egum Gudi ad gjalda, þá møglar holdid, þad gengur honum ecki betur hjá því, heldur enn hjá sínum egin í eydimørkunni, þad vill láta tala þad, sem því er þóknanligt; en hasta þú á þad, Drottinn! svo þad þegi, straffa þad, svo þad hræri sig ecki, ógna því, þvínga þad, svo því svídi, en tala sídan þad, sem Jerúsalem er þóknanligt, sem er, ad oss sé øll skuldin uppgéfin, og lát oss ecki safna þeim sídan; og er þad svo úttalad um hid fyrra, eptirfylgir hid sídara med fáum ordum ad hugleida.

Textinn segir: en þá hann géck út, hitti hann einn af sínum samlagsþjónum, er honum átti ad gjalda 100 penínga, þann sama handtók hann, greip fyrir kverkar honum og sagdi: gjald þad þú ert mér skyldugur. Ecki efast eg um, ad þessi vondi þjón hefir næsta bljúgur, hræddur og skjálfandi verid, þegar hann stód frammi fyrir konúnginum, og heyrdi, ad þar átti ad selja hann sjálfan, kvinnu hans og børn, og allt hvad hann átti; en þessi audmýkt vardi ecki lengi, strax sem hann var út af dyrunum genginn, og hann sá sinn verkanaut í vidlíkum þrautum staddan, sem hann hafdi skømmu ádur verid, høndladi hann vid hann myskunarlaust. Gud nádi oss auma menn! þegar vér lesum vort syndaregistur, og samvitskan tekur ad lemja oss med minníngu illgjørdanna, þá tárumst vér fyrir Gudi, þeir sem nockud hirda um sálu sína; en Gud betri þad, ad vér munum svo lítid til hans myskunar, þegar vér egum náúnganum ad myskuna, og sumir ecki meira enn þessi vondi þjón, annars væru ecki þeir svo margir, sem þrisvar, fjórumsinnum á hverju ári, látast taka kvittun synda sinna í skriptarstólnum, en eru þó hardsvíradir, myskunarlausir, heiptræknir, og vilja ecki hid allra minnsta uppgéfa af sínum rétti; og þetta er nú svo almennt, bædi í skuldaheimtum og svo í uppgjøf misverkanna, ad þar um má tala þad, er Drottinn segir, Jer. 2: í løfum klæda þinna er fundid blód hinna voludu sálna, blód hinna saklausu, ecki þarf eg ad grafast eptir þessu, því þad er yfir allt, segir Drottinn. Þú segir: hann er ecki saklaus, hann hefir gjort mér stórum til; eg segi: jú, hann er saklaus, þegar hann vill þad ofgjørt hafa, því Drottinn segir hjá Lúkam: ef þinn bródir syndgar á móti þér, þá átel hann, og ef hann ydrast, þá forlát honum, viltu þá dirfast ad kalla þann sekan vid þig, sem Gud hefir skipad þér saklausan ad halda? Þú segir: hann hefir og í því Gudi móti brotid, ad hann vid mig afgjørdi; hvad kémur þad vid þig? sjá til ad þú gjørir þína skyldu, sem er ad fyrirgéfa honum; hver ert þú sem annarligan þjón dæmir? hann stendur og fellur sínum herra; lát þér ei verda þad, sem Petri er lád, er hann sagdi: hvad skal þessi? géf þína søk eptir, lát Gud ráda, hvad hann gjørir af sinni; en þad er víst, ad hann tilgéfur honum hana, nær hann ydrast, því er þad skønum fyrir þig, ad apturhalda þinni, og nær gaf hann þér umbod til ad krefja skuldar sinnar, nema þú sért yfirvald, og egir Guds rétt ad sækja? en þar um gjora menn sér ecki svo annt á stundum, heldur láta sinn fyrirgánga, jafnvel þótt ad slíkt ætti ad gánga þvert á móti því, sem þad almenniliga

tilgengur, því Drottinn hefir sagt: blessid þeim er ydur bølva, en ecki, þeim sem bølva mér og mun enginn øfunda þig af því, ad fara til helvítis med þá hefud, er þú stalst frá Gudi. Þú segir: Gud gétur tekid sinn rétt nær hann vill, en eg ecki: eg vil taka medan eg gét; þú vitfirríngur! af því ad þú ert vesæll og vanmáttugur, viltu þá hafa stærri rétt enn hinn almáttugi? en þad er þér ecki ofgott ad taka þinn rétt þar, sem Gud sleppir sínum; þú sér hvernin þad géck hinum vonda þjón, ad herrann ofurseldi hann kvølurunum, þar til hann hafdi borgad þad hann var skyldugur; en Frelsarinn segir hér í textanum: svo mun og minn himneskur Fadir gjøra vid ydur, ef ad hver ydar sem einn, fyrirgéfur ecki út af hjarta sínum bródur hans misgjørdir; Drottinn segir: hans misgjørdir; hann tekur enga undan, allar vill hann tilgéfnar séu; sama segir hann bak vid drottinnliga bæn, Matth. 6, þar bidjum vér, ad Gud fyrirgéfi oss vorar skuldir, svo sem vér fyrirgéfum vorum skuldunautum; viljum vér þá, ad Gud forláti oss ad nockru leiti, og ecki ad øllu? ei mun þad rádligt, því hin minnsta synd vinnur til eylífrar fordæmíngar, nema hún sé uppgéfin og forlíkud, því sá, sem heldur allt løgmálid, og verdur brotligur í einu, hann er sekur vid øll, segir Jakob; nú forlætur Gud oss eins og vér náúnganum forlátum; þar fyrir, ef vér viljum ad hann tilgéfi oss allar vorar syndir, þá fyrirgéfum vorum bródur allar sínar. Hann gaf honum upp alla skuldina, segir í textanum; svo egum vér ad breyta; allt egum vér ad uppgéfa, hverju nafni sem heitir, hversu ríkt sem þad liggur oss í skapi, hvern skada, óvirdíng edur vansa sem vér hlotid høfum, þad má ei gylda, þad skal allt uppgéfa fyrir Guds sakir, og mun þad engum þeim ofgoldid þykja, sem idugliga hugleidir, hvad mikid honum sjálfum sé af Gudi uppgéfid, og hvad vardar mig um óvirdíng þessa skynlausa heims, þegar eg ljóma eins og sól í ríki míns Fødur? Hér mun margur spyrja, hvert hann sé skyldugur ad uppgéfa lánad fé og skuldir, sem hann á ad ødrum? Þar til svara eg, ad ecki talar Drottinn um fjárheimtur í þessum stad, heldur brúkar hann þetta dæmi í eptirlíkíngunni til ad sýna oss skyldu vora í því, ad uppgéfa misgjørdirnar; en þó vil eg þar um segja, ad ef þinn skuldunautur er svo vesæll, ad hann ecki má missa þad, sem hann á þér ad gjalda, nema hann þarfyrir rati í armód og volædi, þá byrjar þér ad hafa þolinmædi vid hann, og jafnvel géfa honum upp alla skuldina, ef hann má ei annars lifa, en þér er fullborgid, ellegar ertu sekur í hans dauda fyrir Gudi, því hann er þá þurfamadur, en Gud hefir fengid honum sinn rétt til þess, sem þú hefir ofmikid. Aptur munu menn spyrja, hvert ei sé réttvíst fyrir Gudi, ad sækja rétt sinn fyrir kristiligu yfirvaldi á móti þeim, sem oss hafa tilgjørt? Þar til liggur svar, ad þad leyfist ad vísu, ef madur nær ei rétti sínum á annann veg, ella væri ei løgin og yfirvaldid af Gudi tilskickad; veraldin gétur og ecki án þess verid sokum rángsleitnis óhlutvandra manna, þó skal þad med slíkri vareygd gjøra, ad ei raskist kristiligur kjærleiki, og ad sækjandinn ecki hatist vid þann, sem hann varhent á, né hverigur vid annann, ei heldur hlaupi til dómarans fyrir smámuni hverja, alleina fyrir metnadar sakir. En fyrir því, ad medalhófid er vandratad í þessu, þá er framvegis verdt ad vita, hverninn vér egum ad fyrirgéfa; og er þad fyrst ad athuga, ad þeir, ed oss móti gjøra, eru med tvennu móti; þar eru þeir, sem gjøra oss til, og ydrast þess ecki, þykir vænt um þad, hrósa sér þar af, edur bidja forláts til

ad gabba oss, ad ei verdi þeir afhendtir dómaranum, en hafa þó hid sama í sinni, og ítreka það, nær þeim rædur svo vid ad horfa; þessum egum vér þó ad fyrirgéfa med því móti, ad vér ei ölum neina heipt til þeirra, jafnvel þótt vér neydumst til ad forsvara vort nafn og ríkti, vora vini og vandamenn, vorar eigur og fjárhluti, sem annars mundi verda óráðvöndum mönnum ad bráð, ad vér þó ecki gledjumst yfir ósörum þeirra, heldur bidjum Gud ad snúa þeim; svo segir Salómon: þegar óvinur þinn fellur, þá gledst ecki, og nær hann hrapar, þá fagni ei hjarta þitt, ad það ei sýnist íllt í augum Drottins, og hann snúi frá hönum reidinni á þig, Ordskv. 24; ecki óskum þeim neinnar hefndar af mönnum, nema þeirrar, sem lög leysa oss, og þó ecki óska hennar frekari enn tilgjördin er, en þó miklu sídur, ad beidast Guds hefndar yfir þeim, allra síst eylífs straffs, það er ein ógudlig ósk, sá ed þess bidur, hann bidur um slíka hefnd, sem Gud alleina hefir rétt til, og er afgudadírkari, hvad þó margt fólk gjörir í ofstæki brædi sinnar, heldur egum vér og þessum ad fyrirgéfa, en géfa Gudi hefndina, og jafnvel þótt vér gaungum ad því vísu, ad þeir muni leita á oss aptur; svo gjörir Gud: hann lét Pharaó standa þegar hann beiddist fridar, þótt hann vissi ad ei mundi hann sleppa Israel; hann fyrirgaf Achab þá hann klæddist í seck, 1 Reg. 21, vissi hann þó, ad sú ydran mundi ei lengi vara, en Frelsarinn hefir skipad oss: verid miskunsamir, líka svo sem ydar fadir er miskunsamur, og ecki talar Drottinn um það vid Petur, er hann skipadi hönum ad tilgéfa sínum brodur sjötíu sinnum sjösinnum, Matth. 18, hvort ad hinn seki ydradist sinnar mótgjördar edur ei. Adrir eru þeir, sem út af hjarta ydrast mótgjördanna, vilja það gjarna bæta, er þeir brotid hafa, og sýna það í verkunum, er þeir játa med munninum, þá egum vér aptur í fulla sátt ad taka, svo sem ecki hefdi á milli borid; svo gjörir Drottinn fyrir munn Zacharíæ; eg skal miskuna þeim, og þeir skulu vera svo sem aldrei hefdi eg þeim í burtu kastad; og hér meina eg ad eigi heima sá skilmáli, er stendur, Lúkæ 17, og jafnvel þó svoddann optliga til beri, því svo gjörir Gud vid oss; enginn af oss mun neita því, ad vér dagliga syndgumst og vinnum ei nema til hegníngar, og þó er hans náð fersk og ný yfir oss á hverjum morgni, og aldrei hefir hann nockurn ydrandi frá sér rekid, hversu opt sem hann syndgast hefir. Ef vér nú viljum þessarar miskunar njóta, þá audsýnum hana og vorum brædrum, annars höfum vér enga hlutdeild í henni, og þær syndir, sem oss vóru ádur tilgéfnar, þær munu oss ad nýu tilreiknadar verda, eins og þessum vonda þjón, því miskunarlaus dómur mun yfir þann gánga, sem ecki miskun sýnir, segir Jakob, 2 kap., og er það einn stór dáraskapur, ad láta heiptina svo fyrir sig ráda, ad Guds blód og hans náð snúist þeim til fordæmíngar, er þannig breytir, og ad menn gángi úr skugga um það ad vér skyldugir séum ad tilgéfa vorum bródur, hversu opt sem hann syndgar, þá býdur hann, Lúkæ 17, ad hönum skuli sjösinnum á degi fyrirgéfast, ef hann sjösinnum ydrast, líkligt er, ad enginn muni optar brjóta á degi og þó svo opt ydrast, en hvernig sem því er varid, þá merkir þetta: svo opt sem hann brýtur, eptir ordshætti ritníngarinnar: hinn réttláti fellur sjösinnum á degi, segir Salómon, Ordskv. 24; sjösinnum á degi lofa eg þig, segir Davíd, Ps. 119. Ef þér heyrid mér ecki, þá skal eg straffa ydur sjöfallt, segir Drottinn, Levit. 26, það er æfinliga, svo lengi þér ecki heyrid; það verdur og ad vera, því sá sem

vill vænta fyrirgéfníngar synda sinna allt fram undir daudann, hann skal og hvern dag fyrirgéfa allt í daudann, nær honum géfst þar orsök til, og þad af hjarta, segir Drottinn hér í gudspjallinu, án yfirdrepsskapar, án möglunar, brixlis og eptirtalna; svo gjörir Gud, hann géfur öllum einlægliga, og telur ei eptir, segir Jakob, 1 kap; þad er ei nóg, ad menn umgángist í meinleysi, en geyma þó einn niordíngja í hjartanu, og kyssa á þá hönd-ína, er menn gjarna vildu ad af væri, svoddan fyrirgéfníng er hræsni fyrir Gudi. Herr-ann sá aumur á þeim þjón, segir textinn, hann komst vid í hjartanu, ad sjá eymd hans, er í þrældóm gánga átti, med konu og börnum, fyrdtur öllu sínu; svo stendur optliga um vorn Frelsara, nær hann sá eitthvad aumt, ad hans idur hafi hrærst af medaumkun, svo vill hann ad vér lyndir séum móti þeim, sem oss tilgjöra, og ydrast þess. Þad er vel tilfundid í voru máli, ad sjá aumur á einum, sá þad gjörir, hann kénnir í brjósti um þann sem hann miskunar, hann tekur sér nockud, hann ber nockud af hans eymd, og verdur sjálfur aumur med sjálfum sér, og þad kannské ecki síst þess vegna, ad hann veit, ad hann hefir slíkt forþénad og er slíku volædi undirorpinn, ef Gud vill. Hann sem tilgéfur af hjarta, hann álítur hvad mikid hann sé Gudi skyldugur, og hvad brádliga hann kynni þvílíkt ad henda; íklædist hjartgróinni miskunsemi, segir Páls, ecki þeirri sem er á vör-unum og segir: etid og dreckid, klædist og vermid ydur, en géfur eckert hinum þurfanda; ei heldur hinni, er segir: eg vil tilgéfa honum, en gleimir því þó aldrei, er honum var tilgjört; heldur þeirri sem hefir djúpar rætur í þelalausu hjarta, elskar óvini sína, blessar þá ed bölva, bidur fyrir þeim sem ofsækja, og gjörir gott þeim ed misgjöra; og er eckert skaplyndi farsælla enn þetta, eckert rósamligra, og eckert sem betur hag sínum uni, því svo sem ad hinn heiptræki hefir enga ró, hans matur og dryckur er honum súr og beiskur, þegar sjálfkan leggur út í hvörn hans lim og lid, og honum flýgur mótgjördin í hug, svo má og um hinn segja, er sóttredur óréttin, þad sem Davíd sýngur, Ps. 119: mikin frid hafa þeir, sem elska þitt lögmál og þeim mætir eckert hneixli, því á medal þeirra helstu bodorda í lögmálinu er, ad tilgéfa misgjördirnar, og þeir hneixlast ecki af óréttinum, sem forsmá óréttinn; þarfyrir verid brádliga samþyckir ydar mótstödumönnum, kristnir menn! á medan þér erud ennþá á vegi med þeim, svo ecki ofurselji mótstödumadurinn ydur dómaranum, dómarinn afhendi ydur kvalaranum, og þér verdid svo í díblissu kast-adir. Hvar frá hinn nádugi Gud vardveiti öll sín börn, í Jesú nafni, og géfi öllum oss svo ad umgángast hver vid annann hér í nádinni, ad vér í eylífum kjærleika megum sam-fagna hver ödrum í dýrdinni. Þad bænheyri hinn nádugi Gud, fyrir Sonarins forþén-ustu, amen!

A Allra Heilagra Messu.

Gudspjallid, Matth. 5 Kap.

Og er Jesús leit folkid, géck hann uppá fjallid, og þá hann setti sig nidur, gengu hans lærisveinar til hans, og hann lauk upp sínum munni, kéndi þeim og sagdi: sælir eru þeir sem andliga

eru voladir, þvíad þeirra er himnaríkid. Sælir eru þeir sem harma, þvíad þeir munu huggadir verda. Sælir eru hogværir, þvíad þeir munu jardríkid erfa. Sælir eru þeir sem húngra og þyrsta eptir réttlætinu, þvíad þeir skulu saddir verda. Sælir eru miskunsamir, þvíad þeir munu miskun hljota. Sælir eru hreinhjartadir, þvíad þeir munu Gud sjá. Sælir eru þeir sem fridinn semja, þvíad þeir munu Guds born kalladir verda. Sælir eru þeir sem fyrir réttlætisins sakir offoktir verda, þvíad þeirra er himnaríki. Sælir erud þér nær sem mennirnir hallmæla ydur og offokn veita og tala í gégn ydur alla vondsku, fyrir mínar sakir, þo ljúgandi. Fagnid þér og verid gladir, þvíad ydvart verdkaup er mikid á himnum; þvíad svo offoktu þeir spámennina, þá sem fyrir ydur voru.

Exordium.

Svo er margt sinnid sem madurinn er, segir í gømlum málshætti; fáir eru þeir hlutir, sem allir góda kalli, en í því kémur øllum saman, ad þad sé gott ad vera sæll, og vanta ecki uppá þad þeir girnast, þó meta ecki allir sæluna med einu auga; þad sem PáluS hélt þreck ad vera, þad kalla adrir fullsælu. Þad er skrifad um Anaxagóram spekíng, ad sælkeri nockur hafi spurt hann ad einhverju sinni, hver ad farsæll væri? og hafi hann svarad: enginn af þeim, sem þú meinar, heldur sá, ed þú kallar vesælan ad vera, hann er sæll. Og hid sama er ad segja um born veraldar þessarar, þad sem þau sælu kalla, þad er reyndar volædi, ef rétt er álitid. Þessi hátídis dagur er af lærifedrum kristiligrar kyrkju í fyrndinni helgadur øllum heilogum. þad er ollum þeim, sem hafa yfirunnid fyrir Lambsins blód, en þó sérilagi þeim, sem í gégnum margar hørmúngar, útlegd, ørbyrgd, húdstrokur, forsmán, húngur, klædleysi, lífslát, og allt þad íllt, er þeir lidu fyrir Christi nafns skuld, þeim sem í gégnum øll þessi óskøp, segi eg, hafa brotist inn í síns Herra dýrd, og þá nefnir hann nú sæla í gudspjallinu, sem er brunnur allrar sælu, og fyrir utann hvern engin sæla má nefnast, því hann er Gud alleina sæll, og þeir sem í honum eru alleina sælir, og enginn sæll fyrir utan þá. Drottinn hafdi nærri því í hál t ár prédikad evangélium ríkisins, í hverju þeim verdur sælan heitin, er því trúa; hann hafdi ádur sagt, ad hver sem trydi á Soninn, hann skyldi ei fyrirfarast, heldur hafa eylíft líf, Jóh. 3; ad sá sem drycki af því vatni, er hann mundi géfa honum, skyldi ecki þyrsta ad eylífu, Jóh. 4; og fleira þess háttar hafdi hann talad um Guds ríkis sælu. En svo sem ad kvinnan, er taladi vid hann hjá Jakobs brunni í Samaría, hún skildi ecki hvad hann meinti, þar hún sagdi: Herra! géf mér þetta vatn, ad ei þyrsti mig, og ei þurfi eg ad koma híngad til ad ausa vatn; svo hafa og flestir af hans tilheyrendum verid ófródir um þessa Guds gjof, sérdeilis þar ed løgmálsins fyrirheit, vid hver þeir vóru uppaldir, þau vóru annadhvert líkhamlig, edur vafin í hylmíngu líkhamligra hluta. Fjoldi manns tók vel þessum bodskap í fyrstunni, en þegar til lengdar lék vid, og þessi fyrirheit ecki komu svo brádliga fram, þá hefir fólkid gengid í tvær sveitir, svo sem ráda má af Jóh. gudspjallabókar sjotta og sjøunda kapítulum; og jafnvel hafa runnid tvær grímur á sjálfa lærisveinana, þóit ad bædi þeir og adrir sæu kraptaverkin, er hann gjørdi á þeim sjúku í Galílea, Matth. 4; en til þess, ad undirvísa bædi þeim og ødrum í sinni ríkisstjórn, þá tekur hann þá hér afsídis frá ødrum uppá fjallid og talar fyrir þeim eyrendi ríkisins, í hinni merkiligu prédikun, er ritud stendur í Matth. 5, 6 og 7 kapítulum, hverrar inngángur ad er þetta heilaga gudspjall, af hverju vér í þetta sinn hugleida viljum hina fyrstu sælu, og tvennt þar af oss fyrir hendur taka: 1) hversu ad fátæktin sé gagnlig; 2) hverju þeim heitid sé, sem eru andliga voladir. En þú sem ert alleina ríkur, styrk þú oss fátæka og auma til þessa verks, svo vér verdum í Gudi ríkir, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Sælir eru andliga voladir, segir Drottinn; eg veit ad menn greinast á þar um, hvad þetta ord voladur merki í þessum stad; bædi Augústínus og Chrýsostómus halda, ad þad séu þeir ed afneita øllum sínum verdugleik og kalla sig alls góds óverduga, en einkis ills; og kann eg því ecki ad neita, ad sú meiníng sé og fólgin í þessu ordi, því svo ega allir kristnir lyndir ad vera, hvert heldur ríkir eda fátækir eru, samt hygg eg þó, ad Lausnarinn meini hér sérílagi þá, sem eru snaudir af veraldar munum edur vyrdíngum, þvíad svo mun þeim flestum hafa háttad verid, er honum í þad sinn eptirfylgdu; þad má sjá af því er kénnimennirnir og Pharísei sogdu fordum, Jóh. 7: trúir nockur af hofdíngjunum á hann, edur af Pharíseis? en þessi almúgi, sem ecki kann logmálid, er bølvadur; og þar ad auki skrifar Lúkas alleina í sínu evangélíó: sælir eru fátækir, og er hann víkur rædu Drottins til hinna, sem vesælir eru ad Guds dómi, þá segir hann, Lúk. 6: vei ydur audugum, því þér hafid ydar huggun medtekid; þá kalla eg þad víst, ad Drottinn meini í þessum stad þá, sem ei hafa miklu veraldar láni ad fagna, ecki alleina þá, sem ørbyrgir eru, heldur og þá, sem á einhvern hátt eiga vid bágan kost ad búa, því ad þvílíkra er Guds ríki, segir Lausnarinn, þad eru þeir, sem eru eins illa staddir og øregar, og þó ecki þá alla heldur, því margur er fátækur, og skickar sér illa í sinni fátækt, er óþolinmódur, hleypur med þjófnum til ad stela, vinnur alla óhæfu fyrir sultardóm, til ad rydja af sér fátæktinni, sem í sjálfri sér er einn heilagur hlutur, því Guds sonur hefir hana helgad med sínu dæmi, þegar hann gjordist fátækur vegna vor, þar hann var þó ríkur, svo vér af hans fátækt ríkir yrdum, segir postulinn, 2 Cor. 8; þarfyrir utan er hún straff syndarinnar og á einga hlutdeild í þessu fyrirheiti. Svo eru margir af þessum húsgángsherrum, er gánga á medal vor og leita sér ølmusu í Guds nafni, en gjalda bølvun fyrir blessun, nær þeir ecki hafa úr hvers mans hendi þad þeir vilja; fráskilid er þetta illþýdi slíkri náð, Gud miskunar sínum fátækum, segir Esaías 49 kap., en ecki Andskotans, þeir verda ad hafa slíka miskun, er hann vill veita, sem þeir ljást til þjónustu, ad velta af sér Christí oki á móti hans logmáli, er skipad hefir, ad sá skuli ecki eta, sem ei vill erfida, 2 Thess. 3. En Matthæus segir oss hér í gudspjallinu, hverjir þeir séu er þessi sæla tilheyri, þar hann leggur til þetta ord, andliga, segir hann, þad eru þeir, sem ecki ørvænta í volædinu, ecki eru óþolinmódir, heldur til frids í hørmúngunum, í ofsóknunum, í ángistinni, í naudunum, eins og Páłus, þeir ed ecki grípa til óleyfiligra medala og ecki ofunda þá, er hafa velgengni heims þessa, heldur audmýkja sig undir volduga Guds hønd í mótgánginum og segja jafnan, verdi þinn vilji; þessir hrósa sér í sinni fátækt, svo sem Jakob ad ordi kémst; og þad eru þeir ed Davíd kallar Guds volada, Ps. 72; þetta er sú fátækt, er eg meina ad ecki alltíd gagni til himnaríkis. Margt ber til þess, kristnir menn! ef vér þad viljum rétt athuga: þad er oss vitanligt, ad vér dugum ecki til þess, ad gjora tvennt í einn; munum vér þá undir eins fá þjónad Gudi og mammóna; og er þá hætt vid því, ad ef annadhvern skal yfirgéfa, ad þeim sem skárgod þetta fagurt þykir, þeir muni segja laust vid Gud, hvern þeir sjá ecki, en þýdast mammóna,

hver ed glansar í augunum, svo ad margan hendir hvílíkt og Gydínga fordum, vid hverja Drottinn segir, Esa. 22: þér gjorid farveg á milli tveggja múranna fyrir vatni hins gamla fiskidíkisins, en þér lítid ecki á þann, sem það skapad og myndad hefir; en sá, sem eckert á í heiminum, hann hefir miklu betri orsök og tækifæri til þess, ad verda ríkur í Gudi, og fyrst hann þenkir ecki á jardneskan aud, þá skal hann aldrei draga hann frá þeim himneska. Sá sem miklum audi safnad hefir, hann liggur á sínum dreggjum, eins og Móab, Jer. 48, hann hefir sína umgengni á jørdunni; þar sem hans féssjódur er, þar er hans hjarta; en øreginn þarf ecki ad geyma vandliga það, sem eckert er, hans umgengni er á himnum, hvadan hann væntir Frelsarans Drottins Jesú Christí, ef hann er annars andliga voladur, hann keppist vid ad safna sér féssjód á himnum. Þar eru og kannské fáir, sem hafa réttfenginn aud í heiminum, því heitir hann og ránglætis-Mammóna; en á þessari audlegd, sem í himninum er, eiga allir kost ad saklausu, gaungumadurinn svo vel sem konúngurinn; blindum, høltum og lømudum er þar til bodid, þeir kaupa fyrir alls eckert, sem hann eignast; og hversu ad þeir séu hæfari til ad ná þessari audlegd, sem ei hafa mikid eptir ad draga, það kénnir oss Frelsarinn, er hann segir, ad hægra sé úlfaldanum ad gánga í gégnum nálaraugad, enn ríkum manni inn í himnaríki. Eg vil ei þar um tala, ad ríkdómurinn ablast med erfidi, geymist med áhyggju, og missist med sorg, ef missast skal, en sú sorg er sjaldan án syndar, mørgum hefir hún steypt í ørvænting, og dregid til ad bæta rád sitt aptur med ránginduuum, og ad vísu eru flestir ópolinmódir yfir skadanum; fáir eru eins lyndir og Job, er hann sagdi: Gud gaf og Gud astók, sé nafn Drottins blessad, Job 1; en sá grét aldrei fyrir gull, sem ecki átti það; hann sem er sannur Guds vesælíngur, hann sem er andliga voladur, þótt hann missi þann sátækdóm, er hann brúkar til dags og nætur, þá hefir hann eckert af sinni audlegd mist, því hún er í himninum, hún skémmist ecki, segir Petur, hana skal enginn frá honum taka, og þótt hann skyldi í húngri og klædleysi út af deyja, þá flýtir það honum alleina til ríkis. Það er skrifad um Alexander hinn Stóra, þann fræga konúng, ad þegar lid hans var allt ofþúngbúid ordid af herfánginn, svo honum þótti l'tid framgengt verda, þá brendi hann upp fanng þeirra, og huggadi þá med því, ad þeir mundi safna ógrynni fjár, ef þeir léttu þessu af sér, en sæktu med flýti til þeirra landa, sem væru audug af gulli og silfri; megi eg nú saman taka það, sem sundurleitast er, þá sýnist mér, ad hinn alvísi Konúngur gjøri vidlíkt med fátæktinni vid sína volada, því nær þeir hafa ørvænt sér veraldligs auds, þá keppast þeir eptir þeim himneska; þegar þeir ætlast til einkis lids af mønnum, því fáir eru vinir hins snauda, Ordskv. 19, þá leita þeir lids hjá Drottni, og nær hann hefir, svo sem í speigli, látid þá sjá dýrd síns ríkis midt í ørbyrgdinni, þá gjøra þeir skoll ad øllu oflæti heimsins; og er því ávøxtur fátæktarinnar þessi, ad hún girnist ei meir, enn hún hefir, og er hún þá ríkari heldur enn Salómon edur Assverus, já, hún girnist eckert, nema sinn Gud, og hann stendur hinum sátæka alltíd til bóda; en sá er ágjarn, sem vill eiga meira, enn himins og jardar skapara. Allir vitum vér það, ad vér bárum eckert inn í heiminn, og eins vel, ad eckert munum vér í burtu bera, jafnvel þótt sýnast megi, ad

nockrir það ecki satt haldi, annars mundu menn leggja meiri hug á, að lifa vel, enn verða ríkir, og veldur það því, að hjartað er svo djúpt niðursockið í maurana, að sumir gjæta þar ecki að, fyrr enn dauðinn grefur þá upp til að leggjast í eina aðra grof; þeir gleyma því, að naktir komu þeir af lífi móður sinnar, og svo munu þeir þángað aptur fara, Job 1, það er ofan í jörðina, sem er allra móðir. Par er enginn kéndur, sem hann kémur ecki, fyrir þeim volaða; hann á ecki við mikinn heim að skiljast, því skal það ecki draga hann frá himnaríki, og sú auðlegð, er hann átti í Guði í þessum heimi, og ecki var nema pantur eptirkomandi farsældar, hún fullkomnast, nær hann inngengur í dýrð síns herra, og rætist á honum það, er Sýrach skrifar: ó, dauði! hversu góður er þinn dómur hinum fátæka? Vér vitum, hversu að hinn ljótu skrýmsli, er syndin og Djöfullinn hafa fært inn í veröldina, ágyrni, öfund, ofríki, drambsemi, óhóf og ránglæti, hversu, segi eg, að það sé gagnstædt himnaríki, en allt þetta vill hánga við ríkdóminn; sá skal vel gjæta sín, er ecki hefir neinn snert af þessu, ef hann ríkur er; þarfyrir segir Páls, að þeir, sem vilja ríkir verða, þeir falli í Djöfulsins snörur; en fátæktinni er enganveginn svo hætt við slíku, og að vísu ecki þeim, sem er andliga volaður, því er hann nærr himnaríki, enn hinn, nema sá ríki ástundi að vera í Guði ríkur, og í góðum verkum; og að vísu hefir Kristur lagt grundvöll sinnar kyrkju í fyrstunni af hinum fátæku. Það kénna oss þessi Frelsarans orð, er í guðspjallinu standa; og með sama hætti hefir þessi bygging risið eptir hans himnafor, það auglýsir Páls, er hann skrifar til Korinthíos, 1 kap: sjáið yðar kollun, bræður! að þér eruð ecki margir voldugir, ecki margir göfugir; það kénnir oss Jakob postuli, hver eð var á lífi þrjátíu árum eptir það Drottinn var inngenginn í sína dýrð, segjandi, 2 kap: hefir ecki Drottinn útvalið hina fátæku í heimi þessum, ríka í trúnni, og erfíngja þess ríkis, er hann ætlað hefir þeim, sem hann elska; þessa alvísa byggíngarlags hefir margur auðugur síðan notið, því er það synd fyrir oss, að forsmá Guðs volaða; en fáir voru þeir af ríkismönnum, er gengu Drottni til handa meðan hann umgéckst í holdinu; eg ætla, þegar menn taka Zachariam og hans hús, Nikódemum, Jóseph af Arímathía, Jóhannem, húsfrú Chúsæ, þegar menn taka þessa burt, þá muni hinir teljandi, sem skipuðust við hans kénníngar af höfðíngjunum, utan þeir, sem neyðin dró til, svo sem voru Jaírus, konúngsmaðurinn, og hundraðshöfðínginn, og eru þeir þá í selskap með fátækum, svo sem áður er sagt. Hér af álykta eg nú svo, að eins og einn vís forsmiður, hann velur hið bezta efni til þeirrar byggíngar, er hann ætlar sér vel að vanda, svo hefir og Frelsarinn breytt í þessari sinni kyrkjugjörð, hann hefir valið það í undirbyggínguna, er hann fá að hentugast var, það voru hans fátækir; svo var hann sjálfur, sem var hyrníngarsteinninn í þessu mikla forvirki; svo voru hin sterkustu máttartré þar í, sem eru hans postular, uppá hverja vér bygðir erum; svo voru þeirra eptirkomendur fram eptir öldunum, þar til Djöfullinn spillti þessu Guðs verki með ágirndinni, öfundinni og drambseminni, svo sem ljóst er af kristinndómssögunum; og sjá menn af þessu meðal annara, hversu að fátæktin og Guðs ríki eiga vel saman. En þó að ríki Drottins Jesú hefði sín upptok hér á jörðunni, sem var af umkomulitlum fiskurum, ólærðum og einkis megnandi, þótt það eblst hafi fyrir utan

allt ofbeldi, hárevsti og vopnaburd, því enginn heyrdi hans raust á strætunum, og hans ríki var ecki af þessum heimi, ei heldur vopn hans herfarar líkhamlig, hvers strídsmenn ad hofdu túnguna fyrir verju, þolinmædina fyrir atvinnu, trúna fyrir skjold, kjærleikann fyrir vígi, fátæktina, já, sjálfviljuga fátækt á stundum, í stadinn gulls og silfurs, er heimurinn kallar abl þeirra hluta, sem hann vill láta framgáng hafa, samt hefir þó enginn af veraldar hofdíngjum svo vídt útþanid sitt veldi um heiminn, svo sem hann, því Gud hefir gefid honum endimork veraldarinnar til arfleysdar, svo þad er ad fullu og ollu rætt, sem Esaías fyrir spáir, 2 kap: þad skal ské á sídurstu dogum, ad nær þad fjallid Guds húss er sett uppá adra fjallatinda, og upphafid yfir hálsana, ad allar þjódir skulu þángad samansafnast; hvert er þad fjallid? þad er Christí ríki; hvert er þad húsid? þad er hans kyrkja; hver eru þau fjollin? þad eru ríki veraldarinnar um heiminn. Já, enginn hefir svo fljótan, svo frægan sigur unnid, sem vor Konúngur, og þó med fáum og fátækum monnum; hann lagdi undir sig meira ríki med tólf postulum á stuttum tíma, enn Alexander hinn Stóri á tólf árum med ollum Gricklands her. Einn madur, St. Páll, hrósar því, ad hann hafi allt í frá Jerúsalem inn til Illyríkum uppfyllt allt med evangelíum; svo þad er sannkvedid, er Esaías skrifar: mun jordin fæda á einum degi? mun ein þjód getin verda í einu, þar Zíon géngur undir eins þúngud med born sín, og fædir þau? Esa. 66. Svo hefir nú hinum stóra allsherjar Konúngi þóknast ad byggja sitt ríki med fátæktinni; því skyldu þá ecki þegnar hans kalla hana ollum ríkdómi ríkari, þar hann er alleina ríkur, sem þad hefir útvalid, sem audvirdiligt er fyrir heiminum? En Gud nádi oss auma! þad er hinn allra mesti skadi vor, ad þótt vér berum oss ad þjóna Gudi, þá haungum vér svo fast vid audinn og aurasafnid, ad menn gleyma Guds bodordum, og stíga fram yfir þau takmork, er hann hefir sett oss, svo erum vér frekir til fjárins; en hvad er þad, kristnir menn? þad er ad færa fórnir í Jerúsalems musteri, en offra þó samt á hædunum, þad er ad sverja vid nafn Drottins, og þó undir eins vid Malkom, eins og Júda; heyrum því ord Drottins af munni Jeremíæ: ef þú ætlar ad snúa þér aptur til mín, Israel! þá snú þér, og reika ecki híngad og þángad. Einganveginn er þad hér med sagt, ad menn skuli kasta frá sér allri umhyggju fyrir líkhamanum; alla hluti hefir Gud manninum undir fætur lagt, til þess hefir hann gjort náttúruna svo ríka, ad mannesjkan skyldi audgast þar af; eckert hefir hann forgéfins skapad, heldur mannkyninu til nota, en sér til lofs og dýrdar; en hitt segi eg, ad menn láti Gud vera herrann, en Mammóna þrælinn, já, ad vér séum audsins herrar, en látum ecki hann drottna yfir oss, en þó allra síst, ad vér látum þenna þétta leir svo klessast vid hjarta vort, ad vér gleymum Gudi edur hans voludum; og er þad nú svo úttalad um hid fyrra.

Nú eptirfylgir ad tala um þad, sem hinum andliga voludu heitid er; í textanum stendur: þvíad þvílíkra er himnaríki. Nú er Guds ríki med tvennu móti: eitt er hans nádarríki, hvert og kallast himnaríki, Matth. 18, þar ed stendur: himnaríki er líkt einum konúngi, sem reiknast vildi vid þjóna sína; annad er hans dýrdarríki; sá, sem vill ná til þess sídara, hann skal endiliga hafa hlutdeild í hinu fyrra, og enginn hefir sá komist

í hans dýrdarríki, sem ecki hafi ádur verid í hans nádarríki, sumir lengur, sumir skémur; þar eru nockrir kalladir snemma morguns, adrir ecki fyrr enn um hina elleftu stund, en þad er víst, ad hverutveggju þessu lofar Drottinn þeim, sem ad eru andliga voladir, og þeirra líkum. Hver eru þá gjædin í Drottins nádarríki? ecki metord, ecki audæfi, ecki sællífi í mat og dryck, ecki hefnd yfir óvinum sínum, né þad hjartalag, er festi sig vid nockud af þessu, þótt þad megi þeim géfast, sem eru Christí þegnar, því Guds ríki er ecki matur og dryckur, heldur réttlæti, fridur og fögnudur í heilögum Anda, segir Pálus, Róm. 14, og út af þessum hans ordum vil eg í stuttu máli segja, hver ad séu audæfi Guds nádarríkis. Þad er réttlætid; ecki vort egid, sem ecki er betra enn nidlagsfat, þegar þad er sem kostuligast, heldur Jesú Christí, hver oss er til réttlætis af Gudi géfinn; skyldi eg nú vilja taka nockurn veraldar aud fyrir þad? Drottinn minn! fyrir þad eru mér syndir mínar tilgéfnar, en þegar þær eru kvittar, þá er eg ríkari í öllu mínu volædi, enn Salómon í allri sinni dýrd; í því má eg birtast fyrir angliti þíns Fodur, en ecki í pelli og purpura hins ríka sælgjætíngs, Lúk. 19; fyrir þad mun eg Guds barn kalladur verda, en ecki þó eg nefndur væri dóttursonur Pharaónis; hvad gagnar þad manninum, þótt hann eignist allan heim þenna, en lídi töpun á sálu sinni, hverri eg veit, ad borgid er, medan eg á þann féssjód, sem hún er endurkeypt med? Þótt ad sveininum Cónía væri signetshríngur á minni hægri hendi, þá skylda eg slíta hann þadan, segir Drottinn um Jecóníam, son Jóachíms, Gydínga konúngs, Jerem. 22; en eg er þess fullörnggur, Drottinn! ad þú ecki slítur þína volada úr þíns Sonar höndum, hvar þeir skrifadir eru, því eru þeir öllu betur til þíns ríkis bornir, heldur enn veraldarinnar börn, hversu sem þau megtug eru, þegar þeir hafa hans réttlæti fyrir sig ad bera, því hann hefir géfid þeim magt til ad vera Guds börn, sem á hans nafn trúa, Jóhannes 1. Af þessari rót Jesse sprettur fridurinn, sem Pálus umgétur, því hann er fridarhöfdíngi, Esa. 9, og er þad nú sá annar ríkdómur í Guds nádarríki. Í ríkjum veraldarinnar er enginn fridur; þegar menn taka Salómon og Augustum keysara í burtu, þá skulu menn ecki finna mörg dæmi til, ad veraldar höfdíngjum hafi tekist lengi fridinn ad halda, jafnvel þótt gódir og réttvísir verid hafi, og kynni þad ské ad vera, til ad teikna þar med Christí ríki, í hverju ad á fridnum mun enginn endir verda, Esa. 9, því sá eini þeirra var hans fyrirmyndan, en á dögum hins var Lausnarinn í heiminn fæddur; en í Christí ríki gengur þad ödruvísi til, þar er ecki sá fridur, sem veröldin géfur, heldur hans fridur, sem hann oss géfid, sem hann oss eptirlátid hefir, hvern enginn skal af oss taka. Hinir ógudligu hafa engan frid, segir Drottinn hjá Esaíam, 48 kap; þeir tönnlast og tyggjast um þetta volædi, er þeir ríkdóm kalla, eins og gaddhestar um íllt fódur; en fridurinn í Christí nádarríki er stadfastur; þótt hans undirsátar hafi þjáníng í heiminum, þá hafa þeir frid í honum, og eru fullöruggir, því hann hefir heiminn sigrad; þad er fridur vid samvitskuna, því syndin er afmád med Guds Sonar réttlæti; fridur vid Gud, sem er fridstilltur fyrir hans blód; fridur innbyrdis, og eindrægni í andanum medal allra Guds barna, og í einu ordi ad segja: þad er sá fridur Guds, sem ædri er öllum skilníngi, af hverjum og kémur fögnudurinn í heilögum Anda, sem er hin þridja ástgjöf, sú ed Guds voludum heitinn er í

Christí nádarríki; þad er sá fögnudur, sem krossfestir manninn heiminum, og heiminn manninum, Gal. 6, sá ed forsmáir alla veraldarinnar gledi, sá ed lætur Pál og Sílam lofa Gud í fángélsinu, Daníelem gánga óhræddan í leóna grofinni, sá er því til vegar kémur, ad menn gráta, svo sem ei grátandi, og fagna, svo sem ei fagnandi, 1 Cor. 7, svo sem hryggvir, og þó jafnan gladir, svo sem fátækir, en þó marga audgandi, svo sem eckert hafandi, og egandi þó alla hluti, eins og Páluš um sig skrifar, 2 Cor. 6; þessi er fögnudurinn í H. Anda, sem ríkir í Christí ríki. Þegar lærisveinarnir voru hryggvir af því, ad Lausnarinn sagdi þeim fyrir sína burtfør til Födursins, þá sagdi hann: þér hafid nú ad sonnu hrygd, en eg skal sjá ydur aptur, og ydvart hjarta skal fagna, og ydvarn fögnud skal enginn af ydur taka; ecki taladi Drottinn í þad sinn um hina eylífu himnaríkis gledi, heldur um þann fögnud, er þeim gafst af hans upprisu, hver svo var mikill, ad þeir trúdu ecki því, ad hann upprisinn væri fyrir fagnadar sakir, en þó allra helzt talar hann um ástgjafir H. Anda, er hann hafdi lofad ad senda þeim af sínum Födur; hann var sá, ed til fulls upprétti Israels ríki, þad er Guds ríki inni hjá oss, svo þeir hofnudu öllum hlutum, og reiknudu þá þreck ad vera hjá Drottni sínum, Jesú Christó; og med þeim sama stjórnar hann enn nú sínum þegnum, þad er, öllum þeim, er á hans nafn trúa, hann er þad, sem ber vitnisburd vorum anda, ad vér séum Guds born, en ef vér born erum, þá erum vér og erfíngjar, já, erfíngjar Guds og samarfar Christí, uppá þad, ad ef vér med honum lídum, þá skulum vér og med honum dýrdligir verda, Róm. 8. Þessi Guds andi er pantur arfleyfdar vorrar, Eph. 1, þeirrar, sem þar uppi er og ei má skemmast, eigi saurgast og ei rotna, svo sem Petur ad henni kvedur, 1 Pet. 1, þad er hans eylífa dýrdarríki, er eg fyrir skommu minntist á, hvert ed himum audliga voludu heitid er, þad er sá fögnudur, sem ecki hefir auga séd, og ecki eyra heyrt, og ecki hefir í nockurs manns hug uppstígid, segir Esaías, hvar Gud er allt í öllu, og enginn umskipti ljóssins né myrkursins um óendanligar aldir alda. Eckert ríki veraldar hefir svo megtugt verid, ad ecki hafi þad eydilagst, og eitt hefir uppetid annad, en þetta mun engan enda taka, því vér munum eylífliga med Christó vera. Veraldar høfdíngjar drottna yfir mørgum misjofnum, sumum vondum, sumum gódum, sumum ríkum, sumum fátækum, sumum trúum, sumum hreckvísum; en þetta er samkunda heilagra, útvalid fólk og konúngligur prestskapur. Hinn nafnfrægi konúngur Pyrrhus, Epíróta konúngur, spurdi sinn sendimann, er hann hafdi gjørt frá sér til Rómaborgar, hvílikir ad væru þeirra rádherrar; en hann svaradi, ad rádid væri eins og konúnga samsæti; en þad má eg med öllu meira rétti segja um høll ens mikla Konúngs, Drottins Zebaoth, því þar eru allir undirsátarnir konúngar; allur heimurinn nægdi ecki metordagirnd eins manns, Alexandrí hins Stóra, en Guds ríki nægir svo miklum skara, sem enginn fær talid, og hefir þá hver einn svo mikid ríki, ad Alexandrí veldi má í engan samjöfnud koma. Þegar Drottinn spáir um vegsemd Christí ríkis hér í nádinni, þá segir hann, Zach. 12, ad á þeim degi skuli hinn vesælasti af Júda verda eins og David, og ad jafnvel þeir heimsku ei kunna ad fara villt, Es. 35; því voga eg ad segja, ad hinn minnsti í ríki himnanna muni verda heilagri enn Jóhannes, vitrari enn Salómon, fridari enn Absalon, sterkari enn Samson, og ríkari, enn öll ríki

veraldarinnar og þeirra dýrd. Þessarar sælu njótandi ad verda, unn þú oss Konúngur eylífrar dýrdar, Jesú Christí! þér, med Fodur og H. Anda, sé vald og heidur, ríki og kraptur, um aldir alda, amen!

Tuttugasta og Þridja Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 22 Kap.

Í þann tíma, þá gengu Pharísearnir, og héldu eitt rád, ad þeir fengi veidt hann í ordum, og sendu til hans sína lærisveina med Herodis þénurum, svo segjandi: meistari! vér vitum þad þú ert sannsøgull, og kénnir Guds gøtu í sannleika, skeytir eigi nockrum, þvíad þú ser eigi ad mannvirdíngum; þarfyrir, seg þú oss, hvad þér lízt: hvørt leyfist ad géfa keysaranum skatt eda eigi? En þá Jesús formerkti þeirra vondsku, sagdi hann: hvad freistid þér mín, hræsnarar? sýnid mér myntina skattsins; og þeir fengu honum einn peníng. Jesús sagdi til þeirra: hvørs mynd og yfirskrift er þetta? þeir søgdu honum: keysarans; þá sagdi hann til þeirra: géfid þá keysaranum, hvad keysarans er, og þad Gudi, hvad Guds er. Og er þeir heyrdu þetta, undrudust þeir, forlétu hann, og gengu í burt.

E x o r d í u m.

Vér vitum, ad þeim, sem Gud elska, samverka allir hlutir til hins góda, segir Pálus, Róm. 8, þetta sannar øll heiløg ritníng med Postulanum, bædi med ordum og dæmum; enginn hefir sú torfæra vordid á gøtu fyrir Guds børnum, ad hin máttuga Drottins hønd hafi ecki rudt hana, og leidt sína elskendur þar í gégnum á einhvern hátt til þess góda, er hann hefir þeim fyrirbúid. Hardýdgi Jósephs brædra vard honum til upphefdar, Gén. 41; þvermódsku Pharaónis snéri Gud sínu fólki til trúarstyrkíngar, Exód. 12; sú bølvan, er Balach konúngur vildi hafa keypt af Bíleams munni, Núm. 23, vard Israel ad blessan; Achítóphels rád urdu ecki einúngis ad ónýtu, 2 Sam. 17, heldur Davíd til sæmdarauka; áráfir Sáls konúngs gjordu hann frægan í Israel; Jessabels offóknir styrktu Elíam, 1 Reg. 18; offtopi Hamans létti þrældóminum af Guds fólki, Esth. 8, og þurfum vér ecki margra dæma hér um ad leita; enginn hefir svo íllt í sinni haft, svo sem kénnimanna høfdíngjarnir, þegar Heródes og Pontíus Pílatus med heidíngjunum og Israels fólki samansøfnudust yfir Jesúm, Guds son, til ad gjøra allt þad, er hans hønd hafdi ádur fyrirhugad ad ské skyldi, Act 4; en þessari illsku þeirra snéri Guds alvitra rád øllum heimi til miskunar og syndalausnar, þvíad í hans nafni, sem þeir í þad sinn heingdu uppá tréd, svo sem adra bølvan, þá fá þeir allir syndanna fyrirgéfníng, sem á hans nafn trúa, ad vitni allra spámanna. Act. 10; svo menn mega játa þad satt ad vera, sem Elíphas segir, Job 5 kap., ad Drottinn fángi hina vitru í slægdum þeirra, og rád þeirra, er í gégn standa, munu detta. Dæmi þar uppá høfum vér í þessa h. dags evangélio, þar vér heyrum, ad hinir ólmu hundar voru enn nú einusinni útsendir, til ad fánga hid saklausa Guds lamb, og høfdu svo hagliga tilbúid sínar veidibrellur, ad ecki skyldi tilsleppa; en hann, sem vissi hvad med manninum bjó, og ónýt gjørir rád hinna ógudligu, hann feldi þá í hina sømu grøf, er þeir høfdu honum búid, og vann á þeim med þeirra egin vopni, svo sem vér heyrdum af gudspjallinu, af hverju vér

nú viljum hugleida: 1) hvad vér séum yfirvaldinu skyldugir; 2) hver ad sé skylda vor vid Gud almáttugan; styrk ofs hér til, Drottinn minn! fyrir Þíns Sonar forþénustu, amen!

Utleggíngin.

Géfid keysaranum, hvad keysarans er, segir Drottinn; menn leggja Þad kannské ad litlu sumir hverjir, ad Þeir bjóda ad hlýda sér, hverra virdíng ad vex vid annarra undirgéfni; Þad kynni ad fljúga einum í Þánka, ad ecki væri ad henda reidur á Því, Þótt ad løgin og almenniligar skickanir segi Þeim nockur Þýngsl á hendur, sem engu géta af sér hrundid sakir vanmáttar síns, Því Þeir sømu ráda fyrir løgunum, sem tollana taka; en gjætum ad hverr sá er, ed Þetta segir, Þad segir sá, sem allt vald géfid er bædi á himni og jordu, Matth. 28, en er Þó í Þrælslíki auglýstur, Philipp. 2; hann, sem allt silfur og gull á, og ecki vill segja manninum til, ef hann húngrar, Ps. 50, en hafdi Þó ecki hvar ed hann mátti høfdi sínu adhalla, Matth. 8; hann, sem á hverri stundu kunni ad bidja Fødurinn um 12 legiónir engla, Matth. 26, en kom Þó í heiminn, ecki til Þess, ad láta sér Þjóna, heldur uppá Þad hann ødrum Þjónadi, Matth. 20, hverjum Gud hafdi géfid tignarsæti síns fødur Davíds, Lúk. 1, en vard Þó forsmáu mannanna og fyrirlitníng fólksins fyrir vorar og allrar veraldarinnar syndir, Es. 53. Segid mér, brædur mínir! mun hann, sem svo háttadur var, hafa talad Þessi ord fyrir sína skuld, edur mundi hann ecki hafa kunnad ad ná rétti sínum, hefdi hans ríki verid af Þessum heimi? ecki mundi honum hafa Þad torsókt vordid, heldur taladi hann Þau til blygdunar Þverbrotnum Gydíngum, hverjir ei vildu Þeckja hinn rómverska keysara fyrir sinn høfdíngja, er Þó hafdi af Gudi Þegid vald yfir Þeim, og til Þess, ad kénna Þér, Guds barn! Þá hlýdni, er Þú ert yfirvaldinu skyldugur um. Þér kann ad sønnu til hugar ad koma: hvad veldur Því, ad hann skuli heldur drottna yfir mér, enn eg yfir honum, Þar vid erum Þó bádir naktir í heiminn bornir, bádir egum vid ætt ockar til Adams ad rekja, báda hefir Gud skapad, og hverigur ockar hefir neitt af sjálfum sér? Þar fellur svar til: fyrir Guds sakir skaltu honum undirgéfinn vera, hver ad er allra konúngur; Páls segir med berum ordum, Róm. 13: Þar er engin valdstétt, nema hún sé af Gudi, heldur eru Þær valdstéttir, sem til eru, af Gudi skickadar, Þarfyrir, sá ed valdstéttinni mótstendur, hann mótstendur Guds skickun, en Þeir ed mótstanda, abla sér fordæmíngar; Þarfyrir, sá sem segist Gudi vilja vera undirgéfinn, hann sé og valdstjórninni undirgéfinn, hver af Gudi er skickud. Þú segir: hann kom nakinn í heiminn eins og eg; en ef Gudi Þócknast ad klæda hann í purpura, en Þig í tøtur, áttu sok á Því? ertu Þarfyrir rángeygdur Þvíad hann er gódgjarn? Þid erud bádir af Adam komnir, en sá, sem hafdi vald til ad mynda Adam af leir jardar, mun hann ecki hafa vald til, ad setja eitt kérid til heidurs, en annad til vanheidurs? Róm. 9; hverigur yckar hefir neitt af sjálfum sér, af hverjum Þá? af Gudi; Þarfyrir áttu hvad mest ad virda Þann, sem yfir Þig bodinn er, Því Þá virdíngu hann hefir fram yfir Þig, hana hefir hann af Gudi Þegid; forakta Því ecki hans skickan, en lát Þér nægjast Þinn deildan verd. Og svo sem menn eru konúnginum skyldugir ad hlýda næst Gudi, í øllum Þeim hlutum, sem Gud ecki bannad hefir, Því framar ber ad hlýda Gudi enn mønnum, sagdi Petur, Act. 4,

svo byrjar oss og, ad vera þeim undirgéfnir, sem hann yfir oss skipad hefir, ad svo miklu leiti, sem hann hefir þad skipad, því svo segir Petur, 1 Pet. 2: verid undirgéfnir sérhverri mannlegri skèpnu, sakir Drottins, hvert heldur konúngunum, svo sem yfirrádandi, edur stjórnurunum, svo sem þeim, er af honum eru sendir; sá, sem þeim mótstendur, er af konúnginum sendir eru, hann mótstendur konúnginum, sá sem konúnginum mótstendur, hann mótstendur Drottni, sá sem mótstendur Drottni, hann steypir sér í fordæmíngu, hvar af þad vill fylgja, ad sá, sem sína yfirbodara svíkur, vanvirdir edur mótstendur í því starfi, er þeir á hendi hafa, hann er sama dómi undirvorpinn hjá Gudi. Hvad eru menn þá yfirvaldinu skyldugir? þad segir oss Pálus, Róm. 13: gjaldid øllum þad þér skyldugir erud, þeim skatt, er skattur heyrir, þeim toll, er tollur heyrir, þeim ótta, er ótti heyrir, þeim heidur, er heidur heyrir; tvent þad sídara er ecki svo mjøg ábóta vant, jafnvel þótt ad ótti sá, er standa ætti af valdstjórninni haldi sumum mønnum lítt aptur frá vondum verkum, en útvortis lotníng og virdíngar fá menn nógar, þar er ei yfir ad klaga, því margur verdur til ad kyssa á þá høndina, er hann gjarnan vildi af væri; en þad, sem gjaldast á, er optast tregara hjá mørgum, ecki síst vid þá, sem oss eru af Gudi skickadir til ad vaka yfir sálum vorum, af því þeir ecki hafa sverdid þad líkhamliga í høndunum, en hvad því andliga vidvíkur, þá hafa sumir menn svo brynjad samvitskur sínar med einu stálhjarta, ad sverd andans, sem er Guds ord, vinnur ecki á hana, jafnvel þótt þad sé gjort til þess, ad þreyngja sér í gégnum bein og merg; og vil eg ecki fá mér þad til orda, þótt menn séu tregir í gjøldunum, Gud gjæfi þeirra kristiligum áminníngum hlýdt væri! þá mættu þeir sitt einkis akta, því Drottinn er þeirra hlutskipti. Eg vil aptur hverfa til þess, er eg strax um taladi: géfid keysaranum, hvad keysarans er, segir Kristur; hann talar hér sérílagi um þær skyldur, er yfirvaldinu gjaldast eiga, og þetta er ecki manns edur engils, ecki nockurs veraldligs konúngs, heldur sjálfs Guds Sonar bod; þarfyrir, ad líka svo sem sá kóngs umbodsmadur, er tekur framar, enn hans herra hefir bodid honum, hann stelur, svo er og hinn þjófur í Guds augliti, er dregur þad af yfirvaldinu, er því med réttu byrjar ad hafa, og sá er þad útilætur med illu gèdi, hann gjorir gjald sitt ad synd og ad vondu verki; því segir Páll, Róm. 13: þarfyrir er einsætt undirgéfinn ad vera, ecki alleina vegna reidinnar, heldur og samvitskunnar vegna; hann meinar konúngsins reidi, hver ed Salómon segir, Ordskv. 20, ad sé eins og úngs leóns øskur, heldur og samvitskunnar vegna, þad er vegna Guds, sem þetta bodid hefir, hverjum vér erum í hjortum og samvitskum vorum skuldbundnir. Margur óhlutvandur þenkir svo, og sumir kannské leyfi sér ad tala: eg hefi eckert gott af valdstjórninni, hún er ecki nema almúganum til þýngsla, þeir hafa miklar álogur, menn sæta hordum refsíngum af þeim, jafnvel fyrir smáar sakir; heyr mér, barn mitt! jeg vil ecki tala um Guds bod í þessu, þar Postulinn skipar, ad menn skuli vera sínum yfirbodurum undirgéfnir, ecki einasta frómum og gódum, heldur og einninn hardrádum og hreckvísum, 1 Pet. 2, og St. Páll skipar, 1 Tím. 2, ad bidja fyrir Neróni keysara, sem þó var gudlaus madur; en seg mér, kann eitt hafskip ad fara leid sína fyrir utan stýri? enn þá sídur kann løndum og lýdum vel ad gánga, þeim er engínn stýrir. Hver á ad straffa syndir og lesti? hver á ad refsa ógudligum skálkum, þeim er

frómum og meinlausum veita yfirgáng? hver á ad dæma á milli blóds og blóds? hver á ad skipa réttindum manna, svo hver haldi sínu? hver á ad gésa oss lög ad lifa eptir? hver á ad skicka oss kénnendur og predikara, til ad uppfræda oss til eylífs lífs, en varna vid eylífum helvítis eldi? hver á ad vernda oss frá hernadi og árásum ómildra manna, svo ad vér lifa megum hægu og rósömu líferni med allri gudrækni og sidsemi? 1 Tím. 2; hver á allt þetta ad gjöra, ef þar er eckert yfirvald? Gud vardveiti sína kristni frá ómildum konúngum! honum séu og eylífar þackir fyrir þá stóru nád, er hann hefir oss géfid framar öllum mönnum í heiminum; en þad þori eg ad segja: betra er íllt yfirvald enn eckert, því hvar svo ástendur, þar er hvers hönd í móti ödrum, þar er hver annars bödull, þar er enginn óhultur um líf sitt, enginn um börn né kvinnur, enginn um eigur sínar né atvinnu, þar er engin sidsemi, enginn kjærleiki, enginn Guds ótti, í einu ordi ad segja: þad er hálft helvíti. Þetta munu þeir opt kalla, er lída þykjast álögur af yfirvaldinu, en enginn veit hvad átt hefir fyrr enn misst hefir. Öllum mönnum í heiminum hefir þad ad vegi vordid, ad taka sér höfdíngja, þar sem almenníngur hefir tekid til ad stjórna; illa géck þad til á dögum hinna ógudligu Israels konúnga, Jeróbóams, Manassis, Achabs, og annarra, þó var þad enn þá verr, þegar enginn var dómari í Israel, og hver einn gjördi þad rétt þótti í hans augum, Dóm. b. 17, þá var varla nockur Guds þecking í Israel, þá gjördu Benjamítar þá hádúng, er sólin hefir aungva verri yfirskinid, hverja Sódóma og Gómorra mættu skammast sín vid ad heyra, þá slátradi Guds fólk sínum egin brædrum og systrum, heilli ættkvísl, mörgum þúsundum manna, svo þar var ecki ein kona eptir í Benjamín; og hvad viljum vér lángt leita, vér höfum eptirdæmin hjá oss, þegar þetta vesæla land flaut í sínu egin blódi, ádur enn Gud gaf oss konúng, svo ad enginn mátti óhultur leggjast í reckju sína, hversu ágjætliga leid oss þá? hversu fór þá fram í landi voru? Mundu menn þá ecki allshugar fegnir verda ad játa konúngi, og gánga undir hann, til ad halda lífi og limum, fridi og frelsi? svo er því háttad, br. m! fyrir oss syndugum mönnum, vér hljótum laganna þrælar ad vera, uppá þad vér kunnum frelsi ad halda. Hver sem nú yfirvegar allt þad góda, er vér hljótum af valdstjórninni, og undir eins allt þad illa, er hún afstýrir, hann mundi med betri samvitsku og fúsari huga gjöra Christí bod, í því, ad gésa keysaranum hvad keysarans er; en ef nockrum þykir valdstéttin reffíngasöm, honum kann eg eckert betra rád enn þad, er gésur St. Páll, Róm. 13, segjandi: viltu ei valdstjórnina óttast, þá gjör hvad gott er, og muntu losstýr af henni hafa, því hún er Guds þénari þér til góda; en ef þú gjörir hvad íllt er, þá vert óttaslegina, því hún er Guds þénari til hegndar og reidi þeim, sem illa gjöra; og er svo úttalad um hid fyrra.

En hversu mikid ad vér Gudi skyldugir séum, þad kann enginn túnga út ad skíra, hverki engla né manna, og því mun þad nockur munnur fá útsagt, þar sem ad allir útvaldir, allir heilagir í eylífu lífi fá þad ecki fullgjört um alla eylífd? eylífa tíd skal til þess hafa, ad prísa hina eylífu gjæsku, og óendanligar aldir, til ad vegsama hans nafn, sem aldrei enda tekur; hversu megum vér þá játa med Davíd: ó, Drottinn! minni erum

vér øllum þínum myskunsemdum; samt hefir þó hin eylífa Hátign bodid, ad vér prísa skyld-um þær dásemdir, er hann gjorir á medal mannanna barna, ecki fyrir því, ad hann þurfi vorrar hrósunar vid, því hann er Gud blessadur um allar aldir, heldur ad íhugan hans velgjørnínga megi verda oss til sidbóta og sáluhjálpar. Vér heyrdum fyrra sunnudag talad um hinn vonda þjón, sem var sínum herra 10,000 punda skyldugur; munum vér ecki allir mega sitja á beck med hønum, þegar ad skuldadøgunum kémur? Sál og líkhama hefir Gud géfid oss; til hvers? ecki til ad brúka þad svo sem vér viljum sjálfir, heldur til ad þjóna Drottni þar med; líkhaminn er hinn óædri partur vors skapnadar, hann hefir Guds gjæska lént oss til ad útvega atvinnu vora, svo ad vér í sveita vors andlitis kunnum vors brauds ad neyta, Gén. 3; þó hefir hann skilid sér leigu hér af, því St. Páll segir: vitid þér ecki, ad ydar limir eru musteri heilags Anda, sem í ydur er, hvern þér hafid af Gudi, og þér erud ecki sjálfs ydar menn; hendurnar hefir hann lént oss til ad brjóta volutum vort braud, fæturnar til ad gánga fúsliga í Guds hús, augun til ad upplypta þeim til himins, hvadan oss kémur hjálpin, eyrun til ad heyra Guds ord og vardveita þau, túnguna til ad lofa hans nafn; en í øllu þessu høfum vér ressast vid hinn Almáttuga, þad hefir gengid andhælis fyrir oss, vér høfum léd vora limu syndinni til ibúdar, og látid hana drottna í vorum daudligum líkhama, Róm. 6, þar vér áttum ad ljá þá réttlætinu til verkfæra. Margur útréttir hendurnar til ráns og þjófnadar, til ad meida hold síns náúnga, og ad hefna sjálfur sín, en stela hefndinni frá Gudi; svo lángt er frá því, ad menn géfi Gudi hvad Guds er; fæturnir eru nærsta fimir til ad hlaupa á hinn breida veg; augun eru skálkur, svo ad allur líkhaminn verdi skálkur, granuskygn til ad sjá bjálkann í síns bródurs auga, en ad kvistinum í sjálfum sér gjæta þau ecki; eyrun klæja eptir því, er þau heyra vilja, og eru opin vid buldri veraldar þessarar, svo ad Guds ord fá ecki rúm í þeim; túng-an temur sér skammarlig ord og fíblsligt hjal, sem kristnum hæfir ecki, róg, lýgi, bak-mælgi, og annad því um líkt. Æ, oss auma menn! hversu illa høfum vér þá Gudi goldid hans húsaleigu? vitid þér ecki, ad þér erud kyrkja Guds? segir Postulinn, en hann, sem Guds kyrkju skémmir, þann vill Gud skémma, segir hann, 1 Cor. 3; en hvernig høfum vér ræktad Guds hús, brædur mínir? þad átti ad vera bænahús, en vér høfum gjørt þad ad ræníngjabæli. En ef Gud skilur sér nú þvílíkan skatt af líkhønum vorum, mun hann þá láta sálina búa óleigis? aungvan veginn! Peníngurinn, er Júdar sýndu Drott-ni, hann var goldinn fyrir høfud hvert í øllu Róma ríki, þarfyrir galdt og Jesús skattinn fyrir sig og Petur, er hann spurdi hann ad, hvert veraldligir konúngar tæki skatt af sín-um egin, edur af annarligum, Matth. 17, þar hann átti þó ecki skatt ad gjalda, því hann var ecki einasta kóngborinn, heldur konúngur ad eylífu; svo á og sérhver einn af oss fyrir sálu sjá, hún býr í leiguhúsi, hún á ecki einasta eptir þad ad gjalda, heldur og fyrir sjálfa sig. En hvad egum vér þá ad gjalda, edur hver er skattur hins Allrahæsta? þad gjørir hann sjálfur bert, Ps. 50: ecki et eg kjot hinna sterku uxanna, og ecki dreck eg blód hafranna, offra Drottni lofgjørdinni, og lúk hinum Allrahæsta þín heit. Hver er sú lofgjørd, er Gud af oss heimtir? er þad nóg, ad kasta uppá hann kvedju sinni med einu psálmversi? fjærri sé því, þad heitir ad nálægjast hann med vørunum, en hjartad er lángt

þar frá; Guð verður ecki með mælgi prísaður, þeirri er heidíngjar brúka, og meina sig fyrir hana að bænheyrast, Matth. 6, heldur svo sem Davíd, þar hann segir: lof seg þú Drottni önd mín, og allt hvað í mér er hans blessaða nafni. Ef vér viljum Guð ákalla í anda og sannleika, þá skal syndarinn koma hræddur og skjálfandi fram fyrir hinn heilaga í Ísrael, hann skal yfirvega hans heilagleik og sinn óverðugleik, mergð sinna synda og fjölda hans miskunsemda, Guðs þolinmæði og sitt tómlæti, Guðs brennandi elsku til sín og sína eymd og ólucku, sem ecki gétur í líkhama þessa dauða elskað hann af öllu hjarta og öllum kroptum, er oss svo heitt elskaði; og þegar hans hjarta er af slíkri hugraun brádnað í honum sem annað vax, þá skal hann hrópa af djúpinu til Drottins, eins og Davíð: mínar syndir eru mér yfir höfuð gengnar, þær eru orðnar mér mikils til ofþúng byrði, og með tollheimtumanninum: Guð! vertu mér syndugum líknsamur; en er þú svo gjörir, þá mun Andinn biðja fyrir þér með óumræðiligum andvörpunum, en hann eð hjörtun rannsakar, veit hver að er Andans meiníng, því hann er eptir Guði meðalgángari fyrir heilaga, Róm. 8, og er Guð svarar þér í leyndum hjarta þíns fyrir heilagan Anda, sá eð ber þínum anda vitni um, að þú sért Guðs barn, segjandi: vertu hughraustur sonur! þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, þá offra Guði lofgjörðinni, og seg með Jesú móður: mín önd miklar Drottinn, og minn andi gladdist í Guði, heilsugjafara mínum; þessir eru kálfar vara vorra, er vér egum Guði að fórnfæra, Os. 14, það er það offrið sem fyrir honum gyldir, því harmþrúnginn og sundurknosaðan anda mun hann ecki fyrirlíta, Ps. 51. Hver eru þau heitin, er vér egum honum að lúka? það eru þau, er vér hétum honum í skírninni, þegar hans eingétinn Sonur, hinn friðasti meðal mannanna barna, trúlofaði oss sér í náð og miskunsemi; hver voru þau? það vér játuðum Guði helga trú, uppá hverja vér skírðir vorum, en afneituðum Fjandanum og öllu hans athæfi; hver er þá heilög trú? ecki sú alleina, sem þeckir Guð að vera, hvað einnig gjöra djöflarnir, og skélfast þar af, Jak. 2, heldur hún, sem að verkar fyrir kjærleikann, Gal. 5, hver að er þolinmóður og góðgjarn, ecki öfundsjúkur, gjörir eckert illmannliga, ecki blæs hann sig upp, er ecki ósiðsamur, hann leitar ei eptir því, sem hans er, ei þúnglyndur, hann þenkir ei íllt, hann fagnar ecki yfir ránglætinu; en samfagnar sannleikanum, hann umber allt, hann trúir öllu, hann vonar allt, hann þolir allt, 1 Cor. 13; það er sú trú, er vér játuðum Guði í skírninni, er slíka ávexti af sér géfur, hverjir síður mega við hana skilja, enn birtan við sólina. En hvert er þá Andskotans athæfi, er vér neituðum? það eru holdsins verk, sem Páls upptelur, Gal. 5: hórdómur, saurlífi, óhreinleiki, lausúng, skúrgóðadýrkun, fjölkýngi, fjandskapur, þrætur, kapp, reiði, þráttanir, sundurþyckja, flockadráttur, og annað þeim líkt; þetta egum vér að láta, en hitt að gjöra, ef vér viljum géfa það Guði, sem Guðs er, því svo segir Drottinn fyrir munn Esaíæ, 1 kap: þvoið yður, hreinsið yður, takið yðar illskubreytni frá mínu augliti, látið af illu, en lærið gott að gjöra, komið síðan og eigumst lög við, þó að yðar syndir séu rauðar sem blóð, þá skulu þær verða hvítar sem snjór, og þó þær séu sem purpuri rauðar, þá skulu þær verða hvítar sem ull. Þeir, sem eru skyldir undir nockurn konúng, þeim byrjar ecki einúngis að greiða honum

skatta og skyldur, heldur og ad strída á móti hans óvinum; nú er enginn þvílíkur Guds óvinur sem Djøfullinn, því Kristur og Belíal eiga eckert hlutskipti saman, 2 Cor. 6; nú fyrst vér erum geugnir Gudi til handa, því skyldum vér þá draga eitt ok med Satan? Andskotans taum dregur holdid, en Guds lidi stýrir andinn; látum oss í honum gánga, svo munum vér ei fremja holdsins girndir, og iklædumst Guds herskrúda, svo ad vér gétum mótstadid prettum Djøfulsins, Eph. 6, þá erum vér réttir Guds þegnar. En Jesús Kristur, sá ed høggormsins høfud hefir í sundur marid, og nidurbrotid helvítanna port, hann virdist ad troda Djøfullinn undir fætur vora, en géfi oss ad berjast gódri baráttu, behalda trúnni og gódri samvitsku, þar til oss um sídir verdur assídis logd koróna réttlætisins, sem Drottinn Gud virdist ad géfa oss á þeim degi, þegar vér egum ad gjalda þá sídurstu skuld, og afhenda þad Gudi, hvad Guds er, sem er sál og líf, hvert vér høfum ad láni, og ecki ad eign þegid; þad bænheyri Fadir myskunsemdanna, fyrir son sinn, Jesúm Christum, amen!

Tuttugasta og Fjórda Sunnudag eptir Trinitatis.

Gudspjallid, Matth. 9 Kap.

Í þann tíma, þá ed Jesús taladi þetta til þeirra: sjá þú, ad høfdíngi nockur gécк ad, og tilbad hann, segjandi: mín dottir er nýsálud, en þú kom, og legg þína hønd yfir hana, og mun hún lifa. Og Jesús stod upp, og fylgdi hønum, og svo hans lærisveinar; og sjá þú, ad kona, hvør ed haft hafdi blodfall í tolf ár, gécк á bak til vid hann, og snerti fald hans klædnadar, því hún sagdi med sjálfri sér: ef ad eg mætti ad eins snerta hans klædnad, mundi eg heilbrygd verda; en Jesús snérist vid, leit til hennar, og sagdi: vertu hughraust dottir! þín trua gjordi þig heilbrygda; og á þeirri sømu stundu vard konan heilbrygd. Og þá ed Jesús kom inn í høfdíngjans hús, og sá þar ludurþeitara, og buldran folksins, sagdi hann til þeirra: víkid frá, þvíad ecki er stulkan daud, heldur sefur hún; og þeir dárudu hann. En sem folkid var utdrifid, gécк hann þar inn, og tok um hennar hønd, og stulkan stod upp; og þetta rykti barst ut um allt þad sama land.

Exordium.

Þad eru merkilig ord, sem Esaias spámadur skrifar í hans bókar 26 kap., og þannig hljóda: í ángistinni vitjudu þeir þín, Drottinn! þeir úthelltu audmjúkum bænum þegar þu tiptadir þá. Svo er háttad voru auma holdi og blódi, kristnir menn! ad þegar allt ad óskum gengur, þá þeckir þad á stundum hverki Gud, né sinn eginn veikleika; og þótt vér sjáum nærri dagliga á þeim, sem Drottinn tiptar, hversu ad manneskjan er sér ónóg um alla hluti, þegar hann birgir fyrir henni sitt augliti, þá er þad eins og þad ecki komi vid

oss, svo sem ad einn, heldur enn annar, sé undan þeginn þeim ókostum, er syndinni fylgja, og Eliphas af Theman kallar öllum jafnvíssa, segjandi, ad madurinn fædist til armædunnar, svo sem neistarnir af glódinni stjúgi í loptid upp. En þótt ad þessu sé svo varid, þá sýnist svo sem ecki eigi allir vid líkan kost ad búa, þar nockrir bada í rósum, og vita ecki af miklum mótgángi ad segja, hinir þjást alla æfi sína, og sjá varla gladan dag; en þad er eptirsjónar verdt, hvert ad hinna kjör séu betri enn þessara, ef menn þad rétt adgjæta; ad vísu sýnist þad svo fyrir mannligum dómi, annars er þad víst, ad í velgengninni er manninum hættast vid ad gleyma Gudi, sem er hin stærsta ólucka, er syndaranum kann til ad falla. Þegar Israel vard fullur og feitur, þá gjördist hann lauslátur; þegar skenkjari Pharaónis var aptur kominn til virdíngar sinnar, þenkti hann hverki á Jóseph, né myrkvastofuna, Gén. 40; þegar Nebúcadnezar virdti fyrir sér öll hans stórvirki, er hann hafdi látid gjöra í Babýlon, þá upphafdist hans hjarta, þar til Gud straffadi hann, og lét hann eta gras med villudýrum, Dan. 4; þegar Baltazar sat ad dryckju, og út af ofmetnadi lét saurga kérin, sem brúkud höfdu verid til þjónustunnar í Guds húsi, þá vard hann rekinn frá ríki og lífi, Dan. 5; þegar Heródes konúngur metnadist í sínu hjarta af velgengninni, og gaf ecki Gudi dýrdina, þá vard hann sleginn af engli Drottins, og dó vesölum dauda. En svo ad Guds börn ei rati í þvílíkan sálar háska, þá leggur hinn gódi Gud þeim síns Sonar kross á herdar; eg þori ad segja, ad Drottinn hefir í sínu nádarríki meira útrétt med honum einum, enn med öllu sínu eptirlæti; á medal annarra höfum vér tvö dæmi þar uppá í þessu heilaga evangélíó, samkunduhöfdíngjans Jaíri, og hinnar blódfallssjúku kvinnu, og af bádum þeim, hversu ad trúin reynist og eflist í krossburdinum, svo sem gullid hreinsast í ofninum, 1 Pet. 1. Vér viljum í Drottins nafni hugleida: 1) Jaíri dæmi; 2) hinnar blódfallssjúku. O! þú gódi Gud! vert oss nálægur med fulltíngi þíns anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Sjá þú, ad höfdíngi nockurr géck ad og tilbad hann, segir í gudspjallinu; Lúkas og Markus segja hann hafi verid samkunduhöfdíngi; kannské hann hafi hvorttveggja verid, því Gydíngar höfdu höfudsmenn í hverri ættkvísl, og þar ad auki höfdu þeir forstödumenn í þeirra samkundum; hvernig sem þetta hefir verid á sig komid, þá hefir hann þó mikilsmetinn verid medal Gydínga, en líkindi er, ad hann muni ecki hafa matt Jesúm mikils, ádur enn naudin þrýsti honum til þess. Jesús hafdi í heilt ár kénnt, prédikad og gjört kraptaverk í Kapernaum, en þess er ei gétid, ad höfdíngi þessi hafi fengist mikid þar um, fyrr enn hans einka dóttir var adkomin dauda; þad má og allvída lesa í gudspjallssögunum, ad þesshattar menn hötudu Jesúm framar og ofsóktu, enn ad þeir mundu leita lids hjá honum í nockrum hlut, og þarfyrir sögdu Gydíngar fordum daga, er þeirra sendimenn komu aptur, og sögdu um Drottinn, Jóh. 7: aldrei hefir nockur madur talad svo sem þessi, þá svörudu þeir, segi eg: hvert erud þér og villtir, trúir nockurr af höfdíngjunum á hann, edur af Pharíseunum; ad eg fái mér þad ecki til orda, ad Júdar höfdu ályktad, ad hver, sem medkéndi Jesúm ad vera Kristúm, hann skyldi bannsettur vera, og rækur frá þeirra samkundu, Jóh. 9, edur um þad tali, ad samkunduhöfdínginn reiddist honum nærsta mjög, er hann læknadi kvinnuna á sabbatsdegi, þá er í 18 ár hafdi óhraust verid, Lúk. 13; af hverju öllu sjá má, ad Guds Sonur hefir ecki velþockadur verid hjá þessslags fólki; en ecki ad sídur rak neydin þenna mann til ad falla Jesú til fóta med audmjúkri bæn, svo sem bædi Lúkas og Markus skrifa, svo þad rættist á honum, sem Davíd um sig skrifar, Ps. 18: þegar eg kveljumst, þá ákalla eg Drottinn, og hrópa til Guds míns, þá bænheyrir

hann mína raust af sínu musteri. En þú, kristinn madur! sem þetta heyrir, tak þetta dæmi þér til vidvörunar, og trú þinni til styrkíngar ef áliggur; þú hefir máské ecki hirdt svo um, ad leita ad Jesú á medan þér vel géck, á medan þú varst á blómi þinnar æsku, þá kann vel vera, ad syndir þíns úngdóms hafi verid margar; hafi nú Drottinn vitjad þín med krossinum, þá kannast þar vid, ad hann bendir þér til þess, ad koma til sín, sem ad er Drottinn þinn lækuari; hafi Gud ecki straffad þig med líkhamans óhreysti, þá rannsaka þó vel, hvert þú alheill sért. Þessi hofdíngi átti eina einkadóttur, sem án alls efa hefir verid hönum kjærari, enn öll hans aleiga; þú átt og fyrir einni sálu ad sjá, kostuligri dýrgrip finnur þú ecki í allri veroldinni, því hvad gagnar þad manninum, segir Endurlausnarinn, ad hann eignist allan heim þenna, en lídi töpun á sálu sinni, Matth. 16; dýrmæt er hún, ecki einasta þess vegna, ad hún er í fyrstu eptir Guds mynd sköpud, heldur hins annars lángtum framar, ad hún er med Guds blódi endurkeypt; gjæt ad, hvert hún heilbrygd er! þér virdist ad svo sé, af því þú kénnir þín einkis meins, og þín sála er ecki órólig í þér, svo sem Davíds var; en trú mér til, kjæri! ad þau sárin eru ecki betri, sem daud eru, heldur enn hin, er svída; muntu þarfyrir hraustari vera, þótt þú sért líkur þeim, er Jeremías segir, 5 kap: þú tiptar þá Drottinn, en þeir finna þar ecki til? Ber lífernis háttu þína saman vid mælisnúru Guds heilaga lögmáls, hvert þú hefir elskad Drottinn Gud þinn af allri öndu þinni, og öllu hjarta þínu, og öllu hugskoti þínu, og þinn náúnga sem sjálfan þig, hvert þú getur sagt med hinum ríka ýnglíng, sem kom til Jesúm, og vildi fá ad vita, hvad hann gjöra skyldi, svo hann mætti eignast eylíft líf, Matth. 19, ad allt þetta hafir þú gjört frá barndómi þínum; og vil eg nú sleppa þessu, þvíad enginn manna hefir um æfi Guds lögmál uppfyllt, nema hann einn, sem bar vorar syndir og alla lögmálsins bölvan, sjálfur syndlaus, hreinn, heilagur og fráskilinn syndurunum, Heb. 7; en seg mér: hefir þú haldid glöggvan reikníngskap vid sjálfan þig hér um, svo þú hafir ydrast syndanna af hjarta, og látid þér þær leidar verda? hvert þú hefir lagt vid þín rotin sár og andligan holdsúa þann plástur, er alleina kann ad græda, sem er Jesú blessad blód med trúnni medtekid af læknarans hendi, og hvert þú ad sídurstu hefir af alvöru kappkostad ad betra þinn lifnad, hvert þú hefir ecki gengid umþenkíngarlaust aptur til sömu synda, vellt þér í sama saur, og syndgad uppá nádina, og hvert hinn sídari dagurinn hefir bætt nockud um fyrir hinum fyrra. Reynid ydur, segir Páls, hvert ad þér erud í trúnni, 2 Cor. 13; gjörum svo, vitum til, hvad heitt vér elskum Gud, þegar holdsins fýsn er ödrumeginn, hverja trúar ávexti vér finnum í fari voru, hvert Guds andi verkar í oss fyrir sanna ydran, hvert vér erum svo tilbúnir med vorn reikníngskap ad hverju kvöldi dags, ad vér séum þar vissir, ad þótt vér deyjum, þá munum vér samt lifa, Jóh. 11; allt svo lengi ad vér ecki temjum oss þetta hugarfar, þá þenkja menn hid sama, sem engillinn af Laódícea, Apóc. 3: eg em ríkur og audugur nóg, og þarf einkis vid, en þú veitst ecki, segir Drottinn, ad þú vesæll ert, aumur og voladur, blindur og fatlaus, eg ræd þér, ad þú kaupir gull af mér, gull þad í eldi er reynt, svo þú audugur verdir, og íklædist hvítum klædum, svo ad vanvirda þinnar fatleysu ecki opinberist. En nær vér höldum reikníng vid sjálfa oss, þá fáum vér ad þeckja, ad vorar misgjördir setur hinn

alskygni Gud frammi fyrir sig, og vorar óvitanligar syndir frammi fyrir sínu augliti, Ps. 90; hvad þá, brædur mínir! munu þá ecki um sídir uppljúkast vor augu, svo ad vér fáum ad sjá, ad allt höfudid er sjúkt, allt hjartad er veikt, frá hvirfli og allt til ilja er þar ecki nema sár, kaun, benjar og þroti? Esa. 1; hvad er þá vor sála betur á sig komin, enn þessi hofdíngjans dóttir, sú er var daudvona, edur og andvana lík, svo sem Matthæus skrifar? Stór naud þreyngdi Jaírus til ad leita Christí, en látum oss ecki vera raktarminni vid sálir vorar, enn hann var vid dóttur sína; enginn er krossburdur meiri, enn sú barátta, sem er á millum holdsins og andans, Gal. 5, og tilfinníng synda sinna, med hverjum vér hofum hinn náduga Gud stygdan; hún uppþurkadi Davíds krapta, svo sem þá hey þornar á sumri, hún lagdi hann í daudans dupt, hún héldt voku fyrir hans augum, þad hann vard svo máttlaus, ad hann gat ecki talad, Ps. 77; en hvad skulum vér þá ráds taka, br. m? hvad gjordi Jaírus? hann féll til fóta Jesú, segir Markus, og bad hann mikiliga; gjor slíkt hid sama, kristinn madur! ef þú vilt ad þín sála heilbrygd verdi; audmýk þig undir volduga Guds hond. Eg játadi Drottni synd mína, segir Davíd, og þá fyrirgafstu mér þad; þad var og satt, því undir eins og hann sagdi: syndgast hefi eg á móti Drottni, þá svaradi spámadurinn Nathan honum: svo hefir Drottinn synd þína í burtu tekid, 2 Sam. 12. Jesús rækti þad ecki vid þenna samkunduhofdíngja, þótt kannské ad bædi hann og hans lagsmenn hefdu foraktad hann meir enn um eitt heilt ár, því hann vissi, ad hans sála var ángurfull í honum, og vildi því ecki leggja sorg ofan á sorg, heldur géck hann strax á þá leid, er hann beiddi hann um; hér rætist þad, sem Esaías um hann spáir og Matth. 12 ítrekar, segjandi: hann mun ecki deila og ecki kalla, og enginn mun á strætunum hans raust heyra, einn brákadan reyr mun hann ecki sundurbrjóta, og einn rjúkanda horkveik ecki útslockva. Hins sama hefir þú ad vænta, kristinn madur! hver helzt þú ert, hjá Gudi er eckert manngreinar álit; þegar þú med Davíd kallar til Drottins á þínum mótgángstíma, þá þú uppréttir þína hond á náttarþeli og lætur ecki af, fyrir því, ad þín sála vill ecki huggast láta, Ps. 77; já, allra helzt, þegar þú bidur um fyrirgéfníng þinna synda, því til þess er Guds Sonur í heiminn kominn, ad hann nidurbrjóti Djofulsins verk, 1 Joh. 3, á medal hverra syndin er hid versta; edur meinar þú, ad hann, sem lét þad ad bæn Jaírí, ad uppvekja hans dóttur, án hvers hann kunni þó hólpinn ad verda, ad hann muni neita þér um kvittun þinna synda, nær þú hennar sorgfullur leitar, þar hann veit, ad þú kannt ecki án hennar sáluhjálpina ad erfa, en hann er þó í heiminn kominn til þess, ad kalla syndugа og ecki réttláta til ydranar, Matth. 8, og vill, ad allir menn verdi sáluhólpnir og komist til sannleiksins vidurkénníngar, 1 Tím. 2? Af hjartgreinni medaumkvun og brennandi elsku til syndugra manna hrópadi Jesús fordum daga: komid til mín allir þér, sem erfidid og þúnga þjádir erud, eg vil endurnæra ydur, Matth. 11; því kémur þú þá ecki til Guds, hvers syndir ad eru yfir þitt hofud gengnar, og þér mikils til ofþúng byrdi vordnar, þar þú veitst, ad hann svarid hefir og sagt: á hverjum helzt tíma ad hinn ógudligi snýr sér frá sínu ógudligu athæfi, svo sannarliga sem eg lifi, hans misgjorníngа skal ecki ad eylífu minnst verda! Ezech. 18. Slíka hluti afrekar umvondun Drottins hjá syndugum monnum, þá henni er med audmjúku

hjarta tekid, svo vér megum játa þad satt ad vera, sem Páls til Hebreos segir, 12 kap: ad øll tiptan, medan hún áliggur, þyki oss hún sorg og engin gledi ad vera, en eptirá gefur hún fridsamligan ávøxt réttlætisins. Jaírus þessi var einn samkundu-høfdíngi, án efa einn skriftlærdur og uppfræddur í Mósis løgmáli, en í því finnur hann eckert rád móti daudanum, sem ei var von, því bókstafurinn deydir, en andinn lífgar, 2 Cor. 3; bædi hann og hans dóttir høfdu syndgad á móti løgmálinu, en løgmálid skyldar þá alla undir daudann, sem ecki uppfylla þad; svo høfum og ecki vér, syndugir menn, neinnar hjálpar ad vænta í løgmálsins verkum, þótt vér séum þau skyldugir ad gjøra, því løgmálid er innkomid svo ad syndin yfirgnæfdi, segir Páls, Róm. 5, þad er, ad hún yrdi uppvís, því án þess mundum vér ei syndina þeckja; þad er ei annad, enn eitt brýni, á hverju daudinn hvessir sinn brodd, þared syndin er broddur daudans, en kraptur syndarinnar er løgmálid, segir Páls, 1 Cor. 15, því þad fordæmir þá sem hana drýgja. Hvar høfum vér þá lífs ad leita? í trúnni á hann, sem løgmálid hefir uppfyllt, daudann sigrad, og borid syndir vorar uppá tréd, en fest þar handskriftina þá sem móti oss var; en svo sem pálmavidurinn réttir sig upp undir þúnganum, svo vex trúin í krossburdinum; eg skal ecki segja, hversu trúarsterkur ad Jaírus hefir í fyrstunni verid, þad sýnist hann hafi ecki meint, ad Jesús Guds sonur væri, heldur spámadur nockur, svo sem Elías edur Elíseus, sá ed kynni ad uppvekja dauda, eins og þeir, annars mundi hann ecki hafa meint, ad hann þyrfti ad gánga heim med sér, og leggja hønd yfir dóttur sína; hitt er víst, ad hans trú hefir ecki svo sterk verid, sem kvinnu þessarar, er hér um gétur, edur hinnar Kananeisku, edur hundradshøfdíngjans. O, minn herra Jesú! hversu nákvæm er þín líknarhønd til ad endurnæra hinn rjúkanda hørkveik! hann lét sér þad ecki nóg þykja, ad hann bænheyrdi hann svo fljótt, sem hinn kunni ad bidja, og géck strax af stad, heldur á veginum styrkti hann trú hans med því allra dásamligasta kraptaverki, er hann gjørdi vid kvinnuna; ad sønnu hefdi Frelsarinn kunnad ad láta þetta almættisverk leynt vera eins og ønnur, er hann bannadi ad bera út, en þad vildi hann ecki, hans líknarhønd er frjófsøm; hann gjørdi hér tvennt í einu, hann læknadi hina naudstøddu og fárádu konu, er allri aleigu sinni hafdi forgéfins kostad uppá læknara, og undir eins styrkti hann hennar og Jaírí trú, því trúid mér til, ad hann hefir ecki forgéfins talad þessi ord: þín trúa gjørdi þig heila! já, enn þá framar, þegar húskarlar Jaírí runnu í móti hønum, svo sem Lúkas og Markus skrifa, og søgdu: ómaka ecki meistarann, þín dóttir er sálud, þá hefdi hønum mátt til hugar koma, ad þad væri úti, en Jesús slepti ecki sinni hendi af hønum, heldur sagdi hann: óttast ecki, trú þú alleina! lát þetta dæmi vera þér jafnan fyrir augum, kr. m! þegar þín trúa tekur til ad veikjast í mótgánginum, og þér kémur til hugar med Davíd, ad Gud hafi forgleymt miskunsamur ad vera, Ps. 77; sjá hér, hvad trúr ad þinn Lausnari er, ad hann freistar einkis yfir megn fram, 1 Cor. 10, þú megnar ecki hinn allra minnsta trúarneista ad kveikja í þér, Guds verk er þad; er þad veik trú, þá er þad þó trú, Gud ann sínum gjørníngi, lát sjá, ad þú alleina ecki slockvir hann med óþolinnmædinni og bænarleysinu, og vert svo viss um, ad hann blæs sjálfur ad því glóandi koli, er hann hefir lagt á varir þíns hjarta; hann lét ecki Petrum søckva, þó hann væri trúarveikur, Matth. 14,

hann leyfdi ecki ad hans lærisveinar forgengju, þótt þeir væru lítiltrúadir, Lúk. 8, hann uppvakti Lazarum þótt Martha efadist um, ad hann mundi fyrr upprísa, enn á sídasta degi, Jóh. 11, og hversu opt átaldi hann lærisveinana fyrir þeirra trúarleysi, svo ad þeir beiddu hann og sögdu: herra! auk þú oss trúna; samt efldist Guds kraptur svo med þeim, ad þeir urdu þess allshugar fegnir, ad þeir máttu njóta þeirrar æru, ad þola allar hádúngar hans vegna. Eg vil ei tala um þad mikla miskunarverk, er Jesús gjordi vid hinn túnglsjúka og födur hans, er hann sagdi: ef þú trúir, þá er trúudum allt mögulegt; en fadirinn æpti hástöfum og táradist mjög, segjandi: eg trúi, herra! en hjálpa þú vantrú minni; og Jesús rak Djöfulinn út af hinum túnglsjúka, tók í hönd hans og reisti hann upp, Mark. 9. Svo lát þér nú og nægjast Drottins nád, kristinn madur! þótt þér finnist, ad þín trúa ecki sem sterkust sé, því hans kraptur fullkomnast í breiskleikanum, 2 Cor. 12; og er þetta nú svo úttalad um hid fyrra.

Eptirfylgir ad tala med fám ordum um þad sídara. Ecki minna traust edur hjálparvon stendur kristnum manni af þeirri mynskun, sem vor Frelsari gjordi á þeirri aumu konu, er med trú sinni þádi heilbrygdi af honum. Evsebíus skrifar í hans kristindómssögu og 7 bókar 17 kap., ad hún hafi heidin manneskja verid, kynjud úr Cæsarea Philippí. Þér kynni til hugar ad koma, syndugur madur! ad Kristur hafi ecki gjöra viljad þvílík stórmerki, nema medal síns fólks og Gydínganna, en dæmi hinnar Kananeisku, hundradshöfdíngjans, hinna djöfulódu í Gergeseanna landamerkjum, sýnir allt annad; og því skyldi hann neita þeim kraptaverkanna, hverjum hann hafdi fyrirhugad nád evangelíi, svo sem stendur hjá Esa. 62, ad Drottinn muni framleida sitt réttlæti og sína dýrd fyrir allar þjódir. Þú segir, Gud gjörir þó ecki kraptaverk manna á medal á þessum dögum; en seg mér: hvert er kraptaverk meira enn þad, ad hann hefir gjört oss Abrahams sonu af steinum, þad er af heidíngjum, þeim er stocka og steina dýrkudu og voru þeim sjálfir líkir. Þessi vesæla kvinna var þúngum sjúkdómi undirvorpin, og óhrein köllud eptir lögmálinu, hver hana snerti, skyldi óhreinn vera allan dag til kvölds; en ecki skédi þad þarfyrir, ad kvinnurnar á þeim tíma væru meir óhreinar í Guds augliti, heldur enn einn daudur líkami, hvern enginn mátti snerta, heldur svo sem þad var bodid í Guds lögum, til ad teikna oss andliga í syndunum dauda, svo var og hitt til ad minna oss á spillíngu náttúru vorrar; en þótt ad þessi fárráda manneskja væri svo á sig komin, samt fyrirlítur ecki Jesús hana; allt er hreinum hreint, Tít. 1, svo var og honum, sem er hreinn og heilagur, og fráskilinn syndurunum. Þessi kona var óhrein eptir Levítanna lögmáli, svo ad enginn mátti hana snerta, né klædi hennar, en strax sem hún hans klædafald snerti, er sjálfur Leví born hrein gjörir, þá vard hún bædi hrein og heilbrygd. Tak þér þad til huggunar, syndugur madur! þegar Satan freistar þín med örvæntíngunni, kannské ecki fyrr enn í þeim sídustu andarslitrum, nær hann er sem ákafastur, því hann veit hann hefir stuttann tíma; þitt réttlæti er svo sem nidlagsfat, hvad munu þá vera þínar blódugar illgjördir? en sjá! hér er opnadur einn brunnur Davíds húsi, og þeim sem byggja til Jerúsalem, til hreinsunar syndaranum og blódfallssjúkum; þú ert óhreinn, svo sem kona þessi, og eckert óhreint má

innkoma í þá himnesku Jerúsalem, en hér er blód Jesú, sem hreinsar þig af öllum þínum syndum, 1 Jóh. 1; þínar syndir eru raudar sem blód, Esa. 1, en Jesús er fyrir sitt egid blód einnsinni inngenginn í þad allrahelgasta, ad útvegadri eylífri endurlausn, Heb. 9, þarfyrir vill hann gjöra þær hvítar sem snjó. Þú hefir eckert Gudi ad lúka fyrir syndina, þessi kvinna hafdi ecki heldur neitt ad gjalda í læknislaun, því hún hafdi eydt þar til allri eign sinni, ad hún mætti heilbrygd verda, en fór þó jafnan vesnandi, Jesús æskti og engra launa af henni, heldur sagdi hann: vertu hughraust dóttir, þín trú gjördi þig heilbrygda; hann krefur og ecki endurgjalds af þér, því hvad má madurinn Gudi gjalda? trú þú alleina því, ad hann sé forlíkun fyrir þínar, og ecki einasta fyrir þínar, heldur og fyrir allar veraldarinnar syndir, 1 Jóh. 2, og heyr þau líknarfullu ord, er hann talar, Esa. 55: heyrid! hver sem ad þyrstur er, komi til þessara vatna, og hver sem eckert gjald hefir, hann komi og fái fyrir eckert, komid! segi eg, komid og kaupid fyrir utan peninga, og utan andvirdi, bædi vín og mjólk; hvarfyrir láti þér ydar peninga úti fyrir matleysu, og ydar erfidi fyrir þann hlut sem ei kann ad sedja. Kona þessi géck bak vid Jesúm, hún var óhrein, hún var örfátæk, hún var ad öllu leiti aumliga á sig komin, hun þordi ecki ad yrkja ordi á hann og skammadist sín ad bera sína kveinstafi fram fyrir slíkan herra. Æ! hvad mætti syndarinn þenkja, sá er optliga hefir velt sér í sama saur og eins og hundurinn gengid aptur til spýunnar? mun hann ecki fyrirverda sig ad koma fram fyrir hann, í hvers augliti ad ecki eru himnarnir hreinir, fyrir hverjum hinir dýrdligu Cherúbim hylja sín andlit? sannliga væri þess meir enn von, en fyrir Jesú forþénustu skuld, hvers ásjónn þeir hyrgdu og hræktu í hans andlit, þá megum vér med fullu trausti gánga til nádarstólsins, svo ad vér miskun ödlumst í hentugan tíma, Heb. 4; þó skaltu vita, syndugur madur! skyldu þína, þegar þú sem ert mold og aska, dyrfist ad tala vid Drottinn, ad honum ber dýrdin og heidurinn, en þér ber blygdan þíns andlitis, svo gjördi þessi kvinna, því hlaut hún miskun; svo gjördu hinir 10 líkþráu, þeir stódu fjærri, því urdu þeir hreinsadir; svo gjördi hin bersynduga í Símons Pharíseara húsi, med hverjum Jesús var ad heimbodi, hún kraup bak til vid hans fætur og þvodi þá med tárum sínum og þerradi med sínum hárlockum, kysti þá og smurdi med vidsmjöri, en er Pharíseus hneixladist þar á í sínu hjarta og meinti þad væri óhæfa, ad slíkur stórsyndari skyldi snerta hann, sem fólkid hélt spámann ad vera, þá lét Jesús hann sjálfan leggja dóminn á, ad sá mundi elska meir, sem meira uppgéfid væri, en Drottinn sagdi til hans: af því hún elskadi mikid, þá eru hennar mörgu syndir fyrirgéfnar. Ad sídustu snertir kona þessi hans klædafald, eptir því sem hún rád fyrir gjördi med sjálfri sér; nær þordi hún ecki ad gánga og er líkligt ad hún hafi ætlad ad dyljast, þar hann stód midt í mannþraunginni og mundi hennar því ecki gjæta. Margur hefir Jesúm snortid í þessum hóp, en enginn svo hart sem þessi kona. Þad stendur skrifad um vorn herra, ad þegar hann sá aumur á nockrum, ad hans idur hafi komist vid í honum af medaumkun, svo hefir og hér verid, hann fann krapt út af sér gánga, hans födurlig gjæska gat ecki leynt sér, brunnur miskunarinnar vall hér upp sjálfkrafa og sjálft himnaríki þoldi hér ofriki; en lát þér þad af þessu til hugar koma, Guds elskuligt barn! ad Jesús Kristur

er uppfarinn yfir alla himna, og er ecki framar med oss ad líkhams vistum, samt uppfyllir þó hans klædafaldur þad heila musteri, sem er kristilig kyrkja Guds hér á jördunni, þar um spáir Zacharías, 8 kap: þad skal ské á þeim dögum, ad tíu menn af öllum túngumálum skulu þrífa í klædafald gydíngsins og segja: vér viljum fara med ydur, því vér heyrum ad Gud sé med ydur. Hvernig er hann þá med sinni kyrkju hér á jördunni? í ordinu og sakramentunum, þad eru hans klædi, þar er hann ad finna, þángad áttu ad þrífa med trúarinnar hendi, þá ertu honum eins nærri og enn þá nær enn þessi kona, en allra helzt skalltu til þessa ráds taka, þegar öll önnur bila, nær hinn sídarsti mótgángur daudinn þér ad höndum kémur, og þínar líkhamligar hendur þreifa ei leingur; haf þá svo fest þína trúarhönd á þessum Jesú klædafaldi um nádartíman, ad þú sleppir honum aldrei fyrr enn hann blessar þig, og muni gégnum hann ofan fljóta til sálar þinnar kraptur af hædum, sá ed hana heilbrygda gjöri af öllum sálar og lífs meinum; en hann sem engann vill frá sér reka, er til hans kémur, hann sem lofad hefir ad bænheyra medan þú ert ad bidja, hann sem sjálfur þreytti vid daudann, og tók ákafliga ad bidja og kann þarfyrir ad sampínast eymdum þínum, hann, segi eg, mun svara sálu þinni fyrir heilagan anda, hver ed vitnar med þínum anda, ad þú sért Guds barn: vert hughraust mín dóttir! þín trúa gjördi þig hólpna; þad veiti oss öllum gódur Gud, fyrir Jesúm Christum, amen!

Tuttugasta og Fimta Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 24 Kap.

Í þann tíma, Jesús sagdi til sinna lærisveina: nær ed þér sjáid svívirdíng foreidslunnar (af hvörri sagt er fyrir spámanninn Daníel) standandi í helgum stad: hvör sem þad les, hann hyggi þar ad, hvörjir þá eru á Gydínga landi, flýi þeir á fjöll og hvör hann er á rjáfri, fari hann eigi ofan nockud ad taka úr sínu húsi og hvör sem á akri er, snúi hann ei aptur ad taka sín klædi. En vei þungudum og brjóstmylkíngum á þeim dögum. En bidjid, ad ydar flótti verdi ecki um vetur og eigi á þvottdegi, þvíad þá mun verda svo stór hörmung, hvílík ad eigi var í frá upphafi veraldarinnar, allt til þessarar stundar og ei heldur mun verda; og nema ad þessir dagar verdi styttir, verdur eckert hold hólpid, en fyrir útvaldra sakir, þá skulu þeir styttast. En ef nockur segir þá til ydar, sjáid! hér er Kristur eda þar, þá skulud þér ecki því trúa, þvíad þar munu upprísa falskristar og falsspámenn og þeir munu gjöra stór tákn og undur, svo ad í villu munu leidast (ef ské mætti) einninn útvaldir. Sjáid! eg sagda ydur þad fyrir. Nú, ef þeir segja til ydar, sjáid! hann er á eydimörku, þá gángid ecki út; sjáid! hann er í launkofum, þá trúid eigi, þvíad líka

sem elding útgengur af uppgaungu og skín allt til nidurgaungu, líka svo mun og vera tilkoma mannsins sonar; þvíad hvar hellst ad hræid er, þángad munu og ernirnir safnast.

Exordium.

Jesús býdur sínum lærisveinum í þessu gudspjalli, ad þeir skuli ei trúa, þótt ad þeim sagt verdi: hér edur þar er Kristur, því þar munu upprísa margir falskristar og falsspámenn, med ødru fleira sem eptirfylgir, og í gudspjallinu sér líkast hermir. Allt rættist þetta strax eptir hans daga, svo af þessu má sjá, ad þad satt er sem Pálus um hann segir, ad í honum séu huldir allir fjársjódir vitskunnar. Ecki einasta fundust þeir medal gydínga, er sig gjørdu ad Christi, svo sem var Bar Cocaba, er anno 130 safnadi ógrinni her á móti Hadríanó keisara, og sagdist vera stjarna sú, er Bíleam um spáir, Num. 24, heldur og medal þeirra er sig kristna kølludu, svo sem var Símon hinn fjølkunni, og ótal fleiri, sem út komu af hans skóla og tøldu fólkinu þá trú, ad þeir væru heimsins endurlausnarar, gjørdu og mørg folsk kraptaverk, svo sem af fornum kristindóms søgum er alkunnugt; vid þessum tekur Jesús vara sínum lærisveinum og ecki einasta þeim, heldur og øllum þeim, sem hann og hans kénníngar elska mundu, því svo sem hann sagdi í bæninni til síns himneska fødurs: eg bid ecki einasta fyrir þeim (hann meinti lærisveinana) heldur og fyrir þeim, sem á mig trúa munu, fyrir þeirra ord; svo hefir hann og þetta øllum þeim sagt, er postulig kénníng bodud verdur, svo sem hann og med berum ordum segir hjá Marcum í 13 kapítula: þad eg segi ydur, þad segi eg øllum, vakid þér; og fyrir því, ad áminníng þessi heyrir og oss til, yfir hverja líkligt er ad heimsins endir sé kominn, þá vil eg hana alleina med sínum lærdómum stuttliga yfirvega. Hvar til oss adstodi gódur Gud med krapti síns anda, í Jesú nafni, amen!

Utleggíngin.

Aldrei kunnum vér Guds fødurligri gjæsku þarfyrir ad fullþacka, ad hann hefir landi voru þyrmt fyrir villum og afgudadýrkun, hans nafn sé þarfyrir lofad og vegsamad um aldir alda; samt mun þó ecki Satan láta oss hlutlausa, varni Guds milda hønd vid því, ad hann deydi sálir mannanna med folskum kénníngum, þá leitar hann til med illum dæmum, med vondum fortølum og áeggjun til lasta og vondra verka, med tómlæti og hyskni í því ad vísa þeim Guds gøtu, sem hana ecki fá sjálfir ratad; litlu skiptir med hverju móti ad Fjandinn og hans verkfæri svíkja daudligra manna sálir úr Guds hendi; ill heimsins eptirdæmi, sérdeilis þegar þau ecki strøffud eru, þau eru sterkari til ad draga taum Andskotans, en nockur villumadur; margur mun vera fyrir ránga trú fordæmdur og þó kannské ei færri fyrir illann verknad; þarfyrir segir og Endurlausnarinn: vei þeim manni, fyrir hvern ad hneixlanin kémur, Matth. 18; eptirdæmid er ein almennilig túnga, sem allir skilja. Þad var haldid fundurverk um Mitrídatem Koníng í Ponto, ad hann hafdi í lidi sínu allrahanda þjódir, og gat þó talad sínni tungu vid hvern þeirra; en þad er stærra furduverk, ad eitt eptirdæmi talar þegjandi vid alla menn, sem þad heyra, og þótt þad sé hljódlaust sjálft, gjørir þad þúsund túngur skírt talandi; ill dæmi spilla bædi vondum og gódum, vonda draga þau til eptirbreytni, því hvad elskar sér líkt, þann góda til ad tala illa um þann, sem þad af sér gefur, því fáir eru svo rádsettir, ad ecki hallmæli þeim sem illt adhefst, jafnvel þótt verkid byrji ad hata en manninn elska og menn eigi ad lagfæra þad sem illa fer, en lasta ecki, svo sem Páłus áminnir þá í Galatía, segjandi,

6 kap: brædur! ef nockur verdur yfirstíginn af einhverri hrøsun, þér sem andligir erud, leidréttid þann sama med hógværum anda. Þad er ad vísu satt, ad enginn er sá á medal vor, er kénni villu neina; en hvert ad vér kunnum þarfyrir ad hrósa oss af því, ad hin sanna trú á Christum, fyrir hverja menn sáluhólpnir verda, hvert ad hún drottni í allra manna hjørtum, þar um mættu menn efast næsta mjøg. Endurlausnarinn segir um falsspámennina, ad af þeirra ávoxtum skulu menn þeckja þá; og hid sama þori eg ad segja um þá, ed hrósa sér af gudhrædslunni (þad er af kristindóminum, svo sem Páls hann á stundum nefnir) en afneita þó hennar krapti, 2 T m. 3. Hver er þá kristilig trú? hún ed verkar fyrir kjærleikann, Gal. 5; en hvernig honum varid sé á þessum vestu og sídustu døgum, þad finnur hver einn, þegar hann stíngur hendinni í sinn eginn barm og spyr sitt hjarta ad, hversu fús ad hann sé á ad tilgéfa sínum náúnga hans misgjørdir; hvad mikid hann vill missa af sínum munum, til ad hjálpa þeim auma og naudstadda; hversu ljúfur hann er á ad assaka sinn bródur, tala vel um hann, og færa alla hluti til betri vegar, hversu kostgjæfnir ad foreldrar og húsbændur eru í því, ad ala upp børn sín og hjú í Guds ótta og gódum sidum; med hverju skapi ad børn og þjónustufólk hlýda foreldrum og húsbændum, edur hinir undirgéfnu þeim yfirbodnu; allt ætla eg þetta fari í ólestri hjá morgum manni; hver þad heyrir, hann hyggi þar ad, edur hver er þá kristinndómurinn, er menn hrósa sér af? þegar kjærleikann vantar; hver ad er sál trúarinnar, svo sem Jakob segir: ad hún sé daud án verkanna, 2 kap. Hér stendur í øndverdu gudspjallinu: nær þér lítid svívirdíng foreydslunnar, standandi í helgum stad; margar gétur eru á því, hvad þetta verid hafi: nockrir meina þad hafi verid bilæti hins rómverska Keisara; adrir neita því og segja þad hafi aldrei innkomid í Jerúsalems musteri; sumir ætla þad eckert annad sé, en her Rómverja, af því, ad þegar Lúkas skrifar um þetta efni, segir hann: þegar þér sjáid Jerúsalem umkríngda med herskyldi; edur og svo óaldar flockur sá, er skommu fyrir eydileggínguna braust inn í Jerúsalem, og saurgadi musterid med mordi, manndrápum, og allra handa svívirdíngum; þessir vóru gydínga kyns og kølludu sig Zelotas, þad er vandlætara, og var þad svívirdíng nógu stór, ad þeir settu uppá sig nafn gudligrar vandlætíngar, sem Guds musteri smánudu og svívirtu, verr enn nockurn tíma heidíngjar. Til eru þeir sem hyggja, ad þessi svívirdíng foreydslunnar hafi verid gullørnin sú, er Heródes konúngur lét setja uppá musterid, til ágætis vid Róma ríki, hvers merki ad ørnin var, og høfdu Rómverjar á þeim átrúnad mikin, þess gétur Tacitus í sinnar annála bókar 2 kap., er og all-líkligt ad þad hafi nockud þesshattar verid; því svívirdíng foreydslunnar, sú er Daníel talar um, 11 kap., er án alls efa bilæti skúrgodsins Júpíters, er Antíochus Epiphanes lét setja inn í Guds musteri, af hverju ráda má, ad þessi, er Daníel um spáir, 9 kap., og Endurlausnarinn hér um gétur, muni hinni fyrri á einhvørn hátt hafa lík verid; samt er allt þetta ad vísu óvíst, og þótt eg segi hér um ýmsra manna meiníngar, til fródleiks þeim, er eptir vilja taka, þá vardar oss, kristna menn, nærsta lítid hér um, en hitt byrjadi oss ad rannsaka hvert ad svívirdíng foreydslunnar kynni ecki enn nú ad finnast í Guds kyrkju, ef vel er leitad. Í Jerúsalem hafdi Gud sett minníng síns nafns æfinliga, hin líkhamliga er nidurbrotin, Guds reidistormur hefir

henni um koll kastad, en hin andliga mun verda hjá oss til enda veraldar, Matth. 28, en hvert henni er alltíd svo hreinni haldid, sem byrjar, þar er vandliga adgjætandi. Jeg sagdi, ad í Jerúsalem hefdi Gud sett minníng síns nafns, þar bjó hann yfir Cherúbim, en þad er ecki minni nád, ad hinn ædsti prestur hefir sagt til vor, Jóh. 14: hver sem elskar mig, hann vardveitir mín ord og minn Fadir mun elska hann, til hans munum vid koma og vistarveru hjá honum gjora. En æ oss daudliga menn, undir syndina selda, hversu lítil er minníng Guds nafns hjá oss, þegar ve'r metum alla hluti framar hans dýrd? hversu lítid af vorum gagnsmunum, voru líkhamans eptirlæti, vorum virdíngum, viljum ve'r á stundum missa fyrir hans elsku; hvad opt metum ve'r bod mannanna meir enn Guds, og hrædumst meir þá ed líkhamann kunna ad deyda, enn hann, sem lífi og sálu kann ad kasta í eylífan eld? hvad opt gjorum ve'r sjálfa oss ad Gudum, er ve'r tilreiknum vora hamíngju og lucknlán framsýni vorri og erfidismunum, en gjætum ecki ad því, ad nema Gud vakti borgirnar, þá vakta vokumennirnir til forge'fins, nema Gud byggi húsid, þá erfida þeir ed byggja til ónýtis? Ps. 127; hvad lítil er minníng hans nafns hjá oss, þegar ve'r vanbrúkum hans heilaga nafn, sverjum og ljúgum þar vid, já, þykir þad enginn synd vera, því þad se' dagligt mál? já, margur selur Jesúm fyrir minna enn Júdas, sá ed leggur hans nafn vid hinn allra minnsta he'góma; hversu lítil er minníng hans nafns hjá oss, þá ve'r foroktum hans heilaga ord og fordumst þángad ad koma, sem þad er um hond haft? hversu lítid minnumst ve'r þá á hann, sem mótmælin þoldi af syndurunum, til ad opinbera syndugum monnum lífsins veg? þegar ve'r viljum ecki ljá vor óumskorin eyru til ad heyra þad, sem þó er kraptur Guds til sáluhjálpar ollum þeim sem trúa, Róm. 1. Menn sitja á stundum undir heyrn Guds orda og vita ad H. Andi er í ordinu, og þad er eins og eitt mustardskorn, hvert ad er hid minnsta medal sádanna, en vex þó svo hátt, ad fuglar himinsins búa se'r hreidur í greinum þess, Matth. 13, samt vilja menn ecki ljá því hid allra minnsta rúm í akri síns hjarta, hvar inni þad frjófgast megi og ávoxt færa; svo sitja vorir búgardar, vor akneyti og allra handa he'gómi veraldarinnar þar, sem hin heilaga guddómsins þrenníng ætti ad sitja, í sínu musteri, sem ad er vort hjarta, 1 Cor. 3. Segid me'r í Guds nafni, segid me'r, er ecki þvílíkt svívirdíng foreydslunnar standandi í helgum stad? Jesús hefir látid í sína kyrkju he'r á jordunni innsetja sitt bílæti, þad er kjærleikurinn, þad er hans mind, því hann er Gud og ljómi síns Fodurs og ímind hans guddómligrar persónu, Heb. 1, en Gud er kjærleikurinn, 1 Jóh. 4; þetta sitt bílæti fe'ck hann í hendur sínum elskuligum lærisveinum, er hann sagdi, Jóh. 13: þar af skulu allir þeckja ydur, ad þe'r se'ud mínir lærisveinar, ad þe'r elskid hver annan. Þessa líkneskju Jesú settu þeir inn í hans kyrkju he'r á jordunni, med allri trú og dygd, því skrifad er, Act. 2: ad allir hlutir vóru sameiginlegir med þeim trúudu í Jerúsalem; þeir báru eigur sínar fram fyrir postulanna fætur, til ad skipta þeim upp medal naudþurftugra, og allir vóru þeir í eindrægni andans; ó! hvad ólíkir þessum tímum, þar rán og stuldur, okur, harddrægni, rángsleitni í kaupum og solum, miskunarleysi, agg, reidi, fjandskapur, ofund og drambsemi þykja sumra manna á medal, annadhvert engir ókostir, edur og svo smáir lestir ad vera; er þad hans bílæti, sem svo heitt elskadi

oss, ad hann dó fyrir oss rángláta, þá vér vórum hans óvinir? Róm. 5, er það hans líking, sem ecki upplauk sínum munni, þegar hønum var mótmællt, heldur enn sandur til slátrunar leiddur? Esa. 53, er það hans mind, sem gécк í kríng, gjørdi gott og græddi alla, já, allt gjørdi hann vel, því dausa lét hann heyra, og mállausa tala? ó, vei! ó, vei! jeg þori ad segja, þar er ønnur mind innkomin, ecki hins rómversku keisara edur hans merkis, heldur Andskotans og hans merkis, sem er syndin, hverja ad madurinn lætur drottna í sínum daudligum líkhama, og ljær limu sína henni til vopna. Þér erud af fødurnum Fjanda og leitist vid ad fyrirkoma mér, segir Jesús vid gydínga, Jóh. 8, menn þeir ed eru hardbrjóstadir, ásælnir, sérplægnir og ecki þirma hans limum, munu þeir ecki strída undir sama merki og þeir ed hann høtudu og af lífi tóku? edur hvad er það sem raustin af himni sagdi vid Pál, Act. 9, er hann fór med hernadi og ófridi til Damaskum, á móti Guds søfnudi: Saul! Saul! því ofsækir þú mig? edur það sem dómari lifendra og daudra vill segja til hinna gudlausu, þegar hann kémur í skýum himins med magt og miklu veldi, á hinum stránga degi alls holds: hvad þér gjørdud einum af þessum mínum minnstu brædrum, það gjørdud þér mér, Matth. 25. Andskotinn kom í orms líki, þegar hann sveik vora fyrstu módur, það var hans mind; en Kristur nefnir þá eyturorma og nødru kyn, Matth. 23, sem ad útsjúga hús eckna og fødurlausra, þeir ed tíundu mintu, anís og kúmen, hluti sem eckert var íspunnid, enn gleimdu því sem helzt er í løgmálinu, trúnni og miskunseminni. Mun ecki þessi høggormsins mind allvída vera skridin inn fyrir Drottins altari, sem er mannsins hjarta? þar fláttskapur og undirhyggja spunnin saman vid ágirni og fédrátt, og adra þvílíka lesti, þykir framsýni ad vera, og sá vitfirríngur, sem ecki kann ad fleyta sér í þessu. Kristur segir hér í gudspjallinu: ad háski þeirra tíma, sem koma muni eptir Jerúsalems eydileggíngu, muni svo mikill verda, ad í villu muni jafnvel leidast, ef ské kynni, útvaldir, og það vegna falsspámannanna, þeirra er opudu eptir Guds almætti og sviku margar sálir frá hønum; svo skédur og á þessum vondu døgum alltítt og allvída, ad þeir sem annars mundu frómir vera, þeim tekst það ecki vegna hinna rángsnúnu og hreckvísu í veroldinni, um hverja Salómon talar, Ordskv. 1, ad þeir segi: kom med oss, vér viljum umsitja blód, og hylja oss ad ósekju fyrir hinum meinlausa; vér skulum eignast mikil audæfi og fylla vor hús med herfáng, legg félag med oss, vér skulum allir einn sjód hafa. Enga argari falsspámenn þarf enn þvílíka Belíals syni, og svo spillta náttúru vora, því hver einn freistast þegar hann af sinni egin girnd verdur tældur og afvega leiddur, þar eptir girndin, nær hún er frjóssøm vordin, fædir hún syndina, en þegar syndin er gjørd, fædir hún daudann, segir Jakob 1 kap. Dragi enginn sjálfan sig á tálar þar med, þótt ad slíkir umgángist med sama hætti og adrir í Guds kristni; þeir heyra ordid, en færa ei ávøxt þar af, þeir brúka sakramentin, en þó sér til dómsáfellis; þeir segja, herra! herra! en gjøra þó ecki fødursins vilja, því vill og dómarinn til þeirra segja á hinu mikla allsherjarþíngi: ecki þeckta eg ydur. Jesús segir um falsspámennina, ad þeir komi í saudaklædum, en innra séu þeir glepsandi vargar; svo eru og þeir, ed locka einfaldar sálir frá Gudi med vondum fortølum; þessir eru þeir er St. Júdas umtalar í hans pistli segjandi: þessir eru blettir í ydar kjærleiksveitslum,

nær þeir halda samsæti med ydur, fædandi sjálfa sig hyggjulaust, ský fyrir utan vatn, hverju vindurinn í kríng feykir, rotnar eikur og ávaxtarlausar, tvísvarsinnum daudar og upprættar; og ef þannveg var háttad á hinum fyrstu kristninnar dögum, þegar ad kraptaverkin fylgdu enn þá kénníngunni; hvad mun ei nú vera, þar ad því mun líða, ad mannsins Sonur ecki finni trú á jordu? Lúk. 18. Og líkligt er, ad þeir tímar nú yfirstandi, sem röddin af himni spáir um, Apoc. 12: vei ydur sem á jordunni búid og á sjónum, því Djöfullinn er ofan til ydar farinn, hafandi brædi mikla, af því hann veit hann hefir stuttan tíma. Nú fyrir því, kristnir menn! ad hér er slíkur vodi á ferdum, þá verdum vér af hinum góda meistara áminntir í þessa heilaga dags evangelíó; látum oss ecki feykja af hverjum vindi lærdómsins, Eph. 4, edur tegja med hafgýsaung veraldarinnar í snörur djöfulsins. Jesús gjörir þad hér bert med skírum ordum, hvernig hann og hans kénníngu þeckja megi frá annarligum lærdómum. Ef þeir segja hann sé á eydimörku, trúid því ecki; ad sönnu kéndi Jesús í eydimörku, þó í margra þúsunda áheyrn, ecki í launkofum, því hann taladi eckert í afkimum, heldur kéndi hann opinberliga í musterinu, þarfyrir líkir hann tilkomu sinni vid eldíngu þá, er út fer af uppgaungu, en skín allt til nidurgaungu, hvad eg hygg ad ecki sé ad skilja um hans tilkomu til dómsins, heldur um hans nádartilkomu í ordinu, og leyptran evangelíi, hvers birta ad strax eptir hans himnafør, og allra helzt eptir Jerúsalems eydileggíngu upplýsti mikinn part veraldar frá austri til vesturs og þad dreg eg þar af, ad hér talast ecki um skjótleik eldíngarinnar, heldur um hennar birti, og Jesús er hér um kénníngar ad tala, en ecki um sína tilkomu til dómsins, fyrr enn sídar í þessum sama kapítula. Um þessa birti Guds evangelíi og sinnar prédikunar talar Páls, 2 Cor. 4, segjandi: þarfyrir höfum vér afsalad oss þau fylsni, er menn mega skammast sín fyrir, ecki gángandi med undirhyggju edur falsandi Guds ord, heldur í opinberun sannleikans, gjörandi oss í allra manna samvitskum velþockada fyrir Gudi, því ef vort evangelíum er hulid, þá er þad þeim hulid sem tapadir verda. Nú fyrst ad Guds föðurlig gjæska hefir svo vídt útbreidt þeckíngu síns nafns, svo þad fólk sem sat í myrkrunum hefir séd ljós mikid, Matth. 4, og hún er einnig til vor komin, sem búum undir þessu ytsta heimsins skauti, svo ad segja á fótskör veraldarinnar, þá lát þinn fót vera fúsan, kristinn madur, til ad gánga í Guds hús, þar sem hans ord er um hönd haft, og líd ecki ad sálu þína velgi vid því svo sem ødrn léttmeti, því þad er fódur hennar, án hvers henni mun med eylífu húngri sálgad verda í helvíti, hvar fordæmdir ecki fá munu einn dropa vatns til ad kjæla túngu sína med, þar þeir kveljast í þeim loga, Lúk. 16; hvar sem ad hræid er, þángad safnast ernirnir; þetta talar Guds Sonur án alls efa um sjálfan sig. O, minn herra Jesú! því er svo adkvedid þínum blessada líkhama? hvern ad jafnvel englarnir og höfudenglarnir tigna, fyrir hverjum ad kraptar himnanna bifast, fyrir hverjum øll veröldin leikur á reidiskjálfi, í hverjum ad býr øll fyllíng guddómsins líkhamliga, Col. 2, hann verdur hér hræ nefndur; hvarfyrir er þetta skéd, kristnir menn? jeg minnist á mínar syndir á þessum degi, sagdi skeinkjari Pharaónis fordum í Egyptalandi og því mundi oss þá ecki øllu skyldara vera, ad minnast á vorar illgjørdir, sem hafa Guds Son kvaldan, og hertoga dýrdarinnar á krossinn festan? því

sannliga bar hann vorar syndir, og vorum örkumslum hlód hann á sig, hegníngin hefir á hönum legid, og fyrir hans benjar erum vér heilbrygdir vordnir, hann er vordinn hinn fyrirlitligasti og forsmánarligasti, fullur eymda og kránkleika, svo sem sá, ed hyldi sitt andlit fyrir oss, og þar var eckert á hönum, sem vér virdtum, Esa. 53; í einu ordi ad segja: hann var svo sem eitt útkastad hræ, svo sem madkur og ecki madur, fyrir vora skuld, sem láum í voru blódi, útkastadir á vídavánginum, og þar var ecki eitt auga sem miskunadi oss, þegar hann sagdi til vor, í voru blódi, ad vér skyldum lifa, Ezech. 16; en þenna málsshátt framsetur vor Drottinn til þess, ad kénna sínum lærisveinum, hvar hann sé ad finna, sem er, í hinni sönnu kristiligu kyrkju, er hann hefir stiptad hér á jördunni, þar er hans ad leita í ordinu og sakramentunum, þángad sækja allir hans elskendur, svo sem ernirnir ad hræinu. Ef eg verd upphafinn frá jördu, þá mun eg draga alla til mín sjálfs, segir Jesús, Jóh. 12, hann meinar án alls efa, þegar hann yrdi upphafinn á krossins gálga, því Jóhannes skrifar: ad hann hafi sagt þetta, teiknandi med hverjum dauda hann deya mundi. Í þessum Jesú dauda hafa allar harmþrúngnar, allar sannydrandi manneskjur, allar þær sem húngra og þyrsta eptir réttlætinu, þær hafa þar, segi eg, eitt andligt fódur, ecki sídur enn ernirnir í hræinu. Heilagur Jóhannes, sá ed þetta skrifar, um hvern og segist, ad Jesús hafi hann elskad, hann verdur samlíktur einum erni, og þad þess vegna, ad hann hefir med hans andligum skilníngi svo hátt flogid, ad enginn hefir svo greiniliga talad um þann óransakanliga leyndardóm guddómsins þrenníngar, og holdtekjunnar Christí, sem hann í hans evangelíi og pistils fyrstu kapitulum. Ein réttkristin sála er einn sannur Christí lærisveinn, hvern hann elskar, hennar umgengni er á himnum, hvar hennar féssjódur er, þar er hennar hjarta, en hennar féssjódur er á himnum, hverjum ei kann molur né rid ad granda, Matth. 6, hún flýgur upp í hædirnar med trúarinnar vængjum, undir hverrar hlídni hún géfur sína skilníngu fángna, þar finnur hún sitt fódur, því hans hold er sannarlig fæda, og hans blód sannarligur dryckur; þetta sitt hold og blód gaf hann sínum elskuligum lærisveinum til nautnar í drottinligri kvöldmáltíd, skömmu ádur enn hann líflátinn var, og gjördist svo sem eitt hræ fyrir vorra synda sakir, þángad safnast enn nú í dag, eptir hans bodi, allir þeir sem erfida og þúnga eru þjádir, til ad endurnæra sálir sínar og ad minnast dauda Drottins, med hverjum þeir forlíktir eru vid hinn lifanda Gud, hann sedur þinn munn med gjædum, og endurnýar þinn úngdóm, svo sem arnarinnar, segir Davíd, Ps. 103; hvergi skédur þad heldur, enn í medtöku Christí holds og blóds, þá madurinn þess neytir undir eins med trúarinnar munni og einn harmþrúnginn andi smackar hvad sætur ad Drottinn er, því Jesús segir: eg er hid lifanda braud, sem af himnum ofan kom, ef nockur etur af þessu braudi, hann skal eylífliga lifa, enn þad braud, er eg géf, er mitt hold, sem eg mun útgéfa fyrir líf veraldarinnar, Jóh. 6; hann meinar hér samt hina andligu nautn, sem med trúnni skédur; fyrir því segir hann aptur svo, Jóh. 11: eg em upprisan og lífid, hver sem á mig trúir, þótt hann sé daudur, þá skal hann samt lifa; já, af þessari andligri nautn, verda þeir himneskir ernir, sem eru kristnar sálir andliga endurnýadir, og alltíd ein ný sképna í Guds

augliti, því af henni vidurkveikist trúin, af trúnni kémur elskan, af elskunni fædist kjærleikurinn til náúngans, af hverjum ad uppspretta allar kristiligar dygdir og mannkostir; þarfyrir segir Jesús enn þá, Jóh. 6: sá sem etur mitt hold og drekkur mitt blód, hann blífur í mér og eg í hønum; en sá madur er blífur í hønum og hann í manninum, hann ber mikinn ávøxt, Jóh. 15. Eg hygg Jesús hafi tekid þenna ordsháttt af Jobs bókar, 39 kap., þar ed Drottinn segir vid hann um ørnina, hún býr í klettunum og í fjøllunum og í turnunum, þadan skygnist hún eptir ætum lángt á leid med augum sínum, hennar úngar drekka blódid og hvar sem hræin eru, þángad flítir hún sér. Minn herra Jesú! hver er hann, sem segir, Lofk. 2: mín dúfa! þú sem í bjargskorunum býr, og í fylsnum hinna þverhnýptu klettanna, sýn mér þitt andlit, og lát mig heyra raust þína, því þín raust er føgur, og þín ásynd lystilig; ertu ei sjálfur þad, minn herra Jesú? hver er hin sæta raustin? þad er þad lofid þú hefir þér tilreidt af munni smábarnanna, sem mylkja sinnar módur brjóst, og þinnar unnustu. Hver er hin fagra ásynd? þad er sú, sem þú oss afrekadir, þegar þín ásjána vard afskræmd, meir enn annara manna. Hver er þín dúfa, minn herra? þad er þín kristilig kyrkja, sem hér verdur í evangelíó ørn kølllud. Hverjar eru bjargskorurnar? þad eru þínar blessadar undir, þú sem ert vort fasta bjarg, og hella vors hjálpræðis. Hverjir eru hennar úngar? þad eru þín og hennar børn, þín børn, sem Drottinn hefir géfid þér, Es. 8, og ekki eptir holdsins vild edur mannsins vilja, heldur eptir Gudi eru fædd, hverjum þú hefir og magt géfid Guds børnum ad vera, Jóh. 1. Hvert er þad blódid, er þeir lepja? þad er þitt blód, ó, Jesú! sem ad hreinsar oss af øllum vorum syndum, 1 Jóh. 1; hvert er þad hræid, er þeir safnast ad? þad er þinn blessadur líkhami, sem er sannarlig fæda, Jóh. 6, og á gálganum var fyrir vorar illgjørdir heingdur; þángad viljum vér safnast, þar viljum vér sadníng finna sálum vorum, þar viljum vér lifa og deya; í þessum bjargskorum viljum vér hylja oss á hinum stránga degi, medan reidin fram hjá gengur, og ekki segja til hálsanna, hyljid oss, edur fjallanna, hrynjid yfir oss, því þú Drottinn ert vor kastali, vort øruggt vígi, vort fasta bjarg. Þér med Fødur og H. Anda, sé lof, prís, heidur, vegsemd og æra, af øllum útvøldum englum og mønnum søgd og súngin, um aldir alda, amen, í Jesú nafni, amen!

Tuttugasta og Sjøtta Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 11 Kap.

Í þann tíma, Jesús andsvaradi og sagdi: eg þakka þér Fadir og Drottinn himins og jardar! ad þú duldir þetta fyrir spekíngunum og vitríngum, og opinberadir þad smælíngjum; ad sønnu, Fadir! þvíad þad var svo þægiligt fyrir þér. Allir hlutir eru mér í vald géfnir af mínum Fødur, og enginn þeckir Soninn nema Fadirinn, og enginn þeckir Fødurinn nema Sonurinn, og hvørjum Sonurinn vill þad opinbera. Komid allir til mín

þér sem erfidid, og þúnga erud hladnir, eg skal endurnæra ydur. Takid á ydur mitt ok, og lærid af mér, þvíad eg em hogvær og af hjarta lítilátur, og munud þér finna hvíld sálum ydrum, þvíad mitt ok er sætt og mín byrdi er létt.

E x o r d í u m.

Valla trúi eg, ad nockur huggunarsamligri grein finnist í heilagri ritníngu, enn þau dýrmætu ord Frelsarans, er standa í þessu blessada evangélíó, med hverjum hann hefir til sinnar nádar og endurnæríngar bodid øllum þeim, sem erfidi drýgja, og þúnga eru þjádir. Hvad kann sá glediligra ad heyra, sem allskins eymdum hladinn er, og einkis á von nema eylífra písla, heldur enn þad, ad hann sem allt vald er géfid á himni og jørdu, Matth. 28, hann býdur til sín ad fyrra bragdi svoddan einni voladri og tapadri manneskju, og ecki einasta býdur henni til sín, heldur og lofar ad hann vilji endurnæra hana? þetta er svo dýrmætt ord, ad eckert kann fagnadarsamra ad hugsast edur talast; en hverjir ad séu meintir med þessum Lausnarans ordum, þar um er ecki allra meiníng eins. Sumir ætla ad Drottinn hafi talad hér um þá sér í lagi, sem ad leitudu sáluhjálparinnar á þeim døgum í kyrkjusida løgmálinu, í fedranna setníngum, og í verkum løgmálsins, en kunnu þó enga hvíld ad finna sálum sínum þar af. Þessi meiníng er Guds ordi samhljóda, því Esaias 9 kap., kallar løgmálid byrdar þúnga. Adrir meina ad hér med séu þeir meintir, sem undir krossinum stynja, og bera Christí ok á herdum sér, en brjóta þó ecki okid í sundur, edur þverskallast á móti Gudi, sem þad áleggur. Ad sídustu ætla nockrir, ad þad séu þeir, sem stynja undir byrdi syndanna, og skélfast fyrir Guds reidi og eylífri fyrirdæmíngu. Nú fyrir því, ad hinn stóri biskup med þá vellærdu túnguna plagadi á sínum hérvistar døgum mikla og marga hluti í fáum ordum inni ad binda, þá hygg eg ad allt þetta, sem ádur er um gétid, sé fólgid í þessu máli, hann býdur øllum til sín, þad er øllum þeim, sem á einhvørn hátt eru mæddir edur þúnga þjádir, jafnvel ógudligum, ydrunarlausum og þverþrotnum, hverjum hin mesta byrdi á herdum liggur, þótt ei finni þeir til hennar, þar hann er fyrir alla dáinn. 2 Cor. 5, og fyrir hverja hann dáinn er, þeim hefir hann til sín bodid, því enginn vill hann tapist, heldur ad allir komist til sannleikans vidurkénníngar, 1 Tim. 2, en sökum þess, nú er enginn sá medal vor, sem leiti ad sáluhjálpinni í løgmálsins verkum edur setníngum, en um krossburd Drottins hefi eg nockrum sinnum ádur talad, þá vil eg í þetta sinn tala um þá, sem undir byrdi syndanna þreittir eru, og hvad þad sé helzt, sem oss eigi ad leida til ad taka fegins hendi á móti þessu nádarfulla tilbodi. En þú, gjæskuríki fadir! sem øllum hefir til þinnar miskunar bodid, styrk oss med krapti þíns anda til þessa verks, fyrir Jesúm Christum, amen!

Utleggíngin.

Þótt þar eckert annad væri, sem kynni ad hræra oss til ad fagna þessu gjæskuríka bodi, þá er þad vor eigin eymd; hvor er svo þyrstur, ad hann verdi ecki feginn ad drecka, húngradur ad mettast, þreyttur ad hvílast, sjóhrakinn ad ná høfninni, sjúkur, ad hann ecki géfi aleigu sína til, ad hann megi heill verda, og sá ed í fángelsi situr, ad hann kaupi ecki lausn sína dýrum dómum? en nú er þad audvitad, ad manneskjunni á medan hún er undir Guds reidi, henni er midur farid enn øllum þessum. Enginn þorsti, húngur, erfidi edur sjúkdómur kann ad jafnast vid þad, ad eiga von á hans óblídu, fyrir hvers augliti ad skjálfa fiskar sjáfarins, og fuglar himinsins, og dýr merkurinnar, og øll skridkvikindi á jørdunni, og allir menn, sem á jørdunni eru, fjøllin klofna, bjørgin hrynja, og allir

múrveggir munu til jardar falla, Ezech. 38; eckert hafrót er svo sem Belíals beckir, Ps. 18, svo sem þau vötnin, sem gánga inn ad sálu eins ángráds syndara, Ps. 69; hvør eru þau bönd og fjötur, sem megi jafnast vid myrkranna hlecki, 2 Pet. 2, vid þad díki sem vellur af eldi og brennisteini? Apóc. 21, og kunnum vér ecki ad efast um, ad allt þetta er syndaranum búid, þegar vér lesum í lögmáli Drottins, Devt. 27: ad sá skuli bölvadur vera sem ecki heldur allt þad sem þar er inni skrifad; segid mér þá, börn mín! hvílík fásinna er þad, ad taka ecki á móti honum med allskonar blídu, sem býdur mönnunum ad gjöra þá kvitta vid ósköp þessi? hjá hverjum öll veraldarinnar ógjæfa; húngur, fatleysi, banvænar sóttir, örbyrgd, útlegd, offóknir, eldsnaud, sverdseggjar, og jafnvel sjálf fjörbrotin í daudanum, þótt allt þetta í einn hladist á eina manneskju um allan heims aldur, þá væri þad, segi eg, hid mesta eptirlæti og sæla hjá hinum eylífu hörmúngum, er syndin hefir tilunnid; og væri nú þetta tilbod ecki svo mikils virdandi, ef vér hefdum nockud til þess unnid, edur leitudum þess ad fyrra bragdi, því þad kynni þá ad heita svo sem nockurskonar verdkaup, svo sem ef einn þénari gjörir eitthvad þad, sem einum höfdíngja vel líkar, ad hann setur hann vid sitt bord, og sæmir hann gjöfum, jafnvel meir enn hann hafdi tilunnid; Davíd gjördi vel vid Mephibózet, og lét hann eta mat vid sitt bord, sökum vináttu sinnar vid Jónathan födur hans, 2 Sam. 9, vidlíkt gjördi hann og vid son Barzillaí úr Gilehad, 1 Reg. 2, en því er ecki til ad segja hjá oss; enginn leitar ad Gudi þegar hann kémur í þenna heim, sjálfur býdur hann oss til sinnar endurnæríngar í skírninni; þad má um alla menn segja, sem ritníngin segir um hina vantrúudu verold, ad allt hold hafi fordjarfad sína vegu, Gén. 6, reidinnar börn fædumst vér, Eph. 2; reidinnar börn mundum vér uppalast, og deya reidinnar börn, nema Gud fyrir Jesú dauda hefdi meiri miskun á oss gjört. Eg heyri ecki í gudspjallinu, ad þad fólkid sem var samankomid ad heyra þessa prédikun, þad hafi leitad eptir þessu tilbodi; hann blessadur var í þessari rædu ad straffa þær ógudligu borgir Córazin, Betzaida og Capernaum, í hverjum gjörd vóru flest hans kraptaverk, og er hann sem mest ángradist af mannanna óþacklæti, þá spratt upp þessi líknarfulla vatns æd af brunni miskunarinnar, og skulum vér ecki meina, ad hann hafi þad alleina talad til þess fólksins, er þá nálægt var, heldur og til vor, sem ord hans heyrum enn nú í dag. Dæmid þér nú sjálfir, brædur mínir! ef einn naudstaddur og allskonar eymdum hladinn vissi sér hæli víst, og vildi þess ecki leita, jafnvel þótt ecki væri honum þad bodid, jafnvel þótt hann mætti hafa stóra eptirgángsmuni þar fyrir, mundi hann ei ráðlaus haldinn af öllum mönnum? ó, hvad tefur oss þá ad renna á móti vorum brúdguma, er ad fyrrabragdi hefir oss glæpa mönnum og óvinum sínum þessa dýru heilsugjöf frambodid, og létt af oss þessu oki? þú segir kannské í hjarta þínu, eg finn ecki til þessarar byrdar, vel fer um mig, og eg kenni mín einkis meins; þetta er allt offatt, hvad Gud nádi, syndu menn til meina sinna, þá mundu fleiri heilbrygdir verda: þú typtar þá Drottinn! og þeir finna þar ecki til, sagdi Jeremías, 5 kap., um fólkid í Jerúsalem; sama má eg segja um þá, sem Guds heilaga lögmáls reidarþrumur slá um eyrun, og þeir finna þar ecki til, þótt þar fljúgi einn skruggusteinn af Sínaí í hverju ordi. Ó, þú vesæll madur! gjæt þó þess, ad betra er eitt mikid sár, ef þad er lifandi, heldur enn lítil skeina

daud og svín; betri vóru allar ránglætíngar tollheimtumannsins þegar þær vóru játadar, heldur enn allt Pharíseárans réttlæti, sem hann stærdi sig af, Lúk. 18; betri vóru syndir hinnar bersyndugu, sem þvodi Jesú fætur í tárum sínum, heldur enn vandlæti Símons, er kalladi þad ógjörníng, ad snerta hana, Lúk. 7; þú ert þér engra stórglæpa medvitandi, muntu þar fyrir vera saklaus fyrir Gudi? veistu ecki ad himnanna himnar eru ecki hreinir í hans augliti? Job. 15, því muntu þá vera, sem dagliga syndgar, og vinnur ei nema til hegníngar? veistu ecki ad jafnvel hinn minnsta synd steipir manninum í eylífa glötun, nema Sonur Guds hefdi bætt fyrir hana? ecki einasta hann, sem gjörir stórmerkin af því sem bannad er í lögmálinu, heldur og sá, sem ei gjörir allt þad sem í því bodid er, hann er bölvadur, Gal. 3: muntu þá ecki vid Gud sekur vera; þótt ei vegir þú mann, edur krenkir egtakvinnu þíns náúnga, edur stelir med launúng hans fémunum? edur er þad forgéfins, sem hann hefir sagt, Matth. 5: hver sem lítur eina konu til ad girnast hana, hann hefir allareidu drýgt hór med henni í sínu hjarta; og hver sem reidist bródur sínum, hann er ráds sekur?

O, Gud gæfi! ad menn væru svo kostgjæfnir í því, ad ransaka sjálfa sig, svo sem ad hnísa um annars háttsemi, þad er oss ecki svo förult ad gjora, jafnvel þótt eckert sé oss þarfara edur naudsýnligra, til ad nálægjast vorn Frelsara med kristiligri ydran, þad er svo ómissandi, ad ef vér viljum þad ecki gjöra, þá gjörir hann þad sem ad hjörtun og nýrun rannsakar, því segir hann hjá Zóphon. 1 kap: þad skal ské á þeim degi, ad þegar eg ransaka Jerúsalem med ljósi, ad eg skal straffa þá menn, sem eru samangrónir vid þeirra saurendi; ecki þess vegna, ad Drottinn hafi þörf ad ransaka vorar hugrenníngar, allir hlutir eru berir og naktir fyrir hans augum, Ebr. 4, heldur ad hann auglýsi fatleysi vorrar blygdunar, Apóc. 3, nær vér hana ei sjálfir þeckja viljum, og kasta vorum eiginn þreck í vorar ásjónur, svo sem Malachías ad ordi kémst, 2 kap., þegar vér viljum ecki þvo hann af med tárum vorrar ydrunar; viti því allir menn, ad enginn er svo heilagur, ad ef hann á fram fyrir Gud ad koma, ad hann ecki á einhvern hátt megi létta af sér byrdi syndanna; en hvernin má hann henni afletta, hafi hann aldrei til hennar fundid? og svo lengi hann ecki til hennar finnur, svo lengi er hann Gudi og hans Syni fjarlægur, hann er kominn ad kalla synduga og ecki réttláta til ydrunar, heilir hafa ecki læknarans þörf, Matth. 9. Guds Sonur er í heiminn kominn til ad lækna þad sem sundurmarid er; en hvernin má hann þitt hjarta lækna, ef þad er heillt, og þú finnur til engra meina? eg heyri hér í gudspjallinu, ad hann býdur til sín öllum þeim sem erfidi drýgja, og þúnga eru þjádir, þad er öllum þeim, sem eru sundurkramdir af megni samvitskunnar, fyrir þeirra afbrota sakir, hverjir ed erfida í tárunum og væta um nætur sína sæng med Davíd, hverjum Guds hönd er ofþúng vordin, og þar er enginn máttur í þeim fyrir hans ógnan, Ps. 38, og lángar svo eptir Drottni á þurlendinu, Ps. 63; þessum býdur Jesús til sinnar endurnæríngar, en ecki þeim sem hrósa sér af því, ad þeir séu ecki eins og adrir menn, Lúk. 18, ei heldur hinum, hverjir þótt ad þeir séu hinum verstu og fúlustu klækjum og skömmum hladnir, þá finna þeir ecki meira þar til enn fletturinn, þó menn leggi heilann skipsfarm edur aldrei svo mikinn þúnga ofan á hann, svo máttugur er Djöfullinn í þeirra

vantrú, Eph. 2. Þarfyrir, syndugur madur! viljir þú njóta þessa tilbods, og allra hellst í heilagri Drottins kvøldmáltíd (hvar endurnæríngin er án mælíngar frambodin øllum þreyttum og øllum sorgbitnum) viljir þú þessa not hafa, segi eg, þá kvel hjarta þitt med íhugan þinna vondu verka, og Guds heilaga løgmáls, aldrei eru þau svo fá, ad ecki megi þau ofbjóda þér, nær þú hugleidir þinn óverdugleik og hans réttlæti. Tem þér slíkt hugarfar, og slít hjarta þínu med svoddann þankum dagliga, þá muntu brádliga erfida þig módan, og svo mikin þúnga finna, ad þú munt varla fá undir risid, þá ertu og fyrst hæfur til ad taka á móti þessu bodi, því gjaldpeníngurinn verdur ecki géfinn þeim, sem íllt adhafast, ei heldur þeim, sem eckert vinna, heldur þeim, sem bera hita og þúnga dagsins, Matth. 20, þótt sumir beri hann skémur enn sumir, og þótt í þeim stad tali Frelsarinn um hid eylífa og óforþénta verdkaup á himnum, þá er þó sú endurnæríng, sem eitt ydrandi Guds barn finnur í vitnisburdi heilags Anda þar um, ad þad sé Guds barn, hún er, segi eg, pantur þeirrar eylífu endurnæríngar, sem Jóhannes umtalar í hans opinberana 14 kap., þar hann prísar sælu þeirra, sem í Drottni daudir eru, því þeir hvílast edur endurnærast af erfidi sínu, já, ef þér svo gjørid, børn mín! þá mun ydur brádliga lánga eptir Gudi, svo sem hjørtinn eptir ferskum vatni, Ps. 42; Davíd lángadi eitt sinn í brunninn í Betlehem, en þegar þeir færdu hønum vatnid, þá vildi hann ei drecka, heldur úthelti því fyrir Drottni, 1 Paral. 12; en þegar þér úthellid ydar tárum fyrir Gudi, sem þecking syndanna hefir kreist út af ydar augum, þá mun hann endurnæra ydur med þeim himnesku vatnsstraumum, sem framm fljóta af stóli Guds og Lambsins, Apóc. 22, hver sem þar af dreckur, hann skal ecki smacka daudann ad eylífu. Komum því til þessara vatna, gégnum þessu tilbodi; komum og kaupum fyrir alls eckert, bædi vín og mjólk, Esa. 55; og þótt ad ángist syndanna kunni ad þrísta svo mjøg ad hjarta syndarans, nær hann stendur undir ranfaki samvitskunnar, ad hann telji sig óverdugan Guds nádar, þá gjør ei þínum Frelsara þann órétt, ad þú efir um hans guddómliga miskun, sem er eins stór og hann er sjálfur, hversu sem þú ert hinum verstu syndum hladinn, ef þú ydrast af hjarta, og lætur af þeim, hver sem þad efar, þad er eins og hann vildi setja Krist af tign sinni, því hann er þess vegna konúngur vor syndaranna, ad hann hefir sigrad vora óvini, en keypt oss Gudi til handa med sínum dauda. Seg mér, hvad skal sá hafa til ad bera, sem einum skal miskuna, nema máttinn og viljann? en um hverttveggja þetta tekur Drottinn allan efa frá syndaranum í þessu heilaga gudspjalli: fyrst segir hann: allir hlutir eru mér ofurgéfnir af mínum fødur; þetta talar Kristur eptir manndóminum, því eptir guddóminum er hann sjálfrádi allra hluta frá eylífd til eylífdar, med Fødur og H. Anda, en fyrst hønum er allt vald géfid bædi á himni og jørdu, af hønum sem þad alleina hefir, og sem alleina kann ad fyrirgéfa syndirnar, því skyldi hann þá ecki kunna ad tilgéfa þér þínar syndir, hversu sem þær ljótar eru og andstyggiligar, nær þú hatar þær, og villt af þeim láta? hann sagdi fordum þegar Júdar hneixludust á því, ad hann sagdi vid hinn hálfvisna: þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, hvert er léttara ad segja, þér eru þínar syndir fyrirgéfnar, edur ad segja, statt upp og gack? Matth. 9. Minn herra Jesú! meira kostadi þig þad, ad endurskapa mig af Andskotanum vanskapadann, heldur enn ad skapa

honum heilsuna, sem þú hafdir í fyrstunni í módurlífi skapad, en fyrst þú sýndir med þessu kraptaverki, ad mannsins sonur hefdi makt til, ad fyrirgéfa syndir á jørdu, þá gét eg ecki efast um, ad þú kunnir mínar syndir ad tilgéfa, hversu sem þær fúlar eru; þú sem sagdir til eins hálfvisna: statt upp, tak sæng þína og gack í burt, Matth. 9; eg veit og ad þú gétur hjálpad mér med nád þíns anda, ad rísa upp af þeim syndanna bed, er eg svo lengi hefi sofid á, Gud er alleina sá, sem dásemdarverkin gjørir, Ps. 72; hann er og sá alleina, sem tilgéfa má syndina; hverttveggja gjørir þú hér, Drottinn minn! því gét eg ecki um vald þitt efast, en um viljann miklu sídur, því hann segir hér í gudspjallinu: komid til mín allir; þá veit eg ad þetta tilbod nær og til mín, þótt eg væri syndugri enn allir menn; þegar eg erfida í þeckíngu og játníngu synda minna, í hverjum þú minn Frelsari hefir erfidad, Esa. 43, þegar eg var þinn óvinur, Róm. 5. Því þú segir: komid til mín allir þér sem erfidid, og þegar eg styn undir þúnganum, er þú barst minna vegna, þegar hegníngin lá á þér, en eg vard heilbrygdur fyrir benjar þínar, Esa. 53, því þú segir: komid til mín sem þúnga erud þjádir; til hvers? ecki til þess, ad skipa mér ad borga hinn sídarsta peníng, því Gud hefir fyrir þína skuld uppgéfid mér alla skuldina; ecki til þess, ad eg luki þér þá handskriftina er þú hefir á krossinn neglt, Col. 2, heldur til þess, ad þú takir á móti mér fáráđri manneskju, svo sem fadirinn vid hinum auma syni, er sinni arfleifd sóad hafdi, Luk. 15; því vil eg allshugar feginn koma, ó, herra Jesú! og þvo fætur þína med tárum mínum, og smyrja þá med ángri míns hjarta og elskunni til þín, er mér hefir svo margar syndir tilgéfid, Lúk. 7, ef eg þess verdugur verda mætti fyrir þína egin forþénustu. Komid til mín allir þér sem erfidid, segir brunnur gjæskunnar, þetta mætti tilheyra jafnvel hinum allra heiløgustu mønnum, Nóa, Abraham, Job, Eliæ, Jóhanni Baptista, og jafnvel Guds módur sjálfri, svo heilagur er Gud, svo er hann réttlátur, ad hann má ei lída hid minnsta grand á manneskjunni, án fullkomins endurgjalds fyrir syndina, en þad verdur ei goldid nema í Christí forþénustu, og af henni hafa menn engin not, utan menn ydrist syndanna af hjarta, en ad ydrast syndanna, kostar þann alltíd nockurt erfidi, sem þeckir Guds hátign og sinn veikleika, þarfyrir skulu þann allir kvittunar bidja, Ps. 32, á þeim tíma nær reikníngurinn skal haldast, fyrir því hrædist Job øll sín verk, en ef hann hræddist þau og jafnvel hin bestu, þá mun þeim Guds manni þótt hafa, ad hann þyrfti ydrunar vid, hver aldrei gengur erfidislaust af, egi hún Gudi ad líka, þar um ber ljósast vitni hans sídarsta játníng fyrir honum, 42 kap: eg straffa sjálfan mig, og ydrast í mold og øsku; þetta sagdi Job, um hvern Gud vitnadi á móti Satan, ad ei væri hans líki í landinu, ad hann væri fullkominn, réttvís, gudhræddur og fordadist þad vonda, Job. 2, hvar af menn sjá, ad þad satt er, sem Páll segir: ad allur heimurinn sé fyrir Gudi sakfallinn, Róm. 3, og ad enginn sé svo heilagur, ad hann ecki allshugar feginn megi taka þessu nádarfulla Lausnarans tilbodi; en þar minn Herra segir: komid til mín allir þér sem þúnga erud þjádir, þá kalla eg mér bodid med þessari gudligu raust, og øllum stórsyndurum, sem mikinn part æfi sinnar hafa í þrjótskunni og glæpunum alid, en fyrst hann hefir þad talad, hvers blód ad hreinsar oss af øllum vorum syndum, 1 Jóh. 1, hann sem er forlíkun fyrir allar veraldarinnar syndir,

1 Jóh. 1, í krapti þeirrar fórnar, í hverri Gud forlíkadi heiminn vid sjálfan sig, 2 Cor. 5, þá gét eg ecki ætlad, ad hann sem alleina er sannordur, Róm. 3, ad hann muni spyrna mér syndugum ormi í burt af skor fóta sinna, nær eg þar ligg med sannri ydrun og fullum ásetníngi til yfirbótar, því skyldi eg þá láta mínar illgjørdir og blódug afbrot hindra mig frá, ad taka þessu gjæskufulla tilbodi med hinum mesta føgnudi míns ángráda hjarta? í þessu styrkja mig hans blessud fyrirheit, þar hann svarid hefir, ad hann ei vilji syndarans dauda, heldur ad hann snúi sér og lifi, Ezech. 33; um þetta taka allan efa frá mér þau dýrmætu ord, er hann talad hefir, ad hann vilji engan frá sér reka þann sem til hans kémur, Jóh. 6. O, því skyldi eg vera þá svo miskunarlaus vid sjálfan mig, ad eg ei skyldi leita hans nádar, þar eg veit hann er svo miskunsamur? þad er kunnugt hversu ad Júda hafdi reitt Drottinn til reidi, og hversu ad hann neyddist til ad reka þá út úr því landinu, er hann hafdi gefid fedrum þeirra; en þegar hann hafdi tekid þá í sátt aptur, þá segir hin eylífa gjæska, Zach. 10: eg skal miskuna þeim og þeir skulu vera eins og eg hefdi þeim aldrei burtkastad; svo lángt er frá því, ad Gud tilreikni sannydrandi manni drýgdar syndir, þegar hann snýr sér til hans af øllu hjarta, og þótt svo megi tilbera, ad Drottinn leggi á þig tímanliga refsíng, kristinn madur! þú sem á Jesúm trúir, fyrir undanfarnar syndir, til þess ad þú ecki meinir þig saklausan ad vera, þá lát þér ei hugfallast, edur ætla ad hann muni burtreka þig eylífliga. Valla nockur þjód í heiminum hefir svo þúngri hegníngu sætt af hans voldugri hendi, svo sem hans frumgétinn sonur Israel, Exód. 4, um nockra stund; og þó segir Fadir miskunsemdanna, Jer. 31: heyrid þér ord Drottins, ó, þér heidíngjar! og kunngjørid þad í fjarlægum løndum, og segid, hann ed sundurdreifdi Israel, hann samansafnar honum, og vardveitir hann svo sem hyrdir hjørd sína, því Drottinn endurleysir Jakob, og frelsar hann af þess hendi sem er sterkari honum. Þackir séu þér, þú Dýrdarinnar Konúngur! ad þetta fridar bod er og komid til vor þinna aumustu vesælínga, sem búum á hala veraldarinnar, því viljum vér allshugar fegnir heyra hins góda hyrdirs raust, sem til sín býdur øllum þeim sem erfidi drýgja, og þúnga eru þjádir. Hver er sá þjón, ef hann misbrýtur nockud vid sinn lánardrottinn, og hafi hann nockra æru taug í sér, edur hyrdi um velferd sína, ad ecki leiti hann sátta til hans á alla vegu, sérdeilis ef hann á fyrirgéfníngar von; nú þótt vér á hverri stundu, hverju augnabliki, styggjum Drottinn himins og jardar, því skyldum vér þó ecki samt leita forlíkunar hjá honum, er vér vitum ad er svo audveldur ad taka vid syndurunum, ad hann segir, Zach. 1: snúid aptur til mín, og skal eg snúa mér til ydar; hér þarf ecki Jóab ad brúka vísdómskonuna af Thecóha til ad frida fyrir Absalon hjá Davíd, 2 Sam. 14; ecki þarf hér Pálum til ad sætta Onesímum vid Philemónem, Philem. v. 10; en hér er Jesús Christus Gud og Madur, sá einasti medalgángari millum Guds og manna, 1 Tím. 2; hann segir í krapti þess umbods, er hann hafdi af hinum Alvalda konúngi, til ad sætta mannkynid vid hann og sjálfan sig; hann segir med fullum myndugleika: komid til mín allir þér sem erfidid og þúnga erud þjádir, eg vil endurnæra ydur; þad er eitt mikid fyrirheit, sem Gud géfur Jakob edur Israels húsi, Jer. 30: hans høfdíngi skal af honum koma, og hans drottnari skal af honum framgánga, hverjum eg

bjóda mun ad hann nálægist mig, því hver er sá, sem þori ad lofa sér í sínu hjarta, ad hann vilji nálgast mig? segir Drottinn. Hver er sá höfdíngi? þad ertú, dýrdarinnar Konúngur, Jesú Christi! hver er sá drottnarinn? þad ertú, Guds og Maríu sonur! þú sem af meyjar lífi ert útgenginn, af lífi dóttur Jakobs, jafnvel þótt þinn útgángur sé þó frá eylífu, Mich. 5, hverjum eg mun bjóda til mín ad koma, segir Drottinn. Því skal hann til þín koma, ó, Herra! hann sem er í þínu skauti frá upphafi eylífdarinnar, Jóh. 1, og eptir manndóminum er hann sá madur, sem þér nærstur er? Zach. 13; vor vegna hefir hann nálgast þig, ó, Gud! sem fjarlægir vorum, lángt frá þínu augliti og frá veldi dýrdar þinnar, Eph. 2, hverjum kasta átti í hin ytstu myrkur; vor vegna er hann þér nálægur vordinn, svo sem kénnimadur, eptir skickan Melchízedechs, Hebr. 5, inngenginn í þad allra helgasta, í himininn fram fyrir þig med eina fórn, ad útvegadri eylífri endurlausn Ebr. 9; hver er sá, sem þyrdi ad lofa í hjarta sínu, ad hann vildi nálgast þig? hver vildi taka sér þann heidur til? enginn syndugra manna. O, Drottinn! hvad munu hálmstráin búa vid einn fortærandi eld, edur rykid vid storminn af eydimörkunni? hvad leirinn vid járnspíruna? hvad vatnsbólan, hvad gufa jardarinnar vid reydarsleg himinsins? hann einn, hann einn má þig nálægjast, fyrir hverjum trónarnir og magtarvöldin skjálfa og hann tilbidja, Ebr. 1, hver alleina í himininn uppstígur, Mannsins Sonur, sem ofan er stíginn af himni, og þó á himnum, Jóh. 3, og med honum munu uppstíga allir þeir, sem hann hefir med sér dregid, þá hann upphafinn var, þad eru allir ydrandi syndarar, allir þeir, sem erfida og þúnga eru þjádir, já, allir þeir, sem trúa á nafn eingétins Sonar Guds, Act. 10; en þess er ad gjæta, brædur mínir! ad þessu nádarfulla tilbodi fylgir skilmáli nockur: takid á ydur mitt ok, og lærid af mér, því eg em hégvær og af hjarta lítilátur! Eg vil nú í þetta sinn ecki tala margt um ok Drottins, er sérílagi nefnist hans kross, og er innifalid í mótlætíngum þessara tíma, heldur vil eg tala um þad, sem hlýdir því efni, er eg í öndverdu hóf um ad tala, sem í tveim hlutum er fólgid; þad er í fyrstu, ad plága sálu sína med hræsnislausri játníngu og tilfinníngu syndarinnar, hvar af ydranin sprettur; og í annann máta, ad krossfesta hinn gamla manninn, Róm. 6, er sig fordjarfar í girndum villudómsins, Eph. 4; þessi krossburdur er Gudi hvad kjærastur, og ef manneskjan temdi sér hann dagliga, þá mundi þad afstýra mörgu útvortis mótlæti, jafnvel þó Drottinn á stundum virdi sína beztu ástvini med teikni síns Sonar. Vér skömmumst vor ad sönnu ad játa syndir vorar fyrir mönnunum, vér dyljum þær hvad mest vér kunnum, jafnvel fyrir þeim, sem verri eru enn vær (nema þeir, sem Djöfullinn hefir svo barid sigg í, ad þeir hafa mist alla tilfinníngu, svo þeir stæra sig af glæpunum); og þad veldur því, ad syndin er svo ljót, ad jafnvel margir þeir, sem óhlutvandir eru, hata hana og lasta á ödrum; en því munu menn vilja dylja hana fyrir Gudi, eins og allir hlutir séu ecki berir og naktir fyrir honum? Ebr. 4; en þetta gjörum vér ecki einasta, nær vér ecki játum syndirnar, heldur og, nær vér ecki rannsökum þær, leitum ecki eptir þeim smásmugliga í innstu fylsnum vors hugskots, og ecki ydrumst þeirra af hjarta, nær vér höfum fundid þær. En því dyljum vér sjúkdóminn fyrir læknaranum? edur þorfina og vanmáttinn

fyrir honum, sem er alleina ríkur? þyrmir þú sjálfum þér, þá mun hann þér misþyrma, ef þú hylur, þá mun hann opinbera; því skyldi eg ei vilja ángrast fyrir honum, sem gledst af þessu ángri, og vill mér þad launa med þúsundfaldri gledi, því eg vil endurnæra ydur, segir Lausnarinn; því mun eg skirrast vid ad játa syndir mínar í augsýn heilagra engla, þar meiri gledi er í himninum yfir einum syndugum, sem ydran gjörir, enn yfir níu og níutíu réttlátum? Lúk. 15. Menn hafa aldrei heyrt, ad Gud hafi deilt illdeilum vid einn sannydrandi vesæling, en um hina segir hann, Jer. 2: eg skal þrátta vid þig, af því þú segir: eg hefi ecki syndgast; en hvar med þráttar hann? ecki med ordum tómum, ecki med dvergmálshljódi, svo sem Spámadurinn ad ordi kémst, heldur med drepsótt og manndrápum, Ezech. 38, og jafnvel med ýlfri og tannagnístran vid þá, sem ecki skipast vid þetta nádar tilbod. Þarfyrir, brædur mínir! þess betur sem vér þeckjum Guds fødurliga gjæsku í því, ad taka vid syndaranum, nær hann ydrast, og þess meiri háska sem vér vitum oss búinn vera, nema vér ydrumst, þess heldur leggjum allt kapp á, ad bleyta vor hjørtu fyrir Gudi, svo H. Andi fái þar inni bnid, án hvers vér ecki gétum til Jesum komist, svo sem vér medkénnum í vorri trúarjátníngu; og er þad ecki nóg, ad ángrast fyrir syndirnar um stundar sakir; þad er eins og eldur í sinu hlaupi, ad láta sér volgna nockra stund um hjartaræturnar, nema ydranin verdi oss svo sterk, ad vér hotum þær syndirnar, er oss ádur hafa hvad kjærastar verid. Hvad gagnadi þad hinum voldugu í Jerúsalem, ad þeir gáfu lausa þræla sína og ambáttir, þegar Nebúchadnezar hafdi lagst um borgina, en hneptu þau aptur í þrældóm, nær hann var burtvikinn um stundar sakir? Jer. 34; eins er þeirra manna ydran, sem gráta syndir sínar fyrir Gudi, en hverfa þó aptur til hinna sømu; svoddan ydran fordæmir manninn meir, enn affsakar, því hún sýnir þad, ad hann hefir þeckt syndina, og vill þó ecki af henni láta. Drottinn hefir kénnt syndugum manni einn skriftagáng hjá Jeremíam, hann skyldi oss aldrei úr minni falla: þér skulud hafa leida á sjálfum ydur fyrir ydar ránglætínga sakir, og skammast ydar fyrir ydar svívirdíngar, og blygdast fyrir ydar vegu; ef menn létu sér þetta hugfast vera, þá mundu þeir ecki láta sér þykja svo vænt um syndina, ad þeir velti sér í henni aptur strax, sem þeir eru gengnir frá prestsins knjám. Góð uppbyrjun er þad ad sönnu, ad ausa út hjarta sínu fyrir Gudi med játníngu syndanna, og ecki skédur þad nema fyrir verkan H. Andaz en St. Páll áminnir þá í Tessalóníka, 1 Tess. 5, ad þeir ei skuli slockva Andann, og mun hann þad viljad hafa øllum sagt; hryggid ecki H. Anda Guds, í hverjum þér innsigladir erud til dags endurlausnarinnar, segir hann, Eph. 4; hvar af audsært er, ad madur kann med apturhvarfi til syndarinnar ad fæla Guds Anda frá sér. Eins og dúfurnar flýja reykinn, svo flýr Guds Andi syndsamligar hugranir; en þegar H. Andi er burtvikinn, hvad liggur þá fyrir vesælli manneskju? ecki annad, enn fyrir Sál konúngi, 1 Sam. 16, ad þegar Gud tók sinn anda frá honum, þá þusti yfir hann Guds vondur andi; já, ecki annad enn ad einn óhreinn andi tekur sjø adra anda sér verri, og hverfur aptur í hús sitt hvadan hann kom, og verdur svo þess manns hid sídara argara hinu fyrra, Lúk. 11; já, þad kann ad koma þar, ad sá sem svo tídt forsmáir anda nádarinnar, Ebr. 10, ad Gudi verdi honum svo reidur um sídir, ad hann yfirgéfi hann í fráleitt sinni, eins og Páll talar um heid=

íngjaua, Róm. 1. Pad er málsháttur Guds optliga í ritníngunni, ad þegar mannesfjan lætur sig ángra syndina, þá vilji hann ydrast þess illa, er hann hugdi ad gjora henni; en þessi fodurlig gjæska hins miskunsama Guds, sem átti ad draga oss til ydrunar, hún ablar mørgum dára enn meiri þverúdar, svo þeir hverfa aptur til spýunnar, sem Petur ad ordi kémst, 2 Pet. 2, af því Gud hefir svo tídt forlátid þeim syndina; en sjái þeir til, sem þannian hafa vanid sig til ad misbrúka Guds þolinmædi, ad ecki verdi þeim sagt eins og Jerúsalem: þú hefir yfirgéfid mig, þú ert á bak aptur horfin! þarfyrir vil eg útrétta mína hond á móti þér til ad farga þér, eg em vordinn þreyttur af ad ydrast, Jer. 15. Gud gjæfi, ad þeir, sem einusinni hafa smackad hid góda Guds ord og krapt eptirkomandi aldar, þeir vildu hugleida hvad miklu yndælli er, jafnvel sú hrygd, sem ad er eptir Gudi, 2 Cor. 7, heldur enn allur heimsins munadur, þegar hann gengur sem hædst; því ef hid heidna skáld segir, ad þar sé nockur vellyst í því ad gráta, hvad mun ei þeim þykja, sem andi fagnadarins pressar tárin útaf augunum. Takid á ydur mitt ok! segir Frelsarinn hér í gudspjallinu, því mitt ok er sætt, og mín byrdi er létt. Eg vil ecki í þetta sinn tala svo eginliga um krossbyrdi Drottins í útvortis mótlætíngum, og þá hugsvolun hins góda Anda, sem henni jafnan fylgir, heldur vil eg tala hér um deydíngu holdsins, og krossfestíngu hins gamla Adams, sem býr í oss. Segi mér þeir, ed einusinni hafa kéut á, hvad sætur ad Drottinn er: mun nockur Assverus í sínu stóra heimbodi, Esth. 1, mun nockur Baltazar í ollu sínu óhófi, Dan. 5, nockur Heródes í sínum hórudansi, Matth. 14, nockur Benhadad í herbúdum sínum, 1 Reg. 20, munn þeir, segi eg, una svo vel sínum hag, svo sem rétt-trúads manns sála í játníngu synda sinna fyrir Gudi, þegar andi Drottins ber henni vitni um, ad hún sé Guds barn? Róm. 8. Aldrei hefir hinn gamli madurinn svo mikil umbrot, ad ecki sé þad yndæli þeim, sem í Guds herskrúda berst, Eph. 6, ad sigra hann, og hann gledst af logmáli Drottins, segir Páll, Róm. 7, jafnvel þótt hann finna þykist eitt annad logmál í sínum limum, sem hertaki hann undir syndarinnar logmál; ad sonnu kunna hinir ad klædast pelli og purpura, og hafa kostuligt bordhald, Lúk. 16. Margur mun sá vera, er segir til sálar sinnar, þegar hann hefir alls nægtir, misjafnt útvegadar: et og dreck, sála mín! því þú hefir til margra ára safnad, Lúk. 12; en aldrei kann þetta ad jafnast vid þá nádarmola, er detta af því himneska bordi ofan á fótskor Drottins, Matth. 15, hvar vér syndugir ormar skrídum, og mænum. í himininn eptir hinni eylífu hugsvolun, er Guds Andi heitir oss fyrir Páls munn, ef vér berum Christí ok med þolinmædi. Lærid af mér! þvíad eg em hógvær og af hjarta lítilátur; hvarfyrir? hér um talar Postulinn, Heb. 5 segjandi: þótt hann Sonur Guds væri, þá hefir hann lært hlýdnina af því, sem hann lidid hefir. Segid mér nú, þér sem erud ættleidíngar, og ecki Guds einkasynir, eins og hann var, munud þér nockurn tíma leggja þann kross á hinn gamla Adam, ad ecki hafi Drottins kross verid honum þýngri, sem hann bar á sínum líkhama, samlikur holdinu syndinni undirvorpnu, þegar hann var af ollum yfirgéfinn, og jafnvel af sínum himneska Fodur? Marc. 15. O, hvílík minkun er nú þad, ad vér skyldum ei vilja vaka eina stund med honum, til ad þjá sálir vorar med kristiligri ydran og deydíngu

vorra vondra girnda, þar hann hefir lofad oss síns Anda hugsvölun, nær vér svo gjörum. Takid á ydur mitt ok! segir Drottinn hér; en hvad er Christí ok? það er allt það, sem menn bera med þolinmædi, hvert heldur það kémur frá Gudi sjálfum, svo sem eru sjúkdómar, ástvinamissir, skadi sá, er vér meinum ad komi ad hendíngu, edur annad þvílíkt; ellegar hann kémur frá mönnunum, svo sem er óréttur, forsmán, ofsóknir og þessháttar; edur og, ad það er straff vorra egin synda, er vér sjálfir á oss leggjum í ydranarinnar verki og baráttunni móti holdsins girndum. Allt er það Christí ok, ef menn bera það svo sem hann skipad hefir, því eckert af þessu kann ad henda oss, sem vér ecki forþénad höfum med syndinni edur annadhvert fyrir hans tilhlutan edur tillátsemi. En ef vér köstum okinu í burt med óleyfiligum hætti, Jer. 2, þá verdur það heilsusama Drottins ok ad Djöfulsins oki; ef vér erum óþolinmódir í sjúkdóminum, möglunarsamir í örbyrgdinni, ef vér gjöldum einn órett med ödrum, og bætum vorn skada med skada náúngans; þegar vér þannveg breytum, þá höfum vér engrar endurnæríngar, engrar hugsvölunar ad vænta sálum vorum, þá hverfur sætleiki sá, er Christí oki og hans byrdi fylgir. Já, hvad meira er, ad það ok, sem oss verdur uppálagt fyrir heimsku vorrar og synda sakir, það kunnum vér ad gjöra ad Drottins oki, ef vér berum það med hógværd og kristiligri þolinmædi; Davíd er oss til eptirdæmis hér í; eg efast ei um, ad það hefir gengid hönum til hjarta, þegar hann var rekinn frá ríki af sínum egin syni, 2 Sam. 15, og þegar mordengillinn fló fólkid sökum hans yfirsjónar, 2 Sam. 24, þó vann hann svo mikid á med sannri ydran og audmjúkt hjarta síns, ad Gud leiddi hann heim aptur med sæmd og heidri, 2 Sam. 19, og linadi plágurnar, 2 Sam. 24. Látum oss þessi dæmi til Kristum leida! audmýkjum oss undir voldugu Guds hönd, 1 Pet. 5; veginn vitum vér, sporum ecki ad gánga hann; tökum á oss hid sæta ok Christí, og skjótum oss ecki undan hans byrdi, svo vér megum finna eylífa endurnæríng, eylífa hugsvölun sálum vorum, og gánga inn til hans hvíldar; það veiti oss gódur Gud, fyrir síns Sonar blessada forþénustu, amen!

Tuttugasta og Sjöunda Sunnudag eptir Trínitatis.

Gudspjallid, Matth. 17 Kap.

Á þeim tíma; og sex dögum þar eptir, tók Jesús med sér Petrum og Jakobum, og Johannem brodur hans, og hafdi þá afsídis uppá hátt fjall, og ummyndadist fyrir þeim; og hans ásjána skein sem sól, en hans klædi urdu svo björt sem ljós. Og sjá, ad þeim byrtust þeir Moses og Elías, og toludu vid hann. En Petur ansadi og sagdi til Jesú: herra! hér er oss gott ad vera; ef þú vilt, þá viljum vér gjöra hér þrjár tjaldbúdir, þér eina, Mosi eina, og Elíæ eina. Og þá hann var þetta ad tala, sjá, ad bjart ský umskygdi þá; og sjá, ad röddin úr skýinu sagdi: þessi er Sonur minn elskuligur, ad hvörjum mér velþoknast, hlyd-

id þér honum. Og er lærisveinarnir heyrdu þad, féllu þeir fram á sínar ásjónir, og urdu mjøg hræddir; en Jesús géck til þeirra, tok á þeim, og sagdi: standid upp, og verid ei hræddir! En þá þeir litu upp, sáu þeir aungvan, nema Jesúm alleinasta. Og er þeir gengu ofan af fjallinu, baud Jesús þeim og sagdi: þér skulud aungvum þessa sýn segja, þartil ad Mannsins Son er upp aptur risinn frá daudum.

Exordium.

Þeirra gudir eru fjallanna gudir, søgdu fordum þénarar Benhadads, Sýrlands kongs, er þeir voru eltir af Israels mønnum; grátligt er til þess ad vita, hvernin Satan hefir blindad manneskjuna, ad stynsemi holdsins smidar sér svo dørliga þánka um Guds hátign, svo sem ad hans ríki sé ecki eins ríkt í øllum áttum hans veldis; en hvernig sem því er nú varid, þá sjá menn þó, ad Gud hefir sig hvad mest opinberad mannkyninu á fjøllunum; á fjallinu Sinai útgaf hann sitt løgmál, Exód. 20; á því sama fjalli taladi hann vid Eliam í hellirnum; á fjallinu Móría taladi Guds Sonur vid Abraham, er hann vildi hafa offrad Gudi syni sínum Isaak, Gén. 22; á því fjalli stód Jerúsalems musteri, hvar Gud hafdi sinn eld og sinn ofn, Esa. 31; og má sýnast, ad Gud hafi teiknad med þessu, ad hann væri hinn Allrahæsti, og byggi í hædunum, svo ad Djøfullinn hefir og apad eptir þessari Guds dýrkan, eins og í mørgu ødru, og látid sér á hædum þjóna; þad vitna þær hædirnar medal Guds fólks, er hann svo mjøg til reidi reittu, á hverjum bann segir, ad ei séu nema prettir. En í þessa dags evangélió heyrum vér hina allra dýrdligustu og huggunarsømustu opinberan, þar hinn eingétni Sonur Fødursins, íklæddur voru holdi, ummyndadist sýniliga fyrir lærisveinunum á fjallinu helga, hvert ed hinir gømlu lærifedur kristninnar hafa meint ad vera fjallid Tabor í Galilea. Af fjallinu Nebó í Móabslandi sýndi Drottinn Mósi alla fegurd og gjædi Kanaans lands, en á þessu fjalli hefir hann sýnt lærisveinunum, og øllum þeim, er á Soninn trúa fyrir þeirra ord, inní þad himneska Kanaan, er hann nefnir sína hvíld, Hebr. 3; og til frekara vitnis þarum, þá vil eg kvedja ydur, Guds børn! til ad gánga afsídis med Christó og hans lærisveinum, til ad hugleida þessa dýrdligu opinberan, í hverri tvent er ad athuga, sem er: 1) sjálfa forkláranina; 2) vottana, sem nálægir voru. Drottinn! vertu í verki med oss, og nád þíns Anda, fyrir Jesú forþénustu, amen!

Utleggíngin.

Hann ummyndadist fyrir þeim, segir textinn; ecki er þad svo ad skilja, ad hans manndómlig náttúra hafi umbreytst á nockurn hátt, heldur forkláradist hún, hin dýrdliga Guddómsins fylling, sem í honum bjó, skaut út geislum sínum í mannligu holdi, svo þeir kynnu ad sjá hans dýrd, dýrd svo sem eingétins Sonar af Fødurnum; hann afklæddist, svo ad segja, þjónsmyndinni um stundarsakir, en ecki náttúrunni. Tak þad til hugleidíngar af þessu, Guds barn! ad ádur enn þú mátt samlíkur verda þessari dýrdligu mynd þíns Frelsara, sem hér umgétur, þá byrjar þér ad ummyndast eptir hans mynd, sem þig skapad hefir, þad er, endurnýast í þínu hugskoti, því svo segir Frelsarinn: nema þér ummyndist, og gjørist svo sem þetta úngbarn, þá kunnid þér ecki ad inngánga í Guds ríki. Mattheus skrifar frá því í textanum, hvílík ad verid hafi forkláran þessi, þar hann segir, ad hans ásjóna hafi skinid sem sól; og skulum vér þó ecki ætla, ad Sól réttlætisins, Mal. 4, hafi þó ecki øllu fegur skinid, enn þessi, er á himninum ljómar, því hennar birti

kunnum vér allir ad standast; en þegar lærisveinunum gafst sýn þessi en mikla, þá skrifar Markus, 9 kap., ad þeir hafi vordid óttaslegnir, svo ad Petur vissi ecki, hvad hann taladi, svo sem bædi hann og Lúkas, 9 kap. skrifa, heldur tekur Gudspjallamadurinn líkíng af sólunni, því hann hafdi eckert bjartara ad jafna vid, sem daudligum skiljast kunni; og ei skulum vér heldur meina þetta hafi verid sú dýrd, er Guds Sonur átti hjá sínum Fødur, ádur enn grundvøllur veraldarinnar var lagdur, því jafnvel útvaldir skulu skína eins og sól í ríki síns Fødur, Matth. 13; en hvílík sú birti muni vera, er þar af andsært, ad vér skulum verda englunum jafnir, hverra sjónir ad daudligir menn þó varla stadist fá, því sagdi Manóha: vid munum sannliga deyja, því vid høfum séd engil Drottins; og skulum vér þó vita, ad dýrd og hátign Guds Sonar yfirgengur svo mikid englanna dýrd, sem hann hefir þeim ædra nafn ødlast. Framar segir textinn, ad hans klædi hafi vordid svo bjørt sem ljós; þegar Móses kom ofan af fjallinu Sína med løgmálid, þá skrifar Páluss, ad hans ásjána hafi verid svo bjørt, ad Israels synir hafi ei mátt líta í gégn henni, alleina af því, ad hann hafdi vid Gud talad, og þó féck Móses hana byrgt med skýlunni, er hann hengdi fyrir sitt andlit; en þetta yfirgnæfir; hér fá ecki klædin innilukt þann skjæra Guddómsins fegurdarljóma, sem bjó í Christí forklárudu holdi, heldur skein hún í gégnum, svo þau urdu fogur eins og ljós. O, minn herra Jesú! er þetta sú mynd, sem ad héck á krossinum, þegar þú gjørdist bølvan fyrir mínar syndir? sú sem Esaías um talar í 53 kapítula, segjandi: þar er enginn mynd edur fegurd á hønum, og þegar vér lítum hann, er þar eckert álit, sem vér girnumst, hann er forsmádur og manna audvirdiligastur, hann er plágadur af meinum og kránkdæminu alvanur, og svo sem einn madur, er byrgir sitt andlit fyrir oss, svo foraktanligur, ad vér virdum hann einkis? O, þú saklausa Guds Lamb! hvílík voru nú þessi umskipti, Drottinn minn! hvad vorum vér, syndugir ormar, ad þú, ljómi Fødursins dýrdar, skyldir svo bera vor kránkdæmi? hvad þrísti þér til þess, minn Lausnari! ad þú skyldir breyta þessari dýrd í þá herfiligu ásján, er Spámadurinn talar um? eckert annad, enn þín guddómlig elska, þín djúpu miskunaridur, í hverjum þú vitjadir vor, upprunninn af hædum. En þú, Guds barn! sem heyrir þenna dýrdliga atburd, tak þér hina mestu huggun af hønum, þegar Guds føđurlig gjæska virdir þig med síns Sonar krossi, ad svo dýrdligur sem hann gjørdist hér fyrir augum lærisveinanna, svo vegsamligur og øllu vegsamligri muntu verda, nær þú inngengur í þíns Herra fognud, ef þú tekur hans ok á þig og fylgir hønum eptir; því þessa hans dýrd sáu þeir daudligum augum, svo sem bædi Petur og Jóhannes votta, en þad hefir ecki auga séd og ecki eyra heyrt, og ecki hefir þad í nockurs manns hug edur hjarta komid, hvad Gud hefir þeim tilbúid, sem hann elska; en elskan til hans sést aldrei betur enn í móttlætinu, þar reynist hún, svo sem gullid í ofninum, þar er sá leikvøllurinn, hvar ed hinar audligu kémpur eiga ad sína frækleik sinn, þar er skeidflóturinn, er allir þeir eiga ad hlaupa med Páli, sem vilja hnossid ødlast. Lúkas einn hefir sagt oss þad, hvert ad verid hafi inntak þess samtals, er þeir Móses og Elías áttu vid Drottinn á fjallinu helga, sem var um þá útfør, er hann skyldi fullkomna í Jerúsalem; þad er sú burtfør til Fødursins, er hann nefnir hjá Jóhannem í 16 kapítula, í þeirri hjartnæmu prédikun, er hann taladi fyrir lærisveinunum undir

sína píslargaungu, þá ed hann fullkomnadi og batt fullan enda á þad, sem hans Fadir hafdi honum umbodid. Ecki hefir þessi sýn edur þetta samtal skéd fyrir Christí skuld, því sjálfur vissi hann allt þad, er yfir hann átti ad koma, sjálfur þeckti hann og Guddómsins hátign og vegsemd, sem ad í honum bjó, heldur postulanna vegna, hverjir ed sídan máttu þola svo miklar hörmúngar, fjötur, húdstrokur, offsóknir, umsátur, já, sýta og gráta, þegar heimurinn fagnadi, og þad fyrir Christí nafns sakir, svo ad alltíd, nær þeir í hörmúngunum minntust á þessa dýrdligu opinberan, skyldu þeir hafa þad þeir kynnu ad endurnæra hjarta sitt med, sem var, ein fullvissa um þvílíka dýrd, er þeir sáu nú fyrir augum sér; og því er ecki ad undra, þótt ad þeir og þeirra lagsmenn gengu gladir út frá rádinu, nær þeir húdstrýktir vóru, já, ecki þótt ad St. Páll væri vel til frids í offsóknunum, í ángistinni, í naudunum, þar hann hefir ecki einasta þessa sýn heyrt, heldur og var sjálfur í hinn þridja himin uppnuminn. Petur hafdi fyrir skömmu spurt Drottinn ad, hvad þeir skyldu í laun hafa, sem ad yfirgáfu alla hluti og fylgdu honum eptir; en Drottinn sýnir honum hér á fjallinu, ad svo miklu leiti sem hann sjá kunni í þessu daudliga holdi, hvers hann ætti von fyrir sína þjónustu; og er þad mála sannast, Petri þótti svo mikid til þessa koma, jafnvel þótt ecki væri þad meira hjá hinni eylífu dýrd, heldur enn rikti Salómonis fyrir drottníngunni af Arabía, honum þótti svo mikid til þess koma, segi eg, ad hann sagdi: hér er oss gott ad vera; hann var fæddur í Júdea, einu landi, sem er Paradýs af veröldinni, hann hafdi vída verid med Christó, bædi þar og í Galílea, hann hafdi séd Jerúsalems musteri og hina kostuligu Guds þjónustu þar inni, en öllu gleymdi hann því, sem til baka var, hér þókti honum alleina gott ad vera; ó, hversu munu þeir þá gleyma öllu oflæti veraldar, öllu eptirlæti og fagnadi í heiminum, er sitja Lambsins brúdkaup í himninum! Ad vísu, var sýn þessi mikil, er postulunum gafst, og sæla má þá kalla af henni, en þó er þeim ei minna veitt, sem Drottinn auglýsir sig í hjartanu, því sælir eru þeir, sem ei sjá, og trúa þó, sagdi Lausnarinn fordum vid Thómas; þad sé eg á svo mörgum þúsundum píslarvotta Drottins, um hverja þad sannkvedid er, sem Esaías spáir, 24 kap., ad þeir prísudu Drottinn midt í eldinum. Petur var vidstaddur þessa opinberun, hann heyrdi Mósen og Elíam tala um fullkomnan Drottins útfarar, og þaradauki heyrdi hann Fodursins raust, þó gleymdi þessi Guds vinur öllu þessu skömmum tíma þar eptir í biskupshöllinni; ecki vardi þessi unmyndan Drottins lengi hjá honum; en þegar Kristur var í honum til fulls myndadur, svo sem Páls ad ordi kémst, þá mundi hann fyrr hafa þolad hinar skélfiligustu píslir veraldar, enn ad falla frá Christó, og gafst raun þessi optliga sídan; og þetta er nú sú sjón á Jesú Christó, er vér egum ad kosta kapps um ad ná á allri vorri reisu frá vöggunni til grafarinnar; þad er þad heilaga fjall, er vér egum ad klifrast uppá, medan vér lifum. Sá, sem þannig hefir komid auga á Kristum, hann kallar Drottinn fyrir sitt hlutskipti þótt ad sál og líf vanmegnist, og nær hann Gud sinn hefir, þá skeitir hann hverki um himin né jord; en svo sem ad þetta er eitt mikid hlutskipti, hver sem því nær, já, svo mikid, ad himin og jord mega í engan samjöfnud koma, svo skal og mikid til þess vinna. Ef vér viljum verda njótandi arfskiptis heilagra í ljósinu, Cól. 1, ef vér viljum þóknast Gudi í ljósi lifandi manna, Ps. 56,

þá byrjar oss ad skrýdast hvítavodum, ecki sídur enn þeir í fyrndinni, sem skírn og kristni taka vildu, þad er, ad vér íklædumst herklædum ljóssins, ad vér íklædumst einum nýum manni, ad vér íklædumst Guds herskrúda, þad er, í einu ordi ad segja, med Páls ordum, 3 Cól.: ad vér íklædumst svo sem útvaldir Guds heilagir og elskuligir, hjartgróinni miskunsemi, góðgirninni, lítilætinu, hógværdinni, þolinmædinni. Eg veit þad má þykja undarliga til ords tekid, ad Postulinn temur sér þenna ordsháтt: ad íklædast dygdunum, en varla kann þó nockur betri ad finnast; án klædanna gétum vér ecki lifad, þau eru þad, sem verja oss frosti og kulda; svo kunnum vér ecki heldur ad lifa andligu lífi fyrir utan þenna saklеysisins skrúda, hann varnar oss vid helvítis bruna. Klædnadur Drottins vard fagur og leiptrandi af. því, ad Guddómsins birti, sem í hans holdi bjó, hún skein í gegnum þau, eins og sólin glerid; svo egum vér ad láta þad sjá í vorum lífernis háttum, ordum og athøfnum, ad Gud búi í oss fyrir trúna; þad býdur Frelsarinn lærisveinunum, Matth. 5, med þessum ordum: svo lýsi ydar ljós fyrir mønnum, ad þeir sjái ydar góðverk og dýrki ydar Fødur, sem á himnum er; en fyrir því, ad dagliga slettist uppá vort skírnarklædi, á medan vér gaungum í gégnum forød veraldar þessarar, þá má þad dagliga þvegid verda. Markus skrifar um klædnad Drottins, 9 kap., ad hann hafi svo bjartur verid, ad enginn þvottamadur á jørdu kunni þvílíkt ad gjøra; og sama er ad segja um vort brúdkaupsklædi, þad kann enginn svo hreint ad gjøra á jørdu, ad í Guds augum birtast megi. Þad má um oss alla játa, sem Drottinn segir um sitt fólk, Jer. 2: þótt þú þvoir þig í saltpétri, og safnir þér mikilli sápu, þá ertu samt óhrein fyrir mér; hann einn, hann einn gétur þau ad fullu hreinsad, sem er eins og koparsmidsins eldur, og eins og sápa þvottamanna, Mal. 3; þad er þitt dýrmæta blód, minn Frelsari! í hverju ad allir heilagir hafa þvegid sinn skrúda, Apóc. 7; svo kanntu og, Drottinn minn! ad gjøra jafnvel syndir mínar hvítar eins og snjó, þótt þær séu raudar sem blód, og ullhvítar þótt þær purpuraraudar séu, Esa. 1; já, eg em þess fulløruggur, ad nær þú breidir þinn ljómandi klædafald út yfir mín saurug tøtur, þá muni þeirra ei gjæta; Guddómsins fylling sem í þér bjó líkhamliga, hún skein í gégnum þinn klædnad á fjallinu helga, en sorti minnar ilsku mun aldrei géta brotist í gegnum þessa birti inní augu þíns himneska Fødur; þessu fulltreysti eg, Drottinn minn! því eg veit, ad þú ert kominn til ad leita ad því, sem tapad er, og ad kalla synduga og ecki réttláta til ydrunar; þér sé lof, æra, magt og dýrd ad eylífu, amen!

Í munni tveggja edur þriggja skulu øll ord standa, sagdi Drottinn í løgbók sinni fordum; en um þetta þíng má eg segja þad, er Jóhannes segir í hans fyrsta pistils fimta kapítula: þrír eru þeir, sem vitna á himni, og þrír eru þeir, sem vitna á jørdu; hér eru þrír vottar jardneskir, og adrir þrír himneskir. Eg vil tala fyrst um þá jardnesku, því textinn gétur fyrr um þá; þad voru Petrus, Jakóbus og Jóhannes; þessir vóru engir smælíngjar í Guds húsi, jafnvel þótt þeir væri haldnir afrak og hreinsunarfórn hjá verøldinni. Petur var sá, ed fyrstur allra postulanna þeckti, ad Jesús væri Kristur, sonur Guds lifanda, Matth. 16; hann var sá, ed Drottinn fyrstum afhendti lykla himnaríkis til ad leysa og binda, ecki þad, ad Petur afhendti þá hinum postulunum út af sér, heldur gjørdi

Drottinn þad sjálfur sídan; hann lagdi lífid ofan á sína medkénníngu um Jesúm, því jafnvel þótt ecki hafi menn svo vissar søgur um hans í slát, þá kénnir Jóhannes oss, þad, ad Lausnarinn hafi spád hønum því, ad hann mundi Gud med sínum dauda dýrka. Jakob var sá, er fyrstur allra af þeim tólf lét líf sitt fyrir vitnisburdinn Jesú, og undirskrifadi hann med sínu saklausa blódi. Jóhannes var sá, ed lá fyrir framan Drottinn um kvøldmáltídina hønum auglýsti hann svikarann; hann er sá lærisveinn, um hvern skrifad stendur, ad Jesús hafi hann elskad; hann hefir og greiniligast af øllum Gudspjallamønnunum talad um persónu Frelsarans; hønum auglýsti Drottinn þá miklu hluti, er ské skyldu á eptirfylgjandi tímum, svo sem ljóst er af hans Opinberunum; hann lifdi og lengst allra postulanna, til ad mótstanda þeim Ebíóní og Cerinthó, er neitudu guddómi vors Frelsara; og þessvegna er þad af gudligri forsjón skéd, ad hann fengi hans hátign augum ad líta í þessum stad, svo hann þess betur kynni þar um ad vitna. Módir þeirra Jakobs og hans beiddi Frelsarann um, ad annar sona sinna mætti sitja hønum á hægra veg, en annar á vinstri; Drottinn svaradi henni: þér vitid ei hvers þér bidjid! en þó sýnist mér, ad hann blessadur hafi ad nockru leiti ordid vid bón hennar í þessum stad, þar hann tók þá framar ødrum med Petri, til ad sýna þeim svo sem álengdar inn í þá dýrd, sem hann á hjá sínum himneska Fødur. En af þessari vegligu sjón hafa þessir Guds menn lært, þar þeir varla gátu stadist hana, ad ei mundi þeim hendt í þessu dauðliga holdi ad sitja hønum á hægri edur vinstri hlid í dýrd himnanna, og því spurdu þeir ecki sína daudliga líkhami sídan fyrir hans skuld, þegar þeir vaxnir voru eptir fullkomnum mælir Christí aldurs, svo þeir med Páló, Phil. 3, ná kynnu, í upprisu hinna daudu, hnossinu þeirrar køllunar, sem þar uppi er í Jesú Christó. En vér, sem nú heyrt høfum vitni þeirra um forkláran Drottins, og vitum, ad þeir inngengnir eru í dýrd síns Herra, vér skulum leggja allan hug á, ad vera eins lyndir og þeir, ad vér holdum alla hluti þreck ad vera, og jafnvel sjálft lífid, svo vér ávinnum Christum, Phil. 3, því hver sem ad hatar sáln sína í þessum heimi, hann mun vardveita hana til eylífs lífs, Jóh. 12; og þessir eru nú hinir jardnesku vottar ad stórmerki þessu, sem tekid hafa vid vitni þeirra himnesku, um hverja eg hefi hér eptir nockud ad tala.

Drottinn sagdi fordum undir sína pínu, Jóh. 12: Fadir! vegsama þitt nafn; og raustin af himni svaradi hønum: eg hefi vegsamad, og eg skal aptur vegsama; þá sagdi hann vid lærisveinana: þessi raust skédi ecki vegna mín, heldur ydar vegna; svo má eg og segja um þá himnesku votta, sem textinn umgétur, ad ei birtust þeir Drottni fyrir hans skuld, heldur þeirra, sem med hønum voru, já, vegna allra þeirra, sem eptir þeim heyra mundu þenna tilburd. Vottarnir eru þrír af himnum: Móses, Elías, og sjálfs Fødursins raust, er vitnadi af skýinu. Móses var einn trúr rádsmadur í øllu Guds húsi; hann valdi Gud til ad útleida sitt fólk af Egyptalandi; hann taladi vid Gud í Hóreb, þegar Ísrael vildi hafa sig undanþeginn ad heyra raustina Drottins Guds síns; hann medtók løgmálid af hans hendi, og taladi vid hann optliga, eins og madur vid mann talar. Hvert Móses hafi verid hér med sál og líkhama, skal eg ecki margt um tala; þad er víst, ad hann

dó á fjöllunum Habarím, hvadan Gud sýndi hönum landid Kanaan, og Gud gróf hann í dalnum, segir ritníngin, Devt. 34; þó er líkligt, ad Móses hafi hér allur verid, því um Elíam er þad víst, ad hann fór med önd og líkhama til himins, en engan mun gjörir Matthens edur hinir Gudspjallamenninnir þeirra í sínu riti um þessa opinberan; nockrir færa til ad styrkja þessa meiníngu þad, sem stendur í Júdas pistli, v. 9, ad Michael höfudengill hafi þráttad vid Satan um líkhama Mósis, svo sem ad vildi Andskotinn hafa fengid vald hans, en Gud hafi hann uppnumid; og ad vísu lítur Petur til þeirrar sögu, er þar skrifud stendur, í sins sídara pistils ödrum kapítula; en hvörninn sem þessu er varid, þá veit eg, ad hann, sem uppvakti son ekkjunnar af Sarepta og hinnar Súnamisku, hann sem Lazarum leiddi út af gröfinni, hann sem uppreisti dóttur Jaírí, hann sem lét marga framlidna gánga úr gröfunum í Christi upprisu, hönum var ecki um megn, ad láta Mósen koma til þessarar hátídar á fjallinu helga med önd og líkhama; og þessi var nú hinn annar himneskra votta af mönnum. En hinn var ad sínu leiti engu minni Elías, hver med öllum rétti má nefnast hinn ypparsti af spámönnunum, hann var hinn mesti vandlætari vegna Guds nafns; hann lét slátra Jessabels spámönnum vid lækinn Kischon; hönum sendi Gud eld af himni yfir þá tvenna fimtíu Achabs sendimenn; hann feck med bæn af Gudi dögg af himninum, þá ecki hafdi rignt í heil þrjú ár; hann fór med eldligum hestum og vögnum til himna; hann taladi vid Gud á fjallinu Hóreb, eins og Móses, og bádir föstudu þeir í 40 daga og 40 nætur, eins og Kristur í eydimörkinni; beggja þeirra getur og Malachías í þridja kapítula sinnar málabókar, undir eins og hann endar hid gamla testament. Slíka votta byrjadi Guds Syni ad hafa til dýrdar sinnar, er hann forkláradist, og skulum vér vita, ad Gud gjörir eckert forgéfins, auk heldur svo mikla hluti, sem þessi var; öll var og þörf á því; sú tíd var nærri komin, ad Gud mundi slá hirdirinn, og ad saudir hjardarinnar mundu sundur tvístrast; en hvörsu ad lærisveinarnir hafi verid búnir undir þá ógn, þad sýna oss gudspjalls sögurnar. Ad sönnu hafdi Petur lýst því skömmu ádur, Matth. 16, ad Jesús væri Kristur, Sonur Guds lifanda, og kalladi Frelsarinn hann sælan, þarfyrir, því hold og blód hefdi hönum þad ecki opinberad, heldur Andi síns Födurs; en þó tók holdid svo ad ráda skömmu þar eptir, er Jesús taladi um sína pínu, ad Petur átaldi hann, og sagdi: spara sjálfan þig, ad ei verdi þér þetta! já, þegar hann heyrt hafdi, ad Móses og Elías töludu vid Drottinn um hans sídurstu útför frá Jerúsalem, þá var þó einfeldnin svo rík í holdinu, ad hann sagdi: vér viljum gjöra hér þrjár tjaldbúdir, þér eina, Mósi eina, og Elíæ eina; og þótt hann hefdi mál fyrir hinum postulunum, þá er audvitad, ad þeir hafa eins fákjænir verid. Hér má nú segja þad sama um þenna Guds ástvin, sem Páls um sig segir: þegar eg var barn, gjörda eg sem barn, og eg taladi sem barn; Petur var ennnú ecki fullvaxinn í kristinndóminum, og því taladi hann barnsliga. O, þú Guds madur! mundi hann nockud þurfa tjaldbúdar vid, hvörs ásjána ad skein sem sól, og hans klædi voru björt eins og ljós? mundi hann ætla sér ad eiga lánga dvöl á þessu fjalli, sem ádur sagt hafdi, ad hann mundi líflátinn verda í Jerúsalem, hvad þú og heyrdir, Guds vinur! af þessum tveimur himnesku vottum? var þessi opinberan til þess gjör, ad hún skyldi lengi vara, og ei miklu heldur til ad vera for-

smeckur hinnar eylífu dýrdar? því skyldi Mósi og Elíæ gjora tjaldbúd, eins og ad ei væri í Jesú einum sælan full? Rétt hafa þeir nú Markus og Lukas skrifad um þetta fásrædi Peturs, ad hann hafi ecki vitad, hvad hann sagdi, kannské því ad felmtur var yfir þá kominn; en í því má marka elsku þá og traust, er hann hafdi á Drottni, ad hann gjörir ei rád fyrir neinni tjaldbúd handa sér edur sínum lagsmönnum, því hann hefir verid fulltrúa þar um, ad þar, sem hans herra væri, þar mundu og þeir verda. Svo skulum vér og lyndir vera, kristnir menn! þegar vér erum vissir um Krists vináttu, þá verum ecki hugsjúkir fyrir lífi þessu; hvar kunnum vér svo ad vera hjá Jesú, ad oss illa lídi? hvar megum vér svo vera fyrir utan hann, ad oss vel lídi? vorpum því allri vorri áhyggju uppá Drottinn, hann mun því vel til vegar koma. Og þessi var nú veikleiki Peturs og hinna lærisveinanna; en til þess ad búa þá undir hina miklu freistíng, sem á eptir fylgdi, þá skédi nú þessi dýrdliga jardteikn, og þótt þeim féllist mjög svo hugur, þegar í raunirnar rak, þá er þad v st, ad þeir hefdu miklu midur haft sig, hefdi þeir án hennar verid. Þessir voru þeir þrír lærisveinar, er Jesús tók afsídis med sér, á þeirri nátt, er hann forrádinn var, þegar kvölin hófst. Gud nádi oss auma og synduga! vér gétum hverki þolad heitt né kaldt med Jesú; þessa dýrdligu sýn gátu þeir varla stadist, en í kvölinni svásu þeir, þá yfirgáfu þeir hann allir. En þackir séu þér, hin guddómliga speki! þú kant ad midla fyrir oss bædi medlæti og mótlæti, eptir því sem þú veizt ad med manninum býr; í þinni dýrdligu forkláran léztu þína postula sjá þína dýrd, ad svo miklu leiti, sem þeirra daudlig augu gátu þolad, en í kvölinni leyfdir þú þeim ad sofa um hríd, þú gafst þeim og fararleyfi þegar hópur manna var yfir þig kominn, svo þad má játa, Drottinn minn! ad þú ert einn biskup, freistadur á allan hátt líka sem vér, þó án syndar, þarfyrir kantu ad sampínast eymdum vorum.

Adur enn eg skilst vid þetta mál, þá vil eg þar um tala, ad postularnir þecktu þá Mósen og Elíam, er þeir aldrei höfdu þó ádur séd; líklig er þeirra gáta, er meina, ad af samtalinu hafi þeir mátt þeckja þá, en hverki Móses né Elías höfdu greiniligar spád um Drottins píslir, heldur enn Davíd og hinir spámenninnir, sérdeilis Esaías, nema hann hafi þá vid nafn kallad, hvar um eckert er skrifad; því held eg þad líkligra, og nærri því fyrir satt, ad Guds Andi hafi þeim þad opinberad í þad sinn, því hann, sem lét Samúel þeckja Sál konúng, ádur enn hann hafdi hann séd, sem lét Jóhannem þeckja sinn herra í módurlífi, hann gat og audveldliga gésid Christí lærisveinum þessa þeckíngu á Mósi og Elía; og er þad ecki lítil huggun fyrir kristna menn, ad hver einn mun þeckja ecki einasta sína ástvini í þeirri himnesku gledi, heldur og alla útvalda, sem hafa yfirunnid fyrir Lambsins blód, frá þeim fyrsta til þess sídarsta, sem inngengur í fögnud síns Herra, og med þeim eylífliga gledjast, og Gudi lof syngja á þessu fagnadarins landi; og er nú þetta sagt um Mósis og Elíæ vitni, sem voru frá himnum. En hér kémur einn öllum meiri, sem uppfyllir bædi himin og jörd, þad er Fadir Drottins vors Jesú Christí, sem hér vitnar: þessi er Sonur minn elskuligur, honum skulud þér heyra! Rétt er gáta Híerónýmí lærifödurs, ad minni hyggju, er hann skrifar, ad Móses og Elías hafi þessvegna verid sveipadir í skýi því hinu bjarta, ádur enn raustin kvad vid, ad ei skyldu postularnir meina, ad annarhver af þeim væri sá, er til var talad; og þegar þeir uppstédu, þá sáu þeir engan

nema Jesúm; þeir sáu hann alleina, í hverjum alleina er sáluhjálpin; þeir sáu hann alleina, sem er hinn einasti medalgángari milli Guds og manna. En hvílíkur er nú vitnisburdurinn? þessi er minn elskuligur Sonur! Jesús stód hér í sínum fullum manndómi, fullum af guddóminum, og þó segir Fadirinn: þessi er minn elskuligur Sonur! hvar af audsært er, ad Kristur er Guds Sonur, bædi eptir guddóminum og manndóminum. Minn Frelsari! þeir kølludu þig timburmannsins son; þinn Fadir segir: þessi er minn elskuligur Sonur; þeir søgdu, ad þú gjørdir þig ad Gudi, af því þú kalladir Gud þinn Fødur; en Gud segir hér: þessi er minn elskuligur Sonur; þeir søgdu: vér viljum ecki láta þenna drottna yfir oss; en Drottinn allra drottna, þinn Fadir, er þeir kølludu sinn Gud, en þeckti hann þó ecki, hann segir: þessi er minn elskuligur Sonur, hønum skulud þér heyra! Móses hafdi ádur fyrirsagt, Deut. 18: spámann mun Drottinn uppvekja ydur af brædrum ydar, hønum skulud þér heyra! en sá hinn sami kom til sinnar eignar, og hans eginn þecktu hann ecki; Móses lærdi og sjálfur meira hér, heldur enn hann sjálfur hafdi fyrirspád; ad sønnu vísadi hann til hans í greindum spádómi, en hér sá hann þad, sem bædi hann og margir spámenn girntust ad sjá, og sáu þad ecki. Abraham sá hans dag ad sønnu, en ei sá hann Drottinn, vóru holdi íklæddan, eins og Móses í þessum stad. Allra sídarst vil eg gjæta þess miskunarverks, er Drottinn gjørdi á lærisveinunum, er þeim var lidid í brjóst af þessari dýrdarsjón, ad hann géck ad þeim, og snart þá, og sagdi: standid upp og verid óhræddir! Hann, sem alvanur var dýrdinni, og þó í mannligu holdi opinberadur, hann kunni bezt ad vægja holdsins veikleika; þad sýnir hans manndóm, ad hann snart þá, þad auglýsir hans guddóm, ad hann reisti þá á fætur med þessu atviki. Minn Herra Jesú! eg veit, ad þú ert ei sídur máttugur nú, enn þá, og eckert manngreinarálit er hjá þér, svo þegar vér føllum í andlig ómegi, og høfum engan mátt edur frid í vorum beinum vegna syndanna, þá getur þú snortid oss, og reist oss á fætur aptur; já, Drottinn! þegar hid sídarsta aungvitid lídur yfir oss í daudanum, snert oss þá minn Frelsari! og seg til sálar vorrar: statt upp og vert óhrædd! og leid oss svo inní þína dýrd, þar er oss gott ad vera; þar viljum vér eylífliga med þér búa, þér, Fødurnum og H. Anda éendanligt lof sýngja um aldir alda.

AMEN!

Til Lesarans.

Jafnvel þó vid, ad endurlestri bókarinnar loknum, aungvar prentvillur høfum í henni fundid, sem brjáli meiníngu eda gjøri ord ókénnilig, kunna þó einstakar enna sídarnefndu ad hittast; bidjum vid því hvern þann, er vid lestur bókarinnar athugar slíkar, ad leidrétta þær og lesa í málið. Einstøku stafa og rettritunar villur, er vid høfum varir ordid, og sem fremur hafa orsakast af ófimleika og vankunnáttu útlendra stílsetjara, enn vandlætis-eda hirdu-leysi okkru, mun gódfús lesari virda á hægra veg.

Utgéfendurnir.

1828.